Hæstaréttardómar 1991 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Á milli bls. 1444 og 1445 er uppdráttur á tveimur bls. ekki í blaðsíðuröðinni.
Gallar á bls. 974, 975, 1011, 1169, og 1304 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1991

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðfinnslur 1186, 1387, 1444, 1531, 1653, 1860, 1876, 1944
Aðild 1657
Akstur án ökuréttinda 1468, 1497, 1903, 1905, 2060
Auglýsingar 1726
Áfengislöggjöf 1855
Áfrýjun 1550, 1590, 1605, 1919, 1922
Áfrýjunarfrestur 900
Áfrýjunarleyfi 1922
Álitsgerð 1127
Ávana- og fíkniefni 1199
Bankastofnanir 2078
Bifreiðar:
Einkamál 1186, 1888, 1894, 1949, 2006
Opinber mál ... 1146, 1234, 1364, 1465, 1468, 1497, 1561, 1605, 1747, 1773, 1845, 1903, 1905, 1940, 2060
Bókhald 936
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1632
Brot gegn 158. og 262. gr. alm. hgl. 1236
Brot í opinberu starfi 1776
Búfé 1434
Búskipti 1571, 1592
Dómarar 898, 1605, 1820, 1843, 1909
Dómsátt 1234, 1919
Dómsátt felld úr gildi 1364, 1901
Dómstólar 1431
Eftirlaun 2022
Eignaupptaka 1199
Endurkrafa 2078
Farbann 1618, 1688
Farmflutningur 1356
Fasteignakaup 1524
Fasteignasala 1704
Fingraför og ljósmyndir 1630
Fiskveiðibrot 1127
Fjárdráttur 936, 1531

Bls.
Fjárnám 1860, 1912, 1919
Fjársvik 1178, 1641, 1876, 1928
Forkaupsréttur 1827
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1382, 1481, 1944
b) frá Hæstarétti 900, 1408, 1412, 1550, 1590, 1657, 1860, 1919, 1922, 2018, 2020
Frestur 1555, 1590, 1858, 2018, 2020
Fyrning 2074
Gagnaöflun 1366, 1393, 1490
Gagnaöflun í skiptamáli 1820
Gallar 1997, 2069
Geymsla 1564
Gjaldmiðill 1912
Gjaldþrot 1635
Gjaldþrotabeiðni synjað 1714
Gjaldþrotalög 1717, 1722, 1862
Gjaldþrotaskipti 903, 1166, 1759, 1966, 1974
Greiðsla 918
Greiðslustöðvun 1558
Gæsluvarðhald 1408
1. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 1410, 1429, 1438
4. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 1405
5. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 1395, 2091
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1602
Hafnargerð 1817
Hafnarstjórn 930
Hald 1618, 1867
Hefð 1444
Heimvísun 1431, 1653, 1676, 1679, 1717, 1722, 1824
Hjón 1571
Hlutafélög 936, 1974
Húsaleiga 1609
Hylming 2057
Innsetningargerð 1434
Jarðalög 1827
Kaup 1738
Kaupkrafa 903
Kaupmáli 1592
Kæruheimild 898, 1471, 1624
Kærumál:
Aðfinnslur 1387, 1860
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1632
Bifreiðar:

Bls.

Einkamál
Opinber mál 1234, 1264
Dómarar 898, 1820, 1843, 1909
Dómsátt 1234
Dómsátt felld úr gildi 1364, 1901
Farbann 1618, 1688
Fingraför og ljósmyndir 1630
Fjárnám 1860
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1382
b) frá Hæstarétti 1408, 1412, 1860
Frestur 1858
Gagnaöflun 1366, 1490
Gagnaöflun í skiptamáli 1820
Gjaldþrotabeiðni synjað 1714
Gjaldþrotalög 1862
Gæsluvarðhald 1408
1. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 1410, 1429, 1438
4. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 1405
5. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 ..... 1395, 2091
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1602
Hafnargerð 1817
Hald 1618
Kæruheimild 898, 1471, 1624
Lögbann 1620, 1624
Lögmenn 1820
Mat 1413
Matsmál 1387, 1817
Málsforræði 1413
Nauðungaruppboð 1382
Opinber rannsókn 1630
Ómerking 1382, 2063
Sératkvæði 1413, 1862
Skiptaréttur 1471
Skuldabréf 1366
Sönnunarfærsla 1144
Tryggingarfé 1862
Uppboð 1417
Útburður 1843
Veiðifélag 1620
Vitni 1401
Víxill 1490
XVII. kafli l. 85/1936 1144
Þinglýsing 1155, 1398, 1743

Bls.
Lagaskilaréttur 1356
Landamerkjamál 1444, 1481
Lausafjárkaup 1440, 1550, 1613, 1663, 1997, 2069
Lántökugjald 1613
Leigubifreiðastjórar 1807
Lífeyrissjóður 1807
Lífeyrissjóðsframlag 1966
Líkamsárás 1681, 1776
Læknaráð 1393, 1944
Lög um bókhald 1236, 1511
Lög um eignarskatt 1236
Lögbann 930, 1620, 1624
Löggiltir endurskoðendur 936
Lögmenn 1820
Lögreglumenn 1776
Lögskýring 1431
Lögtak 1186, 1334
Lögveð 1966
Manndráp 1199
Manndráp af gáleysi 1146
Mannréttindasáttmáli Evrópu 1431
Mat 1413
Matsmál 1387, 1817
Málflutningur 1653
Málsforræði 1413
Málskostnaður 918
Meiðyrði 1173
Miskabætur 1888, 1894
Miski 1949
Nauðgun 1580
Nauðungaruppboð 1382, 1590, 1653, 1657, 1922
Nytjastuldur 1625, 1671
Opinber rannsókn 1630
Ógild stjórnarathöfn 1690
Ómaksbætur 897, 1485, 1487, 1488, 1659, 1661
Ómerking . 1382, 1431, 1481, 1653, 1676, 1679, 1717, 1722, 1824, 1944, 2063
Ómerking ummæla 1173
Rangar sakargiftir 1500, 1505
Rangfærsla skjala 1531
Reynslulausn 1773, 1905
Riftun 1166, 1550, 1759
Sakarskipting 2006
Sameign 1434
Sameignarfélög 1635

Bls.
Samningar 1440
Sératkvæði .. 900, 1146, 1413, 1444, 1531, 1605, 1609, 1827, 1862, 1966, 1974, 2022
Sjálftaka 1474
Sjómenn 925, 1139, 1753
Sjóveðréttur 1139
Skaðabótakrafa 1974
Skaðabótakröfu vísað frá dómi 910
Skaðabætur, skaðabótamál 1356, 1368, 1474, 1524, 1726, 1867, 1949, 1997, 2006, 2069, 2087
Skaðabætur utan samninga 1564
Skattar 1334
Skilorð 1236, 1468, 1511, 1776, 1876, 1928, 2057
Skiptaréttur 1471
Skipulag 930, 1368
Skjalafals 936, 1419, 1641, 2036, 2050, 2054, 2066
Skriflega flutt mál 1657, 1944, 2074
Skuldabréf 918, 1366, 2074
Skuldamál 1609
Skuldaröð 903
Stjórnarskrá 1431
Stjórnsýsla 1474, 1690
Sýkna 1178
Söluskattur 910, 1511
Sönnun 1876
Sönnunarfærsla 1144
Tékkar 1178, 2078
Tolllagabrot 1855
Tryggingarfé 1862
Umboðssvik 936
Umferðarlög .. 1146, 1497, 1500, 1505, 1561, 1605, 1747, 1773, 1845, 2036
Uppboð 1417, 1558
Uppboð til slita á sameign 900
Uppsagnarfrestur 903
Útburður 1843
Útivistardómar 897, 1485, 1486, 1487, 1488, 1489, 1659, 1660, 1661, 1662, 1925, 1926, 1927
Vanefndir 1524
Vegir 1368
Veiðifélag 1620
Verðlagseftirlit 1726
Vextir 1663
Vinnusamningur 925, 1139, 1753, 2022
Vis major hafnað 1564

Bls.
Vitni 1401
Víxlar, víxilmál 922, 1490, 1867, 1912
XVII. kafli l. 85/1936 1144
Þinglýsing 1155, 1398, 1743
Þjófnaður 1419, 1493, 1625, 1681
Þóknun 1704
Þungaskattur 1186
Ölvunarakstur 1465, 1905, 1940
Örorka 1949, 2006
45. gr. hæstaréttarlaga 1356
248. gr. alm. hgl. 1928

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXII. árgangur. 2. hefti. 1991

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 49/1989. **Græðir sf.**

gegn

dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Græðir sf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 212/1991. **Gísli Þorkelsson**
vegna Brauðbúrsins Vióru
gegn
Gunnþórunni Sigurjónsdóttur
og Júlíusi Guðmundssyni.

Kærumál. Kæruheimild. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1991. Hann kærir Júlíus Guðmundsson, fulltrúa yfirborgarfógeta, og telur, að hann hafi ekki staðið við munnlegt samkomulag þeirra, gert 19. apríl sl., um frest á fjárnámsgerð. Jafnframt krefst hann ógildingar á gerðinni, þar sem ekki hafi verið „heiðarlega" að henni staðið.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hefur sent réttinum athugasemdir sínar. Þar segir:

„Hinn 19. apríl 1991 var Gísli Þorkelsson mættur í fógetarétti Reykjavíkur vegna lögtakskröfu lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar á hendur honum. Lögmaður gerðarbeiðanda var Jón Haukur Hauksson hdl. v/Magnúsar Norðdahls hdl. Er það mál hafði verið afgreitt, óskaði Jón Haukur eftir því, að tekin yrði fyrir fjárnámsbeiðni á hendur Gísla. Aðfararheimild í því máli var dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 2336/1990: Gunnþórunn Sigurjónsdóttir gegn Gísla Þorkelssyni v/Brauðbúrsins Vióru.

Gísli Þorkelsson upplýsti, að hann hefði óskað eftir leyfi til áfrýjunar á málinu, og væri svars við þeirri beiðni að vænta næstu daga. Urðu aðilar ásáttir á að fresta fyrirtöku í málinu til 23. apríl 1991. Er málið var síðan tekið fyrir þann dag, kvaðst Gísli ekki enn hafa fengið svar við beiðni sinni. Lögmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að fjárnámsgerðin færi fram, og var svo gert og gerðinni lokið sem árangurslausri, eins og fram kemur í gögnum málsins.

Gerðarþola var leiðbeint undir rekstri málsins, eftir því sem unnt

var. Undirritaður óskaði eftir því með vísan í 23. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að kærandi orðaði kæru sína skýrar, en hann taldi enga þörf á því.“

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður fógetagerðinni sjálfri ekki skotið til réttarins með kæru. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa frá Hæstarétti kröfu sóknaraðila um ógildingu á gerðinni.

Heimild til að kæra héraðsdómarann er hins vegar í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ósannað er, að héraðsdómarinn hafi gert á hluta sóknaraðila, og er því kæru hans hafnað.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila, Gísla Þorkelssonar, um ógildingu framangreindrar fjárnámsgerðar er vísað frá Hæstarétti.

Hafnað er kæru hans á hendur Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta.

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 257/1989. **Bjarni Valdimarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Guðrúnu Jónsdóttur
(Svala Thorlacius hrl.),
Hilmi hf.
(Skúli Pálsson hrl.) **og**
Friðjóni Guðröðarsyni, sýslumanni Rangárvallasýslu.

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Uppboð til slita á sameign. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1989 uppboði, sem fram fór í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 10. maí 1989 „til slita á sameign á jörðinni Leirubakka, Landsveit". Krefst hann þess, að uppboðið og öll málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Guðrún Jónsdóttir og Hilmir hf. krefjast þess, að kröfu áfrýjanda verði hrundið og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Friðjón Guðröðarson hefur sent Hæstarétti greinargerð, en engar kröfur gert.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar hefur málið eingöngu verið flutt um formhlið, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

I.

Áfrýjandi og stefnda Guðrún voru í hjúskap og bjuggu á jörðinni Leirubakka í Landsveit í Rangárvallasýslu. Jörð þessi er þinglesin eign áfrýjanda samkvæmt afsali 25. nóvember 1970. Í skilnaðarmáli hjónanna óskaði stefnda Guðrún eftir uppboði á jörðinni til slita á sameign. Var uppboðsmál vegna þeirrar beiðni þingfest í uppboðs-

rétti Rangárvallasýslu 11. janúar 1989 að undangengnum auglýsingum í Lögbirtingablaði. Fyrsta uppboð á jörðinni fór fram 9. febrúar 1989, en hið þriðja og síðasta 10. maí sama ár. Var jörðin slegin stefnda Hilmi hf. á því uppboði, en um það snýst mál þetta.

II.

Í 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru taldar upp þær tegundir uppboða, sem lögin taka til. Þar er ekki getið uppboðs til slita á sameign. Þrátt fyrir það verður að líta svo á, að beita beri ákvæðum laganna um slík uppboð, eftir því sem við getur átt, til tryggingar hagsmunum uppboðsþolenda, enda nýtur ekki annarra lagareglna í því efni, en auk þess er við áratugalanga dómhefð að styðjast, sbr. og dóm Hæstaréttar frá 1952, bls. 162.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er áfrýjunarfrestur fjórar vikur frá lokum dómsathafnar, en dómsmálaráðherra getur veitt áfrýjunarleyfi næstu þrjá mánuði að liðnum þeim fresti, ef sérstaklega stendur á. Þessir frestir eru mun styttri en lögboðnir frestir í 20. gr. laga nr. 75/1973.

Ef annar áfrýjunarfrestur gilti um uppboð af því tagi, sem mál þetta fjallar um, en uppboð þau, sem upp eru talin í 1. gr. laga nr. 57/1949, myndi það leiða til ósamræmis. Verður og eigi séð, að gild rök séu til þess, að mismunandi reglur um áfrýjunarfrest gildi fyrir umrædda flokka uppboðsmála.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að skýra 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 svo, að ákvæði hennar um áfrýjunarfrest eigi við í máli þessu. Samkvæmt því var lögmæltur áfrýjunarfrestur liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út tæpum sjö vikum eftir, að hið áfrýjaða uppboð fór fram. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Uppboð til slita á sameign eru ekki nauðungaruppboð samkvæmt hefðbundnum skilningi, þótt þau reynist oft þrautalending í skipt-

um sameigenda. Heimildir til uppboðs eru af öðrum toga og tíðum umdeilanlegri en við uppboð til fullnustu á skuldakröfum og réttaráhrif uppboðsins önnur. Þegar lög nr. 57/1949 voru sett sem heildarlög um nauðungaruppboð, var gildissvið þeirra markað þannig, að þau tækju ekki til þessara uppboða. Meðal annars er tekið fram í d-lið 1. tölul. 1. gr. laganna, að því er félagseign varðar, að lögin taki aðeins til uppboða vegna skiptameðferðar á búum, þar sem enginn beri ábyrgð á skuldum. Eigi að síður hefur verið litið svo á, að beita megi ákvæðum laganna um uppboð til sameignarslita, eftir því sem við geti átt. Er þetta ótvírætt, þar sem lögjöfnun á við, eins og lýst er í atkvæði Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara í málinu H.1952,162. Í því máli reyndi á hið sama og hér er til umfjöllunar, þ.e., hvort ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um áfrýjunarfrest ættu við um uppboð til sameignarslita. Sú niðurstaða réttarins, að svo væri, var ekki einróma, en litið hefur verið til hennar sem fordæmis á þeim langa tíma, sem síðan er liðinn. Tel ég rétt að fylgja því fordæmi í máli þessu og er því samþykkur niðurstöðu annarra dómenda.

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 278/1989. **Valdimar Jóhannesson**
(sjálfur)
gegn
þrotabúi Goðgár hf.
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Kaupkrafa. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1989. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkennd verði sem forgangskrafa í þrotabú Goðgár hf. skaðabótakrafa hans vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi, að fjárhæð 1.295.235 krónur. Enn fremur krefst hann sem eftirstæðrar kröfu dráttarvaxta af kröfufjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir skiptarétti Reykjavíkur og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með samningi 30. maí 1988 réð áfrýjandi sig framkvæmdastjóra hjá Goðgá hf. og hóf strax vinnu. Uppsagnarfrestur samkvæmt samningnum var 6 mánuðir. Hinn 22. júní 1988 fór félagið fram á greiðslustöðvun og var veitt heimild til hennar í tvo mánuði frá 23. júní. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta að ósk stjórnar þess hinn 15. ágúst 1988. Óumdeilt er, að áfrýjanda var sagt upp vinnu sinni vegna gjaldþrotsins. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur búið sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti, og gildir það, þótt þrotamaður hafi samið um lengri frest, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti. Af gögnum málsins er ljóst, að framtíð félagsins var ótrygg, þegar ráðning áfrýjanda kom til. Með tilliti til þess og atvika að öðru leyti má telja 3 mánuði

sanngjarnan uppsagnarfrest af hálfu búsins, og réttur áfrýjanda til launa, sem honum svarar, er ekki vefengdur í málinu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, að við skipti á þrotabúi Goðgár hf. eigi áfrýjandi forgangskröfu til þriggja mánaða launa, sem nema 676.190 krónum, með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Áfrýjandi hefur gert það sennilegt, að hann hafi reynt að takmarka tjón sitt svo sem kostur var, en ekki tekist að fá atvinnu fyrr en eftir að umsömdum uppsagnarfresti lauk. Þykir því rétt að dæma honum bætur vegna þessa samkvæmt 3. mgr. 48. gr. gjaldþrotalaga, er þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur sem almenn krafa í þrotabú Goðgár hf. með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í skiptarétti, en rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem verði almenn krafa í búið.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Valdimar Jóhannesson, á forgangskröfu í þrotabú Goðgár hf., að fjárhæð 676.190 krónur.

Áfrýjandi á almenna kröfu í þrotabúið, að fjárhæð 300.000 krónur.

Af kröfum þessum á áfrýjandi eftirstæða kröfu í þrotabúið til dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í skiptarétti fellur niður. Stefndi greiði áfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er það almenn krafa í þrotabúið.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 11. maí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. apríl 1989.

Sóknaraðili, Valdimar Jóhannesson, Urriðakvísl 18, Reykjavík, krefst þess, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Goðgár hf., Reykjavík, verði viðurkennd sem forgangskrafa skaðabótakrafa sín vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi í ágúst 1988, kr. 1.295.235. Jafnframt krefst hann máls-

kostnaðar úr hendi varnaraðilja og dráttarvaxta af málskostnaði frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili, þrotabú Goðgár hf., Reykjavík, krefst þess, að hann verði „sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja" og að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst 1989, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Var Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 5. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabúið með bréfi, dagsettu 12. september 1988. Er kröfu hans þar lýst sem bótakröfu vegna uppsagnar úr starfi framkvæmdstjóra félagsins hinn 20. ágúst 1988. Tölulega er kröfunni lýst þannig:

Laun í uppsagnarfresti:		
Föst laun kr. 187.300,- í 6 mánuði	kr.	1.123.800
Orlof vegna launa júní-ágúst 1988		
10,17% af kr. 561.900	"	57.145
Orlof vegna launa í uppsagnarfresti		
10,17% af kr. 1.123.800,-	"	114.290

Að auki var krafist dráttarvaxta frá 1. september 1988 og innheimtulauna, en tekið fram, að krafan væri byggð á ráðningarsamningi, dags. 30. maí 1988.

Upphaflega synjaði skiptastjóri þrotabús Goðgár hf. um viðurkenningu á kröfu sóknaraðilja, en á grundvelli viðbótargagna frá sóknaraðilja lýsti skiptastjórinn yfir með bréfi, dagsettu 15. desember 1988, að hann samþykkti kröfu sóknaraðilja sem forgangskröfu, að fjárhæð samtals kr. 676.190, sem var sundurliðuð þannig:

Laun í uppsagnarfresti		
(sept. - nóv. 1988):	kr.	561.900
Orlof v/júní - nóv. 1988		
(10,17% af 1.123.800,-)	"	114.290
	Kr.	676.190

Þessari afstöðu hefur sóknaraðili ekki viljað una, og snýst mál þetta um þann ágreining.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að hann hafi ráðist sem framkvæmdastjóri til Goðgár hf. hinn 30. maí 1988. Hafi verið gerður við

sig skriflegur ráðningarsamningur og hann ráðinn til eins árs með gagnkvæmum 6 mánaða uppsagnarfresti.

Þegar sóknaraðili hafi ráðist til starfa, hafi legið fyrir ársreikningar félagsins fyrir árin 1986 og 1987, sem sýnt hafi jákvæða eiginfjárstöðu hjá félaginu. Að sögn stjórnarmanna í félaginu, sem gengu úr stjórninni 30. maí 1988, hafi rekstur félagsins gengið betur fyrri hluta árs 1988 eftir nokkurt bakslag á árinu 1987. Strax eftir að sóknaraðili hóf störf, hafi verið ráðist í gerð milliuppgjörs vegna rekstrartímabilsins 1.1. 1988 og fram á mitt árið. Hafi þá komið í ljós, að bókhald félagsins hafi verið fært með þeim hætti, að reikningar sýndu mun betri eiginfjárstöðu en raunin var. Milliuppgjörið sé dagsett 20. júlí 1987, og samkvæmt því sé eigið fé félagsins neikvætt um kr. 14.249.486. Skömmu eftir að þetta lá fyrir, hafi stjórn félagsins ákveðið að óska eftir, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðili hafi verið launþegi hjá hinu gjaldþrota félagi, en af hálfu búsins hafi aðeins verið samþykktur liðlega helmingur kröfu hans.

Sóknaraðili heldur því fram, að ekki sé ágreiningur um stöðu kröfu sóknaraðilja í forgangsröð eða um útreikning fjárhæðar kröfunnar.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í málinu á því, að uppsagnarfrestur sinn samkvæmt vinnusamningi við Goðgá hf. sé 6 mánuðir. Þar sem þeim samningi hafi ekki verið rift, beri búinu skylda til að virða þennan samning eins og aðra löglega gerða samninga, sem gerðir hafi verið fyrir upphaf skipta, en taka á afleiðingum vanefnda þeirra ella.

Sóknaraðili hafi átt ótvíræðan rétt til 6 mánaða uppsagnarfrests, og honum hafi ekki tekist að útvega sér aðra launaða vinnu, meðan sá frestur var að líða. Samkvæmt áratugadómvenju hér á landi beri launagreiðanda að bæta launþega það tap, sem launþeginn verði fyrir vegna fyrirvaralausra starfsloka, og í þessu tilviki beri búinu að bæta það tap án frádráttar. Sóknaraðili hafi verið launþegi hjá Goðgá hf., og þrotabúið hafi engan lagalegan grundvöll til þess að svipta hann ótvíræðum og óvefengdum rétti til skaðabóta vegna slita á vinnusamningnum, sem hann eigi rétt til samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar og fortakslausum ákvæðum 84. gr. laga nr. 3/1878.

Sóknaraðili telur, að hann hafi ekki haft neina aðstöðu til að gera sér grein fyrir raunverulegri fjárhagsstöðu Goðgár hf., þegar hann gekk frá ráðningarsamningi sínum við félagið. Þessi atriði hafi ekki legið fyrir, fyrr en milliuppgjörið lá fyrir í lok júlí 1988. Hafi sér verið talin trú um, að þrátt fyrir erfiðleika í rekstri félagsins á árinu 1987 mætti ná tökum á rekstri félagsins aftur með skynsamlegri og samhentri stjórn.

Af hálfu varnaraðilja eru kröfur á því reistar, að sóknaraðilja hafi verið ljóst eða hafi mátt vera ljóst, að Goðgá hf. átti ekki fyrir skuldum á þeim

tíma, sem ráðningarsamningur hans og félagsins var gerður. Bendir sóknaraðili á það sérstaklega í þessu sambandi, að áður hafi verið gert árangurslaust lögtak hjá Goðgáhf. vegna skattskulda, svo og, að eiginfjárstaða félagsins í árslok 1987 hafi samkvæmt ársreikningi ársins 1987 á því ári versnað um tæpar 6 milljónir króna. Þó hafi sóknaraðili átt að geta séð, að skuldir væru þar vantaldar, t.d. komi þar ekkert fram um skuldir við opinbera aðilja, heldur sé þar einungis getið um áætluð opinber gjöld ársins.

Varnaraðili telur, að sóknaraðilja hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, þegar ráðningarsamningur var gerður við hann, að fjárhagur félagsins væri svo slæmur, að ákvæði samningsins um 6 mánaða uppsagnarfrest væri algerlega „út í hött" og til þess eins fallið að fella greiðsluskyldu á Goðgá hf. eða þrotabú þess eða eftir atvikum ríkissjóð langt umfram það, sem eðlilegt verði talið. Hafi þrotabú Goðgár hf. því tekið þá afstöðu að samþykkja kröfu sóknaraðilja að því marki, sem nemi eðlilegum uppsagnarfresti miðað við það, sem gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. þrjá mánuði, en kröfu hans umfram það verið hafnað.

Varnaraðili heldur því og fram, að sóknaraðili hafi ekki reynt að takmarka tjón sitt með því að falast eftir starfi annars staðar, eftir að bú Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi sóknaraðili, að því er virðist, aðeins sóst eftir nákvæmlega hliðstæðu og „viðunandi" starfi, en fráleitt sé, að hann megi takmarka svo viðleitni sína til að draga úr tjóni vegna starfslokanna hjá Goðgá hf., að hann eigi skilyrðislausan rétt til launa úr þrotabúi félagsins til loka umsamins uppsagnarfrests, ef hann geti ekki á þeim tíma fengið „hliðstætt og viðunandi fast starf" við blaðstjórn.

Sóknaraðili hefur gefið munnlega skýrslu fyrir réttinum um aðdragandann að ráðningu sinni til hins gjaldþrota félags og um tilraunir sínar til að fá vinnu á þeim tíma, sem úrlausn máls þessa varðar.

Goðgá hf. gaf út vikublaðið Helgarpóstinn. Í kjölfar eigendaskipta að tilteknum hluta hlutafjár í félaginu á árinu 1988 urðu miklar deilur innan félagsins, sem m.a. leiddu til breytinga á stjórn félagsins á aðalfundi þess, sem mun hafa verið haldinn 30. maí 1988.

Sóknaraðili og hin nýja stjórn Goðgár hf. gerðu ráðningarsamning 30. maí 1988, þ.e. sama dag og aðalfundur félagsins var haldinn, og er meginmál samningsins svohljóðandi:

„1. gr.

Valdimar Jóhannesson er ráðinn framkvæmdastjóri Goðgár frá deginum í dag og er ráðningartíminn til árs, en endurskoða skal samning þennan fyrir 1. júní 1989.

2. gr.

Mánaðarlaunin eru ákveðin kr. 170.000, og greiðast þau fyrir fram fyrir hvern mánuð 1. hvers mánaðar. Launin hækka í samræmi við launavísitölu til greiðslujafnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar út, en þessi vísitala er í dag 1985 stig.

3. gr.

Sumarleyfi Valdimars skal vera 28 virkir dagar. Skal reikna 50% álag á orlofið, sé það tekið að vetri til að öllu leyti eða hluta. Aðilar eru ásáttir um, að Valdimar tekur sumarfrí á launum 28. júní til 19. júlí 1988, sem dregst ekki frá orlofsárinu maí 1988 til maí 1989.

4. gr.

Uppsagnartími samnings þessa skal vera 6 mánuðir, og miðast hann við mánaðamót.

5. gr.

Valdimar er ábyrgur fyrir öllum rekstri Goðgár hf. og ber einn ábyrgð til stjórnar. Allir aðrir starfsmenn bera ábyrgð til Valdimars, þar með talin ritstjórn."

Sóknaraðili hóf störf hjá Goðgá hf. strax eftir gerð samningsins. Félagið fékk heimild til greiðslustöðvunar í tvo mánuði 23. sama mánaðar. Tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál félagsins á greiðslustöðvunartímanum báru ekki jákvæðan árangur, og var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta að ósk stjórnar þess 15. ágúst 1988.

Ekki er ágreiningur með aðiljum um launakjör sóknaraðilja, heldur snýst hann eingöngu um það, fyrir hve langan tíma beri að reikna sóknaraðilja bætur sem ígildi launa, sem njóti forgangsréttar við gjaldþrotaskipti á búi Goðgár hf.

Ljóst þykir, að ráðningarsamningurinn var bindandi samningur milli sóknaraðilja og stjórnar Goðgár hf. Af því leiðir þó ekki sjálfkrafa, að þeim ákvæðum hans, sem að öðrum skilyrðum uppfylltum myndu tryggja sóknaraðilja forgangsréttarstöðu gagnvart öðrum kröfuhöfum, verði skilyrðislaust beitt gagnvart þrotabúi félagsins.

Samkvæmt 2. tölul. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. X. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, njóta bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta forgangsréttar við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitandans. Samkvæmt almennum lögskýringarreglum þykir verða að skýra 2. tölul. 84. gr. skiptalaga þannig, að þessi bótaréttur takmarkist af því, að ákvæði vinnusamnings um hann teljist eðlileg og sanngjörn í ljósi allra atvika, þótt ekki sé það beinlínis tekið fram í lagatextanum sjálfum.

Skiptastjóri þrotabús Goðgár hf. hefur fallist á, að sóknaraðilja beri bætur vegna missis launa í uppsagnarfresti í þrjá mánuði frá 1. september 1988 og að sú krafa njóti forgangsréttar við skiptin. Þegar virtar eru allar aðstæður við gerð ráðningarsamningsins og tilgangur með ákvæði 2. tölul. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, þykir mega fallast á það með varnaraðilja, að synja beri um viðurkenningu forgangsréttar fyrir frekari bótum til sóknaraðilja á grundvelli ráðningarsamningsins.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða máls þessa, að viðurkennt er, að við skipti á þrotabúi Goðgár hf. eigi sóknaraðili forgangskröfu að fjárhæð kr. 676.190. Í þeirri fjárhæð er innifalið orlofsfé vegna launa fyrir júní og ágúst, en fjárhæð þess er óumdeild. Þessi niðurstaða er í samræmi við málsútlistun varnaraðilja, svo sem rakið var, þrátt fyrir sýknukröfur hans í málinu, og hafði hann í bréfi til varnaraðilja, mánuði áður en rekstur máls þessa var ákveðinn, lýst þessari afstöðu til kröfunnar, en þeirri afstöðu vildi sóknaraðili ekki una. Þykir því mega ákveða, að hvor aðilja skuli bera sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðili, Valdimar Jóhannesson, á forgangskröfu í þrotabú Goðgár hf., að fjárhæð kr. 676.190.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 36/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sveini Rafnssyni,
Guðmundi Ómari Péturssyni og
Pétri Bjarnasyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Söluskattur. Skaðabótakröfu vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Með stefnu 26. nóvember 1990 skaut ríkissaksóknari máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en jafnframt til þyngingar á refsingu og staðfestingar á skaðabótum.

Verjandi ákærðu krefst sýknu af refsi- og bótakröfum, en til vara krefst hann þess, að ákærðu hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, sem verði skilorðsbundin, og skaðabætur lækkaðar eða felldar niður.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að fallast á sakarmat hans og færslu til refsiákvæða.

Eins og lýst er í héraðsdómi, stofnuðu ákærðu hlutafélagið Fjör hinn 4. maí 1988, sem stóð fyrir útiskemmtun á Melgerðismelum um verslunarmannahelgina 1988 og fékk til þess leyfi sýslumanns. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt má hafa uppi skattakröfu í opinberu máli vegna brots á lögunum. Bótakrafa ríkissjóðs er tekin beint upp í ákæruskjal ríkissaksóknara og er sömu fjárhæðar og söluskatturinn, sem Fjör hf. skuldaði. Í reynd er því verið að gera kröfu um greiðslu á söluskattinum. Ákærðu bera ekki persónulega ábyrgð á söluskatti þeim, sem Fjöri hf. bar að greiða. Er bótakrafan á hendur þeim ekki rökstudd með þeim hætti, að á hana verði lagður efnisdómur í þessu máli, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Refsing hvers ákærða fyrir sig telst með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að

fjárhæð 500.000 krónur. Greiði hver ákærðu fyrir sig ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þess að telja, komi varðhald í 4 mánuði í stað sektar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Framangreindri bótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærðu, Sveinn Rafnsson, Guðmundur Ómar Pétursson og Pétur Bjarnason, greiði hver um sig sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 500.000 krónur. Greiði þeir ekki hver fyrir sig sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 4 mánuði í stað sektar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun til sameiginlegs verjanda fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 7. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 588-590/1990: Ákæruvaldið gegn Sveini Rafnssyni, Guðmundi Ómari Péturssyni og Pétri Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 29. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. ágúst 1989, á hendur Sveini Rafnssyni atvinnurekanda, Melasíðu 5, Akureyri, fæddum 15. júlí 1961 á Akureyri, Guðmundi Ómari Péturssyni framkvæmdastjóra, Vanabyggð 13, Akureyri, fæddum 12. ágúst 1964 á Ísafirði, og Pétri Bjarnasyni forstjóra, Víðilundi 14 B, Akureyri, fæddum 22. júní 1964 á Akureyri, „fyrir brot á lögum um söluskatt.

Ákærðu er gefið að sök sem stjórnarmönnum hlutafélagsins Fjörs á Akureyri að hafa ekki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10, 1960, sbr. lög nr.33, 1982, skilað innheimtumanni ríkissjóðs

ótilkvaddir söluskatti af aðgangseyri að útiskemmtun á Melgerðismelum í Eyjafirði dagana 29. júlí til 1. ágúst 1988, að fjárhæð kr. 2.347.620,00 (kr. 2.720.440 - 372.380), en varið honum þess í stað til annarra þarfa hlutafélagsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. mgr. og 6. mgr. laga um söluskatt nr. 10, 1960, sbr. lög nr. 33, 1982.

Þess er krafist:

1. að ákærðu verði dæmdir til refsingar,
2. að ákærðu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 2.347.620,00, að viðbættum lögleyfðum dráttarvöxtum af kröfunni frá 1. október 1988 og til greiðsludags,
3. að ákærðu verði dæmdir til að greiða allan sakarkostnað".

Málið var munnlega flutt 29. fyrra mánaðar og dómtekið að málflutningnum loknum. Kröfur ákæruvaldsins eru tíundaðar í ákæruskjalinu, en við munnlegan flutning var kröfum ákæruvaldsins breytt þannig, að skaðabótakrafan var lækkuð um kr. 90.000 og er því kr. 2.257.620.

Verjandi ákærðu krafðist þess aðallega, að allir ákærðu yrðu sýknaðir, en til vara var krafist vægustu refsingar, er lög leyfa. Þá var krafist hæfilegra málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málsatvik.

Hinn 4. maí 1988 var hlutafélagið Fjör stofnað á Akureyri. Allir ákærðu voru meðal stjórnarmanna. Hlutafélagið stóð fyrir útiskemmtun á Melgerðismelum í Eyjafirði dagana 29. júlí til 1. ágúst 1988. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu heimilaði skemmtanahaldið með bréfi, dagsettu 28. júní 1988, að uppfylltum þar tilgreindum skilyrðum og m.a. því skilyrði, að greiddur yrði söluskattur af seldum aðgöngumiðum á útihátíðina.

Með bréfi bæjarfógetans á Akureyri, dagsettu 29. ágúst 1988, til ákærða Guðmundar Ómars Péturssonar var þess krafist, að skilað yrði til embættisins söluskatti, er reiknaður hafði verið af seldum aðgöngumiðum á framangreinda útihátíð, og var söluskatturinn sagður vera kr. 2.720.400. Fyrir liggur í skjölum málsins kvittun frá embætti bæjarfógeta, þar sem Fjör hf. greiðir kr. 372.780 inn á söluskattsskuld og eftir standi þá kr. 2.347.620.

Fjör hf. sótti um niðurfellingu söluskatts með bréfi, dagsettu 6. september 1988, en með bréfi fjármálaráðuneytisins frá 16. s.m. var erindinu hafnað.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins til ríkissaksóknara, dagsettu 9. júlí 1989, óskaði ráðuneytið eftir því að koma að bótakröfu á hendur stjórnarmönn-

um Fjörs hf., Geislagötu 12, Akureyri, að fjárhæð kr. 2.347.620, auk dráttarvaxta frá og með október 1988.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir fyrir dóminum 17. október sl.

Ákærði Sveinn Rafnsson kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákærunni. Ákærði kvað Fjör hf. hafa verið stofnað snemma árs 1988, og kvaðst ákærði hafa verið stjórnarformaður á þeim tíma, er í ákærunni greinir. Ákærði kvað félagið hafa þurft að leggja fram tryggingu hjá embætti bæjarfógetans á Akureyri, að fjárhæð kr. 1,5 milljónir, vegna væntanlegs löggæslukostnaðar við útihátíð þá, er í ákærunni greinir. Ákærði kvað félagið strax eftir útihátíðina hafa tekið til við að greiða útistandandi skuldir, og er upp var staðið, hafi komið í ljós, að félagið átti ekki fyrir söluskattinum. Ákærði kvað sér hafa orðið þetta ljóst síðari hluta ágústmánaðar, líklega 26. eða 27. þess mánaðar, og hafi þá verið ákveðið að sækja um niðurfellingu söluskattsins. Ákærði kvað ekki hafa verið ljóst fyrir fram, að ekki yrði til fyrir söluskattinum, heldur hafi það komið á daginn síðar, er greiddar höfðu verið aðrar skuldir félagsins og eftir að í ljós hafi komið, hversu háa fjárhæð félagið átti eftir af tryggingarfénu, er lagt hafði verið fram vegna löggæslukostnaðar, svo sem rakið var að framan. Ákærði kvaðst hafa talið félagið eiga verulega fjárhæð inni hjá bæjarfógeta, eftir að greiddur hafði verið löggæslukostnaður vegna útihátíðarinnar, og hafi átt að nota þá fjárhæð til að greiða upp í væntanlega söluskattsskuld.

Ákærði kvað alla ákærðu hafa tekið virkan þátt í stjórnun félagsins, og hafi stjórnarfundir verið haldnir reglulega.

Ákærði kvað söluskattinn hafa verið reiknaðan af seldum aðgöngumiðum á útihátíðina, en auk þess hafi verið reiknaður söluskattur af 80 til 100 aðgöngumiðum, sem ekki hafi verið seldir, en stofninn hafði rifnað frá. Ákærði vísaði í þessu sambandi til lögregluskýrslu frá 13. október 1988, en þá óskaði ákærði eftir því, að söluskatturinn yrði lækkaður sem næmi fjárhæð af 80 aðgöngumiðum, er seljast áttu á kr. 4.500 hver, en ákærði kvað þá miða aldrei hafa verið selda.

Ákærði Guðmundur Ómar Pétursson kom fyrir dóminn ofangreindan dag. Ákærði kvað rétt, er fram kemur í ákærunni, að ekki hefði verið greiddur söluskattur, að fjárhæð kr. 2.347.620.

Ákærði kvaðst hafa verið einn af stofnendum hlutafélagsins Fjörs hf. í byrjun árs 1988, og kvaðst ákærði hafa verið varaformaður félagsins og framkvæmdastjóri á þeim tíma, er í ákærunni greinir. Ákærði kvað hafa komið á daginn eftir útihátíð þá, er í ákæru greinir, að félagið hefði ekki átt fyrir söluskatti, eftir að greiddar höfðu verið aðrar skuldir félagsins, en ákærði kvað aðrar skuldir félagsins hafa verið greiddar fljótlega eftir útihátíðina. Ákærði kvað ekki hafa verið tekna ákvörðun um það að greiða allar skuldir félagsins á undan söluskattsskuldinni. Ákærði kvaðst hafa

talið félagið hafa átt hærri fjárhæð til greiðslu á söluskatti, eftir að greiddur hafði verið löggæslukostnaður, sem reyndist vera upp á rúmar kr. 1.100 þúsund, en félagið hafi greitt inn á söluskattsskuldina kr. 372.380. Ákærði kvað hafa verið sótt um niðurfellingu á söluskatti, er í ljós kom, að félagið ártti ekki fyrir skattinum, en niðurfellingu hefði verið hafnað.

Ákærði kvað hafa verið haldna reglulega stjórnarfundi í félaginu, en þeir fundir hefðu verið óformlegir. Ákærði kvað alla ákærðu hafa hist reglulega og þeir því í raun allir annast daglegan rekstur félagsins á þeim tíma, er í ákæru greinir, og hefðu allir ákærðu vitað um stöðu félagsins varðandi söluskattsskuldina.

Ákærði gerði þá athugasemd við útreikning á söluskattinum, að reiknaður hefði verið söluskattur af um 100 aðgöngumiðum, sem aldrei voru seldir, en stofninn hafði rifnað af þessum miðum og þeim verið skilað þannig til fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, en þetta hefðu verið miðar, er áttu að seljast á kr. 4.500 hver miði.

Ákærði Pétur Bjarnason kom fyrir dóminn 17. október sl. og greindi frá því, að hann hefði verið meðstjórnandi í Fjöri hf. á þeim tíma, er í ákærunni greinir. Ákærði lýsti efnislega á sama veg og aðrir ákærðu, að félagið hefði lagt fram hjá bæjarfógetanum á Akureyri tryggingu, að fjárhæð kr. 1,5 milljónir, vegna útihátíðarinnar og að eftirstöðvar, er greiddur hefði verið löggæslukostnaður, hefðu verið kr. 372.380, sem hefði verið varið til greiðslu inn á söluskattsskuld félagsins vegna hátíðarinnar. Ákærði bar á sama veg og aðrir ákærðu um það, að félagið hefði tekið til við greiðslu skulda eftir hátíðina, og nærri 25. ágúst hefði komið í ljós, að félagið átti ekki fyrir söluskatti. Ákærði kvað alla ákærðu þá hafa komið saman, og hefði verið ákveðið að sækja um niðurfellingu á söluskattinum, en það hefði ekki fengist. Ákærði kvað meðákærða Guðmund Ómar hafa annast greiðslu reikninga fyrir hönd félagsins, en ákærðu hafa oft hist og rætt einstaka reikninga.

Ákærði gerði sams konar athugasemd og aðrir ákærðu við útreikning á söluskattinum, þ.e., að reiknaður hefði verið skattur af um 100 miðum, er skilað hefði verið þannig, að stofninn hafði rifnað af, en þessir miðar hefðu ekki verið seldir, en átt að seljast á kr. 4.500 hver miði.

Allir ákærðu höfðu áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu um flest atriði málsins.

Niðurstöður.

Lög um söluskatt nr. 10, 1960, ásamt síðari breytingum féllu úr gildi frá og með 1. júlí 1989, en þá tóku gildi lög nr. 50, 1988, um virðisaukaskatt. Þrátt fyrir gildistöku laga nr. 50, 1988, og niðurfellingu laga nr. 10, 1960, en við þá breytingu var virðisaukaskattur tekinn upp í stað söluskatts,

þykir mat löggjafans ekkert hafa breyst á refsinæmi háttsemi ákærðu, enda er sams konar eða svipað ákvæði í 40. gr. laga nr. 50, 1988, og í 25. gr. söluskattslagana nr. 10, 1960, og er því í máli þessu dæmt eftir þeim lögum, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu voru allir í stjórn hlutafélagsins Fjörs á þeim tíma, er í ákæru greinir, og tóku allir virkan þátt í daglegum rekstri félagsins. Allir ákærðu hafa borið, að hlutafélagið hafi einungis skilað kr. 372.380 af söluskattinum, en samkvæmt kvittun bæjarfógetans á Akureyri, dagsettri 14. október 1988, hefur félagið greitt kr. 372.780, og er miðað við þá fjárhæð hér á eftir. Ákærðu hafa allir gert þá einu athugasemd við útreiknaðan söluskatt, að reiknaður hafi verið söluskattur af 80 til 100 aðgöngumiðum, sem ekki voru seldir á útihátíðina, en þeim miðum hafi verið skilað til bæjarfógetans á Akureyri, svo sem rakið var að framan. Þessa athugasemd gerðu ákærðu þegar við rannsókn málsins hjá lögreglu og aftur hér fyrir dómi. Samkvæmt gögnum málsins var reiknaður söluskattur af 2.898 miðum á kr. 4.500 hver miði, auk þess af 374 miðum á kr. 1.500 hver miði. Samkvæmt því, sem rakið var, telja ákærðu, að reikna eigi sölusatt af 80 til 100 færri miðum af dýrari gerðinni. Dómurinn telur með framburði ákærðu sannað, að seldir hafi verið á útihátíðina 2.798 miðar á kr. 4.500 hver miði, en lækkun skaðabótakröfu ákæruvaldsins við flutning málsins er einnig byggð á þessu.

Ákærðu önnuðust allir daglegan rekstur hlutafélagsins Fjörs, og voru allir stjórnarmenn og ákærði Guðmundur auk þess framkvæmdastjóri. Félagið stóð ekki skil á innheimtum söluskatti, svo sem því bar. Ákærðu, sem voru stjórnarmenn og einn ákærðu auk þess framkvæmdastjóri, báru allir ábyrgð á því, að félagið stæði skil á söluskattinum, sbr. 52. gr. hlutafélagalaga nr. 32, 1978. Með því að standa ekki skil á söluskattinum gerðust ákærðu brotlegir, svo sem ákært er út af, þó með þeirri athugasemd, er að ofan er getið, við miðafjöldann, er reikna ber söluskattinn af. Ákærðu hafa því gerst brotlegir við þau lagaákvæði, er í ákærunni greinir, en dómurinn telur fjárhæð þá, er ekki var skilað, vera það háa, að 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. lög nr. 33, 1982, eigi við um háttsemi ákærðu, svo sem í ákærunni greinir.

Ákærði Sveinn hefur tvisvar gengist undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot og fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Guðmundur Ómar hefur aldrei sætt refsingu.

Ákærði Pétur hefur tvisvar gengist undir dómsátt vegna umferðarlagabrota.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing hvers ákærðu fyrir sig hæfilega ákvörðuð varðhald í 3 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsivistar allra ákærðu í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, og skal hún

niður falla að þeim tíma liðnum, haldi hver ákærðu fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í 1. mgr. 25. gr. laga um söluskatt segir, að hver sá, sem skilar ekki söluskatti, sem innheimtur hefur verið, skuli auk ógreidds söluskatts greiða sekt, er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð, er dregin var undan eða vanrækt greiðsla á, en hér er um það að ræða, að ekki var skilað söluskatti, er innheimtur hafði verið. Þá segir í þessari grein laganna, að álag skv. 1. tl. 2. mgr. 21. gr. skuli koma til frádráttar sektarfjárhæð. Ákærðu er því hverjum fyrir sig gert að greiða sekt, sem með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til þess, er síðar er rakið um bótagreiðslur ákærðu, þykir hæfilega ákvörðuð kr. 50.000, og eru engin álög þar með talin. Greiði hver ákærðu fyrir sig ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í sektar stað.

Í ákærunni er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 2.347.620, að viðbættum lögleyfðum dráttarvöxtum af kröfunni frá 1. október 1988 til greiðsludags. Við munnlegan flutning málsins lækkaði ákæruvaldið kröfuna um kr. 90.000. Yfirleitt lætur ákæruvaldið við það sitja í ákæru auk venjulegrar refsikröfu yfir hinum ákærða eða ákærðu að krefjast þess, að ákærði eða ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta. Í máli þessu er krafa fjármálaráðuneytisins tekin beint upp í ákæruna, sbr. 2. kröfulið ákærunnar. Lækkun kröfu ákæruvaldsins er í samræmi við þá niðurstöðu, er greind var að framan, um það, að einungis er sannað, að seldir hafi verið 2.798 miðar á kr. 4.500 hver miði, en ekki 2.898, svo sem miðað er við í útreikningi á söluskattsvanskilunum og svo sem kemur fram í ákærunni, og beri því að lækka fjárhæðina um kr. 90.000, sbr. að ofan. Dómurinn telur ekki nægilega ástæðu til að vísa bótakröfunni frá vegna þessa atriðis, enda unnt að lækka kröfuna, sbr. framanritað, en með lækkun kröfufjárhæðarinnar hefur verið tekið tillit til einu athugasemda ákærðu við hinn útreiknaða söluskatt, er mál þetta snýst um.

Almenna regla 2. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga um félagsmenn í slíkum félögum er sú, að félagsmenn beri ekki perónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félags. Félagsmenn geta hins vegar gengið sérstaklega í persónulegar ábyrgðir vegna skuldbindinga félags á venjulegan hátt. Hugsanleg bótaábyrgð ákærðu í máli þessu, sem allir eru félagsmenn í Fjöri hf., verður þannig ekki leidd af reglum hlutafélagalaga. Svo sem rakið var að ofan, telur dómurinn sannað, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, er í ákærunni greinir, með athugasemdum þó, sbr. ofanritað. Með háttsemi sinni bökuðu ákærðu ríkissjóði tjón, sem þannig var bein afleiðing af refsiverðri háttsemi allra ákærðu. Dóminum þykja þannig eftir almennum reglum skaðabótaréttarins vera fyrir hendi skilyrði þess að dæma ákærðu solidariskt ábyrga

fyrir tjóni ríkissjóðs. Ákærðu greiði því skaðabætur í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 2.257.620, auk dráttarvaxta frá 1. október 1988 til greiðsludags, en dráttarvextir reiknast eftir lögum nr. 25, 1987.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þ.m.t. kr. 50.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð og kr. 100.000 í málsvarnarlaun til sameiginlegs verjanda, Benedikts Ólafssonar héraðsdómslögmanns á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærðu sæti hver fyrir sig varðhaldi í þrjá mánuði, en gagnvart öllum ákærðu skal fresta fullnustu varðhaldsrefsingarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi hver ákærðu fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Hver ákærðu fyrir sig greiði kr. 50.000 í sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar hjá hverjum ákærða fyrir sig, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði óskipt kr. 2.257.620 í skaðabætur í ríkissjóð auk dráttarvaxta eftir lögum nr. 25, 1987, frá 1. október 1988 til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og kr. 100.000 í málsvarnarlaun til sameiginlegs verjanda síns, Benedikts Ólafssonar héraðsdómslögmanns.

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 50/1989. **Valdimar S. Jónsson**
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Skuldabréf. Greiðsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1989. Þegar málið var munnlega flutt í réttinum, var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að hann samþykkti kröfur stefnda að öðru leyti en því, er varðaði málskostnað, og gerði sjálfur kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst 121.100 króna með 33% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst s.á., en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti auk dráttarvaxta á málskostnað.

Stefndi gerir eftirfarandi grein fyrir kröfum sínum:

„Hér er um að ræða lækkun krafna frá héraðsdómi. Lækkunin er gerð, þar sem líkur virðast á, að staðhæfing áfrýjanda um, að víxill að fjárhæð kr. 63.150,00, útgefinn af Birni S. Benediktssyni 24. maí 1984 og samþykktur af Valdimar S. Jónssyni pr.pr. Græðir sf., til greiðslu í Sparisjóði Önundarfjarðar 24. ágúst 1984, sem um er fjallað í hæstaréttarmálinu nr. 49/1989, hafi verið sendur Matthíasi heitnum Jónssyni til greiðslu á eftirstöðvum annarrar afborgunar af skuldabréfi því, sem um er fjallað í máli þessu, en láðst hafi að færa það inn á bréfið."

Í héraði gekk útvistardómur í þessu máli og einnig í málinu nr. 49/1989. Útivist varð af hálfu áfrýjanda í því máli fyrir Hæstarétti, og krafðist stefndi ómaksbóta.

Málskostnaður til stefnda ákveðst 20.000 krónur í héraði, en fellur niður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Valdimar S. Jónsson, greiði stefnda, dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar, 121.100 krónur með 33% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 45% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 20.000 krónur í málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 24. nóvember 1988.

Mál þetta, sem þingfest var 1. september 1988 og dómtekið 3. nóvember 1988, var höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri stefnda á heimili hans að Goðatúni 14, Flateyri, laugardaginn 27. ágúst 1988.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, „... að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 179.534 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Málavextir.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð kr. 325.000, en nú að eftirstöðvum kr. 163.434, útgefnu af stefnda til handhafa 6.7. 1983 og tryggðu með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Tjarnargötu 1 á Flateyri. Bréf þetta hafi átt að greiðast með þremur afborgunum, í fyrsta skipti 1.10. 1983 kr. 110.000 auk vaxta, í annað skipti 1.5. 1984 kr. 110.000 auk vaxta og í þriðja skipti 1.9. 1984 kr. 105.000 auk vaxta. Vextir hafi verið ákveðnir 46% ársvextir og reiknaðir frá 24.6. 1983. Fyrsta greiðsla hafi verið innt af hendi 19.10. 1983. Önnur greiðsla hafi verið greidd að hluta 6.6. 1984, þ.e. áfallnir vextir og kr. 51.565,97 upp í afborgun, en meira hafi ekki fengist greitt. Hin veðsetta eign hafi verið seld á nauðungaruppboði 20.2. 1987 (uppboðsafsal dags. 14.5 1987), án þess að nokkuð kæmi upp í kröfu stefnanda, og hafi veðsetningin verið afmáð úr veðmálabókum. Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur, og því sé mál þetta höfðað.

Málsástæður.

Stefnandi kveður málsástæður vera þær, að hann eigi gjaldfallna, en ógreidda skuldabréfskröfu á hendur stefnda.

Niðurstaða.

Hinn 1. september 1988, er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda og lögmanni hans veittur frestur til að skila greinargerð til 20. október 1988. Við fyrirtöku málsins 20. október var málinu frestað að ósk beggja lögmanna í tvær vikur. Við fyrirtöku málsins 3. nóvember sl. féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 24.900, þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar S. Jónsson, kt. 040655-4179, Goðatúni 14, Flateyri, greiði dánarbúi Matthíasar L. Jónssonar, Fossi, Bíldudalshreppi, kt. 250337-4509, kr. 179.534 með 30% ársvöxtum af kr. 58.434 frá 1.5. 1984 til 1.9. sama ár, 33% ársvöxtum af kr. 179.534 frá degi til 1.2. 1985, 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1.3. sama ár, 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. sama ár, 42% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1.9. sama ár, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. sama ár, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. sama ár, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. sama ár, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. sama ár, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1.10. sama ár, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. sama ár, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. sama ár, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. sama ár, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.5. sama ár, 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. sama ár, 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. sama ár, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 27.8. 1988, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 24.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól stefnukröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1.5. 1985, og við málskostnaðarfjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 319/1989. **Guðmundur Axelsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Fram er komið, að 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að breyta nafni Útvegsbanka Íslands hf. í Íslandsbanka hf., og hafi sú breyting tekið gildi 1. janúar 1990.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og ákvæða a-liðar 1. gr. og 12. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. maí 1989, hefur Útvegsbanki Íslands hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. febrúar sl., gegn Guðmundi Axelssyni, 090536-2579, Barónsstíg 11 A, Reykjavík, til greiðslu á kr. 800.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 5. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 1,8% p.m. frá þeim degi til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987

til greiðsludags, kr. 300.00 í bankakostnað og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkrafan er samkvæmt eigin víxli að fjárhæð kr. 800.000, útgefnum af stefnda 8. nóvember 1988 til greiðslu 5. desember 1988 í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík. Í víxlinum er sá, sem við greiðslu á að taka, þannig greindur: „Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, eða þeim, sem hann tilvísar".

Stefndi byggir á þeirri málsástæðu, að stefnandi sé ekki réttur aðili.

Stefnandi vitnar til 12. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, þar sem segir, að hlutafélagsbanki yfirtaki Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og að Útvegsbanki Íslands teljist niður lagður frá þeim degi.

Ekki virðist neinn vafi um það samkvæmt gögnum málsins, að stefndi hafi í raun gefið víxilinn út til stefnanda, þótt þess sé ekki getið, að bankinn sé rekinn af hlutafélagi.

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga 32/1978 um hlutafélög og 4. mgr. 9. gr. firmalaga nr. 42/1903 er skylt að hafa orðið hlutafélag eða skammstöfun þess í nafni firma og hlutafélags. Þessi ákvæði lúta einvörðungu að ritun hlutafélaga á nafni sínu, en kveða ekki á um, hverju varðar, ef aðrir rita nafn hlutafélags á annan hátt en fyrir er mælt. Samkvæmt 75. gr. víxillaga nr. 93/1933, 5. tl., skal tilgreina í eigin víxli nafn þess, er við greiðslu á að taka eða ávísa má fjárhæðinni til greiðslu. Að því er hlutafélög varðar, virðist bera að nefna þau í samræmi við áðurgreind ákvæði firma- og hlutafélagalaga. Vangæsla í þessu efni leiðir þó eigi til þess, að víxillinn verði metinn ógildur, að því tilskildu, að einhver viðtakandi sé tilgreindur, enda er ekki byggt á því í málinu, að víxillinn sé ekki í réttu formi. Þótt orðið hlutafélag eða skammstöfun þess sé ekki greint við nafn þess, sem við á að taka, girðir það ekki fyrir, að félagið geti sótt rétt sinn samkvæmt víxlinum, ef ekki er efamál um rétt þess, og þegar jafnframt er gætt ákvæða laga 7/1987, þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en því hefur verið vikið til víxilmálameðferðar. Í stefnu er víxlinum lýst svo sem í honum stæði „hf." við nafn Útvegsbankans. Eins og málum var háttað, gat það ekki vafist fyrir stefnda, út af hverju var stefnt, og þykir þá þessi ónákvæmni ekki eiga að leiða til frávísunar.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Axelsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 800.000 með 2,5% mánaðarvöxtum frá 5. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 1,8% p.m. frá þeim degi til 16. mars 1989, en með dráttarvöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. III. kafla laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 300 í bankakostnað og kr. 130.000 í málskostnað ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987 og 3. mgr. 175. gr. laga 85/1936, sbr. 21. gr. laga 54/1988.

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 273/1990. **Þórður Þórðarson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Runólfi Hallfreðssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningar. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1990. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 389.026 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 129.675,33 krónum frá 1. janúar 1989 til 1. febrúar sama ár, af 259.350,66 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár og af 389.026 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk 24,5 % virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð í 194.513 krónur. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Í máli þessu hafa aðilar ekki gefið skýrslur fyrir dómi, og ekki hafa fyrirsvarsmenn Drangavíkur hf. verið kvaddir til vættis í málinu.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður við það að miða, að stefndi hafi ekki sagt skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fékk vitneskju um, að stefndi hafði selt skip sitt, svo sem honum var heimilt, sbr. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Hann hélt áfram starfi sínu á skipinu hjá hinum nýja eiganda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Þórðarson, greiði stefnda, Runólfi Hallfreðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Akraness 9. maí 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. apríl sl., hefur Þórður Þórðarson, kt. 310847-7399, Gnoðarvogi 32, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. okt. 1989, á hendur Runólfi Hallfreðssyni kt. 260331-2999, Krókatúni 9, Akranesi, til heimtu skuldar vegna launa í uppsagnarfresti tímabilið 11. nóv. 1988 til 11. febr. 1989.

Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi:

Aðallega krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 389.026, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 129.675,33 frá 1. jan. 1989 til 1. febr. 1989, með sömu vöxtum af kr. 259.350,66 frá þeim degi til 1. mars 1989 og loks með sömu vöxtum af kr. 389.026 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 269.313, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 89.771 frá 1. jan. 1989 til 1. febr. 1989, með sömu vöxtum af kr. 179.542 frá þeim degi til 1. mars 1989 og loks með sömu vöxtum af kr. 269.313 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann vexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Málskostnaðar er krafist, hvernig sem mál þetta fer að öðru leyti. Þess er krafist, að dæmdur verði 24% virðisaukaskattur af málskostnaði skv. lögum þar um.

Af hálfu stefnda eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda,

til vara, að stefnukrafan verði lækkuð í fjárhæð, sem nemi 6 vikna kaupi,

að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt 1% söluskatti skv. 18. gr. laga nr. 1/1988 eða virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 50/1988.

Málavextir.

Stefnandi réðst 30. mars 1988 sem fyrsti vélstjóri og síðar sem yfirvélstjóri á ms. Akurnesing, AK-71, sem stefndi átti og gerði út sem rækjufrystiskip. Ráðning hans var ótímabundin.

Hinn 22. okt. 1988 kom skipið til Akraness úr veiðiferð. Daginn eftir var áhöfninni tilkynnt, að selja ætti skipið. Hinn væntanlegi kaupandi og eigandi var Drangavík hf., Drangsnesi, sem bauð stefnanda að halda áfram starfi sínu á skipinu. Stefnandi kveðst hafa tekið því tímabundið til 1. jan. 1989. Af hálfu stefnda er því mótmælt sem röngu, að stefnandi hafi tekið starfstilboði kaupandans með slíkum fyrirvara um tímalengd starfsins. Ekki hefur stefnandi lagt fram nein gögn til sönnunar staðhæfingu sinni um tímabindingu starfs síns hjá hinum nýja eiganda.

Stefnandi kveðst hafa tilkynnt stefnda strax, að hann teldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, þ.e. kaupi í þrjá mánuði úr hendi stefnda vegna sölu skipsins. Fyrsti vélstjóri mun hafa sagt upp, og voru honum greidd laun á uppsagnarfresti.

Afhending til hins nýja eiganda á ms. Akurnesingi, AK-71, fór fram 11. nóv. 1988. Stefnandi starfaði áfram á skipinu, en þó ekki nema til áramóta 1988-89, en þá hætti hann með samþykki hins nýja eiganda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi hætt fyrirvaralaust á skipinu 31. des. 1988.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að krafa stefnanda um laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti úr hendi stefnda hafi ekki komið fram fyrr en með bréfi Vélstjórafélags Íslands, dags. 19. júní 1989, tæpum átta mánuðum eftir að honum var tilkynnt um væntanlega sölu á m/s Akurnesingi, AK-71. Í nefndu bréfi var því haldið fram, að sala skipsins hefði jafngilt uppsögn, og ætti stefnandi því rétt til staðgengilslauna á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ekki var orðið við þeirri málaleitan, og fól vélstjórafélagið þá Lögrúnu sf. að annast innheimtu á fjárkröfu stefnanda gagnvart stefnda. Ekki hafa náðst sættir í deilunni.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína um greiðslu fullra launa á þriggja mánaða uppsagnarfresti á 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem kveður svo á, að uppsagnarfrestur yfirmanna (vélstjóra) sé þrír mánuðir, enda hafi hann ekki verið ráðinn tímabundinni ráðningu, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laganna. Hann heldur því fram, að við sölu skipsins hafi ráðningarsamningur sinn verið rofinn einhliða með þeim hætti, að honum beri fullt kaup á uppsagnarfresti, þ.e. í þrjá mánuði. Hann vitnar til greinargerðar fyrir frv. til sjómannalaganna nr. 35/1985, þar sem komi fram það yfirlýsta markmið frv. að bæta réttarstöðu sjómanna. Hann kveður kröfu sína og styðjast við fordæmi dómstóla.

Varakröfu sína um greiðslu kauptryggingar styður stefnandi við sömu rök að öðru en því, að hún er miðuð við kauptryggingu eða lágmarkskaup vélstjóra.

Kröfu um greiðslu málskostnaðar styður stefnandi við ástæður málaferlanna, sem séu vanefndir stefnda á greiðsluskyldu skv. lögum og kjarasamningi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að haldi yfirmaður á skipi áfram störfum á skipinu eftir eigendaskipti á því, geti hann ekki þegið laun bæði hjá seljanda og kaupanda á sama tíma. Óumdeilt sé aftur á móti, að hann geti þegið laun bæði hjá seljanda og öðrum útgerðarmanni á öðru skipi á sama tíma. Meginmáli skipti því, hvort sá, er í hlut á, ræður sig á annað skip eða heldur áfram störfum á sama skipi þrátt fyrir eigendaskiptin. Í þessu efni vitnaði stefndi til 2.mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þar segir, að skipverja sé heimilt við sölu á skipi að krefjast lausnar úr skiprúmi, „en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta". Stefndi kveður stefnanda ekki hafa haft þennan hátt á, heldur hafa tjáð stefnda, að hann myndi halda áfram starfi sínu á skipinu hjá kaupanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína við þau rök, að í stað þess að hætta strax á skipi stefnda við sölu þess og krefjast strax kaups á uppsagnarfresti, sem stefnanda hafi verið heimilt, hafi hann haldið áfram störfum á skipinu. Hann geti því ekki löngu síðar krafið stefnda um laun á uppsagnarfresti skv. 9 og 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Það sé almenn lagaregla, að haldi launþegi áfram störfum í sömu stöðu þrátt fyrir eigendaskipti, þótt hann sé ekki skyldugur til þess, og fái greitt kaup hjá nýja eigandanum, geti hann ekki krafið fyrri eiganda um laun fyrir sama tímabil, þ.e. bætur fyrir riftun ráðningarsamnings.

Varakrafa stefnda um, að stefnukrafa verði lækkuð í laun, er nemi sex vikna uppsagnarfresti, er studd við 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Álit dómsins.

Ágreiningur málsaðila snýst bæði um málsatvik og réttarreglur. Þegar stefnanda var tilkynnt um væntanlega sölu á ms. Akurnesingi, AK-71, sagði hann ekki upp starfi sínu. Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki heldur hafa sannað, að hann hafi, þegar honum var tilkynnt um væntanleg eigendaskipti á ms. Akurnesingi, Ak-71, hinn 23. okt. 1988, tjáð stefnda, að hann liti á sölu skipsins sem uppsögn af hálfu stefnda og krefðist því þriggja mánaða uppsagnarfrests. Á skipinu var áfram sami skipstjóri, og stefnandi hafði því sama yfirmann um borð, og hann hélt áfram starfi sínu hjá hinum nýja eiganda eftir afhendingu skipsins 11. nóv. 1988. Ekki er

sannað, að hann hafi ráðið sig tímabundið hjá hinum nýja eiganda skipsins með sérstökum starfssamningi til 31. des. 1988. Dómurinn lítur því svo á, að hann hafi í verki samþykkt að halda áfram starfi sínu á skipinu ótímabundið hjá hinum nýja eiganda. Ekki verður heldur séð, að hann hafi haft uppi kröfu sína um laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti fyrr en í júní 1989.

Þá kemur til athugunar ágreiningur málsaðila um skýringu á sjómannalögunum nr. 35/1985. Dómurinn álítur, að skýra verði ákvæði laganna um uppsagnarfrest og rétt til launa á þann veg, að þeim sé ætlað að tryggja launþegum (yfirmanni á skipi) þriggja mánaða uppsagnarfrest eða laun í þrjá mánuði, ef honum er sagt upp starfi fyrirvaralaust. Lögunum er ætlað að tryggja launþega gegn því að verða fyrir tjóni, t.d. af völdum þess, að skip sekkur, útgerðin verður gjaldþrota eða skipið er selt o.s.frv. Lögunum er hins vegar alls ekki ætlað að tryggja launþega laun bæði hjá seljanda skips og kaupanda þess á fyrstu þremur mánuðum eftir afhendingu þess. Gildir þar einu, þótt yfirmaðurinn hafi aðeins samþykkt að starfa tímabundið hjá hinum nýja eiganda, sem þó er ekki sannað í þessu máli. Að þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Hæfilegt þykir að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Runólfur Hallfreðsson, kt. 260331-2999, skal vera sýkn af kröfum Þórðar Þórðarsonar, kt. 310847-7399, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 59/1989. **Db. Sæmundar Ágústssonar,**
Óskar Ágústsson og
Halldór Einarsson
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
hafnarstjórn Reyðarfjarðarhrepps
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Hafnarstjórn. Lögbann. Skipulag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1989. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Sæmundur Ágústsson lést hinn 7. mars 1990. Eftirlifandi kona hans, Lúvísa Hafdís Kristinsdóttir, hefur tekið við aðild að málinu, en hún situr í óskiptu búi eftir hann.

Tildrögum málsins og málsástæðum aðila er lýst í héraðsdómi.

Í 7. gr. hafnalaga nr. 69/1984 segir:

„Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði, þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum, þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi, er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.“

Aðila greinir á um, hvernig skilja beri, að reglugerð skuli sett „samkvæmt staðfestu deiliskipulagi“. Orðum þessum var bætt inn í frumvarp að hafnalögum í meðferð Alþingis. Í greinargerð með frumvarpinu eða umræðum er ekki að finna neitt, sem varpað getur ljósi á tilgang löggjafans með þessu orðalagi. Ákvæðið verður ekki skilið svo, að gild reglugerð verði ekki gefin út, nema fyrir liggi

staðfest deiliskipulag. Ætla ber hins vegar, að það hafi verið tilgangur löggjafans, að um hafnir yrði gert deiliskipulag og það yrði staðfest.

Gefin hefur verið út reglugerð nr. 477/1985 fyrir Reyðarfjarðarhöfn. Mörkum hafnarsvæðisins er þar lýst. Áfrýjendur hófu framkvæmdir við aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis og héldu þeim áfram, eftir að hafnarstjórn hafði hafnað leyfisumsókn þeirra fyrir framkvæmdunum. Til framkvæmdanna höfðu þeir heimild landeigenda. Ekki er um það deilt, að framkvæmdirnar voru innan hafnarsvæðisins. Landið er hins vegar utan eiginlegrar hafnar og þéttbýlissvæðisins að Búðum.

Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn segir:

„Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til.

— — —“

Ekki liggur fyrir, að málið hafi verið lagt fyrir sveitarstjórn. Meðan það hefur ekki verið gert, verður að telja, að hafnarstjórn hafi mátt banna framkvæmdir áfrýjenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 28. nóvember 1988.

Mál þetta var dómtekið 14. nóvember 1988.

Stefnandi er hafnarstjórn Reyðarfjarðarhrepps, kt. 530269-7019.

Stefndu eru Sæmundur Ágústsson, kt. 200245-4159, Túngötu 8, Reyðarfirði, Óskar Ágústsson, kt. 201136-3859, Mánagötu 27, Reyðarfirði, og Halldór Einarsson, kt. 200331-2149, Teigagerði, Reyðarfirði.

Dómkröfur stefnanda fyrir aukadómþinginu eru þær, að staðfest verði með dómi lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við fram-

kvæmdum stefndu við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins lögbannskostnaðar, úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins. Þá gerir stefnandi þá kröfu, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur fyrir aukadómþinginu, að synjað verði staðfestingar á lögbanni því, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988, og það fellt úr gildi og stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt gera stefndu kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins. Þá gera stefndu kröfu til þess, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur skv. vaxtalögum. Þá er af hálfu stefndu áskilinn réttur til að hafa uppi skaðabótakröfu í sérstöku skaðabótamáli.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að 19. maí 1988 hafi stefndu byrjað framkvæmdir fyrir smábátaðstöðu í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi skammt austan við Teigagerðisklöpp, um 1,5 km austan kauptúnsins. Framkvæmdir hafi verið stöðvaðar 21.maí 1988, þar sem umfjöllun stefnenda hafi ekki legið fyrir vegna þeirra. Með bréfi, dags. 24. maí 1988, sóttu stefndu síðan um leyfi til hafnarstjórnar vegna umræddra framkvæmda. Á fundi hafnarstjórnar Reyðarfjarðar sama dag var umsókn stefndu tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

„Þar sem hafnarstjórn er að vinna að stórbættri aðstöðu fyrir smábáta á hafnarsvæðinu og ekki er séð, að þörf verði fyrir umbeðna framkvæmd, og hafnarstjórn telur sig bera vissa ábyrgð á þeim framkvæmdum, sem hún kann að veita leyfi fyrir á hafnarsvæðinu, bæði gagnvart umferð og öryggi, getur hún ekki fallist á það leyfi, sem farið er fram á."

Þrátt fyrir synjun hafnarstjórnar hófu stefndu framkvæmdir að nýju 15. júní 1988. Sama dag krafðist stefnandi lögbanns við framhaldi þeirra framkvæmda. Lögbannsbeiðnin var tekin fyrir í fógetarétti Suður-Múlasýslu sama dag, og lýsti fógeti þá yfir lögbanni við þeirri framkvæmd stefndu að vinna að gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi gegn bankatryggingu, að fjárhæð kr. 180.000. Málsástæður kveður stefnandi vera þær, að stefndu sé óheimilt að reisa mannvirki innan hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar án leyfis hafnarstjórnar. Umrædd mannvirki séu innan skipulags hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar, en samkvæmt 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Einnig bendir stefn-

andi á, að samkvæmt 3. gr., lið 3.2, hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985 hafi hafnarstjórn endanlegt ákvörðunarvald um leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hafi vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi, er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst vegna málsóknar þessarar vísa til 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 og hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985; auk þess kveðst stefnandi vísa til almennra reglna um takmarkanir eignarráða yfir fasteign.

Málskostnaðarkrafan byggist á 177. gr. laga nr. 85, 1936, skv. 184. gr. sömu laga, ef til framlagningar málskostnaðarreiknings kemur. Vaxtakrafa byggist á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988.

Málavexti kveða stefndu vera þá, að þeir, sem eigi 3 smábáta af stærðinni 1 til 2 tonn, hafi lengi verið í vandræðum með aðstöðu fyrir smábáta sína. Í Reyðarfjarðarhöfn sé ekkert öruggt lægi fyrir smábáta og útgerð þeirra því algjörlega háð veðri og vindum. Í krikanum við bryggjuna fyrir neðan loðnubræðsluna sé að vísu lægi, en togari Reyðfirðinga, Snæfugl, hafi forgang um legu þar, og ávallt, þegar hann sé í höfn, þurfi smábátaeigendur að hrökklast þaðan með smábáta sína. Hafnarstjórn hafi um árabil lofað úrbótum í aðstöðu smábáta, en ekkert orðið úr efndum. Í vandræðum sínum vegna þessa hafi stefndu hugkvæmst að gera lendingarbætur til bráðabirgða fyrir bátana í fjörunni í landi Teigagerðis skammt utan við Teigagerðisklöpp, en einn stefndu, Halldór Einarsson, er eigandi lögbýlisins Teigagerðis ásamt föður sínum, Einari Halldórssyni, og höfðu þeir fullt samþykki hans til framkvæmdanna. Hugmynd stefndu var sú að grafa um 100 fm lón eða lægi í fjörunni, sem næði um 1,5 m niður fyrir fjörumörk, með opinni rennu til suðurs og nota uppgröftinn ásamt einhverju grjóti til viðbótar í varnargarða. Í því lóni eða lægi, sem þarna myndaðist, töldu þeir sig geta skapað viðeigandi aðstöðu fyrir báta sína, uns hafnarstjórn hefði útbúið þeim aðra og betri aðstöðu. Hófust þeir handa við framkvæmdir um 20.5. 1988, en þá kom sveitarstjóri, Hörður Þórhallsson, að máli við þá og bað þá að hætta framkvæmdum og sækja um leyfi til hafnarstjórnar og láta fylgja „skissu" af framkvæmdum, og var á honum að skilja, að leyfi til framkvæmdanna yrði auðfengið. Með bréfi, dags. 21.5. 1988, sóttu stefndu síðan um leyfið, og á fundi hafnarstjórnar sama dag var erindið tekið fyrir og því hafnað með þeim rökum, sem greinir í dskj. nr. 4. Þar sem allt var óljóst um, hvenær hafnarstjórn hæfist handa um að vinna að aðstöðu fyrir smábáta á hafnarsvæðinu, og þar sem stefndu þóttu rök hafnarstjórnar að öðru leyti fyrir synjuninni vera lítilvæg, og

eins, þar sem hliðstæð framkvæmd hafði verið látin átölulaus áður sunnan fjarðar og hér var um að ræða lítils háttar jarðrask á eignarjörð eins þeirra og þeim nauðsynlegt að hafa öruggt læki fyrir báta sína, hófu þeir framkvæmdir að nýju 15. júní 1988, en við þeirri framkvæmd var lagt lögbann það í fógetarétti Suður-Múlasýslu sama dag að beiðni hafnarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps, sem stefndu krefjast, að fellt verði úr gildi.

Ekki er í málinu ágreiningur um lýsingu málavaxta.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Málsástæður stefndu eru í fyrsta lagi þær, að í Reyðarfjarðarhöfn sé engin aðstaða fyrir smábáta og þeim hafi verið nauðsynlegt að gera sér aðstöðu fyrir báta sína, fyrst hafnarstjórn gerði það ekki. Hafi þeir því gripið til þeirra framkvæmda, sem lögbann hefur verið lagt við og krafist er staðfestingar á í máli þessu. Sú aðstaða hafi verið á eignarjörð eins þeirra, torveldi í engu eðlilega starfsemi Reyðarfjarðarhafnar utan siglingaleiða, og engin sérstök hætta stafi af framkvæmd þessari, og eigi hafnarnefnd Reyðarfjarðarhrepps því engra hagsmuna að gæta. Í munnlegum málflutningi hefur lögmaður stefndu vísað til 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og talið, að um neyðarrétt væri að ræða. Á þessa röksemd verður ekki fallist með stefndu.

Í öðru lagi byggja stefndu á því, að samkvæmt 7. gr. hafnalaga nr. 69/1984 þurfi höfn að hafa verið sett reglugerð skv. staðfestu deiliskipulagi, til þess að um höfn geti verið að ræða í skilningi hafnalaganna. Af Reyðarfjarðarhöfn eða Reyðarfjarðarkauptúni sé slíku deiliskipulagi ekki til að dreifa. Reglugerð Reyðarfjarðarhafnar nr. 477/1985 eigi sér því ekki nægilega lagastoð, til þess að stefndu verði bundnir af ákvæðum hennar, samþykktum hafnarnefndar eða hafnalaga, sem stefnandi byggir mál sitt á.

Það er álit dómsins, að hafnarreglugerð nr. 477/1985 fyrir Reyðarfjarðarhöfn hafi nægjanlega stoð í hafnalögum nr. 69, 1984, enda er eðlilegt, að sveitarstjórnir geti unnið að gerð staðfests deiliskipulags eftir setningu slíkrar reglugerðar, og verður staðfest deiliskipulag ekki talið hafa úrslitaþýðingu í þessu efni.

Í þriðja lagi benda stefndu á það máli sínu til stuðnings, að bann það, sem um getur í 18. gr. hafnalaga um mannvirkjagerð á hafnarsvæði og stefnandi byggir málsókn sína á, eigi við mannvirki innan þess hafnarsvæðis, sem gert er ráð fyrir, að sé skv. staðfestu deiliskipulagi, sbr. 7. gr. hafnalaga. Lendingarbætur þær, sem hér er deilt um, séu langt utan við skipulag Reyðarfjarðarkauptúns, og eigi því 18. gr. hafnalaga ekki að neinu leyti við í þessu efni, jafnvel þótt deiliskipulag hefði legið fyrir.

Lendingarbætur þær, sem um er deilt í málinu, eru innan hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 477, 1985. Sam-

kvæmt 2. mgr. 18. gr. hafnalaga má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarstjórnar. Þetta leyfi liggur ekki fyrir. Deiliskipulag hefur ekki þýðingu í þessu sambandi.

Í fjórðu málsástæðu stefndu segir: „Auk þess að byggja málsókn sína á 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 byggir stefnandi kröfur sínar á 3. gr., lið 3.2, í hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn. Svo sem að framan hefur verið rakið, byggja stefndu m.a. sýknukröfu sína á því, að reglugerðin eigi sér ekki nægilega lagastoð til að binda hendur þeirra varðandi þá framkvæmd, sem þeir réðust í, en benda jafnframt á, að þrátt fyrir rúmt orðalag: „Hafnarstjórn .... hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða, sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi", þá geti slíkt bann ekki verið háð geðþóttaákvörðunum, heldur þurfi að styðja það skynsamlegum rökum, sem ekki sé til að dreifa í þessu efni, þar sem lendingarbætur stefndu torveldi í engu eðlilega starfsemi Reyðarfjarðarhafnar, séu utan siglingaleiða og af þeim stafi engin hætta, auk þess sem þetta ákvæði reglugerðarinnar eigi við þann hluta hafnarsvæðis, sem sé utan skipulags.

Á þessa röksemd stefndu verður ekki fallist. Hafnarstjórn rökstuddi synjun sína með skynsamlegum rökum, m.a. með því, að hún bæri ábyrgð á þeim framkvæmdum, sem hún kynni að leyfa, bæði gagnvart umferð og öryggi.

Varðandi fimmtu málsástæðu stefndu, að jafna megi setningu reglna þessara til eignarnáms, er það álit dómsins, að svo sé ekki, heldur sé hér um þá tegund takmörkunar á eignarráðum eigenda jarðarinnar Teigagerðis að ræða, sem þeir verði að þola bótalaust.

Með vísun til ofanritaðs eru úrslit málsins þau, að staðfesta ber lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988.

Rétt er, eins og mál þetta er vaxið, að sakarkostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson sýslumaður.

Dómsorð:

Lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við framkvæmdum stefndu við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988, er staðfest.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 19/1991. **Ákæruvaldið**
(Páll Arnór Pálsson, sérstakur saksóknari)
gegn
Björgólfi Guðmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.),
Helga Magnússyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.),
Páli Braga Kristjónssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
og Ragnari Kjartanssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Hlutafélög. Bókhald. Löggiltir endurskoðendur. Fjárdráttur. Umboðssvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Jón G. Tómasson hæstaréttarlögmaður.

Jónatan Þórmundsson prófessor var með skipunarbréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 6. ágúst 1987, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skipaður sérstakur ríkissaksóknari í málum, sem tengjast gjaldþroti Hafskips hf. Hann gaf út tvær ákærur á hendur 17 mönnum 11. og 23. nóvember 1988. Dómur féll í sakadómi Reykjavíkur 5. júlí 1990. Voru 14 af hinum ákærðu sýknaðir. Jónatan Þórmundsson lét síðan af starfi saksóknara að eigin ósk, og var Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður skipaður í hans stað 13. júlí. Hann skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. desember 1990. Allir ákærðu vildu una dómi, en af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt breyttri ákæru, svo sem nánar kemur fram hér á eftir, til refsiákvörðunar, að því er varðar ákærða Ragnar Kjartansson, sem sýknaður var í héraði, en refsiþyngingar, að því er varðar dómfelldu Björgólf Guðmundsson, Helga Magnússon og Pál Braga Kristjónsson. Þá er þess krafist, að Helgi verði sviptur réttindum löggilts endurskoðanda. Héraðsdómi er ekki áfrýjað, að því er varðar 13 þeirra manna, sem sýknaðir voru.

Ákærðu krefjast sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Í þeirri mynd, sem ákæra 11. nóvember 1988 er til meðferðar fyrir Hæstarétti, hljóðar hún svo sem hér á eftir greinir, eftir að hinn sérstaki ríkissaksóknari hefur fallið frá nokkrum þáttum hennar. Ákæran 23. nóvember 1988 er ekki til meðferðar hér fyrir dómi.

I. kafli.

„— — —

Rangfærsla skjala, fjársvik og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd reikningsskilum Hafskips hf. 31. ágúst 1984.

Ákærðu, Björgólfi Guðmundssyni, Helga Magnússyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni, er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu reikningsskila yfir rekstur og efnahag Hafskips hf. og dótturfélaga þess fyrstu átta mánuði ársins 1984, með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, svo sem að neðan greinir, í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins í skýrslum og yfirlýsingum til hennar og til að tryggja félaginu áfram lánstraust og fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum, Útvegsbanka Íslands, og loks fyrir að fá bankastjórn Útvegsbankans til þess að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu, þar á meðal tvö lán hinn 7. nóvember 1984, alls að fjárhæð 4.040.000 hollensk gyllini, jafnvirði kr. 41.360.308, þegar lánin voru veitt, og ábyrgð vegna yfirdráttarheimildar hjá erlendum banka hinn 30. október 1984, að fjárhæð 500.000 Bandaríkjadali, er síðar var breytt í lán að sömu fjárhæð hinn 24. desember 1984, jafnvirði kr. 20.195.000, þegar lánið var veitt, og valda þannig bankanum fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni með því að vekja eða styrkja rangar hugmyndir bankastjórnarinnar um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarhorfur á grundvelli hinna röngu bókhaldsgagna, svo sem hér segir:

1.	Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum:	kr. 11.431.481
	Vantaldar skuldir vegna beins kostnaðar af óloknum ferðum:	— 2.704.797

2.	Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar flutningstekna af ferð m/s Skaftár:	— 6.000.000
3.	Oftaldar eignir vegna misræmis milli viðskiptareikninga:	— 1.801.998
4.	Oftaldar eignir vegna tvíbókaðra flutningstekna:	— 2.453.202
5.	Vantaldar skuldir vegna rekstrartaps Hafskips Holdings Inc.:	— 3.649.000
6.	Vantaldar skuldir vegna rekstrartaps dótturfélaga í Þýskalandi og Danmörku:	— 2.002.976
7.	Oftaldar eignir vegna sérstakra tékkareikninga fyrirsvarsmanna Hafskips hf.:	— 5.565.412
8.	Vantaldar skuldir vegna ágóðaþóknunar stjórnarformanns og forstjóra:	— 8.630.053
9.	Oftaldar eignir vegna eignfærðrar gámaleigu:	— 10.000.000

Með framangreindum rangfærslum sýndi efnahagsreikningur Hafskips hf. og dótturfélaga þess 31. ágúst 1984 jákvæða eiginfjárstöðu, að fjárhæð kr. 8.185.326, þegar hún í reynd var neikvæð um fjárhæð, sem nam að minnsta kosti kr. 45.823.269, og hefur þá verið tekið tillit til vantalinna eigna vegna villu í reikningsjöfnuði, að fjárhæð kr. 230.324.

Enn fremur er ákærða Helga gefið að sök að hafa hinn 19. október 1984 sem löggiltur endurskoðandi áritað reikningsskil fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984 með þeim hætti, að ekki verður annað af áritun hans ráðið en að reikningsskil þessi hafi verið endurskoðuð, þótt sú endurskoðun hafi ekki farið fram í reynd.

Framangreind reikningsskil voru lögð fram á stjórnarfundi Hafskips hf. 8. nóvember 1984, en höfðu áður verið send bankastjórn Útvegsbanka Íslands með bréfi, dagsettu 30. október 1984, þar sem sérstaklega var tekið fram, að reikningsskilin væru endurskoðuð.

Háttsemi ákærðu Björgólfs, Páls Braga og Ragnars samkvæmt því, sem að framan greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og við 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en til vara við 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32/1978.

Háttsemi ákærða Helga telst varða við 1.mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1976

um löggilta endurskoðendur, 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög og 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

II. kafli.

— — —

III. kafli.

Rangfærsla skjala og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd ársreikningi Hafskips hf. fyrir árið 1984.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Helga Magnússyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings Hafskips hf. fyrir árið 1984, sem dagsettur er 16. maí 1985, með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, svo sem að neðan greinir, í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins, hluthöfum, bankastjórn Útvegsbanka Íslands og öðrum viðskiptaaðilum um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarafkomu og til þess að tryggja félaginu áfram lánstraust hjá viðskiptabanka félagsins, Útvegsbanka Íslands, svo sem hér segir:

1. Lotun flutningstekna og beins kostnaðar, sem þeim tengist:
   a) Íslandssiglingar:
      Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum kr. 7.291.659
      Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum — 238.379
   b) Atlantshafssiglingar:
      Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum — 24.053.000
      Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum — 11.852.000,
      Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum — 6.607.000
      Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum — 4.592.000

2.	Oftaldar viðskiptakröfur vegna uppsafnaðra tekna	— 15.900.000
3.	Oftaldar eignir vegna bókunar á upphafskostnaði	— 23.500.000
4.	Oftaldar eignir vegna eignfærslu kostnaðar frá Cosmos Shipping	— 4.872.000
5.	Oftaldar eignir vegna mismunar á reikningsjöfnuði	— 825.206
6.	Oftaldar bankainnstæður	— 2.979.803
	Vantaldar skuldir vegna ágóðaþóknunar	— 9.673.843
—	— —	
8.	Oftaldar eignir vegna eignfærslu á gámaleigu	— 12.703.237
—	— —	
10.	Oftaldar eignir vegna Hafskips Holdings Inc.	— 3.698.051

Með framangreindum rangfærslum sýndi efnahagsreikningur Hafskips hf. og dótturfélaga þess hinn 31. desember 1984 neikvæða eiginfjárstöðu, að fjárhæð kr. 104.869.756, þegar hún í reynd var neikvæð um kr. 257.411.673.

Enn fremur er ákærða Helga gefið að sök að hafa hinn 16. maí 1985 áritað ársreikning Hafskips hf. fyrir árið 1984 á þann veg, að ekki verður annað af áritun hans ráðið en að ársreikningar allra félaga innan samstæðunnar hafi verið endurskoðaðir, enda þótt endurskoðun hafi ekki farið fram á ársreikningum þriggja dótturfélaga, þ.e. Hafskips USA Inc., New York, Hafskips Holdings Inc., New York, og Hafskips Nederland B.V., Rotterdam, og enda þótt á skorti, að allir þættir í rekstri félagsins hefðu verið endurskoðaðir, einkum greiðslur af sérstökum tékkareikningum, þ.e. hlaupareikningum nr. 10903, 10921 og 12878 við Útvegsbanka Íslands.

Háttsemi ákærðu Björgólfs og Ragnars samkvæmt því, sem að framan greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Háttsemi ákærða Helga telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög og 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976, sbr. einnig 86. gr. og 3. mgr. 97. gr. laga nr. 32/ 1978, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

IV. kafli.

Fjárdráttur af sérstökum tékkareikningum, hylming og bókhaldsóregla.

IV.1.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 1979 til 4. desember 1985 samfellt dregið sér úr sérstökum tékkareikningum hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningum nr. 2878 og nr. 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði hafði í vörslu sinni, ýmist einn eða sameiginlega með Ragnari Kjartanssyni, samtals kr. 6.733.020, en til vara kr. 2.064.510, umfram þá ágóðaþóknun, er kom í hlut ákærða samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins, upphaflega gerðu í júní 1978, og síðari breytingum frá 14. ágúst 1980 og 15. desember 1983, en fé þetta nýtti ákærði í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf.

IV.2.

Ákærða Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 1979 til 8. nóvember 1985 samfellt dregið sér úr sérstökum tékkareikningi hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 2878 og síðar 12878 við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði hafði í vörslu sinni, ýmist einn eða sameiginlega með Björgólfi Guðmundssyni, samtals kr. 867.720 umfram þá ágóðaþóknun, er kom í hlut ákærða samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins, upphaflega gerðu í júní 1978, og síðari breytingum frá 14. ágúst 1980 og 15. desember 1983, en fé þetta nýtti ákærði í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf.

IV.3.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1983 til og með árinu 1985 dregið sér úr sérstökum tékkareikningum hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningum nr. 2878 og nr. 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands, eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins, þó að þær væru persónuleg útgjöld og félaginu óviðkomandi:

a) kr. 13.600, er ákærði greiddi Erni Fr. Georgssyni með tékka nr. 1587057 af reikningi nr. 921, útgefnum 4. febrúar 1983, en

þótt greiðsla þessi væri óviðkomandi Hafskipi hf., lét ákærði gjaldfæra hana sem ferðakostnað hjá félaginu.

b) kr. 55.563,60 með tveimur tékkum, hvorum að fjárhæð kr. 27.781,80, nr. 1587067 og 1587069 af reikningi nr. 921, er ákærði notaði til að greiða vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar og meðákærða Ragnars í Hafskipi hf. og færa sem vaxtagjöld félagsins.

c) kr. 12.890, er ákærði greiddi Ferðaskrifstofunni Útsýn fyrir utanlandsferð sonar síns, Björgólfs Björgólfssonar, með tékka nr. 1629555 af reikningi nr. 10921, útgefnum 29. júní 1983, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ferðakostnað, þótt ferðin væri félaginu óviðkomandi.

d) kr. 211.000, er ákærði fékk greiddar með tékka nr. 1629568 af reikningi nr. 10921, útgefnum 29. nóvember 1983, en fé þetta rann til ákærða sjálfs, þótt það væri fært sem afsláttur í bókhald Hafskips hf.

e) kr. 13.500, er ákærði greiddi Jóni Kjartanssyni með tékka nr. 1629570 af reikningi nr.10921, útgefnum 21. desember 1983, fyrir hreinsun á teppum í sinni eigu, en lét færa greiðsluna sem tjón í bókhald Hafskips hf.

f) kr. 13.000, er ákærði greiddi Antik Gallerí með tékka nr. 1629579 af reikningi nr. 10921, útgefnum 6. febrúar 1984, vegna eigin viðskipta, en lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími".

g) kr. 369.000, er ákærði greiddi Kristni Sophusi Kristinssyni með tékka nr. 1629598 af reikningi nr. 10921, útgefnum 1. ágúst 1984, stíluðum á Sjöstjörnuna hf., vegna persónulegra viðskipta ákærða og Kristins, en greiðsluna lét ákærði færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón.

h) kr. 72.250, er ákærði greiddi sér með tékka nr. 2263627 af reikningi nr.10921, útgefnum 12. nóvember 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ferðakostnað á grundvelli reiknings frá Ferðaskrifstofunni Útsýn, dagsetts 27. september 1984, vegna ferðar óviðkomandi félaginu.

i) kr. 157.844 sem hluta af tékka nr. 2263629 af reikningi nr. 10921, útgefnum 19. desember 1984, er ákærði greiddi Reykvíkri endurtryggingu hf. vegna iðgjalda af persónulegum vá-

tryggingum ákærða og fjölskyldu hans, en lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem kostnað við tryggingar.

j) kr. 12.052 sem hluta af tékka nr. 2263630 af reikningi nr. 10921, útgefnum 21. desember 1984, er ákærði greiddi sér og lét færa í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími", þótt um persónuleg útgjöld væri að ræða, þ.e. kr. 6.538 vegna kaupa á vegglömpum o.fl., kr. 1.200 vegna sektar fyrir umferðarlagabrot og kr. 4.314 vegna hljóðupptöku af sjónvarpsþætti.

k) kr. 65.000, er ákærði greiddi sér með tékka nr. 2263642, útgefnum 1. ágúst 1985, og áritaði með reikningsnr. 11284, en tékkinn var tekinn út af reikningi nr. 10921. Ákærði lét færa fjárhæðina sem auglýsingakostnað í bókhald Hafskips hf.

l) kr. 4.200, er ákærði greiddi Ragnari Aðalsteinssyni hrl. með tékka nr. 2263644 af reikningi nr. 10921, útgefnum 21. ágúst 1985, sem þóknun fyrir lögfræðiaðstoð óviðkomandi Hafskipi hf., en lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað við lögfræðiaðstoð.

IV.4.

Ákærða Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1981 til og með árinu 1984 dregið sér úr sérstökum tékkareikningi hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 2878 og síðar nr. 12878, við Útvegsbanka Íslands, eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins, þó að þær væru persónuleg útgjöld og félaginu óviðkomandi:

a) kr. 22.356,60 sem hluta af tékka nr. 0761838 af reikningi nr. 2878, útgefnum 27. mars 1981, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

b) kr. 22.356,60 sem hluta af tékka nr. 0761839 af reikningi nr. 2878, útgefnum 28. mars 1981, en með greiðslu þessari lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða Björgólfi Guðmundssyni vexti vegna hlutafjáraukningar hans í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

c) kr. 15.087, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858203 af reikningi nr. 2878, útgefnum 14. desember 1981, en vegna þess-

arar greiðslu skilaði ákærði í bókhald Hafskips hf. reikningi frá Ferðaskrifstofunni Útsýn, dagsettum 6. maí 1981, þótt reikningur þessi hefði áður verið greiddur ferðaskrifstofunni og fylgibréf með honum notað sem fylgiskjal í bókhaldi félagsins.

d) kr. 19.347, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858204 af reikningi nr. 2878, útgefnum 17. desember 1981, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

e) kr. 17.810,10, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858219 af reikningi nr. 2878, útgefnum 16. apríl 1982, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

f) kr. 16.115,55 sem hluta af tékka nr. 0998189 af reikningi nr. 2878, útgefnum 11. október 1982, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

g) kr. 78.880, sem ákærði greiddi í Landsbanka Íslands með tékka nr. 1712986 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. september 1983, og notaði til að greiða víxil vegna ferðakostnaðar aðila tengdra honum, en óviðkomandi Hafskipi hf., en greiðsluna lét ákærði færa á ferðakostnað í bókhald Hafskips hf.

h) kr. 298.000, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 1712988 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. september 1983, en fé þetta rann til ákærða sjálfs, þótt það væri fært sem afsláttur í bókhald Hafskips hf.

i) kr. 13.866 sem hluta af tékka nr. 1712990 af reikningi nr. 12878, útgefnum 4. október 1983, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

j) kr. 24.849, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 1712999 af reikningi nr. 12878, útgefnum 15. desember 1983, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem risnu, þótt um væri að ræða greiðslu á hluta kostnaðar við brúðkaupsveislu dóttur hans.

k) kr. 64.751,10, sem ákærði greiddi Bláskógum hf. með tékka nr. 1712956 af reikningi nr. 12878, útgefnum 16. febrúar 1984,

og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón og afslátt, þótt um væri að ræða greiðslu fyrir húsgögn, sem Bláskógar hf. fluttu inn fyrir ákærða persónulega.

l) kr. 18.357, sem ákærði greiddi Bláskógum hf. með tékka nr. 1712961 af reikningi nr. 12878, útgefnum 16. febrúar 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón og afslátt, þótt um væri að ræða greiðslu aðflutningsgjalda fyrir húsgögn, sem Bláskógar hf. fluttu inn fyrir ákærða persónulega.

m) kr. 5.827,50 sem hluta af tékka nr. 1712969 af reikningi nr. 12878, útgefnum 13. mars 1984, er ákærði greiddi í Útvegsbanka Íslands og notaði til að greiða vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu, en lét færa sem vaxtagjöld félagsins.

n) kr. 17.000, sem ákærði greiddi Konráði Guðmundssyni með tékka nr. 2023552 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. október 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ráðgjöf undir liðnum. Erlend sérfræðiaðstoð, þótt um væri að ræða viðgerð á sumarbústað ákærða.

o) kr. 4.976 sem hluta af tékka nr. 2023554 af reikningi nr. 12878, útgefnum 2. nóvember 1984, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

IV.5.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni og Páli Braga Kristjónssyni er gefið að sök að hafa dregið sér og fénýtt í eigin þágu eða annarra aðila, óviðkomandi Hafskipi hf., kr. 163.000, sem ákærði Páll Bragi, að fyrirlagi meðákærða Björgólfs, greiddi sér með handhafatékka nr. 1772040, útgefnum 27. október 1983, af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði Páll Bragi hafði í vörslu sinni, og lét gjaldfæra greiðsluna í bókhald Hafskips hf. gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með textanum: „Afsláttur vegna vskm." og árituninni: „Rétt. B.G."

IV.6.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 23.500, sem ákærði lét meðákærða Pál Braga greiða með tékka nr. 1772046 af reikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands,

útgefnum 9. nóvember 1983, og afhenti Jóni Ágústi Eggertssyni sem ferðastyrk félaginu óviðkomandi gegn framvísun á tilbúnum reikningi frá Þorsteini Eggertssyni hdl., dagsettum 8. nóvember 1983, að sömu fjárhæð fyrir lögmannsaðstoð við samningsgerð og lét gjaldfæra hjá Hafskipi hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð".

IV.7.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 120.000, sem ákærði Páll Bragi, að fyrirlagi meðákærðu Björgólfs og Ragnars, greiddi sér með tékka nr. 1772049, útgefnum 23. nóvember 1983, af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði Páll Bragi hafði í vörslu sinni, en greiðslu þessa fénýttu ákærðu fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar til greiðslu sjúkrakostnaðar í þágu aðila, óviðkomandi Hafskipi hf., Guðmundar Jóhanns Guðmundssonar, og létu gjaldfæra í bókhald félagsins undir liðnum „Gjafir og styrkir".

Jafnframt er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefið að sök að hafa dregið sér kr. 60.000 sem andvirði tékka nr. 3562956 af hlaupareikningi nr. 250 við Landsbanka Íslands, sem gefinn var út til Hafskips hf., en tékki þessi var endurgreiðsla hf. Eimskipafélags Íslands á helmingi ofangreinds sjúkrakostnaðar.

IV.8.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa við vörslu og meðferð sérstakra tékkareikninga, þ.e. hlaupareikninga nr. 2878, síðar nr. 12878, nr. 921, síðar 10921, og nr. 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands, sýnt af sér stórfellda óreglusemi í bókhaldi með því að vanrækja skil á fylgiskjölum, styðja færslur við ófullnægjandi eða villandi fylgiskjöl, færa til gjalda ýmis persónuleg útgjöld ákærðu sjálfra og annarra starfsmanna Hafskips hf. og sjá ekki til þess, að lokafærslur í bókhald Hafskips hf. væru í samræmi við raunverulegar greiðslur af reikningum þessum.

IV.9.

Ákærði Helgi Magnússon er sóttur til saka fyrir hylmingu með því að hafa í starfi sínu sem löggiltur endurskoðandi Hafskips hf.

látið færa nokkurn hluta þeirra fjárhæða, sem meðákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar höfðu á hverju rekstrarári ráðstafað af hinum sérstöku tékkareikningum, sem þeir höfðu í vörslu sinni, á tiltekna kostnaðarliði í bókhaldi félagsins, án þess að krefja meðákærðu um viðeigandi fylgiskjöl fyrir þeim greiðslum í því skyni að sannreyna, að kostnaðarfærslur vörðuðu félagið og að úttektir ákærðu Björgólfs og Ragnars að öðru leyti væru innan marka þeirrar heimildar, sem stjórn félagsins hafði samþykkt, og fyrir að hafa þannig aðstoðað meðákærðu við að leyna fjárdráttarbrotum þeirra, sem að framan er lýst, og að halda ólöglegum ávinningi af þeim brotum.

IV.10.

Öll framangreind brot ákærðu Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjónssonar og Ragnars Kjartanssonar samkvæmt ákæruliðum IV.1 til IV.7 teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot samkvæmt ákærulið IV.8 teljast varða við 262. gr. sömu laga.

Háttsemi ákærða Helga Magnússonar samkvæmt ákærulið IV.9 telst varða við 1. mgr. 254. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 7. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

V. kafli.

Skjalafals.

Ákærða Páli Braga Kristjónssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1983 notað til gjaldfærslu í bókhald Hafskips hf. eftirtalda falsaða reikninga:

a) Fjóra reikninga, samtals að fjárhæð kr. 43.320, sem ritaðir voru á reikningseyðublöð frá Slippfélaginu í Reykjavík hf., með tilbúnum greiðsluundirritunum, þar sem látið var líta svo út sem um greiðslu fyrir vinnu í þágu Hafskips hf. væri að ræða, en samsvarandi fjárhæðir greiddi ákærði Jóni Sævari Jónssyni af sérstökum tékkareikningi nr. 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands, eins og hér greinir:

Reikningur, dagsettur 20. febrúar	kr.	15.000
Reikningur, dagsettur 8. ágúst	kr.	13.500
Reikningur, dagsettur 19. september	kr.	10.500

Reikningur, dagsettur 20. nóvember ..... kr. 4.320

b) Reikning, dagsettan 30. september, að fjárhæð kr. 60.000, sem ritaður var á reikningseyðublað frá Slippfélaginu í Reykjavík hf., með stimpli félagsins sem greiðsluundirritun, þar sem látið var líta svo út sem um greiðslu fyrir vinnu í þágu Hafskips hf. væri að ræða, en ákærði notaði reikning þennan til að greiða sér samsvarandi fjárhæð af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands.

c) Reikning að fjárhæð kr. 30.000, sem ritaður var á reikningseyðublað frá Svani Lárussyni, Asparlundi 2, Garðabæ, fyrir 240 rúmmetra af grús, með tilbúinni greiðsluundirritun, þar sem látið var líta svo út sem þar væri um greiðslu fyrir vörukaup af hálfu Hafskips hf. að ræða, en ákærði notaði reikning þennan til að greiða Þórunni Lúðvíksdóttur fyrir kandidatsritgerð í viðskiptafræði með tveimur tékkum af sérstökum tékkareikningi nr. 10903, tékka nr. 1648733, útgefnum 4. júlí, kr. 15.000, og tékka nr. 1772026, útgefnum 9. september 1983, kr. 15.000.

Ákærði Páll Bragi telst með framangreindri háttsemi hafa gerst sekur um skjalafals, sem varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI. kafli.

Ýmis fjárdráttarbrot.

VI.1.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1983 dregið sér eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét greiða sér af aðalbankareikningi Hafskips hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 1180 við Útvegsbanka Íslands, og ráðstafaði í eigin þágu eða annarra, án þess að þær vörðuðu félagið.

a) kr. 20.800, er ákærði afhenti Jóni S. Alexanderssyni með tékka, útgefnum 10. febrúar 1983, sem ferðastyrk félaginu með öllu óviðkomandi og lét gjaldfæra í bókhald Hafskips sem „inn lenda sérfræðiaðstoð".

b) kr. 12.453, er ákærði lét greiða til Pan Am með tékka, útgefnum 21. mars 1983, sem greiðslu á fargjaldi Jóns S. Alexanderssonar til Kaupmannahafnar og til baka og lét gjaldfæra sem

ferðakostnað félagsins, þótt ferðin væri félaginu með öllu óviðkomandi.

c) kr. 121.030, er ákærði fékk afhenta sem handhafatékka, útgefinn 18. apríl, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en fyrir greiðslunni afhenti ákærði tilbúna greiðslukvittun „v/kaupa á brettum" og lét eignfæra í bókhald Hafskips hf. sem bretti.

d) kr. 12.778, er ákærði fékk afhentar sem handhafatékka, útgefinn 11. maí 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „ýmsan kostnað v/starfsm.".

e) kr. 28.885, er ákærði lét greiða sér með tékka, útgefnum 6. júlí 1983, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „risnu/móttöku gesta" gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „reikn. hjá B.G.".

f) kr. 26.767, er ákærði fékk afhentar sem handhafatékka, útgefinn 9. ágúst 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhaldi Hafskips hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð" gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/úttekt reikn. hjá B.G.".

g) kr. 60.571, er ákærði lét greiða sér með tékka, útgefnum 28. nóvember 1983, og gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „ýmsan kostnað v/starfsm." gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/ýmissa reikninga hjá B.G.".

VI.2.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 302.386 sem hluta af kaupverði bifreiðarinnar R-4679, Chrysler New Yorker 4D, sem ákærði keypti samkvæmt kaupnótu 1. desember 1983 hjá Jöfri hf., með því að láta skuldfæra fjárhæðina á Hafskip hf. og félagið síðan endanlega greiða hana með eftirgjöf flutningsgjalda til Jöfurs hf. samkvæmt kreditnótu, dagsettri 19. september 1985.

VI.3.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 500.000 til greiðslu eigin loforðs um lán til Bláskóga hf. með því að hafa á árinu 1983 látið skuldfæra þessa fjárhæð á sérstakan biðreikning hjá Hafskipi hf. til lækkunar á skuld Bláskóga hf. við Haf-

skip hf. og síðar, í nóvember 1985, látið gjaldfæra fjárhæðina í bókhald Hafskips hf. sem afslátt á flutningsgjaldatekjum fjögurra skipa félagsins, kr. 125.000 á hvert skip.

VI.4.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa hinn 14. nóvember 1985 látið meðákærða Árna Árnason afhenda sér eftirtalda níu víxla af víxileign Hafskips hf., samtals að fjárhæð kr. 1.442.214, alla útgefna af Hafskipi hf. og samþykkta til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, og hafa síðan fénýtt víxla þessa í eigin þágu:

1. Efnagerð Laugarness til greiðslu 24. janúar 1986, kr. 215.037.
2. Standberg hf. til greiðslu 25. janúar 1986, kr. 274.387.
3. Standberg hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 275.597.
4. Eyðublaðatækni hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 33.163.
5. Línan hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 34.748.
6. Línan hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 10.811.
7. Krit hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 40.549.
8. Ásbjörn Ólafsson hf. til greiðslu 15. febrúar 1986, kr. 275.000.
9. Ásbjörn Ólafsson hf. til greiðslu 25. febrúar 1986, kr. 282.922.

VI.5.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa hinn 30. nóvember 1984 misnotað aðstöðu sína í starfi hjá Hafskipi hf. með því að láta meðákærða Pál Braga Kristjónsson gefa út þrjár kreditnótur í því skyni að gefa eftir viðskiptaskuld Bláskóga hf. við Hafskip hf., samtals kr. 1.613.596, og nota eftirgjöf þessa þannig í þágu annars félags, sem ákærði átti hlut í. Eftirgjöf skuldarinnar var með þessum hætti:

1. Umsaminn afsláttur kr. 969.134
2. Eftirgjöf á pakkhússleigu samkv. 14 reikningum kr. 440.085
3. Bakfærðir vextir vegna ýmissa reikninga kr. 204.377

VI.6.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa 13. nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína hjá Hafskipi hf. með því að gefa út kreditnótu í því skyni að gefa eftir höfuðstól skuldar Kristins Sophusar Kristinssonar, kr. 337.298, ásamt dráttarvöxtum, kr.

109.527, samtals kr. 446.825, og nýta eftirgjöf þessa í persónulegum viðskiptum sínum við nefndan Kristin Sophus.

VI.7.

Öll framangreind brot ákærða Björgólfs Guðmundssonar samkvæmt ákæruliðum VI.1 til VI.6 teljast varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans samkvæmt ákæruliðum VI.5 og VI.6 teljast til vara vera umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII. kafli.

— — —

VIII. kafli.

— — —

IX. kafli.

— — —

X. kafli.

— — —

XI. kafli.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að ákærði Helgi Magnússon verði auk þess með dómi sviptur réttindum löggilts endurskoðanda samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum.“

2. kafli

Það er upphaf máls þessa, að Hafskip hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985. Með bréfi, dagsettu 6. maí 1986, sendi skiptaráðandinn í Reykjavík ríkissaksóknara margvíslegar upplýsingar, gögn og skýrslur um gjaldþrotið. Segir í upphafi bréfsins, að með vísan til 4. tl. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 tilkynnist

ríkissaksóknara, að við rannsókn fyrir skiptarétti hafi komið í ljós, að ástæða sé til að ætla, að fyrirsvarsmenn félagsins, ýmsir starfsmenn þess svo og aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi.

Í bréfi skiptaréttar er nokkur grein gerð fyrir sögu og starfsemi félagsins. Er það, sem hér verður rakið þar um, að miklu leyti byggt á þeirri greinargerð.

Hafskip hf. var stofnað 1958 af mönnum, sem einkum tengdust verslunarrekstri og fiskvinnslu. Fékkst félagið frá upphafi við millilandasiglingar. Rekstur félagsins virðist jafnan hafa staðið mjög tæpt. Viðskiptabanki félagsins var frá upphafi Útvegsbanki Íslands. Staða félagsins gagnvart bankanum mun lengi hafa verið verulegt vandamál. Á árinu 1977 var svo komið, að við félaginu blasti rekstrarstöðvun, og mun þá bankinn hafa aukið afskipti sín af málefnum þess. Hlutaðist bankinn til um, að ráðnir voru nýir framkvæmdastjórar að félaginu, ákærðu Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartanssson. Jafnframt var hlutafé félagsins aukið, og inn komu sem nýir, stórir hluthafar ýmis fyrirtæki eða forráðamenn fyrirtækja, sem þurftu á vöruflutningum að halda. Á aðalfundi félagsins 1979 var kosin ný 14 manna stjórn. Meðal stjórnarmanna urðu þá Albert Guðmundsson alþingismaður, sem kjörinn var formaður stjórnar, Ólafur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri Miðness hf., sem var varaformaður, og Sveinn R. Eyjólfsson, sem varð ritari. Í kjölfar þessara breytinga urðu ýmsar breytingar á starfsemi félagsins. Kallaði þessi breytta starfsemi á auknar fjárfestingar í búnaði og tækjakosti svo og á breyttan skipastól. Til þessa naut félagið töluverðrar fyrirgreiðslu Útvegsbanka Íslands, sem veitti bæði ábyrgðir og lán. Á árinu 1981 hóf félagið siglingar til Bandaríkjanna og fékk með þeim hætti hlutdeild í flutningum fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Virðast flutningar þessir hafa reynst mjög ábatasamir og hafa gefið félaginu um 30% brúttótekna sinna, en til þeirra notaði félagið aðeins eitt skip af sex. Þessar breytingar allar stóðu yfir frá 1980 til 1983, og var stjórn félagsins frá 1979 að mestu óbreytt á þessum tíma. Sú breyting varð hins vegar á stöðu félagsins gagnvart Útvegsbankanum á þessu tímabili, að skuldir þess við bankann og ábyrgðir fyrir skuldbindingum við aðra jukust mikið. Í árslok 1979 nam samanlögð fjárhæð skulda

og ábyrgða í viðskiptum þessara aðila 12.495.440 (ný-) krónum, en sú fjárhæð uppfærð með lánskjaravísitölu aprílmánaðar 1986 nam 136.969.250 krónum, að því er segir í bréfi skiptaráðanda. Skuldir í lok júní 1983 voru hins vegar 261.425.200 krónur, en sú fjárhæð uppfærð með lánskjaravísitölu nam 567.882.485 krónum á verðlagi aprílmánaðar 1986.

Á þessum tíma gegndi stjórnarformaður félagsins einnig starfi formanns bankaráðs Útvegsbanka Íslands auk þess að vera alþingismaður.

Á aðalfundi félagsins í júní 1983 urðu nokkrar breytingar á stjórn þess, en þá lét fyrrnefndur formaður af störfum. Sú breyting, sem hér skiptir máli, var sú, að ákærði Ragnar Kjartansson tók við störfum stjórnarformanns og lét þá jafnframt af framkvæmdastjórastarfinu. Hann gegndi þó áfram fullum störfum fyrir félagið, og í raun urðu litlar breytingar á störfum hans aðrar en þær, að hann bætti á sig störfum stjórnarformanns. Nýtt skipurit var þó samþykkt fyrir fyrirtækið. Samkvæmt því varð ákærði Björgólfur Guðmundsson forstjóri þess, en ráðnir voru tveir framkvæmdastjórar, ákærði Páll Bragi Kristjónsson og Jón Hákon Magnússon. Hafði ákærði Páll Bragi með höndum stjórnun fjármálasviðs, þar til hann lét af störfum í mars 1985, en Jón Hákon hafði forræði markaðssviðs, þar til félagið hætti störfum.

Árið 1982 hafði félagið opnað eigin skrifstofu í New York, sem hafði með höndum umsjón skipaafgreiðslu þar í landi auk sölumála. Haustið 1983 keypti Hafskip hf. í nafni Hafskips Holdings Inc. öll hlutabréf í félaginu Cosmos Shipping Co. í Bandaríkjunum, en félag þetta hafði þá starfað um áratugi við flutningamiðlun. Framkvæmdastjóri þess varð Gunnar Andersen, en hann lét af störfum á vormánuðum 1985. Um svipað leyti stóð Hafskip hf. að stofnun sjálfstæðra dótturfélaga í New York (Hafskip USA Inc.), en framkvæmdastjóri þess varð Baldvin Berndsen, Ipswich (Hafskip UK Ltd.), Hamborg (Hafskip Deutschland GmbH), Kaupmannahöfn (Hafskip Danmark AS) og Rotterdam (Hafskip Nederland BV). Þá var enn fremur opnað útibú í Varberg í Svíþjóð. Þessi dótturfélög höfðu öll með höndum áþekka starfsemi og skrifstofan í New York.

Áður er vikið að þýðingu flutninga fyrir bandaríska herinn, en

starfsemi þessi fluttist frá íslensku skipafélögunum vorið 1984. Í kjölfar þeirra breytinga hóf Hafskip hf. nýja starfsemi, svonefnda „milliflutninga" (transitflutninga) milli Bandaríkjanna og Evrópu, en þeim var hagað á þann veg, að vörur voru fluttar frá upprunastað til Íslands, þar sem þeim var umskipað og þær fluttar til ákvörðunarstaðar með öðru skipi. Þessum flutningum lauk, þegar félagið hóf beinar siglingar yfir Atlantshaf, en fyrsta ferðin var farin í október 1984. Forráðamenn félagsins munu hafa talið ýmis uggvænleg teikn á lofti um framtíð félagsins sumarið 1984, því að auk missis flutninganna fyrir varnarliðið urðu þeir fyrir búsifjum vegna lækkunar flutningstaxta samkeppnisaðila. Þeir munu því hafa ákveðið að hefja beinar siglingar yfir Atlantshaf, en áætlanir, sem þeir gerðu, bentu til, að af þeim mætti hafa verulegar tekjur og mikinn hagnað. Starfsemi þessi fór þannig fram, að félagið tók í upphafi á leigu tvö stór gámaskip og hóf áætlunarsiglingar milli tveggja hafna í Bandaríkjunum, en fjögurra hafna í Evrópu. Liðlega tveimur mánuðum frá upphafi þessarar starfsemi var skipunum fjölgað um tvö og hafnar siglingar milli Bandaríkjanna og Norðurlanda. Með starfsemi þessari margfaldaði félagið flutningsmagn sitt og veltu. Vegna þessarar starfsemi varð félagið að stórauka rekstrarbúnað sinn, og má þar nefna auk umræddra skipa gífurlega fjölgun gáma. Hins vegar virðist þess ekki hafa verið gætt að auka til samræmis afkastagetu við bókhald og fjármálastjórn, að því er segir í skýrslu skiptaráðanda. Þrátt fyrir áætlanir í aðra veru varð mikið tap á þessum siglingum. Fyrirsvarsmenn félagsins halda því fram, að það hafi ekki orðið ljóst fyrr en í júlí 1985. Hafa þeir einkum kennt um seinvirkni í gagnaskilum frá Bandaríkjunum og auknu álagi á bókhaldsdeildina.

Auk þeirra erfiðleika, sem að félaginu steðjuðu sumarið 1984 og áður eru raktir, hafa forráðamenn þess nefnt, að við hafi bæst tjón af völdum verkfalls opinberra starfsmanna í október 1984 og gengislækkunar í kjölfar þess. Hafa þeir rakið orsakir erfiðleika félagsins og aðdraganda gjaldþrots þess til þessara atvika. Fram hafa verið lagðar athugasemdir bankastjórnar Útvegsbankans um samskipti bankans við Hafskip. Þar segir, að haustið 1984 hafi forráðamenn Hafskips margóskað eftir mikilli fyrirgreiðslu við Útvegsbankann vegna greiðsluerfiðleika. Kveðst stjórn bankans jafnan hafa hafnað

þessari málaleitan. Hafi það m.a. orðið til þess, að forráðamenn félagsins ræddu við stjórnendur Eimskipafélags Íslands hf. um sölu allra hlutabréfa þess. Í desembermánuði kveðst bankastjórnin hafa fengið frá félaginu áætlun um, að tap á árinu myndi nema um 55 milljónum króna. Um líkt leyti hafi stjórnendur Hafskips farið þess formlega á leit við bankann, að veitt yrði tveggja milljóna dollara lán til þess að greiða lausaskuldir félagsins. Þessari beiðni hafi verið algjörlega hafnað. Viðræður við Eimskipafélag Íslands báru engan árangur. Þess í stað ákvað stjórn Hafskips að stefna að 80 milljóna króna hlutafjáraukningu, úr 16 milljónum í 96 milljónir króna. Gekk þetta eftir í kjölfar hluthafafundar í byrjun febrúar 1985. Voru 77 milljónir króna greiddar til félagsins fyrir aukið hlutafé með skuldabréfum, sem voru handveðsett bankanum vegna fyrirgreiðslu, sem veitt var vegna hlutafjáraukningarinnar.

Ársreikningur Hafskips fyrir 1984 lá endanlega fyrir 16. maí 1985, og sýndi hann mun meira tap en áður hafði verið upp gefið, 95.716.766 krónur. Í síðastá lagi í júlí 1985 lá fyrir að sögn skiptaráðenda, svo að ekki varð um villst, hver afkoma félagsins var framan af því ári. Hafnaði Útvegsbankinn þá beiðnum félagsins um frekari fyrirgreiðslur til áframhaldandi rekstrar. Heildarfjárhæð skulda félagsins við bankann og ábyrgðir voru þá orðnar 609.424.000 krónur. Á þessum tíma gerði bankaeftirlit Seðlabanka Íslands úttekt á stöðu viðskipta félagsins við Útvegsbankann. Gáfu niðurstöður hennar til kynna, að bankann skorti tryggingar fyrir umtalsverðum hluta lánsfjárins.

Bankastjórn Útvegsbankans skýrir hækkun skuldbindinga Hafskips við bankann frá miðju ári 1984 fram til gjaldþrots á þann hátt, að auk fyrirgreiðslunnar vegna hlutafjáraukningar hafi gengisbreytingar haft í för með sér mikla hækkun útlána í krónutölu, vextir af lánum hafi ekki verið greiddir og hafi bæst við höfuðstólinn með skuldbreytingarlánum og leggja hafi þurft út fé vegna greiðslu á ábyrgðum, sem bankinn var í. Til frekari skýringa tilgreinir bankastjórnin eftirfarandi tölur:

„Staða erlendra endurlána 31.12.1983 á gengi þess dags .	kr. 250.759 þús.
Staða innlendra lána 31/12 1983	— 19.128 —
Staða lána 31/12 1983 ..... Samt.	kr. 269.887 þús.

Hækkun í kr. til 6/12 1985 skýrist þannig:		
Hækkun vegna gengisbr.	—	186.411 —
Vextir og kostn. (skuldbr.)	—	47.465 —
Gjaldfallnar ábyrgðir:		
a) sem stofnað var til fyrir 31/12 1983	—	43.148 —
b) sem stofnað var til eftir 31/12 1983	—	9.109 —
Skuldbr. á innlendu láni	—	16.000 —
Lán veitt v/hlutafjaukn.	—	78.887 —
	kr.	650.907 þús.
Önnur hækkun beinna lána	—	2.353 —
Samtals	kr.	653.260 þús.
Staða erlendra lána 6/12 1985 á gengi þess dags	kr.	643.625 þús.
Staða innlendra lána 6/12 1985	—	9.635 —
Staða lána 6/12 1985 samt.	kr.	653.260 þús.

Ath.:
Keyptir víxlar, samþykktir af öðrum, hækkuðu um kr. 46 milljónir á þessu tímabili.“

3. kafli.

Rannsókn gjaldþrotsins hófst fyrir skiptarétti Reykjavíkur fyrri hluta janúar 1986. Höfðu hana með höndum tveir borgarfógetar. Jafnframt voru ráðnir til starfa löggiltir endurskoðendur. Störfuðu þeir allir við Endurskoðunarmiðstöðina hf. N. Mancher. Stjórnaði Valdimar Guðnason starfi þessa hóps í samráði við skiptaráðendur. Störf endurskoðendanna hófust fyrri hluta desember 1985, og unnu þeir að mestu að afmörkuðum viðfangsefnum hver um sig. Valin voru í upphafi tiltekin athugunarefni, sem aukið var við eftir því, sem frekari upplýsingar komu fram. Skiluðu þeir ýtarlegum skýrslum um tiltekna þætti viðfangsefnisins. Í bréfi því til ríkissaksóknara, sem áður er á minnst, gera skiptaráðendur grein fyrir einstökum atriðum varðandi rannsókn gjaldþrotsins fyrir skiptarétti, sem þeim þykir ástæða til að fjalla um samkvæmt boði 4. tl. 88.

gr. laga nr. 6/1978. Þá fylgdi bréfinu skýrsla Valdimars Guðnasonar endurskoðanda til skiptaráðenda um athugun endurskoðendanna á ýmsum þáttum reikningsskila Hafskips hf. Skýrslan er dagsett 3. maí 1986, og er hún í fjórum köflum: I. kafli. Góðar reikningsskilavenjur - lög um hlutafélög. II. kafli. Áritanir - lög um löggilta endurskoðendur - lög um hlutafélög. III. kafli. Rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. ágúst 1984. IV. kafli. Ársreikningur 1984. Í inngangi að skýrslu Valdimars segir:

„Við höfum nú lokið athugun okkar á ýmsum þáttum, er varða eftirgreind reikningsskil Hafskips hf., þ.e.

1. Rekstrar- og efnahagsreikning hinn 31.8. 1984 fyrir Hafskip hf., Reykjavík.

2. Ársreikning 1984 (samstæðureikning) fyrir Hafskip hf. og dótturfélög þess.

Áður en komið verður að einstökum efnisþáttum í framangreindum reikningsskilum, þykir okkur rétt að víkja nokkrum orðum að ýmsum lagaákvæðum og venjum, er varða reikningsskilagerð, svo og áritunum löggiltra endurskoðenda á reikningsskil.

Ástæða þess, að vakin er athygli á framangreindu, er sú, að við skoðun áðurnefndra reikningsskila hefur komið í ljós, að vikið er frá í veigamiklum atriðum bæði lagaákvæðum og nokkrum grundvallaratriðum við gerð reikningsskila.“

Endurskoðandinn rekur síðan í tveimur fyrstu köflum álitsgerðar sinnar ýmis lagaákvæði og grundvallaratriði reikningsskila, en víkur í tveimur síðari köflunum að því, sem honum þykir á skorta varðandi áminnst reikningsskil. Í fyrsta kafla segir svo um góðar reikningsskilavenjur:

„— — —

Hér á landi eru það öðrum fremur löggiltir endurskoðendur, sem vinna að reikningsskilagerð, og hefur félagsskapur þeirra, Félag löggiltra endurskoðenda, beitt sér fyrir mótun góðra reikningsskilavenja með ýmsum hætti, m.a. með útgáfu svonefndrar Reikningsskilahandbókar FLE í febrúar 1980. Í þessari handbók er að finna sýnishorn ársreiknings, sem settur er fram í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Þá er þar að finna m.a. ýtarlega greinargerð um

framsetningu veltufjármunaliða. Óhætt mun að fullyrða, að sú framsetning ársreiknings, sérgreining einstakra liða, skýringa o.fl., sem fjallað er um í reikningsskilahandbókinni, hefur náð að móta íslenska reikningsskilagerð á umliðnum árum og með þeim hætti átt þátt í að skapa góða reikningsskilavenju. Þá er rétt að nefna, að Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að alþjóðlegu reikningsskilanefndinni (IASC), sem vinnur að því að setja staðla um hina ýmsu þætti, er varða reikningsskil fyrirtækja og stofnana.

Í einum þessara staðla, Alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 1 - *Upplýsingum um reikningsskilavenjur,* sem á sínum tíma var þýddur og gefinn út til kynningar af reikningsskilanefnd FLE, er m.a. fjallað um grundvallarforsendur við gerð reikningsskila og val á reikningsskilavenjum við gerð ársreiknings.

Með hliðsjón af því, sem síðar verður rakið í skýrslu þessari, þykir rétt að birta hér orðrétt kaflana um grundvallarforsendur reikningsskila og reikningsskilavenjur.

Grundvallarforsendur reikningsskila.

Gerð ársreiknings byggist á vissum grundvallarforsendum. Venjulega er ekki skýrt frá þeim sérstaklega, vegna þess að gert er ráð fyrir, að þær hafi verið teknar upp og farið sé eftir þeim. Sé þeim ekki fylgt, er nauðsynlegt að skýra frá því og hverjar séu ástæður til þess.

IASC hefur viðurkennt eftirfarandi atriði sem grundvallarforsendur reikningsskila:

(a) Starfandi fyrirtæki. (Going Concern).

Venjulega er fyrirtækið álitið vera starfandi fyrirtæki, þ.e. haldi áfram starfsemi um fyrirsjáanlega framtíð. Gengið er út frá því, að hvorki sé ætlun né nauðsyn, að fyrirtækið hætti rekstri né minnki umsvif sín.

(b) Samræmi (Consistency).

Gengið er út frá því, að samræmi sé í reikningsskilavenjum frá einu reikningsskilatímabili til annars.

(c) Samjöfnun (Accrual).

Tekjur og gjöld eru samjöfnuð, þ.e. bókfærð, um leið og þeirra er aflað og þau falla til (en ekki, þegar greiðsla er móttekin eða innt af hendi), og þau færð í ársreikning viðkomandi tímabil.

(Umfjöllun reglunnar um að jafna gjöldum og tekjum er ekki í þessari yfirlýsingu).

Reikningsskilavenjur.

Reikningsskilavenjur fela í sér þær meginreglur, grundvallaratriði, venjur, fyrirmæli og aðferðir, sem stjórn fyrirtækis hefur tekið upp við gerð og framsetningu ársreiknings. Margar mismunandi reikningsskilavenjur eru í notkun, jafnvel varðandi sama atriði. Verður dómgreind því að ráða vali og notkun þeirra reikningsskilavenja, sem best henta hverju fyrirtæki til að sýna glögga mynd af fjárhagsstöðu þess og rekstarafkomu.

Stjórn fyrirtækis ætti að hafa þrennt að leiðarljósi, þegar valdar eru og notaðar reikningsskilavenjur við gerð ársreiknings:

(a) Varfærni.

Óhjákvæmilegt er, að nokkur óvissa ríki um margs konar viðskipti. Þetta ætti að taka til greina með því að viðhafa varfærni, þegar ársreikningur er gerður. Samt sem áður réttlætir varfærni ekki myndun dulinna varasjóða.

(b) Eðli máls umfram form.

Sýna skal viðskipti og önnur atriði í samræmi við eðli þeirra og raunverulegt gildi fjárhagslega, en ekki einvörðungu með tilliti til lagalegs forms þeirra.

(c) Mikilvægi.

Ársreikningur á að gefa upplýsingar um öll þau atriði, sem eru nógu mikilvæg til að hafa áhrif á mat eða ákvarðanatöku.“

Í II. kafla skýrslunnar segir svo um áritanir löggilts endurskoðanda á reikningsskil:

„— — —

Félag löggiltra endurskoðenda hefur á umliðnum árum fjallað ýtarlega um áritanir á reikningsskil og sérstök nefnd á vegum félagsins, endurskoðunarnefnd, sett fram tillögur að leiðbeinandi reglum um áritanir á endurskoðaða ársreikninga svo og tillögur að leiðbeinandi reglum um áritanir endurskoðenda á óendurskoðuð reikningsskil. Í tillögum að leiðbeinandi reglum um áritanir eru settar fram forsendur fyrirvaralausrar áritunar:

— Að endurskoðandi sé óháður, sbr. 11. gr. laga um löggilta endurskoðendur.
— Að endurskoðað hafi verið í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Vísast í því sambandi m.a. til „Leiðbeinandi reglna um grundvallaratriði endurskoðunar á ársreikningum hlutafélaga".
— Að ársreikningur sé saminn í samræmi við grundvallarreglur um gerð ársreiknings skv. 4. kafla að framan.
— Að ekki ríki veruleg óvissa um liði ársreiknings né þróun og horfur um áframhaldandi rekstur.

Í þriðju grein er vísað til þess, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við grundvallarreglur um gerð ársreiknings, sbr. 4. kafla tillagnanna, sem er svohljóðandi:

Grundvallarreglur um gerð ársreiknings.

— Ársreikningur skal gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.
— Ef annað kemur ekki fram, er ársreikningur saminn á þeirri forsendu, að fyrirtækið haldi áfram starfsemi.
— Hefðbundin reikningsskil eru byggð á því, að sömu reikningsskilavenjum sé fylgt frá ári til árs. Ef annað kemur ekki fram, er gert ráð fyrir því, að notaðar séu sömu matsreglur, sömu reglur um tekju- og gjaldfærslu og framsetning ársreiknings sé að öðru leyti óbreytt frá fyrra ári.
— Gert er ráð fyrir, að venjuleg lotun sé viðhöfð við gerð ársreiknings, en með lotun er átt við það, að tekjur og gjöld séu samjöfnuð og að rekstrar- og efnahagsliðir, sem tilheyra reikningsárinu, komi fram í ársreikningi.
— Varkárni skal höfð við gerð ársreiknings, t.d. að óframkominn hagnaður sé ekki talinn til tekna nema í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, eignir séu ekki metnar til hærra verðs en áframhaldandi rekstur gefur tilefni til og allar skuldbindingar séu taldar með í ársreikningi. Varúð, sem er meiri en góð reikningsskilavenja gerir ráð fyrir og skekkir heildarmynd ársreiknings, gefur ástæðu til fyrirvara í áritun endurskoðanda.

— Í ársreikningi skal gera grein fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag félags í samræmi við lög eða viðurkenndar reikningsskilaaðferðir.

Í tillögum að leiðbeinandi reglum um áritanir endurskoðenda á óendurskoðuð reikningsskil kemur m.a. fram, að óendurskoðuð reikningsskil skuli gerð eftir sömu grundvallarreglu og endurskoðuð reikningsskil, sbr. framanritað, svo og, að í áritun skuli koma fram, að reikningsskilin séu óendurskoðuð."

4. kafli.

Ríkissaksóknari sendi strax daginn eftir viðtöku bréfs skiptaráðenda frá 6. maí 1986 rannsóknarlögreglustjóra skýrslu þeirra og fól rannsóknarlögreglu ríkisins að hefjast handa um opinbera rannsókn í málinu. Í bréfi ríkissaksóknara eru rakin rannsóknarefnin, og eru þau greind efnislega með sama hætti og gert er í skýrslu skiptaráðenda.

Viðamikil rannsókn fór fram á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins, og á grundvelli hennar höfðaði ríkissaksóknari tvö mál, sem síðar var vísað frá Hæstarétti með dómum 1987,995 og 1987,1146. Eftir það vék ríkissaksóknari sæti. Eins og fyrr getur, var skipaður sérstakur ríkissaksóknari í málum, er tengdust gjaldþroti Hafskips hf. Hinn 16. október 1987 fyrirskipaði hann nýja lögregluranns6kn á ætluðum refsiverðum brotum fyrrverandi fyrirsvarsmanna, starfsmanna og löggilts endurskoðanda félagsins og með bréfum 23. nóvember og 3. desember 1987 nýja lögregluranns6kn á ætluðum refsilagabrotum fyrrverandi bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, bankaráðsmanna og löggilts endurskoðanda Útvegsbanka Íslands. Loks var enn beðið um frekari rannsókn með bréfi 10. október 1988. Rannsóknargögn voru send sérstökum ríkissaksóknara með bréfi rannsóknarlögreglustjóra 7. nóvember 1988, og er mál þetta höfðað á grundvelli þessara rannsókna allra.

Jafnframt þessu óskaði hinn sérstaki ríkissaksóknari eftir því við þá Atla Hauksson og Stefán Svavarsson, löggilta endurskoðendur, með bréfum 9. desember 1987 og 9. maí 1988, að þeir yfirfæru og létu í té álit um eftirfarandi reikningsskil Hafskips hf. og dótturfélaga þess: 1. Rekstrar- og efnahagsreikning 31. ágúst 1984, þ.e.

bráðabirgðauppgjör fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1984. 2. Ársreikning 1984. Var þess óskað, að athugunin beindist að því, hvort framangreind reikningsskil hefðu verið unnin í samræmi við lagaákvæði um bókhald og reikningsskil. Með bréfunum fylgdi til athugunar skýrsla Valdimars Guðnasonar, sem áður er á minnst. Endurskoðendurnir skiluðu skýrslu 11. október 1988. Segir í upphafi hennar, að þeir hafi að ósk sérstaks ríkissaksóknara athugað nokkur atriði, er varða reikningsskil Hafskips hf. á árinu 1984. Umsögnin sé í tveimur hlutum, og sé í A-hluta fjallað um bráðabirgðauppgjörið, en í B-hluta um ársuppgjörið. Síðan segir: „Þetta er sjálfstæð athugun á þeim atriðum, sem tilgreind eru, en við höfum haft til hliðsjónar þá rannsóknarskýrslu, sem Valdimar Guðnason, löggiltur endurskoðandi, samdi fyrir skiptaráðandann í Reykjavík, dags. 3. maí 1986. Við höfum því ekki kannað nema að takmörkuðu leyti frumgögn þessa máls, enda er skýrsla Valdimars mjög ýtarleg." Í lok skýrslunnar er það ítrekað, að þeir hafi ekki endurskoðað bráðabirgðauppgjörið og ársreikninginn né heldur kannað aðra þætti en um geti í skýrslunni.

Fyrir skiptarétti höfðu farið fram umfangsmiklar yfirheyrslur. Þá var fjöldi manna yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og margvíslegra gagna aflað. Loks komu ákærðu og fjöldi vitna fyrir sakadóm Reykjavíkur og gáfu þar skýrslur. Verður vikið að skýrslum þessum, eftir því sem þörf krefur við úrlausn einstakra ákæruliða.

5. kafli.

Verður nú vikið að I. kafla ákæru, sem beinist gegn ákærðu, Björgólfi, Helga, Páli Braga og Ragnari, eins og að framan greinir.

Ákærðu hafa allir staðfastlega neitað sakargiftum þeim, sem greinir í þessum kafla ákærunnar.

Í ákærunni er meintum rangfærslum lýst í níu liðum, og byggir ákæruvaldið þá á skýrslu endurskoðendanna Atla Haukssonar og Stefáns Svavarssonar. Áður en vikið er að einstökum liðum, er rétt að benda á, að á ýmsum stöðum í skýrslunni er miðað við „góða reikningsskilavenju". Þetta er einnig gert í skýrslu Valdimars Guðnasonar. Í 95. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 segir meðal annars: „Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri

reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. ...“ Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum segir um hugtakið góð reikningsskilavenja: „Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ.e. lögum nr. 51/1968 um bókhald, en segja má, að með því sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma.“ Hafa verður í huga það, sem segir í skýrslu Valdimars Guðnasonar, að mörgum mismunandi reikningsskilavenjum eða reglum er beitt, jafnvel um sama atriðið.

Verður nú vikið að hverjum hinna níu liða, sem ákæruvaldið telur vera rangfærða í reikningsskilum yfir rekstur og efnahag Hafskips hf. og dótturfélaga þess fyrstu átta mánuði ársins 1984.

1. *Lotun flutningstekna og beins kostnaðar, sem þeim tengist.*

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla Haukssonar og Stefáns Svavarssonar segir, að það sé almennt viðurkennd regla í reikningsskilum, að færa beri tekjur, þegar þeirra er aflað, það er, þegar sala vöru eða þjónustu hefur átt sér stað. Hér á landi hafi þessi regla ekki verið nánar skýrgreind, hvorki í lögum né gögnum frá félagsskap löggiltra endurskoðenda. Um þetta efni hafi á hinn bóginn talsvert verið ritað erlendis. Finnst endurskoðendunum vel koma til greina að taka mið af slíkum skrifum. Þeir segja síðan, að í sumum atvinnugreinum hafi myndast sérreglur, sem betur þyki skýra gang mála hjá viðkomandi fyrirtækjum. Hjá skipafélögum hafi þannig sú aðferð fengið viðurkenningu að færa tekjur af skipaferðum, meðan á þeim stendur. Samkvæmt því eigi skipafélögin kost á tveimur aðferðum. Grundvallist önnur á þeirri meginreglu, sem áður er getið, að tekjur skuli aðeins færa, þegar þjónusta hefur að fullu verið innt af hendi, en hin byggist á hlutföllun tekna og gjalda af skipsferðum. Hér sé átt við skiptingu tekna og gjalda, þegar svo háttar til, að ferð skips spanni tvö uppgjörstímabil, það er ferð hefst fyrir lok eins tímabils og lýkur ekki fyrr en það næsta er hafið. Til stuðnings hlutföllun tekna benda þeir á, að Alþjóðlega reikningsskilanefndin heimili einnig með staðli nr. 18 áfangainnlausn tekna ásamt með fyrri reglunni, en hann hafi tekið gildi frá og með 1. janúar 1984. Félagsskapur löggiltra endurskoðenda á Íslandi eigi

aðild að þessari nefnd og hafi samkvæmt því skuldbundið sig til að vinna að framgangi staðla nefndarinnar.

Hjá Hafskipi hf. hafi sú aðferð að jafnaði verið notuð að leysa tekjur inn að fullu á því reikningshaldstímabili, sem ferð hófst. Það er niðurstaða endurskoðendanna, að sú aðferð gangi þvert á það varkárnissjónarmið, sem áður er getið. Þá stríði aðferðin gegn þeirri meginreglu reikningshalds, að jafna skuli saman gjöldum á móti tekjum á því tímabili, sem til þeirra er unnið. Þeir eru því þeirrar skoðunar, að regla Hafskips fái ekki staðist. Sömu viðhorf og hér hafa verið greind koma fram í skýrslu Valdimars Guðnasonar.

Í skýrslu Atla Haukssonar og Stefáns Svavarssonar segir þó, að vafalaust sé rétt, að hjá skipafélagi, sem stundar reglubundna flutninga, skipti litlu máli, þegar til lengdar lætur, hvaða aðferð við innlausn tekna sé viðhöfð í rekstrarreikningi. Aðalatriðið sé, að sömu aðferðum sé beitt í upphafi og lok tímabils. Á hinn bóginn geti skipt talsverðu máli um efni efnahagsreiknings, hvaða aðferð sé beitt. Eigi það einkum við, ef eiginfjárstaða fyrirtækis sé bágborin. Við slíkar aðstæður sé áhrifameira að innleysa tekjur strax við upphaf ferðar en síðar á tekjuferlinum. Þar sem staða Hafskips hf. hafi verið mjög ótraust, telji þeir einnig af þeirri ástæðu, að félagið hafi ekki notað nógu varfærnislega aðferð við tekjufærslu.

Endurskoðendurnir ítreka síðan, að aðferð Hafskips hf. við tekjufærslu af ferðum skipa standist ekki kröfur um góða reikningsskilavenju. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu reikna þeir út töluleg áhrif á efnahagsreikning Hafskips hf. hinn 31. ágúst 1984. Bókfærðar flutningstekjur námu 22.250.667 krónum, en samkvæmt mati endurskoðendanna miðað við hlutföllun tekna hefði átt að bókfæra 10.819.186 krónur. Mismunurinn, 11.431.481 króna, verður þannig að þeirra mati oftaldar tekjur. Það er sú fjárhæð, sem talin er rangfærð í ákæru.

Í skýrslu Valdimars Guðnasonar til skiptaráðenda frá 3. maí 1986 er því haldið fram, að beinn kostnaður af ferðum, annar en olíukostnaður og gámakostnaður, sé a.m.k. 25% af tekjum. Sé þá stuðst við reynslutölur frá fyrstu 8 mánuðum ársins 1984. Telur Valdimar, að í bókhaldið vanti kostnað á móti tilgreindum tekjum, að fjárhæð 1.900.000 krónum. Atli Hauksson og Stefán Svavarsson segjast í skýrslu sinni ekki efast um réttmæti þess, að beinn kostn-

aður sé um 25% af tekjum, og miða við það í útreikningum sínum. Niðurstaða þeirra verður því sú, að skuldir í efnahagsreikningi séu vantaldar um 2.704.797 krónur, þ.e. 25% af 10.819.186 krónum, og sé því bókfært eigið fé oftalið um sömu fjárhæð. Er við þetta miðað í ákæru.

Ákærði Helgi var ekki samþykkur niðurstöðum Atla og Stefáns um, að það stæðist ekki kröfur góðrar reikningsskilavenju að færa tekjur af ferðum strax í upphafi ferðar. Taldi hann, að þeir tækju ekki tillit til þess, að tekjuferlið við flutninga af þessu tagi væri mun lengra en einvörðungu milli hafna. Fleiri daga taki að safna vöru saman, áður en flutningar hefjist. Þetta hafi í för með sér kostnað sem leiði til tekjumyndunar.

Ákærði Helgi tók fram, að alveg væri ósannað og órannsakað, að beinn kostnaður af ferðum væri um 25% af tekjum. Hélt hann því fram, að allur beinn kostnaður af ferðum hefði átt að vera færður með ferð, og taldi, að svo hefði verið.

Ákærði Björgólfur sagði, að þegar hann kom að félaginu 1977 og allt til loka, hefði sú aðferð verið viðhöfð að færa hvort tveggja, tekjur og gjöld, vegna ferða, sem stóðu fram yfir uppgjörsdag, í upphafi þeirra, hvort sem ferð hófst í höfn eða þar sem náð var í vöruna inni í landi. Ákærði Ragnar hélt hinu sama fram. Ákærði Páll Bragi hélt því fram, að notaðar hefðu verið sömu aðferðir við lotun tekna og gjalda af ferðum alla tíð, meðan hann var hjá félaginu, og hefðu aldrei vaknað í sínum huga spurningar um, að þetta væri ekki eðlilegt.

b) Í bréfi Eimskipafélags Íslands hf. 9. júní 1986 til rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að þegar ferð stendur fram yfir uppgjörsdag, eru tekjur þær og kostnaður, sem tengjast ferðinni, hlutfallaðar eftir dagafjölda, það er, félagið beitir sömu aðferð og endurskoðendurnir Atli og Stefán. Í bréfinu kemur fram, að þessi aðferð hafi verið í notkun í nokkur ár. Í bréfi skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélga 21. febrúar 1990 til sérstaks ríkissaksóknara kemur fram, að skipadeildin hefur um langan tíma notað sömu reglur.

Í tveimur bréfum frá Skipaútgerð ríkisins 10. og 16. janúar 1990 kemur aftur á móti fram, að hjá fyrirtækinu hafa flutningstekjur verið færðar við upphaf ferðar. Í síðara bréfinu er tekið fram, að

yfirleitt hafi engar ferðir staðið yfir 31. desember undanfarin ár, en þegar það hafi verið, hafi þess verið gætt, að rétt lotun væri á milli tekna og gjalda viðkomandi reikningstímabils.

Á það ber að fallast með endurskoðendunum Atla og Stefáni, að það geti skipt talsverðu máli um efni efnahagsreiknings, hvaða aðferð er notuð við lotun tekna og gjalda af ferð skips. Er nægjanlega fram komið, að aðferð sú, sem beitt var hjá Hafskipi hf., gaf ekki nákvæma mynd af eiginfjárstöðu félagsins. Hins vegar ber þess að gæta, að hér fyrir dómi hefur því verið lýst yfir af hálfu ákæruvaldsins, að ekki sé um það ágreiningur, að aðferðin hafi tíðkast hjá Hafskipi hf. fyrir uppgjör 31. ágúst 1984, og vitnið Magnús Elíasson endurskoðandi, sem starfaði fyrir félagið, segir, að aðferðin hafi tíðkast fyrir 1975. Þá er í ljós leitt, að stjórnarmenn félagsins svo og bankastjórn Útvegsbankans höfðu oft áður fengið í hendur bráðabirgðauppgjör frá félaginu miðuð við hluta árs og þannig hafi aðstæður til að spyrja um færsluaðferðir. Loks er, að aðferð sú, sem endurskoðendurnir Atli og Stefán beita og ákæruvaldið byggir á staðhæfingar sínar um oftaldar viðskiptakröfur, tók ekki gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1984, þótt henni hafi verið beitt fyrir þann tíma.

Gegn mótmælum ákærða Helga hefur ekki verið sannað, að við reikningsskilin hafi ekki verið tekið tillit til beins kostnaðar af óloknum ferðum.

2. Bókun flutningstekna, sem til féllu eftir 31. ágúst 1984.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns kemur fram, að við lúkningu reikningsskila fyrir umrætt tímabil hafi tekjur af ferðum m/s Skaftár verið hækkaðar um 6.000.000 krónur vegna ferðar, sem hófst 6. september 1984 og lauk 17. sama mánaðar. Hún falli sem sagt að öllu leyti utan reikningsskilatímabilsins. Niðurstaða þeirra er því sú, að tekjufærslan hafi ekki verið í samræmi við viðurkenndar venjur um reikningsskil. Því hafi tekjur verið oftaldar um þessa fjárhæð í rekstrarreikningi félagsins frá 1. janúar til 31. ágúst 1984, og eigið fé sé þá oftalið um sömu fjárhæð.

Ákæruvaldið byggir þennan lið I. kafla ákærunnar á þessu áliti endurskoðendanna og telur viðskiptakröfur oftaldar vegna bókunar flutningstekna af ferð m/s Skaftár.

Í skýrslu Valdimars Guðnasonar til skiptaráðenda 3. maí 1986 er því haldið fram, að engin reikningshaldsleg rök geti legið að baki þessari færslu, sem eigi sér mótfærslu í hækkun útistandandi flutningstekna o.fl. í efnahagsreikningi. Þá er þar tekið fram, að engin gjöld hafi verið tilfærð vegna þessarar tekjuviðbótar.

Skýring ákærða Helga á þessari færslu var sú, að hann hefði reynt að leggja mat á það, sem sanngjarnt væri að færa til tekna á einstökum tímabilum. Hann hefði því lagt mat á uppsöfnun tekna, sem fyrir hafi legið. Auðvitað hafi önnur aðferð komið til greina, sem sé að eignfæra kostnað í stað þess að tekjufæra hann. Ákærði taldi ekki skipta máli, hvor leiðin hefði verið valin, því að niðurstaðan hefði orðið hin sama, bæði fyrir rekstrar- og efnahagsreikninginn. Aðalatriðið hafi verið að reyna að halda samsvörun milli einstakra tímabila. Ákærði kannaðist við að hafa sagt rannsóknarlögreglu, að í þessu efni hefði hann gert mistök, en við nánari skoðun hefði þetta skýrst á annan veg.

Ákærði Björgólfur taldi, að færsla tekna af ferð m/s Skaftár í uppgjörið fyrir 1. janúar til 31. ágúst 1984 gæti samræmst þeirri reglu, sem hann sjálfur nefndi um næsta lið hér að framan.

Ákærði Ragnar kvað sér ekki hafa verið ljóst, þegar milliuppgjörið fyrir fyrstu átta mánuði ársins var gert, af hverju tekjur af ferð m/s Skaftár í september voru færðar þar sem tekjur. Af hans hálfu hefur því verið haldið fram, að á þessar flutningstekjur hafi fallið ýmis kostnaður í ágúst, en hér hafi verið um cif-flutninga að ræða, það er farmsamningur hafi verið kominn á í ágúst og fraktin greidd.

Ákærði Páll Bragi kvaðst fyrst hafa séð þá tölu, sem fram kemur í þessum lið, hjá rannsóknarlögreglu og ekkert hafa um hana að segja.

b) Sannað er þrátt fyrir skýringar ákærðu, að tekjufærsla af ferð m/s Skaftár í september í milliuppgjöri fyrir 1. janúar til 31. ágúst 1984 gaf ekki rétta mynd af stöðu félagsins.

3. Misræmi milli viðskiptareikninga.

a) Í gögnum málsins er að finna skilaboð frá Sigurþóri Charles Guðmundssyni, aðalbókara Hafskips hf., til ákærða Helga, dagsett 3. október 1984. Er þar um að ræða afstemmingu á viðskiptareikn-

ingi Hafskips USA. Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að samkvæmt þessari afstemmingu sé skuld Hafskips USA í bókum Hafskips hf., Reykjavík, talin $ 56.172,02 hærri en inneign Hafskips hf., Reykjavík, er talin í bókum Hafskips USA. Fjárhæð þessi, sem samsvari 1.801.998 krónum á þáverandi kaupgengi, muni ekki hafa verið færð þar, sem ákærða Helga hafi láðst að færa hana, en því hafi hann borið við fyrir skiptarétti.

Ákæruvaldið heldur því fram, að vegna þessa misræmis milli viðskiptareikninganna séu eignir oftaldar.

Ákærði Helgi kannaðist fyrir sakadómi ekki sérstaklega við skilaboð Sigurþórs með umræddri fjárhæð og færslubeiðni, en neitaði því ekki, að hann kynni að hafa fengið þau í hendur. Hefði svo verið og hann samt ekki fært þau í milliuppgjörið, væri það vegna þess, að hann hefði ekki verið viss um, að það væri í lagi.

Ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi kváðust fyrir sakadómi ekki hafa hugmynd um, hvers vegna þessi fjárhæð var ekki tekin með í milliuppgjörið.

Við húsleit í skrifstofu ákærða Helga fannst vinnublað með reikningsjöfnuði fyrir milliuppgjör 31. ágúst 1984, en þó ekki í sérstakri vinnumöppu varðandi þetta uppgjör. Leitað var aðstoðar tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen í Osló við skoðun á þessum blöðum. Túlkar ákæruvaldið rannsókn þessara aðila svo, að umrædd fjárhæð hafi verið komin inn í millifærsludálk á reikningsjöfnuðinum, en hafi verið máð út aftur.

Fjárhæð þessi var færð í ársuppgjör 1984.

b) Sigurþór Charles bar fyrir sakadómi, að upp hefði komið skekkja árið áður, sem hann taldi nauðsynlegt að gjaldfæra í viðskiptareikning Hafskips USA. Hann kvaðst hafa ætlast til þess, að þetta yrði fært í tengslum við uppgjörsvinnuna. Því hafi verið skilaboð frá sér til ákærða Helga neðst á blaði því, sem hann útbjó 3. október 1984, um að færa umrædda fjárhæð á lestun og losun. Framburður þessi er í samræmi við framburð hans á fyrri stigum málsins.

Samkvæmt rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen í Osló hafði verið máð út af blöðum yfir reikningsjöfnuð, sem fundust við húsleit í skrifstofu ákærða Helga. Hins vegar kemur fram af athugasemdum þessara aðila um rann-

sóknina, að hún var ýmsum erfiðleikum bundin, og gefur hún ekki nægilega glöggt yfirlit um þær fjárhæðir, sem máðar voru út, til þess að dómur verði á þeim byggður varðandi einstakar fjárhæðir.

Af framburði Sigurþórs Charles og því, að fjárhæðin var síðar færð, er fram komið, að hún átti heima í milliuppgjörinu, og sannað þykir, að ákærði Helgi hafi haft skilaboðin í höndum við gerð þess.

4. Tvíbókaðar flutningstekjur.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að fyrir hafi legið við uppgjörið 31. ágúst 1984, að tilteknar flutningstekjur hafi verið tvífærðar í bókhaldi fyrstu átta mánuði ársins. Þetta hafi auðvitað borið að leiðrétta. Endurskoðendurnir lækka því tekjur í milliuppgjörinu og því einnig eigið fé í lok tímabilsins um 2.453.202 krónur. Ákæruvaldið telur samkvæmt þessum tölulið I. kafla ákæru eignir oftaldar um þessa fjárhæð.

Í gögnum málsins er að finna bókhaldseyðublað með fylgiskjalsnúmerinu 70089. Valdimar Guðnason víkur að þessu í skýrslum 3. maí og 18. júní 1986. Þetta hafi verið fært í bókhaldið í október með færsludagssetningu 31. október 1984. Hér sé um að ræða bakfærslu á tvíbókuðum flutningstekjum fyrir 31. ágúst 1984, að fjárhæð 2.453.202 krónur, sem átt hafi að koma til lækkunar á flutningstekjum fyrstu átta mánuði ársins. Þá segir, að ljósrit af bókunareyðublaðinu hafi ekki fundist í uppgjörsgögnum endurskoðandans.

Ákærði Helgi taldi fyrir sakadómi, að þessi skekkja hefði ekki legið fyrir. Hann hefði fært þetta, ef það hefði legið fyrir og verið óumdeilt.

Ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi gátu ekki gefið skýringar á þessum lið og báru fyrir sakadómi, að þeim hefði ekki verið um þetta kunnugt.

Sigurþór Charles aðalbókari bar fyrir sakadómi, að sig minnti, að þetta væri leiðréttingarfærsla, sem fara hefði átt inn í milliuppgjörið. Hann taldi sig hafa komið þeim skilaboðum til ákærða Helga.

Í niðurstöðum rannsóknar tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen í Osló, sem minnst er á í 3. tölulið

hér að framan, segir, að skoðun á reikningsjöfnuði, sem fannst við húsleit hjá ákærða Helga, gefi til kynna, að fjárhæðir samsvarandi þessari fjárhæð hafi verið færðar í reikningsjöfnuðinn, en verið máðar út aftur.

b) Fram er komið, að milliuppgjörið gefur ekki rétta mynd af eiginfjárstöðu Hafskips hf. 31. ágúst 1984, sem nemur þessum lið. Hins vegar er ósannað gegn staðhæfingum ákærða Helga, að það hafi verið ljóst við gerð þess, að bakfæra hafi þurft umrædda fjárhæð vegna tvíbókunar. Aðrir ákærðu kannast ekkert við þetta. Sigurþór Charles aðalbókari taldi fyrir sakadómi, að hann hefði komið leiðréttingarbeiðni á framfæri, og rannsókn á blöðum um reikningsjöfnuð, sem fundust í vörslum ákærða Helga, gefa vísbendingu í sömu átt. Eins og að ofan er rakið, var þetta leiðrétt í bókhaldi félagsins með færslu, dags. 31. október 1984, og var réttilega fært í ársreikningi.

5. Rekstrartap Hafskips Holdings Inc.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að uppgjör Hafskips Holdings Inc. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1984 muni hafa legið fyrir, þegar gengið var frá milliuppgjöri fyrir sama tímabil. Samkvæmt því uppgjöri hafi tap af rekstri þess félags verið 296.750 dollarar, en í uppgjöri Hafskips hf. hafi verið gert ráð fyrir 183.319 dollara tapi, þ.e. 113.431 dollara lægri fjárhæð. Uppgjör Hafskips Holdings Inc. sé dagsett 20. ágúst 1984 og áritað af Mr. Anthony G. Polcari, CPA, en þó ekki sem endurskoðað. Samkvæmt þessu séu gjöld í milliuppgjöri Hafskips hf. vantalin um 3.649.000 krónur og eigið fé oftalið um sömu fjárhæð. Ákæruvaldið telur eiginfjárstöðu félagsins rangfærða um þessa fjárhæð samkvæmt þessum lið I. kafla.

Ákærði Helgi kvaðst fyrir sakadómi hafa byggt færslu sína á þessum lið á upplýsingum, sem hann fékk hjá aðalbókaranum. Hann hefði fengið gögn frá félaginu, sem sýndu nákvæmlega þessa fjárhæð. Kannaðist ákærði ekki við að hafa séð bandaríska uppgjörið, áður en hann gekk frá milliuppgjörinu.

Ákærði Björgólfur taldi fyrir sakadómi, að meira hefði verið byggt á skeyti frá Gunnari Andersen, framkvæmdastjóra Hafskips Holdings Inc., en niðurstöðu endurskoðandans, Anthonys G.

Polcaris, en í skeytinu segir, að tap félagsins hafi numið 183.319 dollurum.

Ákærði Ragnar skýrði svo frá fyrir sakadómi, að ákærði Helgi hefði snemma í september fengið í hendur skeyti, sem tilgreindi 183.319 dollara tap. Uppgjör Polcaris hefði hins vegar komið í septemberlok. Hefði ákærða Helga ekki verið tilkynnt um þetta, og kvaðst hann hafa ráðið því.

Vitnið Gunnar Andersen sendi ákærða Páli Braga milliuppgjör fyrir „Hafskip Holdings Inc. and Subsidiaries", eins og Anthony G. Polcari gekk frá því, með bréfi 21. september 1984. Sagði Gunnar fyrir sakadómi, að Hafskipsmenn hefðu orðið óánægðir með tölurnar, sem voru verri en summan af mánaðaruppgjörum, sem hann hafði áður sent. Þetta hefði orðið fyrir mistök hjá Cosmos. Hefðu ákærðu Björgólfur og Páll Bragi farið fram á það við sig, að hann breytti tölunum, en hann neitað. Hins vegar hefði hann boðist til að senda aftur telex með þeim tölum, sem fyrir lágu hjá Cosmos, áður en Anthony G. Polcari gekk frá milliuppgjörinu. Því hefði hann sent ákærða Páli Braga telexskeyti, en ljósrit þess liggur fyrir í gögnum málsins. Þar kemur fram, að samkvæmt bráðabirgðatölum, eins og þær voru 6. september 1984, hafi tapið numið 183.319 dollurum.

Ákærði Páll Bragi sagði í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu, að hann hefði framkvæmt „pappírslegar breytingar" varðandi tap Cosmos. Sagði hann, að þetta hefði verið gert að fyrirlagi ákærðu Björgólfs og Ragnars. Björgólfur hefði beðið Gunnar Andersen um að breyta tekju- og kostnaðarliðum varðandi Cosmos og beðið sig að útfæra þetta með Gunnari. Fyrir sakadómi bar ákærði Páll Bragi, að það hefði komið sér gríðarlega á óvart, þegar hann sá hið bandaríska uppgjör fyrir Cosmos frá vitninu Gunnari. Gunnar hefði óskað eftir því, að Hafskip USA tæki þátt í ákveðnum kostnaðarliðum vegna þjónustu, sem Cosmos veitti því félagi. Hefðu í þessu efni komið upp ýmis álitaefni um, hvorum megin hlutirnir ættu að liggja, allt hjá Cosmos, allt hjá Hafskipi USA eða að hluta hjá hvoru fyrirtæki um sig. Hefði engin aðstaða verið á þessum tíma til að færa þetta í átta mánaða uppgjörið, sem hefði verið langt á veg komið og tilheyrt fortíðinni. Hefði því verið tekin um það ákvörðun að láta þetta liggja milli hluta í bili og greiða úr þessu

og sjá til þess, að þetta kæmist inn í ársreikninginn á réttan veg. Ákærði Páll Bragi mótmælti fyrir sakadómi þeim framburði vitnisins Gunnars, að hann hefði farið fram á það, að tapið yrði ekki tilgreint hærra en að framan getur.

Sigurþór Charles aðalbókari segir í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Páll Bragi og vitnið Gunnar Andersen hefðu skýrt sér frá því, að uppgjöri Cosmos hefði verið breytt með skeyti að ósk Páls Braga. Taldi hann sig hafa fengið hærri töluna símleiðis frá vitninu Gunnari, og hefði hann því byggt á henni á sínu yfirlitsblaði til ákærða Helga. Helgi hefði síðan fengið skeytið frá Gunnari í hendur með gögnum, sem hann, þ.e. Sigurþór, sendi honum. Helga hefði því átt að vera um það kunnugt, að þessu var breytt.

b) Fram er komið, að hér er um vantalda skuld að ræða, og hefðu ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar átt að hlutast til um, að niðurstöðutala endurskoðandans Anthonys G. Polcaris yrði færð í uppgjör fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984, en fram er komið, að þeim var öllum kunnugt um málavexti. Ekki er í ljós leitt, að ákærða Helga hafi verið um þetta allt kunnugt. Þessi færsla var leiðrétt, eins og gert var samkvæmt töluliðum 3 og 4 hér að framan, í ársreikningi 1984.

6. Rekstrartap dótturfélaga.

a) Í skýrslu Valdimars Guðnasonar til skiptaráðenda 3. maí 1986 kemur fram, að í lokafærslum fyrir ágúst 1984 hafi verið búið að færa til eignar tap af rekstri tveggja erlendra dótturfélaga, annars vegar tap af rekstri Hafskips (Deutschland) GmbH árið 1983, að fjárhæð 929.923 krónur, og hins vegar kostnað danska félagsins Hafskips (Danmark) AS, að fjárhæð 1.073.053 krónur, samtals 2.002.976 krónur. Ástæðan fyrir því, að tapið af þýska dótturfélaginu var ekki fært 1983, var sú, að það lá ekki fyrir, þegar gengið var frá uppgjöri þess árs. Kostnaðinn af danska félaginu mátti hins vegar ekki færa í Danmörku samkvæmt upplýsingum hins danska endurskoðanda félagsins. Endurskoðendurnir Atli og Stefán segja í skýrslu sinni, að það sé skoðun sín, að báðar fjárhæðirnar hefði átt að færa til gjalda í uppgjörinu fyrir átta fyrstu mánuði ársins 1984, og því hafi eignfærsla þessara liða ekki verið á rökum reist. Þeir séu því sammála Valdimar Guðnasyni um, að gjöld Haf-

skips hf. hafi verið vantalin þessa vegna um 2.002.976 krónur og eigið fé oftalið um sömu fjárhæð.

Ákæruvaldið byggir 6. lið I. kafla ákæru á ofangreindu áliti endurskoðendanna.

Ákærði Helgi kannaðist við það fyrir sakadómi að hafa ákveðið að bíða með þessar færslur. Taldi ákærði, að taptalan frá Þýskalandi væri ekki endanleg, en verulegt vandamál hefði steðjað að bókhaldi félagsins þar. Sama væri að segja um taptöluna frá Danmörku. Því hefði þess vegna verið frestað að taka afstöðu til þess, hvar ætti að færa hana.

Ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar könnuðust ekki við að hafa vitað um, að þær fjárhæðir, sem mynda þennan lið, hefðu við lokafrágang milliuppgjörsins verið færðar til hækkunar á útistandandi skuldum, flutningsgjöldum o.fl. Ákærði Ragnar kvaðst ekki hafa þekkt þýska þáttinn, en sér hefði verið vel kunnugt um hinn danska. Það hefði vafist fyrir mönnum að færa hann fyrr en undir lok ársins eða í áramótauppgjöri. Ákærði Páll Bragi mundi eftir einhverjum álitamálum um stofnkostnað í sambandi við uppbyggingu umboðsskrifstofanna í Þýskalandi og Danmörku, en mundi ekki sérstaklega eftir rekstrartapi.

b) Viðurkennt er af ákærða Helga, að hann hafi ákveðið að bíða með að gjaldfæra þær tvær fjárhæðir, sem mynda þennan lið. Þetta var síðan gert í ársuppgjöri 1984. Þótt öðrum ákærðu hafi ekki verið um það kunnugt, hvernig þetta var endanlega fært í milliuppgjörinu, þekktu Björgólfur og Ragnar a.m.k. hluta málsatvika fyrir gerð uppgjörsins. Þar sem þetta voru þekktar stærðir fyrir lok milliuppgjörs, átti að færa greindar fjárhæðir í stað þess að biðfæra þær án athugasemda til eignar undir liðnum „Veltufjármunir: Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl.“ Þessi færsla veitir því ekki rétta mynd af eiginfjárstöðu félagsins frekar en færslur samkvæmt 2. - 5. tl. hér að framan.

7. Jaðarreikningar.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að samkvæmt milliuppgjöri Hafskips hf. fyrir 1. janúar til 31. ágúst 1984 hafi verið innstæður á bankareikningum, svonefndum jaðarreikningum, að fjárhæð 770.963 krónur. Í sama uppgjöri hafi staðið á

biðreikningi 5.000.000 krónur vegna úttekta af þessum bankareikningum. Í skýrslu Valdimars Guðnasonar 3. maí 1986 kemur fram, að raunveruleg innstæða samkvæmt könnun Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. hafi einungis numið 205.551 krónu á þessum tíma. Í skýrslu Valdimars er því talið nauðsynlegt að lækka bókfærða eiginfjárstöðu fyrirtækisins um mismuninn, það er 565.412 krónur. Á sama hátt er þar talið nauðsynlegt að lækka bókfært eigið fé um innstæðuna á biðreikningnum. Endurskoðendurnir Atli og Stefán segja í skýrslu sinni, að þeir telji þessar leiðréttingar réttmætar, enda verði ekki annað séð en þessu fé sé þegar ráðstafað og í því felist engin eign. Hafi verið litið svo á, að innstæðan á biðreikningnum varðaði ágóðaþóknun stjórnenda fyrirtækisins, þá hafi borið að gjaldfæra úttektina á þeim tíma, sem hún fór fram, einkanlega vegna þess að skuld vegna ágóðaþóknunarinnar var ekki færð í bókhaldið. Ef á hinn bóginn skuldin vegna ágóðaþóknunarinnar hefði verið að fullu færð á hverjum tíma, hefði úttektin átt að færast þar til lækkunar, en ekki færast til gjalda. Telja endurskoðendurnir, að ekki sé unnt að færa nein rök fyrir þessari eignfærslu.

Ákæruvaldið byggir 7. lið I. kafla ákærunnar á þessu áliti endurskoðendanna Atla og Stefáns og telur oftaldar eignir í milliuppgjörinu samkvæmt því nema 5.565.412 krónum varðandi þennan lið.

Jaðarreikningar þeir, sem minnst er á hér að framan, eru þannig tilkomnir, að samkvæmt launasamningum ákærðu Björgólfs og Ragnars skyldu þeir hafa sérstaka bankareikninga í sínum vörslum, en í gegnum þá reikninga skyldi greiðast ágóðaþóknun til þeirra svo og greiðslur ýmiss jaðarkostnaðar og útgjalda þeirra vegna starfa þeirra. Frekari grein verður gerð fyrir þessum reikningum síðar í dóminum. Á því tímabili, sem hér um ræðir, hafði ákærði Páll Bragi einnig í sínum vörslum sérstakan bankareikning samkvæmt heimild ákærðu Björgólfs og Ragnars til þess að greiða ýmsan kostnað. Þessi reikningur var þó annars eðlis en hinna tveggja.

Samkvæmt greinargerð ákærða Helga frá því í desember 1985 um starfskjör ákærðu Björgólfs og Ragnars sáu þeir sjálfir um færslur vegna sinna reikninga, og voru gögn þá varðandi í vörslu Ragnars og að hluta í vörslu Björgólfs. Áttu þeir að standa ákærða Helga skil á færslum vegna reikninganna. Öll fylgiskjöl og færslur vegna

reiknings í vörslum ákærða Páls Braga áttu hins vegar að liggja fyrir í bókhaldsdeild Hafskips hf.

Ákærði Björgólfur sagði fyrir sakadómi, að dráttur hefði orðið á því, sérstaklega hjá sér, að gera reikning sinn upp.

Ákærði Ragnar sagði, að umræddur mismunur hefði verið færður á biðreikninga, þar sem þeir biðu endanlegs uppgjörs. Misræmið lægi í þessum biðreikningum. Kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvernig þetta var fært í milliuppgjörinu. Hann hefði gert ákærða Helga óreglubundið grein fyrir yfirliti þessa bankareiknings.

Ákærði Páll Bragi kvaðst hafa verið ábyrgur gagnvart forstjóra varðandi bankareikninginn, sem var í sínum vörslum, og gagnvart ákærða Helga varðandi uppgjör. Sú venja hefði myndast að gera þetta upp einu sinni á ári, og hefði endurskoðandinn ekki leitað eftir upplýsingum við gerð milliuppgjörs. Gat ákærði Páll Bragi ekki gefið skýringar á færslum þessara reikninga í milliuppgjöri.

Ákærði Helgi skýrði færslur sínar á þessum lið svo, að þessir reikningar hefðu í efnahagsreikningi félagsins verið nefndir bankareikningar, þar sem þessar fjárhæðir fóru í gegnum þessa tilteknu reikninga, sem hann átti að fá skýringar á og uppgjör. Á meðan þær skýringar og þau uppgjör lágu ekki fyrir að öllu leyti, hefði hann kallað þá áfram bankareikninga. Líta mætti svo á, að hér væri um óuppgerða bankareikninga að ræða.

b) Fram er komið, að hér var ekki rétt staðið að reikningsskilum, og átti að færa umrædda fjárhæð til gjalda hjá fyrirtækinu.

8. Ágóðaþóknun til stjórnenda.

a) Í launasamningum stjórnar Hafskips hf. við ákærðu Björgólf og Ragnar var samið um sérstaka ágóðaþóknun, sem reikna átti sem ákveðinn hundraðshluta af bættri afkomu félagsins frá 31. desember 1977. Hagnaður var þá reiknaður út, áður en tekið var tillit til fjármagnskostnaðar, afskrifta og skatta, svo sem nánar verður rakið síðar. Samkvæmt yfirliti endurskoðanda félagsins, ákærða Helga, frá desember 1985 tóku þeir ekki út þessi laun, jafnóðum og þau féllu til, heldur myndaðist inneign hjá fyrirtækinu vegna þessa ákvæðis í launasamningum þeirra. Inneign þessi var ekki

bókfærð. Í yfirliti ákærða Helga eru þessi viðbótarlaun talin hafa numið 325.346 dollurum í árslok 1983.

Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að með hliðsjón af þeim leiðréttingum, sem þeir telji, að gera þurfi á afkomu félagsins, eins og hún birtist í uppgjöri þess fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984, og þeirri óvissu, sem hlaut að hafa verið um afkomu ársins í heild, virðist þeim ekki skynsamlegt að reikna með ágóðaþóknun vegna reksturs á þessu tímabili. Á hinn bóginn þykir endurskoðendunum rétt að lækka skuld félagsins um þá úttekt, sem svarar til jafnrar dreifingar hennar á árinu 1984, sbr. yfirlit ákærða Helga. Þá telja þeir, að hækka verði skuldina um áfallna vexti samkvæmt ákvæðum launasamningsins. Samkvæmt þessu reiknaðist endurskoðendunum til, að skuldin hefði numið 268.264 dollurum 31. ágúst 1984. Þá segir í skýrslu þeirra, að þeir álíti, að færa hefði átt þessa skuld í bækur félagsins, enda hafi mátt gera ráð fyrir, að hvorki hafi verið óvissa um lögmæti kröfunnar né um greiðslu hennar. Endurskoðendurnir segjast þá ekki taka afstöðu til þess, hvernig að útreikningnum skyldi staðið. Afstöðu sína til skuldfærslunnar kveðast þeir byggja á þeirri meginreglu reikningshalds, að kostnað beri að færa til gjalda í rekstrarreikningi, þegar hann fellur til, en ekki við greiðslu hans, fari hún fram síðar. Þá benda þeir á, að sá, sem lesi efnahagsreikning, hljóti að mega gera ráð fyrir, að allar skuldir séu tíundaðar. Niðurstaða endurskoðendanna er sú, að skuldir Hafskips hf. hafi verið vantaldar þessa vegna um 8.630.053 krónur 31. ágúst 1984, sem svari til 268.264 dollara við sölugengi í lok ágúst 1984. Eigið fé félagsins hafi því verið oftalið að sama skapi.

Ákæruvaldið byggir þennan lið I. kafla ákærunnar á ofangreindu áliti endurskoðendanna Atla og Stefáns og telur eiginfjárstöðu félagsins rangfærða sem ofangreindri fjárhæð nemur. Því er haldið fram, að hér sé valinn hagstæður kostur fyrir ákærðu, þar sem ekki sé reiknað með ágóðaþóknun 1984.

Ákærði Björgólfur sagði fyrir sakadómi, að ágóðaþóknun þeirra ákærðu Ragnars hefði ekki átt að færast þeim til tekna, fyrr en þeir hefðu tekið hana út, og rætt hefði verið um að greiða þetta á lengri tíma. Þess vegna hefði hún ekki verið færð til gjalda.

Ákærði Ragnar sagði, að sér hefði verið um það kunnugt, að

áunnin ágóðaþóknun sín og ákærða Björgólfs var ekki færð í milliuppgjörinu.

Ákærði Páll Bragi taldi sig hvorki hafa vitað um þessa ágóðaþóknun né færslur á henni.

Í yfirliti ákærða Helga frá desember 1985 um viðbótarkjör ákærðu Björgólfs og Ragnars segir, að skýringin á því, að viðbótarlaunin voru ekki færð til gjalda og skuldar, eftir því sem þau féllu til, hafi verið sú, að fljótlega hafi komið upp vangaveltur um, að úttektum þessum yrði ef til vill hagað með þeim hætti, að ákærðu Björgólfur og Ragnar kæmu sér upp eftirlaunaávinningi og fengju hann greiddan með þeim hætti á lengri tíma síðar meir. Ljóst hafi þó verið, að þeir hafi samkvæmt samningum sínum við félagið mátt taka innstæðurnar út strax.

Vitnin Ólafur B. Ólafsson og Sveinn R. Eyjólfsson, stjórnarmenn í Hafskipi hf., sem sömdu um kjör ákærðu Björgólfs og Ragnars, staðfestu ekki fyrir sakadómi, að samið hefði verið um eftirlaunaskuldbindingar við ákærðu. Sveinn sagði það aldrei hafa komið til tals milli sín og ákærðu, en Ólafur hefði bent sér á þetta „svona til skýringar" á þessum samningi yfirleitt, áður en þeir tveir fóru til fundar um endurskoðun samningsins 1983.

b) Ákærðu Björgólfur og Ragnar lýstu kröfum í þrotabú Hafskips hf., sem byggðar voru á yfirliti ákærða Helga frá desember 1985. Var þar miðað við, að eftirstöðvar viðbótartekna til þeirra næmu samtals 250.780 dollurum. Ágreiningur varð milli þeirra og skiptaforstjóra búsins um útreikning viðbótarteknanna, og fengu bústjórarnir Endurskoðunarmiðstöðina hf. N. Mancher til að reikna þær út samkvæmt samningum ákærðu Björgólfs og Ragnars um launakjör. Í skýrslu Valdimars Guðnasonar endurskoðanda 14. maí 1987 segir, að samkvæmt útreikningum þeirra hafi viðbótartekjur á tímabilinu 1978 til 1. desember 1985 numið samtals 400.313 dollurum, vaxtatekjur vegna viðbótarteknanna 5.403 dollurum, en úttekin laun og aðrar úttektir af svonefndum jaðarreikningum hafi numið 479.242 dollurum á sama tímabili, svo að í desember 1985 hafi úttektir verið 73.526 dollurum hærri en viðbótartekjur með vöxtum. Fram kemur, að forsendur endurskoðunarskrifstofunnar fyrir útreikningi ágóðahlutar eru aðrar en í yfirliti ákærða Helga. Í dómi Hæstaréttar frá 2. maí 1989, Hrd. 1989,696, en þar var

skorið úr þessum ágreiningi, er fallist á forsendur þær, sem fram koma í skýrslu Valdimars, fyrir útreikningnum. Í IV. kafla ákærunnar byggir ákæruvaldið einnig á þessum útreikningum í skýrslu Valdimars Guðnasonar og telur, að ákærðu Björgólfur og Ragnar hafi dregið sér fé af hlaupareikningum í sínum vörslum, sem nemi úttektum umfram viðbótartekjur með vöxtum samkvæmt þessum útreikningum. Nánar verður um þetta fjallað síðar í dómi þessum.

Af hálfu ákærða Helga er því haldið fram, að þar sem þessi liður hafi ekki verið í fyrri ákæru, sem vísað var frá sakadómi, sbr. Hrd. 1987,1146, sé brot samkvæmt þessum lið fyrnt samkvæmt 82. gr., 5. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

c) Ljóst er, að samkvæmt útreikningum ákærða Helga á viðbótartekjum ákærðu Björgólfs og Ragnars, að hann taldi þá eiga inni ágóðaþóknun 31. ágúst 1984. Þá er enn fremur fram komið, að þeir töldu svo einnig. Samkvæmt því áliti þeirra er hér ekki staðið eðlilega að reikningsskilum. Hins vegar verður ekki fallist á útreiknaða fjárhæð endurskoðendanna, heldur verður við það að miða, að ákærði Helgi hafi átt að færa þá fjárhæð, sem hann taldi rétta inneign ákærðu Björgólfs og Ragnars hjá félaginu. Sú fjárhæð liggur ekki fyrir í málinu miðað við 31. ágúst 1984.

Líta verður svo á, að í málinu sé samkvæmt þessum kafla ákært fyrir rangfærslur í heild, sbr. það, sem síðar segir. Þykir því ekki hver meint rangfærsla hafa verið brot, sem fyrnist fyrir sig.

9. Eignfærð gámaleiga.

a) Í skýrslu Valdimars Guðnasonar 3. maí 1986 segir, að félagið hafi gert leigusamninga um gáma við tvö fyrirtæki, Consafe og Independent Leasing. Í skýrslunni er við það miðað, að samningurinn við fyrirtækið Consafe hafi í raun verið rekstrarleigusamningur og því engin efni til að eignfæra greiðslur til þess fyrirtækis. Um samninginn við fyrirtækið Independent Leasing er því hins vegar haldið fram, að hann hafi í raun verið kaupleigusamningur, og því hafi eignfærsla á raunverulegu kaupverði gámanna verið við hæfi. Samkvæmt þessu var það niðurstaða Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf., að eignfærð gámaleiga hefði í milliuppgjöri 31. ágúst 1984 verið offærð um 10 til 13 milljón krónur. Endurskoðendurnir

Atli og Stefán styðja í skýrslu sinni þessa niðurstöðu og taka þá mið af rannsókninni, sem unnin var á vegum endurskoðunarfyrirtækisins.

Ákæruvaldið byggir meintar rangfærslur samkvæmt þessum lið I. kafla ákærunnar á þessari niðurstöðu endurskoðendanna og telur eignir oftaldar í samræmi við það.

Ákærðu voru sammála um það fyrir sakadómi, að ákvörðun hefði verið tekin um það hjá félaginu 1981 eða 1982 að eignfæra gámana. Töldu þeir engan vafa leika á því, að samningarnir við Consafe hefðu verið kaupleigusamningar.

b) Í bréfi Consafe Group, leigusala gámanna, til Hafskips hf. frá 8. júlí 1980 er samningur, að minnsta kosti um hluta gámanna, kallaður „leasing agreement" eða kaupleigusamningur. Í bréfinu er því lýst yfir, að Hafskip hf. hafi einkarétt á að kaupa gámana að leigutíma loknum fyrir 600 dollara hvern gám. Samningarnir milli fyrirtækjanna munu hafa verið fleiri og verðið eitthvað misjafnt. Þá liggur fyrir í málinu ljósrit reiknings frá 31. ágúst 1985, þar sem Consafe gerir Hafskip hf. reikning fyrir 98 gámum.

Gegn fullyrðingum ákærðu og gögnum frá Consafe er ósannað, að gámasamningar við Consafe hafi verið rekstrarleigusamningar. Eignfærsla vegna gámaleigunnar var í samræmi við það, sem áður hafði verið ákveðið og fært í reikningsskilum félagsins.

Eins og að framan er rakið í töluliðum 1-8, er það niðurstaðan, að fallast ber á það með ákæruvaldinu, að færslur 1-8 hafi ekki gefið rétta mynd af eiginfjárstöðu Hafskips hf. 31. ágúst 1984, en sá, sem les efnahagsreikning fyrirtækis, hlýtur að mega gera ráð fyrir því, að þar séu allar eignir þess og skuldir tíundaðar, nema á því séu gefnar skýringar eða það leiði af uppsetningu reikningsins. Hins vegar er fram komið, að töluliður 1 var færður í samræmi við það, sem áður hafði tíðkast hjá félaginu. Það er því ósannað, að ákærðu hafi haft ásetning um að rangfæra hann. Þá er ósannað, að við gerð milliuppgjörsins hafi legið fyrir, að bakfæra hafi þurft lið 4. Töluliður 9 þykir ekki rangfærður. Fjárhæðir samkvæmt þessum liðum mynda verulegan hluta þeirrar heildarfjárhæðar, sem ákæruvaldið telur rangfærða. Við það bætist, að umdeilanlegt er, að hvaða marki reikningurinn var vanfærður um ágóðaþóknun

ákærðu Björgólfs og Ragnars, þótt svo hafi verið samkvæmt áliti þeirra sjálfra.

Ákæruvaldið gefur ákærðu að sök að hafa í sameiningu orðið til þess, að eiginfjárstaðan í heild varð misvísandi. Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að hver þeirra fyrir sig hafi unnið að eða ákveðið tilteknar rangfærslur. Þessi verkskipta aðild þeirra hafi leitt til þessarar niðurstöðu í heild. Bent er á tvenns konar samanburð á rekstraráætlun og rekstrarreikningi miðað við 31. ágúst 1984. Blöð um þennan samanburð liggja fyrir í málinu. Á öðru blaðinu er rekstraráætlun fyrstu átta mánuði ársins 1984 borin saman við milliuppgjör, sem afhent var stjórn félagsins og sent Útvegsbanka Íslands. Á hinu er rekstraráætlunin borin saman við milliuppgjör með verulega lakari útkomu. Þá er bent á rannsóknir rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen í Osló, sem áður er getið. Þetta tvennt sýnir að mati ákæruvaldins, að vitneskja um verulega verri stöðu hafi legið fyrir hjá félaginu.

Valdimar Guðnason endurskoðandi hefur kannað og greint mismunandi rekstrarniðurstöður samanburðarblaðanna tveggja fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins. Í skýrslu sinni frá 18. júní 1986 setur hann fram tilgátu um, að mismunur blaðanna sé að minnsta kosti að einhverju leyti fólginn í tölunum, sem talið er samkvæmt rannsóknum rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen, að hafi verið máðar út úr reikningsjöfnunarblöðum þeim, sem fundust við húsleit hjá ákærða Helga og mynda oftaldar eignir samkvæmt því, sem að ofan er rakið.

Ákærði Helgi hefur neitað að hafa haft vitneskju um nema eitt milliuppgjör, og það hafi hann afhent í október 1984. Fyrir liggur, að það var sent Útvegsbanka Íslands 30. október 1984. Þórður Hafsteinn Hilmarsson, forstöðumaður hagdeildar Hafskips, kvaðst við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu hafa gert óhagstæðara samanburðaryfirlitið. Hann mundi ekki hvenær, en taldi sig muna eftir handskrifuðu blaði frá Sigurþóri Charles aðalbókara, eftir að fyrir lá rekstrarreikningur endurskoðanda, sem sýndi 5,8 milljón króna tap. Þórður Hafsteinn kvaðst fyrir sakadómi ekkert hafa haft með milliuppgjörið sjálft að gera.

Ekki liggur fyrir, hvenær þessi óhagstæðari samanburður lá fyrir. Gegn neitun ákærðu verður að telja ósannað, að samanburðar-

blaðið með óhagstæðari útkomunni hafi legið fyrir fyrr en eftir gerð milliuppgjörs, og svo sem áður er frá greint, þykja rannsóknir rannsóknarlögreglu ríkisins og Kriminalpolitisentralen ekki veita svo glöggar vísbendingar, að dómur verði á þeim reistur í opinberu máli.

Þannig þykir ekki sannað, að ákærðu hafi í sameiningu rangfært milliuppgjörið í blekkingarskyni, og ber því að sýkna ákærðu Björgólf, Pál Braga og Ragnar af broti á 248. gr. almennra hegningarlaga og alla ákærðu af broti á 1. mgr. 158. gr. sömu laga.

Milliuppgjör, öðru nafni bráðabirgðauppgjör, var gert af endurskoðanda Hafskips tvisvar á ári, fyrst eftir fjóra mánuði og síðan eftir átta mánuði. Endurskoðandinn, ákærði Helgi, hefur borið fyrir sakadómi, að í það hafi ekki verið lögð sama vinna og ársreikninginn og að þau hafi ekki verið endurskoðuð, eins og hann telur fram koma í áritun á þau.

Vitnið Atli Hauksson endurskoðandi bar fyrir sakadómi, að hann þekkti ekki dæmi þess, að þessi uppgjör væru endurskoðuð og að við gerð þeirra væri ekki beitt sömu nákvæmni og við gerð ársreikninga. Í megindráttum hljóti menn þó að beita sömu aðferðum við gerð þeirra og við gerð ársreikninga.

Hvorki í bókhalds- né hlutafélagalögum eru sérstök ákvæði um milliuppgjör.

Ekki liggur fyrir í málinu, að Félag endurskoðenda hafi sérstaklega fjallað um milliuppgjör eða gefið út leiðbeiningar um gerð þeirra fyrr en í október 1988, er það dreifði drögum að áliti um milliuppgjör.

Framangreint uppgjör fyrstu átta mánaða ársins 1984 var lagt fram á stjórnarfundi Hafskips 8. nóvember 1984.

Allir fyrrverandi stjórnarmenn Hafskips hf. komu fyrir dóm. Þeim bar saman um, að milliuppgjör væri almennt ekki eins nákvæmt og ársreikningar, enda gert á mun styttri tíma en þeir, og að baki því liggi ekki sama vinna. Það sé vísbending um stöðu rekstrarins, notað t.d. til að leiðrétta ýmsa þætti hans og bera saman áætlanir. Þótt reynt sé að athuga hlutina nákvæmlega, sé ekki farið út í smáatriði, og hljóti því allar tölur að vera grófari en í ársreikningnum. Vöruðu þeir við að ofmeta gildi þeirra. Fyrir sakadómi kannaðist enginn stjórnenda við, að hann teldi sig hafa verið blekktan af milliuppgjöri Hafskips hf.

Þegar metnar eru meintar rangfærslur samkvæmt liðum 1-9 í I. kafla ákæru og litið er til framburðar stjórnarmanna Hafskips hf. fyrir sakadómi, þykja ekki fram komnar sannanir fyrir því, að milliuppgjörið hafi verið til þess fallið að villa um fyrir þeim varðandi hag félagsins. Að öðru leyti á 1. mgr. 151. gr. hlutafélagalaga ekki við um verknað ákærðu og milliuppgjörið. Ber því að sýkna ákærðu, Björgólf, Helga, Pál Braga og Ragnar, af að hafa brotið það ákvæði.

Ákærði Páll Bragi Kristjónsson sendi bankastjórn Útvegsbanka Íslands bréf 30. október 1984. Í bréfinu segir:

„Meðfylgjandi sendum við bankastjórninni eftirfarandi:

1. Endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir Hafskip hf., Reykjavík, pr. 31.8.84.
2. Endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir samstæðuna Hafskip pr. 31.8.84.
3. Samanburð á rekstraráætlun og rekstrarreikningi pr. 31.8.84.
4. Samanburð á rekstrarreikningum pr. 31.8.83 og 31.8.84.
5. Skýringar við rekstrarniðurstöðu pr. 31.8.84.

Eins og samanburðarblað og skýringar bera með sér, er góð samsvörun á flestum rekstrarliðum við áætlun og rekstrarniðurstöðu. Hins vegar er talsvert frávik til hins verra á liðnum gengistap, sem rekja má til gengisbreytingar síðast í ágústmánuði, sem öll verður að færast til gjalda í þessu uppgjöri. ...“

Ákærði Helgi hafði 12. október 1984 skrifað ákærðu Björgólfi, Páli Braga og Ragnari og Jóni H. Magnússyni framkvæmdastjóra minnisblöð um alvarlega stöðu félagsins og framtíðarhorfur. Segir þar í upphafi, að síversnandi eiginfjárstaða og slæmar horfur um bata veki vaxandi ugg. Síðan er þetta rakið nánar í löngu máli.

Ákærðu Páll Bragi og Ragnar áttu í október 1984, með vitneskju ákærða Björgólfs, í viðræðum við Útvegsbanka Íslands um frekari fyrirgreiðslu. Í bréfum sínum til bankans tíunda þeir mikla fjárhagslega erfiðleika Hafskips hf. og leita ásjár bankans til að fleyta félaginu yfir þá.

Sannað er, að Björgólfur og Ragnar vissu samkvæmt því, sem að ofan er skráð varðandi töluliði 1-9, að eiginfjárstaða félagsins samkvæmt milliuppgjörinu var í ýmsu misvísandi, og höfðu þeir tekið þátt í að fresta ýmsum skuldfærslum. Sama gildir um ákærða Pál Braga, þótt hann hafi ekki haft vitneskju um ágóðaþóknun for-

stjóra og stjórnarformanns svo og svokallaða jaðarreikninga þeirra. Hann sendi milliuppgjörið til bankans með fullyrðingum um, að það væri endurskoðað.

Þótt það þyki samkvæmt ofanrituðu ósannað, að milliuppgjörið hafi verið gert og sent Útvegsbankanum í blekkingarskyni, þykja ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar hafa með því að senda milliuppgjör, sem þeir vissu, að var misvísandi, og meðan þeir áttu í viðkvæmum viðræðum við bankann, orðið sekir um brot á 2. mgr. 152. gr. laga um hlutafélög, en þar segir: „Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 151. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til." Líta verður þó til þess, eins og að ofan greinir, að ákærðu höfðu í bréfum til bankans á þessum tíma lagt ríka áherslu á alvarlegt fjárhagsástand félagsins.

Ákæruvaldið hefur gefið ákærða Helga að sök að hafa hinn 19. október 1984 sem löggiltur endurskoðandi áritað reikningsskil fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984 með þeim hætti, að ekki verði annað ráðið af áritun hans en reikningsskil þessi hafi verið endurskoðuð, þótt svo hafi ekki verið í reynd.

Ákærði Helgi Magnússon hafði áritað milliuppgjör samstæðureikningsins. Athugasemdir hans voru eftirfarandi:

„Nú sem fyrr er á það bent, að vissir annmarkar fylgja milliuppgjöri, sem gert er skömmu eftir að rekstrartímabili lýkur. En leitast hefur verið við að ná með í uppgjörið þeim gjalda- og tekjuliðum, sem tilheyra tímabilinu, svo og þeim atriðum, sem áhrif hafa á efnahagsstöðu samstæðunnar hinn 31.8.1984.

Við endurmat varanlegra rekstrarfjármuna hjá móðurfélaginu og útreikning á reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga fyrir tímabilið 1.1. - 31.8.1984 er nú alfarið (sic) miðað við breytingu á byggingarvísitölu á tímabilinu. Í milliuppgjöri árið 1983 var hins vegar tekið mið af áætlaðri verðlagsbreytingu ársins í heild og reiknað hlutfallslega út frá því."

Rekstrar- og efnahagsreikningi Hafskips hf., Reykjavík, fylgdi sams konar áritun.

Eins og að framan greinir, kvaðst ákærði Helgi ekki hafa endurskoðað milliuppgjörið.

Í 10. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur segir: „Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum."

Þótt ekki séu sérstök ákvæði um milliuppgjör í lögum um löggilta endurskoðendur og ekki hafi verið venja að endurskoða milliuppgjör á þessum tíma, veitir áritun ákærða Helga í ljósi 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur ástæðu til að ætla, að svo hafi verið gert. Bankastjórn Útvegsbanka Íslands mátti því í ljósi bréfs ákærða Páls Braga og áritunarinnar ganga út frá því, að svo væri. Samkvæmt þessu hefur ákærði Helgi gerst brotlegur við ofangreinda lagagrein, sbr. 17. gr. sömu laga.

Því er haldið fram, að sök sé fyrnd varðandi brot það, sem ákærði Helgi er hér sakfelldur fyrir.

Áðurgreint milliuppgjör var áritað af ákærða Helga hinn 19. október 1984. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald 21. maí 1986. Fyrri ákæru var vísað frá Hæstarétti 24. júlí 1987. Svo sem þegar er getið, fyrirskipaði Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, nýja lögreglurannsókn á ætluðum refsiverðum brotum fyrrverandi fyrirsvarsmanna Hafskips hf. og löggilts endurskoðanda félagsins með bréfi 16. október 1987. Samdægurs hóf löglærður deildarstjóri rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknina. Ákæra var síðan birt í málinu 14. nóvember 1988. Allan þann tíma, sem leið frá áritun milliuppgjörsins og fram til þess, að ákæran var birt, var hann því yfirheyrður eða viðhafðar aðrar aðgerðir gagnvart honum, sem slíta fyrningu samkvæmt 4. mgr. 82. gr., sbr. 1. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga.

6. kafli.

Með dómi sakadóms 5. júlí 1990 voru ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar sýknaðir af II. kafla ákæru. Af hálfu ákæruvaldsins er þeim sýknudómi ekki áfrýjað. Verður næst vikið að III. kafla

ákærunnar. Samkvæmt þeim kafla er ákærðu Björgólfi, Helga og Ragnari gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings Hafskips fyrir árið 1984, sem dagsettur er 16. maí 1985, eins og að framan greinir.

Ákærðu hafa staðfastlega neitað þessum sakargiftum.

Í ákæru er í 13 liðum gerð grein fyrir, í hverju ákæruvaldið telur rangfærslurnar fólgnar. Þar er talið, að með þessum rangfærslum hafi efnahagsreikningur Hafskips hf. og dótturfélaga þess hinn 31. desember 1984 sýnt neikvæða eiginfjárstöðu, að fjárhæð 104.869.756 krónur, þegar hún í reynd var neikvæð um 257.411.673 krónur. Fyrir Hæstarétti hefur ákæruvaldið fallið frá fimm þessara liða, samtals að fjárhæð 57.120.497 krónur. Eru þetta liðir 7,9,11,12 og 13. Verður ekki frekar að þeim vikið. Verður nú gerð grein fyrir hverjum hinna 8 liða, sem eftir eru, með þeim númerum, sem þeim eru gefin í ákæru. Endurskoðendurnir Atli Hauksson og Stefán Svavarsson gerðu einnig athugun á ársreikningi 1984 á sama hátt og milliuppgjörinu, svo sem áður er að vikið.

1. Lotun flutningstekna og beins kostnaðar, sem þeim tengist.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns frá 11. október 1988 segir, að sömu reikningsskilareglu hafi verið beitt í ársuppgjöri Hafskips hf. 1984 og í milliuppgjöri fyrir átta fyrstu mánuði þess árs, en frá því segir undir 5. kafla hér að framan. Af þessum sökum telja endurskoðendurnir nauðsynlegt, með vísan til áðurgreinds rökstuðnings, að leiðrétta bókfært eigið fé fyrirtækisins í lok ársins 1984 fyrir áhrifum, er lúta að lotun tekna og beins kostnaðar, sem þeim tengist. Í skýrslu endurskoðendanna er síðan yfirlit um, hversu mikið þurfi að leiðrétta bókfærðar flutningstekjur og ferðatengdan kostnað, sé beitt svokallaðri hlutfallareglu, sem fyrr er um getið. Yfirlit þetta nær bæði yfir siglingar til og frá Íslandi og svokallaðar Atlantshafssiglingar, sem félagið hóf í október 1984. Sömu aðferðum er beitt við hlutföllun tekna og kostnaðar á þessar ferðir í báðum tilvikum.

Ákæruvaldið byggir þennan lið III. kafla ákærunnar á þessu yfirliti endurskoðendanna.

b) Í umfjöllun um 1. lið I. kafla ákæru er á það fallist með endurskoðendunum Atla og Stefáni, að það geti skipt talsverðu máli um

efni efnahagsreiknings, hvaða aðferð er notuð við lotun tekna og gjalda af ferð skips. Einnig er á það fallist, að aðferð sú, sem beitt var hjá Hafskipi hf., hafi ekki gefið nákvæma mynd af eiginfjárstöðu félagsins. Með þeim rökum, sem þar eru rakin, er þó ekki sannað, að ákærðu hafi með aðferð sinni við lotun tekna og kostnaðar af ferðum ætlað að rangfæra ársreikning 1984, þótt hann hafi mátt færa þannig, að gæfi skýrari mynd af eiginfjárstöðu félagsins.

2. Uppsafnaðar tekjur.

a) Í skýrslu Valdimars Guðnasonar til skiptaráðenda 3. maí 1986 segir, að í lokafærslum endurskoðandans, ákærða Helga, á reikningsjöfnuði séu flutningstekjur af svonefndum Atlantshafsflutningum hækkaðar um 15.900.000 krónur. Fram komi í gögnum endurskoðandans, að til grundvallar þessari færslu sé bréf Þórðar Hafsteins Hilmarssonar frá 15. maí 1985, sem beri yfirskriftina: „Minnisatriði vegna uppgjörs 1984". Þar komi fram, að áætlaðar uppsafnaðar tekjur vegna vöru, sem lá í einstökum höfnum 31. desember 1984, nemi 15.900.000 krónum miðað við áramótagengi viðkomandi gjaldmiðla. Ekki hafi fundist í gögnum endurskoðandans eða í bókhaldi félagsins neins konar vinnuskjöl, sem rennt geti stoðum undir þessa tekjufærslu. Telur Valdimar þessa tekjufærslu vera óvenjulega og brot á almennum reglum reikningsskila. Eðlilegra væri að eignfæra sem fyrir fram greiddan kostnað í reikningsskilum beinan útlagðan kostnað vegna varnings í einstökum höfnum. Þess konar kostnaður hafi í bókhaldi Hafskips hf. verið merktur ákveðnum skipaferðum. Við skoðun á þessum kostnaðarliðum á árinu 1984 verði ekki séð, að neinn slíkur kostnaður hafi verið færður vegna ferða, sem hófust eftir 31. desember 1984.

Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns er tekið undir skoðun Valdimars og sagt, að það heyri til algjörra undantekninga, að pantanir séu færðar, og að tekjufærsla þessi sé ekki í samræmi við góða reikningsskilavenju. Færslan stríði bæði gegn varfærnissjónarmiðum við reikningsgerð og þeirri reglu, að tekjur beri að innleysa á því tímabili, sem til þeirra sé unnið. Útistandandi kröfur fyrirtækisins séu því oftaldar um 15.900.000 krónur í árslok 1984.

Ákæruvaldið byggir þennan lið III. kafla ákæru á þessu áliti endurskoðendanna og telur hann rangfærðan.

Ákærði Björgólfur bar fyrir sakadómi, að Þórði Hafsteini hefði verið falið að athuga ákveðna þætti varðandi þennan lið. Honum hefði verði falið að áætla þessar tekjur. Engin fordæmi hafi verið fyrir þessu í rekstri félagsins, enda engin fordæmi fyrir beinu Atlantshafssiglingunum, sem hófust haustið 1984. Í þessum nýja rekstri hafi komið fram alls konar ný matsatriði, sem kanna hafi þurft.

Ákærði Ragnar bar fyrir sakadómi, að þessi liður væri einhver hluti af upphafskostnaðardæminu vegna Atlantshafssiglinganna.

Ákærði Helgi bar, að liðurinn útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. heyrði til veltufjármuna í efnahagsreikningi, þar sem um skammtímaeignir væri að ræða, og hefðu 15,9 milljónirnar tvímælalaust átt heima þar. Hann sagði, að það hefði orðið ljóst, þegar Atlantshafssiglingarnar hófust síðustu mánuði ársins 1984, að óeðlilegt myndi verða að færa á það ár ýmsan kostnað, sem til féll í upphafi. Hér væri um upphafskostnað að ræða, en ekki stofnkostnað. Hann kvaðst telja, að hann hefði rætt þetta við ákærða Björgólf og beðið hann að koma með tillögur um, hvað þarna væri um að ræða, og gera sér síðan grein fyrir því. Ákærði Björgólfur hefði væntanlega ráðfært sig við Þórð Hafstein, þar sem hann vann við áætlanadeild. Hann kvaðst síðan hafa óskað eftir endanlegum tölum frá Þórði Hafsteini og rök fyrir þeim, svo að hann gæti tekið endanlega ákvörðun um færsluna. Þessi tala hefði verið áætluð, en ekki byggð á tilteknum fylgiskjölum, heldur mati á færslum í bókhaldi félagsins og upplýsingum, sem fyrir lágu. Hann kvaðst geta fallist á, að betur hefði farið á því, að þetta hefði verið sérgreint sem fyrir fram greiddur kostnaður. Þá hefði enn fremur farið betur á því að skýra þetta sérstaklega í ársreikningnum. Hann sagði, að sér hefði þótt eðlilegt að færa þennan lið til mótvægis við kostnað, sem fyrirtækið hafði lagt í við að koma vörum til einstakra hafna. Þessi kostnaður hefði falist í alls konar aukaflutningum, geymslukostnaði o.fl.

Þórður Hafsteinn staðfesti, að hann hefði að öllu leyti útbúið blaðið, sem liggur að baki þessum lið. Við gerð þess hefði hann ekki kannað sérstaklega, hvort vara var raunverulega til í einstökum höfnum, sem svaraði til þessa liðar. Hann hélt því hins vegar fram, að tekjur hefðu í raun verið meiri en nam þessum lið. Hann kvaðst

hafa verið boðaður á fund ákærðu Björgólfs, Ragnars og Helga í maí 1985. Á fundinum hefði fyrst og fremst verið rætt um, hvaða stærðir gætu verið fólgnar í upphafskostnaði félagsins, því að beinlínis væri rangt að færa ekki upphafskostnað, þar sem hann gæti ekki allur átt að tilheyra árinu 1984. Ákærði Björgólfur hefði haft ákveðnar hugmyndir um, hvað telja ætti til upphafskostnaðar, og hefði sér verið falið að kanna, hvort þær hugmyndir stæðust. Þannig hefðu minnisblöð sín orðið til varðandi þennan lið og hinn næsta hér á eftir.

b) Fram er komið og viðurkennt af ákærðu, að samkvæmt þessum lið er um að ræða mat á kostnaði við varning, sem ekki var enn farið að flytja, og þannig gagnstætt því, sem var venja félagsins. Hér er þetta eignfært án skýringa á þann veg, að búast mátti við af lestri reikningsskilanna, að þessi varningur hefði þegar verið fluttur. Sannað er þannig, að þessi færsla var óeðlileg og gaf ekki rétta mynd af eiginfjárstöðu félagsins við áramót, sbr. 95. gr. laga um hlutafélög og 19. gr. laga um bókhald nr. 51/1968.

3. Eignfærður kostnaður.

a) Í lokafærslum endurskoðandans, ákærða Helga, á reikningsjöfnuði í árslok 1984 eru 23.500.000 krónur eignfærðar í liðnum Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. Grundvöllur þessarar eignfærslu var tvö minnisblöð, annað frá Þórði Hafsteini Hilmarssyni varðandi kostnað á árinu 1984 við lestun og losun tómra gáma, flutning þeirra og dreifingu á einstakar hafnir síðustu mánuði ársins 1984, að fjárhæð 20.000.000 krónur. Hitt minnisblaðið er frá Sigurþóri Charles Guðmundssyni aðalbókara vegna ferða- og risnukostnaðar 1984, að fjárhæð 3.500.000 krónur. Þetta var talið réttlætanlegt að eignfæra vegna undirbúnings Atlantshafssiglinganna. Í gögnum málsins kemur fram, að þessi eignfærsla var byggð á því, að óréttlátt þótti, að reksturinn 1984 bæri að öllu leyti upphafskostnað við hina nýju siglingaleið. Hugsunin var sú, að fleiri en eitt reikningstímabil nytu ávinnings af slíkum kostnaði.

Framburður ákærða Björgólfs, Helga og Ragnars svo og Þórðar Hafsteins fyrir sakadómi um tildrög gerðar minnispunktanna og þessarar færslu í ársreikninginn er á svipaða lund og um lið 2 hér að framan. Sigurþór Charles aðalbókari staðfesti í skýrslu fyrir

sakadómi, að hann hefði látið ákærða Helga í té bréf, dagsett 13. maí 1985, um eignfærðan upphafskostnað, að fjárhæð 3.500.000 krónur, vegna ferða- og risnukostnaðar. Hann kvaðst hafa gert þetta að beiðni ákærða Helga í framhaldi þess, að farið var að kanna, hvort grundvöllur væri fyrir eignfærslu langtímakostnaðar. Ákærði Helgi hefði beðið sig að taka saman áætlaðan ferðakostnað vegna undirbúnings Atlantshafssiglinganna. Hann sagði, að ferða- og risnukostnaður félagsins árið 1984 hefði í heild numið um 11 milljónum króna, ef hann myndi rétt, og ættu tölurnar í bréfi sínu þar stoð.

Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns kemur fram það álit þeirra, að þar sem nokkur óvissa ríkti um framtíð félagsins á þessum tíma, hefði farið betur á því að gjaldfæra þennan kostnað í rekstrarreikningi. Þeir benda sérstaklega á, að þeir telji það mjög villandi framsetningu á ársreikningnum að sérgreina ekki þennan kostnað í efnahagsreikningi, þar sem í honum felist ákveðið viðhorf til framtíðar félagsins, sem rétt hefði verið að vekja athygli á. Þá sé ljóst, að þessi liður falli alls ekki að efni þess liðar, sem hann er heimfærður undir. Sama skoðun kemur fram í skýrslu Valdimars Guðnasonar.

Ákæruvaldið reisir þennan lið III. kafla ákærunnar á þessu áliti endurskoðendanna.

b) Eðlilegt getur verið að eignfæra kostnað sem þennan, en fallast verður á það með endurskoðendunum Atla, Stefáni og Valdimar, að sérgreina hefði átt hann eða að vekja á annan hátt athygli lesenda ársreikningsins á þessari færslu, sbr. og 95. gr. laga um hlutafélög og ákvæði 19. gr. laga um bókhald um lágmarkssundurliðun efnahagsreiknings.

4. Reikningar frá Cosmos Shipping.

a) Í skýrslu Valdimars Guðnasonar 3. maí 1986 kemur fram, að í ársreikningi Hafskips Holdings 1984, - en eins og fyrr er getið, var það eitt af dótturfélögum Hafskips hf. og átti öll hlutabréf í Cosmos Shipping, - segi í skýringum, að í sölutekjum séu með taldir 120.000 dollarar, sem séu reikningar á Hafskip USA, sem var annað dótturfélag Hafskips hf., vegna ýmiss konar aðstoðar. Reikningur þessi hafi ekki verið gjaldfærður hjá Hafskipi USA, heldur í bók-

hald Hafskips hf. í desember 1984. Ákærði Ragnar mun hafa gert athugasemdir við þessa færslu, sem leiddi til þess, að hún var bakfærð sem nam 4.872.000 krónum miðað við þáverandi gengi. Valdimar telur áhrif þessarar bakfærslu verða þau, að sölu- og stjórnunarkostnaður hafi verið vantalinn um framangreinda fjárhæð í ársreikningi Hafskips hf. Endurskoðendurnir Atli og Stefán taka undir þessa skoðun Valdimars í skýrslu sinni. Segja þeir, að á engan hátt sé unnt að rökstyðja frestun á þessum kostnaði.

Ákæruvaldið byggir þennan lið á þessu áliti endurskoðendanna.

Skýring ákærða Björgólfs á þessum lið fyrir sakadómi var sú, að deilur hefðu orðið um skiptingu kostnaðar milli félaganna í Bandaríkjunum. Hann kvaðst ekki vita, hvort samkomulag hefði náðst fyrir áramót.

Ákærði Ragnar taldi fyrir sakadómi þennan reikning vera í bókum félagsins. Snemma árs 1985 hefði hann fengið með hefðbundnum hætti tölvukeyrt rekstraryfirlit og séð þá, að sérfræðikostnaðurinn á skrifstofunni hafði hækkað um einhverjar milljónir. Hefði hann minnst á þetta við aðalbókarann, Sigurþór Charles, sem hefði upplýst sig um, að þetta væru umræddir 120.000 dollarar, sem færast hefðu átt af Cosmos Shipping yfir á Hafskip USA, en hefðu verið færðir á skrifstofukostnað. Hann hefði bent Sigurþóri Charles á, að þetta væri rangfærsla, og óskað eftir leiðréttingu. Hann hefði svo ekki vitað meira um málið á þeim tíma.

Sigurþór Charles staðfesti fyrir sakadómi, að ákærði Ragnar hefði sagt sér að bakfæra umræddа fjárhæð, og hefði hann gert það og komið þeim boðum til ákærða Helga, svo að efnisleg afstaða yrði tekin til þess, hvernig fara skyldi með þennan reikning.

Ákærði Helgi kunni fyrir sakadómi enga skýringu á því, hvers vegna þetta var fært til gjalda í bókhaldi Hafskips hf. 1984, en síðan frestað fram yfir áramót og þá fært til gjalda 1985.

b) Fram er komið, að frestun þessarar gjaldfærslu var að ófyrirsynju.

5. Mismunur á reikningsjöfnuði.

a) Í skýrslu Atla og Stefáns segir, að við útfærslu reikningsjafnaðar hafi verðbætur á skuldabréf, að fjárhæð 412.603 krónur, ranglega verið teknar upp sem kredittala, en átt að vera hið gagn-

stæða. Afleiðing þessa hafi orðið sú, að prófjöfnuðurinn stemmdi ekki, en jöfnuði var komið á með því að hækka eignaliðinn Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. og tvöfalda þessa fjárhæð. Af þessum sökum sé þessi liður oftalinn um 825.206 krónur í árslok 1984 og eigið fé að sama skapi. Sama kemur fram í skýrslu Valdimars Guðnasonar frá 3. maí 1986.

Ákæruvaldið byggir þennan lið á þessu áliti endurskoðendanna og telur þetta rangfært.

Endurskoðendurnir þrír sögðu fyrir sakadómi, að þeir þekktu ekki til slíkra mistaka.

Ákærðu Björgólfur og Ragnar kváðust fyrir sakadómi ekkert þekkja til þessa. Ákærði Helgi taldi, að það, sem hér er haldið fram um þennan lið, fengi ekki staðist, og mótmælti staðhæfingum endurskoðendanna. Taldi hann, að óhugsandi væri, að hann hefði látið fjárhæð af þessu tagi standa óleiðrétta.

b) Fram er komið, að hér er um óvönduð vinnubrögð að ræða og að eiginfjárstaða sé oftalin um ofangreinda fjárhæð. Hins vegar verður að líta til þess, að þessi fjárhæð skiptir ekki miklu í reikningsjöfnuðinum.

6. Jaðarreikningur og ágóðaþóknun til stjórnenda.

a) Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að samkvæmt ársuppgjöri Hafskips hf. fyrir árið 1984 hafi innstæður á bankareikningum, svonefndum jaðarreikningum, verið 3.540.868 krónur. Hins vegar hafi ekki raunverulega verið inni á þessum reikningum nema 561.065 krónur í lok ársins. Eignir félagsins hafi þannig verið oftaldar um 2.979.803 krónur. Þá vitna þeir til umsagnar sinnar um ágóðaþóknun, sem rakin var við umfjöllun I. kafla ákæru, og vísa til yfirlits ákærða Helga varðandi launakjör ákærðu Björgólfs og Ragnars um, að skuld félagsins við þá vegna ágóðaþóknunar hafi við árslok 1983 numið 325.346 dollurum. Eins og áður er fram komið, reikna endurskoðendurnir ekki með ágóðahlut árið 1984. Þeir benda hins vegar á, að skuldin hafi breyst á árinu 1984 vegna úttekta og vaxta um 87.074 dollara og hafi því í árslok átt að reiknast 238.272 dollarar. Telja endurskoðendurnir því, að eigið fé fyrirtækisins hafi í árslok verið oftalið um 9.673.843 krónur miðað við sölugengi í lok þess árs.

Ákæruvaldið byggir þennan lið á þessu áliti endurskoðendanna og telur eigið fé félagsins rangfært sem nemur þeim tveimur tölum, sem hér hefur verið frá greint.

Afstaða ákærðu Björgólfs, Helga og Ragnars er hin sama til þessa liðar og til liða 7 og 8 í I. kafla ákæru.

b) Samkvæmt 19. gr. laga um bókhald átti að færa raunverulega stöðu jaðarreikninganna í ársreikninginn.

Að því er varðar færslu á ágóðaþóknun ákærðu Björgólfs og Ragnars, má vísa til þess, sem segir um 8. lið I. kafla ákæru hér að framan um, að færa hafi átt innstæðu hennar vegna í reikningsskil Hafskips hf., sbr. og 19. gr. laga um bókhald og 99. gr. hlutafélagalaga. Átti ákærði Helgi þá að miða við þá tölu, sem hann taldi rétta, sem þannig hefði orðið hærri tala en endurskoðendurnir Atli og Stefán miða við í sínum útreikningum.

8. Eignfærð gámaleiga.

a) Samkvæmt skýrslu Valdimars Guðnasonar frá 3. maí 1986 taldi hann, að lækka þyrfti bókfært verð Hafskips hf. um 12.703.237 krónur. Endurskoðendurnir Atli og Stefán féllust á þessa skoðun. Ákæruvaldið miðar þennan lið við það álit þeirra og telur eignir oftaldar sem þessu nemur.

b) Með sama rökstuðningi og um getur, þegar fjallað er um 9. lið I. kafla ákæru, er ekki á þetta álit endurskoðendanna fallist.

10. Hafskip Holdings Inc.

a) Hafskip Holdings Inc., dótturfélag Hafskips hf., keypti síðari hluta árs 1983 öll hlutabréf í Cosmos Shipping. Vörðuðu þau kaup fyrirhugaðar siglingar milli Evrópu og Ameríku. Kaupverð bréfanna var nokkru hærra en bókfært eigið fé, svo að mismunurinn var skýrður sem viðskiptavild. Í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns segir, að með hliðsjón af þeim hugmyndum, sem forráðamenn Hafskips hf. gerðu sér um þessar siglingar, hafi ekki verið óeðlilegt að færa slíka viðskiptavild og afskrifa á nokkrum árum. Þar sem eiginlegur rekstur þess félags hafi ekki hafist fyrr en á árinu 1984, komi einnig til álita og geti samrýmst góðum reikningsskilavenjum að eignfæra tapið af rekstri Cosmos fyrir tímabilið frá kaupdegi til ársloka 1983. Ákvörðun mun hafa verið tekin um það

við reikningsgerðina fyrir árið 1983 að afskrifa viðskiptavildina á þremur árum. Þetta var hins vegar ekki gert 1984. Telja Atli og Stefán þetta ekki samrýmast góðri reikningsskilavenju. Telja þeir því nauðsynlegt að lækka bókfært verð umræddrs eignaliðar í bókhaldi Hafskips hf. um 3.698.051 krónu.

Ákæruvaldið byggir þennan lið III. kafla ákærunnar á ofangreindu áliti endurskoðendanna og telur eigið fé rangfært sem þessu nemur.

Ákærði Björgólfur sagði fyrir sakadómi, að sér hefði verið ljóst, að ákveðið var að afskrifa viðskiptavild Hafskips Holdings Inc. á þremur árum, en kunni ekki skýringu á því, hvers vegna það var ekki gert 1984.

Ákærði Ragnar kvaðst ekki muna, hvort sér var það kunnugt, þegar ársreikningur 1984 var lagður fram á stjórnarfundi, að ákærði Helgi hafði fallið frá afskriftum vegna kaupanna á Cosmos. Hann kynni að hafa vitað af þessu. Snemma árs 1985 hefði verið ákveðið að selja Cosmos, og viðhorfin hefðu þá breyst, því að allar tölur varðandi fyrirtækið myndu hverfa. Það hefði einnig vafist fyrir ákærða Helga, við hvaða afskriftarprósentu ætti að miða.

Ákærði Helgi vakti athygli á því í sambandi við þennan lið, að afskriftarreglum væri oft breytt, og væri því þetta ekkert einsdæmi. Þegar gengið var frá uppgjörinu í maí 1985, hefði þótt ástæðulaust að afskrifa þetta á árinu 1984, þar sem fyrir hefði legið, að stjórn félagsins ætlaði að selja Cosmos og hefði síðan gert það fyrir árslok 1985. Allt hefði bent til þess, að fyrirtækið færi skaðlaust út úr þessu, enda hefði það gengið eftir.

b) Í 3. mgr. 98. gr. laga um hlutafélög segir:

„Hafi félag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna, þá má færa það, sem umfram er, til eignar meðal fastafjármuna, ef talið verður, að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði."

Fram er komið, að forráðamenn Hafskips hf. höfðu ákveðið að skýra mismun á bókfærðu verði hlutabréfa Cosmos Shipping og kaupverði sem viðskiptavild í ársreikningum 1983. Bar þeim því samkvæmt ofangreindu ákvæði að halda sig við það, og þykja skýr-

ingar ákærða Helga breyta því í engu. Fram er þannig komið, að þessi liður er rangfærður.

Eins og að framan er rakið undir töluliðum 1-6 og 10, ber á það að fallast með ákæruvaldinu, að færslur samkvæmt þessum liðum hafi ekki gefið rétta mynd af eiginfjárstöðu Hafskips hf. 31. desember 1984, en sá, sem les í ársreikningi efnahagsreikning fyrirtækis, hlýtur að mega gera ráð fyrir því, að þar séu allar eignir og skuldir tíundaðar réttilega, nema á því séu gefnar skýringar eða það leiði af uppsetningu reikningsins, sbr. 99. gr. laga um hlutafélög. Hins vegar hefur ákæruvaldið í kröfugerð sinni hér fyrir dómi sleppt 5 liðum af 13, sem það áður taldi vanfærða. Hér að ofan er ekki fallist á sjónarmið ákæruvaldsins varðandi 8. lið, og í ljós hefur komið, að 1. liður er færður á sama veg og gert hefur verið til fjölda ára. Þá er það umdeilanlegt, sbr. Hrd. 1989,696, að hvaða marki reikningurinn var í raun vanfærður um ágóðaþóknun ákærðu Björgólfs og Ragnars, þótt svo hafi verið samkvæmt áliti þeirra. Niðurstaða skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns var sú, að allar leiðréttingar þeirra samtals væru svo stórar í sniðum, að birtur efnahagsreikningur í árslok 1984 gæfi ranga mynd af efnahag félagsins við það tímamark. Ákæruvaldið gefur ákærðu Björgólfi, Helga og Ragnari að sök að hafa í sameiningu staðið að því að rangfæra ofangreinda liði í heild í blekkingarskyni, svo að eiginfjárstaðan yrði misvísandi. Hluti leiðréttinga Atla og Stefáns er ekki hér til meðferðar, liður 8 þykir ekki rangfærður, og liður 1 er færður sem fyrr. Gegn staðfastlegum neitunum ákærðu þykir því ósannað, að þeir hafi haft ásetning til þess að rangfæra efnahagsreikning ársreiknings í heild í blekkingarskyni. Ber því að sýkna þá af kröfum ákæruvaldsins um brot á 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga.

Í 3. mgr. 52. gr. hlutafjárlaga segir:

„Félagsstjórn skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.“ Sama regla kemur fram í 2. mgr. 4. gr. bókhaldslaga. Ákærði Björgólfur var forstjóri félagsins 1984 og ákærði

Ragnar stjórnarformaður í fullu starfi. Fram er komið, að staða þeirra hafði lítið breyst, frá því er þeir voru ráðnir til að vera framkvæmdastjórar fyrirtækisins, þótt ráðnir væru framkvæmdastjórar að fyrirtækinu, heyrðu þeir skipulagslega og starfslega undir þá. Á ákærðu Björgólfi og Ragnari hvíldi því skylda til að sjá um, að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur. Samkvæmt því, sem að framan segir varðandi liði 2 og 3, tóku þeir þátt í ákvörðunum um færslur þessara liða og ákærði Ragnar einnig, að því er varðaði lið 4. Samkvæmt 87. gr. hlutafélagalaga ber félagsstjórn og framkvæmdastjóra að veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar, og fá þeim þau gögn, upplýsingar og aðstoð, sem þeim eru nauðsynlegar til að framkvæma verk sitt. Samkvæmt stöðu ákærðu Björgólfs og Ragnars bar þeim að veita ákærða Helga þessa aðstöðu. Í skýrslu ákærða Helga um starfskjör ákærðu Björgólfs og Ragnars frá desember 1985 segir hann, að hann hafi verið mjög óánægður með myndun bíðreikninga þeirra, sem fjallað er um í 6. lið, og hafi óskað eftir fyllra uppgjöri á þessu við þá og oft hvatt til að ganga alveg frá uppgjöri. Játað er af ákærðu Ragnari og Björgólfi, að uppgjör lenti í undandrætti hjá þeim. Ákærði Helgi gerði sem sjálfstæður löggiltur endurskoðandi ársreikninginn 1984 og áritaði hann. Samkvæmt 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur þýðir það, að hann gefi glögga mynd af hag og afkomu félagsins.

Samkvæmt því, sem að framan greinir um einstaka liði meintra rangfærslna í efnahagsreikningi, er fram komið, að í ársreikningi er villandi frá skýrt í nokkrum veigamiklum atriðum. Ákærðu Björgólfur, Helgi og Ragnar bera allir, hver á sinn hátt, ábyrgð á því, að þannig tókst til. Ber því að fallast á það með ákæruvaldinu, að þeir hafi orðið brotlegir við 1. tl. 151. gr. hlutafjárlaga, en í 151. gr. segir: „Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum: 1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár. ...“

Taka ber þó tillit til þess, að stjórnarmönnum í Hafskipi hf. var kunnugt um færslu sumra þessara liða og vissu, samanber það, sem síðar verður um það sagt í þessum dómi, að starfskjörum ákærðu Björgólfs og Ragnars var að nokkru haldið leyndum. Þá ber að taka tillit til þess, að samkvæmt skýrslu bankastjóra Útvegsbanka Íslands um fyrirgreiðslur til Hafskips hf., sem rakin er í 2. kafla hér að framan, hækkuðu þær ekki af völdum bankans eftir útkomu ársskýrslunnar. Brot ákærðu beinast þannig aðallega að hluthöfum, en ársreikningurinn var til umfjöllunar á aðalfundi í júní 1985.

Í ákæru er ákærða Helga enn fremur gefið að sök að hafa hinn 16. maí 1985 áritað ársreikning Hafskips hf. fyrir árið 1984 á þann veg, að ekki verði annað séð en ársreikningar allra félaga innan samstæðunnar hafi verið endurskoðaðir, enda þótt endurskoðun hafi ekki farið fram á ársreikningum þriggja dótturfélaga, þ.e. Hafskips USA, Inc., Hafskips Holdings Inc. og Hafskips Nederlands B.V.

Áritun endurskoðandans er eftirfarandi:

„Samstæðureikning Hafskips hf. og dótturfélaga þess fyrir árið 1984 hef ég endurskoðað. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjármagnsstreymi og skýringar nr. 1 - 21. Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Eiginfjárstaða félagsins er neikvæð um 104,9 millj. kr., og heildarfjárhæð skammtímaskulda er 20,5 millj. kr. hærri en samtala veltufjármuna.

Sem fyrr er bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi miðað við framreikning upphaflegs stofnverðs að frádregnum föstum árlegum afskriftum. Bent er á skýringu nr. 11, en þar kemur fram, að áætlað markaðsverð á skipum félagsins er 37,5 millj. kr. hærra en bókfært verð þeirra í árslok 1984. Framsetning skulda miðast við, að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Komi til vanskila á umsömdum skuldum, getur það leitt til gjaldfellingar þeirra og jafnframt haft veruleg áhrif á söluverð eigna félagsins.

Hinn 9. febrúar 1985 samþykkti hluthafafundur í félaginu nýtt hlutafjárútboð, að fjárhæð 80 millj. kr. Það viðbótarhlutafé er allt selt.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og félagssamþykktir og með þeim fyrirvara, sem leiðir af framangreindum atriðum, gefi hann glögga mynd af rekstri samstæðunnar á árinu 1984, efnahag hennar hinn 31. desember 1984 og breytingum á hreinu veltufé árið 1984."

Í gögnum málsins er að finna íslenska þýðingu á áritunum endurskoðenda erlendu dótturfélaganna þriggja. Í áritun endurskoðenda Hafskips USA Inc. kemur fram, að þeir hafi athugað efnahagsreikning félagsins pr. 31. desember 1983 og 1984. Um þá athugun segir síðan, að hún sé „verulega minni í sniðum en skoðun í samræmi við viðurkenndar endurskoðunarreglur, þar sem markmiðið er að setja fram álit á reikningsskilum í heild sinni". Þeir veiti því ekki slíkt álit. Í áritun endurskoðanda Hafskips Holdings Inc. er gefið efnislega sama álit. Í áritun endurskoðenda Hafskips Nederlands segir orðrétt: „Þar sem fyrirtæki yðar er enn mjög lítið og við höfum fært reikninga þess sjálfir, hafa reikningarnir ekki verið endurskoðaðir."

Ákærði Helgi hefur bent á fyrir sakadómi, að öll þessi félög hafi haft endurskoðendur, sem hafi áritað ársreikningana, þó ekki fyrirvaralaust. Í áritunum þeirra komi ekki fram skoðun og þar með ekki, hvort eitthvað sé að reikningunum. Þess vegna hafi hann ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir eða árita ársreikning Hafskips með fyrirvara.

Í 86. gr., 2. mgr., laga um hlutafélög er boðið, að endurskoðendur skuli, sé um móðurfélag að ræða, einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna.

Í 88. gr. sömu laga segir, að í endurskoðunarskýrslunni skuli felast yfirlýsing um, að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður.

Þá eru í sömu grein ákvæði um, að endurskoðendur í móðurfélagi skuli geta þess, telji þeir vanta á nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags.

Í 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur segir, að áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýði, nema annað sé tekið fram, að hann hafi endurskoðað þau og bókhaldið, sem þau byggjast á.

Í áritun ákærða Helga er ekki að finna fyrirvara, sem lýtur að fyrirvörum endurskoðenda dótturfélaganna þriggja, þótt honum hafi verið ljóst, að þeir höfðu ýmist ekki verið endurskoðaðir eða

ekki á þann hátt, sem venja var til í viðkomandi löndum. Ber því að fallast á það með ákæruvaldinu, að með vísan til þeirra laga-ákvæða, sem að framan eru rakin, hafi hann gerst brotlegur við ákvæði 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga um löggilta endurskoðendur.

Þá er ákærða Helga gefið að sök að hafa áritað á þann hátt, sem að framan greinir, án þess að allir þættir í rekstri félagsins hafi verið endurskoðaðir, einkum greiðslur af sérstökum tékkareikningum, þ.e. hlaupareikningum, í vörslum annarra ákærðu.

Ákærði Helgi kvaðst fyrir sakadómi hafa gert forráðamönnum félagsins fullkomlega grein fyrir því, að þeir bæru ábyrgð á, að fylgiskjöl væru á bak við færslur og hreyfingar á reikningunum. Það hafi því ekki skipt máli, hvort hann skoðaði skjölin eða ekki. Hann hafi ekki haft ástæðu til að tortryggja, að skjölin væru í vörslum þeirra.

Ákærði Björgólfur sagðist hafa látið ákærða Helga árlega fá yfirlit með sundurliðun á því, sem út af reikningnum fór. Hann minntist þess ekki, að endurskoðandinn hefði farið sjálfstætt yfir fylgiskjölin. Ákærði Ragnar hafði sama hátt á og ákærði Björgólfur. Hann kvað endurskoðandann hafa haft aðgang að skjölunum á skrifstofu sinni og minntist þess, að hann hefði einhvern tíma blaðað í þeim.

Eins og nú er rakið, er sannað með játningu ákærða Helga, sem styðst við framburð meðákærðu, að hann endurskoðaði ekki fylgiskjöl með greiðslum út af umræddum tékkareikningum og gerði ekki fyrirvara um það í áritun sinni. Verður að telja, að ákærða hafi borið sérstök skylda til þess að endurskoða þessa reikninga, sbr. 1. mgr. 86. gr. laga um hlutafélög, eða geta um það í áritun sinni, ef hann gerði það ekki. Er því rétt að heimfæra verknað hans undir 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga um löggilta endurskoðendur.

7. kafli.

Verður næst vikið að IV. kafla ákærunnar, en samkvæmt honum er ákærðu Björgólfi, Páli Braga og Ragnari, ýmist einum sér eða

í félagi við einhvern hinna, gefið að sök að hafa dregið sér fé af tilgreindum hlaupareikningum, sem þeir fóru með og áttu að standa skil á. Þessum kafla ákærunnar er skipt í 10 liði, og verður tekin afstaða til þeirra allra.

1. og 2. liður IV. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum liðum ákærunnar er ákærðu Björgólfi og Ragnari gefið að sök að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 1979, Björgólfi til 4. desember 1985, en Ragnari til 8. nóvember 1985, samfellt dregið sér af hlaupareikningum nr. 2878, síðar 12878, og nr. 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands, ýmist einir eða með hinum, ákærði Björgólfur samtals 6.733.020 krónur, en til vara 2.064.510 krónur, og ákærði Ragnar samtals 867.720 krónur, en reikninga þessa höfðu þeir í vörslum sínum. Fjárhæðir þessar eru þeir taldir hafa dregið sér umfram þá ágóðaþóknun, er í þeirra hlut kom samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins, upphaflega gerðu í júní 1978 með breytingum frá 14. ágúst 1980 og 15. desember 1983. Fé þetta eru þeir taldir hafa nýtt sér í eigin þágu og annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf.

Ákærðu telja, að þeim hafi verið heimil ráðstöfun þess fjár, sem hér er um að ræða.

A. Verður nú vikið að samkomulagi því, sem vitnað er til hér að framan. Í desember 1985 samdi ákærði Helgi Magnússon endurskoðandi, eins og áður er frá skýrt við umfjöllum um I. og III. kafla ákæru, greinargerð um starfskjör ákærðu Björgólfs og Ragnars hjá Hafskipi hf. árin 1978 - 1985 og tengd atriði, svo sem útreikning og greiðslur viðbótarlauna, notkun sérstakra bankareikninga o.fl. Þar kemur fram, að í júnímánuði 1978 gerðu ákærðu Björgólfur og Ragnar, þáverandi framkvæmdastjórar Hafskips hf., samkomulag við stjórn félagsins um starfskjör. Formaður og varaformaður stjórnar, þeir Albert Guðmundsson og Ólafur B. Ólafsson, gengu frá þessum samningi við þá fyrir hönd félagsins. Ákærða Helga var gerð grein fyrir samningnum á fundi með formanni, varaformanni og framkvæmdastjórum í júní 1978. Ólafur B. Ólafsson staðfesti síðan starfskjörin skriflega við Helga í kjölfar fundarins. Staðfesting Ólafs á starfskjörunum er eftirfarandi:

„1. Til viðbótar mán-launum í gegnum (sic) launakerfi félagsins

skulu þeir frá og með 1.1.1978 og þar til annað yrði ákveðið, fá launaviðbót, sem sameiginlega nemi 2% af rekstarafkomu félagsins frá árinu 1977, þ.e. hagnaður (sic) á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum.

2. Þar sem ljóst er, að greiðslugeta fyrirtækisins er erfið og greiðslur þessara tekna geta dregist, skal umreikna viðbótarlaun þessi yfir í US-dollara ár hvert og reikna innstæðuvexti af dollarainnstæðum að meðaltali frá 1/2 tekjuári.
3. Greiðslur þessar fara fram í gegnum sérstakan bankareikning í vörslu framkv-stjóra, en í gegnum þann reikning fari jafnframt greiðslur ýmiss jaðarkostnaðar og útgjalda framkv-stjóranna vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem til viðmiðunar er talið geta numið allt að 60% af föstum launum."

Þessi samningur gilti óbreyttur árin 1978 og 1979, en frá og með 1. janúar 1980 eru gerðar á honum breytingar og viðbætur samkvæmt skriflegri staðfestingu Alberts Guðmundssonar stjórnarformanns, Ólafs B. Ólafssonar varaformanns og Sveins R. Eyjólfssonar, ritara stjórnar, frá 14. ágúst 1980. Á blaði, sem fylgdi greinargerð ákærða Helga, kemur fram, að tillaga hafi komið fram um kjör framkvæmdastjóranna á stjórnarfundi, og hafi hún verið samþykkt. Hafi stjórnarformanni verið falið að „staðfesta kjörin við endurskoðandann Helga Magnússon". Fram kemur jafnframt, að þessi afgreiðsla er ekki bókuð.

Staðfesting þremenninganna á starfskjörunum er eftirfarandi:

„1. Núverandi laun samkv. launabókhaldi félagsins og 60% þar á, eins og verið hefur, gegnum opinn reikning í vörslu framkvæmdastjóra og mætir að hluta kostnaði.
2. Félagið lánar framkvæmdastjórum kr. 15.000.000 hvorum vaxtalaust til fjármögnunar bílakaupa. Lánið endurgreiðist á tíu árum, en er afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.
3. Félagið greiði slysa/líftryggingu framkvæmdastjóra, er nemur þriggja ára launakjörum þeirra hjá félaginu.
4. Sem hlutdeild í hagnaði félagsins hafa framkvæmdastjórar sameiginlega 3½% af bættri afkomu félagsins frá 31/12 1977. Er útreikningur hagnaðar á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum.

5. Gildir fyrra samkomulag til ársloka 1979, og tekur þá þetta samkomulag við.“

Fram kemur af greinargerð ákærða Helga, að hann telur enga breytingu felast í 1. tölulið samningsins. Ólafur B. Ólafsson kvað fyrir sakadómi engan eðlismun felast í breyttu orðalagi þess liðar, frá því er var samkvæmt fyrra samkomulagi.

Næst verður breyting á ágóðahlutfallinu með samkomulagi 15. desember 1983, sem staðfest er með upphafsstöfum þeirra Ólafs B. Ólafssonar og Sveins R. Eyjólfssonar auk ákærðu Björgólfs og Ragnars.

Í greinargerð Helga er þessi breyting m.a. rakin svo:

„4.1. Prósentan lækkar um þriðjung frá og með 1.1.1984., þ.e. úr 3,5% í 2,33%.

4.2. Boðuð er ný umræða um málin í desember 1984. Ekkert hefur komið fram um, að sú umræða hafi farið fram.

...“

Samkvæmt greinargerð ákærða Helga Magnússonar tóku ákærðu Björgólfur og Ragnar ekki út laun samkvæmt þessum viðbótarkjarasamningum, strax og þau féllu til, og myndaðist inneign hjá fyrirtækinu þess vegna. Inneign þessi var ekki færð í bókhaldi félagsins og reikningsskilum, eins og áður er fram komið. Hún var heldur aldrei reiknuð út og uppfærð, meðan félagið starfaði.

Eins og fram er komið í umfjöllun um 7. og 8. lið I. kafla ákæru, áttu ákærðu Björgólfur og Ragnar sjálfir að halda saman gögnum og færslum vegna jaðarreikninganna og áttu síðan að gera ákærða Helga Magnússyni skil á þeim. Þetta framkvæmdu þeir þannig, að þeir létu hann aðeins fá yfirlit yfir reikningana, og endurskoðaði ákærði Helgi ekki gögnin, sem að baki lágu. Fór hann eftir yfirlitunum í færslum sínum. Gaf hann launamiða út til ákærðu samkvæmt yfirlitunum, en færði kostnað á biðreikning.

Áður hefur verið frá því skýrt, þegar fjallað var um 8. lið I. kafla ákæru, að deila hafi orðið með ákærðu og bústjórum þrotabús Hafskips hf. um ágóðaþóknun til þeirra. Ákærði Helgi Magnússon endurskoðandi hafði reiknað út, að þeir ættu sameiginlega inni 250.780 dollara, þegar félagið varð gjaldþrota, og höfðu þeir krafist uppgjörs við búið sem því svaraði. Þessu höfnuðu bústjórar á grundvelli útreikninga Valdimars Guðnasonar endurskoðanda, sem

að ósk þeirra lagði mat á samninginn og reiknaði síðan út viðbótarlaunin. Niðurstaða Valdimars var, eins og áður er frá skýrt, sú, að úttektir þeirra hefðu numið 73.526 dollurum hærri fjárhæð en viðbótartekjur ásamt vöxtum samkvæmt samningnum. Mismunur á útreikningum þeirra Valdimars Guðnasonar og ákærða Helga Magnússonar byggðist á ágreiningi um eftirgreind atriði: 1. Hvernig skýra á hugtakið skattar í viðbótarkjarasamningnum. 2. Hvort framreikna skuli rekstrarárangur ársins 1977 til verðlags viðkomandi rekstrarárs við útreikning á rekstrarafkomu/bættri afkomu. 3. Hvort hagnaður hafi orðið hjá Hafskipi hf. árið 1984. 4. Hvað greitt var inn á hlaupareikninga og hver staða þeirra var í árslok. Með dómi Hæstaréttar 2. maí 1989, Hrd. 1989, 696, var skorið úr þessum ágreiningi milli ákærða Ragnars og þrotabús Hafskips hf. og fallist á forsendur Valdimars Guðnasonar fyrir útreikningnum.

Þá er deilt um skilning á svokallaðri 60% heimild samkvæmt 3. lið samkomulagsins frá júní 1978 og 1. lið samkomulagsins frá 14. ágúst 1980. Halda ákærðu Björgólfur og Ragnar því fram, að heimildin sé launauppbót til viðbótar föstum launum og ágóðaþóknun. Eigi því samkvæmt samkomulaginu að reikna þeim 60% þóknun á föst laun auk ágóðaþóknunar, og hefði þessi 60% heimild átt að mæta að hluta svonefndum jaðarkostnaði, en að hluta verið laun. Af hálfu ákæruvaldsins er á það fallist, að heimildin sé launauppbót, en því haldið fram, að hún hafi átt að mæta svonefndum jaðarkostnaði, sem hafi mátt nema allt að 60%. Útreikningur ákærða Helga Magnússonar endurskoðanda frá því í desember 1985 byggist á þeim skilningi, og fyrir skiptarétti byggðu ákærðu Björgólfur og Ragnar á þeim útreikningi. Af hálfu ákæruvaldsins er ekki fallist á, að heimildin hafi mátt flytjast milli ára. Ákærði Helgi reiknaði út ágóðaþóknunina eftir gjaldþrot Hafskips hf. að frádregnum persónulegum úttektum, sem hann reiknaði sem úttekt af innstæðu vegna viðbótartekna, og voru ákærðu sendir launamiðar fyrir persónulegum úttektum í samræmi við það. Aðeins liggur fyrir útreikningur frá þeim sjálfum á því, sem þeir telja sig eiga inni. Byggja þeir þar á útreikningi ákærða Helga Magnússonar á ágóðaþóknun og bæta við 60% heimildinni og draga frá það, er þeir telja persónulegar úttektir.

Sérstakur ríkissaksóknari í héraði lét flokka úttektir af hlaupa-

reikningum þeim, sem hér um ræðir, í þrennt, milli Hafskips hf., ákærða Björgólfs og ákærða Ragnars. Fékk hann síðan Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda, til að reikna út stöðu viðskiptareikninga ákærðu hjá Hafskipi hf. Í skýrslu Stefáns frá 4. nóvember 1988 gerir hann þetta annars vegar út frá forsendum Valdimars Guðnasonar, sem hann fellst á, og hins vegar út frá forsendum ákærða Helga Magnússonar, þó með þeirri breytingu, að Stefán reiknar ekki með ágóðahlut 1984. Ákæruvaldið byggir þá liði IV. kafla ákæru, sem hér eru til meðferðar, á þessum útreikningum Stefáns. Samkvæmt 1. lið er ákærði Björgólfur talinn hafa dregið sér 6.733.020 krónur eftir útreikningi Stefáns samkvæmt forsendum Valdimars, en 2.064.510 krónur eftir forsendum ákærða Helga, þó þannig, að ekki er reiknað með ágóðahlut 1984. Samkvæmt 2. lið er ákærði Ragnar talinn hafa dregið sér 867.720 krónur eftir útreikningi Stefáns samkvæmt forsendum Valdimars, en ekkert eftir forsendum ákærða Helga.

B. Þótt Hæstiréttur hafi í dómi sínum frá 2. maí 1989, Hrd. 1989, 696, hafnað forsendum ákærða Helga Magnússonar fyrir útreikningi ágóðaþóknunar, breytir það því ekki, að hann sem trúnaðarmaður stjórnar átti að reikna ágóðaþóknunina út og gerði það að lokum í desember 1985. Samkvæmt þeim útreikningi, en þar var reiknað með ágóðahlut 1984, áttu ákærðu Björgólfur og Ragnar báðir inni hjá Hafskipi hf. á viðskiptareikningum sínum. Þeir fengu launamiða og kröfðust uppgjörs við þrotabú félagsins sem því svaraði. Ákærðu hafa haldið því fram, að þeir og stjórnin hafi nokkurn veginn vitað, hvað þeir áttu inni á mismunandi tímum, þótt ágóðahluturinn hafi ekki verið bókfærður og hans að engu getið í ársreikningum Hafskips hf. Miða þeir þá við útreikninga Helga. Þegar af þessum ástæðum eru ekki gegn neitunum þeirra komnar fram nægar sannanir fyrir því, að þeir hafi haft ásetning til þess að draga sér fé af ofangreindum hlaupareikningum. Reynir ekki í því sambandi á, hvernig skilja beri samkomulagið um hina umdeildu 60% heimild.

3. og 4. liður IV. kafla ákæru.

Samkvæmt 3. lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa á árunum 1983 til 1985 dregið sér úr sérstökum tékkareikningum hjá

Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningum nr. 2878 og 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands greiðslur, sem hann lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins, þó að þær væru persónuleg útgjöld og félaginu óviðkomandi.

Samkvæmt 4. lið er ákærða Ragnari á árunum 1981 til og með árinu 1984 gefið það sama að sök varðandi hlaupareikning nr. 2878 og síðar 12878 við Útvegsbanka Íslands.

Ákærðu kannast hvor fyrir sig við útgáfu tékka samkvæmt þessum liðum ákæru og segja þeim rétt lýst, en þeir kannast ekki við að hafa dregið sér fé á þann hátt, sem þar er lýst.

Ákærðu Björgólfur og Ragnar fullyrða, að sér hafi verið heimilt að ávísa út af reikningunum til persónulegra nota. Það hafa stjórnarmenn þeir, sem við þá sömdu, staðfest fyrir dómi. Í 11. lið greinargerðar ákærða Helga Magnússonar frá desember 1985 um starfskjör ákærðu Björgólfs og Ragnars, sem að framan er að vikið, segir:

„Eins og fram kemur í meðf. yfirliti mínu um þróun bankareikninganna, er greiddur út úr þessum reikningum ýmis kostnaður, eins og getið er um í yfirlitinu. Fylgiskjöl vegna þessa eru í vörslu RK og að hluta BG, eins og getið er um þar. Kostnaður þessi er auk greiðslna til þeirra sjálfra m.a. laun til annarra starfsmanna. Þarna er um það að ræða, að vissir starfsmenn á hverjum tíma hafa t.d. verið yfirborgaðir og ekki hefur þótt fært, að viðbótarlaunin færu í gegnum launakerfið með öllum þeim innbyrðis samanburði starfsmanna, sem því fylgir. Þess vegna þótti nauðsynlegt að greiða þetta út úr þessum reikningum og senda síðan viðbótarlaunamiða, sem undirritaður sá um að gera. Út úr þessum reikningum greiddist enn fremur ýmis kostnaður, aðallega, eins og segir í samkomulaginu frá í júní 1978: „... ýmis jaðarkostnaður og útgjöld framkvæmdastjóranna vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu". Þarna er t.d. átt við risnu, ferðakostnað, kostnað vegna viðskiptavina, innlendra og erlendra, gjafir, styrki o.fl. Oft er um að ræða kostnað, sem erfitt er að fullyrða, að standist skilgreiningar, en talinn óhjákvæmilegur í svona rekstri, t.d. greiddur ferðakostnaður v/eiginkvenna. Þá er því svarað til, að menn, sem þurfa að vera á stöðugum ferðalögum og dveljast langdvölum erlendis, sætti sig ekki við annað en taka eiginkonur með öðru hverju, talað um fordæmi meðal yfirmanna

hjá hinu opinbera, alþingismenn, ráðherra og yfirmenn atvinnufyrirtækja, risnukostnað, sem erfitt er að draga mörkin um, m.a. á það bent, að haldin séu boð inni á einkaheimilum o.s.frv. Ýmsir fleiri kostnaðarliðir koma þarna við sögu með sínum skýringum.

Undirritaður hefur margítrekað við þá BG og RK, hver sé skylda þeirra gagnvart vörslu (sic) þessara fylgiskjala og skýringum á eðli einstakra kostnaðarþátta og kostnaðarreikninga í þágu fyrirtækisins. Hafa ber í huga, að kostnaður, sem ekki væri viðurkenndur og þeir gerðir ábyrgir fyrir, teldist ganga á innstæðu þeirra og hefði ekki áhrif á stöðu gagnvart fyrirtækinu, en flyttist samkvæmt því milli kostnaðar og launa."

A. Fram er komið, eins og áður er getið, að ákærðu Björgólfur og Ragnar áttu sjálfir að hafa reiður á reikningum sínum og gera ákærða Helga grein fyrir þeim. Fylgiskjöl vegna þessa voru í vörslu ákærða Ragnars og að hluta ákærða Björgólfs. Það fórst hins vegar fyrir, að þeir gerðu ákærða Helga full skil varðandi reikningana, og fékk hann einungis yfirlit yfir þá. Þess vegna mynduðust biðreikningar þeirra hjá fyrirtækinu. Samkvæmt framangreindri skýrslu ákærða Helga og öðrum gögnum málsins átti hann að ákvarða, hvað af jaðarkostnaði teldist til félagsins samkvæmt samkomulagi um viðbótarlaun. Hann kvaðst hins vegar fyrir dómi hafa treyst ákærðu Björgólfi og Ragnari fyrir því. Greiðslur samkvæmt 3. og 4. lið hafa ákærðu Björgólfur og Ragnar þannig látið bókfæra hjá félaginu og þannig talið til gjalda þess, en ekki sinna.

Samkvæmt greinargerð ákærða Helga Magnússonar og framburði Ólafs B. Ólafssonar um, að engin breyting hafi verið fyrirhuguð á 3. lið samkomulagins frá 1978 með 1. lið samkomulagsins frá 1980, svo og orðalagi 3. liðar frá 1978, átti að greina á milli persónulegra úttekta og úttekta félagsins.

Saknæmi verknaðar samkvæmt þessum liðum fer eftir því, hvort viðkomandi greiðslur verði á einhvern hátt taldar félagsins eftir þeirri rúmu skilgreiningu, sem fram kemur í skýrslu ákærða Helga hér að framan, en sú skilgreining hefur stoð í framburði þeirra, er sömdu við ákærðu Björgólf og Ragnar um viðbótarkjörin.

B. Verður nú vikið að hverri einstakri greiðslu, sem ákæruvaldið telur félaginu óviðkomandi.

Greiðslur ákærða Björgólfs samkvæmt 3. lið.

a) Hér er um að ræða 13.600 krónur, sem ákærði greiddi með tékka, útgefnum 4. febrúar 1983, og lét gjaldfæra hjá Hafskipi hf. sem ferðakostnað.

Ákærði Björgólfur heldur því fram, að þessi greiðsla hafi verið innan 60% heimildar sinnar og tengist sér persónulega, þar sem um sé að ræða greiðslu til uppeldissonar síns. Hann hafi sjálfur verið mikið í ferðalögum á þessum tíma og þetta tengt sínum störfum.

Ákærði hefur látið færa þessa greiðslu í bókhald Hafskips hf,. án þess að ákærði Helgi legði mat á hana, eins og honum bar samkvæmt forsendum samkomulagsins. Skýringar ákærða Björgólfs eru ekki afdráttarlausar, og ekki er þetta beinn kostnaður við ferðir á vegum Hafskips hf. Greiðsla þessi er því ekki réttilega færð sem kostnaður félagsins.

b) Samkvæmt þessum staflið hefur ákærði Björgólfur greitt 55.563,60 krónur með tveimur tékkum vegna hlutafjáraukningar sinnar og ákærða Ragnars og fært sem vaxtagjöld félagsins. Ákærði sagðist fyrir dómi telja þessi vaxtagjöld innan 60% heimildarinnar. Þeir hafi keypt hlutabréf í félaginu að beiðni stjórnarinnar. Skýringar ákærða Ragnars voru svipaðar.

Albert Guðmundsson, þáverandi stjórnarformaður Hafskips hf., skrifaði 17. desember 1982 ákærða Helga Magnússyni svohljóðandi bréf:

„Ég hef hvatt framkvæmdastjóra félagsins til að auka við hlutafjáreign sína í félaginu, - reyndar ágæt leið til að halda þeim við efnið.

Er eðlilegt, að þeir njóti sambærilegra kjara og best hafa verið boðin áður, tengt síðasta hlutafjárútboði, þ.e. sjálfskuldarábyrgð til 5 ára með hæstu fasteignavöxtum á hverjum tíma.

Þeir hafa fallist á hvatningu mína, þó þannig að fyrsta afborgun verði ekki fyrr en í janúar 1985, en skuldabréfin verði gefin út á árinu 1983.

Því óskast við áramótauppgjör fært hlutafjárloforð sem hér segir:

Björgólfur Guðmundsson	kr. 1.152.500
Ragnar Kjartansson	kr. 1.152.500.“

Vitnið Albert staðfesti fyrir sakadómi lögregluskýrslu þess efnis, að það minntist þess ekki, að ákærðu Björgólfur og Ragnar hefðu átt að njóta sérstakra vaxtakjara í sambandi við hlutafjárkaup.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að greiðslur samkvæmt þessum lið eru vextir af skuldabréfum, sem notuð voru til greiðslu hlutabréfa til handa ákærðu. Í greinargerð ákærða Helga kemur fram, að greiðslur skuldabréfanna áttu að fara fram sem lækkun á inneign viðbótarlauna, þegar að gjalddögum kæmi. Sama þykir hafa átt að gilda um vextina. Ákærði lét færa vextina sem kostnað félagsins, þegar þeir í raun voru persónulegir vextir hans og hefðu því átt að færast sem laun til hans samkvæmt samkomulaginu og til lækkunar á inneign hans.

c) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði Björgólfur 12.890 krónur til Ferðaskrifstofunnar Útsýnar 29. júní 1983 vegna utanlandsferðar sonar síns og lét færa sem ferðakostnað félagsins. Skýringar ákærða eru sem fyrr, að þetta hafi tengst hinu umfangsmikla starfi hans, en vegna þess hafi hann ekki getað sinnt því, sem hann átti að sinna.

Ákærði lét færa þetta í bókhald Hafskips sem kostnað félagsins. Skýringar hans breyta engu um það, að sannað er, að um persónulegan kostnað er að ræða, sem færast hefði átt sem laun til hans til lækkunar hugsanlegum inneignum.

d) Hér er um að ræða 211.000 krónur, sem ákærði Björgólfur fékk greiddar sjálfur með tékka 29. nóvember 1983, þótt það væri fært sem afsláttur í bókhald Hafskips hf. Ákærði taldi þetta felast innan 60% heimildar samkomulags um viðbótarkjör og myndi hann hafa gert ákærða Helga grein fyrir þessu, hefði til uppgjörs komið. Það hefði hins vegar lent í undandrætti. Fram er þannig komið, að ákærði Björgólfur lét færa þessa fjárhæð í bókhald Hafskips hf. sem afslátt, þótt hér væri um að ræða laun til hans til lækkunar hugsanlegum innstæðum.

e) Samkvæmt þessum staflið er um að ræða greiðslu á 13.500 krónum til Jóns Kjartanssonar með tékka, útgefnum 21. desember 1984, sem ákærði Björgólfur lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími". Ákærði hefur viðurkennt, að hér hafi verið um að ræða verk, sem var unnið fyrir hann sjálfan. Hann hafi talið eðlilegt, að þessi kostnaður félli á fyrirtækið, þar sem hann vegna starfa sinna hafi oft þurft að fá aðra til að vinna verk fyrir sig, sem hann að öðrum kosti hefði gert sjálfur. Ákærði Björgólfur lét færa þetta sem kostnað fyrirtækisins,

þótt hann hefði átt að láta færa þetta sem laun til lækkunar hugsanlegri innstæðu, þar sem viðurkennt er, að þetta var ekki verk í þágu fyrirtækisins.

f) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði Björgólfur 13.000 krónur með tékka, útgefnum 6. febrúar 1984, til Antik Galleri og lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími". Að mati ákærða er þessi liður innan 60% heimildarinnar og hafi þetta átt heima undir þessum lið í bókhaldi fyrirtækisins. Allt eins geti verið, að þetta hafi verið keypt fyrir félagið. Hann muni það ekki. Gegn andmælum ákærða þykir ekki annað sannað en þessi fjárhæð hafi tilheyrt félaginu.

g) Hér er um að ræða 369.000 krónur, sem ákærði Björgólfur greiddi Kristni Sophusi Kristinssyni með tékka, útgefnum 1. ágúst 1984, sem stílaður var á Sjöstjörnuna hf. Ákærði lét færa greiðsluna í bókhald Hafskips hf. sem tjón. Ákærði fullyrti fyrir dómi, að ekki væri rétt, að þessi greiðsla stafaði af persónulegum viðskiptum sínum. Hann sýndi með bréfum, að Kristinn Sophus hefði starfað við markaðsstörf og annað í Danmörku frá 1981 til 1983. Ákærði sagði, að Kristinn Sophus hefði tengst fyrirtækinu Geysirfood í Danmörku og hefði talið það fyrirtæki verða fyrir tjóni vegna vöru, sem Hafskip hf. flutti fyrir fyrirtækið. Hann hefði gert þetta tjón upp við Kristin persónulega, og því ætti þetta að standa eins og fært sé í bækur félagsins.

Vitnið Kristinn Sophus bar fyrst hjá rannsóknarlögreglu, að um tjónbætur hefði verið að ræða. Það gerði vitnið einnig fyrst fyrir dómi, en síðar, að um persónuleg viðskipti hefði verið að ræða. Gegn fullyrðingum ákærða er ósannað annað en að um tjónbætur hafi verið að ræða.

h) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði með tékka, að fjárhæð 72.250 krónur, útgefnum 12. nóvember 1984, reikning frá Ferðaskrifstofunni Útsýn frá 27. september 1984 og lét færa sem ferðakostnað í bókhald Hafskips hf.

Ákærði sagði fyrir dómi, að þetta væri tengt viðskiptum og það væri engin spurning, að til þessa hefði hann haft heimild. Vitnið Valdimar Tryggvason, sem rekur fyrirtækið Hamraberg hf., innflutningsfyrirtæki, sem skipti við Hafskip hf., hefur staðfest, að ákærði hafi greitt þessa fjárhæð, svo að vitnið kæmist til útlanda,

og hafi ákærði látið Hafskip greiða ferðakostnaðinn. Ósannað er, að þetta hafi verið persónulegur kostnaður ákærða Björgólfs.

i) Þessi greiðsla, að fjárhæð 157.844 krónur, er hluti tékka, sem gefinn var út 19. desember 1984 til Reykvískrar endurtryggingar hf. Þessi hluti er vegna iðgjalda persónulegra vátrygginga ákærða og fjölskyldu hans, sem hann lét færa í bókhald Hafskips hf. sem iðgjöld félagsins. Fyrir dómi hélt ákærði því fram, að þessi greiðsla væri innan 60% heimildarinnar og hann hefði engar athugasemdir fengið þessa vegna.

Viðurkennt er af ákærða Björgólfi, að þetta hafi verið greiðsla fyrir hann persónulega. Hún átti því að færast í bókhald Hafskips hf. sem laun til hans, en ekki sem tryggingar félagsins.

j) Samkvæmt þessum staflið er um að ræða 12.052 krónur, sem er hluti tékka frá 21. desember 1984, sem ákærði greiddi sér og lét færa í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími". Þessi útgjöld voru vegna kaupa á vegglömpum o.fl., 6.538 krónur, sekt 1.200 krónur og vegna hljóðupptöku af sjónvarpsþætti 4.314 krónur. Ákærði kvað fyrir dómi þetta vera dæmigerða úttekt innan 60% heimildarinnar.

Skýringar ákærða eru ekki fullnægjandi varðandi kaup á vegglömpum og sektargreiðslu. Annað á við hljóðupptökuna.

k) Þessi stafliður varðar 65.000 krónur, sem ákærði Björgólfur greiddi sér með tékka 1. ágúst 1985 og lét færa sem auglýsingakostnað í bókhald Hafskips hf. Ákærði fullyrti fyrir dómi, að hér væri um að ræða auglýsingakostnað. Hann hefði ákveðið einhvers staðar að greiða þetta. Hann hefði samþykkt þennan kostnað persónulega og greitt hann. A.m.k. væri þetta innan 60% heimildarinnar og hann hefði ekki fengið athugasemd við þetta.

Engin gögn liggja þessari greiðslu til grundvallar nema færsluskjal frá ákærða sjálfum. Ákærði bar sjálfur ábyrgð á heimildum sínum. Kannanir sýna ekki aðrar greiðslur sem þessa. Skýringar hans eru því ekki fullnægjandi, og hefði átt að færa þetta sem laun til hans í bókhald Hafskips hf. Í stað þess lét hann færa þetta sem auglýsingakostnað.

l) Hér er um að ræða 4.200 króna greiðslu til hæstaréttarlögmanns með tékka, útgefnum 21. ágúst 1985. Ákærði lét færa þetta sem lögfræðikostnað Hafskips. Ákærði Björgólfur sagði fyrir

dómi, að lögmaðurinn hefði unnið ýmislegt fyrir sig og hann hefði talið þetta innan 60% heimildarinnar.

Ákærði hefur viðurkennt, að þessi greiðsla sé fyrir hann persónulega. Engu að síður lét hann færa þetta í bókhald Hafskips hf. sem lögfræðikostnað félagsins í stað þess að láta færa þetta sem laun til sín og til frádráttar ætlaðri inneign samkvæmt skýringum hans.

C. Af því, sem rakið er hér að framan, er sannað, að ákærði Björgólfur lét ranglega færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins 541.335,60 krónur, þ.e. alla fyrrgreinda liði nema liði f,g og h og 4.314 krónur vegna hljóðupptöku samkvæmt j-lið. Ákærði sagði fyrir sakadómi, að sér hefði verið heimilt að færa framangreind gjöld á þá liði, sem hann taldi þá geta átt undir. Síðan hafi það verið endurskoðandans að ákveða, hvort það væri rétt hjá sér. Fram er komið, eins og að framan greinir, að ákærðu Björgólfur og Ragnar áttu sjálfir að standa skil á gögnum og færslum vegna jaðarreikninganna. Ákærði Helgi Magnússon endurskoðandi átti síðan að yfirfara og ákveða vafaatriði um, hvað væri félagsins og hvað ákærða. Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. laga um hlutafélög, sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga um bókhald, bar ákærðu Björgólfi og Ragnari að sjá um, að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur. Samkvæmt 87. gr. hlutafélagalaga, sbr. og 2. mgr.4. gr. bókhaldslaga, bar þeim einnig að sjá til þess, að endurskoðandi félagsins, ákærði Helgi, fengi þau gögn og þær upplýsingar, sem hann áleit nauðsynleg til að framkvæma verk sín. Ákærði gerði ekki skil á reikningi nr. 921, síðar 10921, eins og skylt var, en lét ákærða Helga fá yfirlit yfir greiðslur af reikningnum, og voru þær færðar samkvæmt því í bókhald Hafskips hf. í stað þess, að meint innstæða hans hjá félaginu lækkaði tilsvarandi og væri bókfærð sem laun til hans. Engu breytir um hans gerðir, þótt ákærði Helgi hafi ekki yfirfarið reikninginn, eins og hann átti að gera, og greiðslurnar væru því færðar í bókhald Hafskips hf., án þess að tilskilið eftirlit færi fram. Ákærði Björgólfur hefur með þessu gerst sekur við 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

D. Greiðslur ákærða Ragnars samkvæmt 4. lið.

a, b, d, e, f, i, m og o. Allar þessar greiðslur lét ákærði Ragnar Hafskip hf. endurgreiða sér eða meðákærða Björgólfi sem vexti

vegna hlutafjáraukningar sinnar hjá félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins. Má vísa um þessa stafliði til stafliðar b í 3. lið hér að framan. Samkvæmt því, sem þar er rakið, bar ákærða Ragnari að láta færa þessar greiðslur sem laun til sín og/eða ákærða Björgólfs í bókhald Hafskips hf.

c) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði Ragnar sér sjálfum 15.087 krónur með tékka, útgefnum 14. desember 1981. Hann skilaði í bókhald Hafskips hf. reikningi frá Ferðaskrifstofunni Útsýn, dagsettum 6. maí 1981, vegna þessarar greiðslu, þótt sá reikningur hefði áður verið greiddur ferðaskrifstofunni og fylgibréf með honum notað sem fylgiskjal í bókhaldi félagsins. Ákærði gaf þá skýringu fyrir sakadómi, að hér væri um að ræða tvífærslu fyrir misskilning. Þetta væri ljóslega handvömm. Ákærði sagðist einu sinni eða tvisvar á ári hafa tekið fylgiskjalabunkann, sem hann hafði í sínum fórum, og fært tékkana á stór bókhaldsvinnublöð. Hann hefði síðan fært kostnað í hina ýmsu dálka, lagt saman og gengið frá yfirliti til endurskoðandans.

Fram er þannig komið, að greiðsla þessi átti að færast sem laun til ákærða Ragnars. Gegn fullyrðingu hans um mistök er þó ósannað, að hann hafi ætlað að slá eign sinni á þessa fjárhæð úr sjóðum félagsins.

g) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði Ragnar víxil í Landsbanka Íslands með tékka, útgefnum 12. september 1983, að fjárhæð 78.880 krónur. Víxill þessi var vegna ferðakostnaðar aðila tengdra ákærða Ragnari, en óviðkomandi Hafskipi hf. Ákærði hélt því fram fyrir sakadómi, að hér væri um að ræða kostnað, sem ekki hefði stofnast til, hefði hann ekki unnið hjá Hafskipi hf., og því heimill samkvæmt 60% heimildinni. Frammi liggja gögn um för aðila tengdra ákærða Ragnari með m/s Eddu, sem var leiguskip á vegum Farskipa hf., en það félag var í eigu Hafskips hf. og fleiri skipafélaga. Fram er því komið, að greiðsla þessi var Hafskipi hf. óviðkomandi og átti því að færast sem laun til ákærða Ragnars í stað ferðakostnaðar félagsins, eins og ákærði lét færa í bækur félagsins.

h) Ákærði greiddi sér 298.000 krónur samkvæmt þessum staflið með tékka, útgefnum 12. september 1983, og lét færa þær sem afslátt í bókhald Hafskips hf. Ákærði sagði fyrir dómi, að þessi

greiðsla hefði átt að vera afsláttur til Bláskóga hf., en bróðir sinn, Kjartan Kjartansson, hefði rekið það fyrirtæki ásamt öðrum. Kjartan hefði skuldað sér fé, og því hefði hann átt að fá greiðsluna. Síðar kvaðst ákærði hafa talið, að um ofgreiðslu á afslætti væri að ræða, og því hefði ekki verið gengið frá málinu á hefðbundinn hátt með greiðslukvittun frá Bláskógum hf. Ákærði kvaðst hafa látið greiðsluna standa ranglega inni á hlaupareikningsbókhaldi sínu. Hann hefði á árinu 1984 gert endurskoðandanum grein fyrir því, að fara þyrfti yfir ýmis bókhaldsskjöl í því bókhaldi með hliðsjón af endanlegu uppgjöri. Hann hefði ekki haft áhyggjur af þessu, þar sem hann hefði talið sig hafa ónýtta 60% heimild. Í málinu liggur fyrir fylgiskjal, gert af ákærða Ragnari, þar sem hann kvittar fyrir útlögðum kostnaði á ýmsum tímum 1983, afslætti og viðskiptatengdum kostnaði.

Ákærði hefur þannig viðurkennt, að þetta hafi átt að færast sem laun til sín. Þess í stað færði hann það sem afslátt í yfirlit sitt til ákærða Helga, og var það þannig fært inn í bókhald félagsins.

j) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði Ragnar 24.849 krónur með tékka, útgefnum 15. desember 1983, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem risnu, þótt um væri að ræða greiðslu vegna eigin veisluhalda félaginu óviðkomandi. Ákærði sagði fyrir dómi, að hann hefði talið sér heimilt að færa þetta á Hafskip hf. vegna 60% heimildarinnar. Reikningur þessi hefði verið stílaður á Hafskip hf. án sinnar beiðni. Við uppgjör á hlaupareikningi vorið 1984 hefði hann fært hann til gjalda hjá Hafskipi hf. til að mæta hluta af veitingakostnaði á heimili sínu vegna félagsins.

Viðurkennt er þannig, að hér var ekki um að ræða risnu vegna félagsins.

k og l) Ákærði Ragnar greiddi Bláskógum hf. samkvæmt staflið k 64.751,10 krónur með tékka, útgefnum 16. febrúar 1984. Hann lét færa greiðsluna í bókhald Hafskips hf. sem tjón og afslátt, þótt um væri að ræða greiðslu fyrir húsgögn, sem Bláskógar hf. fluttu inn fyrir hann persónulega. Samkvæmt staflið l greiddi hann 18.357 krónur með tékka, útgefnum sama dag og hinn fyrri, og lét færa á sama hátt í bókhald Hafskips hf. Í raun var hér um að ræða greiðslu aðflutningsgjalda fyrir húsgögnin. Ákærði sagði fyrir dómi, að Bláskógar eða Kjartan, bróðir ákærða, hefðu skuldað

sér. Á sama tíma hefði Kjartan kvartað undan röð smærri tjóna (sic) á vörum. Ákærði hefði því greitt húsgögnin með lækkun skulda Bláskóga hf. við Hafskip hf. með tjóngreiðslum.

Í þessu felst, að Hafskip hf. greiddi húsgögnin fyrir ákærða Ragnar. Hefðu báðar greiðslurnar því átt að færast sem launaúttekt til hans.

n) Samkvæmt þessum staflið greiddi ákærði fyrir viðgerð á sumarbústað 17.000 krónur með tékka, útgefnum 12. október 1984. Hann lét hins vegar færa þetta í bókhald Hafskips hf. sem erlenda sérfræðiaðstoð. Ákærði sagði fyrir dómi, að hér væri um mistök sín að ræða. Þetta hefði átt að færast sem launaúttekt. Hann hefði ruglast á dálkum, þegar hann var að ganga frá sundurliðun til endurskoðandans.

Ákærði viðurkennir að hafa fært þetta ranglega og ber við mistökum. Gegn fullyrðingum ákærða um mistök er þó ósannað, að hann hafi ætlað að slá eign sinni á þessa fjárhæð úr sjóðum félagsins.

E. Samkvæmt því, sem að ofan er rakið, verður við það að miða, að ákærði Ragnar hafi ranglega látið færa í bókhald Hafskips hf. 607.492,45 krónur sem kostnað félagsins, þ.e. alla fyrrgreinda liði nema c og n, þegar hann átti að láta færa þetta sem laun til sín. Sama gildir því um þessar greiðslur og greiðslur ákærða Björgólfs, sem reifaðar eru við umfjöllun 3. liðar IV. kafla ákæru hér að framan. Ákærði Ragnar hefur því gerst sekur um brot á 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

5. liður IV. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefið að sök að hafa dregið sér og fénýtt í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf. 163.000 krónur, sem ákærði Páll Bragi greiddi sér með handhafatékka, útgefnum 27. október 1983, af tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands að fyrirlagi ákærða Björgólfs. Eins og áður er fram komið, hafði ákærði Páll Bragi vörslur þessa tékkareiknings. Hann lét gjaldfæra greiðsluna í bókhald Hafskips hf. gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með textanum: „Afsláttur vegna vskm." og árituninni: „Rétt. B.G.".

a) Ákærðu kannast ekki við að hafa dregið sér greinda fjárhæð.

Ákærði Björgólfur sagði fyrir sakadómi, að þessi greiðsla væri samkvæmt sinni ákvörðun svo og áritunin á reikninginn. Sagði ákærði, að þriðji aðili hefði fengið peningana í sambandi við viðskiptasamkomulag. Þetta væri kallað „hagsmunafé". Keyptur hefði verið gjaldeyrir fyrir þessa greiðslu og hann afhentur erlendis. Þetta hefði verið gert til að tryggja flutninga til landsins. Hann taldi þessa greiðslu vera það, sem átt væri við með jaðarkostnaði. Hann vildi ekki tilgreina, hver hefði fengið greiðsluna. Ákærði Páll Bragi kvaðst hafa afhent ákærða Björgólfi andvirði tékkans, og hann hefði ákveðið, hverning færa ætti þetta í bókhald Hafskips hf. Ákærði Páll Bragi kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, hver átti að taka á móti peningunum.

b) Ákærði Björgólfur er einn til frásagnar um notkun greiðslunnar. Greiðsla þessi fór ekki fram um tékkareikning í hans vörslum, heldur í vörslum ákærða Páls Braga, sem lét færa fylgiskjölin beint í bókhald Hafskips hf. Ákærði Björgólfur neitar að gefa upp, hver móttók greiðsluna. Skýringar hans eru ekki fullnægjandi. Fallast verður á það með ákæruvaldinu, að hann hafi gerst sekur um brot á 247. gr. almennra hegningarlaga. Ósannað er gegn neitun ákærða Páls Braga, að hann hafi átt virkan þátt í verknaði ákærða Björgólfs.

6. liður IV. kafla.

Ákærða Björgólfi er gefið að sök samkvæmt þessum lið að hafa dregið sér 23.500 krónur, sem hann lét meðákærða Pál Braga greiða með tékka af reikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, útgefnum 9. nóvember 1983. Tékkann afhenti hann nafngreindum manni sem ferðastyrk gegn framvísun á tilbúnum reikningi frá héraðsdómslögmanni hér í borg fyrir lögmannsaðstoð við samningsgerð. Reikninginn lét hann gjaldfæra hjá Hafskipi hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð".

Ákærði Björgólfur kvaðst fyrir dómi hafa reynt að fá mann þennan í vinnu, látið hann gera úttekt fyrir fyrirtækið og reynt að fá hann í tjóndeildina. Það hefði átt að greiða fyrir úttektina, og hann hefði ekki skipt sér af því, hverning þessi reikningur var útbúinn. Það hefði verið mál annarra.

Ósannað er, að greiðsla þessi hafi verið félaginu óviðkomandi,

enda hefur viðtakandi hennar borið, að hún hafi verið fyrir vinnu í þágu félagsins.

7. liður IV. kafla.

Samkvæmt þessum lið er ákærðu Björgólfi, Páli Braga og Ragnari gefið að sök að hafa dregið sér 120.000 krónur, sem ákærði Páll Bragi, að fyrirlagi ákærðu Björgólfs og Ragnars, greiddi sér með tékka, útgefnum 23. nóvember 1983, af tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, sem hann hafði í vörslum sínum. Greiðslu þessa nýttu ákærðu fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar til greiðslu sjúkrakostnaðar í þágu aðila óviðkomandi Hafskipi hf. og létu gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Gjafir og styrkir". Jafnframt er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefið að sök að hafa dregið sér 60.000 krónur, sem voru andvirði tékka, sem gefinn var út af Eimskipafélagi Íslands hf. sem hluti þess fyrirtækis í ofangreindum sjúkrakostnaði.

a) Ákærðu kannast ekki við að hafa dregið sér þetta fé og telja sig hafa haft heimild til þessarar ráðstöfunar.

Ákærði Björgólfur kvaðst fyrir dómi sjálfur hafa séð um að ráðstafa þessu fé, en borið sig saman við ákærða Ragnar áður. Þáttur Páls Braga hafi verið sá að láta taka út þessar 120.000 krónur og fá sér þær. Styrkþegi ákærðu, sem ekki vissi, hvaðan féð var komið, kannast ekki við að hafa tekið við nema 100.000 krónum úr hendi Alberts Guðmundssonar. Óupplýst er, hvernig á þessu misræmi stendur.

Ekki er annað fram komið en að ákærðu Björgólfur og Ragnar hafi haft víðtæka heimild til ráðstafana sem þessarar, og greiðslan er færð í bókhald félagsins undir sínu rétta heiti. Verða ákærðu því ekki sakfelldir fyrir fjárdrátt vegna þessarar ráðstöfunar.

b) Engin gögn eru í bókhaldi Hafskips hf. um andvirði tékka, að fjárhæð 60.000 krónur, sem Hafskip hf. fékk frá Eimskipafélagi Íslands hf., en tékkann framseldi ákærði Páll Bragi og seldi í banka. Engin færsla finnst í bókhaldi Hafskips hf. um þessa endurgreiðslu. Ákærði Björgólfur kannast við að hafa tekið við þessu fé. Kvaðst Björgólfur hafa notað féð til ýmissa styrkveitinga á vegum félagsins í tilefni jóla, t.d. hefði hann fyrir þessi jól sem flest jól þar á undan fært vistheimilinu á Ránargötu gjafir. Forstöðumaður heimilisins

hefur staðfest þetta. Ákærði Björgólfur kvaðst hafa litið svo á, að færslan á 120.000 krónum vegna styrkja og gjafa nægði, og væri óþarfi að færa fjárhæðina út og inn úr bókhaldinu.

Þótt ekki sé fyllilega upplýst, hvað varð af þessum 60.000 krónum, og engin færsla sé finnanleg um hana í bókhaldi Hafskips hf., þykir gegn eindreginni neitun ákærða Björgólfs óvarlegt, eins og á stendur, að sakfella hann um fjárdrátt þessa vegna. Upplýst þykir, að aðrir ákærðu hafi ekki komið nærri ráðstöfun fjárhæðarinnar.

8. liður IV. kafla.

Ákærðu Björgólfi, Páli Braga og Ragnari er samkvæmt þessum lið gefið að sök að hafa við vörslur og meðferð sérstakra tékkareikninga, þ.e. hlaupareikninga nr. 2878, síðar 12878, nr. 921, síðar 10921, og nr. 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands sýnt af sér stórfellda óreglusemi í bókhaldi með því að vanrækja skil á fylgiskjölum, styðja færslur við ófullnægjandi eða villandi fylgiskjöl, færa til gjalda ýmis persónuleg útgjöld ákærðu sjálfra og annarra starfsmanna Hafskips hf. og sjá ekki til þess, að lokafærslur í bókhaldi Hafskips hf. væru í samræmi við raunverulegar greiðslur af reikningum þessum.

Ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar mótmæla því að hafa brotið af sér með þessum hætti.

a) Fram er komið, eins og rakið er hér að framan við umfjöllun þessa kafla, að ákærðu áttu sjálfir að standa skil á færslum og gögnum vegna þessara reikninga. Færslur og gögn varðandi hlaupareikning 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands, en reikningur þessi var í vörslum ákærða Páls Braga, voru í bókhaldi Hafskips hf. við gjaldþrot fyrirtækisins, enda ekki annað upplýst en hann hafi staðið skil á þeim, svo sem honum bar. Ósannað er, að þessi skil hafi verið ófullkomin, sbr. þó það, sem segir um V. kafla ákæru hér á eftir. Sú umfjöllun breytir því þó ekki, að sýkna ber hann af verknaði samkvæmt þessum lið.

b) Ákærðu Björgólfur og Ragnar áttu að gera ákærða Helga Magnússyni skil á færslum og gögnum varðandi hlaupareikninga 2878, síðar 12878, og 921, síðar 10921. Eins og framar er rakið við umfjöllun þessa kafla, sbr. 87. gr. laga um hlutafélög, sbr. og 2.

mgr. 4. gr. laga um bókhald, áttu þeir að sjá um, að þau skil færu fram. Fram er komið, að á þessu varð verulegur misbrestur. Ákærði Helgi fór ekki yfir gögnin, og þeim var ekki nema að hluta skilað í bókhald Hafskips hf., heldur héldu ákærðu þeim í sínum vörslum. Þá er fram komið, að færslur samkvæmt yfirlitum þeim, er þeir skiluðu til ákærða Helga, voru ónákvæmar og í sumum tilvikum rangar, sbr. umfjöllun um 3. og 4. lið þessa kafla ákæru. Sannað þykir því, að þeir hafi með stórfelldri óreglusemi í bókhaldi varðandi þessa reikninga gerst sekir um verknað þann, sem þeim er gefinn að sök í þessum lið IV. kafla ákæru. Varðar brot þeirra við 262. gr. almennra hegningarlaga, eins og réttilega er tilgreint í ákæru.

9. liður IV. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið IV. kafla ákærunnar er ákærði Helgi sóttur til saka fyrir hylmingu með því að hafa í starfi sínu sem löggiltur endurskoðandi Hafskips hf. látið færa nokkurn hluta þeirra fjárhæða, sem meðákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar höfðu á hverju rekstrarári ráðstafað af hinum sérstöku tékkareikningum, sem þeir höfðu í vörslu sinni, á tiltekna kostnaðarliði í bókhaldi félagsins. Þetta hafi hann gert án þess að krefja meðákærðu um viðeigandi fylgiskjöl fyrir greiðslunum og að sannreyna þannig, að kostnaðarfærslur vörðuðu félagið og úttektir ákærðu Björgólfs og Ragnars væru innan marka heimilda, sem stjórn Hafskips hf. hafði veitt. Hann hafi þannig aðstoðað meðákærðu við að leyna fjárdráttarbrotum þeirra, sem að framan er lýst, og að halda ólöglegum ávinningi af þeim brotum.

Ákærði Páll Bragi hefur þegar verið sýknaður af brotum þeim, sem honum eru gefin að sök samkvæmt liðum 5 og 7 hér að framan. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða Helga af hylmingu á háttsemi hans.

Ákærði Helgi taldi sig fyrir dómi ekki hafa gerst sekan um hylmingu. Taldi hann, að fylgiskjölin hefðu verið tiltæk í vörslum ákærðu Björgólfs og Ragnars og hann hefði gert þeim fullkomna grein fyrir því, að þeir bæru ábyrgð á, að fylgiskjöl væru að baki færslum og hreyfingum. Hvort hann skoðaði fylgiskjölin, skipti hér ekki máli. Í miklu bókhaldi séu ekki öll fylgiskjöl skoðuð, og hann

hafi á þessum tíma ekki haft minnstu ástæðu til að ætla, að þessi skjöl væru tortryggileg.

Viðurkennt er af ákærða Helga, að hann átti að yfirfara færslur varðandi hlaupareikninga í fórum forráðamanna Hafskips hf. og ákveða, hvað væri félagsins og hvað þeirra persónulega. Þetta gerði hann ekki, heldur færði eftir yfirlitum þeirra í bókhald félagsins. Hann á þannig þátt í þeirri óreiðu, sem var á færslu reikninganna. Hins vegar er ósannað, að hann hafi haft ásetning um að hylma yfir fjárdráttarbrot. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt þessum lið.

8. kafli.

Verður þessu næst vikið að V. kafla ákæru. Samkvæmt þeim kafla er ákærða Páli Braga gefið að sök að hafa á árinu 1983 notað til gjaldfærslu í bókhaldi Hafskips falsaða reikninga. Fjórir þeirra, samtals 43.320 krónur, voru ritaðir á reikningseyðublöð frá Slippfélaginu hf. í Reykjavík, eins og nánar greinir í ákæru.

Fram er komið, að reikningarnir sex, sem í ákæru getur, eru allir fyrir annað en það, sem á þá er skráð. Ákærði Páll Bragi hefur viðurkennt að hafa notað þá í bókhaldi Hafskips hf. Er þannig sannað, eins og í héraðsdómi greinir, að hann hefur gerst sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

9. kafli.

Næst verður vikið að VI. kafla ákæru. Samkvæmt þessum kafla er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér greiðslur samkvæmt sex nánar tilgreindum liðum, sem hann lét greiða sér af aðalbankareikningi Hafskips hf. Hafi hann ráðstafað peningunum í eigin þágu eða annarra, án þess að greiðslurnar vörðuðu félagið. Til vara heldur ákæruvaldið fram umboðssvikum varðandi tvær síðasttöldu greiðslurnar.

Ákærði hélt því fram fyrir sakadómi, að greiðslurnar væru allar félaginu viðkomandi og verið gæti, að 60% heimild hans samkvæmt viðbótarkjarasamningi ætti við, en hún hefði einnig náð til greiðslna af þessum reikningi. Við umfjöllun um 1. og 2. lið IV. kafla ákæru var gerð grein fyrir því, að samkvæmt samkomulagi um kjör

ákærðu Björgólfs og Ragnars áttu greiðslur ágóðaþóknunar og jaðarkostnaðar samkvæmt 60% heimild að fara fram um sérstakan bankareikning í vörslum þeirra. Greiðslur þær, sem hér um ræðir, gerðu það ekki. Skýring ákærða Björgólfs getur því ekki átt við rök að styðjast, og verður að taka afstöðu til greiðslnanna í því ljósi.

Taka verður afstöðu til hvers þessara sex liða.

1. liður VI. kafla.

Samkvæmt þessum lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér andvirði sjö tékka, samkvæmt stafliðum a-g, sem ákærði fékk alla afhenta eða lét greiða.

a-b) Ákærði afhenti 20.800 króna tékka, útgefinn 10. febrúar 1983, sem ferðastyrk og lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð". Þá lét hann greiða til Pan Am með tékka, að fjárhæð 12.453 krónur, útgefnum 21. mars 1983, fargjald fyrir sama mann og lét gjaldfæra sem ferðakostnað félagsins.

Ákærði kvað fyrir dómi þessar greiðslur vera viðskiptatengdar og hefði hann jafnvel ætlað að ráða viðtakandann í vinnu. Var það staðfest af þeim, sem í hlut á. Ákærði kvað þessar greiðslur geta átt undir 60% heimildina.

Ákærði Björgólfur hafði sem framkvæmdastjóri og síðar forstjóri rúmar heimildir til að skuldbinda fyrirtækið í þess þágu. Fram er komið, að nafngreindur maður tók við greiðslum samkvæmt þessum lið. Ósannað er þannig, að ákærði hafi nýtt sér greiðslurnar í eigin þágu. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt þessum stafliðum.

c) Ákærði Björgólfur fékk afhentan handhafatékka, að fjárhæð 121.030 krónur, útgefinn 18. apríl 1983, og framseldi til eigin ráðstöfunar, en fyrir greiðslunni afhenti hann tilbúna greiðslukvittun „v/kaupa á brettum" og lét eignfæra í bókhald Hafskips hf. sem bretti.

Fyrir dómi taldi ákærði Björgólfur sig hafa keypt bretti með þessari greiðslu, en ritað er á kvittunina „v/fylgiskj. BG". Ákærði sagði, að fyrir hefði komið, að hann framseldi handhafatékka, sem hann afhenti öðrum, og hefði svo verið hér.

Ákærði Björgólfur framseldi sjálfur tékkann og útbjó fylgiskjal

fyrir greiðslunni. Hann hefur við rekstur málsins ekki gefið fullnægjandi skýringu á greiðslunni. Gögn varðandi þennan hlaupareikning átti ákærði ekki að varðveita gagnstætt því, sem borið hefur verið um gögn varðandi sérreikning hans. Þykir meðferð ákærða á greiðslunni á þann veg, að sannað sé, að hann hafi dregið sér þessa greiðslu og hafi með því brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga.

d) Ákærði fékk afhentan handhafatékka, að fjárhæð 12.778 krónur, útgefinn 11. maí 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét ákærði bókfæra í bókhald Hafskips sem „ýmsan kostnað v/starfsm.“.

Ákærði neitar að hafa dregið sér andvirði tékkans. Hann sagði fyrir dómi, að hann hefði fengið tékkann afhentan vegna dæmigerðs uppgjörs á smáreikningum, sem hann hafði lagt út fyrir og heft við nótuafritið. Í vörslum sínum hefðu verið tugir slíkra reikninga, sem hefðu getað verið veitingahúsanótur, símreikningar og fleira. Taldi ákærði, að á starfstíma sínum hefðu uppgjör með þessum hætti verið nokkur hundruð. Á kvittun ákærða stendur „v/reikn. hjá B.G.“. Því hefur verið borið við, að ákærði hafi mátt taka þessa greiðslu út af jaðarreikningi, sbr. það, sem áður hefur verið um það sagt í dómi þessum.

Greiðsla þessi fór ekki fram af sérreikningi ákærða, heldur aðalreikningi Hafskips hf. Ákærði átti að varðveita gögn og gera skil á sérreikningi til endurskoðanda, sem fara átti yfir gögnin og ákvarða, hvað var félagsins og hvað ákærða. Þessir reikningar komu þannig ekki fram á yfirlitum ákærða til endurskoðandans. Meðferð ákærða á þessari greiðslu er á þann veg, að sannað þykir, að hann hafi dregið sér greiðsluna og brotið þannig gegn 247. gr. almennra hegningarlaga.

e) Ákærði Björgólfur lét greiða sér með tékka, að fjárhæð 28.885 krónur, útgefnum 6. júlí 1983, og gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „risna/móttaka gesta“ gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/ýmissa reikn. hjá B.G.“.

Ákærði skýrði greiðslu þessa fyrir dómi á sama veg og greiðslu samkvæmt staflið d. Eins og að framan greinir, eru skýringar hans á þann veg, að sannað þykir með meðferð hans á greiðslunni, að hann hafi gerst sekur um brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

f) Ákærði Björgólfur fékk afhentan handhafatékka, að fjárhæð 26.767 krónur, útgefinn 9. ágúst 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét hann gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð" gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/úttekt hjá B.B.".

Sama gildir um þennan staflið og stafliði d og e hér að framan.

g) Ákærði Björgólfur lét greiða sér tékka, að fjárhæð 60.571 krónu, útgefinn 28. nóvember 1983, og gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „ýmsan kostnað v/starfsm." gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/ýmissa reikninga hjá B.G.".

Sama gildir um þennan staflið og stafliði d-f hér að framan.

2. liður VI. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér 302.386 krónur sem hluta af kaupverði bifreiðar með því að láta skuldfæra fjárhæðina á Hafskip hf. og félagið síðan endanlega greiða hana með eftirgjöf flutningsgjalda til Jöfurs hf. samkvæmt kreditnótu 19. september 1985.

Ákærði keypti bifreiðina af Jöfri hf. 1. desember 1983. Frá kaupverðinu var dregið andvirði eldri bifreiðar ákærða, sem tekin var upp í kaupverð nýju bifreiðarinnar fyrir 200.000 krónur. Eftirstöðvar kaupverðsins, 302.386 krónur, voru skuldfærðar á Hafskip hf. Fram er komið, að í desember 1983 var skuldin vegna bifreiðarinnar færð af viðskiptareikningi Hafskips hf. hjá Jöfri hf. yfir á ákærða Björgólf persónulega.

Ákærði sagði fyrir dómi, að sér hefði verið fullkunnugt um kröfu Jöfurs hf., en hann hefði aldrei gefið fyrirmæli varðandi uppgjör á skuldinni, enda teldi hann sig enn skulda Jöfri hf. og vitnaði til skattframtala sinna þar að lútandi.

Ósannað er, að ákærði Björgólfur hafi gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök samkvæmt þessum lið.

3. liður VI. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér 500.000 krónur til greiðslu eigin loforðs um lán til Bláskóga hf. með því að hafa á árinu 1983 látið skuldfæra þessa fjárhæð á sérstakan biðreikning hjá Hafskipi hf. til lækkunar á skuld

Bláskóga hf. og síðar í nóvember 1985 látið gjaldfæra fjárhæðina í bókhald Hafskips hf. sem afslátt á flutningstekjum fjögurra skipa félagsins, 125.000 krónur á hvert skip.

a) Bláskógar hf. voru í viðskiptum við Hafskip hf. og áttu oft í greiðsluerfiðleikum. Í raun munu þrjár fjölskyldur hafa átt Bláskóga hf., og var fjölskylda ákærða Björgólfs ein þeirra. Á árinu 1983 mun hver fjölskylda hafa ákveðið að lána fyrirtækinu 500.000 krónur. Hlutur ákærða var í því formi, að hann lét færa 500.000 krónur sem viðskiptaskuld sína hjá Hafskipi hf., og móttóku Bláskógar hf. kreditnótu frá Hafskipi hf. í staðinn. Fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði talið, að þetta stæði enn inni á viðskiptareikningi sínum við Hafskip hf. Kvaðst ákærði hafa lagt fyrir Pál Braga að færa á sig umrædda fjárhæð.

Ákærði Páll Bragi bar fyrir dómi, að ákærði Björgólfur hefði falið sér að færa umrædda fjárhæð á sig. Hann myndi láta gera það upp á móti launum sínum í lok árs.

Sigurþór Charles Guðmundsson, aðalbókari Hafskips hf., bar, að á árinu 1985 hefði ákærði Helgi Magnússon, endurskoðandi Hafskips hf., óskað eftir því við sig, að afsláttur, sem bókaður hafði verið inn á viðskiptareikning 25207, að fjárhæð 500.000 krónur, og tengdist fleiri færslum vegna Bláskóga hf., yrði færður út. Hann hefði gert eins og endurskoðandinn lagði fyrir og um getur í ákæru . Bókunareyðublað liggur frammi í málinu. Á það er skráð: „Skv. H.M.“. Með bókunareyðublaðinu eru engin fylgigögn, enda sagði Sigurþór Charles, að ákærði Helgi hefði hringt þessi fyrirmæli til sín. Í þeim tilvikum, sem ákærði Helgi gaf honum fyrirmæli um færslur, hefði hann merkt fylgiskjölin með tilvísun eins og hér.

Ákærði Helgi kvað þessa fjárhæð hafa verið á biðreikningi, þar sem hún tengdist ákærða Björgólfi og hann hefði ekki vitað, hvað þarna var á ferðinni. Hann kvað það alrangt, að þessi gjaldfærsla hefði verið gerð í samráði við sig. Þegar það var borið undir Sigurþór Charles, hélt hann fast við fyrri framburð sinn.

b) Ákærði Björgólfur gaf fyrirmæli um færslu, en neitar að hafa nokkuð vitað um, hvernig hún var útfærð. Ákærði Helgi kannast ekki við ofangreind fyrirmæli. Framburður Sigurþórs Charles styðst hins vegar við bókunareyðublaðið, sem frammi liggur í málinu. Það

er með ólíkindum, að aðalbókarinn hafi gert þessar færslur að eigin frumkvæði og að forstjórinn hafi ekkert um það vitað, enda bar honum að fylgjast með bókhaldi félagsins. Færslur þessar voru gerðar í sama mánuði og félagið óskaði greiðslustöðvunar. Skýringar ákærða Björgólfs eru þannig ekki fullnægjandi og stangast á við gögn málsins. Nægar sannanir eru því fram komnar til þess að sakfella ákærða Björgólf samkvæmt þessum lið VI. kafla ákæru nnar. Er verknaður hans réttilega heimfærður til 247. gr. almennra hegningarlaga í ákærurini.

4. liður VI. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa 14. nóvember 1985 látið Árna Árnason, deildarstjóra fjárreiðudeildar Hafskips hf., afhenda sér níu nánar tilgreinda víxla, samtals 1.442.214 krónur, alla útgefna af Hafskipi hf. og samþykkta til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, og hafa síðan nýtt þá í eigin þágu.

Eftir að ákærði Helgi hafði bent ákærða Björgólfi á, að þetta gæti verið vafasöm ákvörðun, afhenti hann þrjá aðra víxla hinn 4. desember 1985, samtals sömu fjárhæðar, til félagsins, en með síðari gjalddögum.

Ákærði sagði fyrir dómi, að hann hefði á þessum tíma talið sig eiga stórfé hjá félaginu vegna ágóðaþóknunar. Algengt hefði verið, að víxlar væru settir í innheimtu og andvirðið látið renna inn á hlaupareikninga þeirra ákærða Ragnars.

Víxlarnir voru seldir í banka, en ekki látnir í innheimtu, sem var hin venjulega aðferð. Ákærði lét afhenda sér óvanalega mikil verðmæti fjórum dögum áður en fyrirtækið óskaði greiðslustöðvunar, sem var 18. nóvember 1985. Hér var ekki beitt þeirri aðferð við greiðslu ágóðaþóknunar, sem fyrir er mælt í viðbótarkjarasamningi ákærðu Björgólfs og Ragnars. Getur þessi aðferð því ekki fallið undir greiðslu ágóðaþóknunar eða á nokkurn annan hátt talist venjuleg. Ákærði Björgólfur hefur því gerst sekur um brot á 247. gr. almennra hegningarlaga með þessum verknaði sínum. Taka verður þó tillit til þess við ákvörðun refsingar, að hann bætti fljótlega fyrir brot sitt.

5. liður VI. kafla ákæru.

Samkvæmt þessum lið er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa 30. nóvember 1984 á nánar tilgreindan hátt misnotað aðstöðu sína í starfi hjá Hafskipi hf. með því að láta meðákærða Pál Braga gefa út þrjár kreditnótur og gefa þannig eftir viðskiptaskuld Bláskóga hf. við Hafskip hf., samtals 1.613.596 krónur.

a) Ákærði Páll Bragi kvaðst hafa að fyrirmælum ákærða Björgólfs látið gefa út umræddar þrjár kreditnótur. Nánar var hér um að ræða afslátt, 969.134 krónur, eftirgjöf pakkhússleigu samkvæmt fjórtán reikningum, 440.085 krónur, og bakfærða vexti vegna ýmissa reikninga, 204.377 krónur. Bláskógar hf. stóðu illa fjárhagslega á þessum tíma. Ákærði Björgólfur átti hlut í fyrirtækinu, eins og áður er fram komið.

Ákærði var æðsti yfirmaður markaðsmála Hafskips hf., og kom allt uppgjör fyrirtækja í erfiðri stöðu til hans samþykkis. Hann taldi, að eðlilegt hefði verið að afskrifa vexti og pakkhússleigu, eins og iðulega hefði verið gert vegna fyrirtækja í vandræðum. Mismunurinn, 969.134 krónur, hefði verið færður út og talinn glataður. Hann hefði ekki gefið önnur fyrirmæli en að koma þessari skuld út úr heiminum (sic) á þolanlegan hátt. Hann hefði hins vegar ekki gefið fyrirmæli um einstakar tölur. Hefði Hafskip hf. haldið áfram óbreyttum viðskiptum við Bláskóga hf., hefði Hafskip trúlega tapað allri inneign sinni.

Ákærði Ragnar, en bróðir hans rak Bláskóga hf., skýrði frá því, að þessar kreditnótur hefðu verið gerðar upp með mismunandi orðalagi til að afskrifa gamla skuld Bláskóga hf.

Hallgrímur Þorsteinsson, löggiltur endurskoðandi, einn þeirra endurskoðenda, sem vann fyrir skiptarétt Reykjavíkur, segir í skýrslu frá 11. mars 1986, að hann hafi kannað afslátt, sem Hafskip hf. hafi gefið Bláskógum hf. frá 1983 til 1985. Í skýrslunni kemur fram, að heildarvelta viðskipta félaganna nam árið 1983 1.564.164 krónum, árið 1984 2.002.725 krónum og árið 1985 2.448.285 krónum. Hafskip hf. veitti Bláskógum hf. ekki afslátt árin 1983 og 1985, en árið 1984, eins og að neðan greinir. Vitnið Hallgrímur kom fyrir dóm og staðfesti skýrsluna. Hann kvaðst hafa kannað, hvernig Hafskip hf. stóð að veitingu afsláttar til 20 - 30 fyrirtækja. Hefði afsláturinn numið á að giska 5 - 12%. Hann sagði, að mjög erfitt

hefði verið að meta afsláttarkjör og leiðréttingar á fraktreikningum, þar sem starfsmenn Hafskips hf., er sáu um fraktsamningana, hefðu haft nokkuð frjálsar hendur í samningum.

Vitnið Kjartan Kjartansson, forstjóri Bláskóga hf., sagði hjá rannsóknarlögreglu og staðfesti þá skýrslu fyrir dómi, að fyrirtæki sitt hefði fengið 120.000 krónur í afslátt frá Hafskipi hf. árið 1981 og 330.000 krónur 1982. Þetta hefði átt að vera 15% afsláttur. Hann mundi ekki, hver afslátturinn var 1983, en kvaðst telja fremur ólíklegt, að ekki hefði verið um afslátt að ræða, en hann hefði þá ekki verið greiddur fyrr en árið 1984. Það ár hefði fyrirtækið fengið 407.817 krónur, sem væntanlega hefðu verið afsláttur og greiðsla vegna tjóns. Þar af hefur hann kvittað fyrir 140.000 krónum sem afslætti.

b) Fram er komið, að Bláskógar hf. fengu afslátt, sem átti að vera um 15% af flutningsgjöldum, árin 1981 og 1982, og einhvern afslátt fékk fyrirtækið greiddan árið 1984, auk þess afsláttar, sem um ræðir í þessum lið ákæru. Óupplýst er hins vegar, hvort það var fyrir árið 1983 eða 1984. Það var í verkahring ákærða Björgólfs að ganga frá uppgjöri vegna fyrirtækja í erfiðri stöðu. Aðrir starfsmenn veittu hins vegar jafnan hinn almenna afslátt. Vitnið Kjartan Kjartansson sagði hins vegar, að hann hefði aðallega átt skipti við ákærða Pál Braga hjá Hafskipi hf. Hefði það verið vegna tengsla Bláskóga hf. og sín við ákærðu Björgólf og Ragnar. Eðlilegt var því að láta ákærða Pál Braga um ákvarðanir í þessu efni, í stað þess að ákærði Björgólfur ætti að því frumkvæði. Hér er um mjög háar fjárhæðir að tefla miðað við viðskipti Bláskóga hf. og Hafskips hf. og meiri afslátt en fyrirtækið hafði áður notið og algengur var til annarra fyrirtækja samkvæmt könnun vitnisins Hallgríms Þorsteinssonar, löggilts endurskoðanda. Fram er komið, að Bláskógar hf. voru í vanskilum og í greiðsluerfiðleikum. Samkvæmt 56. gr. laga um hlutafélög má stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns, eigi þeir þar verulegra hagsmuna að gæta. Ákærði Björgólfur átti verulegra hagsmuna að gæta varðandi Bláskóga hf. Afskipti hans eru því í andstöðu við framangreint ákvæði. Hann hefur því gerst sekur um brot á 249. gr. almennra hegningarlaga.

6. liður VI. kafla ákæru.

Ákærða Björgólfi er samkvæmt þessum lið gefið að sök að hafa 13. nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína hjá Hafskipi hf. með því að gefa út kreditnótu í því skyni að gefa eftir höfuðstól skuldar Kristins Sophusar Kristinssonar, 337.298 krónur, ásamt dráttarvöxtum, 109.527 krónum, samtals 446.825 krónur, og nýta eftirgjöf þessa í persónulegum viðskiptum sínum við Kristin Sophus.

a) Ákærði neitaði algjörlega sök varðandi þennan ákærulið og sagði ekkert óvenjulegt að gefa eftir helming af frakt eða öll gjöld. Vísaði hann í því efni til skýrslu vitnisins Hallgríms Þorsteinssonar um frjálsræði í samningum um afslátt, sbr. það, sem segir hér að framan. Vitnið Kristinn Sophus hefði skuldað félaginu yfir 500.000 krónur. Hefði hann gengið fast eftir því að fá alla fjárhæðina eftirgefna, þar sem hann ætti inni hjá félaginu fyrir ólaunaða þjónustu á liðnum árum. Ákærði kvaðst hafa lofað Kristni Sophusi afslætti. Hann hefði ekki verið búinn að ganga frá því og þarna verið að efna þetta. Ákærði kvaðst ekkert hafa skuldað vitninu Kristni Sophusi og engan persónulegan ávinning hafa haft af þessu. Þetta hefði verið venjulegt uppgjör við viðskiptamann, fjölda slíkra afgreiðslna mætti finna í bókhaldi Hafskips hf.

Vitnið Kristinn Sophus staðfesti að hafa fengið umrædda eftirgjöf í formi bakfærslu á viðskiptamannareikningi sínum hjá Hafskipi hf. Hann hefði farið fram á þetta vegna vinnu, sem hann innti af hendi fyrir félagið, meðan hann bjó í Danmörku, en vitnið fluttist til landsins árið 1984. Hann sagði, að á árunum, sem hann hefði búið í Kaupmannahöfn, hefði hann án þess að þiggja nein laun fyrir kannað fyrir Hafskip hf. kaup á lyftara og brettum svo og lengingu á einu skipa félagsins, án þess að það leiddi til nokkurra viðskipta. Eftir að hann fluttist heim til Íslands, hefði hann viljað fá afslátt á flutningsgjöldum vegna þess, er Hafskip hf. hafði flutt fyrir hann. Ákærði Björgólfur hefði ekkert gefið út á það, og hefði staðið í þessu þrasi í nokkra mánuði og allt fram á árið 1985, að hann fékk afsláttinn.

Við umfjöllun stafliðar g í 3. lið IV. kafla ákæru hér framar er skýrt frá störfum vitnisins Kristins Shophusar í Danmörku að markaðsmálum. Í framburði þess og ákærða Björgólfs kom einnig fram, að vitnið rak framköllunarfyrirtæki í Kaupmannahöfn með

tengdasyni ákærða. Kvaðst Björgólfur hafa orðið fyrir miklum fjárútlátum vegna ábyrgðar á eignarleigusamningi um framköllunarvélar. Vitnið Kristinn Sophus kvað þá ákærða hafa verið sameiginlega ábyrga. Ákærði hefði síðan keypt fyrirtækið af sér í júlí 1984.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu hafa ákærði Ragnar og vitnið Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri markaðssviðs, borið, að þeir hafi ekkert um þennan afslátt og viðskipti vitnisins Kristins Sophusar vitað. Jón Hákon hélt, að hér væri um persónuleg viðskipti ákærða Björgólfs og vitnisins Kristins Sophusar að ræða.

b) Bakfærsla þessi er gerð 13. nóvember 1985 að fyrirlagi ákærða Björgólfs. Óskað var greiðslustöðvunar fyrir Hafskip hf. 18. nóvember sama ár. Vinna sú, sem vera átti ástæða bakfærslunnar, hafði löngu verið unnin, og samkvæmt framburði Kristins Sophusar hafði hann fyrir löngu farið fram á afslátt, en því hafði ákærði í engu svarað. Ákærði og vitnið Kristinn Sophus höfðu átt í viðskiptum. Afsláttur sá, sem honum var veittur, nam miklum hluta skuldar hans og var verulega meiri afsláttur en almennt var veittur samkvæmt skýrslu Hallgríms Þorsteinssonar, löggilts endurskoðanda, en frá henni segir við umfjöllun næsta liðar hér að framan. Ákærði hafði ekkert samband við aðra stjórnendur fyrirtækisins um þessa bakfærslu. Þrátt fyrir neitun ákærða Björgólfs eru nægar sannanir fram komnar um, að hann hafi með þessari fyrirgreiðslu gerst sekur um brot á 249. gr. almennra hegningarlaga.

10. kafli.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða í dómi þessum, að ákærðu eru sakfelldir eftir ákæru, eins og hún var hér fyrir dómi, en þó aðeins að nokkru leyti. Vegna reikningsskila Hafskips hf., sem miðuð voru við 31. ágúst 1984, eru ákærðu Björgólfur Guðmundsson, Ragnar Kjartansson og Páll Bragi Kristjónsson taldir hafa brotið 152. gr., 2. mgr., laga um hlutafélög nr. 32/1978, en ekki almenn hegningarlög. Ákærði Helgi Magnússon er vegna sömu reikningsskila talinn hafa brotið 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, en ekki almenn hegningarlög. Vegna ársreikningsgerðar Hafskips hf. fyrir árið 1984 eru Björgólfur, Ragnar og Helgi taldir hafa brotið 151. gr., 1. tl., laga um hlutafélög og Helgi einnig fyrrgreind ákvæði laga um endurskoð-

endur, en þeir voru ekki taldir hafa gerst sekir um hegningarlagabrot vegna ársreikninganna. Björgólfur og Ragnar eru taldir hafa brotið 247. gr. almennra hegningarlaga um fjárdrátt með tilteknum ráðstöfunum, sem tengdust samningum um starfskjör þeirra hjá Hafskipi hf., og sérstökum hlaupareikningum, sem þeir höfðu til ráðstöfunar, svo og 262. gr. sömu laga um bókhaldsóreiðu. Ákærði Helgi Magnússon er sýknaður af ákæru um hylmingu í þessum hluta ákæru. Páll Bragi Kristjónsson er talinn hafa brotið 155. gr. almennra hegningarlaga um skjalafals vegna 6 reikninga, sem Hafskip hf. greiddi. Þá er Björgólfur Guðmundsson talinn hafa brotið 247. gr. almennra hegningarlaga um fjárdrátt vegna ýmissa tiltekinna greiðslna úr almennum sjóði Hafskips hf. Tvö brot sama manns eru talin varða við 249. gr. laganna, sem fjallar um umboðssvik.

Ákærðu hafa samkvæmt sakaskrá ekki áður hlotið refsingu, er hér skiptir máli.

Refsingar þeirra ber að ákveða með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli þeirra. Þá ber að gæta þess við ákvörðun refsinga ákærðu Björgólfs og Ragnars, að eftirlit af hálfu stjórnar félagsins á framkvæmd samnings um viðbótarkjör, sem frá er skýrt í IV. kafla ákæru, mátti vera virkara. Loks ber þess að gæta, að ákærði Björgólfur gerði fljótlega skil vegna víxla þeirra, sem hann er sakfelldur fyrir, og ákærði Ragnar hefur greitt allar fjárhæðir samkvæmt 4. lið IV. kafla ákæru, sem hann er sakfelldur fyrir.

Refsing ákærða Björgólfs Guðmundssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði, ákærða Páls Braga Kristjónssonar fangelsi 2 mánuði og ákærða Ragnars Kjartanssonar fangelsi 5 mánuði. Enginn dómfelldra hefur áður brotið gegn almennum hegningarlögum, og fram er komið, að staða þeirra og hagir hafa mjög raskast við þann opinbera málarekstur, sem staðið hefur gegn þeim og öðrum allt frá því fyrri hluta árs 1986 vegna gjaldþrots Hafskips hf. Af þessum sökum skal fresta fullnustu refsinga þeirra og þær niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Björgólfur sat í gæsluvarðhaldi frá 21. maí 1986 til 18. júní s.á., í 28 daga.

Ákærði Páll Bragi sat í gæsluvarðhaldi frá 21. maí 1986 til 7. júní s.á., í 17 daga.

Ákærði Ragnar sat í gæsluvarðhaldi frá 21. maí 1986 til 18. júní s.á., í 28 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal framangreint gæsluvarðhald ákærðu koma refsingum þeirra til frádráttar, komi þær til framkvæmda.

Refsing ákærða Helga Magnússonar þykir hæfilega ákveðin 500.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing hennar 60 daga varðhald, en ákærði telst með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga hafa afplánað 20 daga af refsingunni með gæsluvarðhaldi sínu frá 21. maí 1986 til 9. júní s.á., í 20 daga.

Krafa um sviptingu réttinda löggilts endurskoðanda.

Þess er krafist í málinu, að ákærði Helgi verði með dómi sviptur réttindum löggilts endurskoðanda samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum.

Ákærði Helgi hefur með gerð milliuppgjörs 31. ágúst 1984 og ársreiknings 1984 í andstöðu við 19. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968 og ákvæði laga um hlutafélög og laga um löggilta endurskoðendur, sem vitnað er til framar í þessum dómi, gerst sekur um brot á skyldum sínum sem löggiltur endurskoðandi.

Fljótlega eftir að rannsókn málsins hófst, lokaði Helgi endurskoðunarskrifstofu sinni og hefur ekki stundað þau störf síðan. Þykja ekki efni til að taka kröfu ákæruvaldsins til greina.

Sakarkostnaður.

Sakarkostnaður er ákveðinn með hliðsjón af 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ákærðu, Björgólf Guðmundsson, Helga Magnússon, Pál Braga Kristjónsson og Ragnar Kjartansson, til greiðslu málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna í héraði og Hæstarétti að 3/5 hlutum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þá skulu þeir greiða 600.000 krónur óskipt í saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Ákærði Björgólfur skal greiða annan sakarkostnað í héraði að 1/10 hluta, ákærði Ragnar að 1/20 hluta og ákærðu Páll Bragi og Helgi 1/40 hluta hvor. Ákærðu greiði kostnað við áfrýjun sakarinnar óskipt að 3/5 hlutum.

Dómsorð:

Ákærði Björgólfur Guðmundsson sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Páll Bragi Kristjónsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Ragnar Kjartansson sæti fangelsi 5 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga þeirra og þær niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu hver um sig skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing þeirra til framkvæmda, skal koma til frádráttar gæsluvarðhald þeirra, Björgólfs í 28 daga, Páls Braga í 17 daga og Ragnars í 28 daga.

Ákærði Helgi Magnússon greiði 500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald til framkvæmda, verði hún ekki greidd. Þar af telst hann hafa afplánað 20 daga með gæsluvarðhaldsvist sinni.

Ákærðu, Björgólfur Guðmundsson, Helgi Magnússon, Páll Bragi Kristjónsson og Ragnar Kjartansson, skulu hver um sig greiða að 3/5 hlutum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Jónasi Aðalsteinssyni og Jóni Magnússyni, þau málsvarnarlaun, sem ákveðin voru í héraðsdómi, og fyrir Hæstarétti 600.000 krónur til hvers. Þeir skulu óskipt greiða 600.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Annan sakarkostnað í héraði greiði ákærði Björgólfur að 1/10 hluta, ákærði Ragnar að 1/20 hluta og ákærðu Páll Bragi

og Helgi að 1/40 hluta hvor. Áfrýjunarkostnað sakarinnar skulu þeir greiða óskipt að 3/5 hlutum.

Allur annar kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Jóns G. Tómassonar hæstaréttarlögmanns.

Um ákærur og áfrýjunarstefnu.

A. Ríkissaksóknari höfðaði mál þetta fyrst með tveimur ákærum, útgefnum 9. apríl 1987, á hendur 3 fyrrverandi starfsmönnum Hafskips hf. og endurskoðanda félagsins, 3 bankastjórum Útvegsbanka Íslands og aðstoðarbankastjóra svo og 3 fyrrverandi bankastjórum. Voru ákærðu alls 11 talsins. Með dómum Hæstaréttar 4. júní 1987 og 24. júlí 1987 var málinu vísað frá vegna vanhæfis ríkissaksóknara.

Hinn 6. ágúst 1987 var skipaður sérstakur ríkissaksóknari, og höfðaði hann málið að nýju með tveimur ákærum, útgefnum 11. og 23. nóvember 1988. Málið var þá höfðað gegn 6 fyrrverandi starfsmönnum Hafskips hf. og endurskoðanda félagsins, 3 bankastjórum Útvegsbanka Íslands og aðstoðarbankastjóra svo og 5 bankaráðsmönnum og endurskoðanda bankans. Höfðu þannig bæst í hóp ákærðu 3 fyrrverandi starfsmenn Hafskips hf. og 5 bankaráðsmenn Útvegsbanka Íslands auk endurskoðanda bankans, alls 9 aðilar, en úr hópnum höfðu fallið 3 fyrrverandi bankastjórar. Voru ákærðu nú 17 talsins. Ákæruefnum frá ákærunum í apríl 1987 hafði einnig verið breytt verulega. Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1990 sýknaði 14 hinna ákærðu, en 3 hlutu dóma, tveir fyrrverandi starfsmenn Hafskips hf. og endurskoðandi félagsins.

Sérstakur ríkissaksóknari sagði af sér, eftir að dómur gekk í sakadómi. Aftur var skipaður sérstakur ríkissaksóknari 13. júlí 1990 til að fara með málið. Hinn 17. desember 1990 gaf hann út áfrýjunarstefnu á hendur fjórum þeirra sautján, sem ákærðir voru í nóvember 1988, þeim þremur, sem hlutu dóma, og einum, sem sakadómur sýknaði. Ákærðu, sem upphaflega voru 11, en síðar 17, hefur nú í reynd fækkað í 4, en alls hafa 20 verið ákærðir í máli þessu.

B. Ákæru í hinum áfrýjaða dómi er skipt í tíu aðalkafla.

Þrír fyrstu kaflarnir varða meintar blekkingar og rangfærslur í sambandi við reikningsskil, áætlunargerð og ársuppgjör. Í áfrýjun er haldið við fyrsta kafla ákæru, en fallið frá öðrum kafla svo og 5 ákæruefnum af 13 í þriðja kafla ákæru.

Fjórði til sjötti kafli ákærunnar varða aðallega meintan fjárdrátt þriggja ákærðu ásamt hylmingu eins þeirra svo og meint skjalafals eins ákærðu. Við áfrýjun er haldið við þessi ákæruatriði.

Sjöundi kafli ákæru varðar meint skilasvik þriggja ákærðu. Við áfrýjun er fallið frá þessum kafla.

Áttundi til tíundi kafli ákæru varða meint brot bankastjóra, bankaráðsmanna og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands í opinberu starfi. Við áfrýjun málsins er fallið frá þessum ákærum.

C. Fyrsti, annar og þriðji kafli ákæru frá nóvember 1988 varða hið eiginlega Hafskipsmál, sem svo var nefnt og hlotið hefur mikla umfjöllun og umræðu allt frá síðari hluta árs 1985. Tilefni er til að gera nokkurn samanburð á ákæruefnum samkvæmt þeim tveimur ákærum, sem gefnar hafa verið út um þetta efni, svo og áfrýjunarstefnunni.

Fyrsti kafli ákæru varðar meint brot við gerð milliuppgjörs Hafskips hf. 31. ágúst 1984. Í ákærunni frá 1987 var byggt á því, að hinir ákærðu hefðu með rangfærslum sýnt eiginfjárstöðu félagsins 42.006.000 krónum hagstæðari en með réttu hefði átt að vera. Í ákærunni frá 1988 er þessi fjárhæð talin vera að minnsta kosti 54.008.595 krónur. Er haldið við þá fjárhæð í áfrýjunarstefnu.

Annar kafli ákærunnar varðar aðallega meint brot tengd áætlunum um rekstrarafkomu félagsins í lok árs 1984 og byrjun 1985. Við áfrýjun er alveg fallið frá þessum kafla ákærunnar.

Í þriðja kafla er ákært vegna meintra brota við gerð ársreiknings Hafskips hf. fyrir árið 1984. Í ákærunni frá 1987 var sagt, að rangfærsla hinna ákærðu hefði leikið á bilinu 92.482.000 krónum til 222.482.000 króna. Í ákærunni frá nóvember 1988 er byggt á því, að rangfærslan hafi numið 152.541.917 krónum, en við áfrýjun er rangfærslan talin nema 95.421.420 krónum. Við áfrýjun er fallið frá 5 ákæruefnum af 13 í þessum kafla ákærunnar, samtals að fjárhæð 57.120.497 krónur.

D. Þrír ríkissaksóknarar, hver á eftir öðrum, hafa farið með ákæruvald í þessu máli. Af því, sem rakið hefur verið, má ráða,

að þeir hafi haft ólíkar skoðanir á því, hver væru sakarefnin og hverjir ættu að svara til saka.

Endurskoðendum þeim, sem sérstakur ríkissaksóknari fól að yfirfara og láta í té álit um reikningsskil Hafskips hf., var ekki gerð grein fyrir því, að ákæra í veigamestu þáttum málsins yrði algerlega byggð á áliti þeirra, sem vísar að verulega leyti til venju eða reglna, sem ekki voru skráðar eða birtar með neinum formlegum hætti á þeim tíma, sem reikningsskilin voru gerð og reynst hafa umdeilanleg matsatriði.

Sérstakur ríkissaksóknari gerði álit hinna löggiltu endurskoðenda um einstök atriði í bókhaldi og færslum Hafskips hf. engu að síður í einu og öllu að efnisatriðum ákæru, án þess að séð verði, að einstök atriði álitsins hafi hlotið nauðsynlega skoðun út frá refsiréttarlegum sjónarmiðum. Ákvörðun hins síðar skipaða sérstaks ríkissaksóknara um að falla við áfrýjun frá veigamiklum ákæruefnum ber þessu m.a. glöggan vott. Það er aðfinnsluvert, hvernig staðið var að þessu leyti að ákærunni í nóvember 1988.

Um I. og III. kafla ákæru.

Samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæruskjali er ákærðu gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslum, öllum fjórum við gerð milliuppgjörs fyrstu átta mánuði ársins 1984, en þremur ákærðu við gerð ársreiknings Hafskips hf. fyrir árið 1984, hvort tveggja í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins og bankastjórn Útvegsbanka Íslands svo og hluthöfum og öðrum viðskiptaaðilum, að því er tekur til ársreikningsins.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómsins um það, að ósannað er, að ákærðu hafi í sameiningu rangfært þessi reikningsskil í blekkingarskyni og því beri að sýkna þá fyrir brot á ákvæðum 1. mgr. 158. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ég tel einnig ósannað, að ákærðu hafi við gerð þessara reikningsskila skýrt vísvitandi rangt eða villandi frá högum félagsins í því skyni að blekkja þá aðila, sem nefndir eru í ákæruskjali, og með þeim hætti, sem verknaðarlýsing í ákæru greinir. Verður að þessu leyti ekki gerður munur á refsiskilyrðum samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og ákvæðum laga um hlutafélög, sem tilgreind eru í ákæruskjali.

Það liggur fyrir skjalfest og í vitnisburði, að bankastjórn Útvegsbanka Íslands fylgdist grannt með rekstri Hafskips hf. og að henni var gerð ýtarleg grein fyrir stöðu félagsins. Stjórnendur bankans hafa borið, að þeir hafi ekki á nokkurn hátt verið blekktir af ákærðu. Eftir að bankastjórnin fékk milliuppgjörið í hendur 30. október 1984, veitti bankinn félaginu engin ný lán önnur en þau, sem tryggð voru með veði í skuldabréfum, útgefnum af þriðja aðila.

Stjórn Hafskips hf. fylgdist einnig vel með stöðu félagsins, og í bréfi til hluthafa 17. janúar 1985 og skýrslu, sem gefin var á hluthafafundi 9. febrúar 1985, þegar ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu, var tekið fram, að um rekstrartap yrði að ræða á árinu 1984 og að eiginfjárstaða fyrirtækisins væri orðin neikvæð.

Vegna umræðu í desember 1984 um góða afkomu skipafélaga var birt fréttatilkynning frá Hafskipi hf., þar sem tekið var fram, að félagið ætti við talsverða erfiðleika að stríða og rekstrarafkoma þess yrði slæm á árinu.

Þegar allt þetta er virt, verður ekki séð, að leiddar hafi verið að því sönnur, að ákærðu hafi vísvitandi samið milliuppgjörið eða ársreikninginn í því skyni að villa um fyrir bankastjórn Útvegsbanka Íslands, stjórn félagsins, hluthöfum eða öðrum ótilgreindum viðskipaaðilum, svo sem greint er í ákæruskjali. Ber því einnig að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að þessu leyti og sýkna ákærðu af brotum gegn ákvæðum 1. tl. 151. gr. og 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Endurskoðandi Hafskips hf. sætir einnig ákæru vegna áritunar á umrædd reikningsskil.

Í áritun ákærða Helga Magnússonar á milliuppgjörið 31. ágúst 1984 er ekki tekið fram, að það hafi verið endurskoðað, svo sem venja er í áritun löggiltra endurskoðenda á ársreikninga. Viss fyrirvari fylgdi árituninni, og upplýst er, að ekki er venja að endurskoða slíkt milliuppgjör. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að ákærði Helgi hafi með áritun sinni á milliuppgjörið brotið á þann hátt gegn 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, að það eigi að varða hann refsingu.

Áritun á samstæðureikning Hafskips hf. fyrir árið 1984 án fyrirvara, þótt endurskoðun þriggja dótturfyrirtækja hafi ekki farið

fram, er andstæð ákvæði 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga um hlutafélög. Hins vegar er til þess að líta, að reikningum tveggja þessara fyrirtækja, sem staðsett voru í Bandaríkjunum, fylgdu áritanir löggiltra endurskoðenda þess efnis, að efnahagsreikningar fyrirtækjanna, yfirlit yfir rekstur, breytingar á fjárhagsstöðu o.fl. hefði verið athugað í samræmi við þær kröfur, sem gerðar voru á vegum stofnunar löggiltra bandarískra endurskoðenda, þótt athugun þessi væri verulega minni í sniðum en skoðun í samræmi við viðurkenndar endurskoðunarreglur. Þá hafði löggiltur endurskoðandi fært reikninga þriðja dótturfyrirtækisins.

Um IV. kafla ákæru.

Í 1. - 4. lið þessa kafla ákæru eru þeir Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson ákærðir fyrir að hafa dregið sér fé úr sérstökum tékkareikningum, sem þeir höfðu í vörslu sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins um launakjör þeirra.

Formaður, varaformaður og ritari stjórnar Hafskips hf. undirrituðu bókun 14. ágúst 1980 um launakjör ákærðu. Þar segir m.a.: „Núverandi laun samkv. launabókhaldi félagsins og 60% þar á, eins og verið hefur, gegnum opinn reikning í vörslu framkvæmdastjóra og mætir að hluta kostnaði.“ Þeir, sem undir þetta rituðu, hafa borið fyrir dómi, að ákvæðið um 60% álag á föst laun hafi í reynd verið launauppbót. Hafi ákærðu mátt ráðstafa greiðslum innan þeirra marka í eigin þágu, en síðan átt að standa endurskoðanda félagsins skil á uppgjöri. Orðalag bókunarinnar styður þennan framburð, og verður því að styðjast við hann.

Í skýrslu endurskoðanda Hafskips frá í desember 1985 segir, að launauppgjöri við hina ákærðu hafi ekki verið lokið, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Endurskoðandanum bar að yfirfara færslur og fylgiskjöl varðandi tékkareikningana, sem ákærðu Björgólfur og Ragnar höfðu í fórum sínum, og ákveða, hvað væri félagsins og hvað þeirra persónulega. Þetta hafði dregist að gera. Endurskoðandinn taldi eigi að síður, að uppsöfnun innstæðna ákærðu vegna viðbótarlauna hefði verið veruleg, og báðir töldu ákærðu víst, að þeir ættu inni verulegar upphæðir vegna óuppgerðra launa.

Ráðstafanir ákærðu, sem 1.-4. liður þessa kafla ákæru tekur til, verða því ekki taldar heimildarlausar, eins og á stóð.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að fallast á niðurstöður hans, að því er tekur til 1. - 4. tl. IV. kafla ákæruskjals.

Á það er hins vegar fallist með meiri hluta dómsins, sbr. 8. tl. IV. kafla ákæru, að Björgólfur og Ragnar hafi brotið gegn ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga um stórfellda óreglu í bókhaldi að því er varðar skil á færslum og gögnum vegna þeirra tékkareikninga, sem þessi kafli ákærunnar tekur til. Þá er ég einnig samþykkur niðurstöðu Hæstaréttar um 5. - 7. og 9. tl. í þessum ákærukafla.

Um V. og VI. kafla ákæru.

Ég er samþykkur niðurstöðu Hæstaréttar um þessa kafla ákærunnar.

Niðurstaða.

Ég tel rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar refsingar ákærðu Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjónssonar og Helga Magnússonar, að öðru leyti en því, að refsing ákærða Björgólfs telst hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Ákærða Ragnari Kjartanssyni verði gert að greiða 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem telst afplánuð með 28 daga gæsluvarðhaldi hans.

Ekki eru efni til að skila atkvæði um skiptingu á greiðslu málsvarnarlauna og annars sakarkostnaðar í samræmi við ofanritað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 5. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Sverri Einarssyni sem dómsformanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 344-360/1990: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni, Helga Magnússyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni, Inga Randveri Jóhannssyni, Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni, Kristmanni Karlssyni og Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, sem tekið var til dóms 23. maí sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveim ákæruskjölum sérstaks ríkissaksóknara, dagsettum 11. og 23. nóvember 1988, en málið er risið af gjaldþroti skipafélagsins Hafskips hf. Með dómum Hæstaréttar, uppkveðnum 4. júní og 24. júlí 1987, var ákærum, sem hinn reglulegi ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, hafði gefið út vegna þessara mála, vísað frá dómi, þar sem eigi var talið rétt, að hann færi með ákæruvald í þeim.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 6. ágúst 1987, var Jónatan Þórmundsson prófessor skipaður til þess samkvæmt 22. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að gegna störfum ríkissaksóknara í málunum.

Með fyrrgreindu ákærunni er málið höfðað á hendur eftirgreindum mönnum:

A. Fyrrverandi fyrirsvarsmönnum, starfsmönnum og löggiltum endurskoðanda Hafskips hf.:

1. Björgólfi Guðmundssyni, fv. forstjóra Hafskips hf., Hagamel 53, Reykjavík, fæddum 2. janúar 1941 í Reykjavík,
2. Ragnari Kjartanssyni, fv. stjórnarformanni Hafskips hf., Vogalandi 11, Reykjavík, fæddum 4. mars 1942 í Reykjavík,
3. Páli Braga Kristjónssyni, fv. framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs Hafskips hf., Fossagötu 8, Reykjavík, fæddum 7. febrúar 1944 í Reykjavík,
4. Árna Árnasyni, fv. deildarstjóra fjárreiðudeildar Hafskips hf., Melhaga 15, Reykjavík, fæddum 25. maí 1953 á Akureyri,
5. Sigurþóri Charles Guðmundssyni, fv. aðalbókara Hafskips hf., Fiskakvísl 5, Reykjavík, fæddum 22. nóvember 1955 í Reykjavík,
6. Þórði Hafsteini Hilmarssyni, fv. deildarstjóra skipulags- og hagdeildar Hafskips hf., Arnarhrauni 12, Hafnarfirði, fæddum 18. maí 1951 á Akranesi,
7. Helga Magnússyni, fv. löggiltum endurskoðanda Hafskips hf., Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi, fæddum 14. janúar 1949 í Reykjavík.

B. Fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands:

8. Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, fv. bankastjóra Útvegsbanka Íslands, Hlíðarbyggð 3, Garðabæ, fæddum 20. október 1946 á Ísafirði,
9. Lárusi Jónssyni, fv. bankastjóra Útvegsbanka Íslands, Hólastekk 6, Reykjavík, fæddum 17. nóvember 1933 á Ólafsfirði,
10. Ólafi Helgasyni, fv. bankastjóra Útvegsbanka Íslands, Karfavogi 41, Reykjavík, fæddum 2. desember 1924 á Ísafirði,
11. Axel Kristjánssyni, fv. aðstoðarbankastjóra og forstöðumanni lögfræðingadeildar Útvegsbanka Íslands, Skeggjagötu 4, Reykjavík, fæddum 20. nóvember 1928 í Reykjavík,

12. Inga Randveri Jóhannssyni, fv. endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, Sævargörðum 2, Seltjarnarnesi, fæddum 5. desember 1936 í Vestmannaeyjum.

C. Fyrrverandi bankaráðsmönnum í Útvegsbanka Íslands:

13. Valdimar Indriðasyni, fv. formanni bankaráðs Útvegsbanka Íslands, Háteigi 14, Akranesi, fæddum 9. september 1925 á Akranesi,
14. Arnbirni Kristinssyni, fv. bankaráðsmanni í Útvegsbanka Íslands, Mávanesi 9, Garðabæ, fæddum 1. júní 1925 í Vestmannaeyjum,
15. Garðari Sigurðssyni, fv. bankaráðsmanni í Útvegsbanka Íslands, Sólheimum 24, Reykjavík, fæddum 20. nóvember 1933 í Reykjavík,
16. Kristmanni Karlssyni, fv. bankaráðsmanni í Útvegsbanka Íslands, Hólagötu 40, Vestmannaeyjum, fæddum 6. júní 1945 í Vestmannaeyjum.

Sakargiftum er þannig lýst í ákæru og dómkröfum:

„I. kafli.

Ragnfærsla skjala, fjársvik og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd reikningsskilum Hafskips hf. 31. ágúst 1984.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Helga Magnússyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu reikningsskila yfir rekstur og efnahag Hafskips hf. og dótturfélaga þess fyrstu átta mánuði ársins 1984 með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, svo sem að neðan greinir, í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins í skýrslum og yfirlýsingum til hennar og til að tryggja félaginu áfram lánstraust og fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum, Útvegsbanka Íslands, og loks fyrir að fá bankastjórn Útvegsbankans til þess að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu, þar á meðal tvö lán hinn 7. nóvember 1984, alls að fjárhæð 4.040.000 hollensk gyllini, jafnvirði kr. 41.360.308, þegar lánin voru veitt, og ábyrgð vegna yfirdráttarheimildar hjá erlendum banka hinn 30. október 1984, að fjárhæð 500.000 Bandaríkjadali, er síðar var breytt í lán að sömu fjárhæð hinn 24. desember 1984, jafnvirði kr. 20.195.000, þegar lánið var veitt, og valda þannig bankanum fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni með því að vekja eða styrkja rangar hugmyndir bankastjórnarinnar um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarhorfur á grundvelli hinna röngu bókhaldsgagna, svo sem hér segir:

1. Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum kr. 11.431.481

	Vantaldar skuldir vegna beins kostnaðar af óloknum ferðum	kr.	2.704.797
2.	Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar flutningstekna af ferð ms. Skaftár	"	6.000.000
3.	Oftaldar eignir vegna misræmis milli viðskiptareikninga	"	1.801.998
4.	Oftaldar eignir vegna tvíbókaðra flutningstekna	"	2.453.202
5.	Vantaldar skuldir vegna rekstrartaps Hafskips Holdings Inc.	"	3.649.000
6.	Vantaldar skuldir vegna rekstrartaps dótturfélaga í Þýskalandi og Danmörku	"	2.002.976
7.	Oftaldar eignir vegna sérstakra tékkareikninga fyrirsvarsmanna Hafskips hf.	"	5.565.412
8.	Vantaldar skuldir vegna ágóðaþóknunar stjórnarformanns og forstjóra	"	8.630.053
9.	Oftaldar eignir vegna eignfærðrar gámaleigu	"	10.000.000.

Með framangreindum rangfærslum sýndi efnahagsreikningur Hafskips hf. og dótturfélaga þess 31. ágúst 1984 jákvæða eiginfjárstöðu, að fjárhæð kr. 8.185.326, þegar hún í reynd var neikvæð um fjárhæð, sem nam að minnsta kosti kr. 45.823.269, og hefur þá verið tekið tillit til vantalinna eigna vegna villu í reikningsjöfnuði, að fjárhæð kr. 230.324.

Enn fremur er ákærða Helga gefið að sök að hafa hinn 19. október 1984 sem löggiltur endurskoðandi áritað reikningsskil fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984 með þeim hætti, að ekki verður annað af áritun hans ráðið en að reikningsskil þessi hafi verið endurskoðuð, þótt sú endurskoðun hafi ekki farið fram í reynd.

Framangreind reikningsskil voru lögð fram á stjórnarfundi Hafskips hf. 8. nóvember 1984, en höfðu áður verið send bankastjórn Útvegsbanka Íslands með bréfi, dagsettu 30. október 1984, þar sem sérstaklega var tekið fram, að reikningsskilin væru endurskoðuð.

Háttsemi ákærðu Björgólfs, Páls Braga og Ragnars samkvæmt því, sem að framan greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, svo og við 1. tl. 151. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, en til vara við 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32, 1978.

Háttsemi ákærða Helga telst varða við 1.mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, 1. tl. 151. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, og 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur.

II. kafli.

Brot á lögum um hlutafélög, tengd áætlunum um rekstrarafkomu Hafskips hf. á tímabilinu desember 1984 til loka febrúar 1985.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni og Páli Braga Kristjónssyni er gefið að sök að hafa veitt bankastjórn Útvegsbanka Íslands rangar eða villandi upplýsingar um líklega rekstrarafkomu Hafskips hf. á árunum 1984 og 1985 með bréfum, dagsettum 3. og 15. október 1984, 11. og 12. desember 1984, 14. og 29. janúar 1985, og áætlunum um rekstrarafkomu félagsins á árunum 1984 og 1985, en gögn þessi voru m.a. reist á röngum eða villandi forsendum varðandi Atlantshafsflutninga félagsins.

Ákærðu Björgólfi og Ragnari er gefið að sök að hafa á hluthafafundi í félaginu 9. febrúar 1985 vísvitandi flutt hluthöfum rangar eða villandi upplýsingar um sennilega afkomu félagsins á árinu 1984 og efnahagsstöðu þess í ársloks, sem m.a. voru reistar á hinum röngu eða villandi forsendum varðandi Atlantshafsflutninga félagsins. Enn fremur er ákærða Ragnari gefið að sök að hafa í tilkynningu til hlutafélagaskrár, dagsettri 20. júní 1985, skýrt vísvitandi rangt frá upphæð hlutafjár félagsins með því að tilgreina það sem kr. 95.637.761, þótt það væri einungis kr. 92.578.261 samkvæmt bókum félagsins.

Háttsemi ákærðu Björgólfs og Ragnars telst varða við 1. tl. 151. gr. og 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög.

Háttsemi ákærða Páls Braga telst varða við 2. mgr. 152. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög.

III. kafli.

Rangfærsla skjala og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd ársreikningi Hafskips hf. fyrir árið 1984.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Helga Magnússyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings Hafskips hf. fyrir árið 1984, sem dagsettur er 16. maí 1985, með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, svo sem að neðan greinir, í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins, hluthöfum, bankastjórn Útvegsbanka Íslands og öðrum viðskiptaaðilum um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarafkomu og til þess að tryggja félaginu áfram lánstraust hjá viðskiptabanka félagsins, Útvegsbanka Íslands, svo sem hér segir:

1. Lotun flutningstekna og beins kostnaðar, sem þeim tengist:
   a) Íslandssiglingar:
   Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum kr. 7.291.659

	Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum	kr.	238.379
	b) Atlantshafssiglingar:		
	Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum	”	24.053.000
	Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum	“	11.852.000
	Oftaldar viðskiptakröfur vegna bókunar á flutningstekjum	“	6.607.000
	Oftaldar skuldir vegna beins kostnaðar af skipaferðum	“	4.592.000
2.	Oftaldar viðskiptakröfur vegna uppsafnaðra tekna	“	15.900.000
3.	Oftaldar eignir vegna bókunar á upphafs-kostnaði	“	23.500.000
4.	Oftaldar eignir vegna eignfærslu kostnaðar frá Cosmos Shipping	“	4.872.000
5.	Oftaldar eignir vegna mismunar á reiknings-jöfnuði	“	825.206
6.	Oftaldar bankainnstæður	“	2.979.803
	Vantaldar skuldir vegna ágóðaþóknunar	“	9.673.843
7.	Oftalið bókfært verð skipastólsins	“	40.600.000
8.	Oftaldar eignir vegna eignfærslu á gámaleigu	“	12.703.237
9.	Oftaldar eignir vegna eignfærslu á brettum	“	5.342.000
10.	Oftaldar eignir vegna Hafskips Holdings Inc.	‘	3.698.051
11.	Vantaldar skuldir vegna Hafskips Hamborg	“	554.532
12.	Vantaldar skuldir vegna innlends kostnaðar	“	4.948.000
13.	Oftaldar eignir vegna ýmissa mála	“	5.675.965

Með framangreindum rangfærslum sýndi efnahagsreikningur Hafskips hf. og dótturfélaga þess hinn 31. desember 1984 neikvæða eiginfjárstöðu, að fjárhæð kr. 104.869.756, þegar hún í reynd var neikvæð um kr. 257.411.673.

Enn fremur er ákærða Helga gefið að sök að hafa 16. maí 1985 áritað ársreikning Hafskips hf. fyrir árið 1984 á þann veg, að ekki verður annað af áritun hans ráðið en að ársreikningar allra félaga innan samstæðunnar hafi verið endurskoðaðir, enda þótt endurskoðun hefði ekki farið fram á ársreikningum þriggja dótturfélaga, þ.e. Hafskips USA Inc., New York, Hafskips Holdings Inc., New York, og Hafskips Nederlands B.V., Rotterdam, og enda þótt á skorti, að allir þættir í rekstri félagsins hefðu verið endurskoðaðir, einkum greiðslur af sérstökum tékkareikningum, þ.e. hlaupareikningum nr. 10903, 10921 og 12878 við Útvegsbanka Íslands.

Háttsemi ákærðu Björgólfs og Ragnars samkvæmt því, sem að framan

greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. tl. 151. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög.

Háttsemi ákærða Helga telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. tl. 151. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, og 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976, sbr. einnig 86. gr. og 3. mgr. 97. gr. laga nr. 32, 1978, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur.

Ákærðu Sigurþóri Charles Guðmundssyni og Þórði Hafsteini Hilmarssyni er gefið að sök að hafa látið löggiltum endurskoðanda Hafskips hf. í té tilbúin skjöl um uppsafnaðar tekjur, að fjárhæð kr. 15.900.000, og eignfærðan upphafskostnað, að fjárhæð kr. 23.500.000, vegna Atlantshafssiglinga félagsins til notkunar við samningu á ársreikningi Hafskips hf. fyrir árið 1984, Þórði Hafsteini fyrir að láta í té tvö blöð merkt „Minnisatriði vegna uppgjörs 1984", bæði dagsett 15. maí 1985, og Sigurþóri Charles fyrir að láta í té bréf, dagsett 13. maí 1985. Ákærðu Sigurþór Charles og Þórður Hafsteinn teljast með framangreindri háttsemi hafa gerst sekir um hlutdeild í rangfærslu skjala og brotum á lögum um hlutafélög, er varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. tl. 151. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV. kafli.

Fjárdráttur af sérstökum tékkareikningum, hylming og bókhaldsóregla.

IV.1.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 1979 til 4. desember 1985 samfellt dregið sér úr sérstökum tékkareikningum hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningum nr. 2878 og nr. 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði hafði í vörslu sinni, ýmist einn eða sameiginlega með Ragnari Kjartanssyni, samtals kr. 6.733.020, en til vara kr. 2.064.510, umfram þá ágóðaþóknun, er kom í hlut ákærða samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins, upphaflega gerðu í júní 1978, og síðari breytingum frá 14. ágúst 1980 og 15. desember 1983, en fé þetta nýtti ákærði í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf.

IV.2.

Ákærða Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá byrjun árs 1979 til 8. nóvember 1985 samfellt dregið sér úr sérstökum tékkareikningi hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 2878 og síðar 12878

við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði hafði í vörslu sinni, ýmist einn eða sameiginlega með Björgólfi Guðmundssyni, samtals kr. 867.720 umfram þá ágóðaþóknun, er kom í hlut ákærða samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins, upphaflega gerðu í júní 1978, og síðari breytingum frá 14. ágúst 1980 og 15. desember 1983, en fé þetta nýtti ákærði í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf.

IV.3.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1983 til og með árinu 1985 dregið sér úr sérstökum tékkareikningum hjá Hafskipi h.f., þ.e. hlaupareikningum nr. 2878 og nr. 921, síðar 10921, við Útvegsbanka Íslands, eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins, þó að þær væru persónuleg útgjöld og félaginu óviðkomandi:

a) Kr. 13.600, er ákærði greiddi Erni Fr. Georgssyni með tékka nr. 1587057 af reikningi nr. 921, útgefnum 4. febrúar 1983, en þótt greiðsla þessi væri óviðkomandi Hafskipi hf., lét ákærði gjaldfæra hana sem ferðakostnað hjá félaginu.

b) Kr. 55.563,60 með tveimur tékkum, hvorum að fjárhæð kr. 27.781,80, nr. 1587067 og 1587069 af reikningi nr. 921, er ákærði notaði til að greiða vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar og meðákærða Ragnars í Hafskipi hf. og færa sem vaxtagjöld félagsins.

c) Kr. 12.890, er ákærði greiddi Ferðaskrifstofunni Útsýn fyrir utanlandsferð sonar síns, Björgólfs Björgólfssonar, með tékka nr. 1629555 af reikningi nr. 10921, útgefnum 29. júní 1983, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ferðakostnað, þótt ferðin væri félaginu óviðkomandi.

d) Kr. 211.000, er ákærði fékk greiddar með tékka nr. 1629568 af reikningi nr. 10921, útgefnum 29. nóvember 1983, en fé þetta rann til ákærða sjálfs, þótt það væri fært sem afsláttur í bókhald Hafskips hf.

e) Kr. 13.500, er ákærði greiddi Jóni Kjartanssyni með tékka nr. 1629570 af reikningi nr. 10921, útgefnum 21. desember 1983, fyrir hreinsun á teppum í sinni eigu, en lét færa greiðsluna sem tjón í bókhald Hafskips hf.

f) Kr. 13.000, er ákærði greiddi Antik Gallerí með tékka nr. 1629579 af reikningi nr. 10921, útgefnum 6. febrúar 1984, vegna eigin viðskipta, en lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími".

g) Kr. 369.000, er ákærði greiddi Kristni Sophusi Kristinssyni með tékka nr. 1629598 af reikningi nr. 10921, útgefnum 1. ágúst 1984, stíluðum á Sjöstjörnuna hf., vegna persónulegra viðskipta ákærða og Kristins, en greiðsluna lét ákærði færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón.

h) Kr. 72.250, er ákærði greiddi sér með tékka nr. 2263627 af reikningi nr. 10921, útgefnum 12. nóvember 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ferðakostnað á grundvelli reiknings frá Ferðaskrifstofunni Útsýn, dagsetts 27. september 1984, vegna ferðar óviðkomandi félaginu.

i) Kr. 157.844 sem hluta af tékka nr. 2263629 af reikningi nr. 10921, útgefnum 19. desember 1984, er ákærði greiddi Reykvíkskri endurtryggingu hf. vegna iðgjalda af persónulegum vátryggingum ákærða og fjölskyldu hans, en lét gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem kostnað við tryggingar.

j) Kr. 12.052 sem hluta af tékka nr. 2263630 af reikningi nr. 10921, útgefnum 21. desember 1984, er ákærði greiddi sér og lét færa í bókhald Hafskips hf. undir liðnum: „Risna, styrkir, auglýsingar, sími", þótt um persónuleg útgjöld væri að ræða, þ.e. kr. 6.538 vegna kaupa á vegglömpum o.fl., kr. 1.200 vegna sektar fyrir umferðarlagabrot og kr. 4.314 vegna hljóðupptöku af sjónvarpsþætti.

k) Kr. 65.000, er ákærði greiddi sér með tékka nr. 2263642, útgefnum 1. ágúst 1985, og áritaði með reikningsnr. 11284, en tékkinn var tekinn út af reikningi nr. 10921. Ákærði lét færa fjárhæðina sem auglýsingakostnað í bókhald Hafskips hf.

l) Kr. 4.200, er ákærði greiddi Ragnari Aðalsteinssyni hrl. með tékka nr. 2263644 af reikningi nr. 10921, útgefnum 21. ágúst 1985, sem þóknun fyrir lögfræðiaðstoð óviðkomandi Hafskipi hf., en lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað við lögfræðiaðstoð.

IV.4.

Ákærða Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1981 til og með árinu 1984 dregið sér úr sérstökum tékkareikningi hjá Hafskipi hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 2878 og síðar nr. 12878 við Útvegsbanka Íslands, eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét færa í bókhald Hafskips hf. sem kostnað félagsins, þó að þær væru persónuleg útgjöld og félaginu óviðkomandi:

a) Kr. 22.356,60 sem hluta af tékka nr. 0761838 af reikningi nr. 2878, útgefnum 27. mars 1981, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

b) Kr. 22.356,60 sem hluta af tékka nr. 0761839 af reikningi nr. 2878, útgefnum 28. mars 1981, en með greiðslu þessari lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða Björgólfi Guðmundssyni vexti vegna hlutafjáraukningar hans í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

c) Kr. 15.087, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858203 af reikningi nr. 2878, útgefnum 14. desember 1981, en vegna þessarar greiðslu skilaði ákærði í bókhald Hafskips hf. reikningi frá Ferðaskrifstofunni Útsýn,

dagsettum 6. maí 1981, þótt reikningur þessi hefði áður verið greiddur ferðaskrifstofunni og fylgibréf með honum notað sem fylgiskjal í bókhaldi félagsins.

d) Kr. 19.347, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858204 af reikningi nr. 2878, útgefnum 17. desember 1981, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

e) Kr. 17.810,10, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 0858219 af reikningi nr. 2878, útgefnum 16. apríl 1982, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

f) Kr. 16.115,55 sem hluta af tékka nr. 0998189 af reikningi nr. 2878, útgefnum 11. október 1982, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

g) Kr. 78.880, sem ákærði greiddi í Landsbanka Íslands með tékka nr. 1712986 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. september 1983, og notaði til að greiða víxil vegna ferðakostnaðar aðila tengdra sér, en óviðkomandi Hafskipi hf., en greiðsluna lét ákærði færa á ferðakostnað í bókhald Hafskips hf.

h) Kr. 298.000, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 1712988 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. september 1983, en fé þetta rann til ákærða sjálfs, þótt það væri fært sem afsláttur í bókhald Hafskips hf.

i) Kr. 13.866 sem hluta af tékka nr. 1712990 af reikningi nr. 12878, útgefnum 4. október 1983, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

j) Kr. 24.849, sem ákærði greiddi sér með tékka nr. 1712999 af reikningi nr. 12878, útgefnum 15. desember 1983, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem risnu, þótt um væri að ræða greiðslu á hluta kostnaðar við brúðkaupsveislu dóttur hans.

k) Kr. 64.751,10, sem ákærði greiddi Bláskógum hf. með tékka nr. 1712956 af reikningi nr. 12878, útgefnum 16. febrúar 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón og afslátt, þótt um væri að ræða greiðslu fyrir húsgögn, sem Bláskógar hf. fluttu inn fyrir ákærða persónulega.

l) Kr. 18.357, sem ákærði greiddi Bláskógum hf. með tékka nr. 1712961 af reikningi nr. 12878, útgefnum 16. febrúar 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem tjón og afslátt, þótt um væri að ræða greiðslu aðflutningsgjalda fyrir húsgögn, sem Bláskógar hf. fluttu inn fyrir ákærða persónulega.

m) Kr. 5.827,50 sem hluta af tékka nr. 1712969 af reikningi nr. 12878,

útgefnum 13. mars 1984, er ákærði greiddi í Útvegsbanka Íslands og notaði til að greiða vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu, en lét færa sem vaxtagjöld félagsins.

n) Kr. 17.000, sem ákærði greiddi Konráði Guðmundssyni með tékka nr. 2023552 af reikningi nr. 12878, útgefnum 12. október 1984, og lét færa í bókhald Hafskips hf. sem ráðgjöf undir liðnum: „Erlend sérfræðiaðstoð", þótt um væri að ræða viðgerð á sumarbústað ákærða.

o) Kr. 4.976 sem hluta af tékka nr. 2023554 af reikningi nr. 12878, útgefnum 2. nóvember 1984, en með þessari greiðslu lét ákærði Hafskip hf. endurgreiða sér vexti vegna hlutafjáraukningar sinnar í félaginu og færa sem vaxtagjöld félagsins.

IV.5.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni og Páli Braga Kristjónssyni er gefið að sök að hafa dregið sér og fénýtt í eigin þágu eða annarra aðila óviðkomandi Hafskipi hf. kr. 163.000, sem ákærði Páll Bragi að fyrirlagi meðákærða Björgólfs greiddi sér með handhafatékka nr. 1772040, útgefnum 27. október 1983, af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði Páll Bragi hafði í vörslu sinni, og lét gjaldfæra greiðsluna í bókhald Hafskips hf. gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með textanum: „Afsláttur vegna vskm." og árituninni „Rétt. B.G.".

IV.6.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 23.500, sem ákærði lét meðákærða Pál Braga greiða með tékka nr. 1772046 af reikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, útgefnum 9. nóvember 1983, og afhenti Jóni Ágústi Eggertssyni sem ferðastyrk félaginu óviðkomandi gegn framvísun á tilbúnum reikningi frá Þorsteini Eggertssyni hdl., dagsettum 8. nóvember 1983, að sömu fjárhæð, fyrir lögmannsaðstoð við samningsgerð og lét gjaldfæra hjá Hafskipi hf. sem „innlenda sérfræðiaðstoð".

IV.7.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 120.000, sem ákærði Páll Bragi að fyrirlagi meðákærðu Björgólfs og Ragnars greiddi sér með tékka nr. 1772049, útgefnum 23. nóvember 1983, af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands, sem ákærði Páll Bragi hafði í vörslu sinni, en greiðslu þessa fénýttu ákærðu fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar til greiðslu sjúkrakostnaðar í þágu aðila óviðkomandi Hafskipi hf., Guðmundar Jóhanns Guðmundssonar, og létu gjaldfæra í bókhald félagsins undir liðnum „Gjafir og styrkir".

Jafnframt er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefið að sök að hafa dregið sér kr. 60.000 sem andvirði tékka nr. 3562956 af hlaupareikningi nr. 250 við Landsbanka Íslands, sem gefinn var út til Hafskips hf., en tékki þessi var endurgreiðsla Hf. Eimskipafélags Íslands á helmingi ofangreinds sjúkrakostnaðar.

IV.8.

Ákærðu Björgólfi Guðmundssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa við vörslu og meðferð sérstakra tékkareikninga, þ.e. hlaupareikninga nr. 2878, síðar nr. 12878, nr. 921, síðar 10921, og nr. 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands, sýnt af sér stórfellda óreglusemi í bókhaldi með því að vanrækja skil á fylgiskjölum, styðja færslur við ófullnægjandi eða villandi fylgiskjöl, færa til gjalda ýmis persónuleg útgjöld ákærðu sjálfra og annarra starfsmanna Hafskips hf. og sjá ekki til þess, að lokafærslur í bókhaldi Hafskips hf. væru í samræmi við raunverulegar greiðslur af reikningum þessum.

IV.9.

Ákærði Helgi Magnússon er sóttur til saka fyrir hylmingu með því að hafa í starfi sínu sem löggiltur endurskoðandi Hafskips hf. látið færa nokkurn hluta þeirra fjárhæða, sem meðákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar höfðu á hverju rekstrarári ráðstafað af hinum sérstöku tékkareikningum, sem þeir höfðu í vörslu sinni, á tiltekna kostnaðarliði í bókhaldi félagsins án þess að krefja meðákærðu um viðeigandi fylgiskjöl fyrir þeim greiðslum í því skyni að sannreyna, að kostnaðarfærslur vörðuðu félagið og að úttektir ákærðu Björgólfs og Ragnars að öðru leyti væru innan marka þeirrar heimildar, sem stjórn félagsins hafði samþykkt, og fyrir að hafa þannig aðstoðað meðákærðu við að leyna fjárdráttarbrotum sínum, sem að framan er lýst, og að halda ólöglegum ávinningi af þeim brotum.

IV.10.

Öll framangreind brot ákærðu Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjónssonar og Ragnars Kjartanssonar samkvæmt ákæruliðum IV.1 til IV.7 teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og brot samkvæmt ákærulið IV.8 teljast varða við 262. gr. sömu laga.

Háttsemi ákærða Helga Magnússonar samkvæmt ákærulið IV.9 telst varða við 1. mgr. 254. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur.

V. kafli.

Skjalafals.

Ákærða Páli Braga Kristjónssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1983 notað til gjaldfærslu í bókhaldi Hafskips hf. eftirtalda falsaða reikninga:

a) Fjóra reikninga, samtals að fjárhæð kr. 43.320, sem ritaðir voru á reikningseyðublöð frá Slippfélaginu í Reykjavík hf. með tilbúnum greiðsluundirritunum, þar sem látið var líta svo út sem um greiðslu fyrir vinnu í þágu Hafskips hf. væri að ræða, en samsvarandi fjárhæðir greiddi ákærði Jóni Sævari Jónssyni af sérstökum tékkareikningi nr. 903, síðar 10903, við Útvegsbanka Íslands, eins og hér greinir:

Reikningur, dagsettur 20. febrúar	kr.	15.000
Reikningur, dagsettur 8. ágúst	"	13.500
Reikningur, dagsettur 19. september	"	10.500
Reikningur, dagsettur 20. nóvember	"	4.320.

b) Reikning, dagsettan 30. september, að fjárhæð kr. 60.000, sem ritaður var á reikningseyðublað frá Slippfélaginu í Reykjavík hf. með stimpli félagsins sem greiðsluundirritun, þar sem látið var líta svo út sem um greiðslu fyrir vinnu í þágu Hafskips hf. væri að ræða, en ákærði notaði reikning þennan til að greiða sér samsvarandi fjárhæð af sérstökum tékkareikningi nr. 10903 við Útvegsbanka Íslands.

c) Reikning, að fjárhæð kr. 30.000, sem ritaður var á reikningseyðublað frá Svani Lárussyni, Asparlundi 2, Garðabæ, fyrir 240 rúmmetra af grús, með tilbúinni greiðsluundirritun, þar sem látið var líta svo út sem þar væri um greiðslu fyrir vörukaup af hálfu Hafskips hf. að ræða, en ákærði notaði reikning þennan til að greiða Þórunni Lúðvíksdóttur fyrir kandídatsritgerð í viðskiptafræði með tveimur tékkum af sérstökum tékkareikningi nr. 10903, tékka nr. 1648733, útgefnum 4. júlí, kr. 15.000, og tékka nr. 1772026, útgefnum 9. september 1983, kr. 15.000.

Ákærði Páll Bragi telst með framangreindri háttsemi hafa gerst sekur um skjalafals, sem varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VI. kafli.

Ýmis fjárdráttarbrot.

VI.1.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1983 dregið sér eftirtaldar greiðslur, sem ákærði lét greiða sér af aðalbankareikningi Hafskips hf., þ.e. hlaupareikningi nr. 1180 við Útvegsbanka Íslands, og ráðstafaði í eigin þágu eða annarra, án þess að þær vörðuðu félagið:

a) Kr. 20.800, er ákærði afhenti Jóni S. Alexanderssyni með tékka, út-

gefnum 10. febrúar 1983, sem ferðastyrk félaginu með öllu óviðkomandi og lét gjaldfæra í bókhaldi Hafskips sem „innlenda sérfræðiaðstoð".

b) Kr. 12.453, er ákærði lét greiða til Pan Am með tékka, útgefnum 21. mars 1983, sem greiðslu á fargjaldi Jóns S. Alexanderssonar til Kaupmannahafnar og til baka og lét gjaldfæra sem ferðakostnað félagsins, þótt ferðin væri félaginu með öllu óviðkomandi.

c) Kr. 121.030, er ákærði fékk afhentar sem handhafatékka, útgefinn 18. apríl 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en fyrir greiðslunni afhenti ákærði tilbúna greiðslukvittun „v/kaupa á brettum" og lét eignfæra í bókhald Hafskips hf. sem bretti.

d) Kr. 12.778, er ákærði fékk afhentar sem handhafatékka, útgefinn 11. maí 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „ýmsan kostnað v/ starfsm.".

e) Kr. 28.885, er ákærði lét greiða sér með tékka, útgefnum 6. júlí 1983, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „risna/ móttaka gesta" gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „reikn. hjá B.G.".

f) Kr. 26.767, er ákærði fékk afhentar sem handhafatékka, útgefinn 9. ágúst 1983, og framseldi sjálfur til eigin ráðstöfunar, en greiðsluna lét ákærði gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „innlend sérfræðiaðstoð" gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/úttekt. reikn. hjá B.G.".

g) Kr. 60.571, er ákærði lét greiða sér með tékka, útgefnum 28. nóvember 1983, og gjaldfæra í bókhald Hafskips hf. sem „ýmsan kostnað v/starfsm." gegn framvísun á tilbúnu fylgiskjali með árituninni „v/ýmissa reikinga hjá B.G.".

VI.2.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 302.386 sem hluta af kaupverði bifreiðarinnar R-4679, Chrysler New Yorker 4D, sem ákærði keypti samkvæmt kaupnótu 1. desember 1983 hjá Jöfri hf., með því að láta skuldfæra fjárhæðina á Hafskip hf. og félagið síðan endanlega greiða hana með eftirgjöf flutningsgjalda til Jöfurs hf. samkvæmt kreditnótu, dagsettri 19. september 1985.

VI.3.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa dregið sér kr. 500.000 til greiðslu eigin loforðs um lán til Bláskóga hf. með því að hafa á árinu 1983 látið skuldfæra þessa fjárhæð á sérstakan biðreikning hjá Hafskipi hf. til lækkunar á skuld Bláskóga hf. við Hafskip hf. og síðar, í

nóvember 1985, látið gjaldfæra fjárhæðina í bókhald Hafskips hf. sem afslátt á flutningsgjaldatekjum fjögurra skipa félagsins, kr. 125.000 á hvert skip.

VI.4.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa 14. nóvember 1985 látið meðákærða Árna Árnason afhenda sér eftirtalda níu víxla af víxileign Hafskips hf., samtals að fjárhæð kr. 1.442.214, alla útgefna af Hafskipi hf. og samþykkta til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, og hafa síðan fénýtt víxla þessa í eigin þágu.

1. Efnagerð Laugarness til greiðslu 24. janúar 1986, kr. 215.037,
2. Standberg hf. til greiðslu 25. janúar 1986, kr. 274.387,
3. Standberg hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 275.597,
4. Eyðublaðatækni hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 33.163,
5. Línan hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 34.748,
6. Línan hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 10.811,
7. Krít hf. til greiðslu 10. febrúar 1986, kr. 40.549,
8. Ásbjörn Ólafsson hf. til greiðslu 15. febrúar 1986, kr. 275.000,
9. Ásbjörn Ólafsson hf. til greiðslu 25. febrúar 1986, kr. 282.922.

VI.5.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa 30. nóvember 1984 misnotað aðstöðu sína í starfi hjá Hafskipi hf. með því að láta meðákærða Pál Braga Kristjónsson gefa út þrjár kredítnótur í því skyni að gefa eftir viðskiptaskuld Bláskóga hf. við Hafskip hf., samtals kr. 1.613.596, og nota eftirgjöf þessa þannig í þágu annars félags, sem ákærði átti hlut í. Eftirgjöf skuldarinnar var með þessum hætti:

1.	Umsaminn afsláttur	kr.	969.134
2.	Eftirgjöf á pakkhússleigu samkv. 14 reikningum	"	440.085
3.	Bakfærðir vextir vegna ýmissa reikninga	"	204.377

VI.6.

Ákærða Björgólfi Guðmundssyni er gefið að sök að hafa 13. nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína hjá Hafskipi hf. með því að gefa út kredítnótu í því skyni að gefa eftir höfuðstól skuldar Kristins Sophusar Kristinssonar, kr. 337.298, ásamt dráttarvöxtum, kr. 109.527, samtals kr. 446.825, og nýta eftirgjöf þessa í persónulegum viðskiptum sínum við nefndan Kristin Sophus.

VI.7.

Öll framangreind brot ákærða Björgólfs Guðmundssonar samkvæmt ákæruliðum VI.1 til VI.6 teljast varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegn-

ingarlaga nr. 19, 1940, en brot hans samkvæmt ákæruliðum VI.5 og VI. 6 teljast til vara vera umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VII. kafli.

Skilasvik.

Ákærðu Árna Árnasyni, Björgólfi Guðmundssyni og Ragnari Kjartanssyni er gefið að sök að hafa á þeim tíma, er þeim gat ekki dulist, að greiðsluþrot eða gjaldþrot vofði yfir Hafskipi hf., greitt 20.000 Bandaríkjadali nær vikulega frá byrjun ágústmánaðar 1985 og fram í nóvember sama ár, í fyrsta sinn 6. ágúst og síðast 11. nóvember, alls 280.000 Bandaríkjadali, inn á viðskiptareikning Hafskips hf. hjá Reykvíkskri endurtryggingu hf. og þannig dregið taum eins lánardrottins félagsins öðrum til tjóns, en ákærðu Björgólfur og Ragnar voru á þessum tíma hluthafar og stjórnarmenn í Reykvíkskri endurtryggingu hf.

Brot ákærðu Árna, Björgólfs og Ragnars samkvæmt þessum kafla ákæru telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VIII. kafli.

Brot bankastjóra og aðstoðarbankastjóra í opinberu starfi.

VIII.1.

Ákærðu Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni og Axel Kristjánssyni er gefið að sök að hafa í störfum sínum hjá Útvegsbanka Íslands gerst sekir um brot í opinberu starfi, þrír fyrstnefndu með því að hafa óhlýðnast fyrirmælum bankaráðs, en ákærði Axel fyrirmælum bankastjórnar, og allir ákærðu með stórfelldri og ítrekaðri vanrækslu og hirðuleysi, að því er tók til viðskipta bankans við Hafskip hf., m.a. með langvarandi vanrækslu um öflun fullnægjandi trygginga fyrir lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu til félagsins og um eftirlit með því, að verðmæti tryggginganna héldist, og enn fremur með því að vanrækja athugun þeirra gagna, sem tengdust fyrirgreiðslu Útvegsbankans í þágu Hafskips hf., svo sem nánar verður rakið í ákæruliðum VIII.2 til VIII.4, á því tímabili, er að neðan greinir um hvern hinna ákærðu, og allt til 6. desember 1985, er bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, en þau leiddu af sér stórfellt fjártjón fyrir Útvegsbankann, sem þegar var orðið kr. 422.000.000 samkvæmt ársreikningi bankans 1985. Ákærði Halldór Ágúst var bankastjóri frá því í maí 1983, ákærðu Lárus og Ólafur voru bankastjórar frá 1. júní 1984, og ákærði Axel var forstöðumaður lögfræðingadeildar og frá 1. júní 1984 aðstoðarbankastjóri, en honum var frá ársbyrjun 1978 falið að sinna sérstaklega viðskiptum Hafskips hf. og Útvegsbankans.

VIII.2.

Málið er höfðað gegn ákærða Axel Kristjánssyni fyrir að láta undir höfuð leggjast að rækja starfsskyldur sínar samkvæmt þeim fyrirmælum, sem honum voru gefin af bankastjórn Útvegsbanka Íslands í ársbyrjun 1978 um að fylgjast með rekstri Hafskips hf. og hafa eftirlit með því, að nægar tryggingar væru ætíð fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart bankanum, m.a. með svofelldri vanrækslu við gerð yfirlita vegna þessara viðskipta á tímabilinu 8. maí 1979 til 3. júlí 1985:

a) Að styðjast við gögn og upplýsingar, sem starfsmenn Hafskips hf. létu honum í té, í stað þess að afla sjálfur upplýsinga um raunverulegt verðmæti hinna veðsettu eigna.

b) Að tilgreina verðmæti trygginga í skipum Hafskips hf. að verulegu leyti sem nafnverð tryggingarréttindanna án tillits til markaðsverðs skipanna og þar með þess verðfalls á kaupskipum, sem varð á alþjóðlegum markaði á þessum tíma.

c) Að hækka að ófyrirsynju hinn 1. mars 1981 tryggingargildi skipa Hafskips hf. úr 70% í 85% af áætluðu markaðsverði.

d) Að telja meðal trygginga fyrir skuldbindingum bankans vegna Hafskips hf. ýmis veðandlög, sem voru verðlaus eða lítils virði sem trygging, svo sem ódagsettan tryggingarvíxil, að fjárhæð 990.000 vextur-þýsk mörk, veð í fasteigninni Tívolí við Njarðargötu í Reykjavík, að fjárhæð 300.000 Bandaríkjadali samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 1. febrúar 1985, almennt veð í tækjum, samtals að fjárhæð 4.400.000 Bandaríkjadali samkvæmt þremur tryggingarbréfum, útgefnum 7. mars 1980, 12. ágúst 1982 og 1. febrúar 1985.

e) Að telja meðal trygginga fyrir skuldbindingum Hafskips hf. í yfirlitum, dagsettum 18. apríl 1985 og 3. júní 1985, skuldabréf vegna hlutafjáraukningar í félaginu, að fjárhæð kr. 80.000.000, þó að Útvegsbankinn hefði aðeins fengið hluta þeirra afhentan á nefndum dögum.

VIII.3.

Málið er höfðað gegn ákærðu Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni og Axel Kristjánssyni fyrir að hafa vanrækt athugun ársreikninga, milliuppgjöra, rekstrar- og greiðsluáætlana Hafskips hf. auk annarra gagna, er fyrirsvarsmenn félagsins afhentu bankanum, eftir að ákærðu hófu störf sem bankastjórar og Axel sem aðstoðarbankastjóri, í tilefni af beiðnum um fjárhagslega fyrirgreiðslu bankans, og það þrátt fyrir vitneskju þeirra um verulega rekstrarerfiðleika félagsins og veika eiginfjárstöðu á þessu tímabili, en vanrækslu ákærðu fólst m.a. í því að gera ekki sjálfstæðar athuganir á raunverulegri afkomu félagsins og forsendum þeirra áætlana, sem Hafskip hf. lagði fyrir bankann, m.a. um Atlantshafs-

siglingar félagsins, og gæta ekki að áhrifum mismunandi reikningsskilaaðferða, sérstaklega varðandi reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.

VIII.4.

Ákærðu Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni og Ólafi Helgasyni er gefið að sök að hafa á starfstíma sínum sem bankastjórar vanrækt eftirlit með því, að tryggingar þær, sem Útvegsbankinn hafði fyrir skuldbindingum sínum vegna Hafskips hf., héldu verðgildi sínu eða hefðu yfirleitt það verðgildi, sem þær voru skráðar fyrir, og að gerðar væru fullnægjandi ráðstafanir til þess, að ávallt væru fullnægjandi tryggingar fyrir þessum skuldbindingum. Ákærðu er þannig gefið að sök að hafa tekið góð og gild ýmis veðandlög, án þess að fyrir lægi fullnægjandi athugun á verðmæti tryggingarinnar, og byggt að stórum hluta á nafnverði tryggingarréttindanna án tillits til verðmætis þeirra, svo sem nánar er lýst í stafliðum a, b, d og e í ákærulið VIII.2, að því er meðákærða Axel varðar.

Þá er ákærðu gefið að sök að hafa, til viðbótar því að leggja nafnverð tryggingarréttindanna eitt til grundvallar, veitt Hafskipi hf. fjárhagslega fyrirgreiðslu, eftir að fram var komið yfirlit um skuldbindingar og tryggingar vegna Hafskips hf. hinn 10. október 1984, er sýndi, að skuldbindingar voru kr. 17.326.000 hærri en tryggingum nam. Ákærðu héldu enn áfram að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu þrátt fyrir síversnandi stöðu tryggingar að þessu leyti, svo að skuldbindingar námu kr. 23.353.000 umfram tryggingar samkvæmt yfirlit, dagsettu 11. febrúar 1985, kr. 18.334.000 samkvæmt yfirliti, dagsettu 18. apríl 1985, og kr. 45.326.000 samkvæmt yfirliti, dagsettu 3. júní 1985.

Ákærðu er gefið að sök að hafa með þeim hætti, er greinir í ákærulið þessum, vísvitandi látið farast fyrir að hlíta fyrirmælum 2. mgr. 2. gr. í erindisbréfum fyrir bankastjóra, samþykktum af bankaráði Útvegsbanka Íslands 24. febrúar 1983 og 28. desember 1984.

VIII.5.

Háttsemi ákærðu Halldórs Ágústs Guðbjarnasonar, Lárusar Jónssonar, Ólafs Helgasonar og Axels Kristjánssonar telst varða við 140. gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 14. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. nú 23. gr. laga nr. 86, 1985, um viðskiptabanka, sbr. og 22. gr. og 37. gr. reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

IX. kafli.

Brot bankaráðsmanna í opinberu starfi.

Ákærðu Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðs-

syni og Kristmanni Karlssyni, sem allir áttu sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands á árunum 1981 til 1985 um lengri eða skemmri tíma, allt þar til bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985, er gefið að sök að hafa sem bankaráðsmenn sýnt af sér saknæma vanrækslu við yfirstjórn bankans og við eftirlit með starfsemi hans og þannig látið hjá líða að fylgjast með skuldbindingum og tryggingum vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., sem var einn af helstu viðskiptaaðilum hans, en samkvæmt fundargerðum bankaráðsins var ekki fjallað um málefni Hafskips hf. á starfstíma ákærðu í ráðinu fyrr en 1. mars 1985. Málið er höfðað gegn ákærða Valdimar sem bankaráðsmanni frá 14. júní 1983 og formanni bankaráðs Útvegsbanka Íslands frá 1. janúar 1985, ákærðu Arnbirni og Garðari sem bankaráðsmönnum frá 1. janúar 1981 og ákærða Kristmanni sem bankaráðsmanni frá 1. janúar 1985.

Háttsemi ákærðu Valdimars, Arnbjörns, Garðars og Kristmanns telst varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 8. gr. og 12. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. nú 9. gr. og 18. gr. laga nr. 86, 1985, um viðskiptabanka, sbr. og 32. gr. og g- og i-lið 35. gr. reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

X. kafli.

Brot endurskoðanda Útvegsbankans í opinberu starfi.

Ákærða Inga Randveri Jóhannssyni er gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast í störfum sínum sem kjörinn endurskoðandi Útvegsbanka Íslands og jafnframt sem löggiltur endurskoðandi allt frá árinu 1981 og þar til bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985 að rækja eftirlitsskyldu sína vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., sérstaklega að því er varðaði tryggingar vegna skuldbindinga bankans gagnvart félaginu, og að hafa ekki komið á framfæri við stjórnendur Útvegsbankans aðfinnslum og ábendingum um þær misfellur, sem honum var kunnugt um í þessum viðskiptum, en ársreikninga bankans frá og með árinu 1981 hefur ákærði áritað sem löggiltur endurskoðandi.

Háttsemi ákærða Inga Randvers Jóhannssonar telst varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. og 10. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, sbr. 12. gr. og 4. mgr. 15. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. nú 42. og 43. gr. laga nr. 86, 1985, um viðskiptabanka, sbr. og IV. kafla reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

XI. kafli.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að ákærði Helgi Magnússon verði auk þess með

dómi sviptur réttindum löggilts endurskoðanda samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með áorðnum breytingum."

Með síðargreindu ákærunni er höfðað mál á hendur „Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, fyrrverandi bankaráðsmanni í Útvegsbanka Íslands, Norðurtúni 4, Keflavík, fæddum 10. ágúst 1938 í Reykjavík.

Ákærða er gefið að sök að hafa sem bankaráðsmaður í Útvegsbanka Íslands sýnt af sér saknæma vanrækslu við yfirstjórn bankans og við eftirlit með starfsemi hans og þannig látið hjá líða að fylgjast með skuldbindingum og tryggingum vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., Reykjavík, sem var einn af helstu viðskiptaaðilum bankans, en samkvæmt fundargerðum bankaráðsins var ekki fjallað um málefni Hafskips hf. á starfstíma ákærða í ráðinu fyrr en 1. mars 1985. Málið er höfðað gegn ákærða sem bankaráðsmanni í Útvegsbanka Íslands frá 1. janúar 1985 og allt þar til bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985.

Háttsemi ákærða Jóhanns Sigurðar telst varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 8. gr. og 12. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. nú 9. gr. og 18. gr. laga nr. 86, 1985, um viðskiptabanka, sbr. og 32. gr. og g- og i-lið 35. gr. reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar".

Í bréfi sérstaks ríkissaksóknara, er fylgdi fyrrgreindu ákærunni og dagsett er sama dag, segir, að með bréfi sínu í dag til Jóns Helgasonar, forseta efri deildar Alþingis, sé leitað samþykkis þingdeildarinnar samkvæmt 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, til málshöfðunar á hendur Jóhanni Sigurði alþingismanni, sem sæti hafi átt í bankaráði Útvegsbanka Íslands frá 1. janúar 1985 ásamt fjórum bankaráðsmönnum, sem nú séu ákærðir samkvæmt meðfylgjandi ákæruskjali. Þá segir í þessu bréfi, að komi til málshöfðunar að fengnu samþykki þingdeildarinnar, verði af ákæruvaldsins hálfu óskað eftir því, að málið verði sameinað máli því, sem höfðað sé með meðfylgjandi ákæruskjali.

Síðargreindu ákærunni fylgir bréf sérstaks ríkissaksóknara, dagsett sama dag, og í því kemur fram, að leitað hafi verið samkvæmt 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, samþykkis efri deildar Alþingis til málshöfðunar á hendur Jóhanni Sigurði, og hafi þingdeildin samkvæmt bréfi forseta deildarinnar, dagsettu 22. nóvember, veitt samþykki sitt til málshöfðunarinnar. Fylgir bréfinu afrit af bréfi forseta þingdeildarinnar. Þá er ítrekuð krafan um sameiningu málanna. Fór hún fram við þingfestingu þeirra 17. mars f.á.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu hafa allir staðfastlega neitað þeim sökum, sem þeir eru bornir í máli þessu, og hafa verjendur þeirra allra krafist sýknu fyrir þá og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun þeim til handa.

Verður nú gerð grein fyrir afstöðu dómsins til sakargiftanna.

I. kafli.

Ákærðu Björgólfur, Ragnar, Páll Bragi og Helgi, hafa allir, eins og áður greinir, staðfastlega neitað sakargiftum þeim, sem þessi kafli ákærunnar fjallar um. Kannast enginn þeirra við, að þeir hafi staðið að því, sem ákært er fyrir í þessum kafla.

Ákærðu er gefið að sök að hafa staðið í sameiningu að rangfærslu reikningsskila yfir rekstur og efnahag Hafskips hf. og dótturfélaga þess fyrstu átta mánuði ársins 1984 með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða í þeim níu liðum, sem raktir eru sérstaklega. Á þetta að hafa verið gert í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins í skýrslum og yfirlýsingum til hennar og til að tryggja félaginu áfram lánstraust og fyrirgreiðslu hjá Útvegsbanka Íslands og loks fyrir að fá bankastjórnina til þess að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu, þ. á m. tvö tilgreind lán og ábyrgð. Er ákærðu gefið að sök að valda með þessu bankanum fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni með því að vekja eða styrkja rangar hugmyndir bankastjórnarinnar um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarhorfur á grundvelli hinna röngu bókhaldsgagna.

Verður nú hver hinna níu liða reifaður sérstaklega og þá í hverju tilviki fyrst vikið að niðurstöðum í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns.

1. Í skýrslunni segir, að það sé almennt viðurkennd regla í reikningsskilum, að færa beri tekjur, þegar þeirra er aflað, en hér á landi hafi þessi regla ekki verið nánar skilgreind, hvorki í lögum né í gögnum frá félagsskap löggiltra endurskoðenda. Talsvert hafi verið ritað um þetta erlendis, og komi til greina að taka mið af slíkum skrifum. Bent er á, að í álitsgerð frá bandarísku reikningsskilanefndinni sé um þetta fjallað, en í Háskóla Íslands hafi um árabil verið notað bandarískt kennsluefni. Í umræddri álitsgerð segi, að til þess að fyrirtæki megi færa tekjur, þurfi að fullnægja tveim skilyrðum; sé annað, að viðskipti hafi komist á, svo að krafa hafi myndast á þann, sem keypti vöru eða naut þjónustu, en hitt sé, að verkefnum seljanda vöru eða þjónustu verði að vera lokið eða um það bil. Byggi regla þessi á því sjónarmiði, sem miklu ráði við gerð reikningsskila, að betra sé að sýna varkárni í mati á afkomu en hið gagnstæða. Þá er bent á, að í sumum atvinnugreinum hafi myndast sérreglur, sem þyki betur til þess

fallnar að skýra frá gangi mála hjá viðkomandi fyrirtækjum en almennu reglurnar. Hjá skipafélögum hafi sú regla t.d. fengið viðurkenningu að færa tekjur af skipaferðum, á meðan á þeim stendur. Samkvæmt þessu eigi skipafélög kost á tveim aðferðum; önnur sé sú að færa tekjur þá fyrst, þegar þjónusta hafi verið innt af hendi að fullu, en hin byggist á hlutföllun tekna og gjalda af skipaferðum, þegar svo hátti til, að ferð skips spanni tvö uppgjörstímabil.

Bent er á, að Alþjóðlega reikningsskilanefndin heimili áfangainnlausn tekna með staðli nr. 18, sem hafi tekið gildi frá og með 1. janúar 1984. Félagsskapur löggiltra endurskoðenda hér á landi eigi aðild að þesari nefnd og hafi samkvæmt því skuldbundið sig til þess að vinna að framgangi staðla nefndarinnar, eftir því sem unnt er. Í þessum staðli segi, að tekjur í þjónustugreinum megi færa, annaðhvort þegar þjónustan er að öllu eða verulegu leyti innt af hendi, eða eftir því, sem henni miði áfram. Megi deila um það, hvort hlutföllun tekna hafi verið í samræmi við viðurkenndar venjur fyrir 1983, en ljóst sé, að hún sé í samræmi við viðurkenndar venjur eftir þann tíma.

Sagt er, að hjá Hafskipi hf. hafi sú aðferð verið notuð að jafnaði að leysa tekjur inn að fullu á því reikningstímabili, sem ferð hófst. Telja endurskoðendurnir þessa aðferð ganga þvert á áðurgreind varkárnissjónarmið. Einnig stríði þetta á móti þeirri meginreglu, að jafna skuli saman gjöldum á móti tekjum á því tímabili, sem til þeirra sé unnið. Fái þessi regla því ekki staðist. Vafalaust sé þó rétt, að hjá skipafélagi, sem stundi reglubundna flutninga, skipti litlu máli, þegar til lengdar lætur, hvaða aðferð sé viðhöfð við innlausn tekna í rekstrareikningi, aðalatriði sé, að sömu aðferðum sé beitt í upphafi og lok tímabils. Á hinn bóginn geti skipt töluverðu máli, að því er varðar efnisinnihald efnahagsreiknings, hvaða aðferð sé beitt. Eigi þetta einkum við, ef eiginfjárstaða fyrirtækis er bágborin, en þá sé áhrifameira að innleysa tekjur strax við upphaf ferðar en síðar á tekjuferlinu. Vegna mjög ótraustrar stöðu fyrirtækisins telja endurskoðendurnir, að félagið hafi ekki notað nógu varfærnislega aðferð við tekjufærslu, og standist hún ekki kröfur góðrar reikningsskilavenju.

Þá kemur fram í skýrslunni, að nánast enginn kostnaður af ferðunum, sem stóðu á milli tímabila, hafi verið færður til gjalda í rekstrarreikninginn 1.1. - 31.8. 1984. Eru þetta talin alvarleg mistök, og fallast þeir á skoðun Valdimars Guðnasonar, að beinn kostnaður af ferðunum, annar en olíukostnaður og gámakostnaður, sé um 25% af tekjum, og sé þá stuðst við reynslutölur frá fyrstu 8 mánuðum ársins 1984. Verði að leiðrétta vantaldar skuldir fyrir áhrifum þessa á eigið bókfært fé 31.8. 1984, annars sé gjöldum ekki jafnað á móti tekjum á eðlilegan hátt.

Ákærði Helgi var ekki samþykkur þeim niðurstöðum Atla og Stefáns,

að sú aðferð að færa tekjur af ferðum strax í upphafi ferðar stæðist ekki kröfur góðrar reikningsskilavenju. Hann taldi, að þeir tækju ekki tillit til þess, að tekjuferlið við flutninga af þessu tagi væri mun lengra en einvörðungu á milli hafna. Það tæki marga daga að safna vörunni saman, áður en flutningur með skipi hefst, og hafi það í för með sér kostnað, sem leiði til tekjumyndunar. Í útreikningum sínum tækju endurskoðendurnir dagafjölda og deildu honum á tímabil. Það taldi ákærði, að stæðist ekki, og gæti tekjuferlið verið miklu lengra. Ákærði sagði, að Stefán hefði fullyrt fyrir dóminum, að aðferð Hafskips hf. hefði verið óvanaleg og ekki tíðkuð á Íslandi, en síðan hefði komið fram í málinu, að sama aðferð væri notuð hjá Ríkisskip. Umrædd aðferð væri því ekki sérstök, ekki einu sinni hér á landi, og fengju staðhæfingar þeirra ekki staðist. Lotunarreglur hjá Félagi löggiltra endurskoðenda hefðu ekki verið mjög skýrar. Það væri því erfitt að fullyrða, að þetta hefði ekki verið í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur, en greinilegt væri, að þeir hefðu ekki rannsakað sjálfstætt, hvernig þetta var gert hér á landi.

Ákærði Helgi tók fram varðandi færslu á beinum kostnaði við þær ferðir, sem stóðu fram yfir 31. ágúst 1984, að þessi 25% af tekjum væru alveg ósannað og órannsakað mál. Þarna væri slegið fram einhverri prósentu, sem hann taldi mjög varhugavert. Hins vegar hefði allur beinn kostnaður átt að vera með, og var ákærða til efs, að svo hefði verið. Hann hefði engar sannanir fyrir því, að þennan kostnað vantaði, en hann hefði auðvitað átt að vera með. Ítrekaði ákærði, að hann teldi þessa prósentureglu alveg út í hött.

Þegar ákærði Björgólfur kom að félaginu árið 1977, var að hans sögn sú aðferð viðhöfð við lotun tekna og gjalda vegna ferða, sem stóðu fram yfir uppgjörsdag, að færa hvort tveggja í upphafi ferðar, hvort sem ferð hófst í höfn eða þar sem náð var í vöruna inni í landi. Hefði aðferðin verið notuð mörg undanfarin ár, og meðan ákærði starfaði hjá félaginu, var sama aðferð viðhöfð.

Ákærði Ragnar kom til félagsins í lok júní 1978 og varð í stórum dráttum strax ljóst sama ár eða árið eftir, við hvaða aðferð var stuðst við lotun tekna og gjalda hjá félaginu vegna ferða, sem stóðu fram yfir uppgjörsdag. Hefði þetta fyrirkomulag tíðkast hjá félaginu, löngu áður en hann kom til starfa.

Sömu aðferðir voru notaðar við lotun flutningstekna og gjalda alla tíð, sem ákærði Páll Bragi var hjá fyrirtækinu, að hans sögn, og vöknuðu aldrei í huga hans spurningar um, að þetta væri ekki algjörlega eðlilegt.

2. Í skýrslu endurskoðendanna er komist að þeirri niðurstöðu, að tekjurnar af ferð ms. Skaftár, sem stóð að öllu leyti yfir í september, séu að öllu leyti oftaldar tekjur í milliuppgjörinu 31. ágúst 1984, og sé tekjufærsl-

an ekki í samræmi við viðurkenndar reglur um reikningsskil. Eigið fé sé oftalið um sömu fjárhæð.

Skýring ákærða Helga var sú, að þetta tengdist því, að hann hefði reynt að leggja mat á það, hvað hann teldi sanngjarnt að færa til tekna á einstökum tímabilum, og þá hefði hann lagt mat á þá uppsöfnun, sem átt hefði sér stað. Auðvitað hefði komið til greina önnur aðferð við að ná þessari niðurstöðu, sem var að eignfæra kostnað í stað þess að tekjufæra hann. Ákærði taldi það ekki skipta máli, því að niðurstaðan hefði orðið hin sama, bæði í rekstrarreikningnum og efnahagsreikningnum. Kvaðst ákærði hafa tekið þetta með í heilum ferðum af hagkvæmnisástæðum í stað þess að fara út í flókna útreikninga. Aðalatriðið hefði verið að reyna að halda samsvörun á milli einstakra tímabila, sem hann taldi sig hafa gert, og meta það svo, að þarna vantaði tímabil. Hann hefði þó alveg eins getað fært þetta sem fyrir fram greiddan kostnað og talið þar með þessa ferð ms. Skaftár með septembertekjum, en það hefði engu breytt um heildarniðurstöðuna. Þarna væri aðeins um smekksatriði að ræða, og þegar unnið væri bráðabirgðauppgjör, væri ekki verið að leggja út í mjög flókna eða mikla vinnu. Menn væru fyrst og fremst að hugsa um, að innihaldið væri rétt, en hvernig þetta væri gert nákvæmlega, skipti ekki öllu máli.

Ákærði kannaðist við að hafa sagt rannsóknarlögreglu, að í þessu efni hefði hann gert mistök, en hann hefði haft ákaflega litla möguleika til að átta sig á því, sem borið var á borð fyrir hann þar. Hefði hann sagt eitthvað á þá leið, að eins og þetta væri lagt fyrir sig, virtust þetta mistök. Við nánari skoðun skýrðist þetta á annan veg, svo sem ákærði rakti.

Ákærði Björgólfur taldi, að sú aðferð að færa tekjur vegna ferðar ms. Skaftár í september 1984 til tekna á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1984 gæti samræmst þeirri reglu, sem ákærði Björgólfur nefndi sjálfur hér í næsta lið að framan. Hins vegar væri þetta spurning um upphaf ferða og hvort um flutning á kísilgúr eða öðru væri að ræða.

Ákærði Ragnar kvað sér ekki hafa verið ljóst, þegar milliuppgjörið var gert, af hverju tekjur af ms. Skaftá í september voru færðar sem tekjur í milliuppgjörinu fyrir fyrstu 8 mánuði ársins.

Af hans hálfu hefur því verið haldið fram, að á þessa útflutningsfrakt hafi fallið ýmis kostnaður í ágúst, en hér hafi verið um cif-flutninga að ræða, þ.e. farmsamningur hafi verið kominn á milli aðila í ágúst og fraktin greidd.

Þannig hafi Hafskip hf. flutt tugi þúsunda tonna af kísilgúr til útlanda fyrir John Manville, Kísiliðjuna. Flutningurinn hafi hafist á Húsavík, þaðan til Reykjavíkur og þar í vöruhús. Þar var lestað í skip til útflutnings. Þótt viðkomandi skip færi ekki frá Reykjavík fyrr en eftir mánaðamót, tilheyrði verulegur hluti teknanna í raun mánuðinum á undan.

Ef gætt hefði verið ýtrustu nákvæmni við gerð hins óendurskoðaða milliuppgjörs, hefði átt að færa beinan kostnað á móti tekjufærslunni. Þá hefði einnig borið að biðreikningsfæra allan kostnað, t.d. við kísilgúrflutninga frá Húsavík, losunar- og geymslukostnað í Reykjavík o.fl. Birgðasöfnun kísilgúrs í vöruafgreiðslu í Reykjavíkurhöfn hefði þess vegna á hverjum tíma getað numið 500 - 1.500 tonnum. Einnig gat komið til álita að færa áunnar flutningstekjur að hluta til tekna á móti þegar gjaldfærðum kostnaði. Að sama skapi hefði staðist að færa allar flutningstekjur vegna birgða kísilgúrs, en áætla fyrir óáföllnum kostnaði. Þessar forsendur hefði endurskoðandi félagsins þekkt og beitt nokkurs konar samjöfnun í uppgjöri, sem leiddi af sér svipuð heildaráhrif og „reglustikuaðferð" hefði verið beitt.

Ákærði Páll Bragi kvaðst hafa séð þá tölu, sem fram kemur í þessum lið, fyrst hjá rannsóknarlögreglunni, og hafði ekkert um hana að segja.

3. Í skýrslunni er talið, að lækka þurfi bókfært eigið fé félagsins um þá fjárhæð, sem fram kemur í þessum lið, en fjárhæð þessi er $ 56.172, ísl. kr. 1.801.998. Þar segir, að hér virðist um að ræða afstemmingu á viðskiptareikningi Hafskips USA pr. 31.8. 1984, en samkvæmt þessari afstemmingu er skuld Hafskips USA í bókum Hafskips hf. í Reykjavík talin umræddri fjárhæð hærri en inneign Hafskips hf. í Reykjavík.

Ákærði Sigurþór Charles bar, að hér væri um að ræða afstemmingu á viðskiptareikningi Hafskips USA. Komið hefði upp skekkja árinu áður, og taldi ákærði nauðsynlegt að gjaldfæra hana í bókum Hafskips USA með varkárnissjónarmið í huga. Hann kvaðst hafa ætlast til þess, að þetta yrði fært í tengslum við uppgjörsvinnuna. Hann sagði, að neðst á blaði því, sem hann útbjó 3.okt. 1984, hefðu verið skilaboð frá sér til ákærða Helga að færa umrædda tölu á lestun/losun í milliuppgjöri.

Ekki kannaðist ákærði Helgi sérstaklega við blað ákærða Sigurþórs Charlesar með umræddri fjárhæð og færslubeiðni, en verið gæti, að hann hefði fengið það í hendur, þótt hann gæti ekki fullyrt það. Taldi ákærði, að um væri að ræða afstemmingu á viðskiptareikningi, að því er virtist, við dótturskrifstofuna í New York. Sagði ákærði, að hann hefði ekki fært það í uppgjörið, ef hann hefði fengið blaðið í hendur fyrir gerð uppgjörsins, og ekki verið viss um, að það væri í lagi.

Ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi höfðu ekki hugmynd um, hvers vegna sú fjárhæð, sem frá greinir í þessum lið, var ekki tekin með í milliuppgjörinu. Þá vissi ákærði Björgólfur ekki, hvenær eða hvort sú leiðrétting, sem hér átti að færa, barst.

Leitað var aðstoðar tæknideildar RLR og Kriminalpolitisentralens í Osló við skoðun á reikningsjöfnuði ákærða Helga pr. 31. ágúst 1984. Reikningsjöfnuður þessi kom í ljós við húsleit í skrifstofu ákærða í peningaskáp hans, en ekki í sérstakri vinnupappíramöppu vegna þessa uppgjörs. Kom fram

í rannsóknum þessara aðila, að umrædd fjárhæð virtist hafa verið komin inn í millifærsludálk á reikningsjöfnuðinum, en síðan verið þurrkuð út aftur.

4. Við uppgjörið lá fyrir, að tilteknar flutningstekjur voru tvífærðar í bókhaldi fyrstu átta mánuði ársins. Á leiðréttingarskjal að hafa legið í vinnugögnum aðalbókara varðandi þetta uppgjör. Er litið svo á, að tekjur og eigið fé í lok tímabilsins hafi átt að lækka um þá fjárhæð, sem kemur fram í þessum lið.

Ákærði Helgi skýrði þetta svo, að svo hlyti að vera, að þessi skekkja hefði ekki verið fyrir hendi. Sagði ákærði, að enginn vafi væri á því, að hann hefði fært þetta, ef þetta hefði legið fyrir og verið óumdeilt, þegar hann var að vinna að uppgjörinu.

Ákærði Björgólfur gat ekki svarað því, hvers vegna tvíbókaðar flutningstekjur á tímabilinu janúar til ágúst 1984 höfðu ekki verið bakfærðar, og ákærða Ragnari var ekki kunnugt um, hvers vegna þessi liður var ekki tekinn með í milliuppgjörinu. Þá gat ákærði Páll Bragi ekki heldur gefið skýringu á þessum lið og var ekki um þessa tvíbókun kunnugt.

Ákærði Sigurþór Charles bar, að sig minnti, að hér væri á ferðinni leiðréttingarfærsla, sem átt hefði að fara inn í viðkomandi milliuppgjör, og taldi hann sig hafa komið þeim skilaboðum til ákærða Helga, að það hefði verið ófært í uppgjörinu.

Í niðurstöðum rannsóknar tæknideildar RLR og Kriminalpolitisentralens í Osló við skoðun á reikningsjöfnuði ákærða Helga Magnússonar pr. 31. ágúst 1984 segir, að niðurstöður hafi gefið til kynna, að umrædd fjárhæð, kr. 2.453.202, hefði í reynd verið komin inn í millifærsludálk í reikningsjöfnuðinum, en verið strikuð út aftur.

5. Í skýrslunni kemur fram, að þegar gengið hafi verið frá milliuppgjörinu, muni hafa legið fyrir óendurskoðað uppgjör frá Hafskipi Holdings Inc. fyrir sama tímabil, og samkvæmt því hafi tapið verið $ 296.750, en í uppgjöri Hafskips var gert ráð fyrir, að tapið væri $ 183.319, þ.e. $ 113.431 lægri fjárhæð. Telja endurskoðendurnir, að þar sem uppgjörið frá Hafskipi Holdings Inc. hafi legið fyrir, hafi verið eðlilegt að færa þá tapfjárhæð, sem þar kom fram, í milliuppgjörið, og samkvæmt þessu sé þessi liður vantalinn um kr. 3.649.000 og eigið fé oftalið um sömu fjárhæð.

Ákærði Helgi kvaðst hafa byggt færslu sína á þessum lið í uppgjörinu á upplýsingum, sem hann hefði fengið frá aðalbókaranum. Hann hefði fengið gögn frá félaginu, sem sýndu nákvæmlega þá upphæð, sem hann tók tillit til í milliuppgjörinu. Kannaðist ákærði ekki við að hafa séð hið bandaríska uppgjör, áður en hann gekk frá milliuppgjörinu, en það er miðað við 31. ágúst 1984, en dagsett 20. ágúst s.á., sem hlýtur að vera ritvilla.

Ákærði Björgólfur taldi, að meira hefði verið byggt á skeyti frá Gunnari Þorvaldi Andersen, þar sem segir, að tap Hafskips Holdings Inc. hafi verið $ 183.319, en niðurstöðu reiknings Hafskips Holdings Inc., sem Anthony G. Polcari endurskoðandi áritaði og segir tapið $ 296.750. Sagði ákærði, að félagið hefði verið búið að fá upplýsingar allt árið frá Gunnari, sem þeir byggðu meira á.

Ákærði Ragnar skýrði svo frá, að ákærði Helgi hefði snemma í september fengið í hendur skeytið, sem tilgreindi $ 183.319 tapið. Uppgjör Polcaris hefði hins vegar komið í septemberlok. Hefði ákærða Helga ekki verið tilkynnt um þetta og ákærði Ragnar ráðið því.

Vitnið Gunnar bar, að það hefði sent ákærða Páli Braga milliuppgjör fyrir Cosmos fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 1984 með bréfi, dags. 21. september þ.á., en það sýndi tap að fjárhæð $ 296.750. Kvað vitnið Hafskipsmenn hafa orðið óánægða með tölurnar, sem voru heldur verri en summan af mánaðauppgjörunum, en það var vegna mistaka hjá Cosmos. Fóru ákærðu Björgólfur og Páll Bragi fram á það við vitnið, að það breytti tölunum, en það neitaði. Það bauðst hins vegar til þess að senda aftur telex með þeim tölum, sem voru fyrir hendi hjá Cosmos, áður en endurskoðandinn var búinn að gera milliuppgjörið. Var farið fram á, að tapið yrði ekki sýnt hærra en 180.000 dollarar. Sendi vitnið þá ákærða Páli Braga telexskeyti um, að tapið hefði verið 183.319 dollarar hinn 6. september.

Ákærði Páll Bragi kvað sér hafa komið gríðarlega á óvart, þegar hann fékk hið bandaríska uppgjör Cosmos frá vitninu Gunnari. Fram hefði komið ósk frá vitninu Gunnari um, að Hafskip USA tæki þátt í ákveðnum kostnaðarliðum eða tæki ákveðinn þátt í rekstri Cosmos árið 1984 vegna þónustu, sem Cosmos veitti þeim (sic). Komu í þessu efni upp ýmis álitaefni, hvorum megin hlutirnir ættu að liggja, allt hjá Cosmos, allt hjá Hafskipi USA eða að hluta hjá hvoru fyrirtæki. Hafi engin aðstaða verið á þessum tíma til að setja þetta inn í 8 mánaða uppgjörið, sem var langt á veg komið og tilheyrði fortíðinni. Var því tekin ákvörðun um að láta þetta liggja á milli hluta í bili og greiða úr þessu og sjá til þess, að það kæmist á réttan hátt inn í ársreikninginn. Mótmælti ákærði þeim framburði vitnisins Gunnars, að hann hefði farið fram á það, að tapið yrði ekki tilgreint hærra en að framan getur.

6. Í lokafærslum fyrirtækisins fyrir ágúst 1984 var búið að færa tap af rekstri tveggja erlendra dótturfélaga, annars vegar af rekstri Hafskips GmbH fyrir árið 1983, að fjárhæð 929.923, og hins vegar kostnað danska félagsins Hafskips A/S, að fjárhæð 1.073.053, samtals kr. 2.002.976. Tap fyrrnefnda félagsins var ekki fært á árið 1983, þar sem það lá ekki fyrir, þegar gengið var frá ársreikningi Hafskips hf. fyrir það ár. Hjá hinu félaginu var um kostnað að ræða, sem ekki mátti samkvæmt upplýsingum hins

danska endurskoðanda færa í Danmörku. Telja endurskoðendurnir, að báðar fjárhæðirnar hafi átt að færast til gjalda í milliuppgjörinu, og hafi eignfærsla þessara liða ekki verið á rökum reist og gjöld Hafskips hf. vantalin í milliuppgjörinu um greinda fjárhæð og eigið fé oftalið um sömu fjárhæð.

Ákærði Helgi kannaðist við að hafa ákveðið að bíða með að færa þessar færslur. Taldi ákærði, að taptalan frá Þýskalandi væri ekki endanleg vegna þess, að verulegt vandamál hefði steðjað að bókhaldi félagsins. Sama væri að segju um taptöluna frá dótturfélaginu í Danmörku. Þar hefði endurskoðandi hafnað því að færa þetta inn í bókhald og talið það ekki samrýmast reglum í Danmörku. Þess vegna hefði þessi fjárhæð lent tímabundið á milli, á meðan verið var að taka afstöðu til þess, hvar ætti að færa hana, en á endanum hefði hún verið gjaldfærð.

Ákærði Björgólfur kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, að þær fjárhæðir, sem mynduðu þá fjárhæð, sem þessi liður fjallar um, hefðu við lokafrágang milliuppgjörsins verið færðar til hækkunar á útistandandi skuldum, flutningsgjöldum o.fl.

Ákærði Ragnar kvaðst ekki hafa þekkt þýska þáttinn í þessum lið, en var mjög vel kunnugt um hinn danska. Vafðist fyrir mönnum að leysa það mál þar til undir lok ársins eða í áramótauppgjöri. Honum var ekki kunnugt, að þessi upphæð hefði verið færð til hækkunar á útistandandi skuldum og flutningsgjöldum o.fl.

Ákærði Páll Bragi mundi eftir einhverjum álitamálum um stofnkostnað í sambandi við uppbygginguna á umboðsskrifstofunum í Þýskalandi og Danmörku, en ekki mundi hann sérstaklega eftir rekstrartapi. Hann kannaðist ekki við, að umræddar fjárhæðir hefði átt að færa í milliuppgjörið, og var ekkert að hugsa um þetta á þessum tíma og vissi ekkert af því. Taldi ákærði, að sumt af þessu hefði örugglega tilheyrt árinu 1983 og verið álitaefni. Mundi ákærði ekki, hvort vitneskja hans um þetta var fyrir hendi fyrir þetta uppgjör.

7. Í skýrslu endurskoðendanna segir, að samkvæmt milliuppgjörinu hafi innstæður á svonefndum jaðarreikningum verið kr. 770.963. Í sama uppgjöri stóðu á biðreikningi kr. 5.000.000 vegna úttekta af þessum reikningum. Í skýrslu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. kom fram, að raunveruleg innstæða á þessum reikningum var einungis kr. 205.551 á fyrrgreindum tíma. Endurskoðunarstofan taldi því nauðsynlegt að lækka bókfærða eiginfjárstöðu fyrirtækisins um mismuninn, þ.e. kr. 565.412. Á sama hátt taldi stofan nauðsynlegt að lækka bókfært eigið fé Hafskips hf. um innstæðuna á biðreikningnum, kr. 5.000.000. Segja endurskoðendurnir, að þessar leiðréttingar séu réttmætar, enda ekki annað séð en þessu fé hafi verið ráðstafað og í því felist engin eign. Hafi verið álitið, að innstæðan

á biðreikningnum varðaði ágóðaþóknun til stjórnenda fyrirtækisins, þá hafi borið að gjaldfæra úttektina á þeim tíma, sem hún fór fram, einkanlega vegna þess, að skuld vegna ágóðaþóknunarinnar var ekki færð í bókhaldið. Ef skuldin vegna ágóðaþóknunarinnar hafi á hinn bóginn verið að fullu færð á hverjum tíma, hafi úttektin átt að færast þar til lækkunar, en ekki til gjalda. Virðist því endurskoðendunum ekki unnt að færa rök fyrir þessari eignfærslu á biðreikning.

Ákærði Björgólfur sagði varðandi jaðarreikningana, að dráttur hefði orðið á því, sérstaklega hjá sér, að reikningurinn væri gerður upp.

Ákærði Ragnar varðveitti sjálfur þau fylgiskjöl, sem voru hjá honum og tilheyrðu reikningnum. Hann sagði, að innstæða á sérstökum tékkareikningum sínum og ákærðu Björgólfs og Páls Braga, sem sýndu kr. 5.770.963 í stað kr. 205.551, hefði verið færð á biðreikninga, sem biðu endanlegs uppgjörs. Misræmið hefði legið í þessum biðreikningum. Gerði hann sér ekki grein fyrir, hvernig þetta var fært í milliuppgjörinu. Hann gerði ákærða Helga óreglubundið grein fyrir þessu yfirliti.

Ákærði Páll Bragi kvaðst hafa verið ábyrgur gagnvart forstjóra, hvað varðaði notkun á reikningi nr. 10903, og gagnvart endurskoðandanum, er varðaði uppgjör. Sú venja hefði myndast að gera þetta upp einu sinni á ári, og leitaði endurskoðandinn ekki eftir upplýsingum við gerð milliuppgjörs. Vissi ákærði ekkert um það, hvers vegna kr. 5.770.963 voru sýndar sem innstæður á þessum sérstöku reikningum í stað kr. 205.551, sem reyndust vera inneignir á reikningunum.

Skýringar ákærða Helga á færslum hans á þessum lið voru þær, að þessir reikningar hefðu í efnahagsreikningi félagsins verið nefndir bankareikningar af þeirri ástæðu, að þessar fjárhæðir fóru í gegnum þessa tilteknu reikninga, og átti hann að fá skýringar á því og uppgjör. Á meðan þær skýringar og það uppgjör lágu ekki að öllu leyti fyrir, kallaði hann þetta áfram bankareikninga. Líta mætti svo á, að hér hefði verið um óuppgerða bankareikninga að ræða. Það þekktist, að taldar væru ákveðnar fjárhæðir á bankareikningum, sem væru ekki nákvæmlega í samræmi við það bankayfirlit, sem menn fengju á ákveðnum tíma. Enn fremur væri tekið tillit til óframkominna ávísana og þátta, sem gætu blandast inn í. Þarna hefði verið um að ræða óafstemmda bankareikninga. Kvaðst ákærði hafa fengið þessar upplýsingar úr bókhaldinu, en ekki lutu þær að öllu leyti að færslum inn og út af reikningunum. Sagði ákærði, að hér hefðu blandast saman raunveruleg inneign og óafstemmdar fjárhæðir.

8. Þessi liður varðar ágóðaþóknun stjórnarformanns og forstjóra samkvæmt launasamningi. Samkvæmt yfirliti endurskoðanda félagsins tóku þeir ekki út þessi laun, heldur myndaðist inneign hjá fyrirtækinu, sem ekki var bókfærð. Um útreikninga endurskoðendanna vísast til skýrslu

þeirra. Telja þeir skuldina við stjórnarformann og forstjóra hinn 31. ágúst 1984 $ 268.264 eða kr. 8.630.053, og séu skuldir fyrirtækisins vantaldar um þessa fjárhæð og eigið fé oftalið að sama skapi.

Það er skoðun endurskoðendanna, að skuld vegna þessarar ágóðaþóknunar hafi borið að færa í bækur félagsins, enda hafi mátt gera ráð fyrir, að hvorki hafi verið óvissa um lögmæti kröfunnar né um greiðslu hennar. Þá hafi ekki verið tekin afstaða til þess, hvernig að útreikningunum skyldi staðið. Telja endurskoðendurnir rétt að miða við þá útreikninga á ágóðaþóknuninni og úttektum vegna hennar, sem endurskoðandi félagsins gerði, enda þótt ekki sé reiknað með ágóðahlut á árinu 1984. Afstaða endurskoðendanna til skuldfærslunnar byggist á þeirri meginreglu reikningshalds, að kostnað beri að færa til gjalda í rekstrarreikningi, þegar hann fellur til, en ekki við greiðslu hans, fari hún fram síðar. Þá benda þeir á, að sá, sem lesi efnahagsreikning fyrirtækis, megi gera ráð fyrir, að allar skuldir þess séu þar tíundaðar.

Ákærði Björgólfur sagði, að ágóðaþóknun þeirra ákærðu Ragnars, hefði ekki átt að færast þeim til tekna, fyrr en þeir hefðu tekið hana út, og rætt hefði verið um að greiða þetta á lengri tíma. Þess vegna hefði þessi skuld ekki verið færð til gjalda.

Ákærði Ragnar kvað sér hafa verið um það kunnugt, að áunnin ágóðaþóknun hans og ákærða Björgólfs var ekki færð í milliuppgjörinu.

Ákærði Páll Bragi kvaðst hvorki vita um ágóðaþóknun ákærðu Björgólfs og Ragnars né færslur á henni.

Ákærði Helgi sagði, að samningsbundin ágóðaþóknun ákærðu Björgólfs og Ragnars hefði ekki verið færð til gjalda í milliuppgjörinu vegna þess, að uppgjör í þessum málum hefði ekki legið fyrir. Ljóst hefði verið frá upphafi, svo sem munnlegir samningar hefðu kveðið á um, að hluti af þeim ávinningi, sem þeir höfðu unnið sér inn hjá félaginu, var eftirlaunaávinningur. Hins vegar hefði dregist að ganga frá því formlega, hvað yrði eftirlaunaávinningur og þar með eftirlaunaskuldbinding fyrirtækisins.

Vitnin Ólafur B. Ólafsson og Sveinn R. Eyjólfsson hafa ekki staðfest, að samið hafi verið um eftirlaunaskuldbindingar við ákærðu.

9. Í skýrslu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar kemur fram, að Hafskip hf. hafi gert leigusamninga við tvö fyrirtæki um leigu á gámum. Er við það miðað í skýrslunni, að annar samningurinn, þ.e. við fyrirtækið Consafe, hafi í raun verið rekstrarleigusamningur og því engin efni verið til þess að eignfæra greiðslur Hafskips hf. Taka Atli og Stefán undir þessa niðurstöðu miðað við forsendur Endurskoðunarmiðstöðvarinnar. Um hinn samninginn, þ.e. við fyrirtækið Independent Leasing, er því á hinn bóginn haldið fram, að hann hafi í raun verið kaupleigusamningur og því hafi eignfærsla á raunverulegu kaupverði gámanna verið við hæfi. Þeir Atli og

Stefán taka einnig undir þessa niðurstöðu og að eignfærð gámaleiga hafi með vísan til þessa verið offærð um kr. 10.000.000 í lok ágúst 1984.

Ákærði Helgi taldi, að á árunum 1981-1982 hefði upphaflega verið tekin ákvörðun hjá félaginu um að eignfæra gáma. Fannst ákærða ekkert annað koma til greina en gera þetta, þar sem um kaupleigusamninga væri að ræða, og myndi félagið eignast gámana. Fannst ákærða algjörlega út í hött, ef aðeins ætti að gjaldfæra greiðslurnar sem leigu, en taka ekkert tillit til þess eignaauka, sem var að myndast. Var ákærði þarna að beita aðferð, sem sýndi fram á raunverulega eign félagsins í þessum gámum. Þær tölur, sem ákærði lagði til grundvallar, voru byggðar á því, sem ákærði vissi frá upphafi um eignamyndun samkvæmt gámasamningunum. Reiknaði ákærði út ákveðna tölu í upphafi, og var síðan farið eftir ákveðnu mynstri eftir það.

Ákærði Björgólfur mundi ekki, hvenær ákvörðun var tekin upphaflega hjá félaginu um að eignfæra gáma. Sennilega hefði það verið á stjórnarfundi og menn verið sammála um það. Ákærða voru ekki kunnar þær tölur, sem lagðar voru til grundvallar við eignfærsluna, það hefði verið bókhaldslegt atriði, en hann hefði gert ráð fyrir, að gámarnir yrðu eignfærðir.

Ákærði Ragnar sagði, að á árinu 1982 hefði verið gengið úr skugga um með óyggjandi hætti, að samningar við Consafe væru kaupleigusamningar og að Hafskip hf. myndi eignast gámana, tæplega 300 að tölu. Kvað ákærði gámana hafa verið á kaupleigusamningi frá 1979, og Hafskip hf. hafi átt að eignast þá smám saman frá einhverjum degi árið 1984 til ársloka 1985 eða fram í apríl/maí 1986. Byggðist eignfærsla gámanna á þeim sjónarmiðum, að Hafskip hf. myndi eignast þá.

Ákærði Páll Bragi taldi gámana fyrst hafa verið eignfærða í ársuppgjöri fyrir 1981, og í huga hans var aldrei neinn vafi um það, að samningarnir við Consafe væru kaupleigusamningar.

Verður nú almennt fjallað um milliuppgjör, reikningsskilavenjur, staðla o.fl.

Milliuppgjör, öðru nafni bráðabirgðauppgjör, var gert af endurskoðanda Hafskips tvisvar á ári, fyrst eftir 4 mánuði og síðan eftir 8 mánuði. Endurskoðandinn, ákærði Helgi, hefur borið, að í þau hafi ekki verið lögð sama vinna og í ársreikninginn og að þau hafi ekki verið endurskoðuð, eins og komi fram í áritun á þau. Verður nánar um það fjallað hér á eftir.

Vitnið Atli Hauksson bar fyrir dómi, að það þekkti ekki dæmi þess, að þessi uppgjör væru endurskoðuð og að við gerð þeirra væri ekki beitt sömu nákvæmni og við gerð ársreikninga. Í megindráttum hljóti menn þó að beita sömu aðferðum við gerð þeirra og við gerð ársreikninga.

Hvorki í bókhalds- né hlutafélagalögum eru sérstök ákvæði um milli-

uppgjör. Þá er í lögum um löggilta endurskoðendur aðeins talað um reikningsskil, og verður að álíta, að milliuppgjör falli undir þau.

Ekki liggur fyrir í málinu, að endurskoðendur eða félag þeirra hafi sérstaklega fjallað um milliuppgjör eða gefið út leiðbeiningar um gerð þeirra fyrr en í október 1988. Þá er dreift drögum að áliti um milliuppgjör, en þar sem það er tæpum 3 árum eftir, að Hafskip hf. varð gjaldþrota, er ekki ástæða til að reifa það hér.

Eins og fyrr var rakið, komu allir fyrrverandi stjórnarmenn Hafskips hf. fyrir dóm. Þeir eru allir með mikla reynslu af hinum ýmsu sviðum íslensks athafna- og viðskiptalífs. Þeir voru spurðir um álit sitt á milliuppgjöri almennt. Þeim bar saman um, að milliuppgjör væri ekki eins nákvæmt og ársreikningar, enda gert á mun styttri tíma en þeir og að baki því lægi ekki sama vinna. Það væri vísbending um stöðu rekstrarins, notað t.d. til að leiðrétta ýmsa þætti hans og bera saman við áætlanir. Þótt reynt væri að fara eins nákvæmlega ofan í hlutina og hægt væri, væri ekki farið ofan í smáatriði, og allar tölur hlytu að vera grófari en í ársreikningum. Vöruðu þeir við að ofmeta gildi þeirra.

Síðla árs 1982 gerðist Félag löggiltra endurskoðenda, F.L.E., aðili að Alþjóðlegu reikningsskilanefndinni, I.A.C.E., sem stofnuð var árið 1973. Vinnur nefndin m.a. að því að setja staðla fyrir ýmsa þætti varðandi reikningsskil fyrirtækja. Var hún sett á laggirnar til að koma á meiri samræmingu í reikningsskilum vegna aukinna alþjóðlegra viðskipta, og eiga a.m.k. 70 lönd aðild að henni.

Því hefur verið haldið fram af öðrum höfundi álitsgerðar þeirrar, sem þessi kafli ákærunna er m.a. byggður á, en hann er jafnframt formaður reikningsskilanefndar F.L.E., að þar sem félagið hafi gengið í þessi samtök, séu félagar þess skuldbundnir til að fara eftir og vinna að framgangi þeirra staðla, sem þau setji. Stjórn félagsins hafi kynnt félagsmönnum þessa ákvörðun og jafnframt kynnt staðla nefndarinnar á kynningarfundum með skýrslum og á annan hátt, m.a. með útgáfu álitsgerða. Í lögum eða reglugerðum félagsins sé hvergi getið um skuldbindingargildi slíkra staðla, hins vegar skuldbindi félagar sig til að vinna að framgangi þeirra með því að vera félagar í F.L.E., sem gengið hefur í I.A.C.E., þar sem nefndin hafi sett slíkar skuldbindingar. Þegar F.L.E. gekk í samtökin á sínum tíma, hafi félagsmönnum verið gerð grein fyrir þessum skuldbindingum á sérstökum fundi, þar sem þetta var rætt.

Þá er fram komið, að F.L.E. er ekki aðili að bandarísku reikningsskilanefndinni F.A.S.B.

Íslenskum löggiltum endurskoðendum er ekki skylt að vera í félagi löggiltra endurskoðenda. Hins vegar verður að gera þá kröfu til þeirra sem fagmanna, að þeir fylgist með og ræki starfið af kostgæfni, sbr. 8. gr.

laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, enda segir í 1. gr. laganna um tilgang þeirra, að hann sé að tryggja, að í landinu sé á hverjum tíma stétt manna, sem hafi þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum í viðskiptum. Þá ber þeim einnig samkvæmt ákvæðum laga að fylgja góðum reikningsskilavenjum við störf sín, sbr. eftirfarandi ákvæði:

Í 1. mgr. 86. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sem fjallar um gerð ársreikninga, er vísað til góðrar endurskoðunarvenju. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir m.a. um þetta ákvæði, að hér geti ekki verið um tæmandi talningu eða lýsingu að ræða á framkvæmd einstakra þátta endurskoðunarinnar, heldur verði að taka mið af fræðilegum aðferðum og venjum, eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma. Með vísan til góðrar endurskoðunarvenju sé einmitt átt við, að endurskoðunin sé framkvæmd í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu, samviskusömu fólki, sem að endurskoðun vinni á hverjum tíma.

Þá er einnig í 95. gr. sömu laga vísað til góðrar reikningsskilavenju, að því er varðar gerð ársreiknings. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna er sagt, að þetta hugtak sé þegar til í lögum um bókhald, en segja megi, að með því sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma.

Fram er komið í málinu, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafa hugtökin góð reikningsskilavenja eða endurskoðunarvenja nánast verið óskilgreind meðal íslenskra endurskoðenda og fáar leiðbeiningarreglur verið settar, enda virðist í framkvæmd ríkja talsvert ósamræmi í vinnubrögðum þeirra við gerð reikningsskila.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna um hlutafélög segir hins vegar í athugasemdum um 86. gr. m.a., að fræðilegar skilgreiningar á aðferðum og framkvæmd endurskoðunar á ýmsum þáttum í ársreikningi félaga liggi fyrir meðal löggiltra endurskoðenda í nágrannalöndum okkar. Þannig hafi verið reynt að skýra í einstökum atriðum, hvað sé góð reikningsskilavenja. Hér á landi hafi löggiltir endurskoðendur einnig unnið að hliðstæðum skilgreiningum í samvinnu við endurskoðendur á Norðurlöndum.

Í mars 1979 gaf Félag löggiltra endurskoðenda út leiðbeinandi reglur um grundvallaratriði endurskoðunar á ársreikningum hlutafélaga, sem samdar voru sameiginlega af nefnd endurskoðenda á Norðurlöndum. Þar er hins vegar ekki fjallað um reikningsskilaaðferðir varðandi einstaka liði ársreikningsins, heldur fjallað almennt um hlutverk og stöðu endurskoðandans, markmið endurskoðunar ársreiknings, framkvæmd og umfang endurskoðunar, innra eftirlit í félagi, mikilvægi og áhættu við ákvörðun og framkvæmd og umfang endurskoðanda o.fl. Á þeim tíma, sem hér er til umfjöll-

unar, þ.e. fyrir og um það leyti, er reikningsskil Hafskips hf. fyrir árið 1984 voru gerð, voru hins vegar ekki fyrir hendi skilgreindar skýrar reglur um reikningsskilaaðferðir við einstaka liði reikningsskila, enda ríkti ekki á þessum tíma eining um það meðal endurskoðenda, hvort gefa ætti út skýrar reglur í þessu efni eða leiðbeiningarreglur. Þá voru þeir ekki heldur á einu máli um, hvort æskilegt væri eða nauðsynlegt að skilgreina góða reikningsskilavenju með útgáfu staðla og/eða leiðbeinandi reglna.

Af gögnum málsins verður ekki séð, hvenær staðlar Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar, sem stjórn F.L.E. hefur samþykkt, voru settir, að undanskildum staðli, sem tók gildi í ársbyrjun 1984, að því er varðar hlutföllun tekna, en með honum heimilaði nefndin áfangainnlausn tekna. Þá hefur hvorki verið upplýst, hvernig kynningu á þessum staðli hefur verið háttað né hvort endurskoðendur almennt hafi farið eftir honum, þannig að þessi aðferð eða aðrar hafi almennt verið notaðar hérlendis eða hafi talist góð reikningsskilavenja.

Þá hefur komið fram, að sérstakar leiðbeiningarreglur til viðbótar eða fyllingar stöðlum Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar voru ekki fyrir hendi eða settar af F.L.E. fyrir eða um það leyti, sem unnið var að reikningsskilum Hafskips fyrir árið 1984, að undanskildum þeim, sem fram koma í framangreindri skýrslu um grundvallaratriði endurskoðunar á ársreikningum hlutafélaga. Ekki hefur verið sýnt fram á í álitsgerðum endurskoðendanna Stefáns, Atla og Valdimars eða í öðrum gögnum málsins, að þær reikningsskilavenjur, sem þar er vísað til, hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þ.e. fyrir eða við gerð reikningsskilanna fyrir árið 1984, verið skilgreindar eða kynntar íslenskum löggiltum endurskoðendum með útgáfu reglna eða staðla um reikningsskil, sem þeir síðar hafi almennt notað í störfum, verið viðurkenndar í þeirra hópi eða svo fastar í sessi, að telja megi, að skuldbindandi hafi verið fyrir þá að íslenskum lögum, þannig að frávik frá notkun þeirra, sem lýst hefur verið í þessum kafla ákæru, geti talist refsiverð.

Verður nú gerð grein fyrir viðhorfi dómsins til hinna níu liða, að því er varðar það, hvort þeir séu vísvitandi rangfærðir í milliuppgjörinu, að því er snertir þau þrjú atriði, sem upp eru talin, þ.e., að bókhaldsgögn hafi verið útbúin efnislega röng, frestað hafi verið gjaldfærslum og að ekki hafi verið gætt viðurkenndra reikningsskilaaðferða.

1. Það er mat dómsins, að aðferð sú, sem viðhöfð var hjá Hafskipi hf., hafi ekki gefið rétta mynd af tekjum og gjöldum af óloknum skipaferðum. Sannanlega var hún ekki fyrst tekin upp í sambandi við milliuppgjörið og var í samræmi við það, sem lengi hafði tíðkast hjá félaginu. Á það er að líta, að reikningsskilastaðall nr. 18 tók fyrst gildi 1. janúar 1984, og ekki hefur verið leitt í ljós, svo að óyggjandi sé, hvernig hann var

kynntur. Dómurinn telur, að í þessu efni hafi hér verið um nýja reglu að ræða, sem ekki hafi unnið sér þann sess í íslensku reikningsskilaumhverfi á þeim mánuðum, sem hún á að hafa verið í gildi, að hún hafi verið orðin viðurkenndari en aðrar reglur, sem áður höfðu verið notaðar, þótt ónákvæmari hafi verið. Verður því ekki slegið föstu, að sú reikningsskilaaðferð, sem félagið notaði, hafi verið röng.

Sú skoðun endurskoðendanna þriggja, að áætla beri beinan kostnað af ferðum, annan en olíu- og gámakostnað, sem 25% af tekjum, hefur ekki verið nægjanlega rökstudd að mati dómsins, og ekki hefur verið sýnt fram á, hvers vegna miða skuli við þetta hlutfall.

2. Dómurinn fellst ekki á þrátt fyrir skýringar ákærðu, að réttmætt hafi verið að færa tekjur af ferð ms. Skaftár, sem farin var í september 1984, til tekna að öllu leyti á því reikningstímabili, sem hér um ræðir og lauk 31. ágúst 1984.

3. Ekki er ljóst, hvað lá að baki því, að sú fjárhæð, sem þessi liður fjallar um, var ekki gjaldfærð í þessu uppgjöri. Kannaðist ákærði Helgi ekki við að hafa fengið í hendur færslubeiðni vegna þessarar fjárhæðar, en ákærði Sigurþór Charles taldi sig hafa komið færslubeiðni til ákærða Helga varðandi þennan lið. Þótt sýnt hafi verið fram á, að líkur bendi til þess, að ákærði Helgi hafi verið búinn að færa umrædda fjárhæð inn á reikningsjöfnuðinn, þykir ekki loku fyrir það skotið, að hér hafi átt sér stað mistök, og þótt talan hafi verið á blaðinu, segir það ekkert um það, að hún hafi verið strikuð út af einhverjum óeðlilegum ástæðum. Þá ber þess að geta, að í ársreikningnum hafði þetta verið leiðrétt.

4. Ákærði Helgi kannast ekki við, að sú skekkja, sem hér um ræðir, hafi legið fyrir við gerð reikningsskilanna, og hinir ákærðu vita ekkert um hana. Ákærði Sigurþór Charles taldi sig hafa komið leiðréttingarbeiðni til ákærða Helga varðandi þennan lið. Þótt líkur hafi verið færðar fyrir því, sbr. næsta lið hér að framan, að ákærði Helgi hafi verið búinn að færa töluna inn á reikningsjöfnuðinn, þykja sömu forsendur ráða því og þar, að ekki sé hægt að útiloka, að mistök hafi átt sér stað. Þá hafði þessi liður enn fremur hlotið leiðréttingu í ársreikningnum.

5. Dómurinn fellst á, að hér hafi augljóslega verið um vantalda skuld að ræða, og hafi ákærða Ragnari borið að gefa ákærða Helga upp niðurstöðutölu hins bandaríska endurskoðanda, þar sem hún lá fyrir, áður en lokið var gerð reikningsskilanna. Hér var því um að ræða ákvörðun, sem ekki verður talin hafa verið eðlileg í bókhaldslegu tilliti af hálfu ákærðu, sem allir vissu um þetta nema ákærði Helgi. Þessi færsla hafði eins og hinar tvær hér að framan verið leiðrétt í ársreikningnum.

6. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, svo að óyggjandi sé, að ákærða Helga hafi verið óheimilt að bíða með gjaldfærslu þeirra tveggja fjárhæða,

sem mynda þennan lið, eins og hér stóð á. Verður því ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að óeðlilega hafi verið að þessu staðið.

7. Fallist er á þá niðurstöðu endurskoðendanna, að hér var ekki eðlilega staðið að reikningsskilunum, og bar að færa umrædda fjárhæð til gjalda hjá fyrirtækinu.

8. Þá verður enn fremur fallist á, að hér hafi verið óeðlilega að staðið, og bar að telja umrædda fjárhæð til skuldar. Er ekki fallist á skoðanir ákærðu í þessu efni.

9. Dómurinn telur ósannað, að gámasamningar við Consafe hafi verið rekstrarleigusamningar. Þvert á móti hafa verið færðar sterkar líkur fyrir því, að um kaupleigusamninga hafi verið að ræða. Verður því að telja, að heimilt hafi verið að eignfæra leigugreiðslur vegna þeirra.

Hér að framan var tekin afstaða til hinna einstöku liða, að því er varðar hina bókhaldslegu hlið þeirra. Verður nú tekin afstaða til þess, hvort það, sem aðfinnsluvert þótti í bókhaldslegu tilliti, sé þess eðlis, að það hafi verið gert í því skyni að rangfæra reikningsskilin með þeim hætti, sem í ákærunni greinir, til þess að villa um fyrir stjórn félagsins og til að tryggja félaginu áfram lánstraust og fyrirgreiðslu í Útvegsbankanum og til að fá bankastjórnina til þeirrar fjárhagslegu fyrirgreiðslu, sem tiltekin er í þessum kafla ákærunnar.

Af því, sem rakið var hér að framan almennt um reikningsskil og endurskoðun, kemur m.a. fram, að við endurskoðun má komast að mismunandi niðurstöðum um einstakar færslur, og eru endurskoðendur hér á landi ekki á eitt sáttir í þeim efnum. Þá er ljóst, að milliuppgjör er bráðabirgðauppgjör, unnið í flýti og því ekki eins nákvæmt og ársuppgjör. Því er fyrst og fremst ætlað að gefa vísbendingar um stöðu fyrirtækja á milli ársuppgjörs og er yfirleitt ekki endurskoðað.

Eins og rakið var, eru það aðeins þrír af hinum níu liðum, sem dómurinn telur, að samrýmist ekki góðum reikningsskilaaðferðum, og af þeim eru tveir vegna jaðarreikninga og ágóðaþóknunar ákærðu Björgólfs og Ragnars, en reikningana höfðu þeir einir undir höndum. Er fjárhæð þessara þriggja liða lág, þegar litið er til heildarumfangs og veltu félagsins á umræddum tíma.

Ákærðu kannast ekki við, að þeir hafi haft samráð um gerð milliuppgjörsins. Þegar frá er skilin tekjufærslan vegna ms. Skaftár í 2. lið, er ekkert, sem bendir til vísvitandi rangfærslu. Sú færsla ein sér þykir þó ekki það stór, þegar litið er á heildarumfang félagsins, að sannað þyki, að hún hafi getað verið vísvitandi rangfærð með þeim markmiðum, sem í þessum kafla ákærunnar eru rakin.

Þegar allt framangreint er virt, verða ákærðu Björgólfur, Ragnar, Páll Bragi og Helgi sýknaðir af því að hafa í sameiningu eða hver í sínu lagi

staðið að rangfærslum í reikningsskilum þeim, sem hér var fjallað um, með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, með frestun gjaldfærslna og með því að gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, eins og nánar er rakið í þessum kafla ákærunnar, í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins í skýrslum og yfirlýsingum.

Þetta leiðir enn fremur til þess, að sýkna ber ákærðu af því að hafa fengið bankastjórn Útvegsbankans með blekkingum til þeirrar fjárhagslegu fyrirgreiðslu, sem tilgreind er í þessum kafla ákærunnar, og að valda með þessu öllu bankanum fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni. Bankastjórn Útvegsbankans var vel ljós hin erfiða staða Hafskips hf., þegar hún fékk uppgjörið í hendur. Hagstæðari staða fyrirtækisins um nokkrar milljónir hefði vart skipt sköpum við ákvarðanatöku hennar gagnvart fyrirtækinu á þessum tíma.

Þykir hér ekki skipta máli orðalag ákærða Páls Braga í bréfi hans til Útvegsbankans, dags. 30. október 1984, að umrætt milliuppgjör sé endurskoðað, sé það skoðað í ljósi þess, sem fram er komið um einstaka liði milliuppgjörsins, og þess, sem rakið hefur verið almennt um milliuppgjör.

Verður nú vikið að áritun ákærða Helga á milliuppgjörið pr. 31. ágúst 1984.

Ljóst er, að ákærði Helgi áritaði milliuppgjör þetta hinn 19. október og að endurskoðun hafði ekki farið fram. Í árituninni kemur ekki fram, að milliuppgjör þetta sé ekki endurskoðað, svo sem gert er í milliuppgjöri hans frá árinu 1985.

Ákærði Helgi taldi áritun sína algjörlega ótvíræða, og væri hún í samræmi við 10. gr. laga nr. 67, 1976. Taldi hann, að enginn þyrfti að velkjast í vafa um það við lestur áritunarinnar, að um óendurskoðað uppgjör væri að ræða. Vakin væri athygli á annmörkum í árituninni, og væri hún að hans mati fullgild.

Vitnið Atli Hauksson skýrði frá því, að enda þótt ekki stæðu orðin „ekki endurskoðað", vekti ákærði Helgi athygli á annmörkum uppgjörsins. Fram kom hjá vitninu, að það þekkti ekki dæmi þess, að milliuppgjör væri endurskoðað.

Í áritun ákærða Helga á milliuppgjörið er bent á, að vissir annmarkar fylgi milliuppgjöri. Hins vegar er þar hvergi að því vikið berum orðum eða á annan hátt, að það sé óendurskoðað, svo sem gerð er skýlaus krafa um í 10. gr. laga nr. 67, 1976. Dómurinn lítur svo á, að milliuppgjör falli ótvírætt undir hugtakið reikningsskil í ákvæðinu, eins og áður er fram komið.

Þrátt fyrir það að í ljós sé leitt, að milliuppgjör er almennt ekki endurskoðað svo sem ársreikningar og mönnum í viðskiptalífinu sé þetta ljóst, bar ákærða, úr því að hann áritaði reikningsskilin, að geta þess á ótvíræðan hátt, að reikningsskilin voru ekki endurskoðuð skv. fortakslausu ákvæði

10. gr. laga nr. 67, 1976. Með því að láta þetta undir höfuð leggjast hefur ákærði gerst brotlegur við framangreinda lagagrein, sbr. 17. gr. sömu laga.

Þegar það hefur verið virt, sem rakið hefur verið um framangreinda áritun ákærða, og litið er til þess, sem sagt var um milliuppgjör, svo og þess, að milliuppgjörið var ekki gert í blekkingarskyni, þykir ákærði Helgi ekki hafa með áritun sinni brotið gegn öðrum ákvæðum 6. mgr. þessa kafla ákæru.

Því er haldið fram, að sök sé fyrnd varðandi það, sem ákærði Helgi er hér sakfelldur fyrir.

Áðurgreint milliuppgjör var áritað af ákærða Helga hinn 19. október 1984. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald 21. maí 1986 vegna rannsóknar málsins og yfirheyrður af löglærðum deildarstjóra rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 28. október 1987 og loks birt ákæran í málinu 14. nóvember 1988. Allan þann tíma, sem leið frá áritun og fram til þess, að ákæran var birt, liðu aldrei meira en 2 ár á milli þess, sem hann var yfirheyrður eða viðhafðar voru aðgerðir til þess að slíta fyrningu samkvæmt 1. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga. Koma hér því ekki til álita ákvæði 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafli.

Fram er komið, að ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi veittu bankastjórn Útvegsbankans margvíslegar upplýsingar um líklega rekstrarafkomu félagsins með þeim bréfum, sem tilgreind eru í þessum kafla ákærunnar, en þau eru sjö talsins, þar sem bankanum voru send tvö bréf 3. október 1984. Þá fylgdu þessum bréfum áætlanir um rekstrarafkomu félagsins á árunum 1984 og 1985.

Ljóst er, að margar áætlanir voru í gangi um líklega rekstrarafkomu félagsins á framangreindum árum. Þessar áætlanir voru að sjálfsögðu byggðar á margvíslegum forsendum. Er ljóst, að frávik gátu í krónutölu verið mikil, ekki eingöngu vegna þess, hversu starfsemin var umfangsmikil, heldur einnig vegna margs annars, sem áður er rækilega gerð grein fyrir í framburði ákærðu og vitna.

Í fyrra bréfinu frá 3. október 1984 sagði, að gerðar hefðu verið nákvæmar rekstrar- og greiðsluáætlanir, sem sýndu í mismunandi útfærslum, hvað samsetningu tekna og nýtingu varðaði, að „transatlantic"-siglingarnar væru verulegur búhnykkur.

Rekstraráætlanir sýndu, að tekjur af þessum nýja rekstri ættu að vera $ 16 - 21 milljón á ári. Til samanburðar mætti nefna, að núverandi heildarvelta félagsins væri á bilinu $ 26-28 milljónir á ári.

Áætlanir sýndu, að hreinn hagnaður á ári ætti að nema $ 1-3 milljónum eftir nýtingu skipanna og samsetningu fraktarinnar.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að í þeim áætlunum, sem lagðar voru fyrir bankann, hafi verið gert ráð fyrir tekjum af herfrakt, en í áætlun þeirri, sem fylgdi bréfinu 29. janúar, er þess beinlínis getið, að svo sé ekki.

Af hálfu ákærðu Björgólfs, Ragnars og Páls Braga kom ekki fram, hvaða áætlanir voru sendar bankanum af þeim mörgu áætlunum, sem voru í gangi hjá fyrirtækinu, og þeir hafa ekki borið á móti því, að í einhverjum þessara áætlana kunni að hafa verið gert ráð fyrir herfrakt. Áttu ákærðu allt eins von á því, að flutningar fyrir herinn fengjust að nýju, og byggðu þeir þetta á upplýsingum stjórnvalda. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem hrekur þennan framburð ákærðu. Ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi hafa allir þrír neitað staðfastlega sakargiftum þeim, sem frá greinir í 1. mgr. þessa kafla ákærunnar. Hefur verið bent á, að margvíslegir fyrirvarar hafi verið í gögnum þeim, sem bankinn fékk og lýst er í þessum kafla ákærunnar.

Þykir í framangreindu efni einnig rétt að vísa sérstaklega til greinargerðarinnar, sem fylgir bréfinu frá 11. desember 1984, en þar er minnst á helstu breytingar, sem hafi orðið til hins verra, og sé þar um að ræða, eins og þegar sé fram komið, verkfall B.S.R.B., gengisbreytingar, Rainbow-málið svokallaða og taxtahrun. Er þetta í greinargerðinni metið sem tap á u.þ.b. 159 milljónir. Er sagt, að hér sé aðeins vikið að mestu og augljósustu þáttunum og ekki ofreiknað. Í lok greinargerðarinnar er þess getið, hvers vegna verði að bjarga félaginu, og vikið síðan að þeim atriðum, sem þyngst mæli með því, að ekki megi láta félagið stöðvast þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Er síðan gerð grein fyrir „transatlantic"-flutningunum og þess getið, að arðsemi þeirra á ári gæti samkvæmt áætlunum orðið veruleg. Þetta er þó ekki fullyrt.

Í bréfinu frá 29. janúar er sagt, að „transatlantic"-áætlun félagsins, sem m.a. byggi á þeirri reynslu, sem þegar sé komin á þennan rekstrarþátt, bendi til umtalsverðs hagnaðar, sem nemi u.þ.b. kr. 146 milljónum. Hér sé þó varlega farið og reyndar um svartsýnisspá að ræða. Samtals virðist eiga að geta orðið um talsverðan hagnað að ræða á árinu 1985, u.þ.b. kr. 135 milljónir, en tap yrði á hefðbundnum rekstri félagsins u.þ.b. kr. 11 milljónir.

Í þessu sama bréfi er þess hins vegar getið, að talsverðir fyrirvarar séu varðandi nokkra rekstrarliði í áætlun um afkomu ársins 1984, sérstaklega erlendan kostnað, sem enn hafi ekki skilað sér að fullu í bókhaldið. Samkvæmt þessu er í bréfinu talað um hagnað 1985, þótt í sama bréfi komi fram, að erlendur kostnaður frá árinu 1984 hafi ekki skilað sér.

Því er ekki að leyna, að í sumum tilvikum var byggt á mikilli bjartsýni í áætlanagerð varðandi „transatlantic"-siglingarnar, m.a. var þess ekki gætt að reikna nægilega með ýmsum kostnaði, sem mönnum mátti vera ljós, t.d. skrifstofu- og stjórnunarkostnaði og fjármagnskostnaði.

Hafa ber í huga, þegar það er virt, hvort ákærðu hafi veitt bankastjórn Útvegsbankans rangar eða villandi upplýsingar um líklega rekstrarafkomu Hafskips hf. á árunum 1984 og 1985, að skömmu eftir að síðasta bréfið, sem um getur í þessum kafla ákærunnar, var sent bankanum, skuldbundu ákærðu sig til þess að auka við hlutafé sitt í félaginu. Bendir sú ákvörðun þeirra ekki til þess, að þeir hafi verið í þeirri trú, að þær upplýsingar, sem þeir veittu bankastjórninni í framangreindum bréfum og gögnum, sem þeim fylgdu, hafi verið rangar eða villandi.

Með hliðsjón af framansögðu og gegn neitun ákærðu er ósannað, að þeir hafi veitt bankastjórninni rangar eða villandi upplýsingar, svo sem í ákæru er rakið. Verða þeir því sýknaðir af þessu ákæruatriði.

Ákærðu Björgólfi og Ragnari er gefið að sök að hafa á hluthafafundi 9. febrúar 1985 vísvitandi flutt hluthöfunum rangar eða villandi upplýsingar um sennilega afkomu félagsins árið 1984 eða efnahagsstöðu þess í árslok, sem m.a. hafi verið reist á hinum röngu eða villandi forsendum varðandi Atlantshafsflutninga félagsins.

Það er aðfinnsluvert, að ákæruvaldið setur ekki fram, hverjar hinar röngu eða villandi upplýsingar eigi að vera, og ekki er komið fram í málinu, hvað ákærði Björgólfur sagði á umræddum fundi. Hins vegar liggur fyrir skýrsla ákærða Ragnars, Á krossgötum, og hefur efni hennar verið rakið nákvæmlega. Verður því talið, að á henni byggist þessi ákæruliður, að því er varðar ákærða Ragnar, en í skýrslunni kemur fram, að ákærði Björgólfur muni taka til máls.

Í skýrslu ákærða Ragnars er að finna bæði frásögn af jákvæðum og neikvæðum hliðum rekstrar félagsins. Hann reiknar með tvö- eða þreföldun á veltu félagsins á árinu 1985 og verulegum hagnaði í Atlantshafssiglingunum. Hann talar um 240 milljóna króna veltu í þeim frá 15. október 1984 til ársloka, og sé hagnaður þann stutta tíma áætlaður nálægt 10%. Þá reiknar hann með, að meginniðurstöðutölur rekstraráætlunar fyrir árið 1985 geri ráð fyrir góðum hagnaði af rekstri félagsins í heild. Reiknað sé með, að rekstrarjafnvægi náist í heföbundnu Íslandsstarfi, en dótturfyrirtækin erlendis og „transatlantic"-siglingarnar skili hagnaði. Hér sé þó um áætlanir að ræða og að öðru jöfnu byggðar á svartsýnisforsendum.

Ákærði gerði í skýrslunni grein fyrir svonefndu Rainbow-máli, verkfallinu, gengisbreytingum og taxtahruni, sem áður er að vikið. Vakti hann athygli á, að í fyrirliggjandi áætlunum benti flest til taps á árinu 1984, að fjárhæð kr. 50-60 milljónir, en endanlegt uppgjör lægi ekki fyrir fyrr en í lok mars.

Þótt í skýrslu ákærða Ragnars megi greina mikla bjartsýni, hefur ekki verið sýnt fram á, að sú bjartsýni hafi á þessum tíma verið augljóslega

röng, þótt síðar kæmi í ljós, að hún hafi ekki átt rétt á sér. Þá er ljóst, að ákærði vakti athygli á erfiðri stöðu fyrirtækisins.

Þegar skýrsla ákærða Ragnars er virt í heild og litið er til þess, sem áður er sagt um sakargiftirnar í upphafi þessa kafla ákærunnar, þykir með sömu rökum og þar greinir ósannað, að ákærði Ragnar hafi vísvitandi flutt hluthöfunum rangar eða villandi upplýsingar um þau atriði, er í ákærunni greinir, á hluthafafundinum 9. febrúar 1985. Ber því að sýkna hann af þessari háttsemi.

Að því er snertir ákærða Björgólf, ber að sýkna hann af sakargiftunum samkvæmt þessari málsgrein kaflans, þar sem ekkert liggur fyrir í málinu, hvað hann hafi sagt rangt eða villandi á fundinum.

Ákærða Ragnari er gefið að sök að hafa vísvitandi skýrt rangt frá upphæð hlutafjár félagsins í tilkynningu til hlutafélagaskrár, dagsettri 2. júní 1985, en að þeirri tilkynningu stóð ákærði ásamt öðrum stjórnarmönnum félagsins.

Ákærði Ragnar skýrði svo frá, að hann hefði ekki verið sér sérstaklega meðvitaður um, að vantað hefði upp á 80 milljón króna hlutafjáraukninguna sem að neinu næmi, fyrr en það upplýstist í kjölfar gjaldþrotsins. Hann vissi hins vegar, að fleiri höfðu sýnt áhuga á kaupum en nam hlutafjárútboðinu og að lækka þurfti við suma það hlutafé, sem þeir skrifuðu sig fyrir. Fær þetta stuðning í framburði vitna.

Vitnið Ragnheiður Ágústsdóttir hefur staðfest, að fyrir hafi legið hlutafjárloforð fyrir hærri fjárhæð en svaraði til útboðsins, þó að í ljós hafi komið, að viðkomandi hafi ekki verið látnir skrifa sig skuldbindandi fyrir hlutafjárloforðunum og vanhöld yrðu.

Í ljós er leitt, að hlutafjárloforð lágu fyrir, þegar tilkynningin var send, fyrir þeirri 80.000.000 króna hlutafjáraukningu, sem ákveðin var 9. febrúar 1985. Hins vegar vantaði upp á, að þau væru öll greidd.

Samkvæmt framansögðu er ósannað, að ákærði Ragnar hafi vísvitandi skýrt rangt frá upphæð hlutafjár félagsins með áðurgreindri tilkynningu, og ber því að sýkna hann af því.

III. kafli.

Rækilega hefur verið rakið í dómi þessum, hver afstaða ákærðu Björgólfs, Ragnars og Helga er til þeirra sakargifta, sem hér er fjallað um. Kannast enginn þeirra við, að þeir hafi í sameiningu staðið að því að rangfæra ársreikninginn fyrir 1984 með því að útbúa efnislega röng bókhaldsgögn, fresta gjaldfærslum og gæta ekki viðurkenndra reikningsskilaaðferða, en allt er þetta talið gert í því skyni að villa um fyrir stjórn félagsins, hluthöfum, bankastjórn Útvegsbankans og öðrum viðskiptaaðilum um raunverulegan efnahag félagsins og rekstrarafkomu og til þess að tryggja félaginu áfram lánstraust hjá Útvegsbankanum.

Verður nú gerð grein fyrir hverjum hinna þrettán liða og í hverjum lið fyrst greint frá því, sem fram kemur í skýrslu endurskoðendanna Atla og Stefáns.

1. Gerð er grein fyrir því, að beitt hafi verið sömu reikningsskilareglu varðandi lotun tekna og í bráðabirgðauppgjörinu fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1984.

Í ársuppgjöri Hafskips hf. var gjaldfærður kostnaður vegna Íslandssiglinganna, að fjárhæð kr. 940.777, sem tengdist þeim ferðum, sem liður þessi byggist á. Hins vegar hafi raunverulegur beinn kostnaður numið kr. 2.481.402. Ef þessi kostnaður sé hlutfallaður með sama lotunarhlutfalli og beitt var á tekjurnar, reynist gjaldfæranlegur kostnaður nema kr. 702.398. Samkvæmt þessu sé kostnaður vegna ferðanna oftalinn um mismuninn, kr. 238.379.

Þá segir í skýrslu endurskoðendanna um tekjur og kostnað af Atlantshafssiglingunum, að eðlilegast sé að beita sömu aðferð við hlutföllun tekna og gjalda í þessum siglingum og í Íslandssiglingunum. Ef þessar tekjur og kostnaður sé hlutfallað með sama lotunarhlutfalli, hafi því tekjur af þeim tveim ferðum, sem um er fjallað í þessum lið ákærunnar, verið oftaldar um kr. 30.660.000 og gjöld verið oftalin um samtals kr. 16.444.000.

Um lotunarreglurnar vísast til umfjöllunar um þær í 1. lið I. kafla hér að framan.

Áður var gerð grein fyrir viðhorfi ákærða Björgólfs til lotunaraðferðar félagsins, þegar gerð var grein fyrir henni í sambandi við milliuppgjörið. Sagði hann sömu skýringar eiga við um ársreikninginn.

Ákærði Ragnar vísaði um þennan lið ákærunnar til þess, sem hann bar um lotun í I. kafla ákærunnar, en bætti því við, að hann hefði ekki tekið þátt í umfjöllun um þau mál og engar stærðir séð í því sambandi. Hann hefði gengið út frá því, að í félaginu væru notaðar sömu reglur og frá upphafi.

Áður er gerð grein fyrir viðhorfi ákærða Helga til þessa atriðis.

2.-3. Varðandi 2. lið er grundvöllur þeirrar færslu minnisblað ákærða Þórðar Hafsteins. Hugmyndin á bak við hana er sú, að þar sem félagið eigi ófluttar vörur um áramótin 1984/1985, sé við hæfi að færa tekjur vegna væntanlegra flutninga, enda lítil óvissa um, að þessar vörur verði fluttar á vegum fyrirtækisins.

Endurskoðendurnir telja, að þessar tekjur samsvari ósvöruðum pöntunum hjá þeim, sem selja vörur, og þar sem það heyri til algjörra undantekninga, að pantanir séu færðar, sé það niðurstaðan, að tekjufærslan hafi ekki verið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Stríði færslan gegn varkárnissjónarmiðum við reikningagerð og reglunni um, að tekjur beri að innleysa á því timabili, sem til þeirra er unnið.

Varðandi 3. lið er grundvöllur þeirrar eignfærslu tvö minnisblöð, annað frá ákærða Þórði Hafsteini með tölunni 20 milljónum sem kostnaði frá árinu 1984 við lestun og losun tómra gáma og flutning þeirra og dreifingu á einstakar hafnir síðustu mánuði ársins 1984. Hitt minnisblaðið er frá ákærða Sigurþóri Charles og er með tölunni 3,5 milljónir króna vegna ferða- og risnukostnaðar 1984, sem talinn er réttlætanlegur sem fyrir fram greiddur vegna undirbúnings „transatlantic"-siglinganna.

Þessa eignfærslu telja endurskoðendurnir byggja á því sjónarmiði, að óréttlátt þætti, að reksturinn 1984 yrði að öllu leyti að bera upphafskostnað við hina nýju siglingaleið. Hugsunin sé sú, að fleiri en eitt reikningshaldstímabil njóti ávinnings af slíkum kostnaði, og því sé sanngjarnt að dreifa honum á nokkur tímabil. Fræðilega sé erfitt að rökstyðja eignfærslu kostnaðar af þessu tagi, enda sé líklega fremur stuðst við áhrif útkomunnar, þegar aðferðin sé valin, en að kostnaðurinn sem slíkur sé nokkurs virði. Þá skipti máli í þessu sambandi, að nokkur óvissa hafi verið um framtíðarhorfur fyrirtækisins á þessum tíma, og hafi því farið betur á því að taka varfærnislegri afstöðu til væntanlegrar útkomu af siglingaleiðinni. Hafi því átt að gjaldfæra umræddan kostnað í rekstrarreikningi 1984. Að lokum er bent á, að það hafi verið mjög villandi framsetning í reikningnum, að þessi kostnaður var ekki sérgreindur í efnahagsreikningi, þar sem í honum felist ákveðið viðhorf til framtíðarhorfa fyrirtækisins, sem rétt hafi verið að vekja athygli lesenda reikningsins á. Þá sé ljóst, að kostnaðurinn falli alls ekki að efni þess liðar, sem hann var innifalinn í, þ.e. liðarins Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl.

Ákærði Björgólfur bar, að ákærða Þórði Hafsteini hefði verið falið að athuga ákveðna þætti varðandi 2. lið, en hann hefði verið sá, sem hélt utan um þessar upplýsingar. Hefði honum verið falið að áætla þetta, eins og hann og aðrir hefðu talið, að stætt væri á. Engin fordæmi hefðu verið fyrir þessu í rekstri félagsins, enda engin fordæmi fyrir, „transatlantic"-siglingunum, sem hófust um haustið. Í þessum nýja rekstri hefðu komið upp alls konar ný matsatriði, sem margir starfsmenn félagsins ásamt yfirmönnum þurftu að kanna, og í framhaldi af því, hefði verið ákveðið að hafa þetta á þennan veg.

Ákærða voru kunn vinnubrögðin, sem lágu að baki þeim minnisblöðum, sem aftur lágu að baki þeirri eignfærslu, sem 3. liður fjallar um. Hafi stjórnarmenn viljað eignfæra miklu meira af stofnkostnaðinum, og hann hafi einnig verið þeirrar skoðunar. Síðar hafi komið í ljós, að bankinn var einnig þessarar skoðunar. Aðrir vildu fara hægar í sakirnar og voru varkárari. Í þeim hópi hafi ákærði Helgi verið. Þá var deilt um, hvort eignfæra ætti stofnkostnaðinn á nokkrum mánuðum eða nokkrum árum. Voru þeir starfsmenn, sem talið var, að hefðu mesta þekkingu, fengnir til þess að

meta þetta. Ákærði mundi ekki, hvenær honum var kunnugt um, að tölurnar í þessum lið og næsta lið að framan höfðu verið teknar inn í liðinn Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl., en sér hefði örugglega verið sagt frá þessu. Þetta hefði verið rætt í stjórninni.

Samkvæmt framburði ákærða Ragnars var 2. liður einhver hluti af upphafskostnaðardæminu, en hann var að öðru leyti ekki kunnugur smærri atriðum varðandi þetta eða hvernig að þessu var staðið. Hann sá ekki á sínum tíma minnisblað ákærða Þórðar Hafsteins um 15,9 milljónirnar og mundi ekki eftir umræðu um, að það yrði skrifað eða að endurskoðandinn óskaði eftir slíku blaði.

Ákærði Ragnar sá ekki á sínum tíma þau plögg, sem lágu til grundvallar færslunum í 3. lið, en þekkti hugmyndina á bak við þetta og sagðist bera fulla ábyrgð á því.

Ákærði Helgi bar, að liðurinn Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. væri undir veltufjármunum í efnahagsreikningnum, þar sem um skammtímaeignir væri að ræða, og hefðu 15,9 milljónirnar tvímælalaust átt heima undir veltufjármunum. Hann sagði, að ljóst hefði verið, strax og þessi starfsemi fór í gang á síðustu mánuðum ársins 1984, að ýmis kostnaður myndi falla til, sem mjög óeðlilegt væri að færa á þær fáu vikur, sem eftir voru af árinu 1984. Sér hefði þótt eðlilegt, að þessum kostnaði yrði dreift á einhver tímabil. Hér væri um upphafskostnað að ræða, en ekki stofnkostnað. Þessi aðferð hefði verið mun varfærnislegri en sú að taka stofnkostnaðinn, eins og víða tíðkast í reikningsskilum, og afskrifa hann á mörgum árum, t.d. á 3 eða 5 árum, svo að ekki væri minnst á lengri tíma. Hann hefði einn ráðið því, að þessi gætilega leið var valin. Ákærði kvaðst telja, að hann myndi það rétt, að hann hefði rætt þetta í upphafi við ákærða Björgólf, enda hefði hann haft mesta þekkingu á málinu, og kvaðst ákærði hafa rætt um það við hann, að hann kæmi með tillögur um það, hvað þarna gæti verið á ferðinni, og gerði ákærða grein fyrir því, hvernig þessi upphafskostnaður dreifðist. Þáttur ákærða Þórðar Hafsteins hefði verið sá, að ákærði Björgólfur hefði væntanlega ákveðið að ráðfæra sig við hann, þar sem hann vann í áætlanadeild og var töluglöggur maður. Síðan kvaðst ákærði hafa óskað eftir niðurstöðutölum frá ákærða Þórði Hafsteini, þegar ákærði fór að vinna að uppgjörinu, og þá hefði ákærði beðið hann um niðurstöður og rök, svo að ákærði gæti tekið um þetta endanlega ákvörðun. Hann hefði síðan tekið endanlega ákvörðun um að færa upphæðirnar í 2.-3. lið, samtals 39,4 milljónir, á þann veg, sem rakið hefur verið, og hefði hann talið beinlínis rangt að gjaldfæra þetta allt á árið 1984. Sumir hefðu viljað hafa þessar tölur hærri. Eftir að ákærði tók þessa ákvörðun, óskaði hann eftir skriflegum staðfestingum frá ákærðu Þórði Hafsteini og Sigurþóri Charles á þessum tölum, og þær hefði hann

fengið. Þessar tölur hefðu verið áætlaðar og ekki byggðar á tilteknum fylgiskjölum, heldur á mati á færslum í bókhaldi fyrirtækisins og þeim upplýsingum, sem voru fyrir hendi. Hefði hann gert mönnum grein fyrir því um áramótin, að taka yrði tillit til þessara talna og leggja á þær skynsamlegt og sanngjarnt mat.

Ákærði sagði, að fjárhæðirnar í 2. og 3. lið hefðu verið teknar inn í liðinn Veltufjármunir, sem er undir liðnum Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl í efnahagsreikningi. Hér væri um skammtímaeignir að ræða, sem tvímælalaust ættu heima í veltufjármunum. Hins vegar gæti hann fallist á, að betur hefði farið á því, að þessir liðir væru sérgreindir sem fyrir fram greiddur kostnaður eða upphafskostnaður. Þá hefði enn fremur farið betur á því, að sérstök skýring hefði verið um þetta í ársreikningnum, þar sem fram kæmi, að þarna væri um upphafskostnað að ræða, sem tilheyrði þessum sérstaka rekstrarþætti, og hann hyrfi út og á ný inn í reksturinn á fyrstu mánuðum ársins 1985. Ástæðan fyrir því, að hann tók þetta ekki út sem sérstakan lið, hefði trúlega verið sú, að hann leit á þetta sem svo skammvinnar fjárhæðir í bókhaldinu, rétt yfir áramótin og fram á árið 1985. Ef hann hefði metið þetta sem stofnkostnað, sem hefði átt að afskrifa á einhverjum árum, hefði þetta ekki verið talið meðal veltufjármuna og verið fært undir liðinn Fastir fjármunir. Þrátt fyrir það að betur hefði farið að færa þetta á þann veg, breytti það engu um niðurstöðu rekstrar- og efnahagsreikningsins.

Ákærði sagði, að þegar hann stóð frammi fyrir því að færa þessa liði í ársreikninginn og taka afstöðu til þeirra, hefðu Atlantshafsflutningarnir verið í fullum gangi og enginn bilbugur á forráðamönnum félagsins, sem voru bjartsýnir og höfðu trú á þessum flutningum.

Ákærði bar, að hann hefði talið eðlilegt að færa 15,9 milljónirnar sem mótvægi við kostnað, sem fyrirtækið var búið að leggja í við að koma vörum til einstakra hafna, þar sem þær biðu flutnings yfir hafið. Þessi kostnaður hefði falist í alls konar aukaflutningum, geymslukostnaði o.fl.

Ákærði kvaðst hafa fært fjárhæðirnar í 3. lið í góðri trú og gat ekkert séð, sem benti til þess, að einhver óvissa væri um, að þetta myndi skila fyrirtækinu góðum árangri. Hann benti á, að ferðakostnaður félagsins á árinu 1984 hefði verið nær 10 milljónir króna og ákærði Björgólfur og aðstoðarmenn hans hefðu verið á ferðinni nánast bróðurpartinn úr árinu við að undirbúa þessa flutninga, svo að fjárhæðin kr. 3.500.000, ferða- og risnukostnaður, hefði verið mjög hófleg.

Ákærði taldi, að það hefði verið alrangt að færa þessar 23,5 milljónir allar á árið 1984, því að slíkt hefði gefið ranga mynd á því tímabili á árinu 1984, sem „transatlantic"-siglingarnar voru í gangi. Óréttlátt hefði þótt, að

reksturinn á árinu 1984 yrði að öllu leyti látinn bera upphafskostnaðinn við hina nýju siglingaleið, sem hófst undir lok ársins.

Ákærði Þórður Hafsteinn staðfesti, að hann hefði að öllu leyti útbúið „Minnisatriði vegna uppgjörs 1984", bæði dagsett 15. maí 1985, og undirritað þau. Voru minnisatriðin í fullu samræmi við bestu vitund ákærða um þau atriði, sem þau fjalla um. Sagði ákærði, að síðari athuganir á þessum atriðum hefðu leitt í ljós, að þar væri síst oftalið.

Við gerð áætlunarinnar kannaði ákærði ekki sérstaklega, hvort vara hefði verið til á einstökum höfnum, sem svaraði til áætlunar um uppsafnaðar tekjur 31. desember 1984. Hins vegar sá ákærði á þeim gögnum, sem hann hafði um tekjurnar um áramótin, að þetta voru a.m.k. þessar tekjur, enda hefðu á þessum tíma verið óvenjumiklir vöruflutningar. Hefðu tekjur í raun verið meiri en 15,9 milljónir. Taldi ákærði, að ákærði Helgi hefði komist að sömu niðurstöðu og hann sjálfur, að þær væru ígildi hálfs skipsfarms, þ.e.a.s. $ 200.000.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, þegar hann gaf ákærða Helga upp tölurnar, að þær yrðu notaðar í ársreikninginn. Hann kvaðst hafa verið boðaður á fund í maí 1985, og voru þar auk hans ákærðu Björgólfur, Ragnar og Helgi. Á fundinum var fyrst og fremst rætt um, hvaða stærðir gætu verið fólgnar í upphafskostnaði félagsins. Var þarna rætt um, að það væri beinlínis rangt að færa ekki upphafskostnað vegna þess, að þetta ætti ekki allt að tilheyra árinu 1984, þar sem þessi kostnaður væri hvergi nærri búinn að skila þeim tekjum á móti, sem eðlilegt gæti talist. Ákærði Björgólfur hefði virst hafa ákveðnar skoðanir á því, hvað bæri að telja upphafskostnað, og var ákærða falið að kanna, hvort það gæti staðist, og gerði það. Síðan hringdi ákærði Helgi í ákærða og bað hann að staðfesta upphæðina. Þannig urðu minnisblöð ákærða til. Ákærði tók engar ákvarðanir um, hvernig færslur ættu að vera í bókhaldinu. Hann taldi, að kostnaðurinn hefði mátt metast helmingi hærri en kom fram á blöðum hans. Ákærði kvað ákærða Helga hafa ákveðið, hvaða tölu hann í raun og veru vildi taka inn.

Ákærði Sigurþór Charles staðfesti, að hann hefði látið ákærða Helga í té bréfið frá 13. maí 1985 um eignfærðan upphafskostnað, að fjárhæð kr. 3,5 milljónir, vegna ferða- og risnukostnaðar. Ákærði gekk frá bréfinu til ákærða Helga að beiðni hans og sendi honum í framhaldi af því, að farið var að kanna, hvort grundvöllur væri fyrir eignfærslu á langtímakostnaði. Taldi ákærði, þegar hann útbjó umrætt bréf, að hann væri að gera rétt, en fyrir sig hefðu verið lagðar beiðnir frá ákærða Helga um að taka saman áætlaðan ferðakostnað vegna undirbúnings Atlantshafssiglinga félagsins, þar sem ákveðið hefði verið, að sá hluti kostnaðarins skyldi færður til eignar og gjaldfærður á lengra tímabili. Var ákærða sagt, að

hann skyldi útbúa bréf með umræddum tölum og afhenda ákærða Helga það.

Ákærði sagði, að heildarferða- og risnukostnaður fyrirtækisins hefði árið 1984 verið um kr. 11 milljónir, ef hann myndi rétt, og ættu tölurnar í bréfi sínu til ákærða Helga þar stoð.

4. Í skýrslunni er tekið undir þá skoðun Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf., að sölu- og stjórnunarkostnaður Hafskips hf. hafi verið vantalinn um kostnað þann, sem þessi liður fjallar um, en hér var um að ræða reikning frá Cosmos Shipping fyrir ýmiss konar aðstoð, og var hann tekjufærður hjá því fyrirtæki á árinu 1984. Sé því á engan hátt unnt að rökstyðja frestun á þessum kostnaði til ársins 1985.

Eina skýringin, sem ákærði Björgólfur gaf á því, að greiðslan samkvæmt þessum lið var færð til gjalda hjá Hafskipi hf. í desember 1984 og síðan frestað fram yfir áramót, var sú, að deilur hefðu orðið um skiptingu á milli félaganna í Bandaríkjunum. Ef samkomulag hefði náðst milli deiluaðilanna, hefði átt að færa þetta fyrir áramót, en hvort svo hefði verið, vissi ákærði ekki.

Ákærði Ragnar taldi, að reikningur sá, sem þessi liður fjallar um, væri í bókum félagsins. Snemma árs 1985 fékk hann með hefðbundnum hætti tölvukeyrt rekstraryfirlit, sem sýndi rekstrarstærðir á skrifstofu, og sá, að sérfræðikostnaðurinn á skrifstofunni gat ekki staðist. Hafði hann hækkað um einhverjar milljónir og var orðinn stærð, sem ákærði þekkti ekki. Minntist hann á þetta við ákærða Sigurþór Charles, og sagði hann, að um væri að ræða umrædda $ 120.000, sem áttu að færast af Cosmos Shipping yfir á Hafskip USA, en hefðu verið færðir á skrifstofukostnað. Benti hann ákærða Sigurþóri Charles á, að þetta væri rangfærsla, og óskaði eftir leiðréttingu. Hann vissi svo ekki á þeim tíma meira um málið.

Ákærði Sigurþór Charles staðfesti, að ákærði Ragnar hefði sagt sér að bakfæra umræddda fjárhæð, og hefði hann gert það og komið boðum um það til ákærða Helga, svo að efnisleg afstaða yrði tekin um það, hvernig ætti að meðhöndla þennan reikning, hvort hann ætti að liggja hjá Hafskipi USA eða hjá Hafskipi Holdings. Var ákærða ekki kunnugt um þetta. Minnti ákærða, að það, sem lá að baki þessum reikningi, hefði verið það álit forráðamannanna, að Cosmos Shipping hefði orðið fyrir kostnaði í tengslum við Hafskip USA og af þeirri ástæðu hefði þótt réttlætanlegt, að Cosmos gerði reikning á hendur Hafskipi USA, sem þessari tölu næmi.

Ákærði Helgi kunni enga skýringu á því, hvers vegna umrædd fjárhæð í þessum lið var fyrst færð til gjalda í bókhaldi Hafskips hf. árið 1984, en síðan frestað fram yfir áramót.

5. Hér er um það að ræða, að við útfærslu reikningsjafnaðar voru verðbætur á skuldabréf, að fjárhæð kr. 412.603, ranglega teknar upp sem

kredíttala, en átti að vera hið gagnstæða. Þetta leiddi til þess, að prófjöfnuðurinn stemmdi ekki, en jöfnuði var komið á með því að hækka eignaliðinn Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. um tvöfalda umrædda upphæð. Sé sá liður því oftalinn um þá fjárhæð, sem hér kemur fram, og eigið fé að sama skapi.

Ákærði Björgólfur kvaðst ekkert vita um oftaldar eignir vegna mismunar á reikningsjöfnuði, og ákærði Ragnar kvaðst trúlega ekki hafa haft fræðilegan möguleika á að vita um þennan lið.

Ákærði Helgi taldi, að það, sem haldið er fram um þennan lið, fengi engan veginn staðist. Taldi hann, að það hlyti að vera eðlileg skýring á þessari tölu, og mótmælti staðhæfingunni í skýrslunni, að jöfnuði hefði verið komið á með því að hækka eignaliðinn Útistandandi skuldir, flutningsgjöld o.fl. um tvöfalda upphæðina. Taldi ákærði útilokað, að hann hefði látið fjárhæð af þessu tagi standa óleiðrétta.

6. Fram kemur hér, að samkvæmt ársuppgjöri félagsins fyrir árið 1984 hafi innstæður á svonefndum jaðarreikningum verið kr. 2.979.803 lægri en tilgreint er í ársreikningnum og eignir félagsins oftaldar um þá fjárhæð. Talið er, að færa hefði átt ógreidda skuld vegna ágóðaþóknunarinnar í bækur fyrirtækisins. Hafa endurskoðendurnir reiknað útkomuna upp á nýtt frá útreikningum ákærða Helga. Taka þeir þó ekki með ágóðaþóknun árið 1984 vegna hækkaðs taps frá útreikningum ákærða Helga. Þá reikna þeir með úttekt á árinu og vöxtum. Þannig breytt telja endurskoðendurnir neikvætt eigið fé fyrirtækisins hafa verið vantalið um þá fjárhæð, sem fram kemur í þessum lið.

Ákærðu Björgólfur og Ragnar vísuðu um þennan lið í það, sem þeir höfðu borið um tilsvarandi liði í I. kafla ákæru. Ákærði Ragnar fylgdist ekki með því, hvernig endurskoðandinn færði þetta nákvæmlega undir einstaka liði í ársreikningnum, en sér hefði verið ljóst, að biðreikningar voru frá einum tíma til annars, og sér hefði einnig verið ljóst, að það væri litið á þetta sem eftirlaunaskuldbindingu og þar af leiðandi ekki fært upp í heild sinni.

Ákærði Helgi vísaði um þennan lið í það, sem hann sagði um tilsvarandi liði varðandi milliuppgjörið.

7. Það er mat endurskoðendanna, að ekki hafi verið nægilegar forsendur til þess að víkja frá bókfærðu verði skipa félagsins nema í tilviki ms. Rangár. Telja þeir, að við hæfi hefði verið að lækka bókfært verð skipsins niður í u.þ.b. meðaltal af bókfærðu verði systurskipanna, Selár og Skaftár, og er niðurstaðan sú, að lækka hefði átt verðið um u.þ.b. $ 1.000.000, sem samsvaraði kr. 40,6 milljónum.

Ákærði Björgólfur sagði, að ms. Rangá hefði ásamt systurskipunum, sem áður höfðu verið keypt, verið mjög sérhæft fjölhæfnisskip. Þetta

hefðu verið sérstaklega hönnuð brettaflutningaskip og þess vegna félaginu meira virði en mörg önnur skip, sem voru á markaðnum. Var ákærða fullkunnugt um, að skipin höfðu lækkað á heimsmarkaði, en hann vonaði, að þau hækkuðu að nýju. Staðið hefði verið eins vel að kaupum skipsins og unnt var, og hann sá ekki, að skipið myndi lækka í verði. Félagið þorði ekki að sleppa kaupunum á Rangánni, enda hefði skipið verið því mikilvægt, þar sem önnur samsvarandi skip voru ekki til á markaðnum, og hefði þurft að breyta allri skipulagningu innan félagsins, ef ekki hefði orðið af kaupunum. Markaðurinn hefði verið svo óviss á þessum tíma, að menn hefðu ekkert vitað um verð skipanna. Þá var félagið að koma sér upp ákveðinni tegund skipa til flutninga. Nefndi ákærði, að miklar sveiflur hefðu verið á verði skipa á þessum tíma. Vissi ákærði í desember 1983, að skipaverð var á niðurleið og var orðið mjög lágt. Hann vissi hins vegar ekki, hvað fengist fyrir skipin, fyrr en þau seldust. Ákærði sá ekkert athugavert við þau rök endurskoðanda félagsins að bókfæra verð ms. Rangár á $ 2.256.000 í ársreikningnum 1984, þrátt fyrir það að samkvæmt mati tiltekins skipamiðlara væri skipið metið á sama verði og systurskipin, þ.e. á $ 1,8 milljónir. Stjórnin var alveg á þessu. Voru menn að bíða eftir, að flotinn kæmist aftur í eðlilegt verð. Var talið, að um mjög skammvinnt ástand væri að ræða. Ákærði vissi ekki, hvert raunverð skipanna var, enda stóð ekki til að selja þau. Hvorki var rætt um það í stjórninni né meðal stjórnenda félagsins að víkja frá bókfærðu verði, enda stóðu menn í þeirri trú, að verðið væri að nálgast botninn og færi að hækka að nýju. Lifðu allir í þeirri trú, og enginn reiknaði með öðru. Var bankanum alveg ljóst, hvað var að gerast á skipamarkaðinum.

Ákærði Ragnar sagði, að þegar fyrirtækið keypti ms. Rangá um mitt ár 1983, hefðu engar vísbendingar verið um það, að verð á þeirri tegund skipa færi lækkandi. Nokkru fyrr voru vísbendingar um lækkandi verð á risaskipum. Lækkandi verð á almennum „smalltons"-skipum fór að koma í ljós að einhverju leyti á árinu 1984. Hér varð að hafa í huga, að Bandaríkjadollar snarhækkaði frá árinu 1982 fram til fyrra misseris 1985, en það hafði áhrif á skip, sem metin voru í þeim gjaldmiðli. Þegar ákærði talaði um hrun á skipaverði á árinu 1984, hefði hann verið að tala um markaðinn almennt.

Ákærði Helgi fylgdist með verði skipastólsins einu sinni á ári við gerð ársreikningsins. Bað hann þá um mat frá erlendum skipamiðlurum. Taldi ákærði eðlilegt, rétt og skylt við gerð ársreiknings að kanna þessar tölur. Ákærði minntist þess ekki að hafa rætt skipaverð sérstaklega við starfsmennina. Ákærða var fullljóst, að ms. Rangá var keypt hærra verði en systurskip hennar, enda fullkomnari og ári yngri. Ákærði fékk matið og bar það saman við verð skipanna við ársuppgjör hverju sinni. Að öðru

leyti velti hann ekki fyrir sér þróun verðsins. Hið eina, sem hann vissi, var, að verð á skipum og ýmsum öðrum fjármunum fór upp og niður. Ákærða var ekki gerð grein fyrir þeim upplýsingum, sem voru til staðar innan félagsins um áramótin 1983/1984, að verðfall hafði orðið á skipum sambærilegum ms. Rangá. Ákærði taldi ekki, að færa hefði átt verð skipanna niður samkvæmt 97. gr. hlutafélagalaganna, og vissi engin dæmi þess, að slíkt hefði verið gert á þessum tíma. Taldi ákærði, að það hefði verið glapræði að færa verð skipanna niður og engar forsendur verið til þess. Leit ákærði á skipin sem eina heild og gerði grein fyrir því þannig í skýringum.

8. Samningurinn við Consafe um gáma er túlkaður sem rekstrarleigusamningur og að það sé ekki viðurkennd bókhaldsvenja að eignfæra greiðslur vegna slíkra samninga, en það muni hafa verið gert hjá félaginu. Með hliðsjón af þessu er talið, að færa þurfi niður eignir fyrirtækisins um tilgreinda fjárhæð í þessum lið.

Um afstöðu ákærða Björgólfs vísast til 9. liðar í I. kafla hér að framan.

Ákærði Ragnar gat ekki tjáð sig um þá tölu, sem kemur fram í þessum lið sem eignfærsla, fram yfir það, sem búið var að greiða samkvæmt gámasamningum. Áður er gerð grein fyrir viðhorfi hans til samninganna.

Um viðhorf ákærða Helga til þessa liðar vísast til framburðar hans vegna 9. liðar í I. kafla ákæruunnar.

9. Talið er, að ekki séu rök til þess að eignfæra bretti hjá félaginu, og sé endingartími slíkra eigna væntanlega ekki mjög langur, svo að skynsamlegast virðist að gjaldfæra brettakaup hverju sinni í stað þess að eignfæra og afskrifa á nokkrum árum. Þó komi til greina, hafi fyrirtæki fjárfest óvenjumikið í brettum á einu ári, að eignfæra þau og afskrifa á nokkrum árum, en varla sé stætt á því að afskrifa slíkar eignir á lengri tíma en þremur árum, og fráleitt sé, að slíkar eignir dugi að meðaltali í átta ár, en það var afskriftartími bretta hjá félaginu. Telja endurskoðendurnir því, að bókfært eigið fé sé oftalið um bókfærða verðið á brettunum.

Ákærði Björgólfur sagði, að þar sem flutningar félagsins byggðust á brettaflutningaskipum, hefði félagið fjárfest meira í brettum en allir aðrir. Því hefði brettaeignin skipt miklu máli og endingartími brettanna að sumra mati verið allt að 10 ár. Sérstök deild hjá félaginu sá um brettin, og gerði hún fjárfestingaráætlanir á hverju ári. Þar sem brettin voru stór og mikill útgjaldaliður, var fljótlega talið rétt að eignfæra þau.

Ákærði Ragnar fullyrti, að bretti hefðu verið eignfærð hjá félaginu athugasemdalaust, a.m.k. allt frá því að hann kom þangað. Taldi hann, að í árslok 1984 hefði féiagið átt u.þ.b. 15.000 Hansabretti.

Ákærði Helgi sagði, að bretti hefðu verið eignfærð hjá félaginu um nokkurra ára skeið, en í kringum 1980 stórjókst notkun þeirra. Voru brettin

smíðuð hjá félaginu og efniskostnaður eignfærður, en ekki laun þeirra, sem unnu við smíðina. Var þetta gert til einföldunar. Þá voru efniskaupin afskrifuð. Taldi ákærði brettin miklu meira virði en kom fram í ársreikningnum.

10. Kaupverð hlutabréfa í Cosmos Shipping, sem Hafskip Holdings Inc. keypti síðla árs 1983, var nokkru hærra en bókfært eigið fé og mismunurinn skýrður sem viðskiptavild. Við reikningsgerðina fyrir árið 1983 var ákveðið að afskrifa viðskiptavildina á þremur árum, en þetta var ekki gert á árinu 1984, og er það mat endurskoðendanna, að það samrýmist ekki góðri reikningsskilavenju. Er því bókfært verð umrædds eignarliðar lækkað um þá fjárhæð, sem frá greinir í þessum lið.

Ákærði Björgólfur taldi, að sér hefði verið ljóst, að ákveðið var að afskrifa viðskiptavildina hjá Hafskipi Holdings Inc. á þremur árum, en hann kunni ekki skýringu á því, hvers vegna það var ekki gert 1984.

Ákærði Ragnar kvaðst ekki muna, hvort sér hefði verið kunnugt, þegar ársreikningurinn 1984 var lagður fram á stjórnarfundi, að ákærði Helgi hefði fallið frá því að taka inn sérstaka afskrift vegna kaupanna á Cosmos. Það kynni að vera, að hann hefði vitað af þessu. Snemma árs 1985 var ákveðið að selja Cosmos, og þá myndu allar tölur varðandi það félag hverfa. Það vafðist einnig fyrir ákærða Helga, við hvaða afskriftarprósentu hann ætti að miða. Upphaflega var ákveðið að gera þetta á þremur árum, en svo breyttust viðhorfin vegna fyrirhugaðrar sölu á fyrirtækinu.

Ákærði Helgi vakti athygli á því í sambandi við þennan lið, að oft væri breytt um afskriftareglur, og væri það ekkert einsdæmi hér. Þegar gengið var frá uppgjörinu í maí 1985, þótti ástæðulaust að afskrifa þetta á árinu 1984, þar sem fyrir lá, að stjórn félagsins ætlaði að selja Cosmos og það gerðist fyrir árslok. Fannst ákærða því óeðlilegt að afskrifa ⅓ hluta af viðskiptavildinni, þegar þetta var á leiðinni út úr bókum fyrirtækisins og allt benti til þess, að fyrirtækið færi skaðlaust frá þessu, enda gekk það eftir.

11. Eiginfjárstaða Hafskips Hamborgar var vantalin um kr. 554.532 samkvæmt þessum lið, en það skýrðist af áætlun um neikvæða tiltekna eiginfjárstöðu fyrirtækisins fremur en rauntölum.

Ákærði Björgólfur taldi, að hér hefði verið um að ræða mistök í bókhaldi. Ákærði Ragnar kvaðst lítið geta tjáð sig um þennan lið, og ákærði Helgi kom þessu ekki fyrir sig.

12. Þessi liður fjallar um tvær vantaldar skuldir félagsins, reikning frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 3.000.000, og dráttarvaxtareikning frá Olís, að fjárhæð kr. 1.948.000.

Ákærði Björgólfur vissi ekki, hvers vegna rafmagnsreikningurinn var ekki færður til skuldar í ársreikningnum. Þá mundi hann ekki, hver viðskiptastaðan var við Olíuverslunina á þessum tíma.

Ákærði Ragnar vissi ekkert um fyrrnefnda reikninginn, en að því er varðaði hinn, kvaðst ákærði eiginlega ekkert vita. Tvisvar eða þrisvar á árinu 1985 hefði hann þó átt viðræður við forstjóra Olís. Hann hefði ekki vitað, að félagið hafði fengið dráttarvaxtareikning frá Olís, og efaðist um, að hann hefði samþykkt greiðslu slíks reiknings, því að félagið hefði átt í önnur hús að venda með olíukaup, ef Olís hefði gengið hart að félaginu.

Ákærði Helgi taldi það hafa verið mistök að færa ekki reikninginn frá Rafmagnsveitunni, og hefði hann átt að færast til gjalda á árinu 1984. Að því er snerti dráttarvaxtareikninginn, var ákærði viss um, að sá reikningur yrði ekki samþykktur. Þess vegna taldi hann, að ekki væri hægt að líta svo á, að það ætti að færa töluna til lækkunar á eiginfjárstöðu félagsins.

Vitnið Þórður Ásgeirsson, fyrrverandi forstjóri Olís, sagði, að það hefði ekki verið venja hjá Olís að reikna dráttarvexti á skuldir Hafskips hf., enda þótt það væri yfirleitt gert hjá öðrum, vegna þess að skuldin hefði að miklu leyti verið vegna viðskipta erlendis og í dollurum. Þar kom þó, líklega á árinu 1985, að dráttarvextir voru reiknaðir á skuldir Hafskips hf. við félagið, en ákærði Ragnar vildi ekki samþykkja það, þegar um það var rætt á sérstökum fundi. Í framhaldi af þessu var samþykkt, að olíuúttekt Hafskips hf. skyldi staðgreidd með sérstöku álagi, sem átti að koma í stað dráttarvaxtanna. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvernig þetta sérstaka álag var útfært, en Hafskip hf. var eini aðilinn í viðskiptum með þessum hætti. Vitnið minnti, að hvorki dráttarvaxtaútreikningurinn né niðurfelling á dráttarvöxtum hefði verið með formlegum hætti, en krafan um dráttarvexti var felld niður, þegar hið nýja fyrirkomulag tók gildi.

13. Þessi liður fjallar um þrjá liði, sem samtals gera þá fjárhæð, sem hér er fjallað um, en um er að ræða kostnaðarliði, sem átt hefði að færa til gjalda, en höfðu verið bíðreikningsfærðir. Þurfi því að lækka bókfært eigið fé um kr. 5.675.965, sem nánar eru tilgreindar í skýrslunni.

Ákærði Björgólfur kannaðist ekki við að hafa beðið um frestun á gjaldfærslu þeirra fimm reikninga, sem mynda 1.liðinn og eru samtals að fjárhæð kr. 3.725.965, en þeir voru bíðreikningsfærðir. Um hina liðina tvo vissi hann ekkert.

Ákærði Ragnar kvaðst aldrei hafa haldið heildstætt yfirlit yfir bíðreikninga. Taldi hann, að aldrei hefði fengist endanlegur botn í þátttöku félagsins vegna taps Suðurnesjaumboðs félagsins, og hann hefði aldrei séð bréf frá lögfræðingum félagsins um tapaðar skuldir, að fjárhæð kr. 750.000. Bréfið hefði örugglega verið sent innheimtudeild félagsins á sínum tíma, og ekki hefði verið eðlilegt að bera það undir hann.

Að því er snertir bíðreikningana samkvæmt þessum lið, taldi ákærði Helgi ekkert óeðlilegt, að til væru bíðreikningar hjá fyrirtækjum, og væri algengt, að svo væri varðandi smærri fjárhæðir í stórum rekstri. Hér hefði

verið um reikninga að ræða, sem tengdust erlendum skrifstofum og voru ekki komnir á hreint af einhverjum tækniástæðum. Hefði ekki verið sjálfgefið, að þetta ætti að færa hjá Hafskipi hf., og ekkert óeðlilegt við, að þetta biði. Sá ákærði engin efni til þess, að þessir reikningar væru strikaðir út til að gera eiginfjárstöðu fyrirtækisins verri. Mótmælti ákærði því, að hér hefði í reynd verið um að ræða frestun á gjaldfærslu ýmiss kostnaðar, sem tengdist erlendum dótturfélögum. Það hefði verið spurning um, hvar þessi stofnkostnaður viðkomandi fyrirtækja ætti að færast, og hefði verið óeðlilegt að gjaldfæra þetta. Þetta hefði verið kostnaður, sem miðað við rekstur fyrirtækisins og áform hefði átt að skiptast á einhver ár. Ákærði staðfesti, að sér hefði verið kunnugt um þessa reikninga á umræddum tíma.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa séð skjal um þátttöku í tapi Suðurnesjaumboðs, en vissi, að þar var ágreiningur um skiptingu kostnaðar. Samkvæmt því, sem ákærði best vissi við frágang uppgjörsins, lá þetta ekki fyrir við gerð ársreikningsins. Ákærði taldi, að bréf um tapaðar skuldir hefði ekki legið fyrir, þegar gengið var frá ársreikningnum. Ef svo hefði verið, hefði hann tekið tillit til þeirra ábendinga og látið færa tapaðar kröfur.

Í lok skýrslu endurskoðendanna kemur fram, að það sé órannsakað mál, hvort rekstrarreikningurinn fyrir árið 1984 hafi gefið villandi mynd af afkomu félagsins á því ári. Hafi þurft í því skyni að taka tillit til þeirra leiðréttinga, sem kynnu að hafa verið nauðsynlegar á ársreikningi félagsins fyrir árið 1983.

Verður nú gerð grein fyrir afstöðu dómsins til þeirra þrettán liða, sem ákært er fyrir, að séu rangfærðir í ársreikningnum fyrir 1984 með þeim hætti, sem greinir í ákærunni.

1. Um þennan lið þykir mega í einu og öllu vísa til afstöðu dómsins til sama töluliðar í I. kafla ákærunnar.

2. Bókun á 15,9 milljónum samkvæmt sérstaklega útbúnu minnisblaði varðandi áætlun um uppsafnaðar tekjur getur ekki talist til góðra reikningsskilaaðferða. Hins vegar þykir hafa verið leitt í ljós, að fyrir hafi legið hjá félaginu um þessi áramót frakt, sem félagið var búið að taka að sér að flytja, og er ósannað, að verðmæti þeirra tekna, sem af því yrðu, hefði orðið lægra en framangreind fjárhæð. Þykir því ekki fært að slá því föstu, að umrætt blað sé efnislega rangt bókhaldsgagn, þótt það hafi ekki átt að færast í bókhaldið árið 1984, og fjarstæða hafi verið að gera það.

3. Dómurinn telur, að sýnt hafi verið fram á, að ekki sé fráleitt, að upphafskostnaður sem þessi sé færður til eignar í upphafi og afskrifaður á lengri tíma. Þó megi viðkomandi fyrirtæki ekki standa of höllum fæti fjárhagslega. Vissulega stóð Hafskip illa fjárhagslega, en ekki verður talið

sannað, að sýnt hafi verið, að gjaldþrot væri á næsta leiti, þegar tekin var ákvörðun um áðurgreinda eignfærslu. Þykir hún því fá staðist, og er því hafnað, að hér hafi verið um að ræða efnislega röng bókhaldsgögn og að ekki hafi verið gætt góðra reikningsskilaaðferða. Dómurinn telur, að ákærða Helga hafi verið rétt að geta þess sérstaklega í áritun sinni á ársreikninginn fyrir árið 1984, hvernig þessi upphafskostnaður var færður.

4. Frestun þeirrar gjaldfærslu, sem þessi liður fjallar um, var að ófyrirsynju gerð og átti augljóslega að eiga sér stað á árinu 1984. Hér hefur því ekki verið gætt góðrar reikningsskilaaðferðar. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að hér hafi mistök getað átt sér stað.

5. Að því er snertir þennan lið, þykir augljóst, að hér hafi verið um oftaldar eignir að ræða, og allt bendir til þess, að hér hafi mistök átt sér stað. Verður því ekki litið svo á, að hér hafi ekki verið gætt góðrar reikningsskilaaðferðar.

6. Dómurinn telur augljóst, að þær tvær tölur, sem mynda þennan lið, hafi átt að færast í ársreikninginn, og hafnar skýringum ákærðu um forsendur þess að láta það undir höfuð leggjast. Hér hefur því ekki verið beitt góðri reikningsskilaaðferð með því að fresta þessum færslum.

7. Sannað er, að miklar endurbætur höfðu verið gerðar á ms. Rangá, sem þessi liður byggist á, og var það ekki sambærilegt við systurskip sín og ári yngra. Fram er komið, að margs konar mat lá fyrir um verðmæti skipa Hafskips hf. á árunum 1983-1985, og einnig er upplýst, að huga þarf að mjög mörgum atriðum, þegar meta skal markaðsverð skipa, m.a. aldur, ástand, gerð, stærð, hlutverk o.s.frv. Samkvæmt mati á ms. Rangá, sem fyrir liggur í málinu, var skipið t.d. á árinu 1983 metið frá $ 1.400.000 til $ 2.500.000. Þá er ljóst, að verð skipa, sem ganga kaupum og sölum á heimsmarkaði, er háð sveiflum. Á þeim árum, sem hér um ræðir, lækkaði verð þeirra, en sýnt þykir, að skömmu eftir gjaldþrot félagsins hafi það hækkað að nýju. Hefur ekki verið sýnt fram á, að ekki hafi verið um skamvinna lækkun að ræða, sbr. 3. mgr. 97. gr. hlutafélagalaganna. Dómurinn hafnar því, að bókfært verð skipastólsins hafi verið oftalið um kr. 40,6 milljónir.

8. Um þennan lið vísast að öllu leyti til afstöðu dómsins til 9. liðar í I. kafla.

9. Ekki þykir hafa verið hrakið, svo að óyggjandi sé, að bretti þau, sem Hafskip hf. hafði í notkun, hafi ekki verið varanlegri eign en svo, að þau entust aðeins í 3 ár. Þykir því ósannað, að þau hafi verið óheimilt að eignfæra, en upplýst er, að félagið átti mikið magn bretta og var með verkstæði til að annast viðhald þeirra.

10. Ákveðið hafði verið að afskrifa viðskiptavild vegna kaupa Hafskips Holdings Inc. á hlutabréfum í Cosmos Shipping, sem voru keypt á árinu

1983, og yrði það gert á þrem árum. Var þetta gert fyrst árið 1983, en því sleppt í þessum reikningi. Fallast má á þá skýringu ákærða Helga á því, hvers vegna þetta var ekki gert, eins og hér stóð á.

11. Í þessum lið mun hafa verið byggt á áætlunartölu, en ekki rauntölu. Slíkt er að sjálfsögðu óæskilegt, en allt að einu afsakanlegt, eins og hér mun hafa staðið á.

12. Þessi liður byggist annars vegar á reikningi, sem mun hafa mislagst, og hins vegar á dráttarvaxtareikningi, sem ekki hafði verið viðurkenndur. Hið fyrra verður að teljast til mistaka, og er ósannað, að þar hafi verið um að ræða vísvitandi frestun gjaldfærslu. Að því er snertir hinn reikninginn, verður ekki séð, að hann hafi átt erindi inn í bókhald félagsins, eins og á stóð.

13. Þessi liður fjallar um þrjá undirliði. Hinn fyrsti fjallar um ýmsa kostnaðarreikninga, sem áttu að færast til gjalda, en höfðu verið biðreikningsfærðir. Telst það ekki góð reikningsskilaaðferð að fresta færslu þeirra. Að því er snertir hina tvo liðina, tap í þátttöku Suðurnesjaumboðs og tapaðar skuldir, er það að segja, að enn var deilt um hið fyrrnefnda, þegar ársreikningurinn var gerður, og álitamál talið, hvort hinar töpuðu skuldir væru í raun allar tapaðar. Að því er snertir hinn fyrrnefnda af þessum tveimur síðari liðum, var engin ástæða til þess að færa hann í bókhaldið á þessum tíma og ársreikninginn, en umdeilanlegt, hvort færa hefði átt hinn síðarnefnda að öllu eða einhverju leyti. Er því ekki einsýnt, að hér hafi verið farið á svig við góða reikningsskilaaðferð.

Í þessum kafla ákærunnar er það til úrlausnar, hvort þær færslur í ársreikningi félagsins, sem þar eru taldar upp, hafi verið rangfærðar, eins og þar er lýst, í þeim tilgangi að villa um fyrir stjórn félagsins, hluthöfum, bankastjórn Útvegsbankans og öðrum viðskiptaaðilum um raunverulegan efnahag félagsins og til þess að tryggja félaginu áfram lánstraust hjá Útvegsbankanum.

Í ákærunni er ekki gerð grein fyrir þeim, sem nefndir eru „aðrir viðskiptaaðilar", og ekki skýrðist það frekar við flutning málsins. Verður því, eins og ákæran er orðuð, einungis fjallað um hina þrjá áður nafngreindu aðila.

Í málinu er komið fram, eins og ýtarlega var rakið í umfjöllun um 1. kafla, að um mörg atriði megi við endurskoðun komast að mismunandi niðurstöðum um einstakar færslur, og eru endurskoðendur hér á landi ekki á eitt sáttir í þeim efnum. Í því sambandi skal sérstaklega bent á, að Valdimar Guðnason mat það svo, að skipastóll félagsins væri ofmetinn um kr. 130 milljónir, en endurskoðendurnir Atli og Stefán töldu hann ofmetinn um kr. 40,6 milljónir. og er byggt á því í ákærunni.

Hér að framan hefur dómurinn komist að niðurstöðu um einstaka liði

í þessum kafla ákærunnar. Því hefur verið hafnað, að sumir þeirra teljist ranglega færðir, þannig að ekki samrýmist góðri reikningsskilaaðferð. Varðandi aðra hefur verið á það fallist, að um mistök hafi getað verið að ræða við færslu þeirra. Varðandi hina liðina, sem dómurinn telur ranglega færða, svo að ekki samrýmist góðri reikningsskilaaðferð, er það þá til úrlausnar, hvort þeir hafi verið færðir í ársreikninginn í blekkingarskyni. Þegar þessi liðir eru virtir í heild sinni, eru þeir ekki svo stór hluti af heildarumfangi og veltu félagsins, að færsla þeirra hafi að mati dómsins verið í blekkingarskyni eða vísvitandi röng eða villandi.

Fram er komið í málinu, að stjórn félagsins og endurskoðanda þess svo og bankastjórn Útvegsbankans var vel ljós hin erfiða staða félagsins, þegar kom fram á árið 1985, þótt afkoma ársins 1984 hafi ekki legið tölulega fyrir, fyrr en ársreikningurinn fyrir 1984 var áritaður í maí 1985.

Ber því með hliðsjón af öllu framansögðu að sýkna ákærðu Björgólf, Ragnar og Helga af því að hafa í sameiningu eða hver í sínu lagi rangfært ársreikninginn í því skyni, sem getið er í ákæru.

Það er athugavert, að rannsókn endurskoðendanna Atla og Stefáns fór ekki fram á þann veg, sem þeim var falið af ákæruvaldinu, heldur var við það látið sitja, að þeir sömdu álitsgerð um rannsókn annars endurskoðanda, sem vann rannsókn sína fyrir skiptarétt Reykjavíkur og var jafnframt ráðgjafi rannsóknarlögreglu ríkisins við lögreglurannsókn málsins.

Hinn 16. maí 1985 áritaði ákærði Helgi ársreikning Hafskips hf., sem gerður var sem samstæðureikningur félagsins og dótturfélaga þess, þ.m.t. Hafskips USA Inc., New York, Hafskips Holdings Inc., New York, og Hafskips Nederlands B.V., Rotterdam.

Í gögnum málsins er að finna íslenska þýðingu á áritunum endurskoðenda þessara þriggja erlendu dótturfélaga Hafskips. Í áritun endurskoðenda Hafskips USA kemur fram, að þeir hafi athugað efnahagsreikning félagsins pr. 31. desember 1983 og 1984. Um þá athugun segir síðan, að hún sé „verulega minni í sniðum en skoðun í samræmi við viðurkenndar endurskoðunarreglur, þar sem markmiðið er að setja fram álit á reikningsskilunum í heild sinni. Við veitum því ekki slíkt álit". Í áritun endurskoðanda Hafskips Holdings er gefið efnislega sama álit. Í áritun endurskoðenda Hafskips Nederlands segir orðrétt: „Þar sem fyrirtæki yðar er enn mjög lítið og við höfum fært reikninga þess sjálfir, hafa reikningarnir ekki verið endurskoðaðir."

Í áritun ákærða Helga á ársreikning Hafskips er ekki að finna fyrirvara um, að ársreikningar þessara dótturfélaga hafi ekki verið endurskoðaðir. Ákærði hefur borið, að öll þessi félög hafi haft erlenda endurskoðendur, sem hafi áritað ársreikningana, en ekki fyrirvaralaust. Í áritununum komi ekki fram skoðun þeirra og þar með ekki, að eitthvað sé að reikningunum.

Þess vegna hafi hann ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir eða árita ársreikning Hafskips með fyrirvara.

Í 86. gr. hlutafélagalaga er boðið, að endurskoðendur skuli endurskoða ársreikning hlutafélags í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn þess og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Ef um móðurfélag sé að ræða, skuli einnig endurskoða samstæðureikninginn og reikningsleg tengsl samstæðufélaganna. Í greinargerð með frumvarpinu, er síðar varð að núgildandi lögum um hlutafélög, segir, að með góðri endurskoðunarvenju sé átt við, að endurskoðunin sé framkvæmd í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að endurskoðun vinni á hverjum tíma, einnig, að ekki sé nægilegt, að endurskoðandinn gangi úr skugga um, að ársreikningurinn sé í samræmi við bókhald félagsins, heldur verði hann að kanna og meta, hvort bókhald þess og bókhaldsgögn gefi glögga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu þess. Þá verði endurskoðandinn að kanna, hvort starfsaðferðir, einkum að því er varði meðferð fjármuna og skráningu í bókhald, séu með þeim hætti, að unnt sé að leggja þær til grundvallar við mat á réttmæti ársreikningsins.

Þá segir í 88. gr. hlutafélagalaga, að í endurskoðunarskýrslunni skuli felast yfirlýsing um, að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram skoðun endurskoðenda á því, hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktir félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram sérstaklega. Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef endurskoðendur í móðurfélagi telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti dótturfélags, skulu endurskoðendur geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni, ef kostur er. Ef endurskoðendur hafa komist að raun um við endurskoðun, að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra, skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta endurskoðendur skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni, sem þeir telja rétt, að hluthafar fái vitneskju um.

Í 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur segir m.a., að áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýði, nema annað sé tekið fram, að hann hafi endurskoðað þau og bókhaldið, sem þau byggjast á.

Eins og nú hefur verið rakið, áritaði ákærði Helgi fyrirvaralaust ársreikning Hafskips fyrir árið 1984, þrátt fyrir það að honum væri ljóst, að ársreikningar framangreindra dótturfélaga höfðu ekki verið endurskoðaðir. Verður að telja með vísan til þeirra ákvæða hlutafélagalaga og laga um

löggilta endurskoðendur, sem að framan voru rakin, að hann hafi með þessu brotið gegn starfsskyldum sínum. Varðar þessi háttsemi hans við 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa áritað ársreikninginn, enda þótt á skorti, að allir þættir í rekstri félagsins hefðu verið endurskoðaðir, einkum greiðslur af sérstökum tékkareikningum, sem nánar er lýst í ákærunni.

Eins og ákæran er orðuð, verður hér aðeins tekið til úrlausnar, hvort ákærði hafi endurskoðað greiðslur af þessum reikningum.

Ákærði kvaðst hafa gert forráðamönnum félagsins fullkomlega grein fyrir því, að þeir bæru ábyrgð á, að fylgiskjöl væru á bak við færslur og hreyfingar á reikningunum. Það hafi því ekki skipt máli í þessu sambandi, hvort hann hafi skoðað fylgiskjöl eða ekki. Hann hafi ekki haft ástæðu til að tortryggja, að fylgiskjölin væru í vörslum forráðamanna félagsins, enda hafi þeim verið trúað fyrir öðru eins og að halda þeim saman. Þegar til þessara reikninga var upphaflega stofnað, var gert ráð fyrir, að ákærða yrði gerð grein fyrir þeim mánaðarlega, en ekki varð af því, og kunni hann ekki skýringu á því, af hverju það stafaði. Í stað þess létu ákærðu Björgólfur og Ragnar honum í té yfirlit yfir greiðslur af þessum reikningum, og færði hann lokafærslur í bókhaldi fyrirtækisins samkvæmt þeim. Auk þess sendi hann skattyfirvöldum launamiða í samræmi við þær launagreiðslur, er greiddar voru af reikningunum.

Ákærði Björgólfur kvaðst hafa látið ákærða Helga árlega í té yfirlit með sundurliðun á því, sem út af reikningunum fór. Hann minntist þess ekki, að endurskoðandinn hefði farið sjálfstætt yfir fylgiskjölin.

Ákærði Ragnar bar, að hann hefði látið endurskoðandanum í té yfirlit á sama hátt og ákærði Björgólfur. Hann kvað endurskoðandann hafa haft aðgang að fylgiskjölunum á skrifstofu sinni og minntist þess, að hann hefði einhvern tíma „blaðað" í þeim.

Ákærði Páll Bragi bar á sama hátt og ákærðu Björgólfur og Ragnar um vörslu fylgiskjala og aðgang endurskoðandans að þeim.

Eins og nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða Helga, sem styðst við framburð meðákærðu, að hann endurskoðaði ekki fylgiskjöl með greiðslum út af umræddum tékkareikningum og gerði ekki heldur fyrirvara um það í áritun sinni á ársreikninginn. Verður að telja, að ákærða hafi borið sérstök skylda til þess að endurskoða þessa reikninga eða geta um það í áritun sinni, ef hann gerði það ekki, þegar litið er til þess, að fylgiskjöl með greiðslum út af þessum reikningum fóru ekki hina venjulegu leið í gegnum bókhald fyrirtækisins. Hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Þykir ákærði Helgi ekki hafa gerst brotlegur við önnur þau ákvæði, sem tilgreind eru í þessum kafla ákærunnar.

Áður var gerð grein fyrir þeim skjölum, sem ákærðu Sigurþór Charles og Þórður Hafsteinn útbjuggu og létu ákærða Helga í té, en þar er, eins og þegar er fram komið, um að ræða þau þrjú skjöl, sem 2. og 3. liður þessa kafla byggjast á, um rangfærslu. Hefur áður verið tekin afstaða til efnis þessara þriggja skjala og rakinn framburður þessara ákærðu, en þeir halda því báðir fram, að þeir hafi ekki brotið af sér með gerð þeirra og notkun.

Þar sem því hefur þegar verið slegið föstu, að skjölin þrjú, sem ákærðu Sigurþór Charles og Þórður Hafsteinn létu ákærða Helga í té, séu ekki efnislega röng, ber að sýkna þá af hlutdeild í rangfærslu skjala og brotum á lögum um hlutafélög.

IV. kafli.

Samkvæmt 1. og 2. lið þessa kafla ákærunnar er ákærðu Björgólfi og Ragnari gefinn að sök fjárdráttur af tilteknum reikningum hjá Hafskipi hf. á þeim tímabilum, sem greind eru í þessum liðum, umfram þá ágóðaþóknun, sem koma átti í hlut ákærðu samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins með áorðnum breytingum, en reikninga þessa höfðu ákærðu í vörslum sínum. Gerð hefur verið grein fyrir þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í þessum liðum.

Þá er ákærðu Björgólfi og Ragnari gefinn að sök á þeim tíma, sem í ákæru greinir, fjárdráttur með útgáfu þeirra tékka, sem um ræðir í liðum 3-4 í þessum kafla, en ákærðu hafa staðfest, að þeir hafi gefið út þessa tékka og ráðstafað andvirði þeirra.

Ákærðu hafa talið, að þeim hafi verið heimil ráðstöfun þess fjár, sem hér um ræðir, og hafi þeir ekki gerst sekir um fjárdrátt, heldur hafi ýmist verið um að ræða heimilar greiðslur til annarra eða hluta af launaúttekt þeirra hjá félaginu samkvæmt svonefndri 60% reglu.

Rétt þykir að rifja upp, hver launakjör ákærðu Björgólfs og Ragnars voru samkvæmt samkomulagi stjórnar félagsins við þá.

Í júní 1978 voru formaður og varaformaður félagsins, endurskoðandi þess og ákærðu Björgólfur og Ragnar, sem þá voru báðir framkvæmdastjórar, á fundi á skrifstofu Hafskips hf. Á þessum fundi var endurskoðanda félagsins gerð grein fyrir samkomulagi um starfskjör framkvæmdastjóranna, en það fól í sér, að til viðbótar mánaðarlaunum í gegnum launakerfi félagsins skyldu þeir, frá og með 1. janúar 1978 og þar til annað yrði ákveðið, fá launaviðbót, sem sameiginlega næmi 2% af rekstrarafkomu félagsins frá árinu 1977, þ.e. hagnaði á undan fjármagnskostnaði, afskriftum og sköttum. Þá var þess getið í þessu samkomulagi, að þar sem ljóst væri, að greiðslugeta fyrirtækisins væri erfið og greiðslur þessara tekna gætu dregist, skyldi umreikna viðbótarlaun þessi yfir í bandaríska dollara

ár hvert og reikna innstæðuvexti af dollarainnstæðunum að meðaltali frá ½ tekjuári. Skyldu greiðsiur þessar fara fram í gegnum sérstakan bankareikning í vörslum framkvæmdastjóranna, en í gegnum þann reikning færu jafnframt greiðslur ýmiss jaðarkostnaðar og útgjalda framkvæmdastjóranna vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem til viðmiðunar væru taldar geta numið allt að 60% af föstum launum. Framangreind starfskjör voru staðfest af þáverandi varaformanni, vitninu Ólafi Baldri Ólafssyni.

Hinn 14. ágúst 1980 rituðu þáverandi formaður, varaformaður og ritari, vitnin Albert Guðmundsson, áðurgreindur Ólafur Baldur og Sveinn R. Eyjólfsson, f.h. stjórnar félagsins undir staðfestingu bókunar um ný kjör framkvæmdastjóranna. Þessi bókun var í þrem liðum. Í 1.lið sagði, að kjörin væru núverandi laun samkvæmt launabókhaldi félagsins og 60% þar á, eins og verið hefði gegnum opinn reikning í vörslum framkvæmdastjóranna og mæti að hluta kostnaði. Þá var í 4. lið þessarar bókunar hlutdeild í haganði félagsins hækkuð í 3½% með sama útreikningi og í fyrra samkomulagi. Samkvæmt 5. lið þessa samkomulags skyldi fyrra samkomulag gilda til ársloka 1979 og þá tæki þetta við.

Enn var launakjörunum breytt 15. desember 1983, og var prósentan á þóknun vegna ágóða lækkuð um þriðjung vegna ársins 1984.

Mikill ágreiningur hefur verið í máli þessu um túlkun ofangreindrar 60% heimildar. Því er haldið fram af ákærðu Björgólfi og Ragnari, að hún sé launauppbót til viðbótar föstum launum og ágóðaþóknun. Er því haldið fram af hálfu ákærðu, að orðin „og mæti að hluta kostnaði" þýði, að ákærðu hafi átt rétt á allt að 60% ofan á föst laun, sem væru að hluta laun og að hluta til greiðslu á svonefndum jaðarkostnaði.

Þeir stjórnarmenn, sem sömdu um þessi starfskjör af hálfu stjórnarinnar, staðfestu þá skoðun ákærðu, að þarna hefði verið um launauppbót að ræða að hluta.

Óreiða var hjá félaginu í bókhaldi um stöðu launakjara þeirra samkvæmt ágóðaþóknun og svonefndri 60% reglu, og lét endurskoðandi félagsins, ákærði Helgi, undir höfuð leggjast að gera upp þessa reikninga, eins og honum bar.

Að sögn ákærða Helga létu ákærðu Björgólfur og Ragnar honum í té yfirlit yfir greiðslur af þessum tékkareikningum, og færði hann lokagreiðslur í bókhald fyrirtækisins samkvæmt þeim. Auk þess kvaðst hann hafa sent skattyfirvöldum launamiða í samræmi við þær launagreiðslur, sem greiddar voru af reikningunum. Fylgiskjölin voru hins vegar í vörslum ákærðu Björgólfs og Ragnars.

Ekki þykir einsýnt, að ákærðu hafi verið ljóst, hvernig staða launakjara þeirra var, hvort þeir ættu inni eða væru í skuld við félagið, þegar þeir inntu af hendi þær greiðslur, sem um ræðir í liðum 1-4.

Fullyrðing ákærðu, að þeim hafi verið heimilt að ávísa út af reikningunum til persónulegra nota, er staðfest af stjórnarmönnum þeim, sem sömdu við þá. Samkvæmt þessu gátu greiðslur út af þessum reikningum verið að hluta til persónulegra þarfa þeirra og ekki í þágu félagsins. Verður samkvæmt þessu öllu ekki tekin sérstaklega afstaða til liða 1-4 í þessum kafla ákærunnar, en þær fjárráðstafanir, sem þar eru tilgreindar, þykja falla undir framangreinda heimild ákærðu. Samkvæmt framansögðu verður ekki heldur tekin afstaða til þess, hvort ákærðu áttu inni ágóða hjá félaginu eða ekki.

Samkvæmt 6. lið er ákærða Björgólfi gefinn að sök fjárdráttur með notkun þargreinds tékka, sem hann lét ákærða Pál Braga greiða sér af reikningi hans, en andvirði tékkans greiddi ákærði Björgólfur tilteknum aðila sem ferðastyrk.

Þá er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefinn að sök fjárdráttur samkvæmt 5. og 7. lið með notkun þargreindra tékka og ákærða Ragnari ásamt þeim samkvæmt 7. liðnum, en alla framangreinda tékka gaf ákærði Páll Bragi út af reikningi þeim, sem hann hafði sérstaklega undir höndum. Loks er ákærðu Björgólfi og Páli Braga gefinn að sök fjárdráttur vegna tékka þess, sem félagið fékk frá Hf. Eimskipafélagi Íslands, sem var endurgreiðsla á helmingi fjárhæðar tékkans, sem ákærði Páll Bragi gaf út samkvæmt 7. lið.

Rétt þykir að taka afstöðu til þessara þriggja liða hvers um sig.

Að því er snertir tékkann í 5. lið, þykir ekki vera komin fram gegn neitun ákærðu sönnun þess, að fjárhæð tékkans hafi verið notuð í öðru skyni en þeir hafa borið.

Varðandi tékkann í 6. lið er ósannað, að greiðsla þessi hafi, svo að óyggjandi sé, verið félaginu óviðkomandi, enda hefur viðtakandinn borið, að greiðslan hafi verið vegna vinnu í þágu félagsins. Það athugast, að hér hefur ekki verið ákært fyrir skjalafals.

Fram er komið, að ákærðu Björgólfur og Ragnar höfðu samkvæmt stöðu sinni rúma heimild stjórnarinnar til þess að greiða styrki til ýmissa aðila, m.a. að aðstoða aðila, sem áttu í fjárhagslegum vandræðum, en þessi fyrirgreiðsla var háð mati ákærðu á hverjum tíma.

Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið um heimildir ákærðu Björgólfs og Ragnars til styrkveitinga, þykir ákærðu hafa verið heimilt að standa að þeirri styrkveitingu, sem lá að baki tékkans, sem ákærði Páll Bragi gaf út samkvæmt 7. lið ákærunnar. Styrkþegi ákærðu kannaðist ekki við að hafa tekið við nema kr. 100.000 af andvirði umrædds tékka. Er óupplýst, hvernig á þessu misræmi stendur, og verður ekki fullyrt, hvað af mismuninum varð.

Engin gögn liggja fyrir um, hvað varð af andvirði þess tékka, að fjárhæð

kr. 60.000, sem Hafskip hf. fékk frá Eimskipafélaginu, en tékkann framseldi ákærði Páll Bragi og seldi í banka. Engin færsla er í bókhaldi Hafskips hf. um þessa endurgreiðslu. Kvaðst ákærði Páll Bragi hafa afhent ákærða Björgólfi andvirði tékkans, og hefur hann viðurkennt að hafa veitt því viðtöku. Hafi það verið notað til ýmissa styrkveitinga á vegum félagsins í tilefni jóla. Óupplýst er, hver eða hverjir fengu þetta fé. Ákærði Björgólfur kvaðst hafa litið svo á, að færslan á kr. 120.000 dygði, og þótti óþarfi að færa fjárhæðina á ný inn og út úr bókhaldinu, þar sem hann hafði þegar skrifað upp á heimild fyrir kr. 120.000, sem skyldu færast sem gjafir og styrkir.

Enda þótt engin færsla sé finnanleg í bókhaldi félagsins vegna tékkans að fjárhæð kr. 60.000, þykir óvarlegt gegn neitun ákærðu að slá því föstu, að ákærðu Björgólfur og Páll Bragi hafi, annar eða báðir, dregið sér þetta fé.

Samkvæmt 8. lið þessa kafla ákærunnar er ákærðu Björgólfi, Páli Braga og Ragnari gefið að sök að hafa sýnt af sér stórfellda óreglusemi í bókhaldi með því að vanrækja skil á fylgiskjölum, styðja færslur við ófullnægjandi eða villandi fylgiskjöl, færa til gjalda ýmis persónuleg útgjöld ákærðu sjálfra og annarra starfsmanna Hafskips hf. og sjá ekki til þess, að lokafærslur í bókhaldi Hafskips hf. væru í samræmi við raunverulegar greiðslur af þessum reikningum.

Ákærðu mótmæla því að hafa brotið af sér með þessum hætti.

Ákærðu, Björgólfur, Páll Bragi og Ragnar héldu ekki sérstakt bókhald yfir þá reikninga, sem þeir höfðu í vörslum sínum. Uppgjör reikninganna var ekki í þeirra höndum, heldur varsla fylgiskjala. Verður ekki á það fallist, að ákærðu hafi vanrækt skil fylgiskjala, en þau voru á skrifstofum ákærðu í húsakynnum félagsins og ákærða Helga þar tiltæk. Verður ekki séð, að ákærðu hafi borið að eiga frumkvæði að því að flytja fylgiskjölin sérstaklega í hendur ákærða Helga á skrifstofu hans, enda eðlilegasti vörslustaður fylgiskjalanna á skrifstofu félagsins, þar sem önnur fylgiskjöl þess voru varðveitt.

Ljóst þykir, að ákærðu hafi ekki gætt þess að hafa reiður á þeim fylgiskjölum, sem fylgja áttu reikningunum, sem voru í þeirra vörslum. Hins vegar ber til þess að líta, að til þess að talið sé, að brot sé framið gegn lagaákvæði því, sem framangreind háttsemi ákærðu er talin varða við, þarf að vera um stórfellda óreiðu að ræða, og er ekki komin fram sönnun þess, að svo hafi verið.

Í máli þessu hafa ekki verið tilgreind þau skjöl, sem talin eru ófullnægjandi og villandi, svo sem nauðsyn hefði borið til. Áður hefur verið fjallað um persónuleg útgjöld ákærðu og annarra. Þá liggur fyrir í málinu, sbr. umfjöllun í III. kafla, að ákærði Helgi átti að annast lokafærslur í bókhaldi

Hafskips hf. og sjá um, að þær væru í samræmi við raunverulegar greiðslur af reikningunum.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna ákærðu Björgólf, Ragnar og Pál Braga af því, sem þeim er gefið að sök í liðum 1-8 hér að framan.

Þar sem ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi eru sýknaðir af því, sem þeim er gefið að sök í 1.-7. lið hér að framan, ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða Helga af hylmingu yfir þeirri háttsemi, sem þar greinir og lýst er í 9. lið.

V. kafli.

Ákærði Páll Bragi hélt því fram, að ákærulýsingin í þessum kafla væri röng, og hefði hann hvorki útbúið þau skjöl, sem um ræðir í þessum kafla, né sagt til um efni þeirra og ekki vitað á umræddum tíma, að þau gætu verið efnislega röng. Ákærði kvaðst ekki hafa haft blekkingar í huga. Fyrirtækið hefði skuldað viðkomandi aðilum greindar fjárhæðir í öllum tilvikunum, og ekki hefði verið eðlismunur á færslumáta þessara fjárhæða í rekstraruppgjöri Hafskips hf. Kvaðst ákærði hafa fengið alla reikningana fullbúna í hendur. Þá hefur hann staðfest að hafa gefið út þá tékka, sem notaðir voru til að greiða reikningana með.

Ákærði staðfesti, að vitnið Jón Sævar hefði átt inni hjá fyrirtækinu þær fjárhæðir, sem voru á reikningunum fjórum í a-lið, en þeir hljóða upp á viðhald og viðgerðir á gáumum, að fjárhæð samtals kr. 28.320, og viðhald á Faxaskála 2, að fjárhæð kr. 15.000. Sjálfur kvaðst ákærði hafa átt inni þá fjárhæð, sem var á reikningnum í b-lið, en hann hljóðaði upp á viðgerð á sex gámum samkvæmt tilboði, að fjárhæð kr. 60.000. Vitnið Þórunn átti inni þá fjárhæð, sem var á reikningnum í c-lið, sem var fyrir 240 rúmmetra af grús.

Vitnið Jón Sævar kannaðist við að hafa látið ákærða hafa reikningseyðublöðin, sem reikningarnir í a- og b-lið eru gerðir á, en mundi ekki eftir að hafa útbúið þá. Kvaðst vitnið hafa látið ákærða hafa eyðublaðið, sem reikningurinn í b-lið er á, gegn því að fá að setja inn reikningana í a-lið. Var ætlunin með þessu að komast hjá að gefa launin upp til skatts.

Ákærði staðfesti, að vitnið Jón Sævar hefði afhent sér reikningana fjóra, og hefði ákærði notað þá til gjaldfærslu í bókhaldi félagsins. Þá notaði ákærði reikninginn í b-lið í bókhaldinu og greiddi vitninu Þórunni fyrir kandídatsritgerðina gegn afhendingu reikningsins í c-lið.

Ljóst er, að reikningarnir sex eru allir fylgiskjöl með greiðslum, sem voru fyrir annað en það, sem á þá var skráð. Stóð ákærði að því, að skjöl þessi, sem voru röng, voru notuð í bókhaldi Hafskips hf. Skiptir þá eigi máli, hvort þau voru notuð þar sem aðalgögn eða undirgögn.

Með hliðsjón af framansögðu er sannað, að ákærði Páll Bragi hefur gerst

sekur um það, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákærunnar og þar er rétt fært til refsiákvæðis.

VI. kafli.

Samkvæmt þessum kafla ákærunnar er ákærða Björgólfi gefinn að sök fjárdráttur, en til vara umboðssvik, að því er tvo síðustu liðina varðar, en þessum sökum neitar ákærði með öllu.

Ákærði heldur því fram, að greiðslurnar sjö hafi ekki verið félaginu óviðkomandi og að um gæti verið að ræða, að 60% heimildin ætti við, en hún hefði einnig átt við greiðslur af þessum reikningi.

Verður nú tekin afstaða til þessara liða hvers um sig.

1. Hér er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér andvirði þeirra 7 tékka, sem gerð er grein fyrir í þessum lið og ákærði fékk alla afhenta eða lét greiða vegna þess, sem lýst er, að því er hvern þeirra varðar. Ákærði hefur gefið skýringar á hverri greiðslu fyrir sig.

a-b) Ákærði kvað þessar greiðslur viðskiptatengdar, og hefði hann jafnvel ætlað sér að ráða viðtakandann til vinnu. Ákærði kvað þessar greiðslur geta átt undir 60% heimildina.

Vitnið Jón Samsonarson Alexandersson kvaðst hjá rannsóknarlögreglu hafa tjáð ákærða Björgólfi í byrjun árs 1983, að það ætlaði í viðskiptaerindum til Kaupmannahafnar. Það hefði ekki átt fyrir ferðinni. Sagði vitnið ákærða Björgólfi frá þessu og innti hann eftir, hvort það gæti fengið far með einhverju skipa Hafskips hf., en vitnið þekkti ákærða Björgólf vegna fyrri viðskipta við hann. Tjáði ákærði vitninu, að það gæti farið á tiltekna ferðaskrifstofu og sótt þangað farseðil, sem ákærði pantaði og greiddi. Kvaðst vitnið aldrei hafa greitt ferðaskrifstofunni þennan farseðil. Að öllum líkindum hefði það einnig fengið fyrir farareyri tékkann í b-lið, sem það framseldi og seldi í Landsbankanum. Kvaðst vitnið ekki hafa farið þessa ferð á vegum Hafskips hf., enda hefði það ekkert átt inni hjá félaginu. Hér hefði verið um persónulegan greiða ákærða Björgólfs við vitnið að ræða.

Vitnið staðfesti skýrslu þessa fyrir dómi, en kvaðst hafa verið hálfruglað og hrætt við skýrslugjöfina hjá rannsóknarlögreglu. Það vildi hins vegar bæta því við, að þessi persónulegi greiði hefði sjálfsagt verið frá Hafskipi hf., en það hefði borið á annan veg hjá rannsóknarlögreglu, þar sem það vildi ekki tengjast þessu máli á þessum tíma. Það hefði staðið til, að vitnið færi að vinna fyrir Hafskip hf. í Danmörku 1983.

c) Ákærði taldi sig hafa verið að kaupa bretti með þessari greiðslu, og hefðu fylgiskjöl vegna þeirra kaupa verið á skrifstofu sinni, en um það er áritað á kvittunina. Sagði ákærði, að það hefði komið fyrir, að hann framseldi handhafatékka, sem hann afhenti öðrum, og hefði svo verið gert hér.

Sá tékki, sem um ræðir í þessum lið, var greiddur út í Útvegsbankanum. Fyrst bar ákærði hjá rannsóknarlögreglu, að tékki þessi hefði farið til Evrópuviðskipta hf., en það reyndist ekki vera rétt. Kvittun ákærða fyrir þessari greiðslu fylgdu engin undirgögn, aðeins stóð á kvittuninni, að greitt væri vegna kaupa á brettum. Ákærði taldi eignfærsluna á þessu í bókhaldinu stafa af því, að hann hefði hringt í bókhaldið og fengið viðkomandi færslunúmer, en það hefðu verið mistök að færa þetta sem eignfærslu á brettum, og hefði sér verið gefið upp rangt bókhaldsnúmer. Hann taldi, að fylgiskjalið með kvittuninni ætti að vera á skrifstofu sinni. Það fannst ekki.

Síðar bar ákærði hjá rannsóknarlögreglu, að umræddur tékki væri greiðsla til vitnisins Kristins Sófusar, sem bað um þóknun eða greiðslu á þessum tíma vegna kostnaðar við undirbúning á sölu á fiski í gámum til Danmerkur, og bauðst ákærði til að styrkja verkefnið, ef ekki gengi eins vel og til stóð. Kvaðst ákærði hafa viljað ná út brettum fyrir Hafskip hf. fyrir þá upphæð, sem vitnið Kristinn Sófus bað um, en það hefði einnig verið að kanna tilboð í bretti fyrir félagið á þessum tíma. Ákærði fékk ekki loforð fyrir brettum frá vitninu. Af framangreindum ástæðum kvaðst ákærði hafa látið færa þetta á brettakaup, en hann hefði viljað hafa fylgiskjölin hjá sér. Kvaðst ákærði hafa staðið í þrasi við vitnið um þetta mál, en brettin hefðu aldrei komið og ákærði ætlað að breyta fylgiskjalinu í umboðslaun. Af því hefði þó ekki orðið. Skýring ákærða á framsali sínu á tékkanum var sú, að vitnið hefði verið í Danmörku og beðið um að láta greiða eitthvað fyrir sig hér heima, en ekki mundi ákærði, hvað eða hver átti hlut að því máli.

Vitnið Kristinn Sófus bar, að það hefði leitað tilboða í vörubretti fyrir Hafskip hf. ásamt reyndar fleira, en af brettakaupum hefði ekki orðið, og ekki mundi vitnið eftir þessari greiðslu. Vitnið taldi, að greiðslan væri ekki tengd verkefnum varðandi útflutning á ferskum gámafiski, sem það fékk þóknun fyrir hjá Hafskipi hf.

d-g) Ákærði sagði, að hann hefði fengið alla tékkana í þessum liðum afhenta, og væru þeir dæmigert uppgjör á smáreikningum, sem hann hefði lagt út fyrir og heft við nótuafritið. Í vörslum sínum hefðu verið tugir slíkra reikninga, sem gátu verið veitingahúsanótur, símareikningar o.fl. Taldi ákærði, að á starfstíma sínum hefðu uppgjör með þessum hætti verið nokkur hundruð. Lagt hefur verið fram í málinu sýnishorn af slíkum reikningum.

Áður hefur verið gerð grein fyrir því, að ákærðu Björgólfur og Ragnar höfðu mjög víðtækar heimildir til ráðstöfunar á fé fyrirtækisins. Hefur því verið slegið föstu, að þeir hafi haft heimild til ráðstöfunar á því fé, sem var greitt út af hinum sérstöku tékkareikningum, sem öðru nafni nefndust jaðarreikningar.

Að því er varðar þær greiðslur, sem hér um ræðir, voru þær greiddar út af aðalbankareikningi fyrirtækisins, sem ákærði hafði stöðu sinni samkvæmt fulla heimild til, a.m.k. svo lengi sem um var að ræða greiðslur vegna fyrirtækisins. Í ákærunni er því haldið fram, að allar greiðslurnar sjö hafi verið í eigin þágu ákærða eða annarra og væru félaginu óviðkomandi.

Gegn neitun ákærða og vegna skýringa hans þykir vegna víðtækrar heimildar hans sem framkvæmdastjóra ekki komin fram sönnun fyrir því, að hann hafi með þessu fjárráðstöfunum gerst sekur um fjárdrátt, og verður hann því sýknaður. Þá þykir með sömu rökum og vegna dómsframburðar vitnisins Jóns Samsonarsonar einnig bera að sýkna ákærða af liðum a-b.

Að því er varðar c-lið, er sannað, að engin brettakaup lágu að baki greiðslunni. Þykja skýringar ákærða, sem hefur orðið margsaga, ekki marktækar um þessa greiðslu. Hann hefur sjálfur framselt tékkann, en ekki getað upplýst, í hvað peningarnir fóru, og greiðslunni fylgdi aðeins fylgiskjal, útbúið af ákærða. Þá kannaðist vitnið Kristinn Sófus ekki við greiðsluna. Þykir meðferð ákærða á þessari greiðslu á þann veg, að sannað er, að hann hefur dregið sér þessa greiðslu, og er það brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði Björgólfur keypti bifreiðina R-4679 af Jöfri hf. samkvæmt kaupnótu, dagsettri 1. desember 1983. Frá kaupverðinu var dregið andvirði eldri bifreiðar ákærða, sem Jöfur hf. tók upp í kaupverð hinnar nýju bifreiðar, kr. 200.000. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 302.386, voru skuldfærðar á Hafskip hf.

Á árinu 1984 var skuldin vegna bifreiðarinnar færð af viðskiptareikningi Hafskips hf. hjá Jöfri hf. yfir á ákærða Björgólf persónulega, en kom hins vegar ekki fram á skattframtali ákærða árið 1985.

Á árinu 1985 voru eftirstöðvarnar ógreiddar, en 19. september þ.á. gaf Hafskip hf. út kredítnótu til Jöfurs hf., að fjárhæð kr. 587.959. Á nótunni kom fram, að um væri að ræða gengismun, taxtamun og bakfærða dráttarvexti vegna áranna 1983 til 1985.

Vitnið Eyjólfur Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Jöfurs hf., skýrði nótuna þannig, að það hefði krafið Hafskip hf. um samtals kr. 964.285 vegna gengismunar, vaxta, dráttarvaxta og framangreindrar skuldar ákærða Björgólfs. Ákærði hefði þá rætt um að skuldajafna milli fyrirtækjanna, þannig að Hafskip hf. gæfi út kredítnótu til Jöfurs hf. og eftirstöðvarnar af andvirði bifreiðarinnar yrðu greiddar með þeim hætti. Vitnið fékk síðan umrædda kredítnótu frá Hafskipi hf. og leit svo á, að málið væri uppgert, þó að fjárhæðin væri mun lægri en hann hafði farið fram á í upphafi.

Vitnið mundi ekki til þess, að nokkuð hefði verið gert til þess að senda

Hafskipi hf. eða ákærða Björgólfi gögn til staðfestingar því, að hann væri búinn að greiða bifreiðina, og taldi, að ákærði hefði ekki enn fengið kvittaðan reikning. Þá hefði kredítnótan aldrei verið viðurkennd af skiptaráðendum.

Ákærði kannaðist ekki við þennan uppgjörsmáta og bar, að sér hefði verið fullkunnugt um, að krafa Jöfurs hf. var vegna gengis- og taxtamunar svo og dráttarvaxta, en hann hefði ekki gefið fyrirmæli um uppgjör á skuldinni vegna bifreiðarinnar, enda taldi hann sig enn skulda þá fjárhæð og vísaði í því efni á skattframtöl.

Skuldin kom ekki fram nema á skattframtali ákærða 1986, þ.e. vegna ársins 1985, en á framtali 1984 vegna ársins 1983 hafði skuldin verið færð, en síðan strikuð út og fjárhæð hennar ekki reiknuð með í niðurstöðutölu í skuldadálki.

Ekki kom fram, að aðrir en ákærði Björgólfur hefðu af hálfu Hafskips hf. annast þetta uppgjör eða vitað um það í einstökum atriðum.

Vitnið Þórarinn Þorkell Jónsson, löggiltur endurskoðandi, gekk frá skattframtölum ákærða, og taldi það handvömm af sinni hálfu, að skuldin við Jöfur hf. hefði fallið út af skattframtali ákærða árið 1985 fyrir árið 1984, en hennar hefði verið getið eftir það.

Ákærða og vitnið Eyjólf greinir á um uppgjörið á bifreiðinni. Ákærði telur sig enn skulda eftirstöðvar kaupverðsins, en vitnið telur hana uppgerða. Jöfur hefur ekki fengið peninga fyrir kredítnótuna. Fullyrt er, að skuldin sé enn til staðar á skattframtölum ákærða, þótt hún hafi einu sinni fallið út fyrir handvömm að sögn vitnisins Þórarins Þorkels. Ákærði virðist ekki hafa fengið gögn í hendur um það, að skuldin væri uppgerð. Þegar allt framangreint er virt, þykir ekki nægjanlega upplýst um þetta uppgjör, svo að sakfella beri ákærða fyrir fjárdrátt gegn neitun hans. Verður ákærði því sýknaður af þessari háttsemi.

3. Ákærða er hér gefið að sök að hafa dregið sér kr. 500.000 til greiðslu eigin loforðs um lán til Bláskóga hf. með því að hafa á árinu 1983 látið skuldfæra fjárhæðina á sérstakan biðreikning hjá félaginu til lækkunar á skuld Bláskóga hf. við fyrirtækið og síðar, í nóvember 1985, látið gjaldfæra fjárhæðina í bókhald Hafskips hf. sem afslátt á flutningatekjum fjögurra skipa félagsins, kr. 125.000 á hvert skip.

Fyrirtækið Bláskógar hf. var í viðskiptum við Hafskip hf. og átti oft í greiðsluerfiðleikum. Var ákærði Björgólfur einn hluthafa. Á árinu 1983 ákvað ákærði að láta færa umrædda fjárhæð sem viðskiptaskuld sína hjá Hafskipi hf. til lækkunar á skuld Bláskóga hf. við fyrirtækið. Kvaðst ákærði hafa viljað grynnka á skuldum Bláskóga hf. hjá Hafskipi hf. vegna vandræða fyrirtækisins. Ákærða var ekki kunnugt um annað en þetta stæði enn í viðskiptareikningi félagsins, eins og ákveðið hefði verið. Kvaðst

ákærði hafa lagt fyrir ákærða Pál Braga að færa á sig umrædda fjárhæð.

Ákærði Sigurþór Charles bar, að árið 1985 hefði ákærði Helgi óskað eftir því við sig, að afsláttur, kr. 500.000, sem bókaður hafði verið inn á viðskiptareikning og tengdist fleiri færslum vegna Bláskóga hf., yrði færður út. Kvað ákærði Sigurþór Charles færsluaðferðina hafa verið þá, sem ákærði Helgi óskaði eftir. Tjáði ákærði Helgi ákærða Sigurþóri Charles, að hér væri um að ræða hlutafjárloforð ákærða Björgólfs í Bláskógum hf. Ekki var ákærða Sigurþóri Charles kunnugt, hvort ákærði Helgi ræddi við ákærða Björgólf um þennan færslumáta.

Ákærði Helgi kvað þessa fjárhæð á biðreikningi tengjast ákærða Björgólfi, en kvaðst ekki hafa vitað, hvað þarna var á ferð. Ákærði kvað það alrangt, að þessi gjaldfærsla hefði verið í samráði við sig.

Ákærði Páll Bragi bar, að ákærði Björgólfur hefði falið sér að biðreikningsfæra fyrir sig umrædda fjárhæð, og myndi ákærði Björgólfur láta gera það upp á móti launum sínum í lok árs.

Ákærði neitar sök og telur sig enn skulda umrædda fjárhæð á viðskiptamannareikningi sínum hjá félaginu. Ákærði Helgi kannast ekki við að hafa gefið ákærða Sigurþóri Charles fyrirmæli um umrædda færslu, sem ákærði Sigurþór Charles kveðst hafa fært að fyrirmælum hans. Um þessi atriði öll stendur staðhæfing gegn staðhæfingu, og þykir ósannað, að umrædd afsláttarfærsla hafi verið gerð að fyrirlagi ákærða Björgólfs, þótt ólíklegt sé, að hún hafi verið færð án vitneskju hans. Hlýtur vafi í þessu efni þó að vera ákærða í hag, og ber því að sýkna hann af því, sem honum er gefið að sök í þessum lið.

4. Ákærði lét fjármálastjóra Hafskips hf., ákærða Árna, afhenda sér 14. nóvember 1985 þá níu víxla, að fjárhæð samtals kr. 1.442.214, sem taldir eru upp í þessum lið, og fénýtti sér þá síðan.

Eftir að ákærða var bent á, að þetta væri vafasöm ákvörðun, afhenti hann þrjá aðra víxla 4. desember 1985, samtals sömu fjárhæðar, til félagsins.

Ákærði taldi sig hafa átt inni stórfé á þessum tíma, og væri hér um að ræða algenga aðferð, sem notuð hefði verið við hlaupareikninga ákærðu, þ.e., að víxlar væru settir í innheimtu inn á hlaupareikningana vegna ágóðaþóknunarinnar.

Þrátt fyrir víðtæka heimild ákærðu til fjármálalegra ráðstafana lét ákærði í þessu tilviki afhenda sér óvenjulega mikil verðmæti, þegar fyrirtækið stóð á barmi gjaldþrots. Hér var hvorki um að ræða greiðslur af hinum sérstöku tékkareikningum né venjulega aðferð við greiðslur vegna ágóðaþóknunar. Telur dómurinn, að þessi ráðstöfun ákærða geti ekki fallið undir framangreint og hér hafi hann því gerst sekur um brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærði Páll Bragi kvaðst að fyrirmælum ákærða Björgólfs hafa látið 30. nóvember 1984 gefa út þær þrjár kredítnótur, að fjárhæð samtals kr. 1.613.596, sem um er fjallað í þessum lið, í því skyni að gefa eftir viðskiptaskuld Bláskóga hf. við Hafskip hf.

Leitt er í ljós, að Bláskógar hf. stóðu illa fjárhagslega á þessum tíma. Bar ákærði Björgólfur, að félagið hefði rambað á barmi gjaldþrots. Hann átti, eins og áður greinir, hlut í fyrirtækinu, en hafði ekki með stjórn þess að gera (sic).

Ákærði var yfirmaður markaðsmála hjá Hafskipi hf., og kom allt uppgjör fyrirtækja í erfiðri stöðu yfirleitt til samþykkis hans.

Ákærði taldi eðlilegt að afskrifa vexti og pakkhússleigu, eins og iðulega hefði verið gert varðandi vandræðafyrirtæki. Þá sé mismunurinn, kr. 969.134, færður út og álitinn glataður. Kvaðst ákærði ekki hafa gefið önnur fyrimæli en að koma þessari skuld út úr heiminum (sic) og ganga frá henni á þolanlegan hátt. Hann hefði ekki gefið fyrirmæli um einstakar tölur. Væri ekkert óeðlilegt við að reyna að ná inn helmingi af skuld, þegar fyrirtæki, lítil eða stór, væru að fara á hausinn. Hafskip hefði yfirleitt staðið frammi fyrir því að semja um einhver kjör, sem Bláskógar hf. gætu staðið við. Ef hætt hefði verið viðskiptum við Bláskóga hf., hefði Hafskip hf. trúlega tapað allri inneign sinn þar.

Ákærði Ragnar skýrði frá því, að nótur þær, sem mynda þá fjárhæð, sem þessi liður fjallar um, hefðu verið gerðar með mismunandi orðalagi til að afskrifa gamla kröfu á Bláskóga hf.

Í skýrslu vitnisins Hallgríms Þorsteinssonar, löggilts endurskoðanda, sem það vann fyrir skiptarétt Reykjavíkur og undirrituð er af því 11. mars 1986, kemur fram, að það hafi kannað afslátt, sem Hafskip hf. veitti Bláskógum hf. frá 1983 til 1985. Þá kemur þar fram, að heildarvelta viðskipta félaganna árið 1983 var kr. 1.564.164, árið 1984 kr. 2.002.725 og árið 1985 kr. 2.448.285. Á árunum 1983 og 1985 veitti Hafskip hf. Bláskógum hf. engan afslátt skv. viðskiptareikningi, en árið 1984 var veittur afsláttur, að fjárhæð kr. 969.134, pakkhússleiga eftirgefin, að fjárhæð kr. 440.085, og vextir bakfærðir, að fjárhæð kr. 204.377.

Vitnið Hallgrímur kom fyrir dóm og staðfesti skýrsluna. Vitnið kvaðst hafa kannað, hvernig Hafskip hf. stóð að veitingu afsláttar til 20 - 30 fyrirtækja, sem voru í viðskiptum við það. Hefði afslátturinn numið á að giska 5 - 12%. Vitnið sagði, að mjög erfitt hefði verið að meta afsláttarkjör og leiðréttingar á fraktreikningum, þar sem starfsmenn Hafskips hf., er sáu um fraktsamninga, hefðu haft nokkuð frjálsar hendur í samningum.

Ákærði Sigurþór Charles staðfesti, að félagið hefði oft leiðrétt misfærslur einstakra flutningsgjaldareikninga, en kvaðst ekki vita, hvort svo hefði verið í þessu tilviki. Hann var ekki viss um, hvers vegna eftirgefin pakk-

hússleiga, að fjárhæð kr. 440.085, og bakfærðir vextir vegna ýmissa reikninga, að fjárhæð kr. 204.377, varðandi Bláskóga hf. voru færð með umræddum hætti, en taldi, að um væri að ræða bakfærslu áðurreiknaðrar pakkhússleigu og vaxta. Hann staðfesti að fleiri fyrirtækjum en Bláskógum hf. hefði verið veittur afsláttur eða leiðrétt hefðu verið viðskipti við Hafskip hf.

Vitnið Guðmundur Gunnlaugsson, sem vann við markaðsstörf hjá Hafskipi hf., sagði, að Bláskógar hf. hefðu flutt talsvert mikið með félaginu og á háum töxtum. Mikil samkeppni hefði verið á þessum árum á milli skipafélaganna, og húsgagnainnflytjendum hefðu verið boðnir lægri flutningstaxtar, en Bláskógar hf. hefðu setið eftir. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við óeðlilega afgreiðslu af hálfu Hafskips hf. í samskiptum þess við Bláskóga hf. Sú afgreiðsla, sem Bláskógar hf. fengu hjá Hafskipi hf., hefði verið áþekk og hjá öðrum fyrirtækjum, sem lentu í vandræðum og skulduðu félaginu.

Vitnið Gunnar Ólafur Kvaran, sem starfaði einnig við markaðsstörf hjá Hafskipi hf., sagði það hafa komið fyrir, að vara hefði verið ranglega flokkuð, svo að reikningar hefðu ekki verið skrifaðir út í samræmi við samkomulag við viðkomandi innflytjanda. Því vildi vitnið frekar fella þetta undir leiðréttingu reikninga en afslátt. Um fyrirtæki í greiðsluerfiðleikum taldi vitnið, að sölumenn félagsins hefðu haft fulla heimild til þess að lækka kostnaðarliði, svo sem pakkhússleigu, en vextir hefðu verið lækkaðir í samráði við yfirmenn.

Það var í verkahring ákærða að ganga frá uppgjöri vegna fyrirtækja í erfiðri stöðu. Hér stóð þannig á, en auk þess kom hér til, að ákærði átti hlut í fyrirtækinu. Sýnt hefur verið fram á, að afsláttur var veittur öðrum fyrirtækjum. Óeðlilegt var, að ákærði kæmi að þessari ákvörðun, sem þó var í hans verkahring að taka.

Hér var um mjög háar fjárhæðir að ræða miðað við umfang viðskipta Bláskóga hf. við Hafskip hf. árið 1984, en ekki er upplýst um umfang viðskiptanna árin áður, þegar frá er skilið árið 1983. Þá liggur ekki fyrir nægur samanburður um afslátt til annarra fyrirtækja í viðskiptum við Hafskip hf. Þykir því varhugavert, þegar allt er virt, gegn eindreginni neitun ákærða, sem fær að nokkru stoð í framburði vitnanna og ákærða Sigurþórs Charlesar, þrátt fyrir þessa háu fjárhæð að telja alveg nægjanlega mikið fram komið, til þess að mögulegt sé að slá því föstu, að ákærði hafi með þessum fjárráðstöfunum brotið af sér gegn 247. gr. eða 249. gr. almennra hegningarlaga. Verður hann því með hliðsjón af öllu framansögðu sýknaður af því, sem honum er hér gefið að sök.

6. Hér er ákærða gefið að sök að hafa 13. nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína með því að gefa út kredítnótu þá, að fjárhæð kr. 446.825,

sem um ræðir í þessu lið. Á hann að hafa notað hana til að gefa eftir og nýta í persónulegum viðskiptum höfuðstól skuldar vitnisins Kristins Sófusar við sig ásamt dráttarvöxtum.

Ákærði neitaði algjörlega sök varðandi þennan ákærulið og bar, að ekkert óvenjulegt hefði verið að gefa eftir helming af frakt eða öllum gjöldum. Vísaði hann í því efni til skýrslu vitnisins Hallgríms Þorsteinssonar um frjálsræði um samninga og afslátt. Vitnið Kristinn Sófus Kristinsson hefði skuldað félaginu yfir kr. 500.000, sem hann þurfti að standa félaginu skil á. Hefði vitnið gengið fast eftir því að fá alla fjárhæðina gefna eftir, þar sem það taldi sig eiga inni hjá félaginu fyrir ólaunaða þjónustu við það á liðnum árum. Þetta var sú upphæð, sem ákærða fannst verjanleg, og sjálfsagt hefði hann haft samráð við markaðsdeildina um þetta. Kvaðst ákærði ekkert hafa skuldað vitninu Kristni Sófusi, og hefði hann engan persónulegan ávinning haft af þessu. Frekar hefði verið, að vitnið ætti óuppgert við sig. Hér hefði verið um mjög eðlilega ráðstöfun að ræða, venjulegt uppgjör við viðskiptamann, fjölda slíkra afgreiðslna mætti finna í bókhaldi Hafskips hf.

Vitnið Kristinn Sófus staðfesti, að það hefði fengið umrædda eftirgjöf í formi bakfærslu á viðskiptamannareikningi sínum hjá Hafskipi hf., eftir að hafa farið fram á slíkt vegna vinnu, sem það innti af hendi fyrir Hafskip hf., á meðan það bjó í Danmörku, en vitnið fluttist til landsins árið 1984.

Gegn neitun ákærða þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að ákærði hafi notað umræddda bakfærslu í persónulegum viðskiptum við vitnið, enda þótt í ljós sé leitt, að þeir hafi átt í slíkum viðskiptum. Þá liggja engin gögn frammi í málinu, sem sýna fram á, hvað tengir þennan afslátt persónulegum viðskiptum ákærða og vitnisins.

VII. kafli.

Fram er komið í málinu, að Reykvískri endurtryggingu hf. voru greiddar þær fjárhæðir, sem frá greinir í þessum kafla ákærunnar, á því tímabili, er þar greinir.

Ákærðu eru allir sammála um það, að ákærðu Björgólfur og Ragnar hafi ekki haft afskipti af ákvörðun um greiðslur þessar, en þeir tveir áttu sameiginlega 37% af hlutafé Reykvískrar endurtryggingar. Kvaðst ákærði Árni einn hafa samið um og ákveðið greiðslur þessar vegna skulda Hafskips hf. við Reykvíska endurtryggingu hf. á þeim tíma, er greiðslur hófust.

Vitnin Gísli Örn Lárusson og Eggert Þorvarðarson hafa upplýst, að fyrirtækið hafi gengið eftir greiðslum, er nýtt tryggingatímabil var í nánd. Einnig er fram komið, að Tryggingaeftirlitið gerði athugasemdir við Reykvíska endurtryggingu hf. vegna skulda Hafskips hf. við félagið í árslok 1984, en þá skuldaði Hafskip hf. kr. 13.500.878,18, sem á þeim tíma sam-

svaraði nánast tvöföldu bókfærðu eigin fé Reykvískrar endurtryggingar hf. og meira en þriðjungi samanlagðra iðgjalda ársins. Komu skuldir Hafskips hf. fram í ársreikningi félagsins 1985, sem barst Tryggingaeftirlitinu í lok júní 1985.

Í bréfi Tryggingaeftirlitsins, dags. 30. mars sl., segir m.a. vegna máls þessa, að þegar í hlut eigi viðskiptaaðilar, sem með einum eða öðrum hætti tengist vátryggingafélaginu, séu t.d. hluthafar eða starfsmenn, sé sérstök ástæða til árvekni af hálfu Tryggingaeftirlitsins um það, að útistandandi kröfur á einstaka aðila nemi ekki of háum fjárhæðum.

Það sé almenn regla hjá eftirlitinu að leyfa ekki útistandandi kröfur á einstaka aðila að þeirri upphæð, sem hér var um að ræða, óháð stöðu þeirra að öðru leyti, en að sjálfsögðu geti fjárhagsstaða viðskiptaaðila skipt máli við mat á þeim ráðstöfunum, sem gripið yrði til gagnvart vátryggingafélagi í einstökum tilvikum. Að baki liggi að sjálfsögðu þau grundvallarsjónarmið, sem löggjöf um vátryggingastarfsemi sé m.a. reist á, að staða vátryggingafélags verði að vera nægilega traust á hverjum tíma, til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

Þá segir í bréfinu, að Tryggingaeftirlitið hafi strax gert athugasemd við umrædda útistandandi kröfu Reykvískrar endurtryggingar hf., en hún hafi verið það há, að ástæða hafi verið talin til að fela endurskoðanda eftirlitsins að gera athugun á félaginu og á skuldastöðu þess sérstaklega. Endurskoðandi eftirlitsins hafi skilað skýrslu 11. nóvember 1985. Í henni komi m.a. fram, að 31. október 1985 hafi krafa Reykvískrar endurtryggingar hf. breyst í skuld, er nam um kr. 440 þúsund. Þar með hafi verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir, og því hafi ekki verið þörf frekari aðgerða af hálfu Tryggingaeftirlitsins.

Ef staða Reykvískrar endurtryggingar hf. gagnvart Hafskipi hf. hefði á hinn bóginn ekki verið lagfærð, hefði Tryggingaeftirlitið sett Reykvískri endurtryggingu hf. frest um takmarkaðan tíma til úrbóta. Ef því hefði ekki verið sinnt, hefði tryggingamálaráðherra að lokum verið tilkynnt um málið og eftirlitið gert tillögur til úrbóta í samræmi við 43. gr. laga nr. 50, 1978. Ef Tryggingaeftirlitið hefði talið gjaldþol Reykvískrar endurtryggingar hf. ófullnægjandi miðað við áhættu félagsins og á grundvelli þess hefði verið lagt til, að félagið fengi frest til að auka gjaldþol sitt, þannig að kröfur eftirlitsins um öryggi í rekstri yrðu uppfylltar.

Loks segir í áðurgreindu bréfi, að almenna reglan sé sú, að ekki sé gert ráð fyrir á endurtryggingamarkaði frekar en í annarri vátryggingastarfsemi, að skuldajafna megi fyrir fram gjaldföllnum iðgjaldagreiðslum og óuppgerðum væntanlegum tjónbótum. Megi segja, að það sé hin viðurkennda regla, enda sé ekki unnt að reka vátryggingastarfsemi á öðrum grundvelli.

Í endurtryggingasamningum séu ávallt ákvæði um fyrirframgreiðslu iðgjalda og hvenær þau skuli greidd. Þessi ákvæði séu algjörlega óháð uppgjöri á því tjóni, sem kann að verða.

Í áðurgreindri 43. gr. laga nr. 50, 1978, er ráðherra heimilað að afturkalla starfsleyfi vátryggingafélags, ef það, sem úrskeiðis fer í rekstri vátryggingafélags, er ekki lagfært innan þess frests, sem ráðherra veitir að fengnum tillögum Tryggingaeftirlits.

Ákærða Árna sem fjármálastjóra félagsins átti að vera ljós hin veika fjárhagsstaða Hafskips hf., þegar hann hóf að greiða til Reykvískrar endurtryggingar vangoldin iðgjöld í byrjun ágúst 1985. Hann hefur hins vegar haldið því fram, að greiðslurnar til Reykvískrar endurtryggingar hf. hafi aðeins verið óverulegur hluti af því, sem Hafskip greiddi á sama tímabili til annarra, og hefur þeirri staðhæfingu ekki verið hnekkt.

Ósannað er, að ákærðu Björgólfur og Ragnar hafi staðið að greiðslusamningnum við Reykvíska endurtryggingu hf. eða vitað, hvernig staðið var að greiðslunum. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna þá af því, sem þeim er gefið að sök í þessum kafla ákærunnar.

Ekki þykir fært að hafna skýringum ákærða Árna á forsendum þeim, sem lágu að baki greiðslunum til Reykvískrar endurtryggingar hf., enda fá skýringar hans stoð í bréfi Tryggingaeftirlitsins. Þá þykir ekki heldur fært að hafna framburði hans um það, að honum hafi ekki komið í hug greiðsluþrot eða gjaldþrot fyrirtækisins á framangreindu tímabili þrátt fyrir erfiða greiðslustöðu.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki komin fram sönnun fyrir saknæmri háttsemi ákærða Árna samkvæmt þessum kafla ákærunnar. Ber því einnig að sýkna hann af því, sem honum er hér gefið að sök.

VIII. kafli.

Ákærðu Halldór Ágúst, Lárus, Ólafur og Axel hafa allir staðfastlega neitað, að þeir hafi gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í þessum kafla ákærunnar. Verður nú tekin afstaða til sakargiftanna.

Ákærðu er öllum fjórum gefið að sök að hafa í störfum sínum hjá Útvegsbanka Íslands gerst sekir um brot í opinberu starfi, þremur hinum fyrstnefndu með því að hafa óhlýðnast fyrirmælum bankaráðs bankans og ákærða Axel með því að óhlýðnast fyrirmælum bankastjórnarinnar, þ.e. hinna þriggja ákærðu. Öllum er þeim gefið að sök, að þeir hafi sýnt af sér stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi, að því er tók til viðskipta bankans við Hafskip hf. M.a. er nefnd langvarandi vanræksla um öflun fullnægjandi trygginga fyrir lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu til félagsins og vanræksla í eftirliti með því, að verðmæti tryggingarinnar héldist, og enn fremur með því að vanrækja athugun þeirra gagna, sem tengdust

fyrirgreiðslu bankans við Hafskip hf., eins og nánar verður rakið í þrem næstu liðum. Þessi háttsemi ákærðu er talin hafa leitt af sér stórfellt tjón fyrir bankann, sem þegar hafi verið orðið 422 milljónir samkvæmt ársreikningi bankans 1985.

Starfstími hvers hinna ákærðu er rétt tilgreindur í ákærunni.

Fyrst verður tekin afstaða til þess, hvort ákærðu hafi verið opinberir starfsmenn í störfum sínum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands var bankinn sjálfstæð stofnun, sem var í eigu ríkisins, og samkvæmt 2. gr. sömu laga bar ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Með vísan til þessa og eðli málsins samkvæmt töldust ákærðu því hafa verið opinberir starfsmenn í skilningi hegningarlaganna.

1. Útvegsbankanum bárust margvísleg gögn frá Hafskipi hf. í tengslum við beiðnir um fyrirgreiðslu, m.a. ársreikningar fyrirtækisins, milliuppgjör, rekstrar- og greiðsluáætlanir, gögn um tryggingar o.fl., svo sem rakið hefur verið í I. - III. kafla hér að framan. Er bankastjórunum gefið að sök að hafa vanrækt athugun þessara gagna með því að gera ekki sjálfstæðar athuganir á raunverulegri afkomu félagsins og forsendum þeirra áætlana, sem fyrirtækið lagði fyrir bankann, m.a. um Atlantshafssiglingar félagsins, og gæta ekki að áhrifum mismunandi reikningsskilaaðferða, sérstaklega varðandi reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.

Ákærðu Halldór Ágúst og Lárus eru báðir viðskiptafræðingar. Þá hafði ákærði Halldór Ágúst bæði unnið í bankaeftirlitinu og verið bankaútibússtjóri í Vestmannaeyjum svo og verið eftirlitsmaður útibúa, áður en hann varð bankastjóri. Loks hafði ákærði Ólafur unnið í áratugi við bankastörf.

Ákærði Ingi Randver taldi, að ákærðu Halldór Ágúst, Lárus og Ólafur hefðu vegna menntunar og reynslu verið betur til þess fallnir en hagdeild bankans að meta rekstur og stöðu Hafskips hf. af þeim gögnum, sem félagið sendi bankanum á árunum 1983-1985.

Af gögnum málsins er ljóst, að hagdeildin vann á árinu 1981 og á árinu 1985 að athugun á stöðu Hafskips hf. á grundvelli gagna frá fyrirtækinu. Síðara árið var sérstaklega gerð könnun á áreiðanleika rekstraráætlana félagsins. Verður ekki séð, að á þessum árum hafi hagdeildin haft frekari afskipti af athugun gagna varðandi rekstur Hafskips hf., enda hefur komið fram í málinu, að ákærðu höfðu þetta sjálfir með höndum.

Ákærðu vissu, að félagið var rekið með hagnaði á árunum 1982 og 1983. Um mitt sumar 1984 fengu þeir vitneskju um 6 milljóna króna tap, og í október s.á. var þeim ljóst, að skuldbindingar bankans vegna félagsins voru orðnar meiri en námu tryggingum bankans, þ.e. 17,3 milljónir. Þá þegar gripu þeir til ráðstafana og stöðvuðu alla afgreiðslu nýrra lána að því undanskildu, að tvö lán voru veitt snemma árs 1985 vegna hlutafjáraukningarinnar.

Þá er ljóst af því, sem rakið hefur verið í I. - III. kafla ákærunnar, að gögn þau, sem þar er fjallað um, voru ekki, svo að sannað sé, röng nema að óverulegu leyti.

Milliuppgjörið pr. 31.ágúst 1984 og ársreikningurinn fyrir árið 1984 voru árituð af endurskoðanda félagsins og önnur reikningsskil félagsins unnin af honum. Höfðu ákærðu enga ástæðu til þess að tortryggja þau gögn, sem þeim bárust frá félaginu, og ekki verður séð, að þeir hafi haft tilefni til að kanna sérstaklega reikningsskilaaðferðir, sem notaðar voru, eða athuga sjálfstætt raunverulega afkomu félagsins og þær áætlanir, sem þeim bárust.

Gegn neitun ákærðu Halldórs Ágústs, Lárusar, Ólafs og Axels verða ekki færðar sönnur á það, að þeir hafi vanrækt athugun þeirra gagna, sem þeim bárust í sambandi við beiðnir um fjárhagslega fyrirgreiðslu bankans. Er ósannað, að ákærðu hafi ekki athugað sjálfstætt raunverulega afkomu félagsins og forsendur þeirra áætlana, sem félagið lagði fyrir bankann, m.a. um Atlantshafssiglingar félagsins. Þá er ósannað, að ákærðu hafi ekki gætt að áhrifum mismunandi reikningsskilaaðferða, sérstaklega varðandi reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.

Það er mat dómsins, að ákærðu hafi ekki af ásettu ráði látið farast fyrir að skoða gögnin, og þaðan af síður er sannað, að um hafi verið að ræða af hálfu ákærðu stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi að þessu leyti.

2. Ákærðu Halldóri Ágústi, Lárusi og Ólafi er gefið að sök í 4. lið þessa kafla ákæru að hafa á starfstíma sínum sem bankastjórar vanrækt eftirlit með því, að tryggingar þær, sem Útvegsbankinn hafði fyrir skuldbindingum sínum vegna Hafskips hf., héldu verðgildi sínu eða hefðu yfirleitt það verðgildi, sem þær voru skráðar fyrir, og að gerðar væru fullnægjandi ráðstafanir til þess, að ávallt væru fullnægjandi tryggingar fyrir þessum skuldbindingum. Er ákærðu í framhaldi af þessu gefið að sök að hafa tekið góð og gild ýmis veðandlög, án þess að fyrir lægi fullnægjandi athugun á verðmæti tryggginganna, og að hafa byggt að stórum hluta á nafnverði tryggingaréttindanna án tillits til verðmætis þeirra. Er í því efni vísað til a-, b-, d- og e-liðar í VIII. 2. kafla ákæru.

Þá er þessum ákærðu gefið að sök að hafa til viðbótar því að leggja nafnverð tryggingaréttindanna eitt til grundvallar veitt Hafskipi hf. fjárhagslega fyrirgreiðslu, eftir að komið var fram yfirlit um skuldbindingar og tryggingar vegna Hafskips hf. hinn 10. október 1984, er sýndi, að skuldbindingarnar voru kr. 17.326.000 hærri en tryggingunum nam. Er ákærðu gefið að sök að hafa haldið áfram að veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu þrátt fyrir síversnandi stöðu trygginga samkvæmt þremur tilgreindum yfirlitum á árinu 1985. Er ákærðu gefið að sök að hafa með

þessum hætti vísvitandi látið farast fyrir að hlýða fyrirmælum bankaráðsins samkvæmt erindisbréfum fyrir bankastjórana.

Ljóst er, að allt frá stofnun Hafskips hf. 1958 og fram til gjaldþrots félagsins átti félagið oft í verulegum fjárhagserfiðleikum. Ekki er annað vitað en yfirleitt hafi í upphafi hverrar fyrirgreiðslu verið tekin næg veð fyrir þeim skuldbindingum, sem verið var að stofna til. Hitt er ljóst, að veðhæfi ýmissa veðandlaga rýrnaði, eftir að fyrirgreiðsla var veitt, og má þar til nefna verðmæti skipa félagsins. Hins vegar verður ekki séð, að ákærðu gætu neinu breytt þar um eða knúið félagið til þess að veita viðbótarveð vegna verðfalls skipanna, enda hafði bankinn, áður en yfir lauk, tekið veð í velflestum eignum fyrirtækisins.

Þá hefur því verið slegið föstu, að ekki hafi verið sýnt fram á í málinu, að ákærðu hafi vanrækt að athuga gögn, sem bárust bankanum vegna fyrirgreiðslu bankans við félagið.

Að því er tekur til hinna þriggja ákærðu bankastjóra, er til þess að líta, að þegar þeir komu til starfa í bankanum, stóðu þeir frammi fyrir erfiðri fjárhagsstöðu Hafskips hf. sem til var komin fyrst og fremst vegna þeirrar fyrirgreiðslu, sem bankinn hafði þegar veitt félaginu í tíð fyrri bankastjóra. Verður ekki séð, að sú fyrirgreiðsla, sem bankastjórarnir veittu, eftir að þeir komu til starfa, hafi verið umfram það, sem nauðsynlegt mátti teljast til þess að halda félaginu gangandi og að ekki kæmi til greiðslustöðvunar. Sú fyrirgreiðsla, sem hinir ákærðu bankastjórar stóðu að, var fyrst og fremst í formi skuldbreytingalána og veitingar ábyrgða til þess að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins, en slíkt var forsenda þess, að það gæti staðið við skuldbindingar sínar. Ýmis ytri áföll komu til á síðasta árinu fyrir gjaldþrotið.

Hinir ákærðu bankastjórar stóðu frammi fyrir vandamálum vegna vanskila Hafskips hf., sem til voru komin m.a. vegna missis herflutninga, verkfalls, taxtahruns, gengisfellingar og taps af ta-siglingum. Versnaði staða félagsins af þessum sökum að mun, án þess að hinir ákærðu bankastjórar gætu rönd við reist. Þykir fyrirgreiðsla bankans á síðustu mánuðum starfsemi félagsins hafa fyrst og fremst beinst að því að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur þess yfir sérstakt erfiðleikatímabil í þeirri von, að hagur þess vænkaðist og það gæti staðið við skuldbindingar sínar við bankann. Hinn kosturinn var að stöðva þegar frekari fyrirgreiðslu við félagið, en það hefði fyrirsjáanlega leitt til stöðvunar á rekstri þess og þá með þeim afleiðingum, að fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota. Við þær aðstæður stóðu bankastjórarnir frammi fyrir því, að bankinn yrði fyrir verulegu fjárhagstjóni.

Vissulega var aukin áhætta fólgin í því að veita félaginu áfram fyrirgreiðslu, en mat bankastjórnarinnar var það, að það gæti orðið til þess

að ná því upp úr öldudalnum. Verður ekki á það fallist með ákæruvaldinu, að sú fyrirgreiðsla, sem bankinn veitti Hafskipi hf., verði af hálfu bankastjóranna talin til stórfelldrar og ítrekaðrar vanrækslu og hirðuleysis.

Samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands var það mat bankastjórnarinnar, sem réð því, hvaða tryggingar teldust fullnægjandi hverju sinni. Rangt mat í þessu efni þarf hins vegar ekki að leiða til þess, að það teljist refsivert.

Dómurinn telur, að horfa verði til þess, að í huga bankastjóranna miðaði fyrirgreiðsla þeirra einungis að því að ná félaginu yfir tímabundinn fjárhagsvanda, svo að það gæti með betri tíð staðið við skuldbindingar sínar við bankann.

Það er ljóst, að Hafskip hf. fékk fyrirgreiðslu í bankanum, enda þótt tryggingastaða fyrirtækisins færi versnandi. Hefur áður verið gerð grein fyrir þeirri stöðu, sem bankastjórarnir voru í vegna erfiðleika félagsins, sem gátu leitt til rekstrarstöðvunar þess. Stóðu þeir andspænis þeim vanda að stöðva fyrirgreiðslu eða halda félaginu gangandi, þótt tæpt stæði með tryggingar, þ. á m. í skipum.

Hinir ákærðu bankastjórar vissu vel, að félagið var á barmi gjaldþrots. Það er mat dómsins, að aðgerðir þeirra, sem ákært er fyrir í máli þessu, hafi verið björgunaraðgerðir, sem voru ekki síður í þágu bankans en félagsins. Þá var fyrri fyrirgreiðsla félagsins að mestu leyti veitt af annarri bankastjórn. Má því segja, að hin ákærða bankastjórn hafi að vissu leyti staðið frammi fyrir gerðum hlut í viðskiptunum við Hafskip hf. Tekin var áhætta með aukinni fyrirgreiðslu, sem ekki nægði og leiddi til mikils taps fyrir bankann. Þetta aukna tap verður ekki að mati dómsins skrifað á reikning bankastjóranna sem stórfelld eða ítrekuð vanræksla eða hirðuleysi. Þá er enn óupplýst, hvert endanlegt tap bankans verður.

Dóminum þykir einsýnt, að þegar lánað hefur verið út á tiltekin veð, geti þeir, sem veittu lánið, engu ráðið um það, hvort frekari trygging verði sett, ef veðið rýrnar, áður en lánið er veitt. Verði um vanskil að ræða, stendur lánveitandi frammi fyrir því að ganga að viðkomandi veði eða að skuldbreyta, en getur ekki knúið ógjaldfæran skuldara til þess að setja frekari tryggingar en fyrir hendi eru. Verður því ekki séð, að hinir ákærðu bankastjórar hafi vanrækt eftirlit með því, að tryggingar héldu verðgildi sínu eða hefðu yfirleitt það verðgildi, sem þær voru skráðar fyrir.

3. Ákærða Axel er gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast að rækja starfsskyldur sínar samkvæmt þeim fyrirmælum, sem þáverandi bankastjórn gaf honum í ársbyrjun 1978 um það að fylgjast með rekstri Hafskips hf. og að hafa eftirlit með því, að nægar tryggingar væru ætíð

fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart bankanum. Er í þessu efni í ákærunni vísað til fimm atriða í liðum a-e.

Haustið 1977 vann bankaeftirlitið ýtarlega úttekt á stöðu viðskipta Hafskips hf. við Útvegsbankann. Þar er m.a. að finna ábendingar um nokkur höfuðatriði, sem eftirlitið telur, að ráða verði vinnubrögðum bankans. M.a. er bent á, að fela þurfi ákveðnum starfsmanni bankans að fylgjast með, eftir því sem kostur er á, helstu atriðum, sem áhrif hafi á fjárhagsstöðu og rekstrarskilyrði fyrirtækisins. Þetta verði að vera algert forgangsverkefni starfsmannsins. Framkvæmdastjórinn, sem verið sé að ráða að Hafskipi hf. (ákærði Björgólfur), verði að starfa í sem nánastri samvinnu við bankann, og allar meiri háttar ákvarðanir, er varði fjárhag og rekstur félagsins, verði háðar samþykki bankans.

Í bréfi ákærða Björgólfs frá nóvember 1977 til þáverandi bankastjóra Útvegsbankans, vitnisins Jónasar Rafnars, kemur fram, að hann hafi í samtölum við bankastjóra bankans getið nokkurra atriða, sem hann telji, að bæta mættu hag félagsins. Þá segir í bréfinu, að gert sé ráð fyrir, að fulltrúi Útvegsbankans fylgist með störfum framkvæmdastjórnar félagsins, og sé upplýsingastreymi og gagnkvæmt traust á milli stjórnar félagsins og Útvegsbankans mikilvæg forsenda þess, að takast megi að rétta við hag félagsins.

Í bréfi bankastjórnar Útvegsbankans frá desember 1977 til ákærða Björgólfs segir með vísan til framangreinds bréfs, að bankastjórnin hafi ákveðið að tilnefna ákærða Axel í þetta starf. Lögð er áhersla á, að skipan fulltrúa bankastjórnarinnar í þetta starf sé í og með (sic) gerð til þess að koma á nánari samvinnu milli bankans og Hafskips hf. í þeim tilgangi, að bankinn hafi ætíð sem gleggstar upplýsingar um afkomu og rekstur félagsins. Með tilhögun þessari sé hvorki bankastjórnin né hinn tilnefndi fulltrúi hennar að taka á sig þá ábyrgð, sem stjórn félagsins og forstjóri beri lögum samkvæmt. Leggi stjórn bankans áherslu á, að mikilvægt sé, að nú þegar verði hafist handa við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar séu til að tryggja afkomu félagsins og létta á skuldabyrði þess með aukningu hlutafjár og sölu eins eða fleiri skipa þess svo og með auknum flutningum.

Í gögnum málsins liggur ekkert annað fyrir um eðli og umfang þessa starfs, sem ákærða Axel var falið.

Vitnin Ármann Jakobsson, Bjarni Guðbjörnsson og Jónas Gunnar Jónasson Rafnar báru hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Axel hefði átt að fylgjast með tryggingum, sem bankinn hafði í eignum Hafskips hf., og fylgjast með, hvort taka þyrfti viðbótartryggingar. Vitnið Jónas Gunnar bar einnig, að ákærði Axel hefði raunverulega verið eftirlitsmaður bankastjórnarinnar með eignastöðu fyrirtækisins gagnvart bankanum. Ástæðan til þess, að ákærða Axel hafi verið falið þetta eftirlitshlutverk, sem áður var í höndum hagdeildarinnar, hafi verið sú, að bankastjórnin vildi tryggja

betur eftirlit með því, að nægar tryggingar væru fyrir hendi fyrir skuldum félagsins við bankann, þ. á m. í skipunum. Hafi ákærði Axel átt að veita henni upplýsingar um framangreint.

Framangreind vitni staðfestu framburð sinn við meðferð málsins.

Í framburði vitnisins Ármanns kom enn fremur fram fyrir dóminum, að ákærði Axel hefði lagt reglulega fyrir bankastjórnina tryggingayfirlit og yfirlit yfir eignir og skuldir Hafskips hf. Í þeim yfirlitum hefði falist mat ákærða Axels á eignunum, nema hvað bankastjórninni var ljóst, að ákærði Axel hafði upplýsingar um verðmæti skipanna frá Hafskipi hf., sem félagið hafði aflað sér frá skipamiðlurum.

Þá kom fram hjá vitninu Bjarna, að ákærði Axel átti að fylgjast með verðmæti allra eigna Hafskips hf., sem voru veðsettar bankanum. Eftir því sem vitnið vissi best, hafði ákærði Axel fengið upplýsingar um verðmæti skipanna frá fyrirtækinu.

Ákærði Halldór sagði, að ákærði Axel hefði verið tengiliður bankans við félagið og forráðamenn þess hefðu snúið sér til hans varðandi einstök atriði í samskiptum við bankann.

Ákærði hélt, að flestar tryggingar, sem bankinn hafði hjá Hafskipi hf., hefðu verið til komnar, áður en hann kom í bankann. Hann minntist þess ekki, að tryggingar hefðu verið teknar nema einu sinni, eftir að hann kom í bankann, og var það vegna óska bankans.

Ákærði vissi ekki, hvort ákærði Axel kannaði sjálfstætt verðmæti tryggingganna eða hvort eingöngu var byggt á upplýsingum frá starfsmönnum Hafskips hf., en í sambandi við þetta eina mál, sem ákærði greindi frá, lá fyrir, að óskað var eftir upplýsingum frá starfsmönnum Hafskips hf., og minntist ákærði þess að hafa séð lista yfir tiltekna hluti ásamt verði nýrra slíkra hluta og hvað þessir tilteknu hlutir væru orðnir gamlir.

Ákærða var kunnugt um, að ákærði Axel óskaði eftir upplýsingum, sem komu frá erlendum skipafélögum, um verðmæti skipanna. Þá vissi hann, að ákærði Axel fékk þessar upplýsingar frá fyrirtækinu, en verkfræðingar þess öfluðu þeirra. Ákærði Axel eða lögfræðingadeildin hefðu haft með tryggingamálin að gera, og hvorki ákærði né kollegar hans hefðu skipt sér af því eða forvitnast um, hvernig hann vann hlutina.

Ákærði Lárus kvaðst ekki hafa vitað, hvernig staðið var að eftirliti með veðum og tryggingum, sem Útvegsbankinn hafði fyrir skuldum Hafskips hf. Það hefði verið í verkahring ákærða Axels, og jafnframt hefði hann átt að hafa eftirlit með því að taka tryggingar eins og þær voru teknar á hverjum tíma. Ákærði Axel hefði aflað allra upplýsinga um verðmæti þeirra trygginga, sem bankinn hafði á hverjum tíma vegna skulda Hafskips hf., þó að bankastjórarnir hefðu einnig haft hliðsjón af öðrum gögnum, svo sem reikningum. Hann vissi hins vegar ekki, hvort ákærði Axel kannaði

sjálfstætt tryggingar af hálfu Hafskips hf. Hann hefði hins vegar fengið í hendur yfirlit um tryggingar og skuldbindingar, en aflað hefði verið upplýsinga um verðmæti veða, þegar tryggingar voru teknar. Síðan hefði yfirleitt ekki verið talin ástæða til að fylgjast með verðmæti þeirra nema í einstökum tilfellum. Fyrst og fremst var fylgst með verðmæti skipanna. Þeir bankastjórarnir hefðu því haft upplýsingar um verðmæti skipanna frá ákærða Axel og úr ársreikningum Hafskips hf. á hverjum tíma. Bankastjórnin hefði enga sjálfstæða könnun gert í þessu sambandi. Á árinu 1985 hefði verið rætt um það við ákærða Axel að kanna verðmæti skipanna. Honum hefði verið kunnugt, að talsverðar sviptingar voru á markaðnum í verði svipaðra skipa og Hafskip hf. átti á þeim tíma, sem hann var bankastjóri. Skip Hafskips hf. hefðu verið sérstök. Þeim hefði verið vel við haldið, og þau hefðu haft ákveðið verðgildi hér á landi, af því að þau voru það gömul, að menn gátu ekki keypt slík skip erlendis. Hann hefði fylgst með þessari þróun í blöðum, stundum frá Hafskipi hf., og ákærði Axel hefði aflað upplýsinga um það frá skipamiðlurum á árinu 1985. Þessar upplýsingar hefðu hins vegar verið þess eðlis, að mjög erfitt hefði verið að átta sig á því, hvað í rauninni var að gerast, og menn hefðu ekki verið sammála um, hvaða verð var á skipunum á hverjum tíma, ekki einu sinni eftir á að hyggja.

Ákærði Ólafur bar, að ákærði Axel hefði átt að fylgjast með tryggingum, er Hafskip hf. setti bankanum. Gaf hann bankastjórninni reglulega skýrslu um stöðu þeirra mála. Ákærði Ólafur kvaðst ekki hafa fylgst með því, hvernig ákærði Axel vann sitt verk, en hann hefði átt að fylgjast með tryggingunum eins og honum var unnt og á þann hátt, sem hann taldi eðlilegast og réttast. Ef ákærði Axel hefði talið, að hættuástand væri að myndast í sambandi við verðmæti tryggingarinna, hefði hann átt að láta bankastjórnina vita.

Ákærði Axel sagði, að í ársbyrjun 1978 hefði vitnið Jónas G. Rafnar, þáverandi bankastjóri, falið sér að vera tengiliður bankastjórnar og framkvæmdastjórnar Hafskips hf. Ekkert hefði verið bókað um þennan fund. Þetta hefði þýtt vikulega fundi með framkvæmdastjórninni og að halda uppi tengslum við hana. Þá hefði ákærði einnig verið sá aðili, sem forráðamenn Hafskips hf. gátu leitað til og þannig komist í samband við yfirstjórn bankans. Ákærði kvað sér ekki hafa verið falið að hafa eftirlit með viðskiptum Hafskips hf. við Útvegsbankann.

Ákærði kvaðst hafa tekið við starfi tengiliðar við Hafskip hf. af Stefáni Sturlu Stefánssyni aðstoðarbankastjóra, og hefði sér verið kunnugt, að Stefán Sturla átti ekki að hafa eftirlit með viðskiptum bankans við Hafskip hf.

Ákærði sagði, að sér hefðu borist mörg gögn frá Hafskipi hf., og hefði hann komið þeim strax til bankastjórnar og hagdeildar bankans. Ákærði

kvaðst ekki vera bókhaldsfróður maður, og sér hefði aldrei verið falið að fara ofan í ársreikninga, milliuppgjör og rekstrar- og greiðsluáætlanir frá félaginu. Vitnið Jónas Rafnar hefði sagt sér, að þetta myndi hagdeild bankans gera. Hann hefði tekið fram, að ákærða væri ekki ætlað að gera þetta. Ákærði mundi ekki sérstaklega eftir gögnum varðandi Atlantshafssiglingar félagsins, enda kvaðst hann ekki hafa verið bær um að meta þau.

Ákærði neitaði að hafa stuðst eingöngu við gögn og upplýsingar, sem starfsmenn Hafskips létu honum í té. Hann hefði sjálfur aflað upplýsinga og reynt að staðreyna þær varðandi raunverulegt verðmæti eigna, sem veðsettar voru bankanum. Hefði þetta verið hluti af starfi sínu sem forstöðumanns lögfræðingadeildar bankans og síðar sem aðstoðarbankastjóra.

Varðandi b-lið í 2. þætti þessa kafla ákærunnar kvaðst ákærði hafa verið að tilgreina þær fjárhæðir, sem veðskrá bankans hafði að geyma, og hefði alls ekki verið um verðmætismat á skipunum að ræða.

Ákærði kannaðist við, að 1. mars 1981 hefði tryggingagildi skipa Hafskips hf. verið hækkað úr 70% í 85% af áætluðu markaðsverði, og gaf hann skýringar á þeirri ákvörðun, sem hefði verið gerð að beiðni forráðamanna Hafskips hf. Ákærði taldi þetta óhætt og kvað þetta gert með vitund og samþykki bankastjórnarinnar. Hafa tveir af fyrrverandi bankastjórunum staðfest þetta, en hinn þriðji mundi ekki eftir því.

Varðandi d-lið kvað ákærði þar vera um að ræða upplýsingar úr veðskrá bankans, sem hann hefði tekið saman til að nota á fundum bankastjórnar, en henni hefði verið kunnugt, hvaðan þær voru komnar. Ákærði hefði ekki lagt mat á verðmæti hinna veðsettu eigna.

Ákærði kvað það rétt, að við gerð yfirlitanna samkvæmt e-lið frá 18. apríl og 3. júní 1985 hefði Útvegsbankinn aðeins verið búinn að fá afhentan hluta af þeim skuldabréfum, sem út voru gefin vegna hlutafjáraukningar í Hafskipi hf. Á endanum hefði bankinn fengið í hendur langmestan hluta umræddra skuldabréfa. Þrátt fyrir það hefði þessa verið getið í áðurgreindum yfirlitum, og taldi ákærði, að bankastjórninni hefði ætíð verið kunnugt um, hversu mikið af bréfunum var komið inn.

Það er ljóst, að bankaeftirlit Seðlabankans gerði ýmsar athugasemdir við viðskipti bankans og Hafskips hf. á árunum 1977 og 1979, og í framhaldi af fyrri athuguninni var ákærði Axel gerður að tengilið milli bankastjórnarinnar og forráðamanna Hafskips hf. vegna viðskipta þessara aðila. Hins vegar hefur ákærði Axel ekki viljað kannast við, að sér hafi verið falið svo víðtækt eftirlit sem ákært er fyrir.

Um það er ekki ágreiningur, að ákærði Axel var tengiliður milli bankans og Hafskips hf. og að hann samdi þau yfirlit, sem gerð voru á framangreindu árum fram að gjaldþroti félagsins. Verður fyrst tekin afstaða til

þess, hvort ákærði Axel hafi verið í því eftirlitshlutverki, sem honum er gefið að sök að hafa vanrækt.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er talið þrátt fyrir neitun ákærða Axels, að honum hafi verið falið af hálfu Útvegsbankans að fylgjast með rekstri Hafskips hf. og hafa eftirlit með því, að ætíð væru nægar tryggingar fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart bankanum. Hins vegar verður ekki talið, að það hlutverk, sem hann í 2. lið þessa kafla ákærunnar er talinn hafa vanrækt, sé svo víðtækt sem ráða má af því, sem þar er rakið.

Ákærði studdist í þessu starfi sínu við gögn og upplýsingar, sem starfsmenn Hafskips hf. létu honum í té, og hafði hann enga ástæðu á þessum tíma til að tortryggja þau. Hefur hann upplýst, að hann hafi sjálfur aflað sér mats skipamiðlara um markaðsverð skipa, og er ekki ástæða til að vefengja, að það sé rétt.

Telja verður vafasama þá ákvörðun ákærða Axels að tilgreina verðmæti trygginga í skipum Hafskips hf. að verulegu leyti sem nafnverð tryggingaréttinda án tillits til markaðsverðs skipanna og þar með þess verðfalls á kaupskipum, sem varð á alþjóðlegum markaði á þessum tíma. Ákærði mátti hins vegar eiga von á því, að markaðsverð skipanna hækkaði samkvæmt þeim lögmálum, sem giltu um sveiflur í verði skipa, eins og nánar var rakið í III. kafla hér að framan. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að ákærða hafi borið að lækka tímabundið verðmæti tryggginganna.

Sú ákvörðun ákærða að hækka tryggingagildi skipa Hafskips hf. úr 70% í 85% af áætluðu markaðsverði þeirra var gerð í tíð fyrri bankastjórnar og með vitneskju tveggja úr henni, en hinn þriðji mundi ekki eftir þessu.

Framburður ákærða um réttmæti þessarar ákvörðunar hefur ekki verið hrakinn.

Þá er ákærða Axel gefið að sök að hafa talið meðal trygginga fyrir skuldbindingum bankans vegna Hafskips hf. ýmis veðandlög, sem hafi verið verðlaus eða lítils virði. Talað er um ýmis veðandlög, en í ákærunni er aðeins getið ódagsetts víxils, veðs í fasteigninni Tívolí og almenns veðs í tækjum. Verður því einungis tekin afstaða til þeirra, enda óljóst, hver hin eigi að vera, eins og orðalagi ákæru er farið. Ekki var tekið veð í þessum eignum vegna nýrra lána. Verður ekki með neinu móti séð, að sú háttsemi sé aðfinnsluverð að telja þessi veðandlög meðal trygginga. Þvert á móti verður að telja, að ákærði hafi með veðtökum þessum fremur reynt að bæta tryggingastöðu bankans en veikja hana, enda þótt deila megi um verðmæti þessara veðandlaga. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að hinn ódagsetti tryggingavíxill hafi verið verðlaus eða lítils virði.

Óvarlegt verður að telja af hálfu ákærða Axels að telja meðal trygginga bankans skuldabréf, sem bankinn hafði ekki fengið afhent, en þó ber til

þess að líta, að Hafskip hf. hafði skuldbundið sig til þess að afhenda bankanum öll bréfin, jafnskjótt og þau voru gefin út.

Að því er tekur til óhlýðni bankastjóranna við bankaráð, lítur dómurinn svo á, að í máli þessu hafi ekki verið sýnt fram á nein þau atriði, sem bankaráðið hafi gefið bankastjórninni bein fyrirmæli um, hvorki í almennum né sérstökum erindisbréfum þeirra eða á annan hátt. Þá kannast bankaráðsmennirnir ekki við, að hinir ákærðu bankastjórar hafi sýnt af sér óhlýðni við þá. Af því, sem rakið hefur verið um störf ákærða Axels, þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að hann hafi óhlýðnast bankastjórninni.

Þegar allt er virt, sem rakið var, ber að sýkna ákærðu Halldór Ágúst, Lárus, Ólaf og Axel af því, sem þeim er gefið að sök í þessum kafla.

IX. kafli.

Samkvæmt þessum kafla ákærunnar og ákærunni frá 23. nóvember 1988 er ákærðu Valdimar, Arnbirni, Garðari, Kristmanni og Jóhanni Sigurði gefið að sök að hafa sem bankaráðsmenn sýnt af sér saknæma vanrækslu við yfirstjórn Útvegsbankans og við eftirlit með starfsemi hans og þannig látið hjá líða að fylgjast með skuldbindingum og tryggingum vegna viðskipta bankans við Hafskip hf. á þeim tímabilum, sem þeir voru bankaráðsmenn.

Í ákærunum er háttsemi ákærðu m.a. talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga, sem er í XIV. kafla þeirra, er fjallar um brot í opinberu starfi. Kemur því fyrst til úrlausnar, hvort ákærðu teljast opinberir starfsmenn í skilningi þessa kafla almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands var bankinn eign ríkisins. Samkvæmt 8. og 9. gr. sömu laga var yfirstjórn hans í höndum ráðherra, er fór með bankamál, og fimm manna bankaráðs, er kosið var af Alþingi til fjögurra ára í senn. Stjórn bankans var að öðru leyti í höndum þriggja manna bankastjórnar, sem fór með æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi, sbr. 14. gr. laganna. Verkefni ráðsins voru nánar skilgreind í IV. kafla laganna. Það hafði yfirumsjón með starfsemi bankans, gerði tillögu um reglugerð hans, sem ráðherra setti, einnig réð það bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, aðalféhirði, aðalbókara svo og stjórnendur útibúa utan Reykjavíkur. Laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans og eftirlaun þeirra voru ákveðin af ráðinu. Verkefni þess voru nánar tíunduð í 35. gr. reglugerðar nr. 31, 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

Af tilvitnuðum lögum og reglugerð er ljóst, að bankaráðinu var ætlað að hafa á hendi yfirstjórn bankans, sem var að öllu leyti í eigu ríkisins og það bar ábyrgð á, sbr. 2. gr. laga nr. 12, 1961. Af þessu leiddi, að ákærðu voru sem bankaráðsmenn opinberir starfsmenn í skilningi XIV. kafla almennra hegningarlaga, enda sýnist sá skilningur eðlilegur, þegar

störf þeirra við stjórn bankans eru virt. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, að þeir voru kosnir til starfans af Alþingi, en ekki skipaðir af ráðherra.

Ákærðu höfðu setið mislengi í bankaráðinu, og er tími hvers þeirra þar rétt tilgreindur í ákærunum. Ákærði Garðar hefur borið, að hann hafi verið í veikindafríi frá því á miðju ári 1984 og fram í febrúar 1985.

Bankaráðið hélt að jafnaði tvo fundi í mánuði og oftar, ef þurfti. Fundarhlé var sumarmánuðina. Á fundunum var almennt fjallað um þau mál, sem efst voru á baugi hverju sinni í bankanum, og auk þess var þar dreift mánaðarlegum yfirlitum um stöðu inn- og útlána. Bankastjórarnir, sem sátu fundina, skiptust á um að útskýra þessi yfirlit. Í þeim voru viðskiptin við Hafskip hf. ekki sérgreind, heldur fjallað um þau undir liðnum Samgöngur. Ákærðu bar saman um, að ráðið hefði engin afskipti haft af útlánum bankans.

Bankaráðið hélt fundargerðabók, þar sem bókaðir voru fundir ráðsins, hverjir sátu þá, og helstu mál, er þar voru rædd. Af gögnum málsins má ráða, að ekki hefur verið bókað, að rætt hafi verið um málefni Hafskips hf. í ráðinu á starfstíma ákærðu fyrr en 1. mars 1985. Ákærðu hafa þó allir borið, að málefni félagsins hafi verið til umræðu fyrr, þótt ekki hafi það verið bókað.

Fram er komið í málinu, að á fundum bankaráðsins hafi verið rætt almennt um málefni Hafskips hf., en ekki hafi verið rætt um einstök reikningsskil; hins vegar hafi borið á góma lánastöðvunina í október 1984 og hlutafjáraukninguna í febrúar 1985. Þegar bankanum bárust áætlanir frá félaginu um Atlantshafssiglingarnar, voru þær enn fremur ræddar í ráðinu. Bankaráðið lagði áherslu á það við bankastjórnina, að öll lán væru nægjanlega tryggð og í því sambandi tekin öll fáanleg veð. Útlánareglur voru hins vegar ekki settar fyrr en í kjölfar setningar nýrra laga um viðskiptabanka nr. 86, 1985.

Gögn málsins bera með sér, að frá því í mars 1980 og fram í júní 1985 hafði bankaeftirlit Seðlabankans engin afskipti af starfsemi Útvegsbanka Íslands, ef frá því er skilin athugun á starfsemi útibús bankans á Siglufirði í mars 1983. Á þessum tíma voru í gildi lög nr. 10, 1961, um Seðlabanka Íslands, en samkvæmt 10. gr. þeirra laga hafði Seðlabankinn eftirlit með starfsemi banka og annarra innlánsstofnana. Það var hlutverk bankaeftirlits Seðlabankans að fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgdu lögum og reglum um starfsemi þeirra. Einnig var því heimilt að gera athugasemdir, ef það taldi hag eða rekstur innlánsstofnana óheilbrigðan, og skyldu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar í stað. Þá var innlánsstofnunum skylt að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar svo oft sem óskað var. Einnig var bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þótti til.

Ekkert er komið fram í málinu, sem bendir til þess, að forráðamenn bankans hafi látið hjá líða að láta bankaeftirlitinu í té þessi gögn.

Þá ber að hafa í huga það bankakerfi, sem var við lýði hér á landi á þessum árum, og þau lögmál, er þar giltu, en Útvegsbankinn var ríkisbanki.

Þegar framanritað er virt, verður ekki talið, að bankaráðið hafi vanrækt að fjalla um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. á þann hátt, sem ætlast var til af því, miðað við lagaskyldur þess og starfshætti, en það hafði ekki afskipti af daglegum rekstri bankans. Þá ber einnig að hafa í huga, að bankaráðið hafði ekki tilefni til að ætla, að viðskiptin við Hafskip hf. væru bankanum áhættusamari nú en þau höfðu alla tíð verið. Þá komu hinir þingkjörnu endurskoðendur bankans á fundi bankaráðsins, þegar ástæða þótti til. Ekki verður séð, að athugasemdir þeirra hafi gefið bankaráðinu tilefni til að ætla, að viðskipti bankans við Hafskip hf. hafi stefnt hagsmunum hans í þá hættu, að ástæða hafi verið til frekari aðgerða af hálfu ráðsins, en bankaráðið vissi um hlutafjáraukninguna og lagði áherslu á, að tekin yrðu öll fáanleg veð í eigum Hafskips hf. Þá er einnig til þess að líta, að bankaeftirlitið gerði á þessum árum engar athugasemdir við rekstur bankans.

Ósannað er gegn neitun ákærðu, að þeir hafi ekki fjallað um málefni Hafskips hf. fyrr en 1. mars 1985.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er ósannað, að ákærðu hafi gerst sekir um það, sem þeir eru ákærðir fyrir. Ber því að sýkna þá.

X. kafli.

Í þessum kafla ákærunnar er ákærða Inga Randveri gefið að sök að láta undir höfuð leggjast að rækja eftirlitsskyldu sína, en þess að engu getið, hver þau atriði séu, sem vanrækt hafi verið, þegar frá er skilið, að vikið er sérstaklega að tryggingum vegna skuldbindinga bankans gagnvart Hafskipi hf. Eins og þessu víðtæka orðalagi ákæru er farið, verður aðeins þetta eina atriði tekið til úrlausnar vegna þessara sakargifta.

Hitt ákæruatriði þessa kafla er enn óljósar orðað, en þar er talað um, að ákærði hafi ekki komið á framfæri við stjórnendur bankans aðfinnslum og ábendingum um þær misfellur, sem honum hafi verið kunnugt um í þessum viðskiptum bankans. Hvergi er þess getið í ákærunni, hverjar þessar misfellur hafi verið, sem honum hafi verið kunnar.

Eins og síðara ákæruatriðinu er háttað, verður að líta svo á, að ekki hafi verið sýnt fram á tilteknar misfellur, sem ákærða hafi borið að koma á framfæri.

Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. laga nr. 12, 1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 37, 1983, skyldu reikningar bankans endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kaus. Í reglugerð nr. 31, 1962, fyrir

Útvegsbanka Íslands var hlutverk endurskoðendanna nánar skilgreint. Samkvæmt 43. gr. reglugerðarinnar skyldu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir.

Í 43. gr. reglugerðarinnar er endurskoðendunum boðið að rannsaka fyrirvaralaust, hvort eignir bankans séu fyrir hendi, og auk þess a.m.k. einu sinni í mánuði, hvort það fé sé í sjóði hjá þeim starfsmönnum bankans, sem fé hafa undir höndum og á að vera í þeirra vörslum. Á sama hátt skulu útibúin rannsökuð. Þá er endurskoðendunum boðið að gera bankastjórn og bankaráði viðvart, verði þeir varir við vanrækslu eða telji, að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera.

Samkvæmt 45. gr. skyldu endurskoðendurnir gefa skýrslu um störf sín til bankaráðs og ráðherra, er fylgja skyldi ársreikningi bankans, svo og endranær, þegar þeim þætti ástæða til.

Samkvæmt lögum um viðskiptabanka nr. 86, 1985, sem tóku gildi 1. janúar 1986, voru lagðar ríkari skyldur á endurskoðendur banka, sbr. VII. kafla þeirra.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 67, 1976, hafa löggiltir endurskoðendur réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ákærði taldi, að á árinu 1982 hefði að sínu mati vantað nokkuð á, að nægar tryggingar væru fyrir útlánum til Hafskips hf., og hefði hann gert athugasemdir við þetta á fundi með bankastjórn í júní 1982, þar sem til umræðu var milliuppgjör bankans pr. 30.4. 1982. Þá hefði hann seint á árinu 1984 kannað sérstaklega skuldabréf og allar skuldbindingar Hafskips hf. við bankann. Taldi hann þá, að nokkuð vantaði upp á, að tryggingar væru nægar fyrir útlánum, sem þá höfðu verið veitt. Komið hefði fram á vinnufundum með ákærðu Ólafi og Halldóri Ágústi öðrum hvorum megin við áramótin 1984 - 1985, að verið væri að huga að frekari tryggingatökum og að bankinn hefði krafist frekari hlutafjáraukningar í félaginu.

Eins og áður er getið, var ríkari skylda lögð á herðar endurskoðendum viðskiptabanka með hinum nýju lögum frá árinu 1985. Í eldri lögum um Útvegsbanka Íslands og reglugerð, sem sett var með stoð í þeim, er þess hvergi getið, að endurskoðendur banka skuli gefa álit á reikningum, og hvergi er þar minnst á greiðslutryggingar. Samkvæmt þessu fólst endurskoðunin samkvæmt eldri lögunum aðallega í innra eftirliti.

Gegn neitun ákærða Inga Randvers er ekki komið fram, að hann hafi á umræddum tíma látið undir höfuð leggjast sem kjörinn og löggiltur endurskoðandi Útvegsbankans að rækja framangreinda eftirlitsskyldu sína vegna viðskipta bankans við Hafskip hf. Leitt er í ljós, að ákærði yfirfór gögn bankans við endurskoðun sína, þ. á m. milliuppgjör og ársreikninga frá Hafskipi hf., sem höfðu verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoð-

anda. Mátti ákærði byggja á því, að þeir væru réttir og sýndu rétta mynd af fjárhag félagsins, enda þurfti ákærði ekki að kanna sérstaklega verk annars löggilts endurskoðanda án sérstaks tilefnis, sbr. og það, sem rakið hefur verið um starfsskyldur hans.

Með hliðsjón af því, sem hér var rakið, ber að sýkna ákærða Inga Randver.

Sakaferill ákærðu, sem sakfelldir eru.

Ákærði Helgi hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ekki áður hlotið refsingu, en ákærðu Björgólfur og Páll Bragi hafa nokkrum sinnum hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot, sem ekki skiptir máli við refsiákvörðun.

Refsingar.

Eins og þegar er fram komið, eru 14 af hinum ákærðu sýknaðir.

Refsingar ákærðu, sem sakfelldir eru, verða ákveðnar með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sakaferli þeirra og því, að ákærði Björgólfur stóð fljótlega skil á andvirði víxla þeirra, sem hann er sakfelldur fyrir að hafa dregið sér.

Refsing ákærða Björgólfs Guðmundssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði og ákærða Páls Braga fangelsi í tvo mánuði, en þar sem hvorugur hefur áður brotið gegn hegningarlögum, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsinga þeirra, og niður skulu þær falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi þeir hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Refsing ákærða Helga þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing hennar 20 daga varðhald, sem ákærði telst með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga hafa afplánað með 20 daga gæsluvarðhaldi sínu, sem frá greinir hér á eftir.

Gæsluvarðhald.

Sex hinna ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi á árinu 1986 sem hér segir:

Ákærði Björgólfur frá 21. maí kl. 17.47 til 18. júní kl. 14.07, í 28 daga.

Ákærði Ragnar frá 21. maí kl. 18.37 til 18. júní kl. 14.07, í 28 daga.

Ákærði Páll Bragi frá 21. maí kl. 17.15 til 7. júní kl. 15.10, í 17 daga.

Ákærði Helgi frá 21. maí kl. 18.55 til 9. júní kl. 21.00, í 20 daga.

Ákærði Sigurþór Charles frá 21. maí kl. 16.45 til 26. maí kl. 19.30, í 6 daga.

Ákærði Þórður Hafsteinn frá 21. maí kl. 18.18 til 28. maí kl. 19.00, í 8 daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal framangreint gæsluvarð-

hald ákærðu Björgólfs og Páls Braga koma refsingum þeirra til frádráttar, komi þær til framkvæmda, 28 dagar hjá hinum fyrrnefnda, en 17 dagar hjá hinum síðarnefnda.

Krafa um sviptingu réttinda löggilts endurskoðanda.

Þess er krafist í málinu, að ákærði Helgi verði með dóminum sviptur réttindum löggilts endurskoðanda samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

68. gr. almennra hegningarlaga hefur að geyma skilyrði þess, að maður verði sviptur heimild, sem hann hefur öðlast til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna. Skilyrðin eru þau, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þá má svipta menn þessum rétti, þegar brot er stórfellt og maður telst ekki framar verður að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Það er mat dómsins, að brot ákærða Helga séu ekki stórfelld, og er hann því sýknaður af kröfu ákæruvaldsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Sakarkostnaður verður ákveðinn með hliðsjón af 140. gr., 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Gerðar hafa verið kröfur um málsvarnarlaun fyrir lögmennina Berg Guðnason héraðsdómslögmann og Hjört Torfason, fyrrverandi hæstaréttarlögmann, sem gegndu í fyrstu verjendastörfum fyrir ákærðu Árna og Jóhann Sigurð, en létu af störfum undir rekstri málsins. Verður þóknun þeirra ákveðin ásamt öðrum sakarkostnaði.

Málsvarnarlaun ákveðast sem hér segir:

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björgólfs, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 3.000.000 króna og skulu greiðast að 1/20 hluta af ákærða, en 19/20 hlutum af ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Páls Braga, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 1.700.000 krónur og skulu greiðast að 1/40 hluta af ákærða, en 39/40 hlutum af ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Helga, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 2:100.000 krónur og skulu greiðast að 1/40 hluta af ákærða, en 39/40 hlutum af ríkissjóði.

Önnur málsvarnarlaun skulu greiðast úr ríkissjóði og ákveðast sem hér segir:

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður 2.800.000 krónur vegna ákærðu Ragnars og Árna.

Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður 200.000 krónur vegna ákærða Árna.

Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Sigurþórs Charlesar.

Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Þórðar Hafsteins.

Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Halldórs Ágústs.

Andri Árnason héraðsdómslögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Lárusar.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Ólafs.

Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Axels.

Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Inga Randvers.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærðu Valdimars, Garðars, Kristmanns og Jóhanns Sigurðar.

Hjörtur Torfason, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, 200.000 krónur vegna ákærða Jóhanns Sigurðar.

Örn Höskuldsson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Arnbjörns.

Ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Helgi skulu greiða óskipt í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 300.000 krónur.

Ákærði Björgólfur skal greiða annan sakarkostnað að 1/20 hluta og ákærðu Páll Bragi og Helgi að 1/40 hluta hvor. Að öðru leyti skal annar sakarkostnaður greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði Björgólfur Guðmundsson sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði Páll Bragi Kristjónsson sæti fangelsi í tvo mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Björgólfs og Páls Braga, og niður skulu þær falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Komi refsingar ákærðu Björólfs og Páls Braga til framkvæmda, skal koma til frádráttar gæsluvarðhald þeirra, hins fyrrnefnda 28 dagar, en hins síðarnefnda 17 dagar.

Ákærði Helgi Magnússon greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem telst afplánuð með 20 daga gæsluvarðhaldi ákærða.

Ákærðu Ragnar Kjartansson, Árni Árnason, Sigurþór Charles Guðmundsson, Þórður Hafsteinn Hilmarsson, Halldór Ágúst Guðbjarnason, Lárus Jónsson, Ólafur Helgason, Axel Kristjánsson, Ingi

Randver Jóhannsson, Valdimar Indriðason, Arnbjörn Kristinsson, Garðar Sigurðsson, Kristmann Karlsson og Jóhann Sigurður Einvarðsson eru allir sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Helgi Magnússon er sýknaður af kröfu um sviptingu réttinda löggilts endurskoðanda.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björgólfs, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 3.000.000 króna og skulu greiðast að 1/20 hluta af ákærða, en 19/20 hlutum af ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Páls Braga, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 1.700.000 krónur og skulu greiðast að 1/40 hluta af ákærða, en 39/40 hlutum af ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Helga, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 2.100.000 krónur og skulu greiðast að 1/40 hluta af ákærða, en 39/40 hlutum af ríkissjóði.

Önnur málsvarnarlaun skulu greiðast úr ríkissjóði og ákveðast sem hér segir:

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður 2.800.000 krónur vegna ákærðu Ragnars og Árna.

Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður 200.000 krónur vegna ákærða Árna.

Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Sigurþórs Charlesar.

Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Þórðar Hafsteins.

Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Halldórs Ágústs.

Andri Árnason héraðsdómslögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Lárusar.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Ólafs.

Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærða Axels.

Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Inga Randvers.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður 1.000.000 króna vegna ákærðu Valdimars, Garðars, Kristmanns og Jóhanns Sigurðar.

Hjörtur Torfason, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, 200.000 krónur vegna ákærða Jóhanns Sigurðar.

Örn Höskuldsson hæstaréttarlögmaður 650.000 krónur vegna ákærða Arnbjörns.

Ákærðu Björgólfur, Páll Bragi og Helgi skulu greiða óskipt í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 300.000 krónur.

Ákærði Björgólfur skal greiða annan sakarkostnað að 1/20 hluta og ákærðu Páll Bragi og Helgi að 1/40 hluta hvor. Að öðru leyti skal annar sakarkostnaður greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 7. júní 1991.

Nr. 433/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Andrési Þorsteini Sigurðssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Fiskveiðibrot. Álitsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1989 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjókort nr. 32 athuganir og staðarákvarðanir varðskipsins Óðins hinn 2. október 1989 á togskipinu Halkíon, VE 105, sem var að togveiðum út af Mýrdalsvík. Í greinargerð skólastjórans 10. febrúar 1990 segir svo:

„Niðurstöður útsetninga minna í sjókorti nr. 32 koma heim og saman við útsetningar varðskipsmanna í dómskjali nr. 2 og *sýna b/v Halkion óyggjandi innan við 4ra mílna landhelgislínuna h. 2. október sl. kl. 18.43 og frá kl. 19.51 til kl. 20.35,* er varðskipið kom að b/v Halkíon og lagðist fyrir utan togskipið, sem var þá með vörpuna úti."

Niðurstöður staðarákvarðana og útsetninga skólastjórans á b/v Halkíon, VE 105, eru þessar:

Staður		kl. 18.43	b/v	Halkíon	0,15	sml.	innan landhelgislínu
"	2	kl. 19.16	"	"	0,10	"	utan landhelgislínu
"	3	kl. 19.25	"	"	0,10	"	utan landhelgislínu
"	4	kl. 19.31	"	"			á landhelgislínunni

Staður	5	kl. 19.51	“	“	0,25	sml.	innan landhelgislínu
“	6	kl. 20.02	“	“	0,40	“	innan landhelgislínu
“	7	kl. 20.11	“	“	0,30	“	innan landhelgislínu
“	8	kl. 20.19	“	“	0,30	“	innan landhelgislínu
“	9	kl. 20.21,5	“	“	0,35	“	innan landhelgislínu
“	10	kl. 20.27,5	“	“	0,25	“	innan landhelgislínu
“	11	kl. 20.31	“	“	0,25	“	innan landhelgislínu
“	12	kl. 20.35	“	“	0,10	“	innan landhelgislínu“.

Í greinargerð skólastjórans segir enn fremur:

„Varðandi athuganir og staðarákvarðanir b/v Halkíons á tölvuskjá (plotter), sem stýrt er af lórantæki, skal tekið fram, að athuganir með lórantækjum, sérstaklega svo nærri landi, þar sem radíómerki frá lóranstöðinni fara yfir land, geta aldrei gefið sömu nákvæmni við staðarákvarðanir og mælingar með ratsjá.

Það er því ekki óeðlilegt, að athugaðir staðir á þessu svæði, sem einvörðungu eru gerðir með mælingum á lóran, hafi talsvert frávik frá staðarákvörðunum, sem eru framkvæmdar með nákvæmari tækjum og nærtækum mælipunktum. ... Nákvæmar skekkjumælingar á þessu svæði hafa mér vitanlega ekki farið fram eða verið gefnar út, en seinkun lóranmerkjanna veldur því, að tímamunur, sem tækið mælir, verður hærri en ella, sem aftur veldur því, að staður skips, sem einvörðungu treystir á lórantækið, verður sunnar (utar) og austar en landfræðilega réttur staður er.“

II.

Af hálfu ákærða var aflað álits Sigurjóns Hannessonar, fyrrverandi skipherra, á framangreindri skýrslu skólastjóra Stýrimannaskólans. Er álitsgerð Sigurjóns dagsett 17. apríl 1990. Hann telur, að í skýrslunni sé ekki tekið viðeigandi tillit til þeirra skekkjumarka radarsins, sem framleiðandi hans gefur upp. Þá hafi ekki heldur verið tekið tillit til annarra óvissuþátta við mælingar á vegalengdum. Er niðurstaða Sigurjóns sú, „að ekki sé víst, að Halkíon, VE-105, hafi verið innan 4 sml. markanna í umrætt sinn“.

Vilmundur Víðir Sigurðsson, kennari í siglingafræðum við Stýrimannaskólann í Reykjavík, var af hálfu ákærða fenginn til að fara

yfir útsetningar Sigurjóns Hannessonar. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri „mjög vafasamt, að skipið hafi verið innan landhelgismarkanna".

Að fengnum þessum álitsgerðum fór ríkissaksóknari fram á dómkvaðningu þriggja sérfróðra matsmanna til þess „að meta og láta uppi álit á nákvæmnismörkum staðarákvarðana þeirra", sem gerðar voru á skipinu, og skyldu þeir meta „þau hámarksfrávik, sem hinir dómkvöddu menn telja rök fyrir að gera ráð fyrir ákærða í hag og þeir telja, að geti samtímis haft áhrif allar á sama veg við endurteknar mælingar eins og þær 12 staðarákvarðanir, sem gerðar voru á Halkíon VE 105 umrætt sinn". Til starfans voru dómkvaddir 8. maí 1990 Þorgeir Pálsson prófessor, Guðmundur Björnsson mælingaverkfræðingur og Benedikt H. Alfonsson stýrimannaskólakennari. Er matsgerð þeirra dagsett 22. febrúar 1991. Matsmenn fóru á vettvang 29. maí 1990 með varðskipinu Óðni til að kanna aðstæður af eigin raun og prófa eftir föngum þær aðferðir og búnað, sem notaður var til að staðsetja skipið. Guðmundur Björnsson fór einnig 17. september 1990 og gerði nákvæmar landmælingar á staðsetningu viðmiðunarpunkta, sem notaðir voru af varðskipsmönnum við staðarákvörðun á skipinu. Matsmenn létu þróa sérstakan hugbúnað til að gera staðarákvarðanir út frá mælingum varðskipsins ásamt nákvæmnismörkum. Þeir notuðu staðalfrávik í fjarlægðarmælingunni sem nemur 0,1 sjómílu, sem þýðir í reynd, að skekkjumörkin eru +/- 0,2 sjómílur með 95% líkindum. Að því er varðar nákvæmnismiðun, var reiknað með 2° í staðalfráviki, sem þýðir, að skekkjumörk í miðun eru +/- 4° með 95% líkindum. Staðarákvarðanir fyrir skipið voru reiknaðar út með tölvureikningum á grundvelli framangreindra skekkjumarka og með því að nota hnit kennileita, sem fengust með sérstökum landmælingum. Niðurstöður matsmanna voru þær, að í þremur mælingum, sem gerðar voru á tímabilinu kl. 19.51 til 21.31, taldist Halkíon vera innan fjögurra mílna markanna með meira en 98% líkindum í hverri mælingu, og í þremur mælingum til viðbótar eru þessi líkindi nánast 98%. „Þar sem um er að ræða svo margar sjálfstæðar mælingar, verður að telja óyggjandi, að Halkíon hafi verið innan fjögurra mílna markanna í a.m.k. einni mælingu".

Sigurjón Hannesson og Vilmundur Víðir Sigurðsson komu fyrir

dóm og staðfestu álitsgerðir sínar. Þá komu matsmenn einnig fyrir dóm og staðfestu álitsgerðina.

Það athugast, að matsmenn voru samtímis fyrir dómi að svara spurningum um álitsgerðina, og er það andstætt 3. mgr. 102. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

III.

Eins og frá greinir í héraðsdómi, var ekki gert ráð fyrir skekkjumörkum við staðarákvarðanir þær, sem varðskipið Óðinn gerði á Halkíon, VE-105, umrætt sinn. Skipherra Óðins var að því spurður fyrir dómi, hvort skekkjan væri svo lítils háttar, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir henni. Hann kvað svo ekki vera, heldur væri það „venja hjá okkur, ef við finnum skekkjur, þá tökum við þær fram, en þær eru ekki settar út, við setjum út staðina, eins og við mælum þá, og síðan er það meðdómanda að yfirfara það, ef hann telur ástæðu til. Í þessu tilfelli er þetta mjög einfalt mál, því að ef þessi skekkja yrði útfærð á staðina, þá yrði hún fiskiskipinu í óhag, það myndi færa það innar, þar sem það væri".

Eins og að framan greinir, reiknuðu matsmenn staðsetningu Halkíons út frá reikningslegum forsendum, en ekki þeim gögnum, sem lögð höfðu verið til grundvallar af varðskipsmönnum og öðrum þeim, sem unnið höfðu að málinu. Þessar stærðfræðilegu reikningsaðferðir matsmanna eru með öðrum hætti en aðferðir, sem til þessa hafa verið notaðar í landhelgismálum við staðsetningu skipa.

Þegar varðskipsmenn gerðu staðarákvarðanir sínar, var varðskipið aðeins í fárra sjómílna fjarlægð frá Halkíon og frá þeim stöðum á landi, sem ákvarðanirnar voru miðaðar við. Gat hugsanleg skekkja í mælitæki því ekki haft veruleg áhrif. Mæling með ratsjá var hin nákvæmasta, sem unnt var að beita á þessu svæði. Ákærði mældi ekki fyrir togleið skipsins í nefnt sinn, en studdist við feril fyrra togs.

Með hliðsjón af skýrslu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, þar sem hann staðfestir mælingu varðskipsmanna, verður að telja sannað, að b/v Halkíon, VE-105, hafi verið innan við fjögurra mílna landhelgislínuna hinn 2. október 1989. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdóms, og er brot ákærða þar rétt fært til refsiákvæða, en skipið er 222 brúttórúmlestir og 32,73 lengdarmetrar.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Kostnaður af máli þessu eftir áfrýjun þess er orðinn óvenjumikill. Meðal þess kostnaðar eru reikningar frá Verkfræðistofnun Háskóla Íslands vegna vinnu við þróun hugbúnaðar og útreikninga á staðsetningu og skekkjumörkum b/v Halkíons svo og reikningur frá Hniti hf. vegna þóknunar fyrir vinnu við innmælingu á viðmiðunarstöðum. Ekki þykir rétt að láta ákærða bera allan þennan kostnað. Þykir hæfilegt, að hann greiði 1/4 hluta matskostnaðar og annan áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Þorsteinn Sigurðsson, greiði 250.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 90 daga.

Afli og veiðarfæri b/v Halkíons, VE-105, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði 1/4 hluta matskostnaðar svo og allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. október 1989.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjali, dagsettu í gær, á hendur Andrési Þorsteini Sigurðssyni, Áshamri 54, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélskipinu Halkíon, VE-105, fyrir „fiskveiðibrot með því að hafa að kvöldi mánudagsins 2. október 1989 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 222 brúttórúmlestir og 32,73 lengdarmetrar, á svæði í fiskveiðilandhelgi Íslands

suður af Mýrdalsvík og innan 4 sjómílna viðmiðunarlínu, þar sem botnvörpuveiðar voru skipinu óheimilar.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., lið C 6, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948, og lög um breyting á þeim lögum nr. 45, 1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

II.

Málsatvik.

Síðdegis mánudaginn 2. október sl. var varðskipið Óðinn við eftirlitsstörf suður af Mýrdalsvík grunnt undan landi. Kom þá fram á ratsjártæki varðskipsins skip, sem virtist vera grunsamlega nærri 4 sjómílna landhelgislínunni. Gerði 1. stýrimaður, vitnið Einar Heiðar Valsson, nú fjórar staðarákvarðanir á skipinu, og reyndist það vera við landhelgislínuna eða örlítið fyrir innan hana. Við næstu staðarákvörðun, sem vitnið gerði, reyndist skipið vera 0,25 sjómílur fyrir innan fjögurra sjómílna mörkin. Við næstu staðarákvörðun, sem framkvæmd var af vitninu og yfirstýrimanni, vitninu Halldóri Gunnlaugssyni, reyndist skipið vera komið allmikið inn fyrir umrædda landhelgislínu, þ.e.a.s. um 0,50 sjómílur fyrir innan hana. Var þetta sjötta staðarákvörðunin, sem framkvæmd var. Staðarákvarðanirnar voru gerðar á Sperry-MK-16-ratsjá varðskipsins, og gerðu varðskipsmenn nú athugun á ratsjánni, og reyndist miðunarskekkja vera + 000.°7, og var skipið þá í 3,2 sjómílna fjarlægð frá varðskipinu.

Alls voru gerðar 12 staðarákvarðanir á skipinu, og við þær staðarákvarðanir, sem gerðar voru eftir þetta, var auk framangreindra tveggja vitna viðstaddur skipherra varðskipsins, vitnið Friðgeir Olgeirsson.

Næstu tvær staðarákvarðanirnar, sem gerðar voru með átta mínútna millibili, sýndu skipið 0,40 sjómílur fyrir innan fjögurra sjómílna landhelgislínuna, og níunda staðarákvörðun, sem gerð var tæpum þremur mínútum eftir þá áttundu, sýndi skipið 0,30 sjómílur fyrir innan nefnda landhelgislínu.

Varðskipið, sem hafði verið í um þriggja sjómílna fjarlægð frá því skipi, sem verið var að athuga, sigldi nú í átt að skipinu. Við næstu staðarákvörðun, sem gerð var sjö mínútum síðar og sýndi, að skipið væri 0,35 sjómílur fyrir innan fjögurra sjómílna mörkin, var varðskipið einungis í tveggja sjó-

mílna fjarlægð frá því, enda hafði varðskipið þá verið sett á fulla ferð í átt að skipinu. Við næstu staðarákvörðun, þá elleftu, sem sýndi, að skipið var 0,30 sjómílur fyrir innan fjögurra sjómílna mörkin, og framkvæmd var fjórum mínútum síðar, hafði varðskipið nálgast skipið verulega og var nú einungis í 1,1 sjómílu fjarlægð frá skipinu. Var klukkan þá orðin hálfníu að kvöldi, en fyrsta staðarákvörðunin hafði verið gerð laust fyrir klukkan sjö sama kvöld. Við síðasttöldu staðarákvörðunina notuðu varðskipsmenn viðmiðunarstaðina Arnardrang og Mávadrang, en í öllum fyrri mælingum voru viðmiðunarstaðirnir Reynisdrangar og Arnardrangur. Í skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, dskj. III, 1, sem hefst þannig:

„Mánudaginn 2. október 1989 stóð varðskipið bv. Halkíon, VE-105, sknr. 1652, að meintum ólöglegum veiðum suður af Mýrdalsvík", segir m.a.:

„Kl. 20.33 var stöðvunarmerki, L, gefið með morslampa.

Kl. 20.35 sást, að þetta var Halkíon, VE-105. Einnig sáust togvírar liggja aftur frá VE-105. Gerð var eftirfarandi staðarákvörðun:

Arnardrangur: fj. 10,1 sml.

Mávadrangur: fj. 4,5 sml.

Varðskipið var þá sunnan við VE-105. (Skiph., ystm. og 1. stm.) Gefur þetta stað varðskipsins um 0,15 sml. fyrir innan 4 sml. mörkin.

Kl. 20.58 fóru ystm., 1. stm. og háseti til athugunar um borð í VE-105. Skipstjóri VE-105 sagði sig hafa kastað um kl. 19.00, hift, rétt áður en varðskipið kom að honum, og snúið, en ekki tekið vörpuna um borð.

Kl. 21.08 var skipstjóra VE-105 sagt að hífa upp vörpuna. Gerðar voru mælingar á vörpunni, sem reyndist vera í lagi.

Kl. 21.39 var skipstjóri VE-105 fluttur um borð í varðskipið. Voru skipstjóra VE-105 sýndar staðsetningar varðskipsmanna. Kvað hann feril skipsins rétt markaðan, nema hvað hann taldi sig hafa verið mun utar en mælingarnar sýndu.

Kl. 23.20 var skipstjóra VE-105 sagt að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað.

Veður: SV-1-2, skýjað. Sjór: 3-4.

Staðarákvarðanir eru gerðar á SPERRY-MK-16-ratsjá. Kl. 20.02 var gerð eftirfarandi athugun á ratsjánni:

Reynisdrangar:	fj. 3,95 sml.	
Arnardrangur:	fj. 5,2 sml.,	miðun 057,°3.
Arnardrangur:	rétt	miðun 058,°0.
Miðunarskekkja:		+ 000,°7.

Ekki er gert ráð fyrir þessari skekkju í útsetningum. Einnig var fjarl-

hringur nr. 1 ath., og reyndist hann réttur. Staðir skipsins eru markaðir í meðf. sjókorti nr. 32.

Friðgeir Olgeirsson skipherra (sign.)".

Í málinu hefur ákærði lagt fram útdrátt úr dagbók bv. Halkíons, VE-105, dskj. III,5, og kemur þar eftirfarandi fram:

„Um kl. 21.00 kallaði varðskipið Óðinn í okkur og bað mig að stöðva (sic). Um kl. 21.15 komu varðskipsmenn, og tilkynntu þeir, að ég hefði farið 0,5 sjómílur innan (sic) landhelgislínumarka. Tel ég mig hafa verið staddan 0,3 sjómílur utan línu, samkvæmt lóran. Samkvæmt athugun reyndist lóran vera réttur. Samkvæmt þessum athugunum passar þetta ekki saman.

Kl. 21.30 fer ég yfir í varðskip og ræði við skipherrann. Er farið yfir allar staðarákvarðanir. Eftir það segir hann mér að sigla til Vestmannaeyja. Kem ég aftur um borð kl. 23.50. Tímatökur eru ekki nákvæmar. Mæla þeir pokann og fara yfir skipsskjöl, og reynist allt vera í lagi.

Andrés Þorsteinn Sigurðsson (sign.)."

Dómsrannsókn hófst þegar í gærdag. Í dóminum hafa gefið skýrslur ákærði svo og skipherra, yfirstýrimaður og 1. stýrimaður varðskipsins. Einnig hafa þeir dómkvöddu matsmenn, sem mátu afla og veiðarfæri bv. Halkíons, VE-105, komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina, dskj. VII. Framburður er eins og hér greinir:

Ákærði, sem viðurkenndi ekki brot sitt, sagðist álíta, að hann hefði verið að veiðum með skip sitt fyrir utan fjögurra sjómílna landhelgislínuna. Við veiðarnar hefði hann notað lóran-staðarákvörðunartæki, sem flytti upplýsingar á tölvuskjá (plotter) skipsins. Hann sagðist hafa togað eftir öðru gömlu togi, sem var fyrir í „plotternum", en í þessu togi hefði togferill skipsins ekki verið markaður. Hann kvaðst hafa farið eftir þessu gamla togi, og þar sem sú togslóð hefði legið fyrir utan markaða landhelgislínu á „plotternum", hefði hann ekki talið sig þurfa að gera sjálfstæðar staðarákvarðanir. Hann kvaðst auk þess hafa togað fyrir utan skipsflak, sem markað sé inn á sjókort nr. 32 (Sæbjargarflakið). Hann kvaðst telja, að ratsjármælingar varðskipsmanna á skipi sínu væru ekki réttar, þar sem þær lægju innan við umræddan togferil og sýndu skipið fyrir innan fjögurra sjómílna landhelgislínuna og meira en hann teldi, að lóranskekkju gæti numið. Hann kvað yfirstýrimann varðskipsins hafa bent sér á, að lóranskekkja á þessu svæði gæti numið u.þ.b. 0,3 sjómílum, en sjálfur kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir, að hún væri svona mikil. Í umrætt sinn kvaðst hann hafa verið að enda veiðiferð og afli verið rúm 27 tonn. Hann lagði fram sjókort, þar sem kom fram, að hann hefði í þessu togi

kastað vörpunni kl. 19.00, og sagði, að þar sem vitnað væri til sín í skýrslu skipherrans, væri rétt eftir sér haft. Hann sagði, að umrætt tog hefði verið í dimmumótunum. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir varðskipinu, þegar hann kastaði, heldur síðar á toginu, en ekki haft neinar áhyggjur af því, þar sem hann taldi sig vera á löglegu svæði, og haldið áfram að toga. Ákærði staðfesti dagbókarútdráttinn, dskj. III,5.

Vitnið Friðgeir Olgeirsson skipherra staðfesti skýrslu sína og kvaðst telja, að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefði ákærði verið á meintum ólöglegum togveiðum á því svæði, sem skýrsla vitnisins og framlagt sjókort, dskj. III,2, greindu. Vitnið benti á, að ákærði hefði í viðræðum um borð í varðskipinu sagt við þá, að hann hefði engar mælingar gert, heldur eingöngu notað „plotter". Auk þess hefði þar komið fram, að hann hefði sérstaklega miðað við skipsflak, sem merkt sé inn á sjókortið, og talið sig vera fyrir sunnan það. Vitnið gaf í einstökum atriðum nánari skýringar á skýrslu sinni, og kom þar m.a. fram, að við staðarákvörðun kl. 20.35, er sýndi varðskipið 0,15 sjómílur fyrir innan fjögurra sjómílna mörkin, hefði bv. Halkíon, VE-105, verið u.þ.b. tvær til þrjár skipsbreiddir fyrir norðan varðskipið. Vitnið kvaðst hafa yfirfarið útsetningar stýrimanna sinna í sjókortið dskj. III,2. Með tilvísun í minnisdagbók varðskipsins, dskj. III,3, sagði vitnið, að lóranaflestri hefði borið saman. Vitnið lýsti veðri þannig, að það hefði verið súld, en þeir hefðu séð skipið, meðan á mælingum stóð, enda hefði það verið sérstaklega mikið upplýst. Vitnið veitti því hins vegar ekki athygli, hvort skipið var með togljós uppi. Vitnið gerði grein fyrir því, að ef gert hefði verið ráð fyrir miðunarskekkju í útsetningu, hefði það verið ákærða í óhag. Vitnið kvað mælingapunkta þá, sem notaðir hefðu verið, mjög góða. Vitnið gat þess, að þeir hefðu dregið fjögurra sjómílna landhelgislínuna út frá grunnlínupunktum nr. 27 og 28, Kötlutangi, Lundadrangur, og sérgreint hana með svartri línu, eins og sjókortið dskj. III,2 sýndi. Vitnið taldi, að mælingar gerðar með ratsjártæki væru miklu traustari en þær, sem gerðar væru með lóran. Vísaði vitnið þar til reynslu sinnar, sem segði, að fram kæmu ákveðnar skekkjur, þegar lóran væri notaður nálægt landi, mismunandi eftir staðháttum. Vitnið taldi ratsjártæki varðskipsins í lagi.

Vitnið Halldór Gunnlaugsson yfirstýrimaður kvaðst telja, að skýrsla skipherrans, dskj. III,1, væri rétt, og staðfesti, að það hefði gert þær mælingar, þar sem stöðuheitis vitnisins væri getið. Vitnið staðfesti, að það hefði spurt ákærða um nákvæmni lórans, og hefði ákærði viðurkennt, að um einhverja skekkju væri að ræða. Vitnið kvaðst hins vegar telja, að þessi skekkja gæfi skipið allt að 0,5 sjómílum norðar en lóran gæfi til kynna. Vitnið sagði, að útsetningar í dskj. III,2 væru samkvæmt framkvæmdum ratsjármælingum og sem um getur í skýrslu skipherrans.

Vitnið Einar Heiðar Valsson staðfesti skýrslu skipherrans sem rétta. Vitnið sagði, að höfuðkompás gíróáttavitans hefði verið borinn saman við dótturkompásana í brúnni, og hefðu þeir reynst réttir. Þetta hefði verið gert við upphaf þessarar ferðar.

III.

Niðurstaða.

Undir rekstri málsins framkvæmdi dómarinn af sjálfsdáðum skoðun á gíróáttavita varðskipsins, og reyndist hann vera réttur. Sú athugun var þannig gerð, að þegar farið var hjá Klettsnefinu í Vestmannaeyjum, var varðskipið látið stefna á suðurhorn Bjarnareyjar. Engin gíróskekkja var á þeirri stefnu. Síðan var haldið í Faxasund og stefna sett þaðan í Þrídrangavita. Engin gíróskekkja var heldur á þeirri stefnu. Notað var sjókort nr. 321, sem var um borð í varðskipinu. Samanburði á höfuðkompás og dótturkompásum bar saman. Í sömu ferð voru athugaðir fjarlægðarhringir ratsjárinnar, sem notuð var við mælingarnar, og reyndust þeir réttir.

Viðurkennt er af ákærða, að hann var með skip sitt, bv. Halkíon, á togveiðum frá kl. 19.00 mánudaginn 2. október sl. út af Vík í Mýrdal. Ákærði heldur því að vísu fram, að hann hafi verið á löglegum veiðum, enda hafi veiðar farið fram utan fjögurra mílna landhelgislínunnar. Á það sjónarmið ákærða verður eigi fallist. Í málinu hefur ekkert komið fram, sem hnekkir þeim mælingum varðskipsmanna, sem gefa stað skipsins allt að 0,5 sjómílur innan leyfilegrar landhelgislínu. Óumdeilt er, eins og að framan greinir, að ákærði var á togveiðum í umrætt sinn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir nægilega sannað gegn andmælum ákærða, að hann hafi síðdegis mánudaginn 2. október verið með skip sitt, bv. Halkíon, VE-105, á ólöglegum togveiðum suður af Mýrdalsvík, eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, en þar er hegðun ákærða nægilega og rétt lýst og hún færð til réttra refsilagaákvæða.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 3. október sl., jafngilda 100 gullkrónur 3.536,76 krónum.

Ákærði, Andrés Þorsteinn Sigurðsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 7. desember 1962 og hefur samkvæmt framlögðu vottorði frá Sakaskrá ríkisins ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Með hliðsjón af 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17 gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976 og málsatvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 250.000, en vararefsing ákveðst varðhald í 90 daga.

Afli bv. Halkíons, VE-105, var metinn til peningaverðs af dómkvöddum mats- og skoðunarmönnum, þeim Hallgrími Júlíussyni netagerðarmeistara og Sigurði Gunnarssyni yfirfiskimatsmanni, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu í mati sínu:

„Veiðarfæri:		
2 stk. 80 feta kassatroll	161,000/ 322.000	
2 — bobbingalengjur	99,000/ 198.000	
1 sett hlerar, 950 kg.	126.000	
1 — hlerar (lélegir)	55.000	
2x500 faðm. togvírar, 2 ¾	173.500	
2½ sett grandarar, 2 ¾	21.000	
2 sett grandarar 2"	13.200	
1 stk. karfapoki	45.500	
1 — yfirbyrði	6.710	
4 — 2 og 3 spóla í væng	8.500/ 34.000	
1 einfalt undirbyrði	2.000	
3 bols-bekkir	4.700/ 14.100	
2 bols-svuntur	6.200/ 12.400	
1 pokastykki	10.994	
2 undirbyrði	21.000/ 42.000	
1 hliðarbyrði	5.940	
60 kg net (varastykki)	471/ 28.260	
Kúlur, garn og tóg	18.000	1.128.604
Afli:		
7080 kg þorskur 47/59	336.937	
8350 — ýsa, 1. fl., 47/59	397.376	
4170 — ýsa, 2. fl., 33/3i	138.903	
4120 — ufsi 25/24	103.989	
2400 — karfi 21/59	51.816	
250 — langa 23/80	5.950	
150 — steinbítur 25/18	3.777	
900 — koli 34/20	30.780	1.069.528
27,420 kg		
10% kassauppbót af kr. 930.625		93.063
	Samtals:	2.291.195

Eins og krafist er í ákæruskjali ríkissaksóknara, ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 að gera framangreindan afla bv. Halkíons svo og veiðarfæri skipsins, þar með talda dragstrengi, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., sem hæfilega ákveðast kr. 60.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Friðriki Ásmundssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Þorsteinn Sigurðsson, greiði 250.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 90 daga.

Öll veiðarfæri bv. Halkíons, VE-105, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innan borðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. júní 1991.

Nr. 386/1989. **Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Ingimundi hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Sjóveðsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1989. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 263.110 krónur með 56,4% ársvöxtum frá 3. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags í héraði, 22. nóvember 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir tildæmdum fjárhæðum í Helgu, RE 49, sbr. 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nr. 7117/1990, en þá kom fyrir dóm vitnið Guðmundur Ingi Sigurvinsson.

Fram er komið, að til orðasennu kom milli áfrýjanda og skipstjóra út af veiðarfærum. Fallast ber á það álit héraðsdóms, að ummæli skipstjórans hafi ekki mátt skoðast sem uppsögn miðað við aðstæður. Héraðsdómur skal því vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson, greiði stefnda, Ingimundi hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er höfðað af Sigurbirni Rúnari Kristjánssyni stýrimanni, kt. 111059-3819, Háuhlíð 10, Sauðárkróki, með stefnu, þingfestri 22. nóvember 1988, á hendur útgerðarfélaginu Ingimundi hf., kt. 660169-4159, Súðarvogi 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 263.110 með 56,4% ársvöxtum frá 3. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og vaxta á málskostnað 15 dögum frá birtingu dóms.

Enn fremur krefst stefnandi sjóveðsréttar fyrir tildæmdum fjárhæðum í Helgu, RE-49, skv. 1. tl. 197. gr. l. nr. 34/1985.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að í ágústmánuði 1987 hafi hann verið ráðinn 1. stýrimaður á Helgu, RE-49, en það skip sé í eigu stefnda. Þriðjudaginn 3. maí 1988, er skipið var að rækjuveiðum með trolli, hafi stefnandi tekið eftir því, að trollið fór illa í sjó. Hafi verið ákveðið að stytta í svokölluðum „höfuðlínugranda", næst þegar veiðarfærin yrðu dregin um borð. Hafi þessi lagfæring verið gerð skömmu síðar með fullu samþykki skipstjórans. Eftir að veiðarfærin voru látin aftur í sjó, hafi skipstjórinn komið að máli við stefnanda og sagt, að engin breyting hefði orðið á veiðarfærunum, auk þess sem stefnandi hefði örugglega mælt vitlaust, þar sem hann notaði gleraugu. Hefði komið til snarpra orðaskipta þeirra í millum, sem lauk með þeim hætti, að skipstjóri hefði sagt stefnanda, að hann gæti komið sér í land. Er stefnandi kom í land, hefði hann haft samband við skrifstofu stefnda og rætt þar við Ara nokkurn skrifstofumann. Hefði Ari boðið stefnanda að vinna hinn lögbundna þriggja mánaða uppsagnarfrest, og hefði stefnandi fallist á það að fengnu samþykki skipstjórans. Seinna sama dag hefði stefnandi rætt við Ara aftur og einnig Ármann Friðriksson, stjórnarformann stefnda, og hefði þá verið samhljóða niðurstaða þeirra, að stefnandi ætti ekki rétt á neinum uppsagnarfresti.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi byggir á því, að hann hafi haft gildan ráðningarsamning, er skipstjóri Helgu, RE-49, vék honum fyrirvaralaust úr starfi 3. maí 1988, enda hafi fagleg orðaskipti ekki gefið skipstjóra tilefni til uppsagnar stefnanda.

Stefnandi vísar einnig til sjómannalaga nr. 35/1985 kröfu sinni til stuðnings. Með vísan til ofanritaðs telji stefnandi sig eiga fullan rétt til launa í þrjá mánuði frá fyrirvaralausri uppsögn að telja, þ.e.a.s. frá 3. maí til 3. ágúst 1988, sbr. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 35/1985. Í kröfugerð sé miðað við kauptryggingu og fastakaup skv. kaupskrám LÍÚ og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

1.	Kauptrygging 3. maí — 3. ágúst 1988	232.943
2.	Fastakaup sama tíma	4.735
3.	Orlof 10,17%	25.432
	Samtals	263.110

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi vísar í málavaxta til skýrslu Viðars Benediktssonar skipstjóra á dskj. nr. 10, þar sem ágreiningi skipstjórans og stefnanda er lýst þannig, að Sigurbjörn hafi ekki verið sammála skipstjóranum um stillingu á efri gröndurum á veiðarfærum, og hefði hann verið með áróður þess efnis um borð við áhöfnina. Skipstjórinn hefði komið niður í borðsal 3. maí 1988 og bent Sigurbirni á skekkju á teikningu, sem hann var með, af lásum í göndurunum. Hefði Sigurbjörn brugðist ókvæða við og sagt: „Troddu þessu upp í rassgatið á þér." Hefði skipstjóri þá reiðst og svarað að bragði: „Troddu þér upp á bryggju, þegar við komum í land." Til frekari orðaskipta hefði ekki komið milli þeirra í túrnum. Sigurbjörn hefði verið ráðinn um borð sem 2. stýrimaður og 1. í afleysingum, og hefði hann verið 2. stýrimaður í umræddum túr. 4. maí 1988 hefði hann gengið af skipinu með allt sitt dót án þess að tala við skipstjórann og biðjast afsökunar á þessari ósvífni. Síðar sama dag hefði Ari Guðmundsson, skrifstofumaður hjá Ingimundi hf., haft samband við skipstjóra og spurt, hvað hefði skeð í sambandi við Sigurbjörn, og hefði skipstjóri svarað því til, að hann hefði farið í land með allt sitt dót án þess að tala við kóng eða prest.

Stefndi mótmælir þeim skilningi, sem fram kemur í aðilaskýrslu stefnanda, að ummælin „og hann skyldi bara troða þessum andskotans lásum upp í rassgatið á sér" falli undir hugtakið „fagleg orðaskipti". Þá mótmælir stefndi því algerlega sem rangri fullyrðingu, að skipstjóri hafi vikið stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúminu með þeim ummælum, að stefnandi gæti

troðið sér upp á bryggju, þegar í land væri komið. Hér hafi eingöngu verið um að ræða reiðiviðbrögð við þeim grófu og ruddalegu ummælum stefnanda, sem að framan greinir. Ekki verði séð, hvernig stefnandi hafi getað tekið ummæli skipstjóra alvarlega eða bókstaflega, fyrst stefnandi ætlaðist ekki til þess, að skipstjóri tæki ummæli hans alvarlega eða bókstaflega, enda hvort tveggja sagt í skyndibræði.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi sjálfur gefið sér það, að hann hefði verið rekinn af skipinu. Þar sem um slíkt hafi alls ekki verið að ræða af hálfu skipstjóra, heldur hafi stefnandi ákveðið sjálfur að hætta fyrirvaralaust á skipinu, eigi hann engan rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar.

Stefndi leggur áherslu á þá grundvallarreglu vinnuréttar, að sá aðili í vinnuréttarsambandi, sem haldi því fram, að um fyrirvaralausa brottvísun hafi verið að ræða, verði að sanna þá fullyrðingu sína, sé því mótmælt af hálfu hins aðilans. Beri stefnandi því sönnunarbyrðina um, að honum hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skipinu 3. maí 1988.

Að vísu verði að telja, að skipstjóri hafi mælt þau orð við stefnanda, sem áður greinir, í sennu aðila 3. maí 1988. Stefnandi verði þó ekki talinn hafa haft heimild til að leggja þann skilning í þau, að skipstjóri ætlaðist til þess, að stefnandi færi þegar alfarinn úr skiprúmi, enda hafi stefnanda verið innan handar að krefja skipstjóra þegar yfirlýsingar um það, hvort orðin skyldi skilja á þann veg, en það hafi stefnandi ekki gert. Verði því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, sbr. hæstaréttardóm 1941, 82.

III.

Niðurstaða.

Málsatvik eru óumdeild. Telja verður ljóst, að þau ummæli skipstjóra, sem urðu tilefni þess, að stefnandi yfirgaf skipið, hafi verið sögð í bræði í orðasennu þeirra í milli og eftir að stefnandi hafði látið falla ummæli í garð skipstjóra, sem hann taldi ruddaleg.

Ekki verður á það fallist með stefnanda, að ummæli skipstjóra: „Troddu þér upp á bryggju, þegar við komum í land", — feli í sér ótvíræða uppsögn úr starfi, og bar stefnanda að ganga úr skugga um, að sá hefði verið tilgangur skipstjóra með ummælunum. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi sjálfur vikið úr skiprúmi fyrirvaralaust. Ósannað er, að hann hafi farið fram á að fá að vinna í uppsagnarfresti, og liggur fyrir, að hann hafði sjálfur aldrei samband við skipstjóra vegna þessa, en upplýst er, að skipstjóri réð hann á skipið á sínum tíma og hafði með mannaráðningar að gera.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 80.000, þ.m.t. söluskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, útgerðarfélagið Ingimundur hf., Súðarvogi 6, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sigurbjörns Rúnars Kristjánssonar, Háuhlíð 10, Sauðárkróki, í máli þessu.

Stefnandi, Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson, greiði stefnda, útgerðarfélaginu Ingimundi hf., kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. júní 1991.

Nr. 239/1991. **Kristján Óli Hjaltason**
gegn
Kristni Sigurjónssyni.

Kærumál. XVII. kafli l. 85/1936. Sönnunarfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. maí sl. Kærður er úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar sama dag. Ályktarorð hans hljóða svo: „Í máli þessu verða ekki leidd vitni né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni." Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka skýrslur af vitnunum Þóreyju Hvanndal og Svölu Brjánsdóttur svo og stefndu í héraði sóknaraðila, Úlfari Nathanaelssyni og Sigurjóni Guðbjörnssyni. Þá gerir hann kröfu til kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt úrskurði héraðsdómara frá 30. apríl sl. er mál þetta rekið fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Sóknaraðili byggir í greinargerð í héraði á því, að framlagt skuldabréf sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið, og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. l. og 2. mgr. sömu greinar, komast þessar varnir að í málinu, og er sönnunarfærsla um þær heimil. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og heimila gagnaöflun um þær varnir, er að komast samkvæmt tilvitnaðri grein.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 15. maí 1991.

Stefndi, Kristján Ó. Hjaltason, hefur ekki í greinargerð sinni haft uppi neinar þær varnir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Á dómþingi 3. maí sl. lét lögmaður stefnda bóka, að hann byggði vörn sína á því, að umdeilt skuldabréf væri falsað. Í kæru lögmannsins til RLR, sbr. dskj. nr. 9, kemur fram, að hér er átt við meinta fölsun á útgáfudegi skuldabréfsins. Málsástæða þessi er of seint fram komin, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og liggur ekki fyrir samþykki stefnanda við því, að hún komist að í málinu. Verður enda ekki séð, að skipt geti máli, að dagsetningu útgáfudags hafi verið breytt.

Í 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 felst, að varnir skv. þeirri grein verða ekki sannaðar með skýrslutökum. Vegna þessa og með vísan til 1. mgr. 115. gr. sömu laga verða ekki leidd vitni í máli þessu né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.

Á l y k t a r o r ð:

Í máli þessu verða ekki leidd vitni né teknar skýrslur af stefndu, Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.

Fimmtudaginn 13. júní 1991.

Nr. 47/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Birgi Magnússyni
(Guðmundur Markússon hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds. Er þess krafist, að sakfellt verði samkvæmt ákæru, að refsing verði þyngd og að tími ökuleyfissviptingar verði lengdur.

Með framburði vitnanna Sæmundar Einars Valgarðssonar og Ragnhildar Vilhjálmsdóttur er sannað, að ákærði ók bifreiðinni JI-221 aðfaranótt 27. maí 1989 gegnt rauðu umferðarljósi inn á gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Þessi akstur var mjög gálauslegur og hættulegur og þeim mun háskalegri fyrir þá sök, að akurssskilyrði voru mjög slæm, þar sem myrkur var, rigning og blautt færi. Með þessum vítaverða akstri átti ákærði sök á harkalegum árekstri við bifreiðina R-7969, sem olli því, að farþeginn í bifreið hans, Ólöf Kristjánsdóttir, kastaðist út úr bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hún lést þremur dögum síðar.

Með þessu atferli sínu og akstri bifreiðarinnar án tilskilinna réttinda hefur ákærði gerst brotlegur við þau refsiákvæði, sem í ákæru greinir. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um refsingu, ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Birgir Magnússon, greiði allan áfrýjunar-

kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Markússonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í skýrslum ökumanns og farþega í bifreiðinni R-7969 kemur fram, að umferðarljós fyrir akstur yfir Kringlumýrarbraut hafi skipt af grænu yfir á gult, meðan bifreiðin var á leið yfir nyrðri akbraut Miklubrautar. Með hliðsjón af þessu og öðrum upplýsingum tel ég sönnunargögn í málinu gefa til kynna, að ákærði hafi ekið bifreiðinni JI-221 yfir stöðvunarlínu á syðri akbraut Miklubrautar í þann mund, sem umferðarljós fyrir þann akstur skiptu af rauðu yfir á gult, en ekki verður ályktað með vissu af framburði vitnisins Sæmundar Einars Valgarðssonar, að hann hafi séð stöðu ljósanna á því augnabliki, og vitnið Ragnhildur Vilhjálmsdóttir sá hana ekki. Jafnframt sýna gögnin, að ákærði ók of hratt að gatnamótunum miðað við það, hve erfitt var að stöðva bifreiðina eða hægja á ferð hennar við hin slæmu akstursskilyrði. Eftir afleiðingum árekstursins að dæma virðist hann hafa reynt þetta án nægilegs árangurs, en sjálfur man hann ekkert eftir atvikum að slysinu.

Með þessum athugasemdum tel ég, að hinn áfrýjaði dómur eigi að vera óraskaður að öðru en því, að svipting ökuréttinda gagnvart ákærða vari 12 mánuði. Ég er sammála öðrum dómendum um áfrýjunarkostnað.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 31. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1972/1990: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Birgi Magnússyni.

Málið, sem dómtekið var 9. október sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 31. júlí 1990, á hendur Jóhanni Birgi Magnússyni, Gili, Kjalarnesi, fæddum 15. apríl 1972, fæðingarnúmer 369, fyrir að aka í myrkri og rigningu aðfaranótt laugardagsins 27. maí 1989 án tilskilinna ökuréttinda bifreiðinni JI-221 austur vinstri akrein Miklubrautar í Reykja-

vík og áleiðis yfir Kringlumýrarbraut, þrátt fyrir það að rauð götuljós loguðu fyrir akstursstefnu hans, með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á hópbifreiðina R-7969, sem ekið var suður Kringlumýrarbraut á hægri akrein. Við áreksturinn kastaðist farþegi í framsæti bifreiðar ákærða, Ólöf Kristjánsdóttir, fædd 27. apríl 1971, út úr bifreiðinni og hlaut útbreitt heilamar, sem leiddi hana til dauða þremur dögum síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 5. gr., 1. og 2. mgr., stafliði a, b, c og h, 36. gr., og b-lið 1. mgr. 50. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 37. gr. reglugerðar um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. nr. 787/1983, sbr. 6. gr. reglug. nr. 116/1988.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var tilkynnt kl. 0.39 27. maí 1989, að umferðarslys hefði orðið á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Þar höfðu rekist saman bifreiðarnar JI-221 á leið austur Miklubraut á vinstri akrein og R-7969, sem ekið var suður Kringlumýrarbraut. Við áreksturinn fór farþegi í framsæti bifreiðarinnar JI-221, Ólöf Kristjánsdóttir, kt. 270471-3319, í gegnum framrúðu bifreiðarinnar og féll í götuna. Þegar lögreglumenn bar að, hafði hún verið færð inn í sjúkrabifreið, sem flutti hana á slysadeild Borgarspítalans, en þaðan var hún færð þungt haldin á gjörgæsludeild, þar sem hún lést þremur dögum síðar. Ákærði, Jóhann Birgir, var einnig fluttur á slysadeild slasaður, og reyndist ekki unnt að yfirheyra hann. Í bifreiðinni R-7969 voru ökumaður hennar, María Haukdal Styrmisdóttir, og farþegi í framsæti, Kristín R. Höskuldsdóttir. Voru þær fluttar á slysadeild, en fengu að fara þaðan að lokinni rannsókn. Lögreglumenn höfðu tal af Maríu á slysadeild. Tjáði hún þeim, að hún hefði ekið bifreiðinni R-7969 suður Kringlumýrarbraut á hægri akrein. Þegar hún nálgaðist gatnamótin hjá Miklubraut, hefði logað grænt ljós fyrir umferð á hennar akurslein, en gult logaði, þegar bifreið hennar var komin yfir stöðvunarlínu. Kvaðst María ekki hafa séð til bifreiðar ákærða fyrr en í þann mund, er bifreiðarnar rákust saman, og ekkert náð að gera til að reyna að afstýra því.

Á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar eru umferðarljós. Samkvæmt lögregluskýrslu voru þau þannig stillt, að fyrst var leyfð umferð austur og vestur Miklubraut, þá leyfð umferð til vinstri af Miklubraut norður og suður Kringlumýrarbraut og loks leyfð umferð norður og suður Kringlumýrarbraut.

Í lögregluskýrslu er aðstæðum lýst svo, að myrkur var, en góð lýsing á gatnamótunum, skýjað og rigning. Malbikað yfirborð vegar var blautt.

Í skýrslu lögreglunnar kemur fram, að bifreiðin JI-221 sé hópbifreið af gerðinni Mecedes Benz, sem sé skráð í bifreiðaskrá fyrir 13 farþega og sé í eigu Féfangs hf., Hafnarstræti 7. Lagt hefur verið fram endurrit úr bifreiðaskrá Bifreiðaskoðunar Íslands hf. frá 9. júlí 1990. Þar kemur fram, að bifreiðin JI-221 sé skráð fyrir 17 farþega og eigin þyngd bifreiðarinnar sé 2720 kg.

Guðlaugur Einarsson lögreglumaður gerði uppdrátt af vettvangi, sem sýnir staðsetningu bifreiðanna JI-221 og R-7969 við gatnamót Kringlumýrarbrautar eftir árekstur.

Lögregluskýrsla og vettvangsuppdráttur liggja frammi í málinu. Ekki eru fyrirliggjandi gögn, er sýni, að rannsókn hafi farið fram á búnaði og ásigkomulagi bifreiðanna.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður í Reykjavík 26.-27. maí 1989 segir, að kl. 24.00 26. maí hafi vindátt verið af suðsuðaustri, rigning, skyggni 8 km og hiti 7,4 stig. Í sama vottorði segir, að kl. 3.00 27. maí hafi verið sunnanátt, úði og regn, skyggni 2 km og hiti 6,7 stig.

Ólöf Kristjánsdóttir lést 30. maí 1989 kl. 12.30 á gjörgæsludeild Borgarspítalans. Í áverkavottorði segir, að Ólöf hafi haft höfuðáverka og röntgenmynd sýnt útbreitt heilamar, sem talið sé, að hafi ásamt minni áverkum verið dánarorsök. Réttarkrufning var ekki framkvæmd að ósk aðstandenda.

Ákæði, Jóhann Birgir Magnússon, kvaðst hafa verið ökumaður bifreiðarinnar JI-221 umrætt kvöld. Hann minnti, að hann hefði verið staddur við Umferðarmiðstöð BSÍ laust eftir miðnætti 26. maí 1989. Hann kvað Ólöfu heitna hafa verið með sér í bifreiðinni, þegar hann ók henni af stað heimleiðis. Aðspurður kvað ákærði Ólöfu hafa verið unnustu sína, og hefði hún ætlað að fara með honum heim til hans. Ólöf hefði setið í hægra framsæti bifreiðarinnar, en þar væri sæti fyrir einn farþega. Sætinu væri hægt að halla fram til að hleypa farþegum inn og út úr bifreiðinni. Á sætinu var öryggi, sem losa þurfti um, til að hægt væri að halla því fram. Ákærði kvað engin bílbelti hafa verið í bifreiðinni, hvorki fyrir ökumann né farþega í hægra framsæti. Ákærði kvaðst margsinnis hafa reynt að rifja upp atburði, frá því að hann ók af stað frá Umferðarmiðstöðinni, en ekki tekist það. Hann gat ekki tímasett nánar, hvenær hann var við Umferðarmiðstöðina. Hann kvaðst ekki heldur muna, hvaða leið hann hefði ekið, en segist vanalega hafa ekið í vestur frá Umferðarmiðstöðinni og beygt austur Hringbraut á gatnamótum hennar og Njarðargötu. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað fór á milli hans og Ólafar í bifreiðinni, frá því að þau lögðu upp frá Umferðarmiðstöðinni. Ákærði sagðist hafa fengið mikið höfuðhögg og

læknar tjáð sér, að hann hefði höfuðkúpubrot, marist á heila og vatn komist milli höfuðkúpu og heila. Um ökuréttindi kvaðst ákærði sérstaklega aðspurður hafa talið sig vera með réttindi til aksturs bifreiða undir 5000 kg að heildarþyngd og gerðar eru fyrir 8 eða færri farþega, en þann skilning lagði hann í ökuréttindi B, þegar hann hlaut þau. Hann kvaðst hafa talið sig hafa réttindi til að aka bifreiðinni JI-221, þar sem hún hefði verið léttari en 5 tonn. Ákærði kveðst hafa fengið ökuréttindi 19.5.1989. Hann kvaðst hafa fengið bifreiðina JI-221 lánaða hjá föður sínum og kvaðst hafa verið orðinn vanur akstri bifreiðarinnar.

Vitnið María Haukdal Styrmisdóttir kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-7969 suður Kringlumýrarbraut eftir hægri akrein og verið á leið til Hafnarfjarðar. Vitnið kvaðst hafa ekið inn á Kringlumýrarbraut við Borgartún. Með vitninu í bifreiðinni hefði verið vinkona þess, Kristín R. Höskuldsdóttir, sem setið hefði í framsæti hægra megin. Þær hefðu báðar verið með bílbelti spennt. Vitnið sagði, að ökuljós bifreiðarinnar hefðu verið kveikt. Vitnið kvað skyggni hafa verið mjög slæmt. Vitnið kvaðst hafa ekið á 40 km hraða m/v klst., þegar bifreið þess kom að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Grænt ljós hefði logað fyrir umferð suður Kringlumýrarbraut. Þegar bifreið þess hefði verið komin fram hjá umferðareyju, sem skilur að akbrautir Miklubrautar, kvaðst vitnið hafa séð til ferða hvítrar sendibifreiðar austur Miklubraut inn á gatnamótin og í veg fyrir bifreið þess. Vitnið kvaðst einnig hafa séð kyrrstæða bifreið við gatnamótin með akstursstefnu austur Miklubraut. Vitninu hefði brugðið mjög, þegar það sá hvítu sendibifreiðina, og ekkert getað gert til að afstýra því, að bifreiðarnar rækjust saman. Vitnið kvað höggið af árekstrinum hafa lent framarlega á hægri hlið bifreiðar þess. Þegar bifreið vitnisins hefði stöðvast eftir áreksturinn, hefði það stigið út úr bifreiðinni og þá séð stúlku liggja í götunni. Vitnið kvaðst þá hafa orðið miður sín og muna ekki frekar atburði, fyrr en það var flutt á slysadeild Borgarspítalans. Vitnið kvaðst ekki muna glöggt, hvernig staða umferðarljósa var fyrir akstursleið þess, eftir að bifreið þess var komin yfir stöðvunarlínu á gatnamótunum, en kvað það geta verið rétt, að gult ljós hefði kviknað, þegar bifreið þess var rétt komin yfir stöðvunarlínuna, svo sem haft var eftir því í frumskýrslu lögreglu.

Vitnið Kristín Ragna Höskuldsdóttir kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R-7969, sem vinkona þess, María Haukdal Styrmisdóttir, hefði ekið. Vitnið kvaðst hafa setið í hægra framsæti bifreiðarinnar. Bifreiðinni hefði verið ekið suður Kringlumýrarbraut. Vitnið kvað grænt ljós hafa logað fyrir umferð suður Kringlumýrarbraut, þegar bifreiðin hefði verið skammt frá gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Vitnið kvaðst ekki vita, hver hraði bifreiðarinnar var, þar sem það hefði ekki séð á hraðamæli hennar. Vitnið kvaðst ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar JI-221 fyrr en

rétt í þann mund, er bifreiðarnar rákust saman. Vitnið kvað bifreiðinni JI-221 hafa verið ekið austur Miklubraut fram hjá kyrrstæðri leigubifreið við gatnamótin. Vitnið kvað bifreiðarnar hafa rekist mjög harkalega saman, og hefði bifreiðin R-7969 kastast til vinstri, runnið áfram í suðurátt og síðan stöðvast skammt sunnan gatnamótanna á gagnstæðum vegarhelmingi fyrir umferð norður Kringlumýrarbraut. Þegar bifreiðin hefði stöðvast, hefði vitnið stigið út úr henni ásamt vitninu Maríu, sem hefði verið í uppnámi vegna atburðanna.

Vitnið Sæmundur Einar Valgarðsson kvaðst hafa ekið leigubifreiðinni R-4475 suður Lönguhlíð. Á mótum Lönguhlíðar og Miklubrautar hefði það stöðvað bifreiðina andartak, en því næst beygt austur Miklubraut. Vitnið kvað skyggni hafa verið slæmt. Í bifreiðinni hefði verið einn farþegi, Ragnhildur Vilhjálmsdóttir. Vitnið kvaðst hafa ekið bifreið sinni eftir hægri akrein austur Miklubraut. Þegar bifreið vitnisins kom að gatnamótunum, hefði logað rautt ljós fyrir akstursstefnu þess austur Miklubraut, og það hefði því stöðvað bifreið sína. Einnig hefði logað rautt ljós fyrir akstur af Miklubraut norður og suður Kringlumýrarbraut. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt athygli Benz-rútubifreið, sem ekið hefði verið austur Miklubraut í átt að gatnamótunum. Vitnið hefði fylgst með akstri bifreiðarinnar í hliðarspegli á vinstri hurð bifreiðar þess. Kvað vitnið rútubifreiðina hafa haldið sama hraða, er hún hefði nálgast gatnamótin, og taldi vitnið henni hafa verið ekið of hratt með tilliti til þess, að rautt ljós hefði logað fyrir akstursleið hennar. Þegar Benz-rútubifreiðin hefði nálgast bifreið vitnisins á vinstri akrein, kvaðst það hafa séð til ferða bifreiðar, sem ekið var suður Kringlumýrarbraut inn á gatnamótin. Vitnið kvað Benz-rútubifreiðinni hafa verið ekið vinstra megin fram hjá bifreið þess og vitnið þá gert sér grein fyrir, að árekstur var óumflýjanlegur. Bifreiðarnar hefðu rekist mjög harkalega saman. Við áreksturinn kvað vitnið bifreiðina, sem var á leið austur Miklubraut, hafa lyfst upp að aftan, skollið niður aftur, dansað til á götunni og snúist. Þá hefði vitnið séð stúlku kastast í götuna og velta þrjár til fjórar veltur á götunni. Vitnið kvaðst hafa litið á umferðarljósin, þegar bifreiðarnar voru að stöðvast eftir áreksturinn, og séð, að rautt ljós hefði logað fyrir umferð austur Miklubraut og til vinstri af Miklubraut norður Kringlumýrarbraut. Vitnið kvaðst ekki hafa séð stöðu ljósa fyrir umferð eftir Kringlumýrarbraut.

Vitnið Ragnhildur Vilhjálmsdóttir kvaðst hafa verið farþegi í leigubifreiðinni R-4475 og setið hægra megin í aftursæti hennar. Vitnið kvað bifreiðinni hafa verið ekið eftir hægri akrein austur Miklubraut að gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, þar sem ökumaður hennar hefði stöðvað bifreiðina, vegna þess að rautt ljós hefði logað fyrir akstursleið hennar. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir stöðu ljósa fyrir umferð

til vinstri af Miklubraut norður Kringlumýrarbraut. Skömmu eftir að leigubifreiðin hefði verið stöðvuð, hefði bifreið verið ekið fram hjá leigubifreiðinni. Kvaðst vitnið ekki hafa séð bifreiðina, en hafa heyrt þyt af henni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð tildrög slyssins, en það hefði séð hvíta bifreið snúast á götunni fyrir framan leigubifreiðina. Síðan kvaðst vitnið hafa séð stúlku liggjandi á götunni skammt fyrir framan leigubifreiðina. Vitnið kvaðst þá hafa stigið út úr leigubifreiðinni og hugað að stúlkunni. Vitnið sagði stúlkuna hafa legið með höfuð vísandi austur, fætur í vestur, en andlit snúið í suðurátt. Þá hefðu komið þar að tvær stúlkur, og hefði önnur þeirra verið í uppnámi.

Vitnið Ólafur Baldursson kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-9968 vestur Miklubraut í átt að gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Þegar bifreið þess var stödd við bensínstöð Shell vestan (sic) gatnamótanna, hefði staða umferðarljósa verið þannig, að skipt hefði verið af gulu yfir á rautt ljós fyrir akstursstefnu af Miklubraut suður Kringlumýrarbraut. Kvaðst vitnið þá hafa dregið úr ferð bifreiðar sinnar, þar sem rautt ljós logaði þá fyrir akstursleið þess vestur Miklubraut. Þegar bifreið vitnisins hefði nálgast gatnamótin, hefði það séð, að slys hafði orðið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð bifreiðarnar rekast saman, en því hefði virst það nýafstaðið. Kvaðst vitnið hafa ekið bifreið sinni yfir gatnamótin, þegar grænt ljós hefði logað fyrir akstursstefnu þess, og stöðvað bifreið sína við umferðareyju, sem skilur að akbrautir Miklubrautar. Vitnið kvað margt fólk hafa verið komið á vettvang, og kvaðst vitnið hafa séð, að bifreiðarstjórinn, sem tilkynnti slysið, hefði verið stiginn út úr bifreið sinni.

Niðurstöður.

Eftir skilgreiningu 2. gr. umferðarlaga nr. 50, 1989, er ljóst, að bifreiðin JI-221 er hópbifreið og að sérstök ökuréttindi eru tilskilin til aksturs slíkrar bifreiðar samkvæmt 37. gr. reglugerðar nr. 787/1983, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 116, 1988, og samkv. 2. mgr. 50. gr. skal ekki veita yngri mönnum en 20 ára rétt til að stjórna slíkri bifreið, og með því að ákærði hafði ekki öðlast ökuréttindi fyrir 1. mars 1988, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 116/1988, og hann hafði skv. ökuskýrslum einungis almenn ökuréttindi og því ekki réttindi til aksturs framangreindrar bifreiðar.

Þá er með vætti vitnisins Sæmundar Einars, sem fær stoð í vætti vitnanna Maríu Haukdal, Kristínar Rögnu og Ragnhildar Vilhjálmsdóttur, nægilega sannað, að ákærði ók bifreiðinni JI-221 inn á gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, þrátt fyrir það að rautt umferðarljós logaði á götuvitanum um umferð á akstursleið bifreiðarinnar austur Miklubraut, og þegar virtur er vitnisburður vitnanna Sæmundar og Ragnhildar og niðurstöður vettvangsrannsóknar, má telja fullvíst, að hraði bifreiðar-

innar var of mikill miðað við, að ákærði var að aka yfir gatnamótin, og áðurgreind aksturskilyrði og hann sýndi ekki nauðsynlega aðgát við akstur, en engin hemlaför sáust á vettvangi til merkis um það, að ákærði hefði rétt fyrir áreksturinn séð til bifreiðarinnar R-7969, sem ekið var suður yfir gatnamótin eftir Kringlumýrarbraut, og hemlað til að reyna að afstýra árekstri. Afleiðing þessa varð, að bifreið ákærða lenti af miklu afli á bifreiðinni R-7969, sem hafði í för með sér, að bifreiðarnar skemmdust mikið og ökumenn og farþegar í bifreiðunum slösuðust, og leiddu meiðsli, sem farþeginn í bifreið ákærða, Ólöf, hlaut við að kastast út úr bifreiðinni, til þess, að hún andaðist þremur dögum síðar, svo sem lýst er í ákæru, og hefur ákærði með þessu atferli gerst brotlegur við þau refsiákvæði, sem í ákæru greinir.

Refsing o.fl.

Ákærði hefur hvorki sætt kæru né refsingu svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af 57. gr. a alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, og eftir öllum atvikum málsins hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt, sem greiðist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi í 10 daga.

Enn fremur sæti hann varðhaldi í 30 daga, en eftir atvikum má fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Andra Árnasonar hdl., kr. 30.000, auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Birgir Magnússon, greiði 25.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar þessarar, og niður falli hún að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Andra Árnasonar hdl., kr. 30.000, auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. júní 1991.

Nr. 162/1991
og 186/1991. **Magnús Kristinsson**
gegn
Godda hf.
og
Goddi hf.
gegn
Magnúsi Kristinssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilinn, Magnús Kristinsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. mars 1991 með vísan til 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Kærð er sú úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi frá 27. mars 1991 ,,að fallast ekki á að aflýsa úr veðmálabókum ,,yfirlýsingu og samningi" milli kæranda og Godda hf. frá 7. júní 1989 varðandi lóðina að Smiðjuvegi 2 A, Kópavogi".

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að ofangreind úrlausn þinglýsingardómara varðandi Smiðjuveg 2 A, nú 4 A, verði felld úr gildi og

,,1) Umrædd aflýsing úr veðmálabókum fari fram á ofannefndu skjali.

2) Til vara sé aflýst forkaupsrétti þeim, sem felst í samningnum frá 7. júní 1989."

Af hálfu Godda hf. er framangreindum kröfum mótmælt.

Með kæru 9. apríl 1991 skaut Goddi hf. til Hæstaréttar með vísan til 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þeirri úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi frá 5. apríl 1991:

,,að fallast á að aflýsa úr þinglýsingarbókum úthlutunarbréfi, dags. 15. ágúst 1985, frá Kópavogsbæ til Godda hf. um byggingarlóðina Smiðjuveg 4 A (áður 1 A)".

Er þess krafist, að ofangreind úrlausn þinglýsingardómara varð-

andi Smiðjuveg 4 A verði felld úr gildi, þannig, að úthlutunarbréf Godda hf. standi óbreytt í þinglýsingarbókum.

Af hálfu Magnúsar Kristinssonar er kröfum þessum mótmælt.

Framangreind kærumál hafa verið sameinuð.

I.

Úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi 27. mars 1991.

Frá þinglýsingardómaranum í Kópavogi hafa borist athugasemdir, þar sem fram koma lýsing málavaxta og rök hans fyrir framangreindri ákvörðun.

Málavexti kveður þinglýsingardómarinn vera þá, „...að 15. ágúst 1985 er gefið út úthlutunarbréf fyrir byggingarlóð að Smiðjuvegi 2 A (nú 4 A) í Kópavogi til Godda s/f (nú Goddi h/f). Þessu úthlutunarbréfi er þinglýst 19. ágúst 1985.

18. desember 1987 gera heildverslunin Goddi s/f (nú Goddi h/f) og Magnús Kristinsson með sér makaskiptasamning, er felur í sér, að Magnús seldi Godda h/f tiltekinn eignarhluta sinn í fasteigninni Lynghálsi 3 í Reykjavík, en Goddi h/f seldi Magnúsi byggingarlóð sína að Smiðjuvegi 4 A í Kópavogi. Þessi samningur er ekki færður í fasteignabækur Kópavogs.

7. júní 1989 gera fyrrnefndir aðilar með sér samning („viðbótarsamkomulag"), þar sem Magnús hafði ekki getað aflétt veðskuldum af Lynghálsi 3, sem hann hafði undirgengist að gera skv. 4. gr. makaskiptasamningsins. Efni samkomulagsins var, að Goddi h/f tæki að sér að greiða veðskuldirnar, er hvíldu á Lynghálsi 3, en fengi í staðinn kaupsamning um tvær íbúðir á Veghúsum 21-23-25 í Reykjavík, er Magnús var þá að byggja. Samkomulagið kveður og á um tryggingar, er Magnús setti Godda h/f, þar til að unnt yrði að afsala íbúðunum að Veghúsum til Godda h/f. Tryggingin er fólgin í forkaupsrétti Godda h/f að réttindum Magnúsar í Smiðjuvegi 4 A. Þessi forkaupsréttur skyldi standa, þar til mögulegt yrði að þinglýsa eignarheimild að ofangreindum íbúðum. Að lokum eru ákvæði í samkomulaginu um reikningslegt uppgjör milli aðilanna í tengslum við útgáfu afsalanna. Þessu samkomulagi er þinglýst á Smiðjuveg 4 A 7. júní 1989.

Næsta, sem gerist, er, að 13. mars sl. er lögð inn til þinglýsingar yfirlýsing frá Kópavogskaupstað og Godda h/f um aflýsingu á

úthlutunarbréfi því, er gefið var út 15. ágúst 1985. Tilgreind ástæða þessa var, að Goddi h/f hefði framselt Magnúsi byggingarréttinn með samþykki bæjarins. Jafnframt leggur Magnús inn til þinglýsingar veðleyfi frá Kópavogsbæ. Goddi h/f mótmælti því í bréfi, dags. 13/3 '91, að úthlutunarbréfið yrði afmáð, m.a. með vísan til þess, að skjalið væri illa fengið, en það hefði verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kröfu Godda h/f var hafnað og úthlutunarbréfið afmáð og aðilum tilkynnt sú niðurstaða. Jafnframt var veðleyfinu þinglýst, en um leið var þinglýst afturköllun á veðleyfinu, en yfirlýsing frá Kópavogskaupstað, er bannaði frekari veðsetningar á Smiðjuvegi 4 A án sérstaks leyfis bæjarins, barst til þinglýsingar 26. mars sl.

Að lokum gerist það, að 20. mars 1991 krefst Magnús Kristinsson þess, að samkomulag aðilanna frá 7. júní 1989 verði afmáð úr fasteignabókum Kópavogs. Rök hans voru þau, að hann hefði staðið við samkomulagið, þar sem Goddi h/f hefði nú fengið þinglýst afsölum að tveimur íbúðum í Veghúsum 23 og 25 í Reykjavík, sem hann lagði fram ljósrit af, staðfest af borgarfógetaembættinu. Þessari kröfu Magnúsar var hafnað í bréfi, dags. 27/3 '91. Þessi afstaða þinglýsingardómara er tilefni kærumáls þessa.

Að lokum er þess að geta, að aðilar deila um, hvort fullnaðaruppgjör hafi farið fram milli þeirra, og deila þannig um efndir á ofannefndu samkomulagi aðila frá 7. júní 1989."

Rök þinglýsingardómarans fyrir úrlausn sinni eru þessi:

„Til stuðnings því, að hinu umdeilda samkomulagi megi aflýsa, er í fyrsta lagi vísað til 39. gr. l. 39/1978, en það ákvæði fjallar um aflýsingu þinglýstra skjala. Ekki verður séð, að 2.-4. mgr. ákvæðisins eigi hér við, og virðist því einungis til greina koma 1. mgr. ákvæðisins. Í 1. mgr. 39. gr. l. 39/1978 segir, að eignarhafi skuli aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um, að því megi aflýsa. Í máli þessu er ljóst, að ekki liggur fyrir yfirlýsing frá rétthafa, er heimilar aflýsingu, en rétthafi á Smiðjuvegi 4 A skv. samkomulaginu hlýtur að teljast Goddi h/f, og þannig stendur því einungis eftir fyrri hluti 1. mgr. 39. gr. l. 39/1978.

Í greinargerð með ofangreindu ákvæði þinglýsingalaga segir m.a.: „Ákvæði 35.-38. gr. laganna eiga það sammerkt, að réttar-

áhrif þinglýsingar falla yfirleitt brott, án þess að þinglýst sé sönnun fyrir brottfalli þeirra, þar gætir mjög frumkvæðis dómara, og heimild dómara til að hefjast handa hefur stoð í almennum lagaákvæðum. 39. gr. fjallar hins vegar um það, er þinglýst er sönnun fyrir brottfalli hafts. Þar ræður frumkvæði einstaks rétthafa.“ Í greinargerðinni segir einnig á sama stað: „Grundvöllur undir aflýsingu, sem svo er nefnd, er yfirlýsing rétthafa um, að rétti sé lokið eða megi aflýsa.“

Þegar þetta orðalag greinargerðar með lögunum er skoðað, verður ekki séð, að ráð sé fyrir öðru gert en aflýsing fari ávallt fram fyrir atbeina rétthafa. Þetta á sér annars vegar stoð í orðalaginu um, að frumkvæði einstaks rétthafa ráði því, hvort þinglýsing er sönnun fyrir brottfalli hafts, og hins vegar í því, að grundvöllur undir aflýsingu sé yfirlýsing rétthafa um, að rétti sé lokið eða megi aflýsa. Greinargerðin minnist ekkert á atbeina annars en rétthafa að aflýsingu nema þá með ógildingardómi. Þessi niðurstaða á sér einnig stoð í reglum um aflýsingu veðskuldabréfa og tryggingarbréfa, þar sem rétthafinn verður ávallt að veita heimild til aflýsingar. Sú undanteking, sem gerð er frá atbeina rétthafa að aflýsingu í 3. mgr. 39. gr. l. 39/1978, er sérstaks eðlis, þar sem þar er aðstaðan orðin sú, að atbeini rétthafa verður ekki fenginn, því að ekki er vitað, hver hann er, en slík sérstök undantekningarregla hlýtur enn frekar að styðja þá meginreglu, að atbeina rétthafa þurfi til aflýsingar, svo að talið verði, að sönnun sé fengin fyrir brottfalli hafts. Af þessum ástæðum verður að telja, að aflýsing verði ekki byggð á 39. gr. l. 39/1978 án atbeina Godda h/f, enda er ekkert beint ákvæði í samkomulaginu frá 7. júní 1989, er heimilar Magnúsi Kristinssyni að ná einhliða fram aflýsingu á samkomulaginu, enda er það svo, að ef leggja ætti það undir þinglýsingardóm, hvort samkomulagið væri þannig efnt, að því mætti aflýsa skv. einhliða kröfu Magnúsar, þá væri með því lagt í hendur þinglýsingardómara efnislegt mat á samkomulaginu öllu og efndum þess, en slíkt efnislegt mat á ekki undir þinglýsingardóm, og í því ljósi er rétt að krefjast samþykkis Godda h/f fyrir aflýsingu.

Til stuðnings aflýsingu vísar Magnús Kristinsson einnig til yfirlýsingar Godda h/f og byggingarfulltrúans í Kópavogi, dags. 28/2 '91, og telur, að í henni felist viðurkenning Godda h/f á því, að afl'ýsa

megi samkomulaginu. Á þetta getur þinglýsingardómari ekki fallist, enda er orðalag yfirlýsingarinnar þannig, að ekki verður séð, að hún geti átt við samkomulag Godda h/f og Magnúsar. Þessi yfirlýsing beinist eingöngu að úthlutarbréfinu frá 1985, en minnist hvergi á samkomulagið frá 7. júní 1989 milli Godda h/f og Magnúsar. Þegar af þessari ástæðu verður aflýsing ekki byggð á þessari yfirlýsingu.

Af ofangreindum ástæðum hafnaði þinglýsingardómari aflýsingu, sbr. 5. mgr. 39. gr. l. 19/1978."

Krafa sóknaraðila, Magnúsar Kristinssonar, varðandi þá ákvörðun þinglýsingardómarans að aflýsa ekki „yfirlýsingu og samningi" milli aðila frá 7. júní 1989 er studd þeim rökum, að með því að leggja fram þinglýst afsöl fyrir íbúðunum að Veghúsum 23 og 25 til varnaraðila, Godda hf., og þar sem aflýst hafi verið úthlutun Kópavogskaupstaðar á lóðinni nr. 4 A við Smiðjuveg til Godda hf., sé reikningslegu uppgjöri aðilanna lokið og komin fram lögfull sönnun fyrir því, að niður sé fallin trygging sú, sem hann setti Godda hf. Komi þetta berlega fram af efni umrædds skjals frá 7. júní 1989. Auk þess hafi Haraldur Lýðsson, stjórnarformaður Godda hf., samþykkt þetta með því að undirrita yfirlýsinguna frá 28. febrúar 1991, þar sem fram komi, að Goddi hf. hafi framselt byggingarrétt sinn á lóðinni Smiðjuvegi 4 A (2 A) án nokkurs fyrirvara, og hafi úthlutunarbréf fyrir lóðinni þar með fallið niður með samþykki bæjarsjóðs Kópavogs, sem sé þinglesinn eigandi.

Mótmæli varnaraðila, Godda hf., gegn framangreindri kröfu sóknaraðila eru byggð á því, að það heyri ekki undir þinglýsingardómara að meta, hvort efnislegum skilyrðum samnings aðilanna sé fullnægt. Sóknaraðili skuldi Godda hf. umtalsverðar fjárhæðir og hafi ekki viljað ganga til uppgjörs. Yfirlýsing sú, sem sóknaraðili krefjist, að verði aflýst, sé eina trygging Godda hf. fyrir því, að sóknaraðili greiði skuld sína. Efnislegt mat á því, hvort skilyrðum samnings aðilanna sé fullnægt, beri undir almenna dómstóla.

Eins og hér stendur á, verður „yfirlýsingu og samningi" aðilanna frá 7. júní 1989 ekki aflýst án atbeina Godda hf., sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 39/1978. Ber því að staðfesta ákvörðun þinglýsingardómara um að hafna að aflýsa skjali þessu.

II.

Úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi 5. apríl 1991.

Frá þinglýsingardómaranum í Kópavogi hafa borist athugasemdir skv. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, þar sem fram kemur lýsing málavaxta og rök hans fyrir hinni kærðu ákvörðun.

Málavexti kveður hann vera þá, „...að 15. ágúst 1985 er gefið út úthlutunarbréf fyrir byggingarlóð að Smiðjuvegi 2 A (nú 4 A) í Kópavogi til Godda sf. (nú Goddi hf.). Þessu úthlutunarbréfi er þinglýst 19. ágúst 1985.

18. desember 1987 gera heildverslunin Goddi sf. (nú Goddi hf.) og Magnús Kristinsson með sér makaskiptasamning, er felur í sér, að Magnús seldi Godda hf. tiltekinn eignarhluta sinn í fasteigninni Lynghálsi 3 í Reykjavík, en Goddi hf. seldi Magnúsi byggingarlóð sína að Smiðjuvegi 4 A í Kópavogi. Þessi samningur er ekki færður í fasteignabækur Kópavogs.

7. júní 1989 gera fyrrnefndir aðilar með sér samning („viðbótarsamkomulag"), þar sem Magnús hafði ekki getað aflétt veðskuldum af Lynghálsi 3, sem hann hafði undirgengist að gera skv. 4. gr. makaskiptasamningsins. Efni samkomulagsins var, að Goddi hf. tæki að sér að greiða veðskuldirnar, er hvíldu á Lynghálsi 3, en fengi í staðinn kaupsamning um tvær íbúðir á Veghúsum 21-23-25 í Reykjavík, er Magnús var þá að byggja. Samkomulagið kveður og á um tryggingar, er Magnús setti Godda hf., þar til unnt yrði að afsala íbúðunum að Veghúsum til Godda hf. Tryggingin er fólgin í forkaupsrétti Godda hf. að réttindum Magnúsar í Smiðjuvegi 4 A. Þessi forkaupsréttur skyldi standa, þar til mögulegt yrði að þinglýsa eignarheimild að ofangreindum íbúðum. Að lokum eru ákvæði í samkomulaginu um reikningslegt uppgjör milli aðilanna í tengslum við útgáfu afsalanna. Þessu samkomulagi er þinglýst á Smiðjuveg 4 A 7. júní 1989.

Næsta, sem gerist, er, að 13. mars sl. er lögð inn til þinglýsingar yfirlýsing frá Kópavogskaupstað og Godda hf. um aflýsingu á úthlutunarbréfi því, er gefið var út 15. ágúst 1985. Tilgreind ástæða þessa var, að Goddi hf. hefði framselt Magnúsi byggingarréttinn með samþykki bæjarins. Jafnframt leggur Magnús inn til þinglýsingar veðleyfi frá Kópavogsbæ. Goddi hf. mótmælti því í bréfi, dags. 13/3 '91, að úthlutunarbréfið yrði afmáð, m.a. með vísan til

þess, að skjalið væri illa fengið, en það hefði verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kröfu Godda hf. var hafnað og úthlutunarbréfið afmáð og aðilum tilkynnt sú niðurstaða. Afstaða þinglýsingardómara að afmá úthlutunarbréfið er tilefni kærumáls þessa Jafnframt var veðleyfinu þinglýst, en um leið var þinglýst afturköllun á veðleyfinu, en yfirlýsing frá Kópavogskaupstað, er bannaði frekari veðsetningar á Smiðjuvegi 4 A án sérstaks leyfis bæjarins, barst til þinglýsingar 26. mars sl.

Að lokum gerist það, að 20. mars 1991 krefst Magnús Kristinsson þess, að samkomulag aðilanna frá 7. júní 1989 verði afmáð úr fasteignabókum Kópavogs. Rök hans voru þau, að hann hefði staðið við samkomulagið, þar sem Goddi hf. hefði nú fengið þinglýst afsölum að tveimur íbúðum í Veghúsum 23 og 25 í Reykjavík, sem hann lagði fram ljósrit af, staðfest af borgarfógetaembættinu. Þessari kröfu Magnúsar var hafnað í bréfi, dags. 27/3 '91."

Rök þinglýsingardómarans fyrir ákvörðun sinni eru þessi: „Sem rök fyrir því, að ekki skuli afmá úthlutunarbréfið, er í fyrsta lagi tiltekið, að skjalið sé illa fengið, og það hafi verið kært til RLR með vitneskju þinglýsingardómara, er leiða ætti til þess, að aflýsing geti ekki farið fram á grundvelli skjalsins. Á þessi rök verður ekki fallist, þar sem það eitt að kæra til RLR getur ekki orðið til þess að stöðva þinglýsingu, enda heyrir ekki undir þinglýsingardómara efnislegt mat um það, hvort aðili er löglega kominn að skjali eður ei.

Í öðru lagi er vísað til þess, að 14. gr. l. 42/1903 leiði til þess ásamt samþykktum Godda hf., að tvo stjórnarmenn Godda hf. þurfi til að rita undir yfirlýsinguna, svo að hún bindi félagið. Með þessu er væntanlega átt við, að tvo stjórnarmenn þurfi til að rita firmað, svo að bindandi geti talist. Á þetta verður ekki heldur fallist, enda verður hér að túlka 14. gr. l. 42/1903 með hliðsjón af 25. gr. sömu laga. Í 25. gr. l. 42/1903 kemur fram, að firmahafi getur veitt öðrum umboð til að rita firmað, en þetta umboð nefnist prókúruumboð. Þetta þýðir, að þeir, er rétt hafa til að rita firmað skv. 14. gr. l. 42/1903 og samþykktum félagsins, hafa framselt rétt þann til prókúruhafa, en einn þeirra er Haraldur Lýðsson. Að þessu leyti til er því undirskriftin formlega nægileg, þar sem Haraldur Lýðsson hefur fengið umboð til að rita firmað einn, en innan marka laga.

Í máli þessu er ágreiningurinn uppi um það, hvort undirskrift Godda hf. undir skjalið sé að formi til fullnægjandi, til að þinglýsing geti náð fram, þ.e., hvort Haraldur Lýðsson hafi nægilega heimild til að skrifa undir yfirlýsinguna. Í bréfi Godda hf., dags. 13/3 '91, er því haldið fram, að undirskrift tveggja stjórnarmanna þurfi, svo að skuldbindandi sé fyrir fyrirtækið, og því sé formlegur ágalli á skjalinu, er hindri þinglýsingu. Á þetta verður ekki fallist, enda er það rökstutt hér að ofan, að rétturinn til að rita firmað hefur verið framseldur til prókúruhafa skv. 25. gr. l. 42/1903, en það leiddi til þess, að þinglýsingardómari þurfti að meta, hvort undirskrift prókúruhafa væri nægileg í þessu tilviki eða hvort gerningurinn væri þess eðlis, að stjórn félagsins þyrfti að rita undir skjalið. Skv. 24. gr. l. 39/1978 hvílir sú skylda á þinglýsingardómara að kanna, hvort þeir, er undirrita skjal, hafi til þess heimild, og í greinargerð með ákvæðinu kemur fram, að þegar hlutafélag er útgefandi skjals, skuli kanna hjá hlutafélagaskrá, hvort þeir, er undirrita skjal, hafi til þess heimild, þ.e., að þeir séu úr stjórn félagsins. Í því tilviki, er hér um ræðir, kannaði þinglýsingardómari heimild Haralds Lýðssonar og fékk þær upplýsingar, að hann hefði prókúruumboð og væri jafnframt stjórnarformaður. Þegar það var orðið ljóst, þurfti að meta, hvort þetta umboð Haralds Lýðssonar nægði til undirritunar. Það er hins vegar ekki hlutverk þinglýsingardómara að ganga úr skugga um, hvort Haraldur Lýðsson hafi efnislega heimild til þessa inn á við gagnvart hlutafélaginu sjálfu, enda heyrir slíkt efnislegt mat á samþykktum félagsins ekki undir þinglýsingardóm. Úrlausn þinglýsingardóms sker ekki úr um efnislegt gildi skjalsins og hvort það bindi hlutafélagið að lögum eður ei, heldur sker þinglýsingardómari eingöngu úr um, hvort skjal fullnægi formskilyrðum, svo að því megi þinglýsa, og í því skyni kannar hann m.a. heimildir þeirra, er undirrita skjöl (heimildir þeirra út á við). Það, sem þinglýsingardómari fer eftir í þeim efnum, eru upplýsingar úr hlutafélagaskrá, en þær upplýsingar metur hann síðan gagnvart þeim gerningi, sem fyrir liggur hverju sinni. Þannig veltur þinglýsing hér á því, hvort heimildir þær, er í prókúruumboði felast, séu nægilegar til að rita undir yfirlýsingu þá, er hér liggur fyrir. Þegar þetta er metið, er einungis við að styðjast 25. gr. l. 42/1903. Þannig stóð þinglýsingardómari

frammi fyrir því að meta, hvort gerningurinn væri þess eðlis, að mörkun 25. gr. l. 42/1903 á innihaldi prókúruumboðs hindraði, að undirskrift Haralds Lýðssonar nægði.

Skv. 25. gr. l. 42/1903 felst í prókúruumboði að annast rekstur atvinnu umbjóðanda og rita firmað. Síðan segir orðrétt: „Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð." Ótvírætt er, að í prókúruumboði felst heimild til að rita firmað eins og ákvæðið greinir, en meginspurningin er hins vegar, hvort yfirlýsingin sé þess eðlis, að slíkt umboð nægi ekki, og hér sé um að ræða sölu eða veðsetningu fasteigna Godda hf., sem prókúruumboð nær ekki til. Við mat á því er til efnis yfirlýsingarinnar að líta, en í henni felst ekkert annað en yfirlýsing aðila samnings um, að honum (úthlutunarbréfinu) megi aflýsa, vegna þess að byggingarrétturinn hafi verið framseldur 3. manni. Þannig felur yfirlýsingin eingöngu í sér beiðni um, að samningur aðila, sem er undanfari leigusamnings, verði afmáður úr fasteignabók, þar sem 3. maður hefur fengið réttindin og tekið á sig skyldurnar skv. samningnum með samþykki lóðareiganda. Þannig er með þessum gerningi á engan hátt verið að selja eða veðsetja fasteign í eigu Godda hf., heldur er rétthafi skv. samningi að heimila aflýsingu hans. Að þessu leyti verður strax séð, að takmörkun sú, er 25. gr. l. 42/1903 gerir á prókúruumboði, nær ekki yfir þann gerning, sem hér liggur fyrir.

Þegar þessu er slegið föstu, er næst að kanna, hvort gerningur sá, er hér liggur fyrir, sé þess eðlis að vera á einhvern hátt óvenjulegur eða úr tengslum við rekstur atvinnu Godda hf., svo að rétt væri, að stjórnin kæmi að honum með formlegri undirskrift tveggja stjórnarmanna og að þinglýsingardómara hefði þannig verið rétt að vísa skjalinu frá þinglýsingu. Ef slíkt mat á undir þinglýsingardóm, þá er ljóst, að tilgangur Godda hf. er m.a. kaup og sala eigna og byggingarstarfsemi. Þegar á þennan tilgang er litið og jafnframt litið til þess, að hin umdeilda yfirlýsing er í fullu samræmi við alla ætlan aðila (Godda hf. og Magnúsar Kristinssonar) með viðskiptum sínum, verður að telja, að þessi gerningur sé á engan hátt utan þess rekstrar, er tilgangur Godda hf. markast af, og því nægir undirskrift prókúruhafans Haralds Lýðssonar.

Þegar þetta í heild sinni er virt, lá ekki annað fyrir þinglýsingar-

dómara en að afmá úthlutunarbréfið, enda fullljóst skv. ofangreindu, að ekkert í 25. gr. l. 42/1903 er hér til staðar, er gera ætti það að verkum, að vísa ætti skjali með þessari undirritun frá þinglýsingu vegna skorts á heimild útgefanda þess."

Rök þau, sem höfðu eru uppi af hálfu sóknaraðila, Godda hf., í þessum hluta málsins, eru þau, að honum hafi hinn 15. ágúst 1985 verið úthlutað lóðinni nr. 4 A við Smiðjuveg í Kópavogi, áður Smiðjuvegur 2 A. Úthlutunarbréfinu hafi verið þinglýst. Hann hafi selt varnaraðila, Magnúsi Kristinssyni, eignina 18. desember 1987 með makaskiptasamningi. Varnaraðili hafi ekki staðið sóknaraðila skil á kaupverðinu og skuldi enn töluverðan hluta þess. Sóknaraðili hafi því ekki verið reiðubúinn til að gefa varnaraðila afsal fyrir lóðarréttindum sínum. Byggingarfulltrúinn í Kópavogi hafi hinn 28. febrúar 1991 gefið út yfirlýsingu þess efnis, að umræddu úthlutunarbréfi sóknaraðila skyldi aflýst. Þessa yfirlýsingu hafi sóknaraðili þurft að samþykkja, til þess að aflýsing næði fram að ganga. Málsaðilar hafi gert með sér samkomulag um deilumál sín, og hafi það verið tilbúið til undirritunar. Með samkomulaginu hafi fyrirsvarsmenn sóknaraðila ætlað að samþykkja yfirlýsingu byggingarfulltrúans. Er einn af stjórnarmönnum sóknaraðila hafði undirritað yfirlýsinguna, hafi varnaraðili tekið yfirlýsinguna ófrjálsri hendi og komið henni í hendur þinglýsingardómara. Þetta atferli varnaraðila hafi verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins og þinglýsingardómara greint frá því. Er því haldið fram, að varnaraðili hafi gerst sekur um gripdeild, og hafi þinglýsingardómarinn haft vitneskju um það. Þá sé sá annmarki á skjalinu, að aðeins einn af stjórnarmönnum félagsins hafi undirritað það, en ekki tveir, svo sem lög þess mæli fyrir um, sbr. 14. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Yfirlýsingin hafi því ekki verið bindandi fyrir sóknaraðila. Hún hafi því verið marklaus og ekki skapað varnaraðila neinn rétt að lögum. Þinglýsingardómaranum hafi því borið að neita að aflýsa yfirlýsingunni. Með því að aflýsa yfirlýsingunni hafi þinglýsingardómarinn stefnt hagsmunum sóknaraðila, Godda hf., í voða.

Af hálfu varnaraðila, Magnúsar Kristinssonar, kemur fram, að yfirlýsingin feli í sér staðfestingu á samkomulagi, sem áður hafði komist á milli Kópavogskaupstaðar og sóknaraðila, Godda hf.

Yfirlýsingin hafi ekki að geyma neinn fyrirvara um, að efni hennar tengist uppgjöri við næsta lóðarhafa. Ekki sé um það að ræða, að Kópavogskaupstaður sé hér einhliða að skipa rétti sem yfirstjórnandi byggingarmála, enda komi fram í yfirlýsingunni, að ráðstöfun sú, sem þar um getur, sé gerð að beiðni sóknaraðila. Undirritun stjórnarformanns undir skjalið sé fullnægjandi og bindandi fyrir sóknaraðila, enda sé fram komið, að algengt sé, að undirskriftum fyrir félagið sé hagað með þeim hætti. Megi ályktа, að hann telji sig hafa haft fullt umboð til að undirrita skjalið. Þótt eitthvað kunni að skorta á, að hér sé að öllu leyti fullnægt skilyrðum um þinglýsingu skjala, verði að líta til þess, að hér sé um að ræða aflýsingu þinglýstra réttinda, en í slíkum tilvikum séu ekki gerðar sömu kröfur um, að formreglum sé fylgt, svo sem ráða megi af ákvæði 39. gr. þinglýsingalaga.

Gögn málsins bera með sér, að Haraldur Lýðsson, stjórnarformaður Godda hf. og prókúruhafi, hafi einn ritað félagið, er gerð var „yfirlýsing og samningur" 7. júní 1989. Félagið byggir rétt á því skjali. Eins og hér stendur á, ber því að líta svo á, að úthlutunarbréf það, sem úrlausn þinglýsingardómarans frá 5. apríl 1991 snýst um og stjórnarformaðurinn undirritaði einn af hálfu félagsins, hafi verið afhent til aflýsingar með yfirlýsingu rétthafa. Ber því að staðfesta framangreinda ákvörðun, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 39/1978.

Kærumálskostnaður í máli þessu verður látinn niður falla.

Dómsorð:

Staðfest er ákvörðun þinglýsingardómarans í Kópavogi um að aflýsa ekki „yfirlýsingu og samningi" milli Magnúsar Kristinssonar og Godda hf. frá 7. júní 1989.

Staðfest er ákvörðun þinglýsingardómarans í Kópavogi um að aflýsa úthlutunarbréfi bæjarsjóðs Kópavogs til Godda hf. fyrir byggingarlóðinni nr. 4 A, upphaflega 2 A, við Smiðjuveg í Kópavogi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 18. júní 1991.

Nr. 356/1989. **Félagsprentsmiðjan hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Nesco - framleiðslufélags hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var mál þetta höfðað til riftunar á greiðslu, sem talin er hafa verið innt af hendi með óvenjulegum greiðslueyri.

Á fyrsta skiptafundi í þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf. 29. apríl 1988 var skiptastjóri kosinn. Er eigi í ljós leitt, að hann hafi fyrr átt þess kost að gera kröfu um riftun á greiðslunni til áfrýjanda, sbr. ákvæði 1. tl. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Er mál þetta því höfðað innan frests þess, sem settur er í greindu lagaákvæði. Fyrir liggur í málinu skrá, samin af starfsmanni hins gjaldþrota félags, yfir tæki, sem hann afhenti sem greiðslur til kröfuhafa félagsins. Kemur þar fram að áfrýjanda var afhent tæki það, sem fjallað er um í málinu. Fallast ber á það með héraðsdómara, að hér hafi verið um að ræða greiðslu hins gjaldþrota fyrirtækis til áfrýjanda og að ekki hafi verið greitt með eðlilegum greiðslueyri.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með vísan til 1. tl. 54. gr. og 62. gr. gjaldþrotalaga.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 55.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Félagsprentsmiðjan hf., greiði stefnda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., höfðaði Gestur Jónsson hrl. sem skiptastjóri í þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf. fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. sept. 1988, gegn Félagsprentsmiðjunni hf., Spítalastíg 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, að fjárhæð kr. 65.900, sem fram fór 24. des. 1987 með afhendingu á Nesco-HTU-80 27" stereo.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 65.900 með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. 3. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 12% söluskatti og málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, ef riftun kaupsamnings aðilanna verði staðfest, að stefndi verði sýknaður af fjárkröfu stefnanda, en þess í stað gert skylt að afhenda hið keypta tæki og málskostnaður verði felldur niður.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu mun lægri fjárhæðar en krafist er í stefnu og málskostnaður verði felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir án árangurs.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að með úrskurði, uppkveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags hf., nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988 og kröfulýsingarfresti lokið 29. mars 1988. Fyrsti skiptafundur í þrotabúinu hafi verið haldinn 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjórans til að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags

hf., teldi hann grundvöll riftunar skv. VIII. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Í lok júní 1988 hafi skiptastjóri fengið í hendur gögn frá fyrrum forsvarsmanni hins gjaldþrota félags, sem sýni, að hið gjaldþrota félag hafi í desember 1987 greitt hluta skulda sinna með vörum. Alls hafi verið um að ræða vörur að verðmæti kr. 2.553.709 miðað við útsöluverð, og hafi 16 aðilar fengið vörur sem greiðslu á kröfum sínum.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1988, hafi skiptastjóri þrotabúsins tilkynnt um riftun á þessum greiðslum. Jafnframt hafi verið gerð krafa um skil á andvirði hinna seldu muna, eins og það hafi verið á greiðsludegi, ásamt dráttarvöxtum til endurgreiðsludags. Hinn 29. ágúst 1988 hafi skiptastjóri breytt kröfugerð sinni á þann veg, að fallist var á að taka við endurgreiðslunni sem höfuðstól auk innlánsvaxta Landsbanka Íslands frá frestdegi til greiðsludags. Áskilinn hafi verið réttur til þess að krefja um dráttarvexti og kostnað, yrði ekki orðið við kröfunni innan viku frá dagsetningu bréfsins.

Stefndi hafi ekki orðið við kröfu stefnanda, en hann hafi 24. des. 1987 tekið við vörum, að útsöluverði kr. 65.900, en það hafi verið 1 stk. Nesco-HTU-80 27" stereo á kr. 65.900. Tækin hafi verið notuð til greiðslu skuldar, sem talin var jöfn stefnufjárhæð.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Því er haldið fram, að á þeim tíma, sem greiðslan fór fram, hafi hið síðar gjaldþrota félag selt allan rekstur og nánast allar eignir sínar og verið hætt starfsemi. Félagið hafi skuldað hundruð milljóna króna, og hafi vitneskja um það verið almenn, m.a. vegna frétta í fjölmiðlum. Forsvarsmönnum hins gjaldþrota félags og stefnda hljóti að hafa verið kunnugt um eða mátt vera kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot félagsins.

Stefnandi telur greiðslu skuldarinnar hafa farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Þetta hafi stefnda verið eða mátt vera ljóst. Stefnukrafan nemi útsöluverði hinna afhentu tækja á afhendingardegi.

Ef stefndi krefjist, muni stefnandi viðurkenna sem almenna kröfu á kröfuskrá þrotabúsins fjárhæð jafna höfuðstól endurgreiðslunnar með vöxtum til 6. janúar 1988.

Vaxtakrafan er um almenna innlánsvexti Landsbanka Íslands frá greiðsludegi til 1. ágúst 1988, en um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Gjalddagi endurgreiðslunnar hafi verið ekki síðar en við móttöku riftunarbréfs skiptastjóra 4. júlí 1988 og réttur til dráttarvaxta skv. 9. gr. l. nr. 25/1987 fyrir hendi frá þeim degi. Umboð skiptastjóra til málshöfðunar

sé byggt á 1. tl. 91. gr. l. nr. 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga. Heimild skiptastjóra til málshöfðunar hafi verið samþykkt á skiptafundi 29. apríl 1988. Riftunarkrafan sé reist á 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. l. nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga. Málskostnaðarkrafan er rökstudd með vísan til 177. gr. l. nr. 85/1936 og 21. gr. l. nr. 54/1988.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Nesco hf. hafi á undanförnum árum verið í viðskiptum hjá stefnda. Hafi Nesco hf. t.d. keypt umslög og bréfsefni hjá stefnda, og hafi verið um reikningsviðskipti að ræða. Aldrei hafi verið um það rætt, að stofnaður yrði viðskiptamannareikningur í nafni Nesco-framleiðslufélags hf., og í raun hafi stefndi talið, að einungis væri um eitt félag að ræða, Nesco hf., sem var í viðskiptum hjá stefnda. Viðskipti þessi hafi staðið í mörg ár, og stundum hafi stofnast til skuldar við stefnda, en þær þó ætíð verið greiddar annaðhvort með peningum eða vöruúttektum stefnda hjá Nesco hf., þ.e. stefndi hafi fengið sjónvarpstæki, myndbandstæki og önnur tæki hjá Nesco hf., og hafi andvirði þessara tækja gengið inn í skuld Nesco hf. við stefnda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi rökstudd með því, að um aðildarskort sé að ræða. Það hafi verið Nesco hf., sem greitt hafi inn á skuld sína við stefnda með því að afhenda 24. des. 1987 sjónvarpstæki að andvirði kr. 65.900. Engin viðskipti hafi átt sér stað milli stefnda og Nesco-framleiðslufélags hf. Ef Nesco hf. hafi fengið ofangreint sjónvarpstæki hjá Nesco-framleiðslufélagi til greiðslu skuldar sinnar við stefnda, ætti riftunarmálið að vera milli Nesco-framleiðslufélags hf. og Nesco hf.

Ef ekki verði fallist á, að um aðildarskort sé að ræða, þá eigi að sýkna stefnda á þeim grundvelli, að ekki sé um það að ræða, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, en á því byggi stefnandi kröfu sína. Eins og dskj. 10 og 11 beri með sér, hafi verið venja í viðskiptum stefnda og Nesco hf., að stefndi hafi tekið út vörur fyrir jól og að andvirði varanna var fært sem innborgun Nesco hf. á viðskiptaskuld þess hjá stefnda. Þar sem viðskiptunum hafi verið svo háttað undanfarin ár, geti ekki talist vera um óvenjulegan greiðslueyri að ræða. Stefnda hafi verið ókunnugt um ógjaldfærni viðsemjanda síns, og þess vegna geti stefnandi ekki byggt kröfur sínar á 61. gr. l. nr. 6/1978.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að við riftun beri hvorum aðila að skila því, er hann hafi fengið í sinn hlut, og þetta sé árétt að í 64. gr. l. nr. 6/1978.

Þrautavarakrafan er á því byggð, að stefnandi eigi einungis að fá tjón sitt bætt, en það nemi eigi stefnukröfunni, þar sem í henni sé m.a. hagnaður stefnanda falinn.

Niðurstaða.

Með samkomulagi, dags. 24. júlí 1987, gerðu Nesco-framleiðslufélag hf. og Nesco Laugavegur hf. með sér samning um kaup á vörubirgðum innanlandsdeildar Nesco-framleiðslufélags hf., eins og þær myndu verða 1. ágúst 1987. Vörubirgðirnar skyldu seljast á kostnaðarverði, og nánara samkomulag um kaupverð og aðra skilmála skyldi gert eftir vörutalningu. Uppgjör á vörubirgðum þessum fór fram 3. desember 1987. Umsamið kaupverð á vörubirgðunum samkvæmt vörutalningarlista 31. júlí 1987 var að smásöluverðmæti kr. 2.500.000. Skyldi Nesco Laugavegur hf. greiða kaupverð vörubirgðanna með varningi að smásöluverðmæti kr. 2.500.000, sem Nesco-framleiðslufélag hf. fengi afhentan á tímabilinu 1.-23. desember 1987.

Í skjölum málsins kemur fram, að af hálfu Nesco Laugavegar hf. var í desember 1987 afgreiddur varningur til ýmissa kröfuhafa Nesco-framleiðslufélags hf. Heildarfjárhæð reikninga gerðra vegna þessara afhendinga var kr. 2.553.709, en með veittum afslætti urðu eftirstöðvarnar kr. 2.229.179. Krafa sú, sem mál þetta snýst um, var ein þessara afhendinga á varningi.

Markmið uppgjörs á keyptum vörubirgðum Nesco-framleiðslufélags hf. virðist hafa verið, að þær yrðu greiddar með varningi, sem afhenda skyldi kröfuhöfum Nesco-framleiðslufélags hf. Að minnsta kosti er ljóst, að greindar vörubirgðir hurfu úr búi hins gjaldþrota félags til Nesco Laugavegar hf. og andvirði þeirra lenti með óbeinum hætti til kröfuhafa hins gjaldþrota félags.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram sem dskj. 10 beiðni framkvæmdastjóra stefnda um 1 stk. Óríon-myndbandstæki á opinn reikning fyrir Jón M. Þorvaldsson, Öldugötu 17, Hafnarfirði. Beiðni þessi er skrifuð á bréfsefni stefnda og dagsett 23. des. 1985; ekki er beiðnin stíluð á viðtakanda. Á dskj. 11 er kaupsamningur vegna Xenon-HV-03-myndbandstækis, að verðmæti kr. 39.900, dags. 23. des. 1985, stílaður á stefnda v/Jóns M. Þorvaldssonar og móttökukvittaður af sama. Þessi kaupsamningur er undirritaður af Þorkeli Diego f.h. Nesco-Manufacturing hf.

Í skjölum málsins kemur fram, að stefndi hefur lýst kröfu, að fjárhæð kr. 458.108,80, í þrotabú Nesco-Manufacturing hf. Af þeirri fjárhæð samþykkti bústjóri sem almenna kröfu kr. 307.270, þ.e. höfuðstól víxla, kr. 271.320, og vexti til upphafsdags skipta, kr. 35.950. Reikningskröfu vegna 15 reikninga, samtals að fjárhæð kr. 170.986, var hafnað, þar sem reikningarnir voru stílaðir á Nesco hf. Tekið var fram, að það félag væri ekki gjaldþrota.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram sem dskj. 12-19 ljósrit 15 reikninga, samtals að fjárhæð kr. 170.986, sem stílaðir eru á Nesco hf., dagsettir

31. des. 1986, 27. febrúar 1987, 26. mars 1987, 14. apríl 1987, 15. apríl 1987, 19. maí 1987, 21. maí 1987, 29. júlí 1987 og 30. okt. 1987. Jafnframt hafa verið lögð fram sem dskj. 22 og 23 ljósrit fjögurra víxla, samtals að fjárhæð kr. 271.322,90. Víxlar þessir eru allir samþykktir af greiðanda, Nesco-Manufacturing hf., með gjalddögum 15. og 30. sept. 1987 og 15. og 30. okt. 1987 og útgefnir 21. júlí 1987.

Það, sem hér hefur verið rakið, sýnir, að stefndi hefur átt viðskipti við Nesco-framleiðslufélag hf., og verður því ekki fallist á sýknukröfu stefnda sökum aðildarskorts.

Almennt verður að telja greiðslu skuldar með vörum í stað peninga óvenjulegan greiðslueyri, sbr. 1. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978. Greiðslan, sem málið er af risið, var til greiðslu skuldar, sem var tilkomin löngu áður en afhending umræddra varnings átti sér stað. Ekkert gefur til kynna, að í upphafi viðskipta málsaðila hafi verið um það samið, að það skyldu vera vöruskiptaviðskipti, heldur liggur fyrir í málinu, að vegna viðskiptanna hefur stefndi fengið afhenta samþykkta víxla frá hinu gjaldþrota félagi. Það, að stefndi fékk í des. 1985 afhent í opinn reikning myndbandstæki, að andvirði kr. 39.900, frá Nesco-Manufacturing hf., sannar ekki, að það hafi verið venja í viðskiptum aðila, að hið gjaldþrota félag greiddi skuldir sínar við stefnda á hverjum tíma með varningi, en ekki peningum. Þar sem stefndi hefur ekki með öðrum hætti sannað, að greiðslan hafi eftir atvikum verið venjuleg, verður við niðurstöðu málsins lagt til grundvallar, að skuldin hafi verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri, sbr. 54. gr. l. nr. 6/1978, og er stefnanda því heimilt að rifta greiðslunni.

Varakrafa stefnda er byggð á 64. gr. l. nr. 6/1978, en samkvæmt þeirri grein er heimilt að krefjast þess, að greiðslum skuli skila í þeim mæli, sem þær eru ennþá til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta, en verðrýrnun þeirra verði þá jöfnuð með peningagreiðslum. Niðurstaða dóms þessa um riftun liggur ekki fyrir fyrr en löngu eftir að ráðstöfun var gerð. Um einhverja verðrýrnun hlýtur að vera að ræða. Engin gögn hafa verið lögð fram um það, hver verðmætisrýrnun hafi getað verið frá umræddri ráðstöfun til riftunardags. Verður að telja slíka sönnunarfærslu forsendu þess, að ákvæðinu verði beitt. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á varakröfu stefnda.

Þrautavarakrafa stefnda er á því byggð, að stefnandi eigi einungis að fá tjón sitt bætt, en í kröfu stefnanda sé m.a. hagnaður stefnanda falinn. Samkvæmt skjölum málsins var kaupverð vörubirgðanna, sem hið gjaldþrota félag seldi Nesco hf., kr. 2.500.000 að smásöluverðmæti, og þær áttu að greiðast og greiddust með varningi, að smásöluverði fyrir sömu fjárhæð. Verður því við það miðað, að tjón búsins nemi verði greiðslu á þeim degi, sem hún var gerð, þ.e. kr. 65.900, auk vaxta frá ráðstöfunardegi.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 65.900, með vöxtum eins og krafist var, þó þannig, að dráttarvextir dæmast frá 4. ágúst 1988, þ.e. mánuði frá dagsetningu riftunarbréfs, sbr. 9. og 15. gr. l. nr. 25/1987.

Samkvæmt 177. gr. l. nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 47.000, þar með talinn söluskattur.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, Félagsprentsmiðjuna hf., að fjárhæð kr. 65.900, sem fram fór 24. des. 1987 með afhendingu á Nesco-HTU-90 27" stereo, er rift.

Stefndi, Félagsprentsmiðjan hf., greiði stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., kr. 65.900 með 22% ársvöxtum frá 24. des. 1987 til 11. febrúar 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 4. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 20. sept. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 47.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. júní 1991.

Nr. 435/1989. **Árni Brynjólfsson**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Sigurði H. Oddssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Meiðyrði. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júní 1990, þar sem fram kemur skýrsla áfrýjanda fyrir dómi svo og framburður fjögurra vitna. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt skrifleg skýrsla stefnda, en hann var staddur erlendis, er vitnamálið var háð. Einnig hefur stefndi lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Í gögnum þessum kemur fram, að hin umstefndu ummæli eiga rætur að rekja til þess, að stefndi, sem teiknað hafði raflagnir í stórhýsi hér í borg, veitti verkkaupa ráðgjöf í sambandi við reikningsgerð verktaka þess, sem annaðist raflagnirnar. Ósannað er, að stefndi hafi innt ráðgjöf sína af hendi á þann hátt, er réttlætt geti hin umstefndu ummæli, sem í heild og að framsetningu eru meiðandi fyrir hann. Þykir ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga hér við. Hinn áfrýjaði dómur á því að vera óraskaður, sbr. 2. mgr. 241. gr. sömu laga, en frestur til birtingar dómsorðs héraðsdóms miðist við uppkvaðningu dóms þessa

Áfrýjandi hefur með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga krafist ómerkingar á ummælum, sem stefndi hefur um hann í aðilaskýrslu sinni. Ekki eru réttarfarsskilyrði til þess, að krafa þessi verði tekin til úrlausnar.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frestur til birtingar dómsorðsins miðist við uppkvaðningu dóms þessa.

Áfrýjandi, Árni Brynjólfsson, greiði stefnda, Sigurði H. Oddssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað af Sigurði H. Oddssyni, nnr. 7889-9115, rafmagnstæknifræðingi, Smyrlahrauni 54, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 26. október 1988, á hendur Árna Brynjólfssyni framkvæmdastjóra, nnr. 0507-1416, Rauðalæk 16, Reykjavík, og Hannesi Vigfússyni, löggiltum rafvirkjameistara, nnr.3731-8264, Austurgerði 8, Reykjavík, formanni f.h. Félags löggiltra rafverktaka, nnr. 2308-3965, Skipholti 29, Reykjavík.

Undir rekstri málsins var fallið frá kröfum á hendur Félagi löggiltra rafverktaka.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að eftirfarandi ummæli stefnda Árna Brynjólfssonar verði dæmd dauð og ómerk:

„Leiðindamál.

Að marggefnu tilefni óskar skrifstofa FLRR eftir því, að félagsmenn veiti upplýsingar um það, hvort þeir hafi lent í útistöðum við Sigurð H. Oddsson, rafmagnstæknifræðing hjá Tækniþjónustunni sf., Lágmúla 5, í sambandi við verk, er þeir hafa haft með höndum.

Kveðja.

Árni Brynjólfsson."

2. Að stefnda verði gert skylt með dómi að sjá um birtingu dómsorðs í næsta fréttabréfi Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík á sama hátt og hin meiðandi ummæli birtust.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða sér máls-

kostnað að mati dómsins ásamt 12% sérstökum söluskatti, sbr. l. nr. 1/1988, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi, Sigurður H. Oddsson, kveðst vera rafmagnstæknifræðingur og reka ásamt fleirum fyrirtæki í Reykjavík undir nafninu Tækniþjónustan sf., Lágmúla 5, Reykjavík. Eitt af fjölmörgum verkefnum stefnanda sé að koma fram sem eftirlitsmaður ýmissa verkkaupa gagnvart verktökum, fara yfir útreikninga, reikninga og framkvæmd verka. Ekki séu allir jafnsáttir við niðurstöðu slíkra eftirlitsmanna, en misjafnlega þó. Ein slík samtök sé Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, en framkvæmdastjóri þess sé stefndi Árni Brynjólfsson. Með fréttabréfi, dags. í mars 1988, riti umræddur stefndi Árni í eigin nafni klausu undir heitinu Leiðindamál, en texta þessarar klausu sé að finna í lið 1 í dómkröfum sem og dskj. nr. 3. Þar ráðist stefndi Árni með móðgandi orðum að stefnanda sem og með grófum aðdróttunum gegn betri vitund eða hafi a.m.k. ekki, svo að vitað sé, haft neina sennilega ástæðu til að álíta aðdróttanir sínar réttar. Með bréfi, dags. 11. apríl 1988, hafi stefnandi farið þess á leit við stefnda Árna, að hann birti afsökun sína á jafnáberandi hátt á skrifum þessum. Þessu hafi stefndi Árni engu svarað, en hins vegar hafi hann birt umrætt bréf stefnanda í næsta fréttabréfi, sem nú hafi verið nefnt Fréttabréf rafverktaka og dagsett í apríl 1988. Birting bréfs stefnanda hafi verið höfð undir fyrirsögninni Hótun. Þetta hafi verið einu viðbrögð stefnda, og sé stefna þessi því nauðsynleg.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður ummæli þau, sem fram komi í dómkröfunni, fela í sér aðdróttun, sem enginn fótur sé fyrir.

Um lið 2 vísar stefnandi til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi kveðst taka fram, að hann geri engar kröfur á hendur stefnda um greiðslu miskabóta, sbr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Í þessu felist engin viðurkenning stefnanda á, að hann hafi ekki orðið fyrir miska, heldur einungis hitt, að hann telji það mun mikilsverðara að fá hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk og að sú ómerking sé birt á jafnáberandi hátt og hin meiðandi ummæli, heldur en að hafa í frammi einhverjar fjárkröfur, sem á engan hátt geti bætt þegar orðinn miska.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður tilefni upplýsingaöflunar þeirrar, er getið sé í dómskjali nr. 3, vera kvartanir, er framkvæmdastjóra Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík höfðu borist frá félagsmönnum út af stefnanda. Ofangreint dskj. nr. 3 sé ekki fréttabréf í hefðbundnum skilningi, heldur tilkynning til félagsmanna um árshátíð, en stefndi Árni hafi notað tækifæri það, sem gafst með útsendingu tilkynningarinnar, til að gera fyrirspurn um viðskipti félagsmanna við stefnanda. Félag löggiltra rafverktaka gefi ekki út fréttabréf, heldur sé það Landssamband íslenskra rafverktaka, sem gefi út mánaðarlegt fréttabréf, sem sé fréttabréfið á dskj. nr. 7.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á þeim rökum, að ekki hafi verið framinn neinn sá verknaður, sem varði við lög, enda hafi það ekki verið ásetningur stefnda Árna í skilningi 18. gr. l. nr. 19/1940 að meiða æru Sigurðar, heldur einungis að afla upplýsinga um það, hvort aðilar Félags löggiltra rafverktaka hafi átt í útistöðum við stefnanda, enda hafði Árni sem framkvæmdastjóri fengið kvartanir frá nokkrum félagsmönnum vegna samskipta við Sigurð.

Ekki hafi verið færðar sönnur fyrir því, að stefnandi hafi orðið fyrir álitshnekki eða að fyrirspurn og birting bréfs lögmanns stefnanda hafi valdið honum vandkvæðum á einn eða annan hátt. Hafi því ekki verið brotnar reglur um æruvernd.

Birting bréfs lögmanns stefnanda í fréttabréfi LÍR geti fráleitt talist ærumeiðandi.

Sérstaklega sé mótmælt 2. kröfulið stefnanda. Hin meintu meiðandi ummæli hafi aldrei birst í fjölmiðlum, og geti stefnandi ekki átt lagalega kröfu til birtingar dóms, þótt áfall verði dæmt á þann hátt, sem krafist er.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 177 gr., sbr. 184. gr. l. nr. 85/1936, og 21. gr. l. nr. 54/1988.

III.

Niðurstaða.

Telja verður, að ummæli þau, sem krafist er ómerkingar á, feli í sér aðdróttanir í garð stefnanda, sem fallnar séu til þess að meiða æru hans. Af hálfu stefnda hefur engin tilraun verið gerð til þess að réttlæta ummæli þessi eða birtingu þeirra með þeim hætti, sem gert var í umræddu fréttabréfi. Þykir því þegar af þeirri ástæðu mega taka til greina kröfu stefnanda um, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk. Þá ber stefnda að sjá til þess, að dómsorð í máli þessu verði birt í næsta fréttabréfi Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík á sama hátt og hin meiðandi ummæli birtust.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 70.000 í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Eftirgreind ummæli skulu vera dauð og ómerk:

„Leiðindamál.

Að marggefnu tilefni óskar skrifstofa FLRR eftir því, að félagsmenn veiti upplýsingar um það, hvort þeir hafi lent í útistöðum við Sigurð H. Oddsson, rafmagnstæknifræðing hjá Tækniþjónustunni sf., Lágmúla 5, í sambandi við verk, er þeir hafa haft með höndum.

Kveðja.

Árni Brynjólfsson."

Stefnda Árna Brynjólfssyni, Rauðalæk 16, Reykjavík, skal skylt að sjá um að birta dómsorð þetta í næsta fréttabréfi Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa, á sama hátt og hin meiðandi ummæli birtust.

Stefndi Árni Brynjólfsson greiði stefnanda, Sigurði H. Oddssyni, Smyrlahrauni 54, Hafnarfirði, kr. 70.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. júní 1991.

Nr. 17/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Pétri Ingiberg Jónssyni
og Eddu Guðmundsdóttur
(Örn Clausen hrl.).

Fjársvik. Tékki. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 19. desember 1990, en ákærðu vildu una dómi. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að ákærðu verði sakfelld samkvæmt ákæru og dæmd til refsingar.

Ákærðu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Tékki sá, sem um getur í málinu, reyndist innstæðulaus, er hann barst reikningsbanka, sama dag og hann var út gefinn til innlausnarbanka og notaður til kaupa á ríkisvíxlum. Hann var færður á færsluskrá fyrir innstæðulausa tékka, skammstafað FIT, reikningsbankans. Fram er komið, að ákærði Pétur hófst þegar handa um, að viðskiptin gengju til baka. Daginn eftir samdi hann um það við innlausnarbankann og samdi við reikningsbankann og greiddi innstæðulausa tékkann. Tékkinn var aldrei áritaður um innstæðuleysi. Með hliðsjón af framansögðu ber að fallast á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærðu hafi ætlað að auðgast á útgáfu tékkans. Þar sem ákærðu höfðu samið við bankastofnanir þær, sem í hlut áttu, um lok þessara viðskipta og gert þau upp í heild, eru, með hliðsjón af 2. mgr. 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, ekki efni til frekari umfjöllunar um mál þetta. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar er kveðið á um í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 548-549/1990: Ákæruvaldið gegn Pétri Ingiberg Jónssyni og Eddu Guðmundsdóttur, sem tekið var til dóms 12. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. febrúar 1990, á hendur ákærðu, Pétri Ingiberg Jónssyni, kt. 030147-2949, og Eddu Guðmundsdóttur, kt. 130738-2069, báðum til heimilis að Þverárseli 8, Reykjavík, „fyrir fjársvik með því að hafa mánudaginn 3. júlí 1989 notað í staðgreiðsluviðskiptum í Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, innstæðulausan tékka nr. 3398842, að fjárhæð kr. 32.076.625, á eyðublaði, merktu Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík, dagsettan 3. júlí 1989, stílaðan á Seðlabanka Íslands til greiðslu af tékkareikningi ákærðu Eddu í Útvegsbankanum nr. 3423, svo sem hér er rakið:

Gegn ákærðu Eddu fyrir að gefa tékkann út og afhenda hann meðákærða til útfyllingar og notkunar, svo sem þegar er rakið, þrátt fyrir það að innstæða á reikningnum væri næstum engin.

Gegn ákærða Pétri Ingiberg fyrir að útfylla tékkann, eins og rakið er, og framvísa í Seðlabankanum sem greiðslu þrátt fyrir innstæðuleysi tékkans fyrir ríkisvíxla, sem ákærði þá fékk í hendur.

Næsta dag skilaði ákærði Pétur Ingiberg ríkisvíxlunum til Seðlabankans, en fékk þá jafnframt andvirðið, kr. 32.076.625, greitt með ávísun, sem hann framseldi Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, og lagði inn á áðurgreindan tékkareikning meðákærðu. Hinn 10. júlí 1989 var tékkinn endursendur Seðlabankanum.

Brot ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Verjandi ákærðu flutti munnlega vörn 12. þ.m. og gerði þær dómkröfur, að bæði ákærðu yrðu sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins og að allur kostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun, yrði greiddur úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Ákærði Pétur Ingiberg Jónsson var yfirheyrður fyrir dóminum 20. september sl., og kvað ákærði þá háttsemi sinni rétt lýst í ákærunni, þ.e., að ákærði kvaðst hafa keypt ríkisvíxla í Seðlabanka Íslands fyrir kr. 32.076.625, og kvaðst ákærði ekki telja, að um fjársvik hefði verið að ræða af sinni hálfu.

Ákærði kvað meðákærðu hafa gefið út tékkann, svo sem í ákæru greinir, og hefði ákærði fyllt tékkann út og framvísað í Seðlabankanum sem greiðslu fyrir ríkisvíxlana. Ákærði kvað aðdraganda kaupa ríkisvíxlanna hafa verið þann, að maður, er ákærði kvaðst kannast við, hefði hringt til meðákærðu og beðið ákærðu að annast kaup á ríkisvíxlum fyrir fjárhæð að nafnvirði kr. 34 milljónir. Ákærði kvað ákærðu hafa átt að fá í sinn hlut kr. 100.000, og hefði hinn raunverulegi kaupandi ríkisvíxlanna, er ákærði vildi ekki nafngreina, ætlað að leggja þá fjárhæð auk fjárhæðar, er svaraði til kaupverðs ríkisvíxlanna, inn á tékkareikning meðákærðu 3. júlí 1989, sama dag og kaupin fóru fram. Ákærði kvaðst hafa haldið í Seðlabankann laust fyrir kl. 16.00 3. júlí 1989 og þar keypt ríkisvíxlana og greitt fyrir með tékkanum, er í ákæru greinir. Ákærði kvað gjaldkerann í bankanum hafa tekið við tékkanum athugasemdalaust, og kvaðst ákærði þá hafa talið innleggið komið inn á tékkareikning meðákærðu. Ákærði kvaðst hafa haldið heimleiðis með ríkisvíxlana, og er þangað hefði verið komið, hefði komið í ljós á símsvara á heimili ákærða, að hinn raunverulegi kaupandi ríkisvíxlanna hefði fallið frá kaupunum og að ekki hefði verið lagt inn á tékkareikning meðákærðu, svo sem ráð var fyrir gert. Ákærði kvaðst þegar í stað hafa haldið í Seðlabankann, en komið þar að lokuðu húsi, og þá hafa haldið aftur heimleiðis og þá hitt meðákærðu og þau þá ákveðið að hringja í starfsmann Seðlabankans, er þau þekktu. Ákærði kvað mann þennan hafa gefið sér upp nafn Björns Björgvinssonar gjaldkera, er afgreitt hefði ákærða með ríkisvíxlana, og hefði ákærði hringt í hann um kvöldmatarleytið og Björn sagt ákærða að koma í bankann strax morguninn eftir. Ákærði kvaðst morguninn eftir hafa rætt við Pétur Urbancic, og hefði sá haft samband við fjármálaráðuneytið og fengið þau svör, að víxilkaupin gætu gengið til baka. Áður en af því varð, kvaðst ákærði hafa haldið í Útvegsbankann og rætt þar við Hallfríði Skúladóttur deildarstjóra og greint henni frá málavöxtum, og að sögn ákærða hefði hún sagt, að allt yrði í lagi, fyrst Seðlabankatékkinn myndi berast bankanum. Ákærði kvaðst þá hafa haldið aftur í Seðlabankann og þar hafa fengið afhentan tékka, að fjárhæð kr. 32.076.625, og hefði tékkinn verið stílaður á Íberg sf., fyrirtæki ákærðu, og átti ákærði að leggja þann tékka inn á tékkareikning meðákærðu og loka þannig hringnum, eins og ákærði komst að orði. Ákærði skilaði ríkisvíxlunum í Seðlabankann sama dag, þ.e. 4. júlí 1989.

Ákærða Edda Guðmundsdóttir var yfirheyrð fyrir dóminum 20. september sl. Ákærða kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru, en kvað ekki hafa verið um fjársvik að ræða af sinni hálfu.

Ákærða kvað aðdraganda ríkisvíxlakaupanna hafa verið þann, að til sín hefði hringt maður, er ákærða vildi ekki nafngreina, og hefði sá maður beðið ákærðu að annast milligöngu um kaup á ríkisvíxlum fyrir að nafnviði kr. 34 milljónir. Ákærða kvað þennan mann hafa hringt nokkrum dögum áður en víxlakaupin áttu að eiga sér stað, og hefði verið um það samið, að maðurinn legði kr. 32.072.625 inn á tékkareikning ákærðu við Útvegsbankann, og átti innleggið að berast mánudaginn 3. júlí 1989, en ákærða kvað fleiri en einn mann hafa ætlað að standa saman að ríkisvíxlakaupunum. Ákærða kvaðst hafa rætt erindi þessa ónafngreinda manns við meðákærða, og hefði orðið úr, að þau tækju að sér víxilkaupin og áttu að fá kr. 100 þúsund í þóknun. Ákærða kvaðst þessu næst hafa gefið út óútfylltan tékka og afhent meðákærða, og hefði hann átt að annast kaupin á ríkisvíxlunum, en ákærða kvaðst hafa gefið tékkann út og afhent meðákærða í trausti þess, að innleggið bærist á tékkareikninginn, svo sem um hefði verið samið. Ákærða kvaðst hafa komið heim úr vinnu síðdegis 3. júlí 1989 og þá hafa hitt meðákærða, sem þá var nýkominn úr árangurslausri ferð í Seðlabankann, en þá kvaðst ákærða hafa frétt, að innleggið hefði ekki borist á tékkareikninginn, svo sem ráð var fyrir gert. Ákærða kvað hafa verið hringt í starfsmann Seðlabankans, og hefði sá gefið upp nafn gjaldkera þess, er afgreiddi meðákærða með víxlana, og hefði meðákærði hringt í þann mann og þeir meðákærði mælt sér mót í bankanum strax morguninn eftir. Ákærða kvað meðákærða síðar þennan dag, þ.e. 4. júlí, hafa komið á vinnustað sinn og greint frá því, að ríkisvíxlakaupin hefðu gengið til baka.

Vitnið Björn Björgvinsson bankastarfsmaður, Sörlaskjóli 3, Reykjavík, kom fyrir dóminn 12. þ.m.

Björn kvað ákærða Pétur hafa komið í Seðlabankann laust fyrir kl. 16 hinn 3. júlí 1989 og þar hafa keypt ríkisvíxla, sem pantaðir höfðu verið nokkru áður, og hefðu skjölin því verið tilbúin til afgreiðslu, er ákærði kom í bankann laust fyrir kl. 16 3. júlí 1989. Björn kvað ákærða Pétur hafa greitt með tékka, er ákærða Edda hafði gefið út, og hefði verið tekið við tékkanum í bankanum án þess að kanna, hvort innstæða væri fyrir hendi á tékkareikningi Eddu. Björn kvað ákærða Pétur síðan hafa hringt í sig um kvöldmatarleytið þennan dag, þ.e. 3. júlí, og spurt, hvort kaupin gætu gengið til baka. Björn kvaðst hafa ráðlagt ákærða Pétri að koma í bankann daginn eftir, en uppgjöri í bankanum væri lokið vegna 3. júlí.

Vitnið Pétur Urbancic bankafulltrúi, Goðheimum 8, Reykjavík, kom fyrir dóminn 12. þ.m.

Pétur kvaðst hafa tekið við pöntun frá fyrirtækinu Íbergi sf., þar sem pantaðir hefðu verið ríkisvíxlar fyrir að nafnvirði um 34 milljónir. Pétur kvað bankann hafa þurft að panta ríkisvíxlana hjá fjármálaráðuneytinu á þeim tíma, er í ákæru greinir, og voru víxlarnir síðan sendir bankanum, sem annaðist söluna. Pétur kvaðst minnast þess, að ákærði Pétur hefði komið í Seðlabankann laust fyrir kl. 16.00 3. júlí 1989 og þá fengið afhenta ríkisvíxla þá, er áður höfðu verið pantaðir. Pétur kvað ákærða síðan hafa beðið eftir sér við starfsmannainngang Seðlabankans morguninn eftir, þ.e. 4. júlí, og þá hafa greint sér frá því, að innlegg, er von var á inn á tékkareikning, hefði brugðist, og hefði ákærði spurt að því, hvort kaupin gætu ekki gengið til baka. Pétur kvaðst hafa greint ákærða frá því, að Seðlabankinn seldi víxlana fyrir þriðja aðila, þ.e. fjármálaráðuneytið eða ríkissjóð, og kvaðst Pétur hafa boðist til þess að athuga, hvort kaupin gætu gengið til baka, og í því sambandi hafa sett sig í samband við starfsmenn fjármálaráðuneytis, sem hefðu heimilað fyrir sitt leyti, að kaupin gengju til baka. Pétur kvað ákærða í millitíðinni hafa greint sér frá því, að hann ætlaði í Útvegsbankann í því skyni að reyna þar að koma málum sínum á hreint. Pétur kvað ákærða síðan hafa komið aftur í Seðlabankann, og hefðu kaupin gengið til baka á þann hátt, að ákærði afhenti ríkisvíxlana og fékk í staðinn afhenta ávísun, að fjárhæð kr. 32.076.625, til að leggja inn á reikning Eddu Guðmundsdóttur við Útvegsbanka Íslands, en Pétur kvað uppgjöri í Seðlabankanum hafa verið lokið fyrir 3. júlí, og því hefði þurft heimild til að bakfæra framangreinda fjárhæð af reikningi ríkissjóðs.

Pétur kvaðst ekki vita til þess, að kaup á ríkisvíxlum hefðu nokkru sinni gengið til baka á þann hátt, er lýst er að framan, og kvað hér hafa verið um einstakt tilvik að ræða. Pétur kvaðst ekki vita til þess, að Seðlabankinn hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna viðskiptanna við ákærðu.

Vitnið Hallfríður Skúladóttir, starfsmaður Íslandsbanka, kom fyrir dóminn 12. þ.m.

Hallfríður kvað ákærða Pétur hafa komið í Útvegsbanka Íslands hf. að morgni 4. júlí 1989 og þá sýnilega verið mikið niðri fyrir. Hallfríður kvað ákærða hafa greint sér frá samskiptum sínum við Seðlabankann og að kaup á ríkisvíxlum fyrir rúmlega 32 milljónir ættu að ganga til baka, vegna þess að innlegg á tékkareikning Eddu Guðmundsdóttur hefði brugðist. Hallfríður kvað tékkann, er víxlarnir voru greiddir með, þegar hafa borist Útvegsbankanum, og hefði tékkinn verið færður á svokallaða „fit"-skrá, en þar munu færðir allir innstæðulausir tékkar. Hallfríður kvað ákærða hafa óskað eftir því, að ekki legðist kostnaður á tékka þann, er mál þetta snýst um, og kvaðst Hallfríður hafa fellt niður kostnað á tékkann, eftir að ákærði hafði staðið við loforð og lagt inn á tékkareikninginn fyrir hádegi þessa dags, 4. júlí 1989, þá fjárhæð, sem upp á vantaði.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið að framan, varð enginn fyrir fjárhagslegu tjóni vegna háttsemi þeirrar, er ákærðu er hér gefin að sök, og beinlínis er tekið fram í kærubréfi Útvegsbanka Íslands hf., dagsettu 11. júlí 1989, að bankinn hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna málsins. Ákærðu hlutu engan hagnað eða ávinning af ríkisvíxlakaupunum.

Framburður ákærðu er samhljóða um það, að kaupin hafi verið gerð fyrir ónafngreindan aðila, sem hafi ætlað að leggja nægilegt fé inn á tékkareikning ákærðu Eddu 3. júlí 1989, þann dag, er kaupin voru gerð. Ákærði Pétur fór í Seðlabankann laust fyrir kl. 16.00, svo sem framburður ákærða og vitna greinir, enda þá líklegast, að hið fyrirhugaða innlegg hefði borist. Ákærði taldi öruggt, að innleggið hefði borist, þar sem gjaldkerinn í Seðlabankanum tók við tékkanum athugasemdalaust. Svo sem gögn málsins bera með sér, var tékkinn, er víxlarnir voru greiddir með, frá Útvegsbanka Íslands, en slík tékkaeyðublöð voru lögð af á þeim tíma, er í ákæru greinir. Vegna þessa og vegna þess, um hversu háa fjárhæð var að ræða, þ.e. rúmlega 32 milljónir króna, hlaut ákærði Pétur að gera ráð fyrir því og reyndar ákærða Edda einnig, að kannað yrði í bankanum, sem tók við svo háum tékka sem greiðslu, hvort innstæða væri fyrir hendi á viðkomandi reikningi.

Vitnið Björn Björgvinsson, er tók við tékkanum sem greiðslu, hefur borið fyrir dóminum, að ekki hafi verið kannað í bankanum, hvort innstæða væri fyrir hendi á tékkareikningi Eddu Guðmundsdóttur, og hjá lögreglu kvað Björn, að um mistök hefði verið að ræða að athuga ekki, hvort innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, en það væri yfirleitt alltaf gert, en þennan framburð sinn staðfesti Björn fyrir dóminum.

Framburður ákærðu er tortryggilegur að því leyti, að þau hafa ekki greint frá því, fyrir hvern kaupin hafi verið gerð og hver það hafi verið, sem hugðist leggja féð inn á tékkareikning ákærðu Eddu 3. júlí 1989. Öll viðbrögð ákærðu, eftir að í ljós kom, að innstæða var ekki fyrir hendi á tékkareikningnum, þykja hins vegar benda til þess, að ákærðu hafi verið í góðri trú og því gert ráð fyrir, að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum 3. júlí, og kaupin hafi því verið gerð í góðri trú, enda ekki sýnilegur tilgangur með kaupunum ella. Er í ljós kom, að innleggið brást, gerði ákærði Pétur allt, sem í hans valdi stóð, til að kaupin gengju til baka, og má vísa til framburðar, er rakinn var hér að framan, varðandi þetta.

Svo sem vitnið Björn Björgvinsson bar, voru það mistök að kanna ekki, hvort innstæða væri fyrir hendi á tékkareikningi ákærðu Eddu. Hefði það verið gert, svo sem venja er, hefðu kaupin aldrei átt sér stað. Þegar allt ofanritað er virt, telur dómurinn, að bæði ákærðu hafi verið í góðri trú, er viðskiptin fóru fram, en þótt ákærða Edda hafi gefið tékkann út, svo sem í ákæru greinir, átti hún á sama hátt og ákærði Pétur von á því, að

innleggið bærist, og mátti sömuleiðis gera ráð fyrir því, að kannað yrði í Seðlabankanum, hvort innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og að kaupin myndu ekki ganga ella, en alkunna er, að bankar kanna innstæðu á tékkareikningum, áður en greiðsla með tékka fer fram, og í öllu falli, er um svo háa fjárhæð er að ræða sem hér, rúmlega 32 milljónir. Ákærðu Eddu verður ekki refsað fyrir það eitt að hafa gefið tékkann út óútfylltan og afhent meðákærða. Dómurinn telur útgáfu ákærðu Eddu á tékkanum þá fyrst skipta máli, er tékkinn er notaður í lögskiptum, en þá ber að miða við það, er ákærði Pétur notaði tékkann sem greiðslu í Seðlabanka. Ákærða Edda afhenti meðákærða Pétri tékkann í því skyni, að greiddir yrðu ríkisvíxlarnir með tékkanum, og telur dómurinn, að hina huglægu afstöðu ákærðu Eddu verði að meta út frá því, hverja hún taldi reikningsstöðuna hafa verið, er ríkisvíxlakaupin fóru fram í Seðlabankanum. Svo sem rakið var að framan, telur dómurinn, að ákærða Edda hafi verið í góðri trú um það, að innleggið hefði borist á reikninginn, og hefði svo ekki verið, hlyti það að hafa komið í ljós, er ákærði Pétur framvísaði tékkanum í Seðlabankanum.

Að öllu ofanrituðu virtu telur dómurinn, að hjá hvorugu ákærðu hafi verið fyrir hendi ásetningur um að fremja auðgunarbrot það, er ákært er út af, og ber því að sýkna bæði ákærðu af því.

Verjandi ákærðu reifaði málið einnig með tilliti til þess, að háttsemi ákærðu kynni að varða við tékkalög nr. 94, 1933. Svo sem fram kemur í kærubréfi Útvegsbanka Íslands hf., dagsettu 11. júlí 1989, varð bankinn ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna viðskiptanna við ákærðu. Tékki sá, er mál þetta snýst um, barst með kærubréfi bankans, og ber tékkinn ekki með sér, að greiðslufall hafi orðið við sýningu, enda kemur fram í yfirliti yfir tékkareikning ákærðu Eddu, að tékkinn hefur aldrei verið færður hjá Útvegsbanka Íslands hf. sem innstæðulaus, heldur hafi Seðlabankatékkinn fyrst verið lagður inn á tékkareikning ákærðu Eddu og síðan tekið út fyrir tékka þeim, er ákært er út af. Í 2. mgr. 73. gr. tékkalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977, greinir frá því, hverjir skuli bera fram kröfu um opinbera kæru vegna tékka, og þar er getið um greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án nægilegrar innstæðu. Svo sem rakið var, var tékki sá, er ákærða Edda gaf út, aldrei færður sem innstæðulaus hjá Útvegsbankanum, heldur færður á svokallaða „fit"-skrá, en það mun venja að færa innstæðulausar ávísanir á þá skrá, svo sem kom fram undir dómsrannsókn málsins. Alkunna er, að mikið berst af innstæðulausum ávísunum til banka, er færðar eru á „fit"-skrá, án þess að viðkomandi banki kæri útgefanda eða eiganda viðkomandi reiknings, og eru tékkarnir geymdir þar, uns innstæða berst á viðkomandi tékkareikning. Ekki eru ákvæði í tékkalögum, er greina frá því, hvað „fit"-skrá er og hvaða lagalega þýðingu færsla tékka á slíka skrá

hefur. Dóminum þykir færsla tékka á skrá þessa vera líkust því sem um lán eða samþykki banka sé að ræða, enda slík mál leyst án kæru, svo sem rakið var. Það, hvernig Útvegsbanki Íslands hf. færði tékka þann, er hér er ákært út af, þykir styðja þessa skoðun dómsins, en tékkinn var aldrei færður hjá Útvegsbankanum sem innstæðulaus. Vegna þessa og vegna þess, hvernig samskiptum ákærða við Útvegsbankann var háttað, eftir að innstæðuleysi tékkans kom í ljós, svo og vegna viðbragða starfsmanna bankans um að láta ákærða ekki greiða kostnað af tékkanum, sem færður var á „fit"-skrána, en venja er, að greiddur sé kostnaður af tékkum, er færðir eru á skrána, og vegna þess, hvernig venja er að fara með tékka á „fit"-skrá, svo og vegna málavaxta að öðru leyti þykir kæra Útvegsbanka Íslands hf. í raun hafa verið tilefnislaus og ekki í samræmi við venju í þessum efnum, enda varð bankinn ekki fyrir neinu fjárhagslegu tjóni.

Að öðru leyti þykja dóminum röksemdir þær, er raktar voru að framan varðandi meint brot ákærðu gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, og í því sambandi röksemdir vegna huglægrar afstöðu ákærðu einnig eiga við vegna hugsanlegrar heimfærslu háttsemi undir tékkalög, og verður ákærðu því ekki refsað fyrir brot gegn þeim lögum.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. kr. 60.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Arnar Clausen hrl.

Dómsorð:

Ákærðu eru sýknuð af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu, og greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. kr. 60.000 í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 19. júní 1991.

Nr. 97/1989. **Árni Sigursteinsson**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
innheimtumanni ríkissjóðs
á Selfossi
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Þungaskattur. Bifreiðar. Lögtak. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Áfrýjandi skaut hinum áfrýjaða fógetaúrskurði til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1989. Hafði áfrýjunarstefna fyrst verið gefin út 2. september 1988, en það mál var hafið vegna útivistar 1. mars 1989. Var síðan áfrýjað að nýju með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess aðallega, að synjað verði um lögtak það, sem málið snýst um. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði einungis heimilað til tryggingar 311.711,80 krónum auk lögboðinna dráttarvaxta af 270.479,05 krónum frá 4. ágúst 1987 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 6. maí 1988 að telja. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„Aðallega: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati réttarins.

Samkvæmt því er þess krafist, að lögtak nái fram að ganga í eignum áfrýjanda fyrir ógreiddum þungaskatti og dráttarvöxtum til 6. maí 1988 vegna:

a. Bifreiðarinnar X-132 fyrir skuld að fjárhæð kr. 181.623
b. Dráttarvaxta vegna X-132 að fjárhæð kr. 120.498
c. Tengivagns XT-70 fyrir skuld að fjárhæð kr. 37.943
d. Dráttarvaxta vegna XT-70 að fjárhæð kr. 21.276
e. Bifreiðarinnar X-266 fyrir skuld að fjárhæð kr. 33.397
f. Dráttarvaxta vegna X-266 að fjárhæð kr. 12.788

Þá er þess krafist, að lögtakið nái til áfallinna og áfallandi dráttarvaxta frá 6. maí 1988 til greiðsludags af samanlögðum höfuðstól samkvæmt liðum a, c og e að ofan, samtals kr. 252.963, samkvæmt 11. gr. laga nr. 3/1987.

Enn fremur er gerð krafa um, að lögtakið nái til alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi innheimtuaðgerðir.

Til vara: Að lögtak verði látið ná fram að ganga fyrir öðrum lægri fjárhæðum en gert er ráð fyrir í hinu áfrýjaða úrskurðarorði. Í því tilviki er þess jafnframt krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar."

I.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir áfrýjandi á sömu rökum og í héraði og því til viðbótar, að héraðsdómari hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins.

Þorsteinn Skúlason, héraðsdómari á Selfossi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð. Með lögum nr. 6/1985 um breyting á lögum nr. 74, 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., er heimilað, að við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu starfi héraðsdómari. Um stöðu hans fer svo sem segir í 9. gr. laga nr. 74/1972, en þetta ákvæði er þannig:

„Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar."

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að héraðsdómarinn sé í þeim mæli tengdur bæjarfógetanum, stefnda hér fyrir dómi, að hann hafi ekki mátt fara með mál þetta vegna ákvæðis 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, þar sem hætta sé á, að „hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu". Eins og segir

í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972, starfar héraðsdómarinn sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum, og verður því ekki talið, að hann hafi verið vanhæfur til meðferðar þess máls, sem hér er fjallað um.

II.

Í máli þessu er deilt um þungaskatt, sem stefndi krafði áfrýjanda um vegna þriggja ökutækja í eigu hins síðarnefnda. Er um að ræða skatt vegna tveggja gjaldtímabila, sem hvort er 4 mánuðir, þ.e. október 1985 til og með janúar 1986 og febrúar til og með maí 1986. Um skattinn gilti 2. gr. laga nr. 19/1986 um breyting á lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977. Þykir mega byggja á gildistökuákvæði í 9. gr. laga nr. 19/1986 með hliðsjón af því, að ákvæðin um hinn umdeilda skatt, sem þar eru og beitt var gagnvart áfrýjanda, komu í stað sams konar ákvæða í bráðabirgðalögum nr. 90/1985. Lög nr. 79/1974 með áorðnum breytingum voru endurútgefin sem lög nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar.

Ekki er ágreiningur um, að skattfjárhæð er rétt reiknuð samkvæmt áðurgreindu lagaákvæði.

III.

Svo sem segir í úrskurði fógeta, telur áfrýjandi, að lagareglur um hinn umdeilda skatt séu ekki svo nákvæmar, að skattheimtu megi á þeim byggja.

Í áðurgreindu ákvæði laga nr. 19/1986 segir meðal annars:

„2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, er verður 4. gr. þeirra (sbr. 14. gr. laga nr. 3 1986), orðast svo:

— — —

B.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli ... Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
...	...
11,0 - 11,9	3,58
12,0 - 12,9	4,03
13,0 - 13,9	4,41
14,0 - 14,9	4,88
15,0 - 15,9	5,25
16,0 - 16,9	5,67
17,0 - 17,9	6,08
...	
22,0 - 22,9	8,22
23,0 - 23,9	8,61
24,0 - 24,9	9,00
25,0 og þyngri	9,44

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðherra ákveðið, að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd, svo sem ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls. ...

Ráðherra er og heimilt að ákveða, að veittur skuli ... afsláttur af ... akstri ... umfram 25.000 km á ári. ...“

Í ákvæði þessu er getið um skattstofn og skatthæð, en áfrýjandi telur undanþáguheimildirnar, sem ráðherra eru veittar, svo víðtækar, að ákvæðið skorti forsagnargildi. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda, og verður að fallast á sjónarmið hans, enda byggist skatturinn á málefnalegum sjónarmiðum.

IV.

Áfrýjandi byggir á því í öðru lagi, að aðferð sú, sem viðhöfð var, þegar gjöld hans voru ákveðin, einkum málsmeðferð, eftir að áfrýjandi ákvað að kæra álagninguna, hafi verið ólögmæt.

Í lög hafa ekki verið teknar reglur um samræmda meðferð á kærum vegna opinberra gjalda. Í lögum nr. 79/1974 er þess ekki sérstaklega getið, hver leggi á þungaskatt, en í 9. gr. laganna, sbr. nú lög nr. 3/1987, segir, að utan Reykjavíkur annist lögreglustjórar innheimtuna. Eru þeir samkvæmt því álagningaryfirvald. Er ekki án sér-

stakrar ákvörðunar í lögum unnt að líta svo á, að kærur fari eftir ákvæðum laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, enda hafa hvorki skattstjóri né ríkisskattanefnd haft afskipti af deiluefni því, sem hér er um fjallað. Fór því um kæru eftir almennum reglum stjórnarfarsréttar.

Lögmaður áfrýjanda sendi stefnda kæru 3. febrúar 1986. Málsskjöl bera ekki með sér, að bæjarfógetinn hafi lagt úrskurð á kæruna og sent áfrýjanda bréf þar að lútandi. Hins vegar kemur fram, að fjármálaráðuneytið, en þangað hefði áfrýjandi getað skotið úrskurði stefnda, ritaði bæjarfógetanum bréf 21. maí 1986 og svaraði með því erindi hans frá 26. mars sama ár. Kemur þar fram, að ráðuneytið telur, að mótmæli lögmanns áfrýjanda eigi ekki við rök að styðjast. Ekki verður séð af gögnum, að bréf þetta hafi verið kynnt áfrýjanda eða að ákvörðun eða úrskurði frá ráðuneytinu hafi í annan tíma verið beint til hans. Meðferð á kæru áfrýjanda var því ekki að lögum.

Þegar málið kom fyrir fógetadóm, var það í fyrstu sótt af tveimur starfsmönnum bæjarfógeta, en síðar af ríkislögmanni. Það hefur verið talið samrýmast réttarfarslögum, að skorið sé úr um skattskyldu í fógetadómi, þó að veruleg álitaefni séu í máli. Eins og á stóð, bar að fara eftir 9. kafla laga nr. 85/1936, svo sem fyrir er mælt í 238. gr. laganna. Bar héraðsdómara að krefja málflutningsumboðsmann stefnda (sóknaraðila í héraði) um greinargerð, svo sem boðið er í 105. gr. laganna, en greinargerð kom ekki frá honum.

Þessir gallar á meðferð skattkærunnar og fógetaréttarmálsins leiða þó ekki, eins og komið er, til þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi.

V.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi á því, að skatturinn fari eftir leyfðri heildarþyngd, en í því felist, að skattlagningarvaldið sé gegn réttum lögum lagt í hendur framkvæmdarvaldinu. Er sjónarmiðum áfrýjanda nánar lýst í úrskurði fógeta. „Leyfð heildarþyngd" er ekki skýrgreind í lögum nr. 79/1974 með síðari breytingum. Verður að skýra þetta hugtak eftir umferðarlögum þeim, sem í gildi voru, þegar hið umdeilda gjald var á lagt, þ.e. lögum nr. 40/1968, en þar sagði í 2. gr.

„Í lögum þessum merkir: ...

Heildarþyngd: Eigin þyngd ökutækis að viðbættu eldsneyti, smurningsolíum og kælivatni svo og ökumanni, farþegum og farmi.

Leyfð heildarþyngd: Heildarþyngd ökutækis, sem leyfð er við skráningu þess.“

Erlingur Gunnlaugsson, starfsmaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, gaf skýrslu á dómþingi fógetaréttar Selfoss 22. júní 1988. Hann kvað skráningu á þyngd bifreiða vera miðaða við upplýsingar um heildarþyngd frá framleiðanda og þeim, er bifreiðina léti skrásetja, og skoðun af hálfu skráningaryfirvalda. Hefðu nýjar bílagerðir yfirleitt verið gerðarskoðaðar hjá bifreiðaeftirlitinu, þegar þær voru fyrst fluttar til landsins, og síðan byggt á því við skráningu einstakra bifreiða. Leyfð þyngd fari eftir því, hve umferðarlög og Vegagerð ríkisins heimili þunga bíla á vegum landsins. Kom fram hjá Erlingi, að við þá ákvörðun sé tekið mið af öxulþunga og heildarþyngd, eftir því sem reglur segja til um. Um þetta bendir lögmaður stefnda á auglýsingu, sem birt var í Lögbirtingablaði 11. mars 1985, en af hálfu áfrýjanda er talið, að miðað hafi verið við reglur, sem ekki hafi verið birtar nema í bæklingi, sem vegagerðin hafi látið prenta 1984. Telur áfrýjandi óvissu vera um einstök atriði, sem taka þurfi tillit til, og sé óheimilt að láta fara um þau eftir þessum reglum.

Ljóst er, að við ákvörðun um svonefnda leyfða heildarþyngd er miðað við, hve þungum tækjum megi aka um vegi landsins, en um það atriði voru ákvæði í 56. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem beita ber í þessu máli. Vegamálastjóra var heimilt að setja reglur samkvæmt þessu ákvæði og ákvæði í 67. gr. vegalaga nr. 6/1977. Um leyfða þyngd á vegum og aðferðir við útreikninga, sem henni tengjast, eru ákvæði í fyrrnefndri auglýsingu, sem birt var 11. mars 1985. Felst í þessum reglum nægilegur grundvöllur til að ákveða leyfða heildarþyngd ökutækja áfrýjanda.

VI.

Ákvarðanir um leyfða heildarþyngd ökutækja áfrýjanda eru nákvæmar, og ákvæði 2. gr. laga nr. 19/1986 eru það einnig. Er áfrýjandi krafinn um gjöld eftir réttum gjaldflokkum. Verður varakrafa hans því ekki tekin til greina.

VII.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um, að lögtak megi fram fara, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1974. Um höfuðstól er ekki tölulegur ágreiningur, og ekki er deilt um vexti. Verður því heimilað lögtak til tryggingar greiðslu samkvæmt aðalkröfu stefnda hér fyrir dómi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Dómsorð:

Umbeðið lögtak skal fara fram hjá áfrýjanda, Árna Sigursteinssyni, til tryggingar kröfu stefnda, innheimtumanns ríkissjóðs á Selfossi, að fjárhæð 407.525 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. laga nr. 3/1987, samanber III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 252.963 krónum frá 6. maí 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Selfoss 27. júlí 1988.

Mál þetta var upphaflega tekið til úrskurðar 4. febrúar 1987, en vegna dráttar á uppkvaðningu úrskurðar og einnig með hliðsjón af 120. gr. laga nr. 85/1936 var málið endurupptekið 26. maí 1988, og lagði þá gerðarbeiðandi fram skjöl til skýringar kröfu sinni.

Í þinghaldi 22. júní 1988 lögðu báðir aðilar fram skjöl til skýringar kröfum sínum, og var síðan málið tekið til úrskurðar samdægurs að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er bæjarfógetinn á Selfossi f.h. innheimtu ríkissjóðs, en gerðarþoli er Árni Sigursteinsson, Austurvegi 29, Selfossi.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, ,,að lögtak nái fram að ganga í eignum gerðarþola fyrir ógreiddum þungaskatti og dráttarvöxtum vegna:

a. bifreiðarinnar X-132 fyrir skuld að fjárhæð kr. 302.121 samkvæmt sundurliðun á dskj. nr. 21,

b. tengivagns Xt-70 fyrir skuld að fjárhæð kr. 75.113 samkvæmt sundurliðun á dskj. 23,

c. bifreiðarinnar X-266 fyrir skuld að fjárhæð kr. 46.185 samkvæmt sundurliðun á dskj. nr. 25.

Þá er þess krafist, að lögtakið nái til áfallinna og áfallandi dráttarvaxta

af samanlögðum höfuðstól (án uppreiknaðra dráttarvaxta til 6. maí 1988) skv. liðum a til c að ofan skv. 11. gr. laga nr. 3/1987 frá 6. maí 1988 til greiðsludags.

Enn fremur er gerð krafa um, að lögtakið nái til alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi innheimtuaðgerða.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati hins virðulega réttar".

Samkvæmt skjölum þeim, sem hér er til vitnað, sundurliðast kröfurnar þannig í eftirstöðvar höfuðstóls og dráttarvexti:

a. Bifreiðin X-132:		
Eftirstöðvar höfuðstóls	kr.	181.623
Áfallnir dráttarvextir til 6. maí 1988	—	120.498
	Kr.	302.121
b. Tengivagn Xt-70:		
Eftirstöðvar höfuðstóls	kr.	48.073
Áfallnir dráttarvextir til 6. maí 1988	—	27.040
	Kr.	75.113
c. Bifreiðin X-266:		
Eftirstöðvar höfuðstóls	kr.	33.397
Áfallnir dráttarvextir til 6. maí 1988	—	12.788
	Kr.	46.185

Samkvæmt þessu er höfuðstóll lögtakskröfunnar kr. 263.093.

Kröfur gerðarþola eru þær, „að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gerðarbeiðanda í máli þessu og að umbeðið lögtak nái ekki fram að ganga. Til vara er gerð sú krafa, að lögtak nái einungis fram að ganga fyrir mun lægri fjárhæðum en farið er fram á af gerðarbeiðanda, og verði fjárhæðin miðuð við það, að gerðarþola verði einungis gert að greiða kr. 8,22 á kílómetra fyrir X-132, kr. 5,25 fyrir Xt-70 og kr. 3,58 fyrir X-266.

Þá er gerð krafa um, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða framlögðum reikningi".

Málsástæður og lagarök.

Gerðarþoli:

Gerðarþoli byggir kröfu sína um, að lögtak nái ekki fram að ganga, á eftirfarandi málsástæðum:

„ A. Að lög nr. 79/1974 með áorðnum breytingum séu ekki nægilega nákvæmar lagareglur, til að þær feli í sér á fullnægjandi hátt viðunandi forsagnarhæfni skattheimtunnar. Ekki sé því stuðst við efnislegan mæli-

kvarða, og sé niðurstaðan oft ómálefnaleg og óhlutlæg skattálagning. Til grundvallar þessum staðhæfingum bendir gerðarþoli á, að í sínu tilviki sjái sami aðili bæði um álagningu skattsins skv. akstursbók og sjái um innheimtu hans. Þetta fyrirkomulag skapar mikinn aðstöðumun í þá átt, að aðstaða gjaldenda þungaskatts er mun verri til að meta réttmæti ákvarðana en innheimtumannsins. Þetta á sérstaklega við, þar sem svo margt er óljóst orðað í lögum og reglum um innheimtu skattsins. Álagning skattsins fer þannig fram, að viðkomandi bifreiðaeftirlitsmaður skráir mestu leyfilegu hámarksþyngd viðkomandi bifreiðar í ákveðna akstursbók og síðan, hver sé mælistaðan í byrjun aksturs, síðan er mælistaðan tekin í lok tímabils og upplýsingar sendar lögreglustjóra og skráðar í akstursbók. Skrifstofa lögreglustjóra innheimtir skattinn síðan skv. ákveðinni gjaldskrá, þ.e. ákveðna fjárhæð fyrir hvern ekinn kílómetra. Þannig virðist akstursbók gjaldanda vera nokkurs konar framtal. Þetta virðist tiltölulega einföld aðferð eða einfalt kerfi, en upp getur komið margvísleg staða og oft og tíðum flókin, t.d. hver sé réttur gjaldstofn eða leyfilegur heildarþungi, hver sé réttur drifhraði. Mælir getur bilað, svo að áætla þarf akstur. Þannig geta komið upp ýmis atriði, sem erfitt er að ráða fram úr með hliðsjón af því, að engin lagaákvæði eru til í settum lögum, hvernig bregðast eigi við aðstöðunni. Vill þá hættan verða sú, að lögreglustjóri túlkar aðstöðuna sér í hag. Gjaldandinn greiðir eða sætir afklippingu.

B. Lögin eru óeðlilega fasísk, að því er varðar kæruleiðir, eða öllu heldur, að þá eru engar kæruleiðir til skv. lögunum eða kærumeðferð, og lögreglustjóra stendur til boða að hóta afklippingu á skráningarspjöldum, ef ekki er greitt á réttum tíma. Síðan getur gjaldandi farið í endurkröfumál, telji hann sig hlunnfarinn.

C. Gerðarþoli fullyrðir, að sá skattstofn, sem gjaldskylda á ofangreindum farartækjum sé miðuð við, sé ekki ákveðinn skv. settum lögum, heldur reglugerð, en það sé brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um skattamál. Er í því sambandi vísað til 40. gr. stjskrár og 77. gr. hennar um, að skattamálum skuli skipað með lögum.

Varðandi ofangreint er vísað til þess, að skattstofninn er leyfð heildarþyngd hverrar bifreiðar, og leyfð heildarþyngd er ákvörðuð af viðkomandi lögreglustjóra þess umdæmis, sem gjaldandi á lögheimili í, þ.e. bifreiðaeftirlitsmanni, sem er starfsmaður lögreglustjóra. Er bifreiðaeftirlitsmaðurinn ákveður hæsta leyfilegan heildarþunga bifreiðar, fer hann eftir reglum, sem Vegagerð ríkisins hefur samið skv. 55. gr. umferðarlaga um, hver sé leyfilegur hámarksþungi á öxli. Virðist þá miðað við, hve langt sé milli öxla bifreiðar, hvort sem um sé að ræða öxul með tveimur hjólum, öxul með fjórum hjólum, tvíöxul með fjórum hjólum, átta hjólum, þríöxul með sex hjólum eða átta eða þríöxul með tólf hjólum. Síðan er farið eftir

felgustærð og eigin þyngd bifreiðar og fleiri atriðum, sem geta verið allflókin.

Gjaldandi álítur, að reglur um þessa framkvæmd eigi að vera í settum lögum, a.m.k. á sama hátt og reglur um framkvæmd fasteignamats eru í settum lögum, en skattstofn fasteignagjalda og eignarskatts er fasteignamat viðkomandi eigna. Gerðarþoli fullyrðir, að ef fasteignamat eigna á Íslandi væri fundið út með aðferðum, sem eingöngu væri kveðið á um í reglugerð, væri ekki um lögmætan skattstofn eða fasteignamat að ræða skv. stjórnarskránni."

Varakröfu sína byggir gerðarþoli á því, að þar sem leyfileg heildarþyngd bifreiðanna X-266 sé 12.000 og X-132 sé 23.000 og tengivagns Xt-70 sé 16.000, sé ekki eðlilegt, að tækin séu í gjaldflokki skv. 7. gr. laga nr. 79/1974, sem byrji í 12.000 kg varðandi X-266 og endi í 12.999 kg, byrji í 23.000 varðandi X-132 og endi í 23.999 kg, byrji í 16.000 varðandi Xt-70 og endi í 16.999. Hér muni eitt kíló því, að tækin lendi í einum gjaldflokki þungaskatts hærra, gjaldflokki, sem nær yfir 998 kíló, sem tækin megi ekki flytja. Ef t.d. X-266 væri mældur með 12.200 kíló, yrði gerðarþoli sektaður um háa fjárhæð, og við endurtekið brot yrðu klippt af bifreiðinni skráningarspjöld hennar. Með þessu er verið að krefja gerðarþola um gjald af tækjunum fyrir þunga, sem þau mega ekki flytja. Þar sem X-266 má ekki flytja þyngri byrði en 12.000 kg, er ekki hægt að krefja gerðarþola um gjald, sem samsvarar því, að bifreiðin megi flytja 12.999 kg. Réttur gjaldflokkur fyrir X-266 væri því frá 11.000 kg til og með 12.000. Er það í samræmi við 5. gr. laganna, er hljóðar svo: „Sé eigin þyngd bifreiðar 2000 kg eða meiri, skal gjaldið hækka um 9.750 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg, sem eigin þyngd bifreiðarinnar er meiri en 2000." Hér er talið frá 2000 kg, byrjað á 2001 kg. Brýtur téð 7. gr. að þessu leyti í bága við 5. gr. laganna, sem er eldri og fastari í sessi. Til frekari rökstuðnings er vísað til bréfs gerðarþola, dags. 3.2.1985, til gerðarbeiðanda.

Um lagarök segir gerðarþoli svo í greinargerð:

„Gerðarþoli skírskotar til 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, þá er vísað til meginreglna skattaréttarins og reglna hans um skattskyldu og skattstofn. Til þess að þótt (sic) skattskylda sé óumdeild, getur sá skattstofn, sem skattskyldan nær til, verið umdeildur.

Einnig er vísað til hæstaréttardóms frá 27. febrúar 1985 í hæstaréttarmálinu nr. 204/1983; sérstaklega er vísað til þeirra sjónarmiða, sem koma fram í sératkvæði Magnúsar Thoroddsens hæstaréttardómara".

Gerðarbeiðandi:

Málsástæður gerðarbeiðanda, sem fram komu í munnlegum málflutningi, eru að meginstefnu til eftirfarandi:

Vegna aðalkröfu:

A. Þessa málsástæðu telur gerðarbeiðandi ekki á rökum reista. Þetta sé sambærilegt við fjöldamargt annað í löggjöf, þar sem sami aðili hefur fleira en eitt valdsvið á hendi, t.d. þegar innheimtumaður ríkissjóðs er einnig uppboðshaldari. Þar sé um að ræða, að bæði framkvæmdarvald og dómsvald sé hvort tveggja á sömu hendi.

Í þessu máli sé þó aðeins um að ræða tvíþætt framkvæmdarvald á sömu hendi. Það sé ótvírætt í lögunum, að svona skuli þetta vera.

B. Gerðarbeiðandi telur fráleitt, að varnir gegn lögtakskröfunni séu byggðar á þessari staðhæfingu. Samkvæmt almennum reglum stjórnarfarsréttar séu kæruleiðir fyrir hendi til æðra stjórnvalds. Vandséð sé, hvaða stjórnarskrárákvæði það ætti að hnjóta um, þótt ekki séu markaðar sérstakar kæruleiðir í lögunum. Auk þess bendir gerðarbeiðandi á, að einnig sé ávallt fyrir hendi málskotsréttur til dómstóla.

C. Gerðarbeiðandi segir, að því fari fjarri, að um sé að ræða eitthvert valdframsal til skattlagningar, sem sé í andstöðu við stjórnarskrána. Þetta „valdframsal" sé í rauninni afar sambærilegt við ákvörðun skattstofna á svo mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins. Það sé ekki löggjafinn, heldur stjórnvöld, sem ákveði gjaldstofna til fasteignaskatts, gjaldstofna til eignarskatts o.s.frv., og mætti tilgreina fjöldamargt annað.

Vegna varakröfu:

Gerðarbeiðandi kveður löggjafann hafa ákveðið gjaldflokka með þessum hætti, og spurning um það, hvað sé eðlilegt, eigi hér ekki við. Löggjafinn hafi fulla heimild til þess að ákveða þetta svona.

Forsendur og niðurstaða.

Lögtaksréttur fylgir kröfu þessari skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 3/1987. Verður nú fjallað um málsástæður gerðarþola hverja fyrir sig.

Um A: Í upphafi þessa liðar staðhæfir gerðarþoli ýmislegt um lög nr. 79/1974 með áorðnum breytingum. Síðan segir svo:

„Til grundvallar þessum staðhæfingum bendir gerðarþoli á, að í sínu tilviki sjái sami aðili bæði um álagningu skattsins skv. akstursbók og sjái um innheimtu hans."

Svo virðist vera, að gerðarþoli álíti þetta fyrirkomulag andstætt stjórnarskránni. Dómurinn telur svo ekki vera og fellst á það sjónarmið gerðarbeiðanda, að þetta sé sambærilegt við annað í löggjöf, sem ekki brýtur í bága við stjórnarskrána, og má nefna m.a., að sveitarstjórn annast bæði álagningu og innheimtu fasteignaskatts.

Um B: Dómurinn fellst á það, sem fram hefur komið hjá gerðarbeiðanda um þennan lið.

Það er grundvallarregla íslensks stjórnarfarsréttar, að stjórnleg kæra er almennt heimil, þótt hún hafi ekki stoð í settum lögum. Hér er kæruheimild til æðra stjórnvalds fyrir hendi samkvæmt þessari grundvallarreglu, og það er það, sem skiptir máli, en ekki, hvort heimildin sé sérstaklega fram tekin í lögunum.

Um C: Gerðarþoli virðist álíta, að hér sé um að ræða of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi, svo að það brjóti í bága við stjórnarskrána, og telur, að reglur, sem veghaldari hefur sett samkvæmt 56. gr. þágildandi umferðarlaga, ættu að vera í settum lögum.

Dómurinn fellst á sjónarmið gerðarbeiðanda í þessu efni og vísar því á bug, að reglur þær, sem veghaldari setti með vísan til 56. gr. þágildandi umferðarlaga, séu um atriði, er séu þess eðlis, að um þau hafi borið að kveða á í settum lögum.

Um varakröfu:

Varðandi það, sem gerðarþoli segir, að ekki sé eðlilegt, að tækjunum sé svo skipað í gjaldflokka sem gert er, þá verður að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðanda, að ekki skipti hér máli skoðun gerðarþola á því, hvað sé eðlilegt. Það sé alveg ljóst, hvað löggjafinn hafi ákveðið, og hann hafi annað mat á þessu en gerðarþoli, og það sé það, sem gildi.

Í þinghaldi 22. júní sl. urðu aðilar „sammála um að leggja til grundvallar kílómetratölur þær, er fram koma á dskj. nr. 21, 23 og 25, og einnig innborganir skv. þessum skjölum, þannig að í sambandi við varakröfu gerðarþola er ágreiningur varðandi þessi skjöl fólginn í því, hvað á að greiða í gjald pr. km, þ.e.a.s. spurning um gjaldflokka."

Lögtaksréttur á þeim hluta af kröfu vegna tengivagns Xt-70, sem í gjalddaga var fallinn fyrir 26. maí 1986, er nú niður fallinn, þar sem lögtakinu var ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, eftir að málið var tekið til úrskurðar 4. febrúar 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 29/1885. Tveggja ára frestur, sá sem greindur er í nefndri lagagrein, telst því frá 26. maí 1988, en þann dag var málið tekið upp að nýju. Þessi hluti kröfunnar er höfuðstóll, að fjárhæð kr. 8.752, ásamt þeim dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, sem fallnir voru í gjalddaga fyrir 26. maí 1986.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um, að lögtak nái fram að ganga í eignum gerðarþola að undanteknum höfuðstól, að fjárhæð kr. 8.752, ásamt þeim dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, sem í gjalddaga voru fallnir fyrir 26. maí 1986.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 45.000 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af miklum embættisönnum dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara að undanskildum kr. 8.752 ásamt dráttarvöxtum þeim af þeirri fjárhæð, sem fallnir voru í gjalddaga fyrir 26. maí 1986.

Gerðarþoli, Árni Sigursteinsson, greiði gerðarbeiðanda, bæjarfógetanum á Selfossi f.h. innheimtu ríkissjóðs, kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1991.

Nr. 25/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Helga Svavarssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)
og
Snorra Snorrasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Ávana- og fíkniefni. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. desember 1990 til refsiþyngingar.

I.

Málsaðilar hafa eigi óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur, og koma þau því eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Með bréfi 20. febrúar 1991 leitaði ríkissaksóknari umsagnar læknaráðs á eftirgreindum atriðum:

„1) Er læknaráð samþykkt niðurstöðum próf. Gunnlaugs Geirssonar í réttarkrufningarskýrslum hans um banamein Þorsteins Guðnasonar?

2) Er læknaráð samþykkt eftirgreindum niðurstöðum próf. Gunnlaugs Geirssonar, sem fram komu í skýrslu hans í sakadómi Reykjavíkur:

a) Að öll líkindi séu til þess, að stunga í gegnum meginslagæð til lungna hafi verið dauðaorsök Þorsteins?

b) Að áverkarnir á höfði og framan á brjóstvegg hafi getað stafað af „melspírunni", en tæplega áverkarnir á baki?

c) Að það sé afar hæpið og nær óhugsandi sé, að stungurnar framan á brjóst Þorsteins hafi getað farið í gegnum hann?

d) Að bakstungurnar hafi ekki verið banvænar og líklegt, að maðurinn hafi getað gengið t.d. niður stigann í kjallarann, eftir að hafa fengið bakáverkana, ef hann hefði verið studdur eða leiddur?

e) Að líklegast sé, að Þorsteinn hafi verið látinn, þegar hann fékk áverkana á framanvert höfuð, blætt hafi inn í brjóstholið af völdum stungunnar í lungnaslagæð, og hefði heilaáverkinn komið á undan, hefði ekki blætt úr lungnaslagæð, eins og gerði, enda hefði heilaáverkinn þá þegar leitt til hjartastopps?

3) Fellst læknaráð á niðurstöður dr. med. Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu?"

Læknaráð svaraði öllum ofangreindum spurningum játandi.

III.

Í ákæruskjali er m.a. svo frá greint, að ákærðu hafi farið í bensínafgreiðsluna við Stórageröi „í þeim tilgangi að ræna þar fjármunum" og hafi, „er þeir voru komnir á staðinn, veist í félagi að ... starfsmanni stöðvarinnar og banað honum ..." Á þetta ber að fallast. Hins vegar verður eigi talið alveg nægjanlega sannað, að fyrir þeim hafi beinlínis vakað, þegar þeir lögðu af stað um morguninn, að ráða Þorsteini bana.

Að sögn Snorra tók Guðmundur Helgi „melspíruna" úr buxnastreng Snorra, sem þá mátti gera ráð fyrir, að aðförin gæti leitt til dauða. Þáttur ákærðu í að veita Þorsteini áverka eftir þetta er óljós og óvíst um atvik, þegar hann var stunginn hvað eftir annað. Ljóst er þó, að þar kom, að Snorri vék frá, eftir að hafa tekið lykla Þorsteins, og hóf að leita peninga. Verður að telja, að báðir hinir ákærðu beri fulla sök á dauða Þorsteins heitins. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann um annað en refsingu, en ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Refsing ákærða Guðmundar Helga Svavarssonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í 17 ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22.

apríl til 24. apríl 1989 og frá 2. maí 1990 til uppsögu dóms þessa refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Snorra Snorrasonar ákveðst 16 ára fangelsi, og komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 2. maí 1990 refsingu til frádráttar.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en refsingu ákærðu.

Ákærði Guðmundur Helgi Svavarsson sæti fangelsi í 17 ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. apríl til 24. apríl 1989 og óslitið frá 2. maí 1990 refsingu til frádráttar.

Ákærði Snorri Snorrason sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 2. maí 1990.

Ákærði Guðmundur Helgi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Ákærði Snorri Snorrason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs fyrir Hæstarétti, 300.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 12. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Pétri Guðgeirssyni dómsformanni, Helga I. Jónssyni og Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 681-682/1990: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Helga Svavarssyni og Snorra Snorrasyni, sem dómtekið var 30. nóvember 1990.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. september 1990, á hendur ákærðu, Guðmundi Helga Svavarssyni, til lögheimilis á

Árbraut 19, Blönduósi, fæddum 14. janúar 1962, fnr. 434, og Snorra Snorrasyni, til lögheimilis á Hverfisgötu 104 A, Reykjavík, fæddum 19. mars 1956, fnr. 558, „fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir manndráp, rán og nytjastuld með því að hafa að morgni miðvikudagsins 25. apríl 1990 farið í bensínafgreiðslu Esso við Stórageröi í Reykjavík í þeim tilgangi að ræna þar fjármunum og hafa, er þeir voru komnir á staðinn, veist í félagi að Þorsteini Guðnasyni, fæddum 19. júní 1942, starfsmanni stöðvarinnar, og banað honum með því að stinga hann mörgum stungum í brjóst og bak með egg- og stunguvopnum og slá hann í höfuðið með þungum hlut og tekið úr peningaskáp stöðvarinnar samtals kr. 542.891 í peningum og tékkum og horfið brott af vettvangi í bifreið Þorsteins, R-22528, sem ákærði Guðmundur Helgi ók að heimili sínu, en þaðan ók ákærði Snorri bifreiðinni á bifreiðastæði við Vesturgötu 3 og skildi hana þar eftir.

Telst þetta varða við 211. gr., 252. gr., - til vara við 244. gr., - og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20, 1956.

II.

Gegn ákærða Guðmundi Helga fyrir að hafa um mánaðamót mars/apríl 1989 keypt 1000 skammta af LSD (lýsergíði) í Rotterdam, fengið sölumann efnisins til að póstsenda 950 skammta hingað til lands og sjálfur flutt hluta efnisins, a.m.k. 8 skammta, með sér til landsins 7. apríl 1989, og ráðgerði ákærði að selja megnið af efninu hérlendis, en lögreglan fann 692 skammta af því 21. apríl 1989 við húsleit á þáverandi dvalarstað ákærða að Bröndukvísl 17, Reykjavík.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64, 1974.

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta. Ákærði Guðmundur Helgi verði enn fremur dæmdur til að sæta upptöku á 692 skömmtum af LSD samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, og á 9 hnífum (4 kasthnífum og 5 bitvopnum með 15, 16, 20, 28 og 30 cm löngum blöðum) samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, en lögreglan lagði hald á þessa hnífa í eigu ákærða við framangreinda húsleit 21. apríl 1989, sbr. 34. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 16, 1978, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 474, 1988 sbr. 3. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1988".

Í málflutningi var gerð sú breyting á ákæruskjalinu af hálfu ákæruvaldsins, að í stað orðanna: „að heimili sínu“ í I. kafla ákærunnar skuli vera orðin „að Smiðjustíg 10“.

Málavextir.

I.

Kl. 7.39 miðvikudagsmorguninn 25. apríl sl. var lögregla kvödd að bensínstöð Esso við Stórageröi í Reykjavík vegna grunar um innbrot í stöðina. Er lögreglumenn komu þar, voru fyrir tveir starfsmenn stöðvarinnar, Sigurbjörn Alexandersson og Reynir Jakobsson. Höfðu þeir komið að læstum dyrum, og þótti þeim það kynlegt, því að starfsfélagi þeirra, Þorsteinn Guðnason, væri alltaf kominn til starfa á undan þeim og búinn að ljúka upp. Þá kvaðst Sigurbjörn hafa séð til bifreiðar Þorsteins, þar sem henni var ekið frá stöðinni í þann mund, sem hann kom þar að gangandi. Þeir hefðu séð, að blóð var á gólfinu inni í stöðvarhúsinu og að peningakassinn var opinn. Þegar lögreglumenn höfðu brotið upp dyr á suðurhlið hússins, kom í ljós, að töluvert blóð var á gólfi og varningur hafði dottið úr hillum. Við stiga í kjallara lá Þorsteinn látinn í blóðpolli og með mikla áverka á höfði.

Að sögn þeirra Sigurbjarnar og Reynis áttu þeir Þorsteinn að hefja starf þennan morgun eftir tveggja daga vaktafrí. Væri Þorsteinn venjulega kominn til starfa kl. 5 - 10 mínútur fyrir sjö. Opnaði hann vesturdyrnar og skildi eftir rifu, tæki slagbranda af suðurdyrum og opnaði glugga fyrir ofan þær dyr. Þá færi hann til þess að hella upp á kaffi.

Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir kom á vettvang kl. 8.15, og telur hann Þorstein þá hafa verið auðsjáanlega nýlátinn. Í vottorði hans kemur fram, að stór blóðpollur hafi verið við höfuð líksins, og hafi í pollinum verið ljósar flygsur, sem líktust heilavef.

Bifreið Þorsteins heitins fannst síðar um morguninn, mannlaus og læst, á bifreiðastæði við Vesturgötu 3. Tveir blóðblettir voru á vinstri framhurð hennar og daufir blóðblettir eða kám á gólfmottu við ekilssæti. Í hanskahólfi bifreiðarinnar fannst „uppgjörstaska“, merkt bensínstöðinni. Í töskunni voru uppgjörsblöð dagsins á undan ásamt tékkum, sem fylgdu uppgjörinu, samtals að fjárhæð kr. 289.591.

Fingrafararannsókn bar ekki árangur.

Ýtarleg rannsókn fór fram á vettvangi. Í skýrslu Haralds Árnasonar lögreglumanns um rannsóknina segir svo m.a.:

— — —

Við stigaræturnar er lík Þorsteins Guðnasonar. Líkið liggur á bakinu, með krosslagða ökkla, og eru þeir á móts við norðurenda neðsta þrepsins,

en höfuð líksins vísar til suðvesturs og liggur upp að hillu í hillusamstæðu, sem stendur við suðurvegg kjallarans. Er líkið nánast í beinni stellingu, en er þó lítillega sveigt til vinstri. Hægri handleggur er krepptur upp, með olnboga upp að síðu, og liggur höndin á hillubrúninni. Vinstri handleggur liggur nánast beint út frá síðunni, lítillega krepptur um olnboga, þannig, að höndin er rétt neðan við axlarlínu. Líkið er klætt, auk nærfatnaðar, dökkum mittissíðum kuldajakka, rauðri langermapeysu, sem merkt er ESSO, hvítum stuttermabol með rauðum kraga og ermalíningum, gráum síðbuxum með ísaumuðum brotum, svörtum skóm og hvítum sokkum. Mikið sár er á höfði líksins, og hefur mikið blóð runnið frá því. Stórar blóðslettur hafa gengið út frá höfðinu í allar áttir, og má draga þá ályktun af ummerkjum, að hinum látna hafi verið veittur áverkinn í þeirri stellingu, sem hann liggur. Er höfuð hans við brún neðstu hillu í hillusamstæðu, sem í eru ýmiss konar olíuefni í plastbrúsum, en sú hilla er u.þ.b. 15 cm frá gólfi. Síðar, þegar blóð hafði verið hreinsað af hillubrúninni, kom í ljós, að á henni voru ummerki á móts við höfuð hins látna, sem bentu til þess, að hún hafi orðið fyrir þungum höggum, en starfsmenn stöðvarinnar könnuðust ekki við að hafa séð þessi ummerki áður.

— — —

Fjöldi ljósmynda var tekinn af vettvangi, og fylgja þær málinu.

Samkvæmt kassauppgjöri 24. apríl og upplýsingum Olíufélagsins hf. höfðu verið kr. 542.891 í peningaskápnum í kjallaranum.

Í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors um vettvangsskoðun og krufningu á líki Þorsteins heitins segir svo m.a.:

„Miðvikudaginn 25. apríl 1990 var prófessorinn í réttarlæknisfræði, Gunnlaugur Geirsson, kvaddur af Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra til þess að koma að bensínstöð Esso við Stórageröi, en þar hafði fundist lík manns með mikla áverka, sem sýnt þótti, að væru af mannavöldum.

Líkið lá í blóðpolli við rætur stiga, sem lá niður í kjallara bensínstöðvarinnar. Lá höfuð mannsins upp að vegg, þar sem staflað hafði verið brúsum á hillur. Var stórt, gapandi sár fyrir miðju enni mannsins yfir bæði augun og á nefrót. Hafði blóð og heilavefur slest út frá höfðinu, svo og hafði blóð runnið í stóran poll við höfuðið. Blóð hafði lekið niður á skyrtu mannsins og úlpu. Ekki sást neitt áhald, sem ótvírætt gæti talist áverkavopnið. Blóð var einnig á brúsum og pappakassa í nánd líksins.

„Krufningin: Líkið er af miðaldra manni, með há kollvik og þunnt, gráleitt hár, sem hefur verið ljósskollitað. Á höfðinu miðju og ofanverðu er þríhyrnt, gapandi sár, þar sem sér inn í heilabúið. Neðri brún þessa sárs

er yfir nefið þvert, 4 cm ofan við nefbroddinn, og svarar til neðri brúnar vinstri augntóftarinnar út af gagnauganu, þannig að basalína frá hægri augnkrók miðlægt og upp yfir ennið að hvirflinum og mælist 9 cm. Langhlið þríhyrningsins mælist 12 cm og liggur á ská yfir ennið frá vinstri hliðlægum augnkrók og upp á hvirfilinn. Vinstra auga hefur marist og fallið inn, og eru andlitsbeinin á því svæði mölbrotin, sömuleiðis kúpuhvelfingin og sér í heilavef og nefholin. Nefbeinin eru brotin, sömuleiðis kinnbeinin. Sárið er höggvið og tætt. Finna má, að kúpuhvelfingin er öll brotin. Ofan til og hliðlægt og samhliða langhlið hins stóra, þríhyrnda sárs, en 5 cm frá því, er höggvið sár, 2 cm að lengd. Annað sár, einnig höggvið, liggur upp frá hægri augnkrók, og mælist það 3,8 cm á lengd. Á hægri vanga er 1 cm löng skráma og mar á 4x2,5 cm svæði. Vinstra megin í hársverðinum, hliðlægt í hnakkanum, er V-laga höggvið sár, 6 cm hvor armur sársins. Þriðja sárið er nokkru neðar í hnakkagrófinni vinstra megin og mælist 1 cm að lengd. Ekkert sérstakt greinist í eyrum mannsins. Tennur eru heilar, og enginn áverki sést á vörum. Vinstra megin, 4 cm neðan við eyrnasnepilinn, er á hálsinum lítil skurfa, 0,6 cm í þvermál. Um háls mannsins eru tvær grannar silfurfestar, önnur með málmhjarta. Hendur mannsins eru blóðugar, en ekki verður greint, að sár séu á höndum. Hann er með giftingarhring á hægri baugfingri og annan hring með stöfunum ÞG á vinstri hendi.

Stunguförin eru sem hér segir: Stungusárin að framan eru 9 talsins og liggja á svæðinu, sem kallast praecordium, þ.e. yfir svæði hjartans. Hið stærsta þeirra er í miðlínu og mælist 2 cm að lengd, og er lega þess nær þverlæg, þó þannig, að hliðlægi hluti sársins er ofar hinu miðlæga. Þegar þreifað er í sárið, finnst, að það liggur í gegnum brjóstvegginn. Annað sár er 1,5 cm ofar og eilítið hliðlægt, en það nær ekki í gegnum brjóstvegginn, og mælist það 1,5 cm að breidd. Þriðja sárið er 1,5 cm þar fyrir ofan, og mælist það 1,8 cm og gengur í gegnum brjóstvegginn. Sex önnur sár eru yfirborðslægari og hliðlægari. Fimm þeirra ná ekki nema í gegnum hörundið, en hið sjötta nær inn í undirhúðina (subcutis), og mælist það 1,5 cm á breidd (sjá nánar myndir rannsóknarlögreglu). Eitt stungufar hefur skriplað eftir síðu mannsins.

Á baki eru 4 stungusár, eitt svarandi til vinstra herðablaðs, 0,5 cm í þvermál. Annað sár er 10 cm þar fyrir neðan, og er það einnig stungusár grunnt, 0,5 cm í þvermál. Eitt stungusár er 3 cm frá miðlínu og annað 5 cm frá miðlínu, einnig í hæð við vinstra herðablað.

Frekari áverkamerki sjást ekki á líkinu.

Líkið er opnað með miðlínuskurði, sem fer í gegnum 2,5 cm af fitu á kviðvegg. Í brjóstholinu vinstra megin eru 820 ml af blóði, og gollurhúsið er einnig þanið af blóði, og mælast þar 200 ml. Rifa er á gollurhúsinu,

svarandi til móta hjartans og stóru æðanna, og er þar blæðing inn í vefi miðmætisins. Fjögur efstu rif vinstra megin eru brotin eins og eftir mikið högg. Svarandi til stungusára, sem lýst er á baki mannsins, eru fjögur op inn í brjóstholið, og eru þau fremur ,,afrúnnuð'', 0,5 - 0,6 cm í þvermál, og er blæðing umhverfis þau. Stungurnar hafa sært lungnavefinn, og má sjá, að þær hafa gengið u.þ.b. 3 - 4 cm inn í brjóstkassann. Eins og áður segir, voru u.þ.b. 820 ml af blóði í vinstra brjóstholi og 200 ml í gollurhúsinu auk blóðs í mjúkvefjum.

Hjarta og æðakerfi: Hjartað vegur 370 gr. Það er eðlilega lagað, klætt á yfirborði gljáandi himnu að frátöldum blæðingablettum, sem áður er lýst. Mælist hægri hjartahelmingur 0,6 cm að þykkt, en vinstri hjartahelmingur 1,7 cm. Lokurnar eru þunnar og sveigjanlegar, mælist mitralis 11 cm í ummál, aorta 6,5 cm og pulmonalis 7 cm og tricuspidalis 12,8 cm. Svarandi til pulmonal lokunnar eru tvö op á æðinni framanvert við mótin á hjartanu, og mælast þau 0,7 og 0,5 cm. Eru op þessi í framhaldi af stungusárum í brjóstvegg.

Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 390 g og vinstra lunga 270 g. Í vinstra lunga eru blæðingastaðir og sár í lungnavefinn, svarandi til stungufara, sem lýst hefur verið á brjóstvegg. Lítils háttar blóðlitað slím er í fjærhlutum berknanna vinstra megin, en a.ö.l. eru berkjur og barki eðlileg. Málbeinið er heilt. Sári á lungnaslagæð er áður lýst.

Miðtaugakerfi: Áverkum á höfði og höfuðleðri er áður lýst. Þegar höfuðleðri er flett af, sést, að kúpubeinin eru brotin, svarandi til þess, sem áður er lýst, og er blæðing á innanverðu höfuðleðrinu (hematom). Ennisbein vinstra megin eru gengin inn í heilabúið og liggja laus í brotum, og heilinn er mjög marinn og blóðugur undir, enda hefur ennishluti hans farið í graut og spýst út. Opið er inn á frontal sinusa og cavum nasi (nefholið), og eru beinin blönduð (sic) inn í heilavefinn. Engir framandhlutir sjást. Sprunga liggur frá ennisbrotinu yfir miðja kúpuhvelfinguna endilanga aftur á hnakka, og önnur sprunga liggur frá vinstra eyra og að miðlínu.

Ályktun: Krufningin leiddi í ljós, að manninum var ráðinn bani með því að veita honum mikla áverka. Stungur í brjóst voru veittar með fremur oddhvössu eggvopni, sem kann að hafa náð allt að 2 cm skurðbreidd.

Stungunum var beint að hjartastað, og lentu tvær þeirra í meginslagæð til lungna, og blæddi manninum út inn í brjósthol.

Hann var einnig stunginn fjórum sinnum í bak, og er að sjá sem stungu-

verkfærið, sem beint var að bakinu, hafi verið grennra en það, sem áverkann veitti að framanverðu, og náði það að særa vinstra lunga.

Loks er að geta mikils áverka á höfði, sem kom við þung högg yfir þvera nefrót og vinstra auga og sömuleiðis á ennið vinstra megin. Brotnaði höfuðkúpan og leiddi til þess, að heili og blóð slettust út."

Prófessor Gunnlaugur hefur komið hér fyrir dóm. Hefur hann sagt, að líklegast sé, að Þorsteinn Guðnason hafi beðið bana af völdum stungu í lungnaslagæð. Blætt hafi inn í brjóstholið af völdum stungunnar, og áverkarnir framan á höfðinu hafi verið svo miklir, að þeir hefðu þegar í stað gert út af við manninn og valdið hjartastöðvun. Ekki hefði blætt úr lungnaslagæðinni, eins og gerði, ef heilaáverkarnir hefðu komið til á undan. Telur prófessorinn Þorstein hafa fengið áverkana framan á höfuðið, þar sem hann lá niðri við stigann.

Þá kvað prófessorinn áverkana á höfði og á brjósti geta stafað af „melspírunni" (sbr. hér á eftir), en áverkarnir á baki séu hins vegar tæplega af völdum „melspírunnar". Þeir séu eftir grannt og ávalt áhald á borð við skrúfjárn. Að vísu séu áverkar á líkama aldrei svo einkennandi, að hægt sé að segja með fullri vissu, hvaða verkfæri hafi valdið þeim. Bakáverkarnir hafi ekki verið banvænir, og hefði maðurinn líklega getað gengið niður í kjallarann eftir þá, hefði hann verið studdur eða leiddur.

Þá kveður prófessor Gunnlaugur ekki hægt að segja með vissu, hvort áverkarnir tveir aftan á höfði Þorsteins hafi getað valdið höfuðkúpubroti. Hann geti ekki heldur fullyrt, hvort annar hvor þeirra hafi valdið meðvitundarleysi, en það sé hugsanlegt.

Sérstaklega spurður um skrámu á hægri vanga líksins kvað prófessorinn allt það blóð, sem verið hefði á gólfi efri hæðar í stöðinni, ekki hafa getað komið úr henni.

Prófessorinn hefur verið spurður álits á því, hvort stungusárin á brjósti Þorsteins heitins hafi verið veitt með vinstri eða hægri hendi, miðað við, að sá, sem það gerði, hafi kropið við vinstri síðu Þorsteins. Hefur hann sagt, að ekki sé hægt að segja um það, miðað við þau gögn, sem fyrir liggi.

Í málinu eru ljósmyndir af líki Þorsteins heitins og áverkum á því.

Fatnaður Þorsteins heitins var tekinn til rannsóknar í tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins. Á nærbol, milliskyrtu, peysu og úlpu reyndust vera stungugöt, sem svöruðu til áverkanna á brjósti og baki hins látna. Allar voru flíkur þessar mjög blóðugar og blóðblettir og -kám auk þess á buxum.

Eftirgrennslan rannsóknarlögreglu ríkisins og vísbendingar, sem rannsóknarlögreglunni höfðu borist, leiddu svo til handtöku ákærðu 30. apríl og 1. maí sl. Var gerð húsleit á Smiðjustíg 10, þar sem ákærðu og unnustur þeirra bjuggu. Fannst þar m.a. blóðugur eldhússhnífur og stálöxull.

Ákærði Snorri neitaði í fyrstu allri vitneskju um atburðinn í Stóragerði. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 4. maí skýrði hann hins vegar frá því, að helgina fyrir atburðinn hefði hann stungið upp á því við Guðmund Helga, að þeir „rændu" bensínsjálfsala einhvers staðar í borginni. Hefðu þeir þá verið á Smiðjustíg 10. Hann hefði sagt Guðmundi frá því, hvernig þjófavarnarkerfi bensínstöðva væri tekið úr sambandi á morgnana, þegar starfsmenn kæmu til vinnu, og hvernig öllu væri þar fyrir komið, enda hefði hann unnið mikið við bensínafgreiðslu. Aðfaranótt miðvikudagsins 25. apríl hefðu þeir rætt þetta frekar, eftir að Guðrún hefði verið sofnuð. Minnti ákærða, að Sesselja hefði verið vakandi. Þeir hefðu ákveðið að fara að bensínstöðinni í Stóragerði og brjóta upp bensínsjálfsala og stela úr honum peningum. Guðmundur hefði gefið sér pillur, sem ákærði tók inn, og sagt, að hann yrði rólegri af þeim og „alveg sama um allt". Auk þess kveðst hann hafa drukkið allt áfengi, sem til var. Guðmundur hefði beðið sig að taka með „melspíru", sem hann hefði átt, til þess að brjóta upp sjálfsalann. Hann hefði sett „melspíruna" í buxnastrenginn aftanverðan undir úlpunni.

Þeir hefðu gengið upp á Hlemm og tekið vagn nr. 11 upp að Álmgerði. Hefðu þeir gengið vestur þá götu eftir hitaveitustokknum að Stóragerði. Þegar þeir komu að bensínstöðinni, hefði Þorsteinn heitinn verið að koma þar að í bifreið sinni. Hefði hann boðið þeim inn og upp á kaffi, enda hefðu þeir ákærði þekkst, frá því að ákærði vann með honum. Þeir hefðu gengið inn og Þorsteinn farið að laga kaffið í skoti inn af afgreiðslunni. Kvaðst ákærði hafa rætt við Þorstein um heima og geima, en Guðmundur hefði staðið að baki sér. Þegar Guðmundur hefði séð, að ákærði ætlaði ekkert að aðhafast annað en tala við Þorstein, hefði hann hvíslað að sér að láta sig hafa „melspíruna". Kvaðst ákærði þá hafa lyft upp jakka sínum og fundið, að Guðmundur tók hana úr buxnastrengnum. Rétt á eftir hefði hann ýtt sér til hliðar og ráðist að Þorsteini, sem hefði staðið við kaffikönnuna. Hefði hann slegið Þorstein með „melspírunni" og höggið virst lenda á vanga hans og öxl. Guðmundur hefði þrifið í föt Þorsteins og dregið hann fram og skipað honum að láta sig fá lyklana að peningaskápnum. Þorsteini hefði tekist að losna frá Guðmundi og hlaupið fram í verslunina, en Guðmundur náð honum strax. Sagðist hann mundu berja Þorstein meira, ef hann léti ekki lyklana strax af hendi. Hefði Þorsteinn þá rétt fram lyklana, og kvaðst ákærði hafa tekið þá og hlaupið niður í kjallara og tekið úr skápnum litla uppgjörstösku og smámynt í staukum og plastpokum og sett í plastpoka, sem þarna hefði verið. Meðan hann hefði verið að þessu, hefði Guðmundur kallað til sín og beðið sig um að flýta sér. Þegar hann hefði tekið plastpokann upp, hefði pokinn rifnað og hann þurft að tína upp smámynt af gólfinu. Guðmundur hefði þá kallað aftur, og

kvaðst ákærði þá hafa farið fram, en þá hefði Guðmundur staðið yfir Þorsteini, sem hefði legið á gólfinu í kjallaranum við stigann. Talsvert blóð hefði verið þar. Ákærði kvaðst hafa hlaupið upp stigann og tekið slagbrandana frá suðurdyrunum og staðið í gættinni. Þegar Guðmundur hefði verið á leið upp, hefði hann kallað og spurt, hvort hann væri með bíllykla Þorsteins, en þegar ákærði neitaði því, hefði Guðmundur hlaupið niður aftur og náð í bíllyklana. Þeir hefðu hlaupið út í bifreið Þorsteins og Guðmundur ekið niður að Smiðjustíg 10.

Á leiðinni hefði hann beðið sig um að losa sig við „melspíruna". Þegar á Smiðjustíginn var komið, hefði Guðmundur sagt, að ákærði yrði að fara með bílinn og losa þá við hann, því að hann væri sjálfur svo blóðugur, að hann gæti það ekki. Hefði Guðmundur farið inn með aðra peninga en þá, sem ákærði hafði stungið í jakkavasa sinn. Kvaðst ákærði hafa ekið bílnum niður í bæ og numið staðar á stæði við Vesturgötu, skilið bílinn þar eftir og læst honum. Ákærði kvaðst hafa gengið niður að höfninni og kastað „melspírunni"og bíllyklunum í sjóinn af bryggjunni við Hafnarbúðir. Hann hefði svo náð í strætisvagn í Hafnarstræti og farið úr honum við Þjóðleikhúsið. Þegar heim kom, um kl. hálfátta, hefði Guðmundur verið búinn að hafa fataskipti, og hefði hann sagt sér að gera það líka og henda buxunum og úlpunni. Þeir Guðmundur hefðu skipt með sér peningunum, og kvaðst ákærði hafa fengið 67 til 73 þúsund krónur í seðlum í sinn hlut. Guðmundur hefði fengið álíka fjárhæð í seðlum og auk þess alla smámyntina. Ákærði kvaðst fljótlega hafa sagt Guðrúnu frá því, sem gerst hafði, og að þetta hefði verið sóðalegt og að hann vildi helst komast strax „út". Hefði Guðmundur haft í hótunum við þau Guðrúnu og sagst myndu drepa þau, ef þau segðu frá. Þau Guðrún hefðu hent þessum flíkum og e.t.v. skónum í sorptunnu við Vantsstíg, en þar var þá verið að hirða sorp.

Ákærði Snorri var að nýju yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni 5. maí sl. Sagði hann, að Stóragerðisstöðin hefði verið valin vegna þess, að hún væri inni í íbúðahverfi og fáförult við hana. Hefðu þeir ákveðið að stela úr sjálfsala stöðvarinnar og eins að ráðast á „kassamanninn", þegar hann kæmi til vinnu, rota hann og taka af honum lykla að peningaskápnum. Á leiðinni upp á Hlemm hefði Guðmundur talað um, að hann, Snorri, skyldi rota manninn, og kvaðst ákærði hafa samþykkt það. Þegar til átti að taka, kvaðst ákærði ekki hafa getað fengið sig til þess að berja Þorstein í höfuðið með „melspírunni", enda þekktust þeir og höfðu unnið saman. Þegar Guðmundur hefði séð, að ákærði ætlaði ekkert að gera, hefði hann beðið sig um melspíruna og hann lyft upp jakkanum.

Eftir að Þorsteinn hafði verið barinn á hægri vanga og öxl, hefði hann náð að hlaupa fram í afgreiðslu, og hefðu þeir Guðmundur tekist á. Blóð hefði lagað úr höfði Þorsteins. Þegar ákærði hefði tekið lyklana úr hendi

Þorsteins, hefði hann spurt: „Af hverju gerir þú þetta?“ Kvaðst ákærði engu hafa svarað og hlaupið niður. Ákærði kvaðst hafa heyrt Guðmund skipa Þorsteini að leggjast niður, og síðan hefði hann kallað til sín, að hann skyldi flýta sér. Þegar hann hefði komið út úr herberginu, hefði Þorsteinn legið á kjallaragólfinu við stigann. Ekki vissi ákærði, hvernig þeir fóru niður. Þá kvaðst ákærði muna, að Guðmundur hefði sagt, þegar hann kom upp með býllyklana, að Þorsteinn andaði enn. Þá kvaðst ákærði ekki vita til þess, að Guðmundur hefði haft neitt meðferðis að heiman. Hann kvað enn fremur Sesselju hafa sagt sér, þegar hann kom á Smiðjustíginn, eftir að hafa losað sig við bílinn, að hún hefði fleygt fötum Guðmundar í ruslagám við íþróttahús Jóns Þorsteinssonar. Hefði Guðmundur þá verið allsnakinn að baða sig.

Tveimur dögum síðar skýrði ákærði frá atvikum á sama veg og áður, en bætti því við, að þegar þeir Guðmundur og Þorsteinn hefðu tekist á í afgreiðslunni, hefði hann sjálfur hlaupið á bak við þá og ætlað að fara út um vesturdyrnar, en þær reynst læstar. Hefði hann þá hlaupið niður í kjallarann.

Ákærði kvaðst ekkert hafa verið blóðugur, en hafa séð, að Guðmundur var talsvert blóðugur, bæði í andliti, á hönskum og á jakkaermum. Þeir hefðu báðir verið með hanska. Guðmundur hefði rétt sér „melspíruna“ á leið út að bíl Þorsteins. Kvaðst ákærði hafa stungið henni inn á sig og sett hana svo á milli framsætanna í bílnum. Á leiðinni út að bílnum, hefði eitthvað dottið úr pokanum, og hefði hann látið það liggja. Á leiðinni niður á Smiðjustíg hefði hann opnað peningatöskuna með vasahníf, sem hann eigi, tekið úr henni peningana, en skilið eftir ávísanirnar.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 8. maí kvað ákærði klukkuna hafa verið sex mínútur yfir sjö, þegar þeir komu að bensínstöðinni, en Þorsteinn hefði komið þar að tveim mínútum síðar. Guðmundur hefði í sífellu spurt sig, hvað klukkan væri, og því vissi hann þetta.

Ákærði skýrði einnig frá því, að um nóttina hefði Guðmundur talað um að sprauta manninn og hrært eitthvað saman í glasi og tekið til sprautu og nál. Guðmundur hefði talað um, að það yrði að þagga niður í manninum, því að hann þekkti ákærða. Kvaðst ákærði ekkert hafa gefið út á þetta og tekið sullið, sem Guðmundur hafði hrært, og falið það. Hefði hann sagt Guðmundi, að hann vildi einungis, að maðurinn yrði rotaður. Kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að maðurinn myndi geta vísað á sig, þegar hann raknaði við. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að komast að því, að Þorsteinn yrði á vakt þennan morgun, og hann vissi, að hann væri alltaf einsamall einhverja stund.

Tveimur dögum síðar skýrði ákærði frá því, að „melspíruna“ hefði hann fundið í verkfærakistu á Hverfisgötu 104 A, þar sem þau Guðrún bjuggu

áður. Ákærði sagði enn fremur, að þeir Guðmundur hefðu farið að tala um það í alvöru laugardagskvöldið fyrir atburðinn að ræna einhverja bensínstöð. Hefði Guðmundur spurt sig út í starfsemi stöðvanna og hvernig þetta væri framkvæmanlegt.

Aðfaranótt miðvikudagsins hefðu þeir rætt þetta frekar og ákveðið að ræna Stórageröisstöðina. Hefði hann sagt Guðmundi, að þar væru í mesta lagi 200-250 þúsund krónur í peningum. Kvaðst hann hafa verið ákveðinn að taka ekki ávísanir. Þá hefðu þeir ákveðið að taka bifreið Þorsteins og fara á henni af vettvangi.

Ákærði skýrði enn fremur frá því, að í átökum þeirra Þorsteins og Guðmundar frammi í versluninni hefði Guðmundur haldið í föt Þorsteins með vinstri hendi, en í hinni hægri haldið á „melspírunni" reiddri til höggs og hótað að berja hann meira. Þorsteinn hefði streist á móti og reynt að losna frá Guðmundi. Hefðu þeir rekist í vörurekka og eitthvað úr honum dottið í gólfið. Kvaðst ákærði hafa hlaupið að vesturdyrunum, en þær hefðu reynst læstar. Þorsteinn hefði þá komið í fangið á sér, og kvaðst hann þá hafa tekið í hægri hönd hans. Hefði hann fengið blóð af Þorsteini á höndina.

Ákærði kvaðst hafa skilið orð Guðmundar um að þagga niður í Þorsteini, að maðurinn myndi deyja. Hefði hann sagt, að maðurinn yrði steindauður, þegar hann hefði sprautað hann.

Í skýrslu 15. maí kvað ákærði Guðmund hafa haldið í grennri endann á „melspírunni" og barið Þorstein með sverari endanum.

Guðmundur hefði verið blóðugur í andliti, á jakkaermum og hönskum og jakki hans verið blóðugur að framanverðu. Sjálfur hefði hann aðeins verið með blóð á hönskum og vinstra megin á jakkanum framanverðum, sem hefði komið, þegar hann stakk inn á sig ‚melspírunni", eftir að Guðmundur rétti sér hana.

Í skýrslu 18. maí sl. skýrði ákærði frá því, að þegar hann hefði komið upp úr kjallaranum, hefði hann haldið á plastpokanum í fanginu og átt í erfiðleikum með að halda innihaldinu í honum, þar sem hann hafði rifnað. Guðmundur hefði komið á eftir sér upp stigann. Ákærði kvaðst hafa fundið lykilinn að dyrunum á sömu kippu og lyklarnir að peningaskápnum. Guðmundur hefði þá spurt sig, hvort hann væri með billyklana, og þegar ákærði hefði svarað því neitandi, hefði Guðmundur hlaupið aftur niður. Ákærði kvaðst hafa beygt sig niður til þess að draga neðri slagbrandinn frá og þá séð Guðmund á hnjánum hjá Þorsteini og vera að standa upp. Hefði hann haldið báðum höndum um „melspíruna". Datt ákærða í hug, að hann hefði e.t.v. stungið Þorstein, og hefði sér brugðið mjög. Hefði Guðmundur örugglega tekið eftir því. Guðmundur hefði komið upp og tekið splitti úr efri slagbrandinum, og kvaðst ákærði þá hafa opnað fyrir

Guðmundi, farið á eftir honum út og skellt í lás á eftir sér. Á leiðinni að bílnum hefði Guðmundur sagt eitthvað á þá leið, að ekki hefði verið um annað að ræða. Skildi ákærði þetta þannig, að ekki hefði verið um annað að ræða en drepa Þorstein. Hann hefði þó ekki sagt það, fyrr en þeir voru komnir niður á Smiðjustíg, „að hann hefði kálað honum".

Þá sagði ákærði, að Þorsteinn hefði sagt við sig fram inni (sic) í versluninni: „Elsku Snorri minn, ég skal láta þig hafa lyklana og gera hvað sem er." Svo hafi hann sagt: „Af hverju gerirðu þetta?"

Við meðferð málsins hefur ákærði neitað því að eiga sök á dauða Þorsteins Guðnasonar. Hann hefur skýrt frá því, að sú hugmynd hafi vaknað helgina fyrir atburðinn að fara í bensínstöðina við Stórageröi. Hefði verið rætt um, að þeir færu og biðu eftir því, að Þorsteinn kæmi til vinnu og opnaði stöðina. Hefðu þeir ákveðið, að Guðmundur Helgi skyldi slá Þorstein hnefahögg í höfuðið og rota hann. Kveðst ákærði hafa vitað, hvenær Þorsteinn stæði vaktir í bensínstöðinni. Kveðst hann hafa þekkt Þorstein, enda hefðu þeir unnið saman í Stórageröi um nokkurra mánaða skeið.

Ákærði kveður þá hafa rætt þetta enn frekar á mánudeginum og þriðjudeginum og fram á miðvikudagsnótt. Ákærði kveður þá ekki hafa vitað nákvæmlega, hversu miklir peningar væru þarna, en þeir hefðu búist við, að það yrðu milli 300 - 400.000 kr. Ákærði segist hafa verið búinn að ákveða það að taka ekki tékka, þar sem þeir væru allir stimplaðir og ekki hægt að koma þeim í verð. Kveður ákærði Guðmund Helga hafa verið búinn að sprauta sig svo mikið þarna um nóttina, að hann hefði ekki lengur getað fundið æð til að sprauta í. Hefði hann þá sprautað í glas og haft orð á að gera nógu sterka blöndu til þess að sprauta Þorstein með, og myndi hann þá deyja eða „lognast út af", eins og hann hefði orðað það. Kveðst ákærði telja, að Guðmundi hafi ekki verið alvara með þessu, en þó hefði hann tekið glasið og sett inn í skáp. Ákærði kannast við að hafa tekið pillur og drukkið áfengi þarna um nóttina og að Guðmundur hafi talað um, að hann yrði þá rólegri og sama um allt. Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir því, að upp um hann kæmist, þar sem þeir Þorsteinn þekktust, en honum hefði verið alveg sama um það. Kveðst hann hafa ætlað að láta sig hverfa í nokkra daga í bænum og Guðmundur Helgi hafi ætlað norður í land. Ákærði kveður ástæðuna fyrir því, að þeir völdu dag, þegar Þorsteinn væri að vinna, hafa verið þá, að á hinni vaktinni hafi verið eldri maður og þeir óttast, að sá maður myndi ekki þola að verða rotaður.

Ákærði segir ekkert hafa verið rætt við Guðrúnu um það, hvernig vöktum væri hagað í Stórageröinu. Ákærði kveðst hafa verið klæddur í gallabuxur, skyrtu og jakka og með hanska á höndum, þegar þeir lögðu af stað. Telur ákærði, að það hafi kannski verið til þess, að ekki fyndust fingraför. Einnig hefur hann sagt, að þeir hafi verið með hanska af vana

eins og alltaf í innbrotum. Ákærði kveðst hafa tekið með sér „melspíru", sem hann hafði í umráðum sínum. Ekki kveðst hann muna, hver hefði átt hugmyndina að því að taka verkfærið með. Upphaflega hefði verið ætlunin að nota „melspíruna" til að brjóta upp bensínssjálfsalann og stela úr honum, en á leiðinni hefðu þeir rætt um að rota Þorstein með „melspírunni". Einnig hefur ákærði sagt, að þeir hafi ákveðið þetta, þegar þeir tóku „melspíruna" með. Þeir hafi rætt um að taka bifreið Þorsteins og flýja af vettvangi í henni. Þeir hafi gengið upp á Hlemm, tekið þar strætisvagn upp í Álmgerði og gengið síðan að stöðinni. Ákærði segir þá ekki hafa farið í leigubíl á vettvang, þar sem þá yrði auðvelt að finna þá aftur á eftir. Þeir hafi beðið í 5-6 mínútur, þar til Þorsteinn kom á bifreið. Hafi Guðmundur sagt, meðan þeir biðu Þorsteins, að ef einhver annar kæmi en hann, gætu þeir afsakað sig með því að biðja um lán fyrir „strætó". Telur ákærði, að Þorsteinn hafi komið 8 mínútur yfir 7. Þeir hafi heilsast, og kveðst ákærði hafa sagt Þorsteini, að bíll þeirra félaga hefði bilað þarna skammt frá, og beðið um að fá að hringja. Þorsteinn hafi opnað og farið inn og tekið þjófavarnarkerfi úr sambandi. Þeir Guðmundur hafi farið inn á eftir Þorsteini. Ekki kveðst ákærði minnast þess, að vesturdyrnar, sem þeir fóru inn um, hafi verið skildar eftir opnar. Þorsteinn hafi farið inn í eldhússkonsu innst í stöðinni, stungið nestiskassa sínum í ísskáp og farið að laga kaffi. Ákærði kveðst hafa staðið í gættinni og talað við Þorstein, en Guðmundur hafi komið og beðið sig um „melspíruna", sem ákærði kveðst hafa borið í buxnastrengnum aftanverðum. Kveðst ákærði hafa lyft upp jakkanum og Guðmundur tekið „melspíruna", ruðst fram hjá sér inn í skonsuna og slegið Þorstein með „melspírunni" hægra megin á höfuðið við eyrað, að því er ákærði telur. Hafi Guðmundur haldið í mjórri endann með hægri hendi, og hafi hausinn á „melspírunni" lent í höfði Þorsteins. Þetta hafi þó ekki verið rothögg, en töluvert hafi blætt úr sárinu. Muni Þorsteinn þá hafa misst kaffipoka, sem hann hafi haldið á. Þorsteinn hafi gripið í Guðmund og tekist að komast fram hjá þeim og hlaupið fram í afgreiðslu. Guðmundur hafi farið á eftir Þorsteini og náð honum frammi í afgreiðslunni, áður en hann hafi komist að dyrunum, en sjálfur kveðst ákærði hafa staðið í sömu sporum við eldhússkonsuna. Þegar hann hafi séð, hve mikið blæddi úr Þorsteini, hafi hann hlaupið fram sjálfur og ætlað að komat út um vesturdyrnar, en þær hafi reynst verà læstar. Þá hafi hann snúið við og hlaupið inn aftur og komið í flasið á meðákærða og Þorsteini, sem voru í stimpingum hjá hillustæðu í afgreiðslurýminu, og kveðst ákærði hafa rekist á Þorstein og nærri dottið og gripið í hann og rekist í hillustæðuna. Guðmundur hafi haldið í Þorstein með vinstri hendi og verið með „melspíruna" reidda til höggs og heimtað lyklana af Þorsteini og hótað, að hann slægi hann aftur. Hafi Guðmundur ekki verið handlama (sbr. hér

á eftir). Þorsteinn hafi spurt sig, af hverju hann gerði þetta, og kveðst ákærði engu hafa svarað. Hafi Þorsteinn beðið um að vera ekki sleginn aftur. Kveður ákærði það geta verið, að Þorsteinn hafi sagt „elsku Snorri". Þorsteinn hafi rétt fram lyklana, og kveðst ákærði hafa tekið þá úr hendi hans og hlaupið niður, opnað peningaskápinn, tekið af sér hanskana og tekið úr skápnum uppgjörstösku og peninga úr báðum peningaskúffunum og alla skiptimyntina. Ákærði kveðst hafa heyrt, þegar hann var í stiganum, að Guðmundur hafi sagt við Þorstein, að hann skyldi vera rólegur.

Ákærði kveðst hafa látið alla fjármunina í plastpoka, sem hangið hafi á hurðarhúninum á skrifstofuhurðinni. Ákærði kveðst ekki geta giskað á, hve lengi hann hafi verið að athafna sig inni á skrifstofunni, en Guðmundur hafi kallað, að hann skyldi flýta sér. Guðmundur hafi svo snöggvast komið þangað inn og rekið á eftir sér. Hafi Guðmundur verið alblóðugur, og segir ákærði, að sér hafi brugðið við þetta. Hafi blóð verið í andliti Guðmundar og höndum hans, framan á honum og á buxunum. Ákærði kveðst aðeins hafa heyrt eitt hljóð, meðan hann var inni í skrifstofukompunni, og líktist það helst því, að barið væri í járn. Hafi þetta verið hvellt og snöggt högghljóð. Telur ákærði, að það hafi getað orsakast af því, að barið hafi verið í járnhillu þarna fyrir framan. Ákærði kveðst hafa sett á sig hanskana og staðið upp með pokann, sem hafi rifnað undan þunganum, og kveðst ákærði hafa átt í erfiðleikum með að hemja innihaldið í pokanum. Þegar hann hafi komið fram, hafi hann séð Guðmund standa yfir Þorsteini, þar sem hann lá á gólfinu. Hafi Guðmundur haldið á „melspírunni" í hægri hendi og um hana miðja, að því er hann minnir. Þorsteinn hafi legið á bakinu og blóð verið á gólfinu við hlið honum. Ákærði kveðst ekki hafa litið framan í Þorstein og ekki séð neinn áverka á honum. Hafi hann aðeins séð fætur Þorsteins. Geti hann ekki sagt, hvort lífsmark hafi verið með honum. Ákærði kveðst hafa haldið í pokann og hlaupið upp stigann, tekið af sér hanskana aftur og farið að taka frá slagbrandana. Guðmundur hafi fylgt sér upp og farið að hjálpa sér við þetta. Hafi hann spurt sig, hvort hann væri með billyklana, en ákærði sagst aðeins vera með lyklana að stöðinni og skápnum. Hafi Guðmundur þá farið aftur niður og náð í billyklana. Ákærði hafi farið að leita að lyklinum að hurðinni og þá litið niður í kjallarann og séð, hvar Guðmundur kraup við hlið Þorsteins og hélt á „melspírunni" með báðum höndum um sverari endann. Hann hafi svo staðið á fætur og komið upp stigann með billyklana. Kveðst ákærði hafa opnað og gætt að mannaferðum. Guðmundur hafi svo gengið út og ákærði á eftir honum, og hafi hurðin skollið í lás á eftir þeim. Telur ákærði, að hann hafi þá stungið hönskunum í vasann. Guðmundur hafi spurt sig, hvort hann ætlaði að aka, en ákærði sagt, að hann gæti það ekki. Guðmundur hafi þá rétt sér „melspíruna". Kveðst ákærði hafa ætlað að stinga henni inn á sig, en

ekki getað það og fengið blóð af henni á jakkann við þetta. Kveður ákærði ekki hafa verið mikið blóð á „melspírunni", en þó hafi hnúðurinn verið blóðugur og eitthvert blóð á mjórri endanum. Ekki kveðst ákærði hafa séð annað en blóð á henni. Ákærði segir, að hann hafi ekki veitt því athygli, hvort eitthvað annað en bióð, s.s. gráar yrjur, hafi verið á „melspírunni" eða á Guðmundi. Ákærði kveðst hafa misst eitthvað af smámynt úr pokanum við stöðina, og hafi það orðið til þess, að hann hætti við að stinga „melspírunni" inn á sig. Hann hafi þess í stað lagt hana ofan á plastpokann og haldið á þessu út í bíl Þorsteins, sem staðið hafi við norðausturhorn hússins. Kveðst ákærði hafa sest í farþegasætið, en Guðmundur undir stýri, og kveðst hann hafa lagt „melspíruna" milli sætanna, en haldið á peningapokanum í fanginu. Ákærða minnir, að þeir hafi ekið Háaleitisbraut, en kveðst ekki muna nánar, hvaða leið. Hann segist þó muna eftir að hafa ekið Snorrabraut og Laugaveg. Á leiðinni hafi Guðmundur sagt, að Þorsteinn hefði andað, þegar hann fór upp úr kjallaranum, en ekki geta sagt með vissu, hvort Guðmundur hafi eitthvað sagt frá því, hvað hann hefði gert Þorsteini. Ákærði kveðst annaðhvort hafa rifið eða þá skorið upp uppgjörstöskuna með vasahníf, sem hann hafi borið á sér, og opnað hana. Hafi hann stungið peningunum inn á sig á leiðinni niður á Smiðjustíg, en skilið tékkana eftir í töskunni. Þegar á Smiðjustíginn var komið, hafi Guðmundur farið inn með plastpokann og allt, sem í honum var. Kveðst ákærði ekki hafa farið inn á Smiðjustíginn í þetta sinn. Guðmundur hafi sagt, að hann gæti ekki látið sjá sig, þar sem hann væri svo blóðugur, og hafi þá ákærði tekið að sér að fara með bílinn. Hafi Guðmundur einnig sagt við ákærða, að hann skyldi koma „melspírunni" einhvers staðar þannig fyrir, að hún fyndist ekki. Hafi sér strax flogið í hug að henda henni í sjóinn. Ákærði kveðst hafa sett upp hanskana og þurrkað blóð af stýrinu og ekið bifreiðinni á bifreiðastæði við Vesturgötu, þar sem hann skildi töskuna eftir með tékkunum í bílnum og læsti honum. Ákærði kveðst hafa gengið niður að höfn og hent „melspírunni" og búllyklinum í sjóinn. Hann hafi svo tekið strætisvagn í Hafnarstræti og farið út við Þjóðleikhúsið og komið heim á Smiðjustíg 10 15-20 mínútum á eftir Guðmundi. Þegar þangað kom, hafi Sesselja verið farin út með föt Guðmundar til að henda þeim og Guðmundur verið á baðinu að þrífa sig. Hafi Sesselja svo komið aftur rétt á eftir sér. Ákærði kveðst hafa gengið inn í herbergi til Guðmundar, sem þá hafi verið lagstur upp í rúm. Hafi Guðrún þá verið að vakna. Guðmundur hafi sagt við Sesselju, að þetta hefði ekki farið eftir áætlun og að hann hefði drepið Þorstein. Ekki hafi hann lýst þessu neitt nánar, en þó sagt, að blóð- og heilaslettur hefðu verið út um allt. Ákærði kveður þá Guðmund hafa skipt með sér fengnum, og hafi um 80.000 kr. komið í hlut hvors þeirra. Þeir hafi þó ekki skipt með sér myntinni, heldur

hafi Guðmundur fengið hana alla. Guðmundur hafi sagt við sig, að hann skyldi fara út og henda fötunum. Kveðst ákærði hafa orðið við því, og hafi þau Guðrún farið út og hent fötunum í öskutunnu í næstu götu. Ákærði kveður mest af peningunum hafa farið í drykkju og skemmtanir, en einnig hafi hann keypt sér fatnað.

Ákærði Guðmundur Helgi neitaði því í fyrstu að vita nokkuð um atburðinn í Stórageröi. Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 11. maí sl. breytti hann hins vegar framburði sínum og skýrði frá því, að mánudaginn næsta á undan hefði Snorri komið að máli við sig og beðið sig að koma með sér og ræna bensínstöðina í Stórageröi. Hefði Snorri spurt Guðrúnu, hvort ekki væri öruggt, að Þorsteinn yrði á vakt næsta miðvikudagsmorgun, og hefði hún svarað einhverju. Snorri hefði þá sagt við sig, að þetta væri alveg „skothelt". Aðfaranótt miðvikudagsins hefði Snorri rætt þetta lítillega, en ákærði kvaðst svo hafa sofnað, og hefði Snorri vakið sig um klukkan hálfsjö og þeir lagt af stað, og hefði Snorri tekið með sér „melspíru", sem hann var vanur að hafa með sér í innbrotsleiðangra. Minnti ákærða, að hann hefði stungið henni í annan skóinn. Skömmu eftir að þeir voru komnir að bensínstöðinni, hefði Þorsteinn komið þar að, en Snorri hefði verið búinn að segja, að hann kæmi þar alltaf kl. 7.05 til þess að laga kaffi. Þorsteinn hefði strax heilsað Snorra og spurt, hvað hann væri að gera. Hefði Snorri sagt, að þeir væru að koma af sjónum og bíll þeirra hefði bilað. Hefðu þeir komið þarna til þess að fá kaffi og til þess að fá að hringja. Þorsteinn hefði boðið þeim inn og tekið þjófavarnarkerfið úr sambandi. Hann hefði haft gætur á sér, þar sem hann hefði verið illa til reika og með bólgið og brotið nef. Þorsteinn hefði gengið inn í eldhússkrók og sagst ætla að hella upp á fyrir þá. Snorri hefði farið á eftir honum, en sjálfur kvaðst ákærði hafa beðið frammi í afgreiðslunni. Þorsteinn og Snorri hefðu eitthvað rætt saman, en svo hefði Snorri ógnað Þorsteini og hreyft sig eitthvað, og kvaðst ákærði hafa heyrt, að þeir stimpuðust á. Hefði Þorsteinn komið æðandi fram álútur og haldið annarri hendi um andlit sér, og hefði talsvert blætt úr andliti hans. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað, hvað Þorsteinn ætlaði að gera, en hann hefði gripið í sig. Kvaðst ákærði þá hafa slegið hann með vinstri hendi, og hefði Þorsteinn þá farið inn í eldhús aftur. Þorsteinn hefði byrjað að veina og sagt við Snorra, að hann elskaði hann, og rétt fram hendurnar. Taldi ákærði, að hann væri að rétta Snorra lyklana, þó að hann sæi það ekki. Snorri hefði þá slegið hann með „melspírunni" í höfuðið, og kvaðst ákærði þá hafa fengið yfir sig blóðslettur. Hefði hann orðið hræddur og séð, að þetta stefndi í óefni. Þorsteinn hefði veinað og beðið um, að hann yrði ekki drepinn. Kvaðst ákærði hafa tekið í hönd hans og sagt honum að koma með sér niður í kjallara. Hefði Þorsteinn beðið um, að hringt yrði á sjúkrabíl, því að sér væri svo illt

í höfðinu. Kvaðst ákærði myndu gera það, þegar þetta væri búið, ef hann kæmi með þeim niður. Kvaðst ákærði hafa leitt Þorstein niður stigann, og hefði Þorsteinn komið á eftir sér og stuðst við sig. Þegar þeir hefðu átt eina eða tvær tröppur eftir niður, hefði hann heyrt smell, og hefði Þorsteinn fallið á sig og svo á gólfið. Hafði Snorri, sem gekk síðastur, barið hann með „melspírunni" aftan á höfuðið. Ákærði kvaðst hafa kropið niður við hlið Þorsteins, sem hefði legið á bakinu, og heyrt, að hann andaði með hryglu. Snorri hefði hlaupið yfir Þorstein með lykla, sem hann hafði tekið af honum, og inn í kjallarann. Ákærði kvaðst svo hafa séð, að Snorri var að taka peninga úr peningaskáp og setja í blóðugan plastpoka. Ákærði kvaðst þá hafa áttað sig á því, hvað gerst hafði, og sagt Snorra að koma, tekið plastpokann og hlaupið upp stigann. Hann hefði lagt frá sér pokann og byrjað að taka slagbrand frá bakdyrunum og opnað. Á meðan hefði hann heyrt eins konar dynki og séð, hvar Snorri kraup yfir Þorsteini með „melspíruna" í báðum höndum og stakk henni aftur og aftur í brjóst honum. Taldi ákærði dynkina hafa stafað af því, að vopnið fór í gegnum manninn og í gólfið. Ákærði kvaðst þá hafa hlaupið niður stigann og þrifið í Snorra, en ekki getað komið upp orði, þar sem hann hefði verið í losti. Hann hefði tekið Snorra með sér og tekið búllyklana, sem Snorri hafði tekið af Þorsteini. Hefði hann hlaupið út í bifreið Þorsteins, gangsett hana, kveikt á ljósunum og opnað fyrir Snorra, sem hefði haldið á pokanum og sett á gólfið á milli fóta sér. Hefði hann ekið niður á Smiðjustíg. Á leiðinni hefði Snorri beðið sig að ræða þetta ekki, því að hann vildi ekki, að Guðrún vissi um þetta. Þeir hefðu báðir farið þar inn og Snorri haldið á pokanum. Hefði Snorri viljað fá sig með til þess að losa sig við bílinn, en ákærði hefði sagt, að hann gæti það ekki, enda hefði honum verið flökurt alveg frá því í bensínstöðinni. Hann kvaðst hafa litið í spegil þarna á Smiðjustígnum og séð, að ekki hefðu einungis verið blóðslettur framan í sér, heldur einnig gráyrjóttar heilaslettur. Ákærði kvaðst svo hafa ælt margsinnis, en Snorri hefði farið, eftir að hafa skilið peningapokann eftir. Ákærði kvaðst hafa beðið Sesselju að henda öllum fötum sínum, þar sem hann treysti sér ekki til þess. Eftir að hafa þrifið sig, hefði hann tekið allar þær róandi töflur, sem hann fann þarna.

Ákærði kvaðst hafa sagt Sesselju frá þessu og að hann hefði lamið manninn og hafa átt við, að hann hefði slegið hann með vinstri hendi.

Ákærði kvaðst hafa séð 120 - 140 þúsund krónur í peningum, en Snorri hefði e.t.v. tekið eitthvað sjálfur. Þá kvað hann Snorra hafa sagst hafa skilið bílinn eftir niðri í bæ og hent „melspírunni' í sjóinn.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. maí sl. skýrði ákærði frá á sama veg og áður. Auk þess kvaðst hann hafa slegið Þorstein með vinstri hnefa á hökuna. Þá kvað hann gapandi sár hafa verið á hliðinni á höfði

Þorsteins, þar sem hann lá á gólfinu, og að hann hefði þá verið að deyja. Ákærði kvað Snorra hafa verið með „melspíruna" í vasa innan á úlpunni eða í skónum, en alls ekki í buxnastrengnum.

Frásögn Sesselju af því, hvað hann hefði sagt um atburðinn, eftir að heim var komið (sbr. hér á eftir), var borin undir ákærða, og kvaðst hann ekki neita því að hafa sagt þetta, en það hefði verið ætlað eyrum Guðrúnar fyrst og fremst, enda hefði Snorri rætt um það við sig í bílnum á leiðinni heim, að ákærði tæki þetta á sig hennar vegna.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. maí sl. sagði ákærði, að Snorri hefði rætt við sig mánudaginn 23. apríl um að ræna peningum í bensínstöðinni í Stórageröi morguninn eftir. Það yrði þó komið undir því, hvort Þorsteinn væri þá á vaktinni. Þegar Guðrún hefði sagt, að hann væri ekki á vakt, hefði þessu verið frestað. Það hefði svo verið ákveðið um þriðjudagskvöldið að framkvæma þetta næsta morgun. Hefðu þeir Snorri rætt þetta í eldhúsinu, og taldi hann, að stúlkurnar hefðu ekki heyrt til þeirra. Snorri hefði sagt, að Þorsteinn myndi láta þá fá peningana „og að þetta yrði ekkert mál". Þá hefði hann sagt, að Þorsteinn myndi þegja yfir þessu. Þeir Þorsteinn væru kunningjar, og þetta yrði allt í lagi. Aldrei hefði verið rætt um það að beita manninn ofbeldi eða hótunum. Varðandi sullið, sem hann hefði hrært, þá hefði hann ætlað að neyta þess sjálfur, þar sem hann þorði ekki að taka þátt í þessu. Þá kvað ákærði það vera lygi hjá Snorra, að þeir hefðu verið búnir að ákveða að fara á brott í bíl Þorsteins.

Ákærði var beðinn að skýra, hvernig hann hefði fengið á sig blóð- og heilaslettur. Kvað hann vera hugsanlegt, að hann hefði fengið á sig blóð, þegar hann sló Þorstein í hökuna, þar sem hann hefði staðið hálfboginn upp við sig. Þá hefði hann staðið til hliðar og aftan við Snorra uppi fyrir innan afgreiðsluna, þegar hann sló Þorstein í höfuðið með „melspírunni", enda hefði hann fundið, að eitthvað kom á sig. Þorsteinn hefði svo fallið á sig, þegar Snorri sló hann í stiganum, og hann hefði svo kropið yfir Þorsteini, þar sem hann lá á gólfinu. Við þetta hefði hann fengið meira á sig. Kvað hann höfuð Þorsteins hafa verið „meira og minna mélað", gagnauga og kinnbein mélbrotið og höfuðið opið. Þá kvað ákærði það rangt hjá Snorra, að ákærði hefði ekki komið inn í skrifstofuna, þar sem peningaskápurinn var.

Ákærði hefur neitað því við meðferð málsins að eiga sök á dauða Þorsteins Guðnasonar. Hefur hann skýrt frá því, að það hafi verið um miðjan dag mánudaginn fyrir atburðinn, að þeir Snorri hafi farið að ræða um að fara í bensínstöðina við Stórageröi og ræna hana. Hafi Snorri sagt, að þetta væri ekki hægt, nema vinnufélagi hans væri þar á vakt. Hafi hann spurt Guðrúnu, hvenær maðurinn yrði á vakt. Kveðst ákærði hafa sagt, að ekki kæmi til greina að beita neinum líkamsmeiðingum, en Snorri hefði áður

verið búinn að vekja máls á slíku við sig. Hafi Snorri sagt, að þessi fyrrverandi vinnufélagi sinn væri búinn að gera við sig samkomulag um það, að hann myndi afhenda sér peninga stöðvarinnar, áður en félagar hans kæmu til vinnu. Allt hafi þetta þó verið heldur óljóst í munni Snorra, og kveðst ákærði hafa fallist á að fara með honum, fyrst á þriðjudeginum, eins og Snorri hafi stungið upp á. Á mánudagskvöldið hafi Snorri þó sagt sér, að þessi félagi sinn yrði ekki á vakt fyrr en á miðvikudag, og því yrðu þeir að fresta þessu þangað til. Kveðst ákærði þá hafa spurt Snorra nánar um, hvað hann ætlaði að gera. Hafi Snorri sagt, að þetta væri ekkert mál, því að þeir maðurinn væru vinir, og myndi maðurinn afhenda peningana. Einnig hafi hann talað um að ræna stöðina. Hafi Snorri talað um, að þarna gætu verið um 700.000 kr. Snorri hafi svo ítrekað þetta við sig á þriðjudagskvöldið og spurt, hvort hann væri tilbúinn að koma með, og kveðst ákærði hafa játað því. Ákærði kveðst hafa farið að sofa um klukkan fjögur um nóttina, en Snorri hafi svo vakið sig um hálfsjö. Hafi Snorri tekið með sér „melspíru", sem hann hafi verið vanur að hafa í innbortsleiðöngrum. Ekkert hafi þó verið talað um innbrot í þetta sinn. Ákærði kveðst hafa tekið með sér sprautu með adrenalíni, sem hann ætlaði að sprauta sig með. Segir hann aðspurður, að hann hafi ekki verið búinn að fá sér neitt þarna um morguninn, en hann viti ekki um Snorra. Ákærði kveður þá hafa gengið upp á Hlemm og tekið strætisvagn upp á Grensásveg og farið úr vagninum við eitthvert Gerðið. Hafi Snorri ekki viljað fara í leigubíl. Ákærði kveðst hafa fengið adrenalínduft hjá meðákærða, og hafi þeir báðir tekið af duftinu, en hann hafi ekki komið því við að sprauta sig, eins og hann hafði ætlað sér. Ákærði kveðst hafa verið í loðfóðruðum gallajakka, gallabuxum og svörtum klossum og með hanska á höndum, eins og hann hafi verið vanur. Þeir hafi gengið að bensínstöðinni og komið þangað 5 mínútur yfir 7. Hafi Snorri sagt Þorstein myndu koma rétt rúmlega 7 og félaga hans 20 mínútur yfir sjö. Ákærði kveðst hafa haft tíma til að reykja eina sígarettu, áður en Þorsteinn kom. Kveðst ákærði hafa sagt við Snorra, meðan þeir biðu Þorsteins, að ef eitthvað kæmi upp á, skyldu þeir hætta við ránið og biðja um lán fyrir strætó. Þorsteinn hafi komið þarna að í hvítri bifreið og lagt henni við norðausturhorn stöðvarinnar. Þeir Snorri og Þorsteinn hafi heilsast, og kveðst ákærði þá hafa skynjað það, að ekki var eins í pottinn búið og Snorri hefði talað um. Hafi Snorri sagt, að þeir væru að koma af sjó og bíll sinn hefði bilað þarna rétt hjá, og spurt, hvort hann mætti hringja. Hafi Snorri kynnt sig sem félaga sinn af sjónum, en ekki með nafni. Kveður ákærði þá hafa farið inn um aðaldyrnar á vesturhlið á eftir Þorsteini. Hafi hann veitt því athygli, að hurðin féll ekki að stöfum, því að eitthvað hefði verið sett fyrir hana. Þorsteinn hafi byrjað á því að taka þjófavarnarkerfið af og gert að gamni

sínu um leið, að hann hefði rétt náð að aftengja það, áður en það fór í gang. Kveðst ákærði hafa orðið eftir frammi í miðri afgreiðslunni, en Snorri hafi farið inn fyrir með Þorsteini.

Þegar hér var komið sögu, kveðst ákærði hafa verið búinn að gefa þetta allt upp á bátinn og talið, að þetta hefði verið allt rugl í Snorra og að engin líkindi væru til þess, að þessi maður, sem væri miklu eldri en Snorri, hefði verið að bralla þetta með honum.

Þorsteinn hafi farið inn í skot, sem er þarna inni, og kveðst hann hafa séð á bakið á Snorra þarna í gættinni. Snorri hafi hreyft sig snöggt og ákærði þá heyrt smell. Í sömu andrá hafi Þorsteinn komið hlaupandi fram og haldið um andlitið, vinstra megin, að því er ákærði telur. Hafi hann hlaupið fram fyrir afgreiðsluborðið og beint á sig. Ákærði kveðst hafa séð, að blóð var á hendi Þorsteins. Þorsteinn hafi gripið í sig, og kveðst ákærði þá hafa slegið Þorstein með vinstri hendi. Ákærði kveðst ekki geta útskýrt, af hverju hann hafi gert þetta, enda hafi hann ekkert átt sökótt við hann. Ákærði kveðst hafa verið handlama á hægri hendi. Þorsteinn hafi þá hlaupið aftur inn í krókinn, en ákærði farið í humátt á eftir honum. Ekki kveðst ákærði muna, hvort Snorri hafi fylgt Þorsteini fram fyrir afgreiðsluborðið. Snorri hafi æpt á Þorstein, að hann skyldi láta sig hafa peningana, en Þorsteinn beðið sér vægðar, að hann yrði ekki drepinn. Þorsteinn hafi rétt fram báðar hendur og verið þá orðinn alblóðugur í framan. Kveðst ákærði hafa séð, að hann hélt á brúnu lyklaveski. Hafi Þorsteinn beðið þá að hringja á sjúkrabíl. Snorri hafi sagst skyldu hringja, ef hann kæmi niður, og kveðst ákærði hafa tekið undir það. Snorri hafi tekið við lyklaveskinu og slegið Þorstein í höfuðið með „melspírunni", og hafi þá kveðið við þungur smellur. Þegar þetta gerðist, hafi þeir verið staddir fyrir framan eldhússkrókinn allir þrír. Ákærði kveðst hafa tekið í hönd Þorsteins og teymt hann niður stigann og sagt, að hann myndi hringja á sjúkrabíl. Hafi Þorsteinn haldið um höfuð sér og kveinað. Kveðst ákærði hafa verið kominn niður stigann í neðstu tröppu, þegar Þorsteinn hafi fallið aftan á sig, eftir að ákærði heyrði þriðja smellinn. Hafi hann talið, að Snorri hefði barið Þorstein. Ákærði kveðst hafa vikið sér undan og Þorsteinn fallið á hliðina og svo á bakið við stigann. Snorri hafi stigið yfir Þorstein og farið inn í kjallarann. Ákærði kveðst hafa séð, að Þorsteinn var í andarslitrunum, og hafi hann andað með hryglu, og hafi verið svöðusár á gagnauganu. Ákærði kveðst ekki geta lýst frekari áverkum á honum, en hann hafi verið viss um, að Þorsteinn væri að deyja. Ákærði kveðst hafa hlaupið inn kjallarann og komið að meðákærða, þar sem hann var að tína peninga úr peningaskápnum og setja í plastpoka. Kveðst hann hafa þrifið í Snorra og sagt honum að koma. Snorri hafi ekki hreyft sig og haldið áfram að setja í pokann. Ákærði kveðst hafa þrifið pokann og hlaupið með hann

upp, skelfingu lostinn. Ákærði kveðst hafa ætlað út og farið að reyna að opna bakdyrnar, enda þótt aðaldyr væru opnar. Kveðst hann hafa verið að draga slagbrand frá dyrunum, þegar hann hafi heyrt þrjú eða fjögur högg að nýju. Hafi það virst vera sams konar smellir og heyrðust, þegar Snorri hafði slegið Þorstein áður. Kveðst hann hafa litið niður og séð Snorra standa yfir Þorsteini og halda á ,,melspírunni" með báðum höndum og stinga Þorstein einu sinni með verkfærinu einhvers staðar í líkamann. Kveðst ákærði þá hafa hlaupið niður stigann. Hafi Snorri rétt sér lykla og sagt, að þeir skyldu fara á brott í bíl Þorsteins. Ákærði kveðst hafa opnað og farið út um bakdyrnar, en hann segir rifu hafa þá verið á vesturdyrunum. Hann kveðst næst muna eftir sér, þar sem hann gekk að bíl Þorsteins og settist undir stýri og setti hann í gang. Hafi hann kveikt ljósin, tekið úr handbremsu og spennt öryggisbeltið. Snorra hafi dvalist inni í 2 - 3 mínútur, en síðan hafi hann komið út og sest við hlið sér með plastpokann, sem hann setti á milli fóta sér. Hafi ,,melspíran" verið í plastpokanum.

Ákærði kveðst hafa ekið Grensásveg, Miklubraut, Lönguhlíð, Flókagötu, Skólavörðustíg og niður Smiðjustíg. Á leiðinni hafi Snorri beðið sig að koma með sér til að losa sig við bílinn, en hann hafi verið búinn að segja Snorra, að hann ætlaði beint heim. Kveðst ákærði hafa neitað þessu, en ekki gefið neina ástæðu. Þeir hafi ekkert rætt, hvað gera skyldi við bílinn og ,,melspíruna". Snorri hafi spurt sig, hvort hann gæti ekki tekið peningana, og kveðst ákærði hafa neitað því. Kveðst ákærði hafa sagt við Snorra, að hann gæti gert þetta allt sjálfur, enda kveðst hann hafa verið orðinn veikur.

Ákærði kveðst hafa séð Snorra með tösku. Snorri hafi svo sagt sér seinna, eftir að hann var kominn heim á Smiðjustíg, að hann hefði tekið peninga úr töskunni og stungið á sig. Þá kveðst ákærði hafa séð, að Snorri þurrkaði framan úr sér á leiðinni.

Ákærði kveður Snorra hafa beðið sig um það á leiðinni að láta ekki uppi við Guðrúnu neitt um hans þátt í málinu og taka á sig verkið. Kveðst ákærði engu hafa svarað þessu. Fleira hafi þeir ekki rætt á leiðinni.

Ákærði kveðst hafa farið inn á bað, eftir að hann var kominn heim, og kastað upp, enda orðið flökurt af öllu því, sem gerst hafði. Kveðst hann hafa farið úr fötunum og skilið utanyfirfötin eftir frammi á gangi og farið í bað. Ákærði kveðst hafa tekið eftir einhverjum mjúkum og gráleitum yrjum í hárinu á sér, eftir að hann kom heim.

Ákærði kveðst ekki hafa farið inn með neitt af peningunum, en Snorri hafi komið á eftir sér inn. Ekki getur ákærði sagt, hversu lengi Snorri dvaldist þar, en hann hafi svo farið burt á bílnum. Hafi blóðdropar verið í andliti Snorra, en ekki hafi hann séð blóð á fötum hans. Ákærði kveðst hafa verið með hanska allan tímann.

Snorri hafi komið heim aftur eftir klukkustund eða meira, og hafi hann komið inn í herbergi til sín. Hafi Snorri skipt peningunum milli þeirra, og hafi þeir fengið 60.000 krónur hvor í seðlum. Ákærði kveður skiptimyntina hafa verið um 17.000 krónur, og hafi Snorri beðið sig að koma henni í lóg, því að hann væri að fara á sjóinn. Snorri hafi sagt, að fengurinn hefði verið um 200.000 krónur alls, sumt hefði verið í tékkum, og hefði hann fleygt tékkunum. Ákærði kveðst hafa beðið unnustu sína, Sesselju, að fleygja fötunum, enda hafi sér boðið við þeim vegna blóðsins. Telur hann, að hún hafi farið með þau öll og fleygt þeim einhvers staðar ásamt klossum, sem hann hefði verið á.

Ákærði kveðst telja, að ránsfengnum hafi verið eytt í fíkniefni og brennivín.

Ákærða hefur verið bent á það, að hann og aðrir hafi borið, að hann hafi verið allur útataður í blóði og heilaslettum. Kveðst ákærði hafa gert of mikið úr þessu hjá lögreglunni og telur, að þetta sé ofsagt hjá sér. Stafi það af því, að hann hafi verið í miklu „sjokki". Ákærði kveðst viðurkenna, að blóð hafi verið framan í sér og á fötunum. Hefur hann verið beðinn að skýra, hvernig það hafi getað komið á hann. Kveðst hann hafa staðið við hliðina á Snorra, þegar Snorri hafi slegið Þorstein, og eins hafi hann getað fengið blóð á sig, þegar hann hafi slegið Þorstein sjálfur með hnefanum. Þá kveður ákærði geta verið hugsanlegt, að hann hafi fengið meira á sig í stiganum, en það hafi þó ekki lent framan í sér í það sinn. Ákærði kannast við að hafa kropið niður að Þorsteini, eftir að hann féll á gólfið, en hann hafi ekki fengið á sig blóð við það. Ákærði kveðst hafa kropið niður á móts við mjaðmir eða kvið Þorsteins, og hafi hann gert þetta ósjálfrátt. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af líki Þorsteins, og segir hann, að Þorsteinn hafi ekki litið eins út og þar geti að líta, þegar hann hafi kropið hjá honum, a.m.k. hafi það ekki verið neitt í líkingu við það, sem sjáist á myndunum.

Guðrún Gísladóttir, unnusta ákærða Snorra, hefur skýrt frá því, að hún hafi ekkert heyrt um fyrirætlanir ákærðu um að fara á bensínstöðina og ráðast þar á starfsmann. Aftur á móti hefðu þeir rætt um að brjóta upp sjálfsala á bensínstöð. Kveðst hún hafa verið sofandi, þegar þeir fóru út þennan morgun, og hafa vaknað á milli kl. 7 og 8 við það, að Guðmundur Helgi hafi verið inni á salerni að æla. Kveðst hún svo hafa orðið vör við, að hann lét renna í kerlaugina og færi í bað. Hann hafi verið óttasleginn á svipinn og skjálfhentur, en að öðru leyti hafi ekkert sérstakt verið við hann.

Snorri hafi komið heim 15 - 20 mínútum eftir þetta. Hann hafi verið hræddur og talað óskýrt og hikandi. Kveðst hún hafa spurt Snorra, hvað gerst hefði. Hafi þeir báðir sagt, að þeir hefðu ætlað á bensínstöðina og

rota Þorstein, en óvart drepið hann. Í átökunum hefði Þorsteinn náð járni af Guðmundi og slegið hann með því í magann. Hefði Guðmundur svo slegið Þorstein í höfuðið. Hefði Þorsteinn oltið niður stigann og niður á lager. Hefði hann legið þar, þegar Snorri kom fram úr kompunni með peningana, en þar hefði hann verið, þegar Þorsteinn var sleginn og valt niður stigann. Vitnið kveður Guðmund hafa verið viðstaddan og heyrt, hvað Snorri sagði vitninu, og hafi Guðmundur sagt: „Það var ég, sem drap hann." Hafi hann sagst hafa verið allur útataður í blóði. Vitnið kveðst hafa spurt Snorra, hvernig hann hefði getað fengið af sér að gera þetta og hefði Snorri sagt, að ekki hefði verið ætlunin að drepa hann. Kveðst hún hafa margspurt Snorra að þessu, því að Þorsteinn hefði verið þeim báðum góður og þau bæði þekkt hann vel, og hefði Snorri svarað, að hann vissi það ekki.

Guðrún segir, að Guðmundur hafi spurt Snorra, eftir að þeir komu heim, hvort hann hefði tekið með sér á bensínstöðina járn, sem vitnið áleit, að hefði verið stór og mikill öxull. Hefði Snorri sagt, að hann hefði ekki tekið það með sér.

Guðrún kveðst hafa spurt þá, hvar Þorsteinn hefði dáið, og hafi þeir sagt það hafa verið niðri í kjallara. Ekki hafi verið neitt talað um, hvað hefði gerst uppi á hæðinni, áður en farið var niður í kjallarann. Ekki hafi neitt verið rætt um, hvernig Þorsteinn hefði verið í kjallaranum, þegar hann var barinn til dauða, og ekkert rætt um, að hann hefði verið stunginn.

Vitnið kveður Guðmund aldrei hafa gengið með hanska, en hann hafi þó verið með plasthanska, þegar hann var að fikta í eiturlyfjum.

Vitnið kveður Sesselju hafa farið út með föt Guðmundar og sett í einhvern gám í nágrenninu. Hafi hún ekki séð þau. Aftur á móti hafi hún séð föt Snorra og ekki séð blóð á þeim. Vitnið segist hafa spurt Snorra, af hverju þau hentu fötum hans, og hafi hann gefið þá skýringu, að einhver hefði getað séð til þeirra.

Vitnið kveður þau Snorra hafa komið nokkrum sinnum á stöðina við Stórageröi, eftir að Snorri hafði unnið þar, og hefði það verið til að heimsækja Þorstein og kaupa bensín á bílinn.

Guðrún kveður Snorra hafa spurt sig, hvenær faðir hans yrði á vakt. Hafi hún spurt, af hverju hann vildi vita það, og hafi Snorri sagt, að hann þyrfti að ná tali af honum. Segir hún, að faðir Snorra hafi staðið vaktir á víxl við Þorstein, en þeir hafi þó ekki unnið á sömu stöð.

Guðrún kvað Snorra hafa sagt, að hann hefði tekið bíl Þorsteins og skilið hann eftir á einhverju „plani" og hent lyklunum í sjóinn. Hefði hann verið bæði með seðla og mynt og þeir Guðmundur skipt peningunum með sér og komið 90.000 krónur í hvorn hlut.

Sesselja Engilráð Barðdal neitaði í upphafi allri vitneskju um atburðinn

í Stórageröi. Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. maí sl. skýröi hún hins vegar frá því, að miövikudagsnóttina 25. apríl hefðu þau öll fjögur verið heima á Smiðjustígnum. Guðrún og Snorri hefðu sofnað í stofunni, en Guðmundur inni í svefnherbergi. Sjálf hefði hún verið á fótum alla nóttina við að „strauja" og taka til. Hefði hún vakið Snorra kl. sex, eins og Snorri hefði beðið um. Snorri hefði svo vakið Guðmund. Hún hefði spurt, hvað þeir ætluðust fyrir, og hefði Guðmundur þá orðið ruddalegur og svarað, að henni kæmi það ekki við. Hún kvaðst þó hafa vitað, að þeir ætluðu að ræna bensínstöð. Hún hefði þó ekki vitað, að þeir ætluðu að drepa mann. Þeir hefðu tekið inn eitthvert hvítt duft, klætt sig í yfirhafnir og farið út. Taldi hún, að klukkan hefði þá verið um hálfsjö. Ekki kvaðst hún vita, hvað klukkan hefði verið, þegar þeir komu aftur í bíl, en Guðmundur hefði komið inn og lagt úlpuna sína á gólfið og farið beint inn á bað. Hann hefði beðið sig að taka föt sín og skóna og láta það hverfa. Hefði hann verið mjög sérkennilegur til augnanna. Þá hefði Guðmundur farið í bað. Hún kvaðst hafa tekið úlpuna, sem hefði verið blóðug að framan, gallabuxur, peysu, jakka og skó og sett í tvo plastpoka. Hefði hún farið með þetta og sett í gám við Sölvhólsgötu. Þegar hún kom aftur, hefði Snorri verið kominn og þeir tveir verið með peningaseðla og eitthvað verið að tala saman inni í svefnherbergi. Svo segir orðrétt í skýrslunni:

„Guðmundur sagði þarna um morguninn við okkur, þ.e. mig, Guðrúnu og Snorra, að þeir hefðu ógnað manninum með einhverju, sem þeir voru með, en maðurinn hefði náð því verkfæri af Guðmundi og slegið hann í magann. Guðmundur hefði þá ráðist á manninn, og einnig talaði hann um, að Snorri hefði haldið manninum eða eitthvað þess háttar (sic). Síðan hefði hann lamið manninn í höfuðið, og hefði það verið „ógeðslegt". Ég spurði Guðmund að því, hvort maðurinn hefði verið dáinn, og svaraði hann því játandi. Þegar við sátum þarna fjögur í sófanum í stofunni og Guðmundur var að tala um þetta, þá man ég ekki til þess, að Snorri hafi neitt sagt."

Þegar Sesselja kom fyrir dóm 10. maí sl., bar hún á sama veg og hjá rannsóknarlögreglunni. Auk þess kvað hún Snorra hafa verið búinn að segja sér af ráðagerð þeirra um nóttina, án þess að Guðmundur vissi. Þá kvað hún þá hafa fengið sér amfetamín, áður en þeir fóru í leiðangurinn. Taldi hún, að klukkan hefði verið 7.25, þegar þeir komu aftur á bíl. Guðmundur hefði viðurkennt að hafa slegið manninn í höfuðið og að það hefði verið „ógeðslegt".

Sesselja kvaðst hafa heitið Guðmundi því, að hún myndi ekki segja frá verknaðinum, og væri það ástæðan til þess, að hún hefði ekki sagt satt í upphafi. Þau hefðu þó ekkert sammælst um að skýra rangt frá.

Þá skýrði Sesselja frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu þennan sama dag, að Snorri hefði sagt sér þarna um miðvikudagsnóttina, að þeir ætluðu

að ræna bensínstöð við Stórageröi um morguninn. Ætluðu þeir að rota manninn í stöðinni og ræna peningum. Hefði Snorri sagst kannast við manninn. Hún skýrði einnig frá því, að meðan Guðmundur hefði verið á baðinu, hefði hann sagst hafa barið manninn í höfuðið, og það hefði verið ógeðslegt. Hefðu blóð- og heilaslettur verið út um allt. Þá sagði hún, að gallajakki Guðmundar hefði verið nokkuð blóðugur að framan og blóðlituð tægja hefði hangið á miðri mittisúlpu Snorra, þ.e. á erminni, að því er henni fannst. Þó vildi hún ekkert fullyrða um það.

Sesselja kvaðst hafa spurt Guðmund að því, hvað Snorri hefði gert, og hefðu svör hans verið óljós. Hann hefði þó talað um, að Snorri hefði haldið manninum eða reynt það, þegar maðurinn hefði ætlað að ráðast á Guðmund.

Hinn 15. maí sagði Sesselja í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að Guðmundur hefði sagst hafa barið manninn með verkfæri, sem Snorri átti. Sagðist hún hafa vitað, að þetta væri járnverkfæri, nokkuð langt, sem mjókkaði í annan endann, eins og nagli í laginu nema miklu lengra. Var henni sýnd ljósmynd af „melspírunni", sem fannst í höfninni (sbr. hér á eftir), og kvað hún hana líkjast mjög verkfærinu, sem Snorri átti og hefði verið á Smiðjustígnum. Þá kvað hún Guðmund hafa kastað upp mörgum sinnum, þegar hann kom heim eftir atburðinn.

Hinn 17. maí sl. sagði Sesselja í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að Guðmundur hefði sagt, að þeir hefðu reynt að tala við manninn og hótað honum. Enn fremur sagði hún, að Guðmundur hefði sagst hafa barið manninn í hnakkann. Hefði vantað part á höfuð mannsins. Guðmundur hefði sagt, að Snorri hefði „breyst í villidýr og farið aftur inn og gengið frá manninum".

Við meðferð málsins hefur vitnið sagt, að hún hafi aldrei heyrt neinar samræður milli ákærðu um, að fyrirhugað væri að fara á bensínstöðina við Stórageröi og ráðast á mann þar, a.m.k. muni hún ekki til þess. Hún kveðst muna eftir því, að Snorri hafi sagt sér um nóttina, að þeir ætluðu að fara eitthvað, kannski til þess að brjótast inn, en vitnið man ekki nánar um þetta. Vitnið kveðst hafa heyrt, að Snorri og Guðmundur deildu um það, hvort þeir ættu að fara með strætisvagni eða leigubíl, áður en þeir lögðu af stað. Segir hún Guðmund Helga oft hafa verið slæman í fótum, enda hefði hann lent í mótorhjólaslysi. Ekki man vitnið, hvor þeirra vildi fara í leigubíl á vettvang.

Hún kveðst muna óljóst eftir því, hvernig ákærði Guðmundur leit út, þegar hann kom heim. Eitthvert blóð hafi verið á honum, en hún muni óljóst eftir því, hvar, enda hafi hún þá verið búin að vera stanslaust á sex mánaða „fylliríi". Hún kveðst ekki geta fullyrt, hvað klukkan hafi verið, þegar hann kom heim, en hún hafi getað verið um átta. Hún kveðst ekki

muna, hvað þeim fór á milli. Hún segist hafa farið út að beiðni Guðmundar til þess að henda fötum hans. Minnir hana, að blóð hafi verið á jakkanum, en man ekki eftir blóði á buxunum. Vitnið segist muna eftir einhverjum gráum tægjum í blóðinu á jakka hans.

Sesselja segist muna eftir því, að einhverjar tægjur hafi verið á jakka Snorra, þegar hann lagði jakkann frá sér, eftir að hann kom heim rúmlega hálftíma síðar. Hafi þær verið „grængrábrúnar" að lit. Frásögn vitnisins í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 10. maí um blóðlitaða tægju á jakka Snorra hefur verið borin undir hana, og telur hún, að það sé sama tægjan. Leggur hún áherslu á, að hún muni þetta allt illa nú, en hún reyni að skýra frá eins og hún best muni.

Sesselja segir Guðmund hafa átt hanska, en ekki muna, hvort hann hafi gengið með þá, en þó telur hún, að hann hafi oft verið með þá.

Vitnið segist aðspurt ekki muna sérstaklega eftir því, að Guðmundur hafi verið handlama, þegar þetta var, en hann hafi oft verið slæmur í höndunum.

Vitnið kveðst mikið hafa notað eiturlyf og kveður minni sitt vera skert af þeim sökum.

Sesselja kveður skýrslurnar, sem hún gaf hjá lögreglu, vera rétt eftir sér hafðar.

Vitnið Jón Helgi Hjartarson hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt hjá ákærðu á Smiðjustíg 10 þriðjudagskvöldið fyrir atburðinn, og hafi þá Snorri haft orð á því við Guðmund Helga, að „ein bensínstöð væri ekkert mál". Vitnið kveðst hafa farið um kvöldið út með Sesselju og komið með henni um nóttina til baka, og hafi þá verið þar annar gestur fyrir, fárveikur, Jens að nafni. Þarna hafi verið ákærðu báðir og Guðrún, og eins hafi maður að nafni Hörður verið þarna. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt rætt um bensínstöð eða rán þarna um nóttina.

Vitnið Jens Sigurðsson hefur skýrt frá því, að það hafi dvalist hjá ákærðu að Smiðjustíg 10 frá mánudagskvöldinu á undan atburðinum og fram á næsta kvöld. Hafi Guðmundur farið að tala um, að þeir Snorri ætluðu að ræna einhverja bensínstöð til að ná sér í peninga. Hafi hann notað orðin „stóra böstið" og „bösta", og lagði vitnið þann skilning í orð ákærða, að hann væri að tala um rán. Kveðst það vera nokkuð visst um, að það hafi verið á bensínstöð, sem Snorri hafði unnið á. Talað hafi verið um, að Snorri þekkti manninn á stöðinni og að hann færi fyrir þeim, en síðan kæmi Guðmundur Helgi og rotaði manninn, og að nóg væri þarna af peningum.

Vitnið Sigurbjörn Alexandersson bensínafgreiðslumaður hefur skýrt frá því, að þegar hann hafi stigið úr strætisvagni við Listabraut um kl. 7.23 - 7.24 umræddan morgun, hafi hann séð bifreið Þorsteins kyrrstæða við

bensínstöðina. Ekki hafi hann fylgst með bifreiðinni eða stöðinni, meðan hann gekk í áttina þangað, en þegar hann hafi verið að ganga inn á planið við stöðina 2 - 3 mínútum síðar, hafi hann séð, hvar bifreiðinni var ekið út af planinu austanverðu. Ekki kveðst vitnið hafa séð til ferða annarra bifreiða, þegar hann hafi nálgast. Vitnið kveðst hafa verið klætt í blá blússu og vinnuföt merkt Esso. Þá hafi það haldið á nesti sínu í hvítum innkaupapoka og með dökkblá a derhúfu á höfði.

Vitnið kveðst hafa séð smámynt við stöðvarhúsið og blóðslettur þar inni og að ýmislegt hafi verið þar úr lagi fært. Það kveðst ekki geta fullyrt, hvort afgreiðslukassinn hafi verið opinn, en vanalega sé hann hafður opinn á nóttunni. Segir vitnið, að sig minni, að myrkur hafi verið í kjallaranum, þegar inn var komið. Kveður það að jafnaði haft slökkt í kjallaranum á nóttunni.

Sigurbjörn kveður sér ekki vera kunnugt um, að neitt hafi horfið úr bensínstöðinni annað en peningar.

Vitnið Andrés Andrésson verkfræðingur hefur skýrt frá því, að það hafi ekið fram hjá bensínstöðinni við Stóragerði morguninn, sem atburður málsins gerðist, og hafi það þá séð tvo menn standa við hvítan bíl í norðausturhorninu á planinu við stöðina, og hafi þeir lotið höfði og virst vera að horfa inn í bílinn. Í sömu andrá hafi það séð mann ganga inn á bensínstöðvarplanið vestanvert. Maðurinn hafi verið í úlpu með hettu eða húfu. Ekki kveðst vitnið hafa séð framan í manninn, en taldi, að þetta gæti verið Þorsteinn heitinn. Maðurinn hafi haldið á einhverju, sem líktist nestispakka. Vitnið segir mennina tvo hafa staðið hinum megin við bílinn frá sér séð og því ekki séð nema efri hluta þeirra. Vitnið var á leið til vinnu eins og venjulega, og hafi það verið þarna frekar í fyrra fallinu. Giskar það á, að klukkan hafi verið nálægt kortér yfir sjö, en þó geti skeikað nokkrum mínútum til eða frá.

Vitnið Ellert Kristinn Halldórsson bensínafgreiðslumaður hefur skýrt frá því, að það standi vaktir með öðrum manni, og komi þeir jafnan um sama leyti til vinnu á morgnana, um 15 mínútur yfir sjö. Þó geti það komið fyrir, að hinn maðurinn sé kominn til vinnu á undan, kannski 1 - 2 mínútum áður. Vitnið kveðst ekki vita, hvort ákærða Snorra hafi verið kunnugt um þessar venjur þeirra. Hann hafi sjaldan staðið vaktir með þeim og yfirleitt komið á eftir þeim til vinnu. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að neins verkfæris eða áhalds hafi verið saknað úr stöðinni eftir atburð málsins. Kveður það ljósin hafa verið slökkt í kjallaranum kvöldið áður, þegar það hætti störfum. Vitnið kveður ákærða Snorra hafa verið kunnugt um uppgjörsmál stöðvarinnar, enda hafi hann stundum gert upp fyrir Þorstein.

Atburðurinn í bensínstöðinni var settur á svið með þátttöku ákærðu og

í samræmi við framburð hvors þeirra um sig. Var sviðsetningin kvikmynduð.

„Melspíra" sú, sem fylgir gögnum málsins, fannst eftir tilvísun ákærða Snorra í Reykjavíkurhöfn. Hún er úr járni eða stáli og líkust stórum, sívölum nagla. Mælist hún 37,1 cm á lengd og vegur 758 g. Á henni er kringlóttur haus, 39 mm í þvermál og 16 mm á þykkt. Við hausinn er hún 25 mm í þvermál, en mjókkar síðan jafnt fram í u.þ.b. 10 mm breiðan og flatan enda, allhvassan. Var „melspíran" send til rannsóknar til Home Office Forensic Science Laboratory í Abdermastan í Englandi ásamt dælduðum bút úr málmhillunni, sem var við höfuð Þorsteins heitins og áður er getið, og sverum öxulbút, sem áður er getið.

Í skýrslu sérfræðings rannsóknarstofunnar, Michael John Feredy, kemur fram, að dældirnar tvær í hillunni virðist hafa verið gerðar með ávölum hlut af svipaðri stærð og hausinn á „melspírunni" og annar endi öxulbútsins. Taldi Feredy líklegra, að dældin væri eftir „melspíruna" en öxulbútinn. Ekki væri þó hægt að segja um þetta með vissu og ekki hægt að útiloka, að dældirnar væru eftir einhvern annan hlut.

Ákærðu hafa séð „melspíruna" við meðferð málsins hér í dóminum. Telja þeir hana hafa verið minni og frábrugðna „melspírunni", sem þeir höfðu meðferðis í Stórageröi. Að sögn Snorra var sú „melspíra" með flatari odd en þessi, og hafi hún verið ætluð til þess að splæsa víra, en þessi sé ætluð til að nota á kaðla. Hin „melspíran" hafi verið heimasmíðuð, en þessi sé það ekki.

Aflað hefur verið annarrar „melspíru", sem er lík að allri gerð þeirri, sem fannst í höfninni, en nálægt 14 cm lengri og eftir því gildari og þyngri. Telja ákærðu hana vera líka þeirri, sem var meðferðis í Stórageröi.

Niðurstaða.

Mikið ber á milli skýrslna ákærðu um atvikin í bensínstöðinni í Stórageröi. Ákærði Snorri hefur sagt, að þeir hafi farið í bensínstöðina í því skyni að ræna þar fé og að þeir hafi ætlað að rota Þorstein heitinn Guðnason með „melspíru". Frásögn ákærða Guðmundar Helga af ráðagerð þeirra Snorra um ferðina og markmið hennar er fjarstæðukennd og andstæð skýrslum vitnanna Jens Sigurðssonar og Jóns Helga Hjartarsonar, og verður að hafna henni. Í hörðum og samfelldum átökum í stöðinni hlaut Þorsteinn þá áverka, sem rækilega hefur verið lýst hér að framan og leiddu hann til bana. Þegar það er virt, að Þorsteinn þekkti ákærða Snorra vel, að ákærði Guðmundur hafði að sögn Snorra talað um að drepa Þorstein, að ákærðu höfðu báðir sett upp hanska, til þess, að sögn Snorra, að ekki yrðu eftir fingraför, og loks, að ákærðu höfðu meðferðis lífshættulegt verkfæri til þess að beita gegn Þorsteini, verður að telja sannað, að fyrir

þeim hafi beinlínis vakað, þegar þeir lögðu af stað um morguninn, að ráða Þorsteini bana. Ekki er sannað, hvor ákærðu stakk Þorstein í brjóstið, sem telja verður, að hafi verið gert með „melspírunni", og þá er ekki sannað, hvor þeirra veitti honum áverka á baki, og óvíst, með hvaða öðru verkfæri það var gert. Enn fremur er ekki sannað, hvor ákærðu sló Þorstein með „melspírunni" í höfuðið uppi á jarðhæðinni. Aftur á móti er sannað, að ákærði Snorri, sem bar á sér „melspíruna", bauð hana fram eða gerði hana tiltæka til þess að berja Þorstein með henni. Þá er sannað, að ákærði Guðmundur Helgi sló Þorstein hnefahögg í afgreiðslu stöðvarinnar. Þá er enn sannað með skýrslum ákærðu og Sesselju Engilráðar Barðdal um blóð- og heilaslettur á ákærða Guðmundi Helga og með ummerkjum á vettvangi, að hann veitti Þorsteini höfuðáverkann mikla með „melspírunni", þar sem hann lá við stigann í kjallaranum. Verður að telja ákærðu báða eiga jafna og fulla sök á dauða Þorsteins heitins. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa viðurkennt að hafa með framangreindu ofbeldi tekið þá fjármuni, sem ákært er fyrir og saknað var úr bensínstöðinni. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hafa ákærðu viðurkennt að hafa tekið traustataki bifreið Þorsteins heitins, R-22528, og ekið henni frá bensínstöðinni, fyrst Guðmundur Helgi að Smiðjustíg 10, en síðan Snorri þaðan að bifreiðastæðinu við Vesturgötu. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Vátryggingafélag Íslands hf. hefur bætt Olíufélaginu hf. tjón af broti ákærðu. Hefur félagið krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða því 253.300 krónur ásamt hæstu leyfilegu vöxtum frá 16. ágúst 1990. Ákærðu hafa samþykkt kröfu þessa, og ber að dæma þá til þess að greiða hana ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 16. ágúst 1990 til greiðsludags.

II.

Föstudaginn 21. apríl 1989 gerði lögregla húsleit hjá ákærða Guðmundi Helga í Bröndukvísl 17, þar sem hann bjó þá. Fundust þar samtals 692 skammtar af efni, sem grunur lék á, að væri LSD. Annars vegar var um að ræða 68 ferhyrnda pappírsbúta með fjólubláu tákni, 8 x 8 mm að stærð, en hins vegar 624 gelatínferninga, 5 x 5 mm að stærð. Við rannsókn Þorkels Jóhanessonar prófessors reyndist um 81 míkrógramm af lýsergíðbasa vera í hverjum pappírsbút, en 105 míkrógrömm í hverjum gelatínferningi að jafnaði.

Auk þess var við húsleitina lagt hald á níu hnífa af ýmsum gerðum, bæði skraut-, bit- og kasthnífa, sem ákærði hefur kannast við að eiga.

Ákærði hefur viðurkennt bæði fyrir lögreglu og sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum að hafa keypt 1000 skammta af efninu LSD í Hollandi og látið senda sér 950 skammta af því í pósti hingað til lands. Kveður hann megnið af efninu hafa verið ætlað til sölu.

Við meðferð málsins hér fyrir dómi 5. nóvember sl. viðurkenndi ákærði að hafa flutt inn það magn af LSD, sem í ákærunni segir, en hann hafði ekkert selt af því. Síðar í sama þinghaldi dró ákærði nokkuð úr og sagði, að hann hefði aðeins keypt 860 skammta af efninu, en ekki 1000. Hefði hann játað svo mikið á sig til þess að losna undan gæsluvarðhaldi, og eins hefði hann ekki verið allsgáður, þegar hann gaf dómskýrsluna. Hefði hann látið senda sér 700 skammta í pósti, en flutt hitt með sér sjálfur. Þá kvað ákærði á að giska 200 - 300 skammta af efninu hafa verið amfetamín.

Telja verður nægilega sannað með játningu ákærða bæði hjá lögreglu og fyrir dómi svo og með vottorði Þorkels Jóhannessonar prófessors og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi keypt 1000 skammta af LSD í Hollandi og látið póstsenda sér 950 skammta af því, en flutt allt að 8 skammta inn sjálfur til landsins og að hafa ætlað megnið af efninu til sölu. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Sakhæfi ákærðu.

Ákærðu hafa báðir sætt geðheilbrigðisrannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis.

Í skýrslu sinni um ákærða Guðmund Helga ályktar yfirlæknirinn svo um geðhagi hans og sakhæfi:

„Að mínu áliti er Guðmundur Helgi Svavarsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Þvert á móti er greind hans fyrir ofan meðallag. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflun og langvarandi misnotkun áfengis samfara annarri fíkniefnaneyslu. Framangreindar persónuleikatruflanir hafa m.a. komið fram í skapgerðarbrestum, óreglulegri skóla- og atvinnusókn ásamt alvarlegri vímuefnaneyslu, sem m.a. hefur leitt til lögbrota á síðustu árum. Persónuleikatruflanir af þessu tagi eru oftast varanlegar, en hugsanlegt er, að erfið uppeldisskilyrði og einkum félagslegar afleiðingar alvarlegrar og langvarandi fíkniefnaneyslu hafi ráðið nokkru um, hvernig komið er. Það er mjög brýnt, að Guðmundur Helgi hætti með öllu neyslu áfengis og annarra vímugjafa og reyni jafnframt að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu. Hann hefur á undanförnum árum vistast nokkrum sinnum á meðferðarstofnunum vegna framangreindra kvilla, en árangur hefur verið fremur takmarkaður fram til þessa.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Guðmundur

Helgi er nú grunaður um, þá vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara vímuáhrifum og afleiðingum langvarandi og alvarlegrar áfengis- og fíkniefnaneyslu. Líklegt má teljast, að dómgreind Guðmundar Helga hafi verið sljóvguð vegna mikilla vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað. Enn fremur má ætla, að minni hans, að því er varðar einstaka þætti í atburðarásinni, kunni að vera skert, en hann lýsti sjálfur slæmu ástandi sínu, m.a., að hann hefði ekki treyst sér til að rata á leiðinni til bensínstöðvarinnar, svo og lýsti hann nokkuð einkennandi minnistruflunum eða „black-out". Að lokum verður að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Guðmundar Helga Svavarssonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur."

Ályktun yfirlæknisins um geðhagi og sakhæfi ákærða Snorra er svohljóðandi:

„Að áliti undirritaðs er Snorri Snorrason ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti, en greind hans mælist í neðri mörkum meðallags. Snorri hefur ekki notið mikillar skólagöngu, og hugsun hans virðist á stundum fremur óþroskuð. Hegðunarvandkvæðum er lýst þegar fyrir fermingu og enn fremur, að Snorri hafi verið áhrifagjarn. Þótt hegðun virðist hafa batnað eftir unglingsárin, hefur lífsferill Snorra þó einkennst af óreglulegri atvinnusókn, ofnotkun áfengis og skorti á stöðugleika í tilfinningasamböndum. Snorri komst í kast við lögreglu á unglingsárum vegna innbrota og þjófnaðar að eigin sögn, og svo virðist sem hann hafi tekið aftur til við þá iðju nú upp á síðkastið.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Snorri er nú grunaður um, þá virðist skapgerð og framangreind vandkvæði auk langvarandi áfengisneyslu samfara áhrifum einhverra annarra vímugjafa hafa vegið þungt. Þó að líklegt megi teljast, að dómgreind Snorra hafi verið sljóvguð vegna vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað, þá verður þó að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Snorra Snorrasonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur."

Dómendur telja ekki leika vafa á því, að ákærðu séu báðir fyllilega sakhæfir í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði Guðmundur Helgi hefur til þessa verið sektaður þrisvar fyrir fíknilagabrot. Þá var ákærði dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu fyrir þjófnað í ágúst í sumar. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm og gera ákærða nú refsingu í einu lagi samkvæmt 77. og 78. gr. laganna.

Ákærði Snorri hefur til þessa verið sektaður fimm sinnum fyrir ýmisleg brot. Þá var hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundna fangelsisrefs-

ingu fyrir þjófnað í ágúst í sumar. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm og gera ákærða nú refsingu í einu lagi samkvæmt 78. gr. laganna.

Við ákvörðun refsingar ákærðu ber að líta til þess, að árás þeirra var ofsafengin, hrottaleg og undirbúin.

Eftir málavöxtum og samkvæmt 2. mgr. 79. gr., sbr. 1. - 8. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing Guðmundar Helga vera hæfilega ákveðin fangelsi í 20 ár, en refsing Snorra fangelsi í 18 ár. Frá refsingu Guðmundar Helga ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. apríl til 1. maí 1989 svo og frá 2. maí sl. til þessa, samtals 233 daga, og frá refsingu Snorra gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. maí sl. til þessa, 224 daga.

Samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, ber að dæma ákærða Guðmund Helga til þess að þola upptöku þeirra 692 skammta af LSD, sem hald var lagt á hjá honum.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði Guðmundur Helgi verði dæmdur til þess að þola upptöku á níu hnífum, sem hjá honum fundust, samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 34. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 16, 1978, sbr. reglugerð nr. 474, 1988, sbr. 3. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga þessara er einungis heimilt að gera upptæk skotvopn, skotfæri og sprengiefni, sem farið hefur verið með andstætt ákvæðum laganna. Er þar ekki að finna heimild til þess að gera upptæka hnífa eða önnur tæki eða vopn, sbr. 3. gr. laganna. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hnífar þessir séu ætlaðir til notkunar í glæpsamlegu skyni eða að réttaröryggis vegna sé nauðsynlegt að gera þá upptæka, sbr. 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Eins og á stendur um þá að öðru leyti, þykja ekki vera lagaskilyrði til þess að gera þá upptæka samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. laganna, og ber að sýkna ákærða Guðmund af þessari kröfu ákæruvaldsins.

Dæma ber ákærðu hvorn um sig til þess að greiða verjendum sínum, Jóni Oddssyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmönnum, 300.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en óskipt annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Helgi Svavarsson sæti fangelsi í 20 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 233 dagar.

Ákærði Snorri Snorrason sæti fangelsi í 18 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 224 dagar.

Ákærði Guðmundur Helgi sæti upptöku 692 skammta af LSD.

Ákærðu greiði Vátryggingafélagi Íslands hf. óskipt 253.000 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 16. ágúst 1990 til greiðsludags.

Ákærði Guðmundur Helgi greiði verjanda sínum, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni 300.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnaralun.

Ákærði Snorri greiði Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni 300.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur.

Föstudaginn 21. júní. 1991.

Nr. 329/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Jónasi Friðrikssyni.

Kærumál. Dómsátt. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1990. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili gekkst undir í sakadómi Þingeyjarsýslu 27. ágúst 1990, verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 24. maí 1991 var varnaraðila kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Hann mótmælti kröfunni. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti 13. júní 1991.

Að kvöldi fimmtudagsins 29. mars 1990 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur. Reyndist vínandamagn í blóði hans vera 1,59 ‰. Hinn 27. ágúst 1990 samþykkti varnaraðili í sakadómi Þingeyjarsýslu að greiða 20.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og sæta ökuleyfissviptingu í 12 mánuði. Var brot hans í dómsáttinni talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 12. desember 1986 samþykkti varnaraðili að ljúka máli vegna ölvunar við akstur með greiðslu sektar og sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði. Var brot hans talið varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga. Varnaraðili hefur því nú gerst sekur um ítrekað brot. Lágmarkssvipting ökuleyfis fyrir ítrekað brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 er samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga þrjú ár. Framangreind málalok voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Þingeyjarsýslu 27. ágúst 1990.

Ár 1990, mánudaginn 27. ágúst, er dómþing sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur háð að sýsluskrifstofunni á Húsavík af Berglindi Svavarsdóttur. Fyrir er tekið: Mál nr. 303/1990, kæra á hendur Jónasi Friðrikssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti:

nr. 1. bréf bæjarfógetans í Hafnarfirði,
nr. 2. bréf bæjarfógetans í Kópavogi,
nr. 3. skjalaskrá lögreglunnar í Hafnarfirði ásamt fskj.
nr. 4. sakavottorð.

Kl. 14.00 kemur í dóminn kærði, Jónas Friðriksson sjómaður, Helgastöðum, Reykjadal, kt. 100962-2689.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, að hafa ekið bifreiðinni JV-341 undir áhrifum áfengis 29/3 sl.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,59‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 20.000,- í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1. okt., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 5.205,-, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá deginum í dag að telja, þ.e. 27/8 1990. Kærði afhendir ökuskírteini sitt í réttinum.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Föstudaginn 21. júní 1991.

Nr. 482/1990. **Ákæruvaldið**
(Atli Gíslason hrl., sérstakur saksóknari)
gegn
Olav Ómari Kristjánssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og Guðmundi Þórðarsyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Brot gegn 158. og 262. gr. alm. hgl. Lög um bókhald. Lög um eignarskatt. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1990 að ósk beggja ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds. Krafist er sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og að ákærði Olav Ómar og Þýsk-íslenska hf. verði svipt leyfi til verslunaratvinnu eða rétti til þess.

Af hálfu ákærða Olavs Ómars er *aðallega* krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, *til vara,* að hann verði aðeins sakfelldur fyrir brot samkvæmt 1.-2. tölulíðar II. kafla ákærunnar, en sýknaður að öðru leyti, en *til þrautavara,* að undandregin skattfjárhæð verði eigi talin hærri en 7.054.517 krónur, komi til sakfellingar samkvæmt 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Fari svo, verði eigi jafnframt sakfellt fyrir brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er þess og krafist, komi til sakfellingar, að refsing verði dæmd eins væg og lög leyfa og refsivist skilorðsbundin, verði hún dæmd.

Af hálfu ákærða Guðmundar er *aðallega* krafist sýknu af kröfum ákæruvalds, en *til vara,* að refsing samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð verulega og refsivist skilorðsbundin, verði hún dæmd.

I.

Sakarefni málsins eru gerð rækileg skil í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Af hálfu beggja ákærðu er því sérstaklega mótmælt, að sakfellt verði fyrir skattundandrátt vegna reksturs Þýsk-íslenska hf. önnur ár en 1984, þar sem ákæra í málinu sé eingöngu reist á endurgerðum skattframtalsgögnum vegna reksturs félagsins á því ári einu. Verði ekki á það fallist, er því haldið fram, að sök sé að hluta fyrnd.

Sakargögn leiða í ljós, að undandráttur frá tekjum Þýsk-íslenska hf., sem birtist í endurgerðum ársreikningi og nýju skattframtali félagsins 1985 vegna starfsemi þess 1984, fór ekki fram á því ári einu, heldur átti rætur í rekstri fyrri ára. Sá löggilti endurskoðandi, sem bjó hin nýju gögn í hendur ríkisskattstjóra, komst svo að orði í skýrslu sinni fyrir dómi, eins og frá greinir í héraðsdómi, að hann teldi, að fáum mundi blandast hugur um, að um væri að ræða uppsafnaða tekjumyndun nokkurra ára. Sú var og skoðun stjórnenda Þýsk-íslenska hf., sem fóru þess á leit við skattyfirvöld, að undandrættinum yrði jafnað á milli ára við endurálagningu opinberra gjalda. Að þeim tilmælum var ekki farið, heldur lagt á að nýju á grundvelli hinna endurgerðu framtalsgagna, eins og hinar undandregnu tekjur heyrðu allar til rekstrarárinu 1984.

Ákæran í málinu er byggð á þeim gögnum, sem stjórnendur Þýsk-íslenska hf. lögðu fyrir skattyfirvöld sem grundvöll að endurálagningu opinberra gjalda. Þó eru útreikningar, sem liggja til grundvallar þætti F í I. kafla ákærunnar, gerðir með tilliti til þess, að undandregnar tekjur skiptist á árin 1981-1984. Þegar virt er efni ákærunnar með hliðsjón af forsendum hennar og grundvelli, þykir einsætt, að hana beri að skýra svo, að ákært sé fyrir allan fram kominn undandrátt tekna Þýsk-íslenska hf., en ekki aðeins þann hluta, sem telja megi, að eingöngu heyri til rekstrarárinu 1984. Hafa verjendur ákærðu átt þess allan kost að haga vörn sinni hér fyrir dómi í samræmi við þetta.

Á hinn bóginn verður að telja, eins og atvikum málsins er háttað, að rétt hafi verið og eðlileg sú aðferð í héraðsdómi að dreifa hinum undandregnu tekjum á fleiri ár en 1984 á þann hátt, sem gert var, úr því að þess var kostur samkvæmt gögnum málsins, enda var það jafnframt ákærðu í vil og í fullu samræmi við þá meginreglu, sem lögfest er í 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt.

Hinn 12. nóvember 1985 hófst athugun rannsóknardeildar ríkis-

skattstjóra á bókhaldi Þýsk-íslenska hf., sem leiddi til endurálagningar opinberra gjalda 29. apríl 1986, en 30. júní sama ár sendi skattrannsóknarstjóri málið rannsóknarlögreglu ríkisins til opinberrar rannsóknar, sem hófst í október sama ár. Samkvæmt því og með vísan til 6. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981 er sök ákærðu að engu leyti fyrnd.

III.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, urðu þær lyktir kæru Þýsk-íslenska hf. til ríkisskattanefndar á endurálagningu opinberra gjalda félagsins, sem fram fór 29. apríl 1986, að kærunni var vísað frá vegna vanreifunar af hálfu beggja málsaðila. Er í dóminum greint frá rökum nefndarinnar fyrir frávísun kærunnar.

Verjendur ákærðu halda því fram og leggja á það ríka áherslu, að frávísun kærunnar frá ríkisskattanefnd beri að túlka svo, að með henni hafi endurálagningin fallið úr gildi og þar með hafi brostið grundvöll fyrir ákvörðun refsingar á hendur ákærðu samkvæmt 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981.

Á þetta verður ekki fallist. Eftir að skattrannsóknarstjóri sendi rannsóknarlögreglu ríkisins málið til opinberrar rannsóknar, sem leiddi til ákæru og dómsmeðferðar, var forræði þess í öllum greinum í höndum dómstóla, sbr. 1.- 3. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981, sbr. og meginreglur 75. gr. og 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar á meðal mat á fjárhæð undandreginna tekna og opinberra gjalda og þar með grundvelli fyrir ákvörðun sektar samkvæmt 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981. Sjá einnig H.1970,834. Hefur því umræddur frávísunarúrskurður ríkisskattanefndar enga þýðingu í þessu máli.

IV.

Sakadómur Reykjavíkur, sem í áttu sæti tveir löggiltir endurskoðendur, komst að þeirri niðurstöðu, að ársreikningum Þýsk-íslenska hf. 1982-1985 hafi verið að ýmsu leyti áfátt og víst sé, að verulegt undanskot hreinna tekna hafi átt sér stað. Jafnframt sé næsta ljóst, hverri fjárhæð þetta undanskot hafi í heild numið að lágmarki rekstrarárin 1981-1984 að báðum meðtöldum. Dreifing teknanna milli ára sé aftur á móti óljós, og sé allur vafi í því efni metinn

í dóminum ákærðu í vil. Dómurinn rannsakaði og endurgerði ársreikninga félagsins fyrir þessi ár. Að virtum þessum ársreikningum endurgerðum taldi dómurinn sannað, að Þýsk-íslenska hf. hefði skotið undan tekjuskatti, eigi lægri fjárhæð en 24.332.128 krónum, og eignarskatti og eignarskattsauka, eigi lægri fjárhæð en 1.829.253 krónum, samtals 26.161.381 krónu.

Þegar litið er til gagna málsins og röksemda héraðsdóms, verður að líta svo á, að hin undandregnu skattgjöld nemi eigi lægri fjárhæðum en að ofan greinir. Eru ákærðu réttilega sakfelldir fyrir þetta atferli í héraðsdómi og brot þeirra rétt heimfært til refsiákvæða.

V.

Bókhalds- og fölsunarbrot ákærðu þykja varða við þau laga- og reglugerðarákvæði, er í héraðsdómi greinir. Ber að staðfesta ákvæði dómsins um þau.

VI.

Refsing ákærða Olavs Ómars þykir með vísan til forsendna fyrir refsiákvörðun í héraðsdómi hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði Olav Ómar 20.000.000 króna sekt til ríkissjóðs. Rétt þykir með vísan til 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 að dæma Þýsk-íslenska hf. til greiðslu sektarinnar in solidum með ákærða. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, sæti ákærði fangelsi í níu mánuði í hennar stað.

Refsing ákærða Guðmundar Þórðarsonar þykir með vísan til forsendna fyrir refsiákvörðun héraðsdóms hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði Guðmundur 1.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, og þykir rétt með vísan til 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 að dæma Þýsk-íslenska hf. til greiðslu sektarinnar in

solidum með ákærða. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, sæti ákærði fangelsi í þrjá mánuði í stað sektarinnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu af kröfu ákæruvalds samkvæmt 4. tl. III. kafla ákæru um sviptingu leyfis til verslunaratvinnu eða réttar til þess.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir, þar á meðal þóknun saksóknara, sem starfar á grundvelli 3. mgr. 29. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði Olav Ómar Kristjánsson sæti fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 20.000.000 króna sekt til ríkissjóðs in solidum með Þýsk-íslenska hf. Komi níu mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Þórðarson sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 1.000.000 króna sekt til ríkissjóðs in solidum með Þýsk-íslenska hf. Komi þriggja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Olav Ómar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 450.000 krónur.

Ákærði Guðmundur Þórðarson greiði málsvarnarlaun skip-

aðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 450.000 krónur.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun skipaðs saksóknara, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. desember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 5. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómendunum Sigurði Stefánssyni og Sigurði Hafsteini Pálssyni, löggiltum endurskoðendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 664-665/1990: Ákæruvaldið gegn Olav *Ómari* Kristjánssyni og Guðmundi Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 31. október sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 29. desember 1989, á hendur ákærðu, Olav *Ómari* Kristjánssyni framkvæmdastjóra, Silungakvísl 25, Reykjavík, fæddum 2. september 1948 í Keflavík, og Guðmundi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, Stórahjalla 11, Kópavogi, fæddum 20. ágúst 1945 í Reykjavík, „fyrir brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og bókhaldsbrot.

I. Brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Með skattframtali fyrir Þýsk-íslenska hf., undirrituðu fyrir hönd þess af ákærðu, Ómari Kristjánssyni og Guðmundi Þórðarsyni, mótteknu af skattstjóra 2. júlí 1985, gerðu þeir skattskil fyrir tekjuárið 1984. Framtalinu fylgdu ársreikningar fyrir nefnt ár auk ýmissa annarra venjulegra fylgiskjala með skattframtölum. Álagning fór fram að óbreyttum gjaldstofnum samkvæmt framtalinu. Í nóvembermánuði 1985 hófst rannsóknardeild ríkisskattstjóra handa um rannsókn á skattskilum og bókhaldi hlutafélagsins, sem leiddi í ljós stórfelldan undandrátt á tekjum þess og eignum samkvæmt skattframtalinu frá 2. júlí 1985 ásamt misfellum í bókhaldi. Hélt rannsóknin síðan áfram með aðstoð löggilts endurskoðanda, er hinn 6. janúar 1986 skilaði uppgjöri yfir tekjur og gjöld félagsins 1984 og eignir þess og skuldir við lok þess árs. Sýndi það uppgjör stórkostlegan undandrátt. Voru reikningsskil þessi afhent ákærðu, þegar er þau lágu fyrir. Að svo komnu lá fyrir að ákvarða skatta að nýju. Við þær aðstæður lét stjórn Þýsk-íslenska hf. löggiltan endurskoðanda yfirfara eða endurskoða fyrirliggjandi bókhalds- og reikningsgögn og semja nýja ársreikninga, er hún ásamt skattframtali afhenti ríkisskattstjóra 12. apríl 1986 með ósk um, að endurákvörðun opinberra gjalda færi fram á grundvelli þessara gagna.

Leiddi sú endurákvörðun á tekjuskatti og eignarskatti félagsins til hækkunar um kr. 45.606.891. Samkvæmt rekstrarreikningnum nam hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt kr. 63.569.386, en sambærileg tekjutala samkvæmt hinu fyrra framtali nam kr. 19.632.135 og mismunurinn, vantaldar tekjur, kr. 43.937.251. Auk þess kom fram á reikningnum „óskýrð eignaaukning", kr. 45.502.296, og gjaldfærður byggingarkostnaður við Lyngháls 10, 2.231.917, allt eins og síðar verður rakið. Að leiðréttu aðstöðugjaldi kemur mismunurinn á rekstrarreikningunum þannig út:

A.	Vantalinn söluskattur	kr.	(135.967)
	Vantalin umboðslaun	—	641.118
	Oftalin vörunotkun	—	47.214.556
	Oftalinn launakostnaður	—	47.809
	Vantalinn annar rekstrarkostnaður	—	(447.380)
	Oftalið aðstöðugjald	—	611.580
	Vantaldar afskriftir	—	(117.770)
	Oftaldar vaxtatekjur	—	(27.191)
	Oftalin vaxtagjöld, verðbætur o.fl.	—	292.070
	Vantalin niðurfærsla birgða	—	(3.402.020)
	Vantalin niðurfærsla krafna	—	(745.394)
	Undandregið skv. rekstrarreikningum	kr.	43.931.411
B.	Gjaldfærður byggingarkostnaður við Lyngháls 10, — vantaldar tekjur	kr.	2.231.917
C.	„Óskýrð eignaaukning" kemur þannig fram skv. efnahagsreikningi 31. desember 1984 með framtali 12. apríl 1986 (liður 20):		
1.	Vantalin víxlaeign	kr.	8.702.404
2.	Vantaldar viðskiptakröfur	—	6.910.183
3.	Oftaldar skuldir samkvæmt samþykktum víxlum	—	8.239.312
4.	Oftaldar áramótaskuldir vegna vörukaupa	—	23.296.139
5.	Vantalin sjóðseign og eign á bankareikningum	—	1.488.070
6.	Vantalið vegna Gjaldheimtu,		

	sparimerki o.fl.	kr.	117.669
7.	Vantalin hlutabréfaeign	—	105.000
		kr.	48.858.777
Frá dregst:			
8.	Vantalið lán veðdeildar Landsbankans	kr.	(207.000)
9.	Vantalinn mismunur skv. biðreikningi	—	(187.751)
10.	Vantalin sala 1984	—	(1.188.143)
11.	Vantalin skuld við Samvinnubanka	—	(486.449)
12.	Vantalin skuld við sama	—	(1.083.498)
13.	Vantalin skuld við Útvegsbanka	—	(166.579)
14.	Vantalin skuld við Reykjavíkurborg	—	(37.061)
	„Óskýrð eignaaukning" (leiðréttingar)	kr.	45.502.296
	Undandráttur tekna samkvæmt ofanskráðu (A-C)	kr.	91.665.624
D.	Frá dregst:		
	Söluskattur skv. úrskurði 22. apríl 1986 ásamt álagi til 31. desember 1984	kr.	(4.475.353)
	Undandregnar tekjur	kr.	87.190.271
	Hækkun tillags í varasjóð 25%	—	(18.852.749)
	Hækkun stofns til tekjuskatts	—	68.337.522
	Skatthlutfall		X 51%
	Undandreginn tekjuskattur	kr.	34.852.137
E.	Undandreginn eignarskattur miðað við árslok 1984, 1,2% af kr. 84.958.354 (87.190.271 — 2.231.917)	kr.	1.019.499
	Undandreginn tekjuskattur og eignarskattur	kr.	35.871.636
F.	Frá dregst útreiknaður mismunur tekjuskatts og eignarskatts miðað við, að undandrátturinn, kr. 87.190.271, skiptist á árin 1981-1984 sem næst eftir rekstrartekjum hvers árs að teknu tilliti til breytinga á verðbreytingafærslu skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75, 1981, sbr. lög nr. 8, 1984, tillagi varasjóðs, aðstöðugjaldi og		

skattskulda við lok hvers árs	kr.	2.788.300
Undandreginn tekjuskattur og eignarskattur	kr.	33.083.336

Framangreindur undandráttur á tekjuskatti og eignarskatti þykir varða við 1. og 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

II. Bókhaldsbrot.

Þá eru ákærðu gefnar að sök eftirtaldar rangfærslur í blekkingarskyni í ársreikningum fyrir árið 1984 og vanrækslu og óreiða á grundvallaratriðum í bókhaldi sama árs og að færsla bókhaldsins og gerð ársreikninganna almennt sé fjarri því að uppfylla kröfur um góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

1. Að tilgreina ranglega undir liðnum „Langtímaskuldir" í ársreikningum skuld, að fjárhæð kr. 15.000.000, við Samvinnubanka Íslands hf., enda þótt um enga skuld við bankann væri að ræða móti þessum skuldalið.
2. Að tilgreina ranglega með sama hætti og lýst er í lið 1 hér að ofan skuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 22.922.100.
3. Að tilgreina ranglega eignaliðinn „Viðskiptakröfur" of lágt um allt að kr. 8.510.184 í efnahagsreikningi.
4. Að tilgreina ranglega eignaliðinn „Viðskiptavíxlar" um of lága fjárhæð, allt að kr. 6.397.684, í efnahagsreikningi.
5. Að tilgreina ranglega á efnahagsreikningi undir liðnum „Ógreidd ýmis rekstrargjöld" ógreidd vörukaup, kr. 7.758.961, enda þótt slíkur skuldaliður væri ekki til.

Brot þessi teljast varða við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

6. Að hafa vanrækt að framkvæma vörutalningu við árslok 1983 og 1984 með þeim hætti, sem boðinn er í 14. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald, eða varðveita skráningu vörubirgða, sem kann að hafa verið gerð í samræmi við 16. gr. sömu laga.
7. Að hafa vanrækt að láta fara fram afstemmingar milli viðskiptamannareiknings (a) samkvæmt hinu sérstaka kerfi yfir sölu-, lager- og viðskiptamannabókhald og tilsvarandi samdráttarreikninga í fjárhagsbókhaldi (nr. 12000 og 12100), allt frá því að bókhald með tölvu var tekið upp um áramótin 1982 og 1983, með þeim afleiðingum, að stórfelldur mismunur var á milli reikninganna, en þessi háttsemi var andstæð ákvæðum laga nr. 51, 1968, 1. mgr. 4. gr. og 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 417, 1982.
8. Að hafa vanrækt að stemma af debet- og kredítfærslur í fjárhagsbók-

haldinu, svo að samkvæmt útskrift, dagsettri 21. febrúar 1985, nam mismunur kr. 10.328.549,54, og samkvæmt útskrift, dagsettri 29. nóvember 1985, nam hann kr. 5.616.625,13, en þetta er andstætt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald.

9. Að hafa vanrækt við gerð ársuppgjörsins að leiðrétta viðeigandi bókhaldsreikninga (dagbókarreikninga) og gæta samræmis milli fjárhæða þeirra og ársreikninganna og fyrir að hafa fargað fylgiskjölum (vinnupappírum) fyrir þessum loka- og millifærslum. Voru með þessu brotin ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. og 15. og 16. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald.
10. Að hafa vanrækt að skrá seldar vörur gegn gjaldfresti í frumbækur eða á laus reikningseyðublöð, sem væru fyrir fram tölusett í samfelldri hlaupandi röð eftir ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald og 7. gr. reglugerðar nr. 417, 1982.

Brot þessi samkvæmt töluliðum nr. 6-10 teljast varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist:

1. að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum,
2. að stjórn Þýsk-íslenska hf. verði fyrir hönd hlutafélagsins sem lögaðila með heimild í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981, dæmd sólidarískt með hvorum ákærða fyrir sig til greiðslu sektar samkvæmt 1. tölulið hér á undan,
3. að ákærðu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 75, 1981,
4. að ákærði Ómar Kristjánsson verði með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, svo og Þýsk-íslenska hf. svipt rétti til að öðlast leyfi til verslunaratvinnu, sbr. og 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981,
5. að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Við munnlegan málflutning gerði skipaður sækjandi í máli þessu, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, sömu dómkröfur og í ákæru greinir að öðru leyti en því, að fallið var frá skaðabótakröfu samkvæmt 3. kröfulið, þar eð hún hefur eigi verið höfð uppi í málinu, og þar sem félagið hafði endurnýjað heildsöluleyfi sitt, var þess krafist, að ákærði Olav *Ómar* Kristjánsson svo og Þýsk-íslenska hf. yrðu svipt leyfi til verslunaratvinnu og rétti til að öðlast leyfi til verslunaratvinnu með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra

hegningarlaga, sbr. og 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981. Þá krafðist sækjandi þess, að ákærðu yrðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, sem rynnu til skipaðs sækjanda.

Dómi í máli þessu er skipt í kafla sem hér segir:

I. Saga Þýsk-íslenska, skipun stjórna, framkvæmdastjóra, hlutafjáreign, prókúruumboð, verslunarleyfi o.fl.
II. Rannsóknarferill varðandi ætluð skattsvik.
III. Rannsóknarferill vegna ætlaðra skjalafals- og bókhaldsbrota.
IV. Frávísunarkröfur og niðurstöður dómsins og Hæstaréttar þar að lútandi.
V. Framburður ákærðu.
VI. Framburður vitna.
VII. Niðurstöður.
VIII. Sakaferill ákærðu.
IX. Viðurlög.
X. Svipting verslunaratvinnu.
XI. Skaðabætur.
XII. Sakarkostnaður.

Það athugast, að í ákæru er ákærði Guðmundur Þórðarson sagður fæddur 20. ágúst 1945, en hið rétta er, að hann er fæddur 2. ágúst sama ár.

I. Saga Þýsk-íslenska hf., skipun stjórna, framkvæmdastjórn, prókúruumboð, verslunarleyfi o.fl.

Þýsk-íslenska hf., sem áður hét Þýsk-íslenska verslunar- og vörumiðlunarfélagið hf., var stofnað árið 1956. Fékk félagið leyfi til heildsölu 7. febrúar 1957. Á árinu 1976 var félagið selt. Við eigendaskiptin urðu nýir hluthafar í félaginu ákærði Olav *Ómar* Kristjánsson með 48% eignaraðild, Edda Kolbrún Metúsalemsdóttir, eiginkona ákærða Ómars, með 2%, Guðmundur G. Þórarinsson með 46%, Anna Jónsdóttir með 2% og Jón Bjarnason með 2%. Hinn 7. maí 1980 barst Hlutafélagaskrá Reykjavíkur tilkynning til Hlutafélagaskrár, dagsett 28. nóvember 1979, þar sem tilkynnt var, að stjórn Þýsk-íslenska verslunarfélagsins hf. skipuðu ákærði Ómar, stjórnarformaður, og meðstjórnendur Edda Kolbrún Metúsalemsdóttir og ákærði Guðmundur. Framkvæmdastjóri með prókúru var ákærði Ómar.

Hinn 28. október 1982 bárust Hlutafélagaskrá nýjar samþykktir fyrir Þýsk-íslenska verslunarfélagið hf., dagsettar 6. júní 1982, sem komu í stað eldri samþykkta frá 1956. Var stjórn félagsins þá þannig skipuð: Stjórnarformaður var ákærði Ómar og meðstjórnendur Edda Kolbrún Metúsalemsdóttir og ákærði Guðmundur. Endurskoðendur voru Ragnar Jóhann Jónsson og Kristján B. Þórarinsson. Prókúruhafar voru ákærðu í máli þessu.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 23. september 1984, voru fyrr-

greindir stjórnarmenn og endurskoðendur endurkosnir, og var hlutverkaskipting stjórnarmanna hin sama og áður og prókúruhafar hinir sömu.

Hluthafar í félaginu hinn 31. desember 1984 voru ákærði Ómar Kristjánsson, sem átti 80% hlutafjár, og Edda Kolbrún Metúsalemsdóttir, ákærði Guðmundur Þórðarson, Metúsalem Stefánsson og Kristján Jósteinsson, sem áttu 5% hvert.

Samkvæmt vottorði borgarfógeta, dagsettu 17. nóvember 1989, virðist heildsöluleyfi Þýsk-íslenska hf. ekki hafa verið endurnýjað fyrir 30. júlí 1989, en samkvæmt vottorði sama embættis, dagsettu 27. febrúar 1990, var leyfið endurnýjað 17. janúar 1990 og gildir til 30. júlí 1994.

II. Rannsóknarferill varðandi ætluð skattsvik.

Hinn 2. júlí 1985 móttók skattstjórinn í Reykjavík skattframtal Þýsk-íslenska hf. fyrir rekstrarárið 1984 og gjaldárið 1985. Er framtalið undirritað af ákærðu í máli þessu, Ómari Kristjánssyni og Guðmundi Þórðarsyni. Því fylgdi einnig greinargerð um aðstöðugjaldsstofn, undirrituð af ákærðu, og skrá vegna sérstaks eignarskatts á fasteignir, er nýttar voru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds í árslok 1984, einnig undirrituð af ákærðu. Þá fylgdi framtalinu ársreikningur félagsins fyrir rekstrarárið 1984, áritaður af ákærðu í málinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1984 var hrein sala félagsins kr. 180.268.069, umboðslaunatekjur kr. 605.198 og ýmsar rekstrartekjur kr. 53.945, samtals kr. 180.927.212. Rekstrargjöld voru kr. 159.355.450 og rekstrarhagnaður því kr. 21.571.762. Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga og vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, verðbótum og gengismun námu samtals kr. 1.138.604. Óreglulegar tekjur voru kr. 312.009 og hagnaður þannig fyrir álagningu skatta kr. 23.022.375. Á framtali er bætt við tekjum, að fjárhæð kr. 40.188, sem er ófrádráttarbær kostnaður (kirkjugarðsgjald), en það er innifalið í kostnaðarliðnum „Aðstöðugjald" í rekstrarreikningnum. Tekjuhlið framtalsins er því kr. 23.062.563. Á framtalinu eru síðan dregnar frá þessari fjárhæð aukaafskriftir, niðurfærsla vörubirgða og skammtímakrafna og tillag í fjárfestingarsjóð, samtals til frádráttar kr. 11.283.282. Samkvæmt þessu er tekjuskattsstofn kr. 11.779.281.

Í efnahagsreikningi 31. desember 1984 eru veltufjármunir taldir kr. 85.322.950, fastafjármunir kr. 38.296.887 og eignir þannig samtals kr. 123.619.837. Skammtímaskuldir eru að fjárhæð kr. 51.746.859 og langtímaskuldir kr. 39.889.333 og skuldir þannig samtals kr. 91.636.192. Samkvæmt þessu er eigið fé félagsins talið kr. 31.983.645. Á skattframtali er bókfært eigið fé að frádregnu hlutafé kr. 200.000, niðurfærslu vörubirgða kr. 4.330.130, niðurfærslu skammtímakrafna kr. 2.018.895 og auka-

afskrifta kr. 8.837.731, samtals til frádráttar kr. 15.386.756, en að viðbættum mismun bókfærðs verðs Lyngháls 10 og fasteignamats eignarinnar, kr. 29.729.004, og að viðbættum tilfærðum skuldum í efnahagsreikningi, sem óheimilt sé að draga frá eignum fyrir álagningu eignarskatts, en þeir liðir eru reiknaður tekjuskattur, eignarskattur og kirkjugarðsgjald, samtals kr. 6.553.412. Er eignarskattsstofn því samtals kr. 52.879.305.

Á framtalið hefur verið stimplað nafn ákærða Guðmundar, staða hans sem héraðsdómslögmanns, heimilisfang hans og símanúmer. Ekki kemur sérstaklega fram, hver hafi annast gerð framtalsins, en í ljós hefur komið við rannsókn og meðferð málsins, að þar var um að ræða ákærða Guðmund. Ekki varð ráðið af framtalinu, að kjörnir endurskoðendur félagsins, en hvorugur þeirra var á þeim tíma löggiltur endurskoðandi, hefðu komið nálægt gerð þess né endurskoðað það.

Ofangreint framtal var lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda, og voru skattstofnar samkvæmt því sem hér segir:

Tekjuskattsstofn kr. 11.779.281.

Eignarskattsstofn kr. 52.879.300.

Aðstöðugjaldsstofn kr. 159.801.845.

Stofn fyrir sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði kr. 53.086.363.

Álögð gjöld samkvæmt álagningarskrá námu alls kr. 9.631.820.

Hinn 12. nóvember 1985 hófst athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á bókhaldi félagsins með því, að tveir starfsmenn embættisins fóru á starfsstöð þess. Segir í skýrslu rannsóknardeildarinnar um málið, að umræddir starfsmenn hafi þar fengið afhentan af hálfu félagsins hreyfingalista fyrir júlí og ágúst rekstrarárið 1985 og möppu, þar sem að finna var lýsingu á sölukerfi. Hafi þótt ástæða til að kanna nánar einkenni sölukerfisins og númeringu nótna, og 14. nómvember hafi tveir aðrir starfsmenn rannsóknardeildarinnar farið á skrifstofu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf., N. Manscher, sem annaðist um gerð flæðirits um sölukerfið, og spurst nánar fyrir um nefnt sölukerfi. Fyrir svörum hafi orðið Emil Theódór Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, en hann hafði ásamt Reyni Vigni, löggiltum endurskoðanda, útbúið flæðiritið af hálfu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. Hafi komið fram í skoðun þessari, að Endurskoðunarmiðstöðin hf. hafði gert flæðiritið í desember 1984 að beiðni Þýsk-íslenska hf. að undangenginni athugun á tekjuskráningarkerfi félagsins og áreiðanleika þess. Hafi komið í ljós, að verulegur misbrestur hafi verið á skráningu tekna í bókhaldi félagsins, auk þess sem afrit reikninga hefðu glatast og félagið þannig tapað verulegum fjármunum.

Í skýrslunni segir, að í umræddri heimsókn starfsmanna rannsóknardeildarinnar á skrifstofu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. hafi komið fram,

að Þýsk-íslenska hf. hafi óskað eftir, að Endurskoðunarmiðstöðin hf. annaðist uppgjör og gerð skattframtals fyrir félagið fyrir gjaldárið 1985. Hafi Þýsk-íslenska hf. í því sambandi afhent Endurskoðunarmiðstöðinni hf. eftirtalin gögn á fyrri hluta árs 1985:

1. Vöruskrá, tölvuútskrift, dags. 2. janúar 1985.
2. Ljósrit af lista viðskiptamanna, tölvuútskrift, dags. 2. janúar 1985.
3. Sölutölur, tölvuútskrift, dags. 15. febrúar 1985.
4. Verðskrá, tölvuútskrift, dags. 15. febrúar 1985.
5. Reikningsjöfnuð, dags. 21. febrúar 1985, tölvuútskrift vegna ársins 1984.
6. Lista yfir víxileignir Þýsk-íslenska hf.
7. Lista yfir vörur á hafnarbakka og í flutningi.
8. Blað, er sýnir stöðu á bankareikningi pr. 31. desember 1984 í Landsbanka Íslands.
9. Blað merkt Þýsk-ísienska hf., ógreiddur kostnaður í árslok 1984.
10. Möppu með upplýsingum um flæðirit, sýnishorn af ýmsum reikningseyðublöðum o.fl.
11. Möppu, samantekt á athugunum Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. á bókhaldi og tekjuskráningu Þýsk-íslenska hf.

Rannsóknardeildin lagði hald á ofangreind gögn í þágu rannsóknar málsins.

Segir í skýrslunni, að við athugun á þessum gögnum hafi komið í ljós, að verulegt misræmi hafi verið á milli ofangreindra gagna og þeirra fjárhæða, sem fram hafi komið í ársreikningi Þýsk-íslenska hf., sem sendur hafi verið með skattframtali félagsins fyrir gjaldárið 1985.

Af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra var Friðbjörn Björnsson, löggiltur endurskoðandi, ráðinn til að yfirfara þau gögn, er að framan greinir. Gerði hann bráðabirgðauppgjör fyrir rekstrarárið 1984 á grundvelli gagnanna auk ýmissa upplýsinga úr skattframtölum 1984 og 1985, er varða niðurstöður eiginfjárreikninga, verðbreytingafærslu, fyrningu og upplýsingar um vöruflutninga á hafnarbakka. Bráðabirgðauppgjör þetta lá fyrir 22. nóvember 1985, og var það í engu samræmi við skattframtal félagsins, sem móttekið var af skattstjóra 2. júlí 1985.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að Þýsk-íslenska hf. hafi leitað eftir því við Endurskoðunarmiðstöðina hf., að hún tæki að sér uppgjör fyrir gjaldárið 1985 fyrir rekstrarárið 1984. Upp úr samstarfi hafi hins vegar slitnað vegna faglegs ágreinings. Hafi Endurskoðunarmiðstöðin hf. gert drög að uppgjöri, þar sem fram kemur á rekstrarreikningi hagnaður, að fjárhæð kr. 103.335.330, og af þeirri fjárhæð eru kr. 58.563.243 leiðréttur efnahagur. Voru ofangreind uppgjörsdrög lögð fram af hálfu fyrrnefnds

Emils Theódórs Guðjónssonar í skýrslutöku hjá rannsóknardeildinni 28. maí 1986.

Þá segir í skýrslu þessari, að 27. nóvember 1985 hafi ákærðu komið ótilkvaddir á skrifstofu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra til fundar við Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóra og Skúla Eggert Þórðarson deildarstjóra. Hafi ákærðu greint frá því, að þeir hefðu frétt það hjá Endurskoðunarmiðstöðinni hf., að Þýsk-íslenska hf. væri komið í rannsókn. Hefðu ákærðu óskað eftir samstarfi og boðið fram aðstoð sína við að upplýsa málið. Í beinu framhaldi af þessum fundi hefðu Garðar Valdimarsson og Skúli Eggert Þórðarson farið á starfsstöð félagsins til athugunar á bókhaldi félagsins og ýmsum gögnum. Hefði verið lagt hald á eftirtalin gögn:

1. Rekstrarárið 1983.
   Hreyfingalista, dags. 3. janúar 1984, úr fjárhagsbókhaldi, áramót.
2. Rekstrarárið 1984.
   2.1. Hreyfingalista, dags. 20. febrúar 1985, úr fjárhagsbókhaldi frá áramótum.
   2.2. Áramótalista viðskiptamanna, dags. 2. janúar 1985.
   2.3. Sölutölur, dags. 11. júní 1985.
   2.4. Vinnugögn Guðmundar Þórðarsonar við gerð ársreiknings, sem voru listi yfir vörubirgðir, blað um ógreiddan kostnað, sundurliðun á samþykktum víxlum, sölulisti, ógreiddur kostnaður, sundurliðun.
   2.5. Ljósrit af afsali vegna Silungakvíslar 25, dags. 17. nóvember 1984.
3. Rekstrarárið 1985.
   3.1. Hreyfingalista fyrir rekstrarárið 1985, dags. 27. nóvember 1985.
   3.2. Áætlaðan rekstrarreikning janúar - júlí 1985, dags. 23. júlí 1985.

Við rannsókn á starfsstöð félagsins sama dag hafi verið óskað eftir, að lögð yrðu fram afrit af skuldabréfum við Samvinnubanka Íslands, að fjárhæð kr. 15.000.000, og Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 22.922.100, jafnframt því að bent yrði á, hvar afborganir af bréfunum kæmu fram á hreyfingalista fyrir árið 1985. Hafi ákærðu ekki talið sig vita, hvar þessi skuldabréf væru, og ekki heldur getað gert grein fyrir afborgunum af þeim.

Hinn 2. desember 1985 hafi rannsóknardeildin óskað eftir, að Friðbjörn Björnsson gerði nýtt uppgjör á grundvelli þeirra gagna, sem afhent höfðu verið af hálfu Þýsk-íslenska hf., og annarra upplýsinga, er félagið gæti veitt honum. Af hálfu ákærða Ómars hafi þess eindregið verið óskað, að félagið

fengi tækifæri til að leiðrétta reikningsskil sín, og í því sambandi boðin fram aðstoð ákærða Guðmundar. Dagana 12., 13., 14. og 17. desember 1985 hafi svo umræddur Friðbjörn Björnsson unnið að uppgjöri á félaginu fyrir árið 1984 með aðstoð ákærða Guðmundar. Hinn 19. desember 1985 hafi skattrannsóknarstjóra borist bréf frá ákærða Ómari, þar sem hann ítrekaði ósk eftir samstarfi við rannsóknardeild ríkisskattstjóra.

Hinn 6. janúar 1986 hafi legið fyrir uppgjör frá Friðbirni Björnssyni, þar sem m.a. kemur fram, að hann hafi þurft að gera leiðréttingar á víxileign, viðskiptakröfum, samþykktum víxlum, bakfærðum ógreiddum vörukaupum, mismun á sjóði og bankareikningi og mismun á ýmsum ógreiddum kostnaði, að fjárhæð samtals kr. 55.794.606. Jafnframt hafi hann fært vörubirgðir í árslok 1984 á kr. 66.832.697, en þær voru kr. 14.621.300 samkvæmt skattframtali auk vara í flutningi og á hafnarbakka.

Hinn 7. janúar 1986 hafi ákærða Ómari verið afhent eintak af uppgjörinu. Hafi hann þá tilkynnt, að Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, myndi yfirfara uppgjörið, og jafnframt óskað eftir samstarfi við rannsóknardeild ríkisskattstjóra um rannsókn málsins.

Hinn 10. janúar 1986 lagði rannsóknardeildin hald á 36 möppur af bláum afritum reikninga Þýsk-íslenska hf. fyrir árið 1984 auk dagbókar reikninga, dags. 2. janúar 1985.

Næstu vikur og mánuði fór fram yfirferð á nokkrum atriðum í uppgjöri Friðbjörns Björnssonar, sem Þýsk-íslenska hf. hafi talið, að þyrftu nánari athugunar við og einkum snertu víxileign og samþykkta víxla. Jafnframt fór fram athugun á birgðum félagsins, og óskaði rannsóknardeild eftir í því sambandi, að lagðar yrðu fram vörutalningarbækur yfir lok áranna 1983 og 1984, en félagið hafi eigi orðið við þeim tilmælum. Hafi félagið talið, að birgðir væru ofmetnar í uppgjöri Friðbjörns Björnssonar, þar sem taka ætti meira tillit til skemmdra, ónýtra og úreltra vara. Hafi rannsóknardeild ríkisskattstjóra margítrekað, að félagið sundurgreindi vörubirgðir í ónýtar, skemmdar og óseljanlegar vörur af öðrum ástæðum, en slík sundurliðun ekki borist.

Hinn 14. apríl 1986 afhenti Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, ríkisskattstjóraembættinu nýtt skattframtal og ársreikning Þýsk-íslenska hf. fyrir gjaldárið 1985 vegna rekstrarársins 1984, dagsett 12. apríl 1986, ásamt beiðni um, að ríkisskattstjóri tæki áður álögð gjöld á félagið 1985 til endurálagningar með hliðsjón af hinu nýja innsenda framtali.

Í bréfi endurskoðandans, dagsettu sama dag og framtalið, sem fylgdi með til skýringar, segir m.a., að félagið hafi í kjölfar rannsóknar skattrannsóknarstjóraembættisins óskað eftir því að koma að leiðréttingum og rökstuddum athugasemdum við reikningsskil Friðbjörns Björnssonar, sem afhent hafi verið félaginu í janúar 1986, svo að færa mætti þau „til réttari

vegar", enda hafi það verið yfirlýstur vilji forráðamanna félagsins, að þeir vildu leggja sig alla fram um að upplýsa málið og aðstoða við að komast til botns í því. Á grundvelli þess hafi endurskoðandanum verið falið að vinna ýmsar afstemmingar og athuganir á bókhaldinu og kom niðurstöðum sínum jafnóðum á framfæri við rannsóknardeild ríkisskattstjóra. Í framhaldi af því hafi hann gert ýmsar athugasemdir f.h. félagsins við umrædd reikningsskil og komið rökstuðningi sínum vegna þeirra atriða á framfæri við skattrannsóknarstjóraembættið. Í framhaldi af þessu hafi félagið óskað eftir því, að hann gerði leiðrétt uppgjör fyrir árið 1984 með tilheyrandi skattframtalsgögnum 1985, sem unnt væri að senda ríkisskattstjóraembættinu beint með ósk um endurákvörðun opinberra gjalda 1985. Séu reikningsskil sín grundvölluð á reikningsskilum þeim, sem rannsóknardeildin hafi látið gera, en á þeim hafi endurskoðandinn gert ýmsar breytingar, sem hann skýri í einstökum liðum, en reikningsskilin séu ekki endurskoðuð. Í bréfinu eru síðan tíundaðar í 12 liðum þær breytingar, sem endurskoðandinn gerði á reikningsskilum Friðbjörns Björnssonar, og þær útskýrðar. Í lið þeim, sem fjallar um vörubirgðir, segir, að vörubirgðir á lager 31.12. 1984 hafi verið lækkaðar að verðgildi um kr. 19.191.198. Hafi það verið byggt á áætluðu kostnaðarverði að frádregnum hálfum hluta þess, sem talið er ónýtar og óseljanlegar vörur samkvæmt sérstökum lista þar um. Hafi endurskoðandanum verið kunnugt um viðhorf forráðamanna félagsins, sem telji, að afskrifa þyrfti mun hærri fjárhæðir vegna ónýtra vara í þessu mati á verðgildi vörubirgða. Kveðst endurskoðandinn hins vegar ekki gera sér vonir um, að embætti ríkisskattstjóra muni taka leiðréttingarframtal félagsins 1985 til greina, ef gengið verði lengra en þetta í afskrift ónýtra og óseljanlegra vara á lager. Væru því vörubirgðir á lager taldar vera 47.641.499 um áramót 1984/1985.

Í bréfi endurskoðandans til skattrannsóknarstjóra, dagsettu 12. febrúar 1986, kemur fram, að verðlista Þýsk-íslenska hf. hafi verið breytt í heildsöluverð 1. janúar 1985.

Framtalið er undirritað af ákærða Ómari og Kolbrúnu Metúsalemsdóttur, eiginkonu ákærða og stjórnarmanni í Þýsk-íslenska hf. Því fylgir einnig greinargerð um aðstöðugjaldsstofn og niðurfærslu- og samræmingarblað, undirritað af sömu aðilum. Þá fylgir framtalinu ársreikningur Þýsk-íslenska hf. fyrir árið 1984, dagsettur 12. apríl 1986, undirritaður af ákærða Ómari svo og Kolbrúnu Metúsalemsdóttur.

Samkvæmt rekstrarreikningi þessum var hrein sala félagsins kr. 180.132.102, umboðslaunatekjur kr. 1.246.316 og ýmsar tekjur kr. 53.945, samtals kr. 181.432.363. Rekstrargjöld voru kr. 112.000.627 og rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld kr. 69.431.736. Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga og vaxtatekjur að frádregnum vaxta-

gjöldum og verðbótum voru kr. 1.403.483. Óreglulegar tekjur voru kr. 312.009 og aukaafskriftir og niðurfærslur kr. 7.577.842. Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt, færður á framtal, var kr. 63.569.386. Til viðbótar tekjum á framtali voru færðar kr. 2.231.917 vegna byggingarkostnaðar frá fyrri árum og „aðrar leiðréttingar" kr. 45.502.296. Tekjur á framtali voru því kr. 111.303.599.

Í efnahagsreikningi 31. desember 1984 voru veltufjármunir taldir kr. 133.258.845, fastafjármunir kr. 44.157.636 og eignir samtals kr. 177.416.481. Skammtímaskuldir voru kr. 37.423.151, langtímaskuldir kr. 2.241.056 og skuldir því samtals kr. 39.664.207. Eigið fé var því kr. 137.752.277 og samtals skuldir og eigið fé kr. 177.416.481.

Á framtali er skattskylt eigið fé tilgreint sem hér segir:

Óráðstafað eigið fé	kr.	111.032.368
Varasjóður	"	233.879
Endurmatsreikningur	"	6.951.859
Samtals	kr.	118.218.106
Við bætist mismunur á bókfærðu verði og fasteignarmati Lyngháls 10	kr.	24.312.896
eða samtals skattskylt eigið fé	kr.	142.531.002

Að teknu tilliti til viðbótarsölugjalds áranna 1981 til og með 1984, samtals kr. 2.378.500, varasjóðsstillags, kr. 27.231.275, og 25% álags á vanframtalinn tekjuskattsstofn, sem var kr. 69.914.543, kr. 17.478.635, var leiðréttur tekjuskattsstofn því kr. 99.172.459 í staðinn fyrir kr. 11.779.281 í fyrra framtali.

Eignarskattsstofn samkvæmt framtalinu var kr. 142.531.002, en að teknu tilliti til skuldar vegna viðbótarsölugjalds áranna 1981 til 1984 að þeim báðum meðtöldum, samtals kr. 2.378.500, og 25% álags á vanframtalinn eignarskattsstofn, sem var kr. 87.273.197, eða kr. 21.818.299, var leiðréttur eignarskattsstofn því kr. 161.970.800 í staðinn fyrir kr. 52.879.305 í fyrra framtali.

Af hálfu ríkisskattstjóra var fallist á að breyta fyrri álagningu þinggjalda Þýsk-íslenska hf. fyrir gjaldárið 1985 samkvæmt heimild í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt og haga henni í samræmi við síðara framtalið. Við áiagningu gjalda 29. apríl 1986 var beitt 25% álagi á áður vantalda skattstofna samkvæmt heimild í 106. gr. sömu laga. Í samræmi við það nam hækkun tekjuskattsstofns kr. 87.393.178 og hækkun tekjuskatts frá fyrri álagningu því kr. 44.570.521 og hækkun eignarskattsstofns kr. 109.091.500 og hækkun eignarskatts og eignarskattsauka því kr. 1.309.099. Var undandráttur þinggjalda að áliti ríkisskattstjóra því samtals kr. 45.879.620.

Mismunur á ársreikningi Þýsk-íslenska hf. samkvæmt framtali, dagsettu 2. júlí 1985, og ársreikningi og framtali, dagsettu 12. apríl 1986, vegna rekstrarársins 1984 er sem hér segir:

Rekstrar-reikningur 1984:	Dags. 2. júlí 1985	Dags. 12. apríl 1986	Mismunur á reikningum
Tekjur:			
Hrein sala	180.268.069	180.132.102	-135.967
Umboðslaun	605.198	1.246.316	641.118
Ýmsar rekstrartekjur ..	53.945	53.945	0
	180.927.212	181.432.363	505.151
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	132.357.792	85.143.236	-47.214.556
Launakostnaður	11.390.427	11.342.618	-47.809
Annar rekstrarkostn. .	11.931.932	12.379.312	447.380
Aðstöðugjald	2.117.608	1.460.000	-657.608
Afskriftir	1.557.691	1.675.461	117.770
Rekstrargj. alls	159.355.450	112.000.627	-47.354.823
Rekstrarhagnaður	21.571.762	69.431.736	47.859.974
Fjármunat. og fjár-magnsgj.:			
Vaxtatekjur	1.840.490	1.813.299	-27.191
Vaxtagjöld, verðb. og gengismunur	-4.299.265	-4.007.195	292.070
Tekjur vegna verðlagsbr.	3.579.379	3.579.379	0
	1.138.604	1.403.483	264.879
Hagnaður af reglul. starfs.	22.710.366	70.835.219	48.124.853
Óreglulegar tekjur og gjöld:			
Hagnaður af sölu fasta-fjármuna	367.587		
Tap af sölu fastafjár-muna	-55.578		
Óreglulegar tekjur alls	312.009	312.009	0
Hagnaður fyrir skatta	23.022.375	71.147.228	48.124.853
Kirkjugarðsgjald	40.188		-40.188

Frádráttur:			
Aukaafskrift	-1.806.539	-1.806.539	0
Niðurf. vörubirgða ...	-584.547	-3.986.567	-3.402.020
Niðurf. skammtímakr.	-1.039.342	-1.784.736	-745.394
	19.632.135	63.569.386	43.937.251
Leiðrétt v/byggingar--			
kostn. frá fyrri árum .		2.231.917	2.231.917
Aðrar leiðréttingar ...		45.502.296	45.502.296
	19.632.135	111.303.599	91.671.464
Tillag í fjárfestsj.-vara-			
sjóð	-7.852.854	-27.231.275	-19.378.421
Tekjuskstofn skv. fram-			
tölum	11.779.281	84.072.324	72.293.043
Breytingar ríkisskatt-			
stjóra			
Viðbótarsölugjald v/81-			
84		-2.378.500	-2.378.500
25% álag á vanframtal-	11.779.281	81.693.824	69.914.543
inn tekjuskattsstofn ..		17.478.635	17.478.635
Tekjuskattsstofn	11.779.281	99.172.459	87.393.178

Efnahagsreikningur 31.12. 1984.

	Dags. 2. júlí 1985	Dags. 12. apríl 1986	Mismunur á reikningum
Eignir:			
Veltufjármunir:			
Sjóður	10.294	0	-10.294
Bankainnstæður	663.449	625.960	-7.489
Viðskiptakröfur	24.646.992	33.157.176	8.510.184
Viðskiptavíxlar	15.730.915	22.128.599	6.397.684
Fyrirframgreiddur			
kostnaður	0	25.611	25.611
Vörubirgðir	44.301.300	77.321.499	33.020.199
Veltufjármunir alls ...	85.322.950	133.258.845	47.935.895
Fastafjármunir:			
Áhættufjármunir:			
Hlutabréf	15.000	105.000	90.000

Varanlegir fastafjármunir	38.281.887	44.052.636	5.770.749
Fastafjármunir alls ...	38.296.887	44.157.636	5.860.749
Eignir samtals	123.619.837	177.416.481	53.796.644
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir:			
Samþykktir víxlar	2.822.362	2.822.363	-1
Ýmsar skammtímaskuldir	40.015.023	32.857.038	-7.157.985
Áætlaðir skattar	8.909.474	1.743.750	-7.165.724
	51.746.859	37.423.151	-14.323.708
Langtímaskuldir:			
Skuldabréf	39.889.333	2.241.056	-37.648.277
Skuldir samtals	91.636.192	39.664.207	-51.971.985
Eigið fé:			
Óskattað eigið fé:			
Fjárfestingarsjóður ...	7.852.854	0	-7.852.854
Varasjóður	233.879	233.879	0
Niðurfærsla vörubirgða	4.330.130	7.732.150	3.402.020
Niðurfærsla skammtímakrafna	2.018.895	2.764.289	745.394
Aukaafskriftir	8.837.731	8.837.732	1
	23.273.489	19.568.050	-3.705.439
Annað eigið fé:			
Hlutafé	200.000	200.000	0
Endurmatsreikningur .	3.552.079	6.951.859	3.399.780
Óráðstafað eigið fé ..	4.958.077	111.032.368	106.074.291
	8.710.156	118.184.227	109.474.071
Eigið fé alls	31.983.645	137.752.277	105.768.632
Skuldir og eigið fé alls	123.619.837	177.416.484	53.796.647

Eignarskattsstofn:

	Framtal dags. 2.7. 1985	Framtal dags. 12.4. 1986	Mismunur á framtölum
Fjárfestingarsjóður ...	7.852.854	0	-7.852.854
Varasjóður	233.879	233.879	0

Endurmatsreikningur .	3.552.079	6.951.859	3.399.780
Óráðstafað eigið fé ..	4.958.077	111.032.368	106.074.291
Mismunur á fasteignarmati og bókf. verði:			
Lyngháls 10	29.729.004	24.312.896	-5.416.108
Reiknaður tekjuskattur	6.007.433	0	-6.007.433
Reiknaður eignarsk. ..	502.353	0	-502.353
Reiknað kirkjuggjald.	43.626	0	-43.626
Eignarskattsst. skv. framtölum	52.879.305	142.531.002	89.651.697
Breytingar ríkisskstj. Reiknaður sölusk. 81-84		-2.378.500	
25% álag á vanframtalinn eignarskattsstofn ...		21.818.299	21.818.299
Eignarskstofn v/álagn.	52.879.305	161.970.801	111.469.996

Í bréfi ákærða Ómars og Eddu Kolbrúnar Metúsalemsdóttur til skattrannsóknarstjóra, dagsettu sama dag og hið endurgerða framtal, kemur m.a. fram, að uppgjör og skattframtöl félagsins hefðu ekki verið unnin af löggiltum endurskoðanda, heldur af löglærðum starfsmanni félagsins. Hafi vöxtur fyrirtækisins verið mjög hraður, og því hafi fylgt, að ekki hefði orðið séð við öllu. Hafi menn gert sér grein fyrir, að vegna stærðar fyrirtækisins og rekstrarumfangs hafi verið orðin þörf á löggiltum endurskoðanda til að annast uppgjör, framtalsgerð og önnur atriði, m.a. á sviði innra eftirlits. Forráðamenn félagsins hafi talið sig vera of seina með að ráða menn til þessara starfa vegna framtals 1985 og því ákveðið, að sami maður og fyrr gengi frá framtali, en síðan yrði ráðinn löggiltur endurskoðandi til þess að annast þessi mál frá og með rekstrarárinu 1985. Þess er getið, að ljóst hafi verið, að vantaldar tekjur vegna þess ruglings, sem leitt hafi af tölvuvandamálum fyrirtækisins, hefðu verið leiðréttar í næsta framtali og því munað litlu, að frumkvæðið til leiðréttingar kæmi alveg frá félaginu. Þá kemur það fram í bréfi þessu, að það sé einkum einn þáttur í framtalinu, sem nefnt er „leiðréttingaruppgjör" í bréfinu, þar sem félagið teldi á sig hallað, og væri þar átt við birgðamat. Nemi fjárhæð ónýtra, óseljanlegra vara mun hærri fjárhæð en gert sé ráð fyrir í „leiðréttingaruppgjörinu", og muni þar milljónatugum.

Með bréfi, dagsettu 22. maí 1986, var ofangreind endurákvörðun kærð til ríkisskattstjóra, og fylgdi kröfugerð í bréfi, dagsettu 9. júlí sama ár. Eru þar gerðar ýtarlegar athugasemdir við meðferð skattrannsóknarstjóra á máli þessu og reikningsskilum þeim, sem afhent hafi verið kæranda og

hann byggi hið leiðrétta skattframtal árið 1985 á. Með úrskurði, dagsettum 30. október 1987, hafnaði settur ríkisskattstjóri í málinu kröfum um endurskoðun á ákvörðun ríkisskattstjóraembættisins frá 29. apríl 1986 og staðfesti álagninguna.

Af hálfu Þýsk-íslenska hf. var úrskurði setts ríkisskattstjóra skotið til ríkisskattanefndar með kæru, dagsettri 6. nóvember 1987.

Með úrskurði ríkisskattanefndar 17. apríl 1989 var málinu vísað frá vegna vanreifunar beggja málsaðila. Í forsendum úrskurðarins segir, að fyrir liggi og raunar viðurkennt af hálfu Þýsk-íslenska hf., að upphaflegt skattframtal félagsins árið 1985 svo og skattframtöl eldri ára hefðu verið ófullnægjandi með þeim hætti, að ársreikningar þeir, sem þeim framtölum fylgdu, hafi ekki stuðst við fullnægjandi bókhald. Álagning opinberra gjalda gjaldárið 1985 og þeirra eldri gjaldára, sem umboðsmaður Þýsk-íslenska hf. krefjist leiðréttinga á, hafi því eigi stuðst við viðhlítandi framtalsgögn. Þykir eigi hafa verið bætt úr ágöllum þessum af hálfu félagsins með þeim hætti, að unnt sé í kærumáli því, sem hér um ræðir, að taka kröfur þess til efnislegrar umfjöllunar. Síðan segir, að ljóst sé, að ríkisskattstjóri hafi endurákvarðað félaginu að nýju opinber gjöld 1985 með heimild í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75, 1981, eingöngu á grundvelli nýs skattframtals félagsins 1985, en eigi liggi annað fyrir en ríkisskattstjóri hafi þá ekki haft önnur gögn undir höndum um mál þetta. Hefði verið rétt af hálfu ríkisskattstjóra, að hann færi fram á rannsókn skattrannsóknarstjóra á hinu nýja skattframtali félagsins árið 1985, áður en hann tæki fyrir að endurákvarða gjöld þess, sbr. 2. ml. 3. mgr. 102. gr., sbr. og lokamálsgrein 96. gr. laga nr. 75, 1981, sem þar er vísað til, eða krefði skattrannsóknarstjóra um skýrslu um þá athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, er segi frá í tveimur tilgreindum bréfum. Hafi þetta verið sérstaklega brýnt með tilliti til þess, að bókhald félagsins árið 1984 hafði ekki verið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda og því verið lýst yfir í bréfi stjórnar félagsins, dagsettu 12. apríl 1986, að ágallar væru á bókhaldi þess rekstrarárið 1984 og fyrri rekstrarár. Hið nýja framtal og ársreikningar hafi og bersýnilega ekki verið byggð á viðhlítandi grundvelli.

Með hliðsjón af framansögðu verði hvorki kröfur félagsins né ríkisskattstjóra teknar til greina og þeim vísað frá vegna vanreifunar.

Með bréfi, dagsettu 30. júní 1986, sendi skattrannsóknarstjóri mál þetta rannsóknarlögreglu ríkisins til opinberrar rannsóknar með vísan til 108. gr. laga nr. 75, 1981. Með sama bréfi sendi hann einnig skýrslur rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um ætlaðan undandrátt söluskatts af hálfu Þýsk-íslenska hf. svo og önnur gögn, sem mál þetta varða og þá hafði verið aflað.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins fóru fram yfirheyrslur yfir ákærðu

og vitnum auk frekari öflunar sakargagna, og var málið við svo búið sent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 9. febrúar 1987.

Hinn 7. desember 1987 endursendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglu ríkisins málið með ósk m.a. um, að kæruefni yrðu nákvæmlega skilgreind í samráði við skattrannsóknarstjóra og Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, yrði yfirheyrður. Fór framangreint fram, og var málið endursent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 16. febrúar 1988. Hafði þá söluskattsþáttur málsins verið klofinn frá málinu. Að beiðni ríkissaksóknara var Garðar Valdimarsson, fyrrverandi skattrannsóknarstjóri og núverandi ríkisskattstjóri, yfirheyrður af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins 30. nóvember 1989, og þá framkvæmdi Guðmundur Guðbjarnason, núverandi skattrannsóknarstjóri, ýtarlega útreikninga og samdi skýringar og athugasemdir við einstakar fjárhæðir, sem ágreiningur er um, milli upphaflegra reikningsskila Þýsk-íslenska hf. vegna rekstrarársins 1984 og endurgerðra reikningsskila Friðbjörns Björnssonar, löggilts endurskoðanda, sem unnin voru fyrir skattrannsóknarstjóra, og endurgerðra reikningsskila Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda, sem unnin voru fyrir forráðamenn Þýsk-íslenska hf. Útreikninga þessa sendi Guðmundur Guðbjarnason ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 15. nóvember 1989. Eru þeir lagðir til grundvallar F-lið í I. kafla ákærunnar.

Með bréfi verjanda ákærða Ómars, dagsettu 28. maí sl., fékk hann þrjá löggilta endurskoðendur til að svara ákveðnum spurningum, og gefur verjandinn sér þar tilteknar forsendur, sem eigi er byggt á í niðurstöðu dómsins. Svöruðu endurskoðendurnir spurningum verjandans með bréfi, dagsettu 25. september sl. Þykja svör þeirra ekki hafa þýðingu í málinu.

Þá er það mat dómsins, að álitsgerðir og útreikningar Guðmundar Hannessonar, löggilts endurskoðanda, sem hann vann fyrir Þýsk-íslenska hf. og gefur sér ákveðnar forsendur, hafi eigi gildi fyrir úrslit málsins.

III. Rannsóknarferill vegna ætlaðra bókhalds- og skjalafalsbrota.

Samhliða rannsókn á ætluðum brotum á lögum um tekju- og eignarskatt fór fram af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra rannsókn á bókhaldi Þýsk-íslenska hf.

Með bréfi ákærða Ómars, dagsettu 3. desember 1984, var Endurskoðunarmiðstöðinni hf., N. Manscher, falið af hálfu Þýsk-íslenska hf. m.a. að leggja mat á og gera nauðsynlegar breytingar á reikningsútkrift og „öllum pappírsgangi" í fyrirtækinu og rannsaka það sérstaklega, hvernig það mætti vera, að reikningar og fylgiskjöl glötuðust, og tryggja, að það gerðist ekki. Verkið unnu, svo sem áður greinir, Emil Theódór Guðjónsson og Reynir Vignir, löggiltir endurskoðendur.

Í lýsingu þeirra á tekjuskráningu þeirri, sem fyrir lá, er þeir komu

til starfa, segir, að hvít og blá afrit nótna hafi verið sett í kassa í stafrófsröð eftir fyrirtækjum. Bleik og gul afrit hafi farið niður á lager, þar sem tekið hafi verið til eftir þeim. Einn aðili hafi tekið vörur til og pakkað þeim. Sá aðili og annar lagermaður hafi áritað nótu, ef allt hafi verið til, en ef ekki, hafi lagermenn merkt við á afritum þeim, sem þeir hafi verið með, og skrifað síðan út kredítnótu í tvíriti á afganginn. Hafi frumrit hennar farið með vöru, en afrit upp á skrifstofu, þar sem tiltekinn starfsmaður hafi tekið hana út í formlega reikningsnótu, sem hafi verið í kassa með öllum nótum, og síðan eftir venjulegum vinnuferli eins og aðrar nótur. Hafi verið mikið af slíkum nótum vegna ýmissa mistaka starfsfólks, vöntunar í sendingar og fleira. Í vinnugögnum þeirra kemur m.a. fram, að á tímabilinu frá 22. til 31. október 1984 hafi verið skrifaðar út samtals 713 nótur hjá Þýsk-íslenska hf. Í ljós hafi komið, að nótur 15 fyrirtækja hafi glatast og ekki hafi verið til staðar gul afrit vegna þeirra í möppu yfir óinnheimta reikninga, og hafi þessi fyrirtæki ekki fengið senda lista eða verið krafin greiðslu á annan hátt. Hafi hér alls verið um 240 nótur að ræða, ⅓ hluta allra nótna á tímabilinu, og hafi fjárhæð þeirra verið u.þ.b. kr. 1.500.000. Hafi endurskoðendurnir ekki verið í neinni aðstöðu til að sjá, hvort umrædd fjárhæð hefði tekjufærst hjá félaginu. Blá afrit nótnanna hafi verið til að undanskildum 14, en þær nótur hafi alveg verið týndar. Þá hafi komið í ljós, að 2 nótur hafi ekki komið fram í dagbók reikninga og ekkert hafi fundist um aðra þeirra.

Þeir Emil Theódór og Reynir endurskipulögðu allan vinnugang varðandi ofangreint sölukerfi, en það var mat þeirra, að ekki hefði verið þörf á neinni breytingu á tölvukerfinu sjálfu, heldur hefði fyrst og fremst verið um að ræða að setja upp vinnulýsingu, sem starfsfólkinu bæri að fara eftir og tryggja átti, að gögn færu rétta boðleið.

Áberandi hafi verið að mati hinna löggiltu endurskoðenda, að engin tengsl hafi verið á milli fjárhagsbókhaldsins og viðskipta- og lagerbókhaldsins né við lagerbókhald félagsins og engar afstemmingar hafi verið gerðar þar á milli. Jafnframt hafi það verið augljóst hverjum þeim, sem skoða vildi, að ekki hafi verið gerð tilraun til að stemma af einstaka reikninga fjárhagsbókhaldsins, svo sem víxileignarreikninga, samþykkta víxla eða aðra efnahagsliði, sem eðlilegt sé að halda vel utan um. Þó hafi verið til listar yfir víxileign og fleiri liði, sem virst hafi, að væru notaðir til innheimtu, án þess að þeir stemmdu við fjárhagsbókhaldið. Hafi fjárhagsbókhaldið verið unnið á IBM-tölvu fyrirtækisins, system 34, og ekki hafi virst vera mikið lagt upp úr listum, sem hafi fengist út úr því, og listar, sem endurskoðendurnir hafi einhvern tímann fengið, hafi ekki stemmt, svo að ekki hafi verið jöfnuður á milli debet- og kredítliða á þeim. Þannig hafi

engin bein tengsl verið milli eininga bókhaldsins, og hafi þurft að færa sérstaklega tölur í hvora einingu fyrir sig.

Varðandi þau fylgiskjöl, sem fært hafi verið eftir, hafi sölureikningur verið stofnaður beint í viðskiptamanna- og sölubókhaldinu með færslu í tölvur sölumanna, ýmist af þeim sjálfum eða af öðrum starfsmönnum eftir beiðni þeirra. Í framhaldsvinnslu hafi svo orðið til listar með uppsöfnuðum tölum, svo sem söludagbækur, mánaðarlistar o.fl. Innborganir í kerfið hafi verið færðar eftir einu afriti sölureikninga. Ef gera hafi þurft leiðréttingar á stöðu viðskiptamanna eða lagerkerfis, hafi verið útbúnir leiðréttingarseðlar, án þess að um fast form hafi verið að ræða.

Að því er varðaði sölureikninga í fjárhagsbókhaldi, hafi uppsöfnun á sölutölum mánaðarins og sala hvers dags verið einnig handfærð inn í bók, „Sölubók", þar sem fylgst hafi verið með sölu mánaðarins. Hafi endurskoðendunum ekki verið fullljóst, hvort fært hafi verið eftir þessum bókum inn í fjárhagsbókhaldið, en samkvæmt þeirri endurskipulagningu, sem þeir hafi unnið á kerfinu, hafi átt að nota uppsöfnunartölur sölukerfisins til að færa söluna, enda hafi þá jafnframt átt að vera tryggt, að öll sala færi þar í gegn.

Ef rétt hefði verið staðið að vinnslu á sölureikningum, hefði það ekki átt að gerast, að reikningur kæmi aðeins að hluta til inn í vinnslurásina. Hins vegar hafi það komið fram við skoðun endurskoðendanna og síðan endurskipulagningu kerfisins, að það hafi komið fyrir, að reikningar hefðu orðið til, sem ekki hefðu framfærst inn á viðskiptamenn í kerfinu. Ekkert eftirlit hafi verið haft í frammi varðandi slík tilvik, fyrr en endurskoðendurnir hafi komið með ábendingar um það í endurskipulagningu sinni.

Svo sem fyrr greinir, er það mat endurskoðendanna, að engir gallar hafi verið á tölvuforritum sölu- og lagerkerfisins, og hafi það verið lagt óbreytt til grundvallar þeirri endurskipulagningu, sem endurskoðendurnir hafi unnið fyrir félagið. Gallar þeir, sem um hafi verið að ræða, hafi hins vegar verið þeir, hvernig unnið var við kerfið, og það eftirlitsleysi, sem hafi verið með vinnuganginum. Fjárhagsbókhaldslistar þeir, sem endurskoðendurnir hafi séð, hafi verið frekar fábrotnir, og hafi verið unnt að fá út prófjöfnuð, sem ekki hafi stemmt. Töldu þeir líklegt, að klaufaskapur við uppsetningu útskriftarlistanna hefði valdið því, að prófjafnaðarlistar stemmdu ekki.

Ofangreindir endurskoðendur útbjuggu nýtt sölu- og viðskiptamannabókhaldskerfi að óbreyttum tölvuforritum, sem tekið var í notkun hjá Þýsk-íslenska hf. 1. janúar 1985.

Niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra á bókhaldi Þýsk-íslenska hf. árið 1984 voru þessar:

1. Fjárhagsbókhaldið hafi verið fært eftir á. Hafi vélræn tenging þess við viðskiptamannabókhald ekki verið fyrir hendi, heldur hafi bókari fært sölutölur inn í fjárhagsbókhaldið eftir öðrum bókhaldsgögnum.
2. Afstemmingar fjárhagsbókhalds hafi ekki verið fyrir hendi, og ekki hafi verið um að ræða tengsl ársreiknings við fjárhagsbókhald.
3. Fylgiskjöl eldri rekstrarára en ársins 1984 hafi verið varðveitt á mjög óskipulegan hátt. Hafi möppum virst vera hrúgað í kassa og þeir síðan settir upp á háaloft í starfsstöð félagsins, snúið öfugt og gögn þannig verið í mjög óaðgengilegu formi.
4. Vörutalningarbækur eða listar hafi ekki verið lögð fram þrátt fyrir áskorun þar um.
5. 15.976 afrit af nótum hafi vantað í númeraröð.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 1984 hafi ekki verið í samræmi við fjárhagsbókhaldið og önnur bókhaldsgögn (viðskiptamannabókhald og birgðaskrár). Þá hafi verið búnar til skuldir við Samvinnubankann og Landsbanka Íslands, samtals að fjárhæð kr. 37.922.100.

Í bréfi ákærða Ómars til skattrannsóknarstjóra, dagsettu 19. desember 1985, kveður ákærði skýringar á ástandi bókhalds Þýsk-íslenska hf. vera sem hér segir:

1. Stjórnendur og starfsfólk hafi verið of afskiptalaust um bókhaldsmál og gagnameðferð.
2. Klúður í tölvumálum fyrirtækisins hafi orsakað tafir, skekkjur, truflun og upplýsingatap.
3. Mikið vinnuálag hafi verið á ábyrgðarmanni bókhaldsmála, ákærða Guðmundi.

Segir síðan í bréfinu, að Þýsk-íslenska hf. hafi, er svo var komið, þegar tekið ótvírætt af skarið um að koma málum þessum í réttan farveg með ráðningu N. Manscher til að endurbæta og skipuleggja allt innra eftirlitskerfi fyrirtækisins og síðan með ráðningu löggilts endurskoðanda til að taka við málefnum fyrirtækisins frá og með uppgjöri vegna rekstrarársins 1985.

Fram kemur í bréfi þessu, að ákærði Ómar hafi að morgni 10. desember 1985 beðið skattrannsóknarstjóra símleiðis um samþykki hans til að láta „yfirfara, stemma af og leiðrétta bókhald Þ.Í.“. Yrði það gert í einni lotu og niðurstöður afhentar skattrannsóknarstjóra, strax og þær lægju fyrir. Er þess og getið í bréfinu, að samþykki skattrannsóknarstjóra hafi fúslega verið veitt.

Í bréfinu eru færðar fram málsbætur af hálfu félagsins á ástandi bókhaldsmálanna og í því sambandi m.a tilgreint, að tölvumál fyrirtækisins hafi verið „harmsaga“ frá upphafi. Saman hafi farið þekkingarleysi starfs-

manna fyrirtækisins, óhöpp, gallar og mistök af mörgu tagi. Megi þar nefna gjaldþrot Skrifstofutækni hf., sem selt hefði fyrirtækinu fullkomið tölvukerfi, er ekki hefði fengist afhent. Hafi á elleftu stundu verið farið í IBM-kerfi með forritum, sem menn hafi lagað að aðstæðum á löngum tíma. Í sumum forritunum hafi komið fram hreinir og klárir gallar, og í desember 1985 hafi vélbúnaðurinn verið talinn of lítill og ófullnægjandi. Þá er það ítrekað, að ákærði Guðmundur hafi sem ábyrgðarmaður bókhalds einn og sér séð um framtöl og bókhald fyrirtækisins. Hafi hann á liðnum árum bætt við sig margvíslegum öðrum verkefnum innan fyrirtækisins. Kveður ákærði Ómar sig hafa hugsað sem svo, hafandi meðákærða, sem hafi getið sér gott orð innan fyrirtækisins sem utan, sér við hlið, að bókhald væri ekki svið ákærða og að ákærði vildi sem minnst af því vita. Þá er það enn fremur ítrekað, að Þýsk-íslenska hf. bjóði fulla samvinnu um alla þætti máls þessa.

IV. Frávísunarkröfur ákærðu og niðurstöður dómsins og Hæstaréttar þar að lútandi.

Við þingfestingu máls þessa 14. febrúar sl. kröfðust verjendur ákærðu þess, að ákærunni yrði vísað frá dómi. Voru kröfur þeirra í fyrsta lagi reistar á því, að eigi hefði verið viðhlítandi grundvöllur fyrir útgáfu ákæru vegna ófullnægjandi frumrannsóknar málsins. Þá var því haldið fram, að ákæruna skorti lögboðinn skýrleika í framsetningu sakargifta, svo að geri verjendum erfitt fyrir um varnir. Komi ekkert fram í ákærunni, með hvaða hætti hvor hinna ákærðu fyrir sig hafi bakað sér refsiábyrgð sem starfsmenn félagsins, stjórnarmenn þess eða hluthafar í því. Enn fremur sé í ákærunni skírskotað til sönnunargagna og málsatvika með þeim hætti, að andstætt hljóti að teljast við lög um meðferð opinberra mála.

Kröfum þessum var hafnað með úrskurði dómsins 5. mars sl. Var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar, og féll dómur í málinu 16. mars sl. Var niðurstaða dómsins staðfest. Í dómi Hæstaréttar segir m.a., að skýra hefði mátt nánar í ákærunni, hver talinn er meintur þáttur hvors ákærða um sig í sakargiftum og hvernig tengslum þeirra við Þýsk-íslenska var háttað. Hins vegar sé skýrt, hverjar sakargiftir eru, og ákæran reist á því, að ákærðu beri á þeim sameiginlega ábyrgð. Þá sé eigi til úrlausnar í kærumálinu, hvernig haga beri málsmeðferð fyrir sakadómi, og ljóst sé, að við þá meðferð geti verjendur komið að öllum efnislegum athugasemdum gegn rannsóknargögnum.

V. Framburður ákærðu.

Ákærðu hafa báðir mótmælt öllum sakargiftum í ákæru.

Ákærði Ómar hefur skýrt svo frá, að afskipti sín af rekstri Þýsk-íslenska

hf. hafi byrjað árið 1976. Hafi ákærði keypt fyrirtækið og orðið framkvæmdastjóri þess það ár og verið það síðan. Hafi ákærði séð um daglegan rekstur fyrirtækisins og starfsmannahald. Þá hafi ákærði verið í stjórn félagsins frá sama tíma. Ákærði kveður, að stjórn félagsins hafi engin áhrif haft á rekstur þess og það nánast verið í einkaeign ákærða og rekið algjörlega af honum einum. Kveður ákærði, að á tímabilinu frá árinu 1980 til ársins 1985 hafi nánast öll hlutabréf félagsins verið í eigu ákærða og eiginkonu hans. Ákærði kveðst hafa mjög takmarkaða þekkingu á bókhaldi, og hafi meðákærði Guðmundur verið fjármálastjóri og haft umsjón með bókhaldi og fjárreiðum fyrirtækisins, framtölum þess og starfsmönnum bókhaldsdeildar.

Ákærði kveður, að Endurskoðunarmiðstöðin hf., N. Manscher, hafi fengið skriflega beiðni frá Þýsk-íslenska hf. í desemberbyrjun árið 1984 þess efnis að koma skipulagi á innri „pappírsgang" í fyrirtækinu. Hafi komið fram mikil mistök í tekjufærslu nótna. Í ljós hafi komið, að um 700-800 nótur á mismunandi viðskiptamenn höfðu ekki tekjufærst og ákærða sýnst, að mikil hætta væri á ferðum. Ákærði kveður það aldrei hafa komið til tals í neinni alvöru, svo að hann muni, að Endurskoðunarmiðstöðin hf. ynni nokkra uppgjörsvinnu fyrir Þýsk-íslenska hf. Ákærði kveðst ekki muna til þess að hafa fengið í hendur reikningsjöfnuð frá starfsmönnum Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf., sem sýnt hafi grófa mynd af rekstrarstöðu Þýsk-íslenska hf. 31. desember 1984. Kveðst ákærði minnast þess að hafa beðið Emil Theódór Guðjónsson, löggiltan endurskoðanda, að gera lauslega úttekt á stöðu fyrirtækisins miðað við einhvern tiltekinn tímapunkt, og hafi þessi vinna farið fram fyrir ákærða sjálfan til að fá fram stöðu fyrirtækisins í grófum drættum. Hafi Emil Theódór fengið eitthvað af gögnum frá Þýsk-íslenska hf. í þessu sambandi, en ekki hafi verið um að ræða afstemmd gögn af neinu tagi. Ákærði kveður, að meginniðurstaða þessarar úttektar hafi verið sú, að rekstur fyrirtækisins gengi ágætlega. Hins vegar hafi það komið í ljós, að einhver mistök höfðu átt sér stað í sambandi við „pappírsgang" innan fyrirtækisins, svo að einhver hundruð af nótum hefðu ekki fundist, sem megi rekja til þess, að farið var að nota tölvu við bókhaldið.

Ákærði kveður, að ársreikningur Þýsk-íslenska hf. fyrir rekstrarárið 1984 hafi verið unninn af meðákærða Guðmundi sem og árin áður. Hafi meðákærði í því sambandi stuðst við bókhald fyrirtækisins svo og „eigið hugvit". Vegna þess, hve bókhaldið hafi verið í slæmu ástandi, —en að því kveðst ákærði hafa komist á árinu 1984,— hafi margir hlutir verið háðir mati meðákærða. Hafi ástæðan fyrir lélegu bókhaldi verið hreinir og klárir gallar í tölvukerfi og forritum, svo að bókhaldinu hafi eigi verið treystandi. Ákærði kveðst ekki hafa átt aðild að gerð ársreikningsins, en komið inn

í málið, er komið var að afgreiðslu á því, sem kallað var „biðreikningur" og menn hafi ekki vitað, hvað átti að gera við. Hafi þessu verið breytt síðar og kallað skuldabréf. Um sé að ræða kr. 15.000.000, sem hafi verið færðar sem skuld við Samvinnubankann, og kr. 22.922.100, sem færðar hafi verið sem skuld við Landsbanka Íslands. Hafi framtal fyrirtækisins verið unnið á síðustu stundu. Hafi verið vitað, að allt bókhald fyrirtækisins var óafstemmt, og jafnframt, að innri „pappírsgangur" í því hafði verið í miklum molum, sem hafi m.a. valdið því, að milljónir króna höfðu ekki tekjufærst. Hafi menn séð, að gífurleg vinna hefði verið fólgin í því að ljúka afstemmingum og komast til botns í þessum biðreikningum, og því hafi ákærðu í sameiningu ákveðið að kalla þá skuldabréf. Jafnframt hafi verið tekin ákvörðun um að velja endurskoðendur fyrir fyrirtækið, sem m.a. fyndu út úr þessum biðreikningum, stemmdu af bókhald fyrirtækisins og kæmu öllum leiðréttingum að, ef einhverjar yrðu. Hafi Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, verið ráðinn til fyrirtækisins nokkrum vikum síðar. Hafi ekki verið ráðist í það að koma lagi á bókhaldið strax í byrjun árs 1985 vegna tímaskorts, og hafi aldrei tekist að ljúka þeirri endurskoðun, sem nauðsynleg var, innan þeirra tímamarka, sem ákærðu höfðu til að skila skattframtali.

Ákærði kveðst hafa undirritað „leiðréttan ársreikning fyrir rekstrarárið 1984" samkvæmt ráðleggingum skattrannsóknarstjóra í þeirri trú, að Þýsk-íslenska hf. fengi réttláta álagningu þinggjalda. Hafi ákærði talið í ljósi hins mikla fjölmiðlafárs, sem verið hafi út af máli þessu, að rekstri fyrirtækisins yrði stefnt í hættu, ef málinu lyki ekki skjótt. Álagning ríkisskattstjóra hafi hins vegar reynst óvenjuósanngjörn, og því hafi hún verið kærð til ríkisskattanefndar.

Varðandi I. kafla ákærunnar kveður ákærði hann bæði villandi og í mörgum atriðum rangan. Sé þar talað um, að löggiltur endurskoðandi Þýsk-íslenska hf. hafi yfirfarið og endurskoðað hið nýja framtal, sem ákæran sé reist á. Sé þetta alrangt. Hafi þessi ársreikningur verið reistur á ársreikningi skattrannsóknarstjóra, og séu allar tölur í honum rangar.

Hvað II. kafla ákærunnar varðar, kveður ákærði, að hann hafi ekki fært bókhald í Þýsk-íslenska hf., og hafi hann haft til þess fólk.

Ákærði hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til einstakra ákæruliða í II. kafla ákærunnar.

Um 1. og 2. lið ákærukaflans kveðst ákærði hafa það að segja, að þegar fjármálastjóri og umsjónarmaður bókhalds, meðákærði í málinu, hafi verið að ljúka ársreikningi fyrir rekstrarárið 1984, hafi hann komið til ákærða og sagt, að þarna væri mikið gap eða mismunur, sem hann hefði engar skýringar á. Hafi ákærði þá ákveðið að leita umsagnar eða aðstoðar sérfræðings við að ákveða, hvað gera skyldi. Hafi tíminn verið naumur og

framtalsfrestur að renna út. Hafi ákærði kallað fyrir þann mann, sem unnið hafi í „nótumálum" fyrir félagið og reynst ágætlega, og spurt hann, hvað gera skyldi í slíkum málum. Hafi hann lagt til í umræðum við ákærðu, að þeir leystu þetta þannig núna að kalla þetta langtímaskuldir. Hafi hann stungið upp á því að kalla þetta skuldabréf á þessa tvo aðila. Hafi hann bent ákærðu á að fá sér löggiltan endurskoðanda og koma að leiðréttingum og laga og finna út úr þessum skekkjum. Hefðu þessar upphæðir að sjálfsögðu leiðrést í næsta framtali á eftir, svo að ekki hafi verið um það að ræða, að verið væri að taka þarna frá einhverjar fjárhæðir til að greiða ekki alla skatta, heldur hafi verið (sic) að sækja sér frest til að fá þær leiðréttingar og um leið vissu fyrir því, hvað þarna væri á ferðinni.

Varðandi 3.-5. lið kveðst ákærði ekki hafa fært þær tölur, sem í 3. lið greinir, og geti hann ekki sagt annað um það en að engin afstemming þessarar tölu hafi farið fram. Hið sama gildi um viðskiptavíxla þá, er í 4. lið greinir. Að vísu hafi komið fram leiðréttingar í síðara framtalið, en allir víxlar frá árinu 1986 séu inni í þessari víxileiginfjárstöðu og engir afskrifaðir víxlar þar með. Ákærði kveðst ekki kunna að skýra þau „ógreiddu vörukaup", er í 5. lið getur, en þó hafi sér skilist, að þau hafi bæði verið gjaldfærð og skuldfærð.

Ákærði kveðst ekki hafa framkvæmt þá vörutalningu, sem í 6. lið greinir. Hafi hún farið fram með áþekkum hætti og í öðrum fyrirtækjum. Geri í raun og veru enginn kröfu til þess, að vörutalning sé skráð í sérstakar vörutalningarbækur lengur. Sé verið að tala um vörunúmer upp á 15.000 til 20.000 í fyrirtækinu, og myndi það taka tímann frá áramótum og fram að páskum að færa þetta allt inn handskrifað. Hins vegar komi allar þær leiðréttingar, sem gerðar hafi verið við vörutalninguna þessi áramót, fram í tölvukerfinu. Að því er ákæruatriðin í 7.-10. lið kaflans varðar, kveðst ákærði hafa treyst fólki sínu fyrir bókhaldinu.

Ákærði Guðmundur kveðst hafa lokið embættisprófi í lögfræði árið 1971. Að loknu prófi hafi hann starfað í eitt ár á lögfræðiskrifstofu og síðan fjögur og hálft ár hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra. Að því loknu hafi hann rekið eigin lögfræðiskrifstofu, þar til hann hafi hafið störf hjá Þýsk-íslenska hf. í júní árið 1982. Kveðst ákærði hafa þar gegnt starfi fjármálastjóra. Ákærði kveðst þó ekki hafa farið með fjármálin nema að litlum hluta. Hafi starf hans m.a. verið að sjá um allt tölvukerfið, bókhald, starfsmannahald að hluta og ýmislegt fleira. Hafi dagleg fjármálastjórn ekki verið í höndum ákærða, heldur meðákærða Ómars. Ákærði, sem kveðst hafa annast gerð skattframtala fyrir félagið frá árinu 1977, kveðst hafa verið í stjórn félagsins frá árinu 1979 og verið í henni árið 1984. Þá kveðst ákærði hafa verið skráður fyrir 5% af hlutafé félagsins. Ákærði kveðst þó aldrei hafa litið á sig nema sem starfsmann fyrirtækisins. Ákærði kveður

meðákærða hafa stjórnað fyrirtækinu og ráðið því, sem hann vildi ráða. Ákærði kveðst hafa hætt störfum hjá fyrirtækinu í ársbyrjun 1986 og þá afsalað sér hlutabréfum sínum. Ákærði kveður meðákærða hafa að meira eða minna leyti stjórnað fyrirtækinu. Ákærði kveðst í raun ekki hafa haft neina sérþekkingu á bókhaldi og einungis hafa lært það einn vetur í Háskóla Íslands í lögfræðinámi sínu.

Ákærði kveður venjulegt daglegt starf sitt hjá félaginu hafa verið það mikið, að bókhaldið hafi ekki verið fært daglega, heldur í stórum skömmtum eftir á og þá án þess að tími hafi unnist til að endurskoða innsláttarvitleysur og stemma reikninga af. Þessu hafi verið komið í lag árið 1985 og engin vandamál varðandi bókhaldið komið upp eftir það.

Ákærði kveður, að er unnið hafi verið að gerð ársreiknings fyrir rekstrarárið 1983, hafi verið reynt að byggja á „saldotölum" úr hreyfingalistum, en ekki reikningsjöfnuðum þeim, sem liggja frammi í málinu. Hafi lokafærslur ekki verið færðar, heldur hafi ákærði reynt að stemma af og leiðrétta þær villur, sem hann hafi talið vera, og þá einkum millifærslur á milli banka og sjóðs og einnig viðskiptamenn og víxileignir.

Ákærði kveðst hafa samið skattframtal félagsins fyrir rekstrarárið 1984 svo og ársreikning þann, sem því fylgdi. Kveður ákærði, að eins hafi verið farið að við gerð þess ársreiknings. Ákærði kveður, að fyrirtækið hafi fest kaup á tölvukerfi, sem hafi átt að vera mjög fullkomið, en einungis hafi verið búið að fá hluta af því. Hafi verið eftir að fá stjórnstöðina og tengja allt saman, svo að byrjað hafi verið á því að nota það í einingum. Hafi fyrirtæki það, sem tölvukerfið var keypt hjá, orðið gjaldþrota og Þýsk-íslenska hf. setið uppi með leifar af kerfinu. Þá hafi verið farið út í það að kaupa nýtt kerfi hjá IBM. Hafi fyrirtækið vaxið mjög hratt og strax orðið vandræði með kerfið. T.d. hafi viðskiptamannabókhald og fjárhagsbókhald ekki verið samtengt og gallar komið fram í kerfinu og debet og kredít m.a. ekki stemmt eftir útkeyrslu í fjárhagsbókhaldinu. Hafi fjárhagsbókhaldið verið séreining og þurft að færa niðurstöðutölur úr hinum kerfunum inn í það. Við gerð skattframtals fyrir rekstrarárið 1984 hafi munað eitthvað um 6 milljónum á viðskiptamannabókhaldi og fjárhagsbókhaldi. Síðan hafi það komið upp árið 1984, að menn hafi orðið varir við það, að reikningar týndust í kerfinu. Hafi þá verið fengnir til starfa utanaðkomandi menn til þess að yfirfara kerfið og reikningsstreymið. Hafi menn þessir fljótlega fundið milli 700 og 800 reikninga, sem ekki höfðu bókast inn á viðskiptamannakerfið. Hafi reikningar skrifast út úr tölvunni, en ekki bókast inn. Hafi þetta m.a. verið þeir erfiðleikar, sem við var að etja við tölvukerfið, svo að menn hafi ekki vitað almennilega, hvar þeir stóðu með þær niðurstöður, sem út úr því komu. Þar fyrir utan hafi tímapressa verið svo mikil, að ekki hafi unnist tími til að afstemma bókhaldið.

Er komið hafi verið að því að gera þennan ársreikning fyrir rekstrarárið 1984, kveðst ákærði hafa farið að stilla honum upp eftir bestu kunnáttu. Hafi ákærði ekki treyst tölunum úr bókhaldinu varðandi viðskiptamenn og víxileign. Kveðst ákærði hafa slegið saman öllum víxilinnheimtum úr bönkunum og reynt að finna út rétta víxilstöðu. Hafi ákærði komist að raun um, að gap var í reikningunum, sem hann kveðst ekki hafa vitað í rauninni, hvernig hefði myndast, og ekki heldur, hvernig átti að leysa, svo að unnt væri að loka reikningunum. Hafi verið leitað til Emils Theódórs Guðjónssonar hjá Endurskoðunarmiðstöðinni hf., sem hafi sagt, að best væri að loka þessu með því að kalla gapið bara skuldabréf og fara síðan í að endurskoða bókhaldið strax í framhaldi af því og gera svo leiðréttingar eins fljótt og unnt væri. Ákærði kveðst strax hafa gert sér grein fyrir, að þessi mismunur væri ekki fjármunir, sem hefðu verið teknir út úr fyrirtækinu, heldur lægju þeir í einhverjum afstemmingum innan dyra.

Ákærði kveðst hafa afhent framangreindum Emil Theódór útkeyrslur úr fjárhagsbókhaldinu, og hafi sá prófjöfnuður einungis verið útkeyrsla á niðurstöðutölum úr fjárhagsbókhaldinu miðað við stöðuna 31. desember 1984. Þá hafi hann fengið afhentan hjá ákærða lista yfir víxileign félagsins. Kveðst ákærði hafa staðið í þeirri trú, að meðákærði ætlaði að láta Emil Theódór útbúa grófa mynd af stöðu fyrirtækisins, en ekki að telja endanlega fram. Kveður ákærði, að verið geti, að á þeim tíma, sem Emil Theódór hafi verið í þessari vinnu, hafi ákærði verið byrjaður að vinna að uppgjöri fyrir rekstrarárið 1984, og kveðst ákærði hafa verið með sömu grunngögn í höndum og Emil Theódór, er ákærði vann að þessu. Ákærði kveður, að stóra liði í þessum gögnum hafi ekki verið búið að stemma af vegna tímaskorts og vinnuálags. Kveður ákærði afstemmingu í svona stóru fyrirtæki vera margra mánaða verk fyrir einn mann.

Ákærði kveður, að þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið II. kafla ákærunnar, falli undir biðreikninga vegna þess mismunar, sem hafði myndast. Hafi þetta verið sett upp með „skuldabréfahætti" til að fá tíma til að gera þær leiðréttingar, sem þyrfti til að finna út úr þessu.

Ákærði kveðst neita því, að hann hafi fært ranglega það, sem greinir í 3. lið ofangreinds ákærukafla, og hafi verið verulegar innsláttarvitleysur og millifærslur, sem verið hafi eftir að gera. Kveður ákærði, að það, sem greinir í 3. og 4. lið ákærukaflans, hafi verið sett upp eftir bestu samvisku, og hafi hann ekki komið nærri þeim leiðréttingum, sem hafi verið gerðar síðar.

Það, sem um ræðir í 5. lið kaflans, kveður ákærði hafa skapast út af misskilningi, vegna þess að um sé að ræða fyrstu vörukaupin í janúar 1985, og hafi þetta verið vörur, sem hafi verið komnar til landsins og ekki hafi verið búið að greiða. Hafi þetta verið tekið inn og gjaldfært vegna vankunnáttu eins og ógreiddur kostnaður eða ógreidd laun.

Ákærði kveðst eindregið mótmæla 6. lið ákærukaflans. Kveður ákærði, að öll þau ár, sem hann hafi starfað hjá félaginu, hafi allt starfsfólk þess verið sett í vörutalningu um hver áramót milli jóla og nýárs. Hafi vörutalning farið þannig fram, að allar leiðréttingar, sem hafi þurft að gera, hafi verið færðar beint inn í lagerbókhaldið.

Varðandi 7. lið kveður ákærði, að ekki hafi unnist tími til að stemma af eingöngu vegna tímaleysis og vinnupressu.

Svipuðu gegni um það, sem getur í 8. lið ákærukaflans. Hafi verið mismunur upp á 6 milljónir í útkeyrslu úr tölvunni, og hafi ákærði ekki lagt í vinnu við að stemma þetta af. Hinu sama gegni raunar um 7. og 8. lið, vegna þess að þetta hafi verið vonlaust verk fyrir einn mann, enda hafi ætlunin verið sú og til staðið, að endurskoðandi færi í þetta strax í beinu framhaldi og fyndi út úr þessu og reyndi að stemma bókhaldið af.

Líkt og framangreint megi segja um 9. lið, en ákærði mótmælir því, að hann hafi fargað fylgiskjölum við lok á millifærslum. Kveðst ákærði telja, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi fengið „þá litlu pappíra", sem hann hafi verið með, að undanskildum strimlum, sem hann hafi slegið inn millifærslur á upp úr bankayfirlitum.

Varðandi 10. lið kveðst ákærði halda, að þarna sé um einhvern misskilning að ræða. Hafi öll vörusala farið inn í tölvu og hún keyrt út reikninga í hlaupandi töluröð. Einu tilfellin, sem ekki hafi farið í gegnum tölvuna, hafi átt sér stað, eftir að henni var lokað, frá kl. rúmlega 16.00 til kl. 17.00. Hafi þá verið notaðir gamlir reikningar, sem hafi verið færðir inn í kerfið strax næsta morgun.

Ákærði kveðst hvergi hafa komið nærri hinu endurgerða framtali og alveg verið á móti þeirri stefnu, sem þar hafi verið tekin. Einu afskipti sín af því hafi verið þau, að hann hafi mætt einn morgun til Friðbjörns Björnssonar hjá ríkisskattstjóra með 2-3 afsöl, bílaafsöl, kaupsamning um íbúð og bankayfirlit um stöðu um áramót, og hafi ákærði verið kominn heim fyrir hádegi.

VI. Framburður vitna.

Vitnið Emil Theódór Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, kveður ákærða Ómar hafa haft samband við sig að kvöldi 1. desember 1984 og spurt, hvort Endurskoðunarmiðstöðin hf., N. Manscher, tæki ekki að sér „alls konar verkefni". Hafi vitnið viljað fá nánari skýringar hjá ákærða, en hann hafi ekki viljað gefa þær, heldur beðið vitnið að hitta sig á skrifstofu Þýsk-íslenska hf. daginn eftir. Það hafi vitnið gert, og hafi ákærði þá óskað eftir, að Endurskoðunarmiðstöðin hf. tæki að sér úttekt á sölukerfi Þýsk-íslenska hf. og skipulegði nýtt kerfi, þar eð í ljós hefði komið, að brestir væru í því kerfi, sem þá var í gangi. Hafi ákærði sagt, að hann

hefði grun um, að hann væri að tapa verulegum fjármunum, þar sem reikningar hefðu m.a. ekki komist í innheimtu. Hafi ákærði lagt áherslu á, að hafist yrði handa strax morguninn eftir. Hafi vitnið fengið í lið með sér einn meðeiganda sinn, Reyni Vigni, löggiltan endurskoðanda. Hafi kerfi það, sem í gangi var hjá fyrirtækinu, verið ófullkomið, og í samræmi við ósk ákærða hafi þeir Reynir skipulagt nýtt kerfi varðandi nótuflæði innan fyrirtækisins, sem tekið var í notkun 1. janúar 1985.

Vitnið kveður, að eftir þetta hafi komið til tals, að þeir Reynir tækju að sér að vinna ársuppgjör fyrir fyrirtækið og að því yrði stefnt, að þeir yrðu endurskoðendur þess. Hafi þeir Reynir viljað fá að sjá, í hvaða ástandi bókhald fyrirtækisins væri, áður en þeir tækju þetta að sér. Hafi því farið fram forkönnun af þeirra hálfu, sem falist hafi í því, að vitnið hafi fengið prófjöfnuð pr. 31. desember 1984, þar sem fram hafi komið niðurstöðutölur allra bókhaldslykla í fjárhagsbókhaldi fyrirtækisins. Vitnið kveðst hafa raðað niðurstöðutölunum upp í fremsta dálki á vinnublaði sínu, sem liggur frammi í málinu. Því næst hafi vitnið borið þessar tölur, hverja og eina, saman við önnur gögn, sem vitnið hafi fengið frá ákærða Guðmundi, svo sem viðskiptamannalista, víxlaeign, ógreiddan kostnað o.fl. Í þeim tilvikum, þar sem þessi gögn hafi ekki stemmt við ofangreindan prófjöfnuð úr tölvunni, hafi vitnið skilið það svo, að gögnin væru rétt, en prófjöfnuðurinn ekki. Hafi vitnið fært allan slíkan mismun á liði, sem vitnið hafi kallað „Leiðréttan efnahag". Að auki hafi vitnið yfirfarið með ákærða Guðmundi alla eigna- og skuldaliði í prófjöfnuðinum og fært þá út á ofangreindan „Leiðréttan efnahag", ef ákærði Guðmundur hefði talið, að þeir væru ekki réttir samkvæmt prófjöfnuði. Eftir þessa „hreinsun" kveðst vitnið hafa setið uppi með kr. 58.563.243, sem það hafi enga skýringu fengið á, og því fært fjárhæðina til tekna á vinnublaðinu. Að vísu kveðst vitnið hafa gert sér grein fyrir því, að ef þarna var um vantaldar tekjur að ræða, þá gætu þær verið vegna fyrri ára og tilheyrðu ekki endilega tekjuárinu 1984. Hafi þessar kr. 58.563.243 samanstaðið af (sic) 12 tölum. Tvær hafi verið stærstar. Vörukaup, kr. 23.296.139, hafi verið þannig til komin, að samkvæmt prófjöfnuði hafi staðið út allt árið 1984, en samkvæmt upplýsingum ákærða Guðmundar hafi engin vörukaup verið ógreidd árið 1984 nema vörur í flutningi, sem séu teknar inn annars staðar í vinnuplagginu. Hin talan, kr. 18.218.012, hafi verið víxlaeign. Samkvæmt prófjöfnuði hafi víxlaeign verið kr. 10.951.418, en kr. 29.169.430 samkvæmt víxlaeignarlista. Hafi vitnið fært mismuninn, kr. 18.218.012, á þennan lið, „leiðréttur efnahagur".

Vitnið kveðst hafa fengið prófjöfnuðinn og þau gögn, sem hann byggði á við gerð uppgjörs samkvæmt vinnuplagginu, þar með talinn prófjöfnuð pr. 21. febrúar 1985, beinlínis í þeim tilgangi að annast gerð uppgjörs fyrir

árið 1984, enda hafi þessi gögn ekkert tengst því sölukerfi, sem vitnið hafi unnið við hjá fyrirtækinu. Hafi vitnið yfirfarið alla eigna- og skuldaliði fyrirtækisins með ákærða Guðmundi. Hafi ákærðu verið afhent hvorum sitt eintakið af þessu vinnuplaggi vitnisins. Kveðst vitnið hafa skýrt þeim frá því, að það stæði uppi með þessa fjárhæð, kr. 58.563.243. Hafi ekki verið farið fram á það við vitnið, að það héldi þessari vinnu áfram með því t.d. að finna út úr ýmsum mismun með afstemmingum, en mjög mikið hafi vantað á, að þær hefðu verið gerðar. Hafi afskiptum vitnisins og Reynis af Þýsk-íslenska hf. lokið við svo búið.

Vitnið kveðst ekkert kannast við „skuld" Þýsk-íslenska hf. pr. 31.12. 1984 við Samvinnubanka Íslands, kr. 15.000.000, og við Landsbanka Íslands, kr. 22.922.100, og hafi þessar „skuldir" ekkert komið til tals við ákærðu. Vitnið kannast ails ekki við að hafa leiðbeint ákærðu á einhvern hátt um það, með hverjum hætti væri farið með þessar „skuldir".

Vitnið kveður það sitt mat á bókhaldi Þýsk-íslenska hf., eins og það kom því fyrir sjónir, að það hafi verið mjög lélegt, og t.d. hafi fjárhagsbókhald og viðskiptamannabókhald ekki stemmt. Kveður vitnið, að til þess að unnt hefði verið að gera ársreikning fyrir fyrirtækið, hefðu þurft að fara fram mjög miklar afstemmingar.

Vitnið Reynir Vignir, löggiltur endurskoðandi, kveðst hafa unnið með fyrrgreindum Emil Theódór að gerð nýs sölunótukerfis fyrir Þýsk-íslenska hf. í desember 1984. Hafi verkefnið verið fólgið í því að kanna, hvað hefði orðið um ákveðnar nótur, sem virtust hafa horfið úr bókhaldi félagsins í október 1984, og síðan í framhaldi af því að fara yfir það kerfi, sem í notkun var, og endurskipuleggja það og bæta, ef ástæða væri til. Kveður vitnið, að það kerfi, sem í notkun hafi verið hjá félaginu, hafi verið nokkuð gott og fullkomlega nothæft, en hins vegar hafi vinnubrögðin í kringum það ekki verið alveg nógu góð og gert það að verkum, að það skilaði ekki öllu því, sem það átti að skila. Hafi tölvukerfinu sem slíku ekkert verið breytt, en vinnugangi starfsfólksins í kringum það lítillega, og hafi kerfið verið notað óbreytt áfram og verkað ágætlega, eftir því sem vitnið hafi vitað. Í framhaldi af þessari vinnu hafi ákærði Ómar fært það í tal, að þeir Emil Theódór ynnu að uppgjöri fyrir félagið vegna rekstrarársins 1984. Hafi komið í ljós, að fjárhagsbókhald félagsins hafi verið ófært fyrir seinni hluta ársins 1984, og þar af leiðandi hafi ekki verið unnt að skoða þetta strax. Hafi þeir Emil Theódór lagt til, að bókhaldið yrði fært upp sem fyrst, svo að unnt væri að skoða, hver staðan væri. Hafi þetta verið í desember 1984. Hafi þeir Emil Theódór framkvæmt mjög grófa skoðun á útskriftum úr bókhaldinu seint í sama mánuði, og hafi þá verið ljóst, að eftir hafi verið að vinna allar afstemmingar í bókhaldinu og bera saman við undirgögn þess. Hafi þeir lagt það til, að sú vinna yrði framkvæmd

og allri vinnu við uppgjör frestað, þar til því væri lokið. Vitnið kveður sér kunnugt um, að í seinni hluta febrúar 1985 hafi ákærði Ómar haft samband við Emil Theódór og beðið hann að líta á gögn, sem þá hefðu legið fyrir vegna ársins 1984. Í framhaldi af því hafi Emil unnið við að skoða afkomu ársins 1984. Hafi vitnið sjálft aldrei unnið neitt að þessari skoðun og störfum þess í raun lokið, er sölunótukerfið var komið í gagnið í janúar 1985.

Vitnið kveður, að Emil hafi sýnt því reikningsjöfnuð, sem hann hafði unnið upp úr þeim gögnum, sem hann hafði fengið, og kveðst vitnið þannig hafa fylgst með málinu úr fjarlægð. Vitnið kveður sér kunnugt um, að Emil hafi farið yfir reikningsjöfnuðinn og þær tölur, sem þar hafi komið fram, með ákærðu, og hafi ákærðu þótt útkoman ótrúleg. Hafi það verið álit ákærðu, að það þyrfti að skoða ýmsa þætti nánar, til þess að rétt afkoma félagsins kæmi fram. Hafi Emil lagt til, að miklar afstemmingar yrðu unnar, svo að reikningsjöfnuðurinn gæfi rétta mynd af efnahag félagsins í árslok 1984. Hafi ekki verið óskað eftir frekari vinnu Emils og skiptum hans við Þýsk-íslenska hf. lokið seint um vorið 1985.

Vitnið kveður, að bókhaldið hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að það hafi verið ákaflega illa unnið, og hafi það verið lítið notað. Hafi virst vera í gangi annars vegar fjárhagsbókhald, eins og það var fært í tölvu eftir bankareikningum og sjóðbókum, og hins vegar hafi verið í gangi ýmsir listar yfir eignir, svo sem víxla og ýmislegt því tilheyrandi, og hafi engin tilraun verið gerð til þess að láta þessi atriði stemma saman. Hafi þetta virst vera unnið nánast sitt með hvoru lagi. Efnahagsliðir, debet og kredít, hafi ekki stemmt saman og þannig ekki verið sömu niðurstöðutölur úr viðskiptamannalistum og fjárhagsbókhaldi.

Vitnið segir, að fljótlega eftir, að þeir Emil hófu störf fyrir félagið, hafi ákærði Ómar fært það í tal við þá, að hann gæti hugsað sér að biðja þá að verða endurskoðendur félagsins, þar sem hann hefði ekki mikið samband við þá, sem kjörnir væru endurskoðendur þess. Hafi þeir Emil færst undan þessu, þar sem þeir hafi þekkt fyrirtækið mjög lítið og vildu öðlast meiri þekkingu á því, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

Vitnið Friðbjörn Björnsson, löggiltur endurskoðandi, kveður, að sér hafi í nóvember 1985 verið falið af skattrannsóknarstjóra að gera bráðabirgðauppgjör vegna Þýsk-íslenska hf. fyrir tekjuárið 1984. Hafi þeirri vinnu lokið 22. sama mánaðar. Til grundvallar uppgjörinu hafi legið þau gögn, sem áður getur. Vitnið kveðst hafa byggt töluna kr. 66.176.927,38, skammtímaskuldir, og kr. 233.930,29, langtímaskuldir, á ljósriti af reikningsjöfnuðum félagsins, dagsettum 21. febrúar 1985. Vörubirgðir, kr. 66.832.697, kveðst vitnið hafa reist á verðskrá, dagsettri 15. febrúar 1985. Hafi vörur á leið til landsins og á hafnarbakka verið byggðar á ársreikningi félagsins.

Kveðst vitnið ekki hafa framkvæmt neitt mat á þeim, heldur einungis byggt á þeim gögnum, sem það hafði undir höndum.

Vitnið kveður, að í framhaldi af vinnunni við bráðabirgðauppgjörið hafi skattrannsóknarstjóri falið sér að gera nýtt uppgjör fyrir rekstrarárið 1984, og hafi þeirri vinnu lokið 6. janúar 1986. Hafi það verið unnið samkvæmt áðurnefndum gögnum svo og viðbótarupplýsingum, sem hafi verið gögn um skuldir félagsins pr. 31. desember 1984 og eignabreytingar á árinu 1984.

Vitnið kveður, að ákærði Guðmundur hafi veitt sér ýmsar upplýsingar í sambandi við vinnu vitnisins, og komi fram í vinnugögnum vitnisins þær leiðréttingarfærslur, sem gerðar hefðu verið samkvæmt upplýsingum ákærða. Hafi ákærði gefið upplýsingar um eignabreytingar og ákveðnar skuldir og eignir og verið vitninu til aðstoðar við gerð reikningsskilanna. Meginbreytingin á seinni reikningsskilunum frá hinum fyrri, kveður vitnið, að hafi verið fólgin í því, að nánar hafi verið farið ofan í afstemmingar á eigna- og skuldaliðum, unnum með ákærða Guðmundi, í þeim seinni. Hafi þær átt að verða til þess að stemma af fyrningarskýrslu, sem sýndi eignir í árslok 1984. Þegar þessar leiðréttingarfærslur hafi allar verið gerðar í sambandi við bæði keyptar eignir og seldar, afskriftir, endurmat o.fl., hafi munað 3 krónum og 11 aurum á því, að þessar eignir í uppgjöri vitnisins stemmdu við fyrningarskýrslu ákærða. Aðrar afstemmingar, sem gerðar hefðu verið, hafi verið til þess að fá bankareikninga til þess að stemma. Hafi það verið gert samkvæmt ljósritum af yfirlitum af viðkomandi bankareikningum, sem ákærði hafi afhent. Síðan hafi ákærði afhent lista yfir samþykkta víxla og gefið upplýsingar um skuldir við Samvinnubankann, Útvegsbankann og Reykjavíkurborg. Einnig hafi verið áætlaðir ógreiddir skattar, útreiknaðir af vitninu.

Vitnið kveðst hafa unnið þessi reikningsskil eða uppgjör eingöngu út frá þeim gögnum, sem áður greinir, og ekki lagt neitt mat á það, hvort þau hafi verið fullnægjandi til þess, að unnt væri að leggja opinber gjöld á félagið.

Varðandi ársreikning Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda, fyrir Þýsk-íslenska hf. vegna tekjuársins 1984, sem lagður var til grundvallar álagningu opinberra gjalda, kveður vitnið, að um samvinnu á milli þeirra hafi ekki verið að ræða við gerð hans. Hafi þeir hist einu sinni hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og farið yfir afstemmingar á víxileignum og átt einhver orðaskipti út af því, en um annað framlag til þessa hafi ekki verið að ræða af hálfu vitnisins.

Vitnið Sigurjón Ármann Einarsson skrifstofumaður kveðst hafa hafið störf hjá Þýsk-íslenska hf. um mitt ár 1980. Hafi vitnið fyrst unnið í talladeild við lageruppfærslu og þess háttar og verið í því þar til í byrjun árs 1984, er vitnið hafi orðið innkaupastjóri hjá fyrirtækinu. Hafi vitnið gegnt

því starfi til ársloka það ár. Vitnið kveðst sem innkaupastjóri hafa séð um að panta vörur frá útlöndum og að ekkert vantaði inn á lagerinn. Varðandi vörubirgðir kveðst vitnið hafa séð um að fylla í skörðin, ef einhverja vöru vantaði. Kveður vitnið, að samstarfsmaður sinn, Vilbergur Magni Óskarsson, hafi borið ábyrgð á því, að birgðir væru skráðar í tölvu, en vitnið hafi séð um þetta fram til ársins 1984. Vitnið kveður þó, að ef einhver vandamál hefðu komið upp, hefði verið leitað til vitnisins og það þá reynt að leiðbeina og hjálpa mönnum út úr vandanum. Vitnið kveður, að er tölva hafi komið til fyrirtækisins um áramót 1982/1983, hafi allur lagerinn verið reiknaður upp og allt sett inn í hana. Kveðst vitnið hafa annast þetta verk. Hafi fljótlega verið fengið einfalt margföldunarforrit og hver vöruflokkur fyrir sig tekinn og reiknaður upp um ákveðna prósentu.

Að því er varðar vöruskrá frá 2. janúar 1985, sem liggur frammi í málinu, kveður vitnið, að þarna sé um að ræða lista, sem komi út, þegar umrætt forrit sé keyrt. Vitnið kveður, að upp úr áramótum 1984/1985 hafi verðinu í forritinu verið breytt úr smásöluverði yfir í heildsöluverð, og hafi Vilbergur Magni gert það. Vitnið kveður, að listinn sýni blandaða verðskrá, þ.e., að ákveðnar vörur á honum séu á heildsöluverði og aðrar á smásöluverði. Hafi smásöluálagning einungis verið á ákveðnum vöruflokkum, sem síðan hafi verið veittur afsláttur af við heildsölu. Kveður vitnið, að listi þessi sýni vörurnar að mestu leyti á heildsöluverði.

Vitnið Vilbergur Magni Óskarsson nemi kveðst hafa hafið störf hjá Þýskíslenska hf. í ágúst 1983. Hafi vitnið byrjað að vinna á lagernum, en upp úr áramótum 1983/1984 hafi það farið að vinna í tolla- og verðútreikningum. Vitnið kveðst hafa borið ábyrgð á því, að birgðir væru skráðar í tölvu árið 1984. Vitninu var í dómi sýndur tölvulisti yfir vörubirgðir Þýskíslenska hf. frá 15. febrúar 1985. Vitnið kannaðist við að hafa gert listann og kvaðst hafa byggt hann á þeim vörubirgðum, sem þá voru til í fyrirtækinu, og gefi hann þokkalega raunhæfa mynd af nettó verðmætum lagersins, eins og hann hafi verið, er listinn var útbúinn. Kveður vitnið listann, en samkvæmt honum eru vörubirgðir að verðmæti kr. 66.832.697, vera á heildsöluverði, að því er það best viti. Kveður vitnið sér ekki kunnugt um, að gerð hafi verið einhver tilraun til að greina við vörutalningu frá þær vörur, sem fyrirtækið hafi metið óseljanlegar. Vitnið kveður birgðabókhaldið hafa yfirleitt stemmt, og minnist það þess ekki, að neinar stórvægilegar skekkjur hafi komið fram í því.

Vitnið Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, kveður ákærða Ómar hafa leitað til sín í júlí 1985 og óskað eftir því, að vitnið tæki að sér störf fyrir fyrirtækið. Hafi ætlun vitnisins verið sú að hefja störf að afloknum sumarleyfum um haustið sama ár, svo fremi að allt væri með felldu, en að því er vitnið vissi, var ekkert, sem benti til þess, að svo væri ekki. Vitnið

kveður það hafa dregist, að það hæfi störf, af óviðráðanlegum ástæðum. Hafi rannsókn skattyfirvalda síðan hafist í lok nóvember 1985 og komið vitninu mjög á óvart. Hafi forráðamenn Þýsk-íslenska hf. fengið í hendur uppgjör Friðbjörns Björnssonar, en þar hafi komið fram mun hærri eignastaða samkvæmt efnahagsreikningi og lægri skuldastaða og þar með betri eiginfjárstaða en fram hafði komið í fyrri efnahagsreikningi fyrirtækisins, sem gerður hafði verið um vorið 1985. Hafi vitnið verið beðið um að leita skýringa á þessum mismun og koma fram með athugasemdir og leiðréttingar, þar sem það ætti við. Eftir nokkra umhugsun kveðst vitnið hafa ákveðið að taka að sér að vinna fyrir félagið, þó að aðstæður væru með allt öðrum hætti en það hafi átt von á. Hafi vinna vitnisins hafist í desember, og með vitninu hafi unnið starfsmaður vitnisins á skrifstofu þess, viðskiptafræðingur að mennt. Til grundvallar hafi legið hjá skattyfirvöldum bráðabirgðauppgjör Friðbjörns Björnssonar, sem margt bendi til, að hafi verið reist á mjög veikum grunni. Hafi verkefni vitnisins verið m.a. að koma á framfæri við rannsóknardeildina leiðréttingum, þar sem vitnið taldi, að unnt væri að sýna fram á með öruggari upplýsingum, að tölur Friðbjörns væru rangar. Eins kveðst vitnið hafa leitast við að finna skýringar og svör við ýmsum spurningum, sem skattrannsóknardeildin hafði fram að færa. Hafi ástæðan til þess, að forráðamenn Þýsk-íslenska hafi lagt í þessa vinnu á sinn kostnað, verið sá vilji þeirra að veita sem gleggstar upplýsingar og hraða því að fá botn í málið.

Vitnið kveður, að fyrrnefnd reikningsskil Friðbjörns Björnssonar hafi byggst á því, að stillt hafi verið upp nýjum leiðréttum efnahagsreikningi og sú bætta eiginfjárstaða, sem sá efnahagsreikningur sýndi, hafi öll verið talin sem tekjur ársins 1984. Sé hér um mikinn veikleika að ræða í uppsetningu Friðbjörns á reikningsskilum þessum. Þó að menn greindi á um ýmsar fjárhæðir í þessu sambandi, kveðst vitnið hyggja, að fáum blandist hugur um, að það, sem á vantaði inn í eiginfjárstöðu fyrirtækisins í árslok 1984, hafi verið uppsöfnuð tekjumyndun nokkurra ára. Vitnið kveðst hafa hagað hinum endurgerðu reikningsskilum þannig, að það hafi notast við form Friðbjörns og komið að leiðréttingum á einstökum tölum í reikningsskilum hans, sem vitnið kveðst hafa gert grein fyrir samhliða uppgjörinu í bréfi frá 12. apríl 1986, sem fylgdi með hinu endurgerða skattframtali. Kveðst vitnið hafa fyrst og fremst litið svo á, að verið væri að freista þess að fá fram sem réttasta eigna- og skuldastöðu í árslok 1984. Í reikningsskilum þessum kveðst vitnið á hinn bóginn ekki hafa tekið neina afstöðu til þess, hvenær viðbótartekjur hefðu myndast og hvað af þeim hefði verið söluskattsskylt og hvað ekki. Hafi vitnið gert ráð fyrir því, að skattyfirvöld myndu taka afstöðu til þess háttar og leggja mat á það við endurálagningu opinberra gjalda. Það hafi þau gert, að því er varðar söluskattsskyldar

tekjur, en hins vegar hafi þau tekið til skattlagningar allar aðrar viðbótartekjur undir rekstrarárinu 1984. Kveður vitnið, að í þessu felist algjör þversögn. Sé þessi útreikningsaðferð viðbótargjalda skattþegninum algerlega í óhag og óréttlát að því leyti, þar sem tilgangur leiðréttingar og endurálagningar geti varla verið annar en sá að fá fram sem réttlátasta niðurstöðu, sem þessi aðferð gefi ekki.

Vitnið kveður vinnu þessa hafa verið unna við mjög sérstakar aðstæður. Skattrannsóknarstjóri hafi látið vinna fyrir sig bráðabirgðauppgjör, sem vitnið telur, að í mörgum efnum hafi verið reist á mjög veikum grunni. Hafi Þýsk-íslenska hf. óskað eftir því að veita alla aðstoð til að komast til botns í þessu og skattyfirvöld lýst sig reiðubúin til að taka við athugasemdum og leiðréttingum við fyrrnefnt bráðabirgðauppgjör, ef rökstuðningur fyrir leiðréttingunum væri fyrir hendi. Þessar leiðréttingar kveðst vitnið hafa unnið og komið þeim á framfæri við skattrannsóknarstjóra. Hafi hann, Friðbjörn Björnsson og Skúli Þórðarson, starfsmaður rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, skipst á skoðunum við vitnið um forsendur að baki ýmsum leiðréttingum, sem vitnið vildi koma á framfæri fyrir hönd félagsins. Enn fremur kveðst vitnið hafa leitað skýringa á ýmsum atriðum, sem rannsóknardeildin hafi ekki verið sátt við. Hafi það m.a. snúið að (sic) byggingarkostnaði við húsnæði félagsins að Lynghálsi 10, umboðslaunum, þróun meðalálagningar og verðmæti vörubirgða. Hafi verið mjög skiptar skoðanir milli forráðamanna Þýsk-íslenska hf. annars vegar og rannsóknardeildarinnar hins vegar um verðmæti vörubirgða. Hafi ákærði Ómar talið, að óseljanlegar, ónýtar og úreltar vörur væru mun hærra hlutfall af heildarvörubirgðum félagsins en rannsóknardeildin taldi rök fyrir. Væri raunverulegt innkaupsverð seljanlegra vara mjög lágt hlutfall af þeim birgðalistum, sem fyrir lægju sem fylgiskjöl í máli þessu. Skattrannsóknarstjóri hafi hins vegar virst vera á algerlega öndverðum meiði um birgðamat fyrirtækisins. Við frágang reikningsskila vitnisins frá 12. apríl 1986 kveðst vitnið enga ástæðu hafa séð til að geta um skiptar skoðanir í þessu efni, en tekið fram í meðfylgjandi bréfi, að vitninu væri kunnugt um það viðhorf forráðamanna félagsins, að þeir teldu, að afskrifa þyrfti mun hærri fjárhæðir vegna ónýtra vara, en vitnið gerði sér ekki vonir um, að embætti ríkisskattstjóra myndi taka leiðréttingarframtalið til greina, ef gengið væri lengra en þar væri gert í afskrift ónýtra og óseljanlegra vara á lager.

Vitnið kveðst ekki hafa verið beitt neinum þrýstingi við vinnu sína, hvorki af hálfu skattyfirvalda né forráðamanna Þýsk-íslenska hf. Þá kveðst vitnið hafa haft aðgang að öllum bókhaldsgögnum og fylgiskjölum þess, sem það hafi þurft á að halda. Vitnið kveður, að útilokað hafi verið að endurskoða ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1984 í því skyni að árita hann sem endurskoðaðan, a.m.k. miðað við þann tíma, sem verið hafi til

ráðstöfunar. Vitnið kveður það mat sitt, að það hafi unnið að gerð hins nýja skattframtals og ársreiknings Þýsk-íslenska hf. samkvæmt góðri reikningsskilavenju í þeim atriðum, sem vitnið hafi fjallað um. Vitnið kveður mesta vinnu sína hafa verið hreina afstemmingarvinnu, t.d. við að finna rétta víxileign.

Vitnið kveðst hafa gert upp fyrir Þýsk-íslenska hf. fyrir rekstrarárið 1985, og hafi þeirri vinnu lokið í júní 1986. Kveður vitnið, að þá hafi afstemming farið fram á bókhaldi félagsins miðað við árslok 1985. Kveðst vitnið hafa byggt á upphafsstöðu hins endurgerða framtals fyrir rekstrarárið 1984. Vitnið kveðst m.a. hafa afskrifað viðskiptamannakröfur að því marki, sem þurfti.

Vitnið Guðmundur Hannesson, löggiltur endurskoðandi, kveðst hafa farið að starfa fyrir Þýsk-íslenska hf. í máli þessu um mánaðamót apríl/maí 1986 með því, að ákærði Ómar hafi beðið vitnið að hitta sig og Helga Magnússon. Upp frá því kveðst vitnið hafa unnnið meira og minna í málinu, þ.e.a.s., eftir að viðbótartekju- og eignarskattsálagning ríkisskattstjóra lá fyrir. Vitnið kveðst draga stórlega í efa, að upphaflegt skattframtal ákærða Guðmundar og ársreikningur fyrir árið 1984 hafi gefið rétta mynd af beinum tekjum og hreinni eign Þýsk-íslenska hf. Í fyrsta lagi sé þar að finna langtímalán, sem ekki virðist eiga við rök að styðjast, og einnig verulega breytingu á vörubirgðum og fleiri liðum. Vitnið kveðst í vinnu sinni fyrir félagið hafa gert þá meginkröfu, að farið yrði aftur í tímann og leiðréttingar yrðu þá gerðar á skattframtali Þýsk-íslenska hf. 1983 og fyrr með hliðstæðum hætti.

Vitnið kveðst ekki hafa haft aðgang að þeim gögnum við vinnu sína, sem voru í fórum rannsóknardeilar ríkisskattstjóra, en að öðrum bókhaldsgögnum og fylgiskjölum hafi hann haft aðgang.

Vitnið Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, sem gegndi embætti skattrannsóknarstjóra á þeim tíma, sem mál þetta var til rannsóknar hjá skattyfirvöldum, kveður rannsóknardeild ríkissakattstjóra hafa byrjað rannsókn á málefnum Þýsk-íslenska hf. í nóvember 1985 og þá m.a. fengið gögn í hendur frá Endurskoðunarmiðstöðinni hf., N. Manscher. Á grundvelli þeirra gagna hafi Friðbjörn Björnsson, löggiltur endurskoðandi, verið fenginn til að gera bráðabirgðauppgjör, og að því loknu hafi vaknað grunur um skattsvik af hálfu félagsins. Hinn 26. nóvember 1985 hafi ákærðu síðan mætt hjá sér og boðið fram aðstoð við að upplýsa málið. Hafi vitnið farið á starfsstöð félagsins ásamt öðrum starfsmanni rannsóknardeildarinnar og fengið þar afhent ýmis gögn. Í 1. eða 2. viku desembermánaðar 1985 hafi ákærði Ómar haft samband við vitnið og boðið fram aðstoð Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda, til að komast til botns í málinu. Í framhaldi af því hafi Friðbjörn Björnsson verið beðinn um að gera uppgjör

á grundvelli þeirra gagna, sem fengust í starfsstöð Þýsk-íslenska 26. nóvember 1985. Hafi Friðbjörn unnið það uppgjör með aðstoð ákærða Guðmundar og það legið fyrir í janúarbyrjum 1986 og verið afhent ákærða Ómari. Hins vegar hafi forráðamenn Þýsk-íslenska hf. alls ekki fengið í hendur fyrra uppgjör Friðbjörns. Hafi ákærði Ómar óskað eindregið eftir því að fá að koma að leiðréttingum. Helgi Magnússon muni síðan hafa fengið þetta uppgjör Friðbjörns og eytt næstu vikum í það að fara yfir það og einkum kannað mismun vegna víxileignar og viðskiptamanna ásamt Friðbirni. Vitnið kveður menn sína hins vegar hafa skoðað birgðir nánar. Fram hafi komið hjá ákærða Guðmundi, að birgðir væru færðar á smásöluverði með söluskatti, og væru þær u.þ.b. 130 milljónir. Við yfirheyrslur yfir Sigurjóni Ármanni Einarssyni, starfsmanni félagsins, hafi hins vegar komið fram, að dæmi hefðu verið um það, að birgðir hefðu verið færðar á heildsöluverði. Þetta hafi stangast á við skjal frá ákærða Guðmundi um brigðamatið, sem sýndi, að birgðir væru reiknaðar á smásöluverði með söluskatti. Hafi Helgi Magnússon skoðað þetta ásamt starfsmönnum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Kveðst vitnið hafa vakið athygli Helga á þessu með birgðirnar og þetta komið honum á óvart. Hafi Helgi síðan gert nokkrar breytingar eða leiðréttingar á uppgjöri Friðbjörns og þá gert nýjan ársreikning og framtal fyrir Þýsk-íslenska hf., undirritað af stjórn félagsins, og skilað því inn. Hafi hið nýja framtal því alls ekki verið gert samkvæmt fyrirmælum skattrannsóknarstjóra eða byggt á tölum frá honum, heldur á gögnum frá félaginu. Hafi löggiltur endurskoðandi, Friðbjörn Björnsson, verið fenginn til að vinna að uppgjöri á grundvelli þessara gagna, og eins hafi félagið ráðið löggiltan endurskoðanda, Helga Magnússon, til að vinna að uppgjöri og niðurstaðan orðið uppgjör, ársreikningur og skattframtal, sem skilað hefði verið.

Vitnið kveður, að Helgi Magnússon hafi leitað upplýsinga um, hvaða reglur giltu um niðurfærslu á óseljanlegum vörum. Vitnið hafi aflað upplýsinga um þetta þess efnis, að 50% af slíkum vörum mætti afskrifa fyrsta árið, 25% annað árið og 25% hið þriðja. Hafi Helgi síðan fært birgðirnar eins og hann taldi rétt að gera. Hafi ríkisskattstjóri fallist á þetta mat Helga, enda hafi framtalið verið tekið til álagningar eins og það var lagt fram.

Vitnið kveður sér ekki kunnugt um annað en Helgi hafi komið að öllum þeim athugasemdum, sem hann vildi, við gerð nýs skattframtals fyrir Þýsk-íslenska hf. fyrir tekjuárið 1984.

Vitnið Skúli Eggert Þórðarson, lögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra, samdi að langmestu leyti skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um rannsókn máls þessa af hálfu þess embættis. Vitnið kveður ákærða Ómar hafa hitt Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóra að máli í fyrri

hluta desember 1985. Hafi Garðar tjáð vitninu, að ákærði óskaði eftir að fá að koma að leiðréttingu við framtal Þýsk-íslenska fyrir tekjuárið 1984. Hafi ákærði síðan sent bréf þessu til staðfestingar. Þetta hafi síðan komið margsinnis fram í óformlegum viðtölum við aðila í málinu, og hafi ákærði lagt mikla áherslu á að fá að leiðrétta sig og gera uppgjör og boðið fram allt samstarf. Minnist vitnið þess einnig m.a., að á fundi einhvern tíma í janúar 1986 hafi Helgi Magnússon spurt eitthvað á þá leið, hvort það væri ennþá opið (sic) að fá að senda inn leiðréttingarframtal. Þá hafi ákærði Guðmundur komið a.m.k. einu sinni eða tvisvar í embætti skattrannsóknarstjóra og setið með Friðbirni Björnssyni og afhent honum einhver gögn, sem vörðuðu m.a. kaup og sölu bifreiða, fasteigna og einhvers konar minnisblöð

Vitnið kveður fram hafa farið rannsókn á þeim bókhaldsgögnum, sem lagt hafi verið hald á hjá Þýsk-ísklenska hf., en ekki hafi verið talin ástæða til að leggja hald á öll fylgiskjöl þess, eins og málin hefðu þróast.

Vitnið Guðmundur Guðbjarnason skattrannsóknarstjóri kveðst hafa gert útreikninga þá, sem lagðir eru til grundvallar F-lið í I. kafla ákæru, miðað við ákveðnar forsendur, og komi þeir sjálfri endurálagningunni ekkert við. Sé þarna verið að velta fyrir sér áhrifum verðbreytingafærslna miðað við það, að ákveðinn hluti þeirra tekna, sem þarna er um að ræða, hefði verið skattlagður á öðrum árum en álagningin tók til, og miðist útreikningarnir við það, hvernig málið hefði farið þá. Sé verið að sýna fram á, hvaða keðjuverkandi áhrif verðbreytingafærslan hefur á álagningu áranna á eftir.

Vitnið Ragnar Jóhann Jónsson, nú löggiltur endurskoðandi, kveðst aldrei hafa unnið endurskoðunarstörf fyrir Þýsk-íslenska hf., enda aldrei farið fram á það, en vitnið hafi verið kosið endurskoðandi félagsins 23. september 1984 að því fornspurðu. Vitnið kveðst hafa mótmælt þessu, en því hafi ekki verið sinnt. Þetta hafi síðan endað með því, að vitnið hafi ritað hlutafélagaskrá bréf 7. janúar 1986, þar sem það fór fram á að vera strikað út sem endurskoðandi hjá félaginu.

Vitnið Kristján Bjarnar Þórarinsson sölumaður kveðst hafa verið kjörið endurskoðandi Þýsk-íslenska 23. september 1984, en ekki tilkynnt um það. Vitnið kveðst aldrei hafa framkvæmt endurskoðun á bókhaldi félagsins.

VII. Niðurstöður dómsins.

Svo sem að framan er getið, var frumrannsókn máls þessa eigi áfátt og viðhlítandi skilyrði fyrir útgáfu ákæru í málinu á grundvelli hennar samkvæmt niðurstöðu dómsins í úrskurði 21. febrúar sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 16. næsta mánaðar.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra á ætluðum skattsvikum af hálfu Þýsk-íslenska hf. hófst 12. nóvember 1985 með för starfsmanna embættisins á

starfsstöð félagsins. Í framhaldi af því var farið á skrifstofu Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf., N. Manscher, en svo sem fram hefur komið, unnu tveir löggiltir endurskoðendur þess fyrirtækis að gerð nýs sölukerfis Þýsk-íslenska hf. í desember 1984. Voru rannsóknardeild ríkisskattstjóra afhent þau gögn, sem lögð höfðu verið til grundvallar hönnun hins nýja sölukerfis og endurskoðendurnir höfðu fengið hjá félaginu. Enn fremur var lagt hald á ýmis gögn, sem tengdust uppgjörsvinnu Emils Theódórs Guðjónssonar, löggilts endurskoðanda hjá Endurskoðunarmiðstöðinni hf., vegna rekstrarársins 1984, svo sem tölvuútskrift vöruskrár, ljósrit af lista yfir viðskiptamenn, sölutölur, verðskrár, reikningsjöfnuði úr fjárhagsbókhaldi, lista yfir víxileignir, lista yfir vörur á hafnarbakka og í flutningi, blað, er sýndi stöðu á bankareikningi í Landsbanka Íslands pr. 31. desember 1984, blað um ógreiddan kostnað og möppu með samantekt á athugun Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. á bókhaldi og tekjuskráningu félagsins. Var Friðbjörn Björnsson, löggiltur endurskoðandi, ráðinn til þess af hálfu skattrannsóknarstjóra að yfirfara gögn þessi, og gerði hann bráðabirgðauppgjör á grundvelli þeirra, sem lá fyrir 22. nóvember 1985. Varð niðurstaða þess sú, að óráðstafað eigið fé félagsins í árslok 1984 hefði verið kr. 106.622.510,57.

Hinn 27. nóvember 1985 var lagt hald á ýmis gögn hjá Þýsk-íslenska hf. Vegna rekstrarársins 1983 var lagt hald á hreyfingalista úr fjárhagsbókhaldi. Vegna rekstrarársins 1984 var m.a. lagt hald á hreyfingalista úr fjárhagsbókhaldi, áramótalista viðskiptamanna, sölutölur, vinnugögn ákærða Guðmundar við gerð ársreiknings, lista yfir vörubirgðir, gögn um ógreiddan kostnað, sundurliðun á samþykktum víxlum, sölulista og sundurliðun á ógreiddum kostnaði, og vegna rekstrarársins 1985 var lagt hald á hreyfingalista úr fjárhagsbókhaldi fyrir rekstrarárið 1985 og áætlaðan rekstrarreikning fyrir tímabilið frá janúar til júlí það ár. Á grundvelli þessara gagna og ýmissa upplýsinga úr skattframtölum Þýsk-íslenska hf. 1984 og 1985 varðandi niðurstöður eiginfjárreikninga, verðbreytingafærslna, fyrningar og upplýsinga um vöruflutninga á hafnarbakka samdi Friðbjörn Björnsson reikningsskil fyrir árið 1984. Gerði hann þar leiðréttingar frá fyrra uppgjöri á víxileign, viðskiptakröfum, samþykktum víxlum, bakfærðum vörukaupum, mismun á sjóði og bankareikningi og mismun á ýmsum ógreiddum kostnaði, samtals að fjárhæð kr. 55.794.606. Þá færði hann vörubirgðir í árslok 1984, að fjárhæð kr. 66.832.697, auk þess sem hann gerði fjölda leiðréttingarfærslna samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum frá ákærða Guðmundi. Varð niðurstaða reikningsskilanna með þessum leiðréttingum sú, að hagnaður félagsins fyrir reiknaða skatta hefði numið kr. 79.841.556,39.

Í rannsókn málsins kom fram, að fyrrgreindur Emil Theódór Guðjónsson hafði að beiðni forráðamanna Þýsk-íslenska hf. gert drög að uppgjöri, þar

sem fram kemur á rekstrarreikningi hagnaður á árinu 1984, að fjárhæð kr. 103.335.330, og af þeirri fjárhæð voru kr. 58.563.243 leiðréttur efnahagur. Afhenti Emil Theódór rannsóknardeildinni uppgjörsdrög þessi við skýrslutöku 28. maí 1986.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða Emils Theódórs Guðjónssonar mjög í samræmi við niðurstöðu Friðbjörns Björnssonar, en þeir unnu verk sín sjálfstætt og óháð hvor annars vinnu.

Að fengnum síðari reikningsskilum Friðbjörns Björnssonar tilkynnti ákærði Ómar f.h. Þýsk-íslenska hf., að Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, myndi yfirfara uppgjörið, jafnframt því, að óskað var eftir samstarfi við rannsóknardeild ríkisskattstjóra við að „upplýsa málið". Vann Helgi Magnússon ásamt aðstoðarmanni í liðlega þrjá mánuði að uppgjöri fyrir félagið vegna rekstrarársins 1984, og hafði hann við þá vinnu aðgang að öllum fylgiskjölum Þýsk-íslenska hf. Hafa ýtarlegri vinnu hans verið gerð nokkur skil hér að framan, en þar kemur fram, að einkum var ágreiningur milli hans og skattrannsóknarstjóraembættisins um birgðir. Lauk vinnu hans 12. apríl 1986 með hinu endurgerða framtali og ársreikningi, og var óskað eftir álagningu gjalda á grundvelli þessara gagna.

Eins og rakið hefur verið, var lagt hald á fjölmörg bókhaldsgögn Þýsk-íslenska hf. við rannsókn máls þessa, auk þess sem önnur gögn, svo sem skattframtöl félagsins frá 1981 - 1984 og 1986 - 1990, ásamt fylgiskjölum með þeim og fjölmörgum öðrum gögnum hafa verið lögð fram við dómsmeðferð þess. Er það mat dómsins, að til skoðunar hafi komið öll þau bókhaldsgögn, sem nauðsynleg geti talist og þýðingu hafi við úrlausn máls þessa. Að auki hefur málið að öðru leyti sætt þeirri rannsókn, sem efni hafa staðið til, m.a. með ýtarlegum yfirheyrslum ákærðu og vitna, og hafa ákærðu haft tækifæri til að koma að öllum efnislegum athugasemdum sínum gegn gögnum málsins.

Þegar allt framangreint er virt, er það álit dómsins, að eins nálægt tölulegum útreikningi á skattstofnum hafi verið komist og unnt hafi verið með vinnu Helga Magnússonar við gerð skattframtals þess, sem lagt er til grundvallar í ákæru. Fær það sérstaklega stoð í síðari framtölum félagsins. Voru lítils háttar leiðréttingar gerðar á skattframtali þess 1986 vegna rekstrarársins 1985 og meðal annars bætt þar við tekjum, að fjárhæð kr. 847.819, undir liðnum „Leiðrétt frá fyrra ári". Segir í skýringum Helga Magnússonar með framtalinu um þetta atriði, að leiðréttingarnar séu „vegna endanlegra afstemminga á ýmsum eigna- og skuldaliðum, samtals að fjárhæð kr. 847.819, til hækkunar á óráðstöfuðu fé", en þetta þýðir, að þarna koma fram eignir, sem ekki höfðu verið taldar fram áður. Í ársreikningum með skattframtölum félagsins eftir þetta eru eigi gerðar neinar leiðréttingar vegna fyrri ára.

Samkvæmt framansögðu verður eigi annað ráðið en Helgi Magnússon hafi í vinnu sinni við endurgerð skattframtals Þýsk-íslenska hf. vegna rekstrarársins 1984 komist mjög nálægt réttri niðurstöðu miðað við framtöl félagsins eftir það. Er það og álit dómsins, að leiðréttingar þær, sem Helgi gerði á síðari reikningsskilum Friðbjörns Björnssonar, hafi átt rétt á sér. Þá liggur frammi í málinu bréf gjaldheimtustjóra, dagsett 28. febrúar sl., þar sem fram kemur, að enginn fyrirvari hafi verið gerður um skattgreiðslur af hálfu félagsins vegna skattálagningar rekstraráranna 1985 - 1989 að þeim báðum meðtöldum, og hafi álögð gjöld vegna þeirra verið greidd með eðlilegum hætti.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var Þýsk-íslenska hf. skylt samkvæmt þeim ákvæðum 82. gr. laga um hlutafélög nr. 32, 1978, sem þá voru í gildi, að hafa að minnsta kosti einn löggiltan endurskoðanda, og var honum skylt að endurskoða reikninga félagsins, sbr. 86. gr. sömu laga, en þetta var eigi gert af hálfu félagsins. Samkvæmt 91. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er það þó ekki skilyrði, að ársreikningar séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum, áður en þeir eru lagðir fyrir skattyfirvöld sem grundvöllur álagningar gjalda, og í reynd hafa flest félög, þar með talin hlutafélög, sem eru algengasta félagaform hérlendis, lagt í því skyni fram skattframtöl með ársreikningum, sem ekki hafa verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

Hér er um að ræða refsimál, sem vísað hefur verið til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar af hálfu skattrannsóknarstjóra. Tekur dómurinn, sem skipaður er tveimur sérfróðum meðdómendum, sjálfstæða afstöðu til sakarefnisins á grundvelli allra málsgagna, óháð úrlausn ríkisskattanefndar, samkvæmt undirstöðureglu 1. mgr. 108. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. einnig meginreglur 75. gr. og 110. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, og þar á meðal metur dómurinn það, hvort hið endurgerða framtal, sem ákæran er grundvölluð á, hafi verið reist á nægilega traustum grunni með tilliti til alls þess, sem fram er komið í málinu.

Er það niðurstaða dómsins, að svo sé, og mun hér á eftir verða gerð grein fyrir sjálfstæðri úrvinnslu hans á ákæruefnum og byrjað á I. kafla ákærunnar.

Samkvæmt liðum A - C er		
undandráttur frá tekjum	kr.	91.665.624
en samkvæmt mismun á rekstrarreikningum	"	91.671.464
Mismunur er	kr.	5.840

sem felst í:

Oftalið aðstöðugjald í ákæru, kr. 611.580

en í mismun á ársreikningum 657.608	"	46.028
Kirkjugarðsgjald	"	40.188
Mismunur	kr.	5.840

Varðandi hina einstöku liði í I. kafla ákærunnar hefur eftirfarandi komið fram í meðferð málsins:

Tilgreint undir lið A:
Vantalinn söluskattur kr. 135.967.

Samkvæmt ársreikningi, mótteknum 2. júlí 1985, nam vörusala með söluskatti	kr.	5.950.758
og vörusala án söluskatts	"	175.449.914
Vörusala samtals	kr.	181.400.672
- söluskattur	"	1.132.603
Hrein sala	kr.	180.268.069
Samkvæmt ársreikningi, dagsettum 12. apríl 1986, nam vörusala með söluskatti	kr.	6.666.863
og vörusala án söluskatts	"	174.733.810
Vörusala samtals	kr.	181.400.673
- söluskattur	"	1.268.571
Hrein sala	kr.	180.132.102

Heildarvörusala er hin sama í báðum uppgjörunum, en hluti af vörusölu án söluskatts í fyrra uppgjörinu er kr. 716.104, sem eru færðar til hækkunar sölu með söluskatti í hinu síðara uppgjöri. Vantalinn söluskattur vegna þessara breytinga er kr. 135.967. Ekki virðist vera sérstakur ágreiningur um upphæðina.

Vantalin umboðslaun kr. 641.118.

Samkvæmt ársreikningi, mótteknum 2. júlí 1985, eru tilfærðar umboðslaunatekjur	kr.	605.198
en í ársreikningi, dagsettum 12. apríl 1986 eru þau talin	"	1.246.316
Mismunur	kr.	641.118

er umboðslaun, sem áður höfðu verið dregin frá vörukaupum, en í síðara uppgjörinu var upphæðinni bætt við umboðslaun og vörukaup hækkuð sem því nam. Ekki virðist vera sérstakur ágreiningur um upphæðina.

Oftalin vörunotkun kr. 47.214.556.

Samkvæmt ársreikningi, mótteknum 2. júlí 1985, er tilfærð vörunotkun	kr.	132.357.792
Vörunotkunin sundurliðast þannig:		
Vörubirgðir 1.1. 1984 á lager	kr.	3.430.830
Vörukaup á árinu	"	143.548.262
	kr.	146.979.092
- vörubirgðir 31.12. 1984	"	14.621.300
Vörunotkun	kr.	132.357.792

Samkvæmt ársreikningi, dagsettum 12. apríl 1986, er tilfærð vörunotkun	kr.	85.143.236
Vörunotkunin sundurliðast þannig:		
Vörubirgðir 1.1. 1984 á lager	kr.	3.430.830
Vörukaup á árinu	"	129.353.905
	kr.	132.784.735
- vörubirgðir 31.12. 1984 á lager	"	47.641.499
Vörunotkun	kr.	85.143.236

Eins og að framan greinir, var vörunotkun		
í fyrri ársreikningnum	kr.	132.357.792
og í síðari ársreikningnum	"	85.143.236
Mismunur á milli ársreikninga er því	kr.	47.214.556
sem skýrist þannig:		
Í fyrri ársreikningnum eru vörukaup talin	kr.	143.548.262
en í síðari ársreikningnum eru vörukaup	"	129.353.905
Mismunur	"	14.194.357
felst í eftirtöldum liðum:		
Ógreidd vörukaup í upphafi árs 1984, en greidd á árinu 1984	"	23.296.139
Þar frá dragast:		
Tilfærð ógreidd vörukaup í árslok í fyrri ársreikningi kr. 7.758.961		
Vörukaup greidd með umboðslaunum millif. " 641.117	"	8.400.078

		kr.	14.896.061
Óskýrð upphæð færð á vörukaup		"	701.704
		kr.	14.194.357
Hin óskýrða upphæð kemur fram í fyrri árseikningnum, þegar borin eru saman tilfærð vörukaup		kr.	143.548.262
og bókfærð vörukaup samkvæmt útskrift úr fjárhaldsbókhaldi (dskj. VII, fskj. 17, bls. 1 - 21)	kr. 128.712.788		
og ógreiddum vörum 1.1. 1984	kr. 23.296.139		
	kr. 152.008.927		
- ógreiddum vörum 31.12 ....."	7.758.961	"	144.249.966
Óskýrður mismunur		kr.	701.704

Þar sem vinnupappírar, sem notaðir voru við gerð ársreiknings, móttekins 2. júlí 1985, hafa ekki komið fram, er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvaða kostnaðarliður þetta er. Ógreiddum vörum 1.1. 1984 er hér bætt við vörukaup 1984, þrátt fyrir það að áður hafi verið búið að gjaldfæra þau með öðrum vörukaupum 1984. Hins vegar virðast tilfærð, ógreidd vörukaup 31.12. 1984 í ársreikningnum dregin frá vörukaupum 1984. Hér hefur ákærða Guðmundi orðið það á að snúa báðum þessum tölum við í ársreikningsgerðinni.

Vörubirgðir á lager 31.12. 1984 eru þannig uppfærðar í ársreikningunum:

Í fyrri ársreikningnum eru þær tilfærðar á	kr.	14.621.300
en í síðari ársreikningnum á	"	47.641.499
Mismunur á milli ársreikninga er því	kr.	33.020.199
Þessi mismunur á tilfærðum birgðum	kr.	33.020.199
og mismunur á tilfærðum vörukaupum	"	14.194.357
eða samtals	kr.	47.214.556

kemur fram í ákærunni sem oftalin vörunotkun.

Enginn ágreiningur virðist vera un hinn tilfærða mismun, sem kemur fram í sambandi við vörukaupin.

Í framburði ákærða Ómars hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 22. október

1986 vísar hann til ákærða Guðmundar varðandi ógreidd vörukaup, sem fram koma í ársreikningi 1984 sem ógreidd vörukaup í árslok 1984, kr. 7.758.961. Í skýrslu ákærða Guðmundar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag kemur fram, að þetta hafi ekki átt að færast undir ógreidd rekstrargjöld. Í sömu yfirheyrslu kveður ákærði, að þetta séu fyrstu vörukaup ársins 1985. Hafi hann gjaldfært þau á árinu 1984 og skuldfært, og þannig hafi tekjufærslu vegna þeirra verið seinkað um eitt ár. Þennan hátt kveðst hann hafa haft á undanfarin ár. Skýringin á ógreiddum vörukaupum, kr. 23.296.139, sé hin sama. Hið sama kemur fram hjá honum í yfirheyrslu fyrir dómi 31. maí 1990 varðandi ógreidd vörukaup, að fjárhæð kr. 7.758.961.

Um misminn á tilfærðum birgðum er ágreiningur. Þrátt fyrir það að á „Niðurfærslu- og samanburðarblaði", sem fylgir ársreikningi fyrir árið 1984, dagsettum 12. apríl 1986, undirrituðum af ákærða Ómari og Kolbrúnu Metúsalemsdóttur, þar sem fram kemur kostnaðarverð vörubirgða, kr. 63.585.082, og til frádráttar afföll af gölluðum og úreltum vörum, kr. 15.943.583, nettó kr. 47.641.499, telja ákærðu, að vörubirgðir séu of hátt tilgreindar.

Í bréfi til ríkisskattstjóra, dagsettu 12. apríl 1986, frá stjórn félagsins, sem fylgdi með framtali félagsins, dagsettu sama dag, segir: „Í meðfylgjandi leiðréttingaruppgjöri er einkum einn þáttur, sem félagið telur, að sé því mjög í óhag. Þar er átt við birgðamat. Þrátt fyrir það og fleiri atriði, sem forráðamenn félagsins líta öðrum augum, vilja menn óska eftir að leiða málið til lykta með þessum hætti. Ástæða þess, að birgðamat er svo miklum mun hærra í þessu leiðrétta uppgjöri en hinu fyrra, er, að félagið gerði sér ekki vonir um, að ríkisskattstjóraembættið sé tilbúið að taka leiðréttingarframtalið til afgreiðslu nema með svo háu birgðamati. Það er hins vegar skoðun félagsins, að ónýtar, óseljanlegar („ókúrant") vörur séu mun hærri fjárhæð en hér er gert ráð fyrir, munar þar milljónatugum. Í fyrra uppgjöri með áðursendu framtali 1985 (v/1984) voru einungis reiknaðar til verðs þær vörur, sem taldar voru öruggar að seljast. Hér er hins vegar gengið mjög skammt í niðurskrift birgða, sem leiðir að sama skapi til mun hærri skattgjaldstekna en ella hefðu orðið."

Vörutalningarlisti yfir vörur á lager 31.12. 1984, undirritaður af talningarmönnum, er ekki í gögnum málsins, og samkvæmt framburði ákærðu hefur hann ekki verið gerður, en við vörutalningu, sem ætíð hafi farið fram um áramót, hafi allar leiðréttingar, sem þurfti að gera, verið færðar beint inn í lagerbókhaldið. Í tölvuútskrift á vöruskrá, dagsettri 2. janúar 1985, kemur fram magn og söluverð vara. Heildarniðurstaða skrárinnar sýnir söluverð birgða kr. 135.016.043,55. Í niðurstöðu tölvulista, dagsetts 15.2. 1985, eru birgðir kr. 139.158.014,93, og á sama skjali er niðurstaða úr

tölvulista, sem dagsettur er 11.6. 1985 og sýnir birgðir vera kr. 131.458, 410,07. Þessi tala er grundvöllur birgða í ársreikningi, mótteknum 2. júlí 1985, sbr. sama skjal, en á því skjali eru birgðir 31.12. 1984 færðar úr kr. 131.458.410 niður í kr. 14.621.300, eins og ársreikningurinn ber með sér.

Í framburði fyrir dómi segir ákærði Ómar um þetta: „Ég kom nú ekki nærri þessari gerð, en mér sýnist aðferð Guðmundar liggja í augum uppi. Hann tekur fyrst frá þessa smásöluálagningu og síðan heildsöluálagningu og fær þar með út kostnaðarverð þessara birgða á því hæsta kostnaðarverði og því hæsta gengi, sem á þessum tíma er til. Hann dregur síðan frá því það, sem hann kallar ónýtt og úrelt. Hann tekur þarna inn gengisbreytingar og síðan það, sem hann kallar ónýtt og úrelt."

Á vöruskrá, dagsettri 15.2. 1985, er texti skrárinnar tölvuútskrifaður, en upphæðir handskrifaðar. Yfirskrift upphæða er: „Kostnaðarverð". Niðurstaða vöruskrárinnar er kr. 66.832.697.

Samkvæmt framburði vitnisins Vilbergs Magna Óskarssonar fyrir dómi er þessi vöruskrá á kostnaðarverði.

Á lista yfir vörubirgðir 31.12. 1984 kemur fram kostnaðarverð birgða, að fjárhæð kr. 65.514.061. Ónýtar, skemmdar og sölulausar vörur eru að fjárhæð kr. 31.887.165, vörur með hreyfingu innan 30% 1984 eru að fjárhæð kr. 65.579.809 og heildarsmásöluverð kr. 129.713.568. Á listanum eru sýndir útreikningar.

Í heildarsmásöluverð er deilt með 2,04, og útkoman úr því er kr. 63.585.082, og í „ókúrant" er deilt með 50%, og útkoman úr því er kr. 15.943.582.

Á „Niðurfærslu- og samanburðarblaði", sem fylgir ársreikningi 1984, dagsettum 12. apríl 1986, koma fram sömu tölur, þ.e. vörubirgðir á kostnaðarverði, kr. 63.585.082, og afföll af gölluðum eða úreltum vörum, fjárhæð kr. 15.943.583, þ.e. nettó vörubirgðir kr. 47.641.499, sem er sama tala og er í ársreikningnum. Enginn virðist kannast við gerð þessa lista, en hann fylgir með „Minnisatriðum um birgðir og birgðamat" félagsins 31.12. 1984, dagsettum 21.1. 1986, unnum af Endurskoðunarskrifstofu Helga Magnússonar.

Eins og áður hefur komið fram hjá vitninu Sigurjóni Ármanni Einarssyni, telur hann, að umrædd vöruskrá frá 2. janúar 1985 sýni blandaða verðskrá, þ.e., að ákveðnar vörur séu á heildsöluverði og aðrar á smásöluverði.

Samkvæmt ársreikningum félagsins fyrir árin 1985, 1986, 1987, 1988 og 1989 er engin breyting gerð á birgðum félagsins til lækkunar eða hækkunar vegna tilfærðra birgða í ársreikningi félagsins 1984, dagsettum 12. apríl 1986. Hrein sala þessi fimm ár nam samtals kr. 1.781.745.154 og vöru-

notkun samtals kr. 1.165.363.814. Meðalálagningin þessi fimm ár er því 52,9%.

Samkvæmt ársreikningum félagsins fyrir árin 1981, 1982, 1983 og ársreikningi, dagsettum 12. apríl 1984, er hrein sala kr. 410.745.726 og vörunotkun kr. 285.078.993. Samtals meðalálagning þessi fjögur ár er því 44.1%. Meðalálagningin öll níu árin er 51,2%. Meðalálagning hvors tímabils fyrir sig byggist á mati birgða 1.1. 1981, 31.12. 1984 og 31.12. 1989.

Reiknað er með, að birgðamat 1.1. 1981 og 31.12. 1989 sé rétt. Hafi meðalálagning í raun verið óbreytt öll árin, er birgðamat 31.12. 1984 of lágt, og hefði það átt að vera kr. 60.992.394. Samkvæmt því, sem að ofan greinir, má telja víst, að birgðamat í ársreikningi 1984, dagsettum 12. apríl 1986, sé síst of hátt og liðurinn í ákærunni, Oftalin vörunotkun, kr. 47.214.556, fái staðist og skuli óhaggaður standa.

Oftalinn launakostnaður kr. 47.809.
Vantalinn annar rekstrarkostnaður kr. (447.380).
Oftalið aðstöðugjald kr. 611.580.
Vantaldar afskriftir kr. (117.770).
Oftaldar vaxtatekjur kr. (27.191).
Oftalin vaxtagjöld, verðbætur o.fl. kr. 292.070.
Enginn sérstakur ágreiningur virðist vera um ofangreinda liði.

Vantalin niðurfærsla birgða kr. (3.402.020).

Niðurfærsla birgða er færð í 10% af heildarbirgðum, sem eru vörur á lager kr. 47.641.499 og vörur í flutningum og á hafnarbakka kr. 29.680.000, samtals kr. 77.321.499. 10% af upphæðinni eru kr. 7.732.150, en áður hafði verið tilfærð niðurfærsla kr. 4.330.130. Mismunur er því kr. 3.402.020.

Vantalin niðurfærsla krafna kr. (745.394).

Viðskiptakröfur í hinum endurgerða ársreikningi eru samtals kr. 33.157.176, og viðskiptavíxlar kr. 22.128.599 eða samtals kr. 55.285.775. 5% af upphæðinni eru samtals kr. 2.764.289, en áður hafði verið tilfærð niðurfærsla kr. 2.018.895. Mismunur er því kr. 745.394.

Undandregið skv. rekstrarreikningum kr. 43.931.411.

Vitnið Helgi Magnússon, sem samdi síðari ársreikning félagsins fyrir árið 1984, var fyrir dómi spurt, um hvaða liði í A-lið ákæru væri ágreiningur. Vitnið svaraði þessu þannig: „Eins og kemur fram í bréfi mínu, er fyrst og fremst um að ræða ágreining út af vörubirgðum. Þar voru verulega skiptar skoðanir um raunverulegt verðmæti birgða, og um það rökræddi

ég heilmikið við embættismennina, og menn skiptust á gögnum vegna þess. Niðurstaðan varð sú, að embættismenn skattrannsóknarstjóra voru ekki tilbúnir að fallast á lægri birgðatölu en þessa. Þess vegna stendur hún þarna inni. Auðvitað tengist þessum lið, birgðunum, leiðréttíng á niðurfærslu birgða. Ég minnist þess ekki, að það hafi verið neinn umtalsverður ágreiningur um aðra liði í þessu, sem merkt er A."

Samkvæmt gögnum málsins er niðurstaða dómsins sú, að A-liður ákæru standist fyllilega.

Tilgreint undir lið B.

Gjaldfærður byggingarkostn. við Lyngháls 10, — vantaldar tekjur kr. 2.231.917.

Í framtali, sem fylgir ársreikningi fyrir árið 1984, dagsettum 12. apríl 1986, er fært undir tekjur: „Leiðréttingar v/byggingarkostn. frá fyrra ári, kr. 2.231.917". Í skýringum með ársreikningnum er sundurliðun á þessari upphæð.

Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra 10. janúar 1986 var ákærði Ómar spurður um ástæðuna fyrir þeim mismun, sem er annars vegar á byggingarkostnaði við Lyngháls 10 og hins vegar á fasteignamati byggingarinnar. Vísaði ákærði í bréf sitt um þetta efni, þar sem hann gerir grein fyrir máli sínu. Ákærði var einnig spurður um ástæðu þess, að félagið hefði ekki sent inn húsbyggingarskýrslu með skattframtölum sínum undanfarin ár í því formi, sem fyrir er mælt um, en ákærði kunni enga skýringu á því.

Í „Minnisatriðum v/byggingarkostnaðar að Lynghálsi 10", sem unnin eru af Endurskoðunarskrifstofu Helga Magnússonar og liggja frammi í málinu, er að finna óbókfærðan byggingarkostnað áranna 1981 til 1984, umreiknaðan á verðlag hvers árs, og ber niðurstöðu á þessum útreikningi saman við skýringar í ársreikningi.

Enginn sérstakur ágreiningur virðist því vera um þennan lið ákæru, og þykir hann eiga við rök að styðjast.

Tilgreint undir lið C: „Óskýrð eignaaukning".

Í skattframtali, sem fylgir ársreikningi, dagsettum 12. apríl 1986, eru tilfærðar tekjur undir liðnum „Aðrar leiðréttingar" kr. 45.502.296. Í skýringum með ársreikningnum, lið 20, „Leiðréttingar", er sundurliðun á því, hvernig þessi liður myndast. Liðir þessir eru teknir upp undir lið C í ákærunni. Verður fjallað um hina einstöku liði ákærunnar hér á eftir.

1. Vantalin víxlaeign kr. 8.702.404.

Í bréfi Helga Magnússonar til stjórnar Þýsk-íslenska hf., sem fylgdi leiðréttum reikningsskilum félagsins fyrir árið 1984 ásamt leiðréttu skattfram-

tali 1985, kemur fram, að hann hafi afstemmt hina ýmsu eigna- og skuldaliði reikningsskilanna. Eins hefur komið fram hjá honum í framburði fyrir dómi, að hann hafi unnið verulega vinnu við afstemmingu á víxileign. Telur hann, að niðurstaða víxileignar í árslok 1984 samkvæmt hinum endurgerða ársreikningi gefi rétta mynd af þessum eignalið.

Enginn sérstakur ágreiningur virðist því vera um þennan lið ákærunnar, og þykir hann eiga við rök að styðjast.

2. *Vantaldar viðskiptakröfur kr. 6.910.183.*

Í ársreikningi félagsins, dagsettum 12. apríl 1986, eru viðskiptakröfur tilfærðar á kr. 33.157.176. Á síðasta blaði úr tölvuskrifuðum viðskiptalista, dagsettum 7.1. 1985, er „áramótasaldo" viðskiptamanna sama upphæð. Í bréfi frá Helga Magnússyni til stjórnar Þýsk-íslenska hf. með hinu endurgerða framtali segir um þetta: „Engar afskriftir eru vegna óinnheimtanlegra krafna, sem komið hefur í ljós, að eru tapaðar, m.a. vegna gjaldþrota og af öðrum ástæðum."

Í gögnum málsins hefur ekki komið neitt fram, um hvaða skuldara er hér að ræða, né upphæðir krafnanna.

Í ársreikningi félagsins fyrir árið 1985 kemur fram, að það ár hafi verið afskrifaðar kröfur, að fjárhæð kr. 1.001.411. Ætla má, að sú fjárhæð sé vegna þess árs, enda kemur fram í skýringum við sama ársreikning, að eigið fé félagsins er hækkað um kr. 847.819 vegna endanlegrar afstemmingar á ýmsum eigna- og skuldaliðum frá fyrra ári. Engin sundurliðun fylgir til skýringar.

Telja verður samkvæmt framansögðu, að þessi liður ákæru eigi við rök að styðjast.

Í tölvuútskrift úr fjárhagsbókhaldi félagsins, dagsettri 21.2. 1985, kemur fram, að útistandandi vegna

viðskiptamanna séu			kr.	37.198.411
Til viðbótar þessum lið er fært samkvæmt dskj. XI, fskj. 2, vegna sölu íbúðar víxlar			kr.	1.464.777
og samkv. fskj. 4 víxlar vegna sölu Saab-bifreiðar	kr.	1.010.000.-	"	2.474.777
Samtals			kr.	39.673.188

Eignfært samkvæmt ársreikningi 12.4. 1986:

Viðskiptakröfur	kr.	33.157.176.-		
Viðskiptavíxlar	"	22.128.599.-	"	55.285.775

Mismunur			kr.	15.612.587
sem er:				
Vantalin víxileign	kr.	8.702.404		
Vantaldar vsk-kröfur	"	6.910.183	"	15.612.587

3. Oftaldar skuldir skv. samþ. víxlum kr. 8.239.312.

Samkvæmt tölvulista úr fjárhagsbókhaldi félagsins eru samþykktir víxlar taldir vera samtals kr. 11.061.674.

Í ársreikningi félagsins, dagsettum 14. apríl 1984, er víxilskuld talin kr. 2.822.363. Á dskj. IX, fskj. 21, er sundurliðun yfir þessar víxilskuldir. Enginn ágreiningur virðist vera um upphæðina.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

4. Oftalin áramótaskuld vegna vörukaupa, kr. 23.296.139.

Samkvæmt tölvulista úr fjárhagsbókhaldi félagsins eru tilfærð ógreidd vörukaup frá fyrra ári, kr. 23.296.139. Samkvæmt framburði ákærðu var hér ekki um raunverulega skuld að ræða.

Telja verður því, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

5. Vantalin sjóðseign og eign á bankareikn., kr. 1.488.070.

Samkvæmt tölvuútskrift úr fjárhagsbókhaldi félagsins er tilgreind innstæða í sjóði og bankareikningum

samtals			kr.	99.656
Samkvæmt dskj. IX er:				
Innborgun við íbúðarsölu, ófærð (fskj. 2)			"	75.000
			kr.	174.656
- vanfært v/bílakaupa (fskj.6)	kr.	33.579		
vanfærður byggingarreikn. (fskj. 3)	"	1.003.187	"	1.036.766
			kr.	862.110
Bankainnstæður skv. ársreikningi 12.4. 1986			"	625.960
Mismunur vantalinn			kr.	1.488.070

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

6. Vantalið v/Gjaldheimtu, sparimerki o.fl., kr. 117.669.

Mismunurinn kemur fram á dskj. VIII (fskj. 58, bls. 1 - 2). Tilfærður sérstakur eignarskattur, álagður 1984,

er			kr.	472.030
og leiðréttingar, sbr. fskj. 12 í dskj. IX:				
Leiðréttingar á reikningi Gjaldheimtunnar samtals	kr.	363.308		
Leiðrétting á stéttarfélagsgjöldum	"	32.453		
	"	395.761		
- leiðrétt sparimerkjaskuld	"	41.400	"	354.361
Mismunur			kr.	117.669

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

7. Vantalin hlutabréfaeign, kr. 105.000.

Samkvæmt dskj. VII (fskj. 17, bls. 1 - 21) er engin hlutabréfaeign í félaginu, en samkvæmt ársreikningi félagsins, dagsettum 12.4. 1986, er hlutabréfaeign kr. 105.000.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

8. Vantalið lán veðdeildar Landsbankans, kr. (207.000).

Í ársreikningi félagsins, dagsettum 12.4. 1986, er tilfærð meðal langtímaskulda skuld við veðdeild L.Í.

V/Silungakvíslar 25, samtals	kr.	233.538
þar af vextir og verðbætur	"	26.538
Mismunur	kr.	207.000

Þessi upphæð hafði ekki verið færð í bækur áður.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

9. Vantalinn mismunur skv. biðreikningi, kr. (187.751).

Í tölvuútskrift úr fjárhagsbókhaldi félagsins kemur fram, að biðreikningur er talinn til eignar, samtals að upphæð kr. 187.751. Þessa upphæð er ekki að finna í ársreikningi félagsins, dagsettum 12.4. 1984.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

10. Vantalin sala 1984, kr. (1.188.143).

Samkvæmt tölvuútskrift úr fjárhagsbókhaldi félagsins 1984, dagsettri

21.5. 1985, er heildarvörusala kr. 180.212.530, en samkvæmt ársreikningum félagsins, dagsettum 12.4. 1986, er heildarsala kr. 181.400.673. Mismunur er kr. 1.188.143.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

11. Vantalin skuld við Samvinnubanka, kr. (486.449).

Samkvæmt fjárhagsbókhaldi félagsins er skuld við Samvinnubankann talin að fjárhæð 97.230. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, dagsettum 12.4. 1986, er þessi upphæð talin á meðal annarra langtímalána. Einnig eru tvær aðrar langtímaskuldir taldar við bankann, þ.e. kr. 486.449 og kr. 1.083.498. Í gögnum málsins (dskj. IX, fskj. 23) koma fram eftirstöðvar af láni við bankann, að upphæð kr. 486.449. Lánið er frá árinu 1983, en virðist ekki koma fram í bókum félagsins.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

12. Vantalin skuld við Samvinnubanka, kr. (1.083.498).

Í gögnum málsins (dskj. IX, fskj. 24) er að finna ljósrit af greiðslukvittun af láni við bankann, þar sem fram koma eftirstöðvar af láninu, kr. 1.083.498. Lánið er frá árinu 1983, en virðist ekki koma fram í bókum félagsins. Upphæðin er tilfærð á meðal langtímaskulda í ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, dagsettum 12.4. 1986.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

13. Vantalin skuld við Útvegsbanka, kr. (166.579).

Á sama dómskjali og að ofan greinir (fskj. 25) er að finna ljósrit af greiðslukvittun vegna láns við bankann, þar sem fram koma eftirstöðvar af láninu, kr. 166.579. Lánið er frá árinu 1983, en virðist ekki koma fram í bókum félagsins. Upphæðin er tilfærð á meðal langtímaskulda í ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, dagsettum 12.4. 1986.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

14. Vantalin skuld við Reykjavíkurborg, kr. (37.061).

Á sama dómskjali (fskj. 26) er að finna ljósrit af greiðslukvittun frá Lóðasjóði Reykjavíkurborgar. Afborgunin er kr. 18.530, og á greiðslukvittuninni kemur fram, að tvær greiðslur séu eftir. Lánið er frá árinu 1983, en virðist ekki koma fram í bókum félagsins. Upphæðin er tilfærð á meðal langtímaskulda í ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, dagsettum 12.4. 1986.

Telja verður, að þessi liður eigi við rök að styðjast.

Tilgreint undir lið D:

Söluskattur skv. úrskurði 22. apríl 1986 ásamt álagi til 31. desember 1984, kr. (4.475.353).

Í úrskurði ríkisskattstjóra um ósk Þýsk-íslenska hf. um endurálagningu skatta á félagið gjaldárið 1985 segir m.a.: „Eins og fram kemur í úrskurði ríkisskattstjóra, dagsettum 22. apríl 1986, máli merktu 2-2-761, var gjaldanda áætluð viðbótarsölugjaldsskyld velta, að fjárhæð kr. 12.500.000. Vegna þessa var sölugjald gjaldanda vegna rekstraráranna 1981, 1982, 1983 og 1984 hækkað um kr. 2.378.500. Rétt er að lækka hreinar tekjur um þessa fjárhæð. Jafnframt lækkar hrein eign um sömu fjárhæð." Í D-lið ákærunnar er fyrrgreindur söluskattur ásamt álagi til 31. desember 1984, samtals kr. 4.475.353, dreginn frá undandregnum tekjum. Framkvæmdi Guðmundur Guðbjarnason skattrannsóknarstjóri sérstakan úttreikning á þessari upphæð, og er hann að finna í gögnum málsins.

Ekki virðist vera sérstakur ágreiningur um þennan útreikning, og þykir hann eiga við rök a styðjast.

Hækkun tillags í varasjóð 25%, kr. (18.852.749).

Samkvæmt skattframtali félagsins, mótteknu 2. júli 1985, sem fylgdi ársreikningi þess fyrir árið 1984, mótteknum sama dag, er tilfært tillag í fjárfestingarsjóð, kr. 7.852.854, og er það dregið frá tekjum fyrir álagningu tekjuskatts, þrátt fyrir það að tilskilin greiðsla í banka hafi ekki verið innt af hendi. Í bréfi, sem fylgdi hinu endurgerða framtali félagsins fyrir rekstrarárið 1984, er óskað eftir því, að lagt verði í varasjóð hámarksframlag og að framlag í fjárfestingarsjóð verði dregið til baka.

Varasjóðstillagið var því reiknað 25% af framtöldum tekjum,

samtals að fjárhæð	kr.	111.303.599
að frádregnu álögðu sölugjaldi	"	4.475.353
og að frádregnum mismun á framt. tekjum	"	5.840
Stofn til varasjóðstillags	kr.	106.822.406
25% varasjóður þar af	kr.	26.705.603
- leyft til frádráttar í fjárf-sjóð	"	7.852.854
Hækkun tillags í varasjóð	kr.	18.852.749

Samkvæmt ofangreindu þykir þessi liður eiga við rök að styðjast.

Tilgreint undir lið F:

Frá dregst útreikn. mism. álagðra skatta, kr. 2.788.300.

Guðmundur Guðbjarnason framkvæmdi sérstakan útreikning á þessari upphæð. Útreikningur þessi virðist gerður vegna þess, að ákærðu telja, að

undandráttur frá tekjum tilheyri ekki aðeins árinu 1984, heldur hljóti hann að stafa frá fyrri tíð. Hafa þeir farið fram á, að þessum undandrætti verði jafnað á milli ára. Hvorki í hinu síðara framtali né með bréfum, sem þeim fylgdu, hefur þó komið fram, hvernig þeir telja, að þessi undandráttur eigi að skiptast á milli ára. Í bréfi Guðmundar koma fram ýmsir útreikningar á tilfærslu tekna á milli ára ásamt birgðamati o.fl.

Það er álit dómsins, að undandráttur frá tekjum félagsins hafi átt sér stað á árinu 1984 og næstu árum á undan. Með hliðsjón af því hefur dómurinn reiknað út, hver skattur á félagið hefði orðið árin 1982, 1983, 1984 og 1985 og hvert skattundanskotið í heild hafi orðið.

Dómurinn hefur tekið ársreikninga Þýsk-íslenska hf. fyrir árin 1981 til 1984 til sjálfstæðrar skoðunar ásamt tilheyrandi skattframtölum 1982 til 1985 að báðum árum meðtöldum. Með ársreikningi 1984 er hér á eftir átt við síðari ársreikning félagsins, sem sendur var ríkisskattstjóraembættinu 12. apríl 1986 ásamt ósk um, að skattar yrðu lagðir á að nýju eftir framtalinu.

Hér á eftir er sýnt, hvernig ársreikningar félagsins koma fram fyrir hvert ár um sig. Fyrst koma rekstrarreikningar félagsins ásamt útreikningi tekjuskattsstofns og álögðum tekjuskatti og eignarskatti, og koma þeir þannig fram:

REKSTRARREIKNINGAR 1981-1984.

	1981	*1982*	*1983*	*1984*
Rekstrartekjur:				
Sala	34.761.924	61.452.373	134.399.327	180.132.102
Aðrar tekjur	450.716	724.756	1.758.105	1.300.261
	35.212.640	62.177.129	136.157.432	181.432.363
Rekstrargjöld:				
Vörunotkun	30.122.386	53.954.963	115.867.409	85.143.236
Launakostnaður: ..	1.380.051	3.527.190	7.208.576	11.342.618
Annar rekst-kostn.	1.478.949	3.743.215	8.594.785	12.379.312
Aðstöðugjald	433.510	809.510	1.719.190	1.460.000
Kirkjugarðsgjald...	9.970	18.618	39.541	
Afskriftir	415.785	360.326	918.147	1.675.461
	33.840.651	62.404.822	134.347.648	112.000.461
	1.371.989	-227.693	1.809.784	69.431.736
Vaxtatekjur og- gjöld	-12.358	-617.145	-2.144.585	-2.193.896
Verðbreytingafærsla	522.464	2.100.229	5.409.695	3.597.379

Óreglulegir liðir ..	-32.713	1.089.666	71.903	312.099
Tekjuskattur	-113.324	-28.418	-237.815	
Eignarskattur	-16.524	-47.268	-311.809	
Tekjusk.fyrra árs .	-9.595	-14.386		
Hagnaður ársins ..	1.709.939	2.254.985	4.597.173	71.147.228
Tekjuskattsstofn:				
Hagnaður ársins ..	1.709.939	2.254.985	4.597.173	71.147.228
Niðurfærsla vörub.	-1.536.165	-292.565	-1.705.702	-3.986.567
Niðurfærsla krafna	-90.548	-83.051	-751.620	-1.784.736
Aukaafskriftir		-1.929.758	-2.235.781	-1.806.539
Kirkjugarðsgjald ..	9.791	18.610	39.542	
Tekju- og eignarsk..	139.443	90.072	678.127	
Leiðrétting skattstj.	29.511			
Óskýrð eignaaukn.				45.502.296
Leiðr. byggingark..				2.231.917
Varasjóðstillag	-65.493	-14.573	-155.435	
Samkvæmt framtali	196.478	43.720	466.304	111.303.599
Álagðir skattar:				
Tekjuskattur	127.710	28.418	237.815	6.007.433
Eign-sk./eign-sk-auki	16.524	47.334	311.809	634.551
	144.234	75.752	549.624	6.641.984

Álagning tekjuskatts og eignarskatts vegna ársins 1984, sem sýnd er hér að framan, er fyrri álagning, byggð á fyrri ársreikningi og framtali vegna þess árs.

Efnahagsreikningar Þýsk-íslenska hf. koma þannig fram fyrir árin 1981 til 1984:

EFNAHAGSREIKNINGAR 1981 - 1984.

	1981	1982	1983	1984
Eignir:				
Sjóður og bankainnst.	118.582	478.467	282.866	625.960
Viðskiptakröfur ...	725.099	1.449.753	10.100.625	33.157.176
Víxileignir	2.172.544	3.108.908	9.490.435	22.128.599
Aðrar kröfur			100.000	25.611
Vörubirgðir í húsi	880.278	2.130.760	3.430.830	47.641.499
Vörubirgðir í tolli	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
	14.665.003	25.435.938	57.429.756	133.258.845

Hlutabréf				105.000
Fasteignir	4.479.147	10.131.240	20.132.823	39.832.691
Bifreiðar	548.470	858.903	1.683.711	2.571.163
Innréttingar og áhöld	47.614	227.743	560.490	1.648.782
	5.075.231	11.217.886	22.377.024	44.157.636
	19.740.234	36.653.824	79.806.780	177.416.481
Skuldir:				
Yfirdráttur í banka	73.573		1.200.679	
Samþykktir víxlar .	1.070.143	3.677.063	4.769.501	2.822.363
Ógr. vörur í tolli	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
Vörukaupaskuldir .	3.716.154	6.758.721	23.296.139	
Ýmis ógr. útgjöld	271.226	691.305	889.579	3.460.788
Reikn.tekju/eign-sk.	129.848	75.686	549.624	
Reiknað aðstöðugj.	433.510	809.510	1.719.190	1.460.000
Reiknað kirkjuggj.	9.970	18.618	39.541	
Langtímaskuldir ..	334.952	492.918	228.237	2.241.053
	16.807.876	30.791.871	66.717.490	39.664.204
Eigið fé:				
Varasjóður	12.951	78.444	233.879	233.879
Aukaafskr.fasteigna		1.792.795	5.165.139	7.530.599
Aukaafskr.innrétt.		136.963	383.458	1.307.133
Niðurf. vörubirgða	1.747.317	2.039.881	3.745.583	7.732.150
Niðurfærsla krafna	144.882	227.933	979.553	2.764.289
Hlutafé	200.000	200.000	200.000	200.000
Endurmatsreikn. ..	760.702	1.405.802	2.652.908	6.951.859
Óráðstafað eigið fé	66.506	-19.865	-271.230	111.032.368
	2.932.358	5.861.953	13.089.290	137.752.277
	19.740.234	36.653.824	79.806.780	177.416.481

Við samanburð á ársreikningunum og með því að taka til athugunar ýmsar upplýsingar og gögn, sem fram hafa komið í málinu, þykir ljóst, að ársreikningunum hafi verið að ýmsu leyti áfátt. Verður hér á eftir fjallað um ágalla ársreikninganna, en um leið bent á þær lagfæringar, sem gera hefði þurft á þeim.

Dómurinn hefur tekið saman í eina töflu upplýsingar um vörukaup,

birgðir, vörunotkun og vörusölu, eins og þær koma fram í ársreikningum Þýsk-íslenska hf. fyrir árin 1981 til 1989 að báðum árum meðtöldum. Jafnframt er reiknuð í töflunni meðalálagning frá vörunotkun til vörusölu hvert ár svo og veltuhraði vörubirgða. Fjárhæðir, sem teknar eru upp fyrir árið 1984, eru úr síðari ársreikningi félagsins, frá 12. apríl 1986, enda er ársreikningur næsta árs á eftir byggður á upphafstölum úr síðari ársreikningi 1984 og svo koll af kolli. Tafla þessi kemur þannig fram:

1. TAFLA.

VÖRUNOTKUN OG SALA SAMKVÆMT ÁRSREIKNINGUM 1981 - 1984.

ÁR	*MEÐAL-ÁLAGNING*	*BIRGÐIR 1/1*	*VÖRU-KAUP*
1981	15.40	1.407.674	29.594.990
1982	13.91	880.278	55.196.445
1983	15.99	2.130.760	117.167.478
1984	111.56	3.430.830	129.353.905
1985	43.84	47.641.499	174.938.398
1986	58.79	58.905.416	203.408.809
1987	48.82	71.320.510	238.729.369
1988	63.27	57.495.080	270.932.226
1989	48.40	66.847.780	282.754.985
	51.16		

ÁR	*BIRGÐIR 31/12*	*VÖRU-NOTKUN*	*HREIN SALA*	*VELTU-HRAÐI*
1981	880.278	30.122.386	34.761.924	26,33
1982	2.130.760	53.945.963	61.452.373	35.83
1983	3.430.830	115.867.408	134.399.327	41,67
1984	47.641.499	85.143.236	180.132.102	3,33
1985	58.905.416	163.674.481	235.436.556	3,07
1986	71.320.510	190.993.715	303.280.851	2,93
1987	57.495.080	252.554.799	375.843.527	3,92
1988	66.847.780	261.579.526	427.085.311	4,21
1989	53.041.472	296.561.293	440.098.909	4,95
		1.450.442.807	2.192.490.880	5,66

Birgðir 1/1 1981	1.407.674
Vörukaup 1981 - 1989	1.502.076.605
Birgðir 31/12 1989	53.041.472
Vörunotkun 1981 - 1989	1.450.442.807
Meðalálagning 1981 - 1989	51,16

Taflan gefur til kynna, að meðalálagning áranna 1981 - 1983 hafi verið á bilinu 13,91% - 15,99%, en 111,56% á árinu 1984. Meðalálagning allra níu áranna birtist sem 51,16%. Jafnframt þessu gefur taflan til kynna, að veltuhraði vörubirgða hafi á árunum 1981 - 1983 verið frá 26,33 til 41,67 á hverju ári, en það svarar til þess, að félagið hafi selt vörubirgðir sínar á 9 - 14 dögum. Veltuhraði frá ársbyrjun 1986 til ársloka 1989 birtist hins vegar sem 2,93 til 4,95, sem svarar til þess, að félagið hafi selt vörubirgðir sínar á 74 - 125 dögum. Sú breyting, sem hér virðist koma fram á birgðahaldi félagsins, getur engan veginn staðist. Sama verður að segja um útreiknaða meðalálagningu. Hér á eftir koma fram upplýsingar, sem sýna, að skýringin er óeðlileg niðurskrift á vörubirgðum í lok hvers árs um sig af árunum 1981 - 1983.

Viðurkennt er af ákærða Guðmundi, að í lok áranna 1981 til 1983, hvers um sig, hafi tilteknar fjárhæðir verið færðar annars vegar til gjalda með vörunotkun og hins vegar til skuldar sem ógreidd vörukaup, án þess að þær ættu við rök að styðjast. Þessar fjárhæðir fóru hækkandi frá ári til árs, og var þannig stuðlað að hækkun á gjaldaliðnum vörunotkun og þar með dregið úr framtölduin hagnaði. Til að leiðrétta vörukaup hvers árs þarf því að draga frá þeim slíka óviðeigandi skuld í árslok, en bæta við þau óviðeigandi skuld í ársbyrjun. Í síðari ársreikningi ársins 1984 er enga slíka skuldarfjárhæð að finna, en sú fjárhæð, sem færð var til skuldar í lok ársins 1983, kr. 23.296.139, hefur verið leiðrétt ásamt öðrum lagfæringum yfir óráðstafað eigið fé, en heildarfjárhæð þeirrar leiðréttingar var kr. 45.502.296.

LEIÐRÉTTING Á VÖRUKAUPUM VEGNA ÓVIÐEIGANDI VÖRUKAUPASKULDA.

	1981	1982	1983
Vörukaup skv. ársreikn.	29.594.990	55.196.445	117.167.478
Óviðeigandi skuld í árslok	-3.716.154	-6.758.721	-23.296.139
Óviðeig. skuld í ársbyrjun	0	3.716.154	6.758.721
Leiðrétt vörukaup	25.878.836	52.153.878	100.630.060

Með þessum hætti þarfnast vörukaup hvers árs leiðréttingar. Jafnframt þarf að lækka þá fjárhæð, kr. 45.502.296, sem færð var á óráðstafað eigið fé á árinu 1984, um kr. 23.296.139, í kr. 22.206.157.

Dómendur hafa kannað útreikning ákærða Guðmundar á kostnaðarverði vörubirgða, en þann útreikning er að finna á dskj. VII, fskj. 27, en þar er kostnaðarverð vörubirgða í árslok 1984 reiknað út frá vörubirgðalista. Viðurkennt er fyrir dóminum, að sambærileg aðferð hafi verið notuð í lok áranna á undan. Útreikningur þessi er þannig á nefndu skjali:

ÚTREIKNINGUR VÖRUBIRGÐA Á DSKJ. VII, FSKJ. 27.

Vörubirgðir skv. tölvulista	131.458.410
- meðalsmásöluálagning 45%	-40.797.438
	90.660.972
- meðalheildsöluálagning 36%	-23.998.493
	66.662.479

Mismunur á síðasta innkaupsverði, sbr. hækkanir í samræmi við gengisbreytingu, og raunverulegu innkaupsverði vörubirgða.

Áætlað 50% samansafnað	-22.220.826
	44.441.653

Áætlaðar óseljanlegar, illseljanlegar og úreltar vörur v/tísku, lita, varahlutir o.fl.,

byggt á áætlun eftir vöruflokkum	-29.820.353
	14.621.300

Til að skýra nánar, hvaða ályktanir ætti að mega draga af þessum útreikningi, hafa dómendur sett útreikninginn upp með öðrum hætti, þannig:

ÚTREIKNINGUR KOSTNAÐARVERÐS VÖRUBIRGÐA SKV. DSKJ. VII, FSKJ. 27.

Nýtanlegar vörur:			
Kostnaðarverð nýtanlegra vara		14.621.300	30,40%
Gengismunur innan ársins	12%	1.754.556	
		16.375.856	
Heildsöluálagning	45%	7.369.135	
		23.744.991	

Smásöluálagning	36%	8.548.197	
Söluverð nýtanlegra vara		32.293.188	
Ókúrant vörur:			
Kostnaðarverð ókúrant vara		33.524.416	69,60%
Gengismunur frá upphafi	50%	16.762.208	
		50.286.624	
Heildsöluálagning	45%	22.628.980	
		72.915.604	
Smásöluálagning	36%	26.249.618	
Söluverð ókúrant vara		99.165.222	
		131.458.410	

Sú aðferð mun hafa verið viðhöfð hjá Þýsk-íslenska hf., að við hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla voru verðtölur í verðlista félagsins hækkaðar sem gengisbreytingunni nam. Hér er gert ráð fyrir þeirri forsendu, að innkaupin á birgðum nýtanlegra vara hafi farið fram jafnt og þétt allt árið 1984 eða því sem næst. Gengisbreytingar frá upphafi til loka ársins 1984 munu hafa numið tæpum 24%, vegið eftir innkaupum félagsins í hinum ýmsu gjaldmiðlum á árinu. Er því aðeins gert ráð fyrir, að 12% gengishækkun hafi verið færð til þeirra birgða. Þá er gert ráð fyrir sömu álagningarhlutföllum og notuð eru í útreikningi ákærða Guðmundar. Kemur þá í ljós miðað við þessar forsendur, að söluverð nýtanlegra vara reynist vera kr. 32.293.188. Söluverð ókúrant (ill- og óseljanlegra) vara verður samkvæmt því kr. 99.165.222. Ef forsendur Guðmundar eru hafðar í heiðri varðandi þessar ókúrant vörur, þ. á m. um 50% gengismun, reynist kostnaðarverð þeirra kr. 33.524.416. Eftir þessu er kostnaðarverð nýtanlegra vara 30,4% af heild, en kostnaðarverð ókúrant vara 69,6%. Ef þetta er borið saman við álagningu í rekstrarreikningum 1981 - 1983 svo og við veltuhraða vörubirgða á sama árabili, verður ljóst, að þessi útreikningur fær engan veginn staðist.

Svo sem fram kemur hér að framan, var í síðari ársreikningi ársins 1984 gerð leiðrétting til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé, kr. 45.502.296, og var upplýst, að þetta væri vegna leiðréttingar á ýmsum eigna- og skuldaliðum í upphafi þess árs. Með því er viðurkennt, að hér sé um að ræða eignamyndun á nefndu fjögurra ára tímabili, og hafi hún ekki verið færð í fyrri ársreikningum. Þessi fjárhæð er jafnframt færð til tekna á framtali félagsins sem sérstakur liður. Hér að framan var gerð grein fyrir því, að

af þessari fjárhæð hefðu kr. 23.296.139 verið til komnar vegna óréttmætra vörukaupaskulda og að þurft hafi að leiðrétta það með tilteknum hætti. Þá er eftir að heimfæra kr. 22.206.157 af þessari fjárhæð.

Upplýst er í málinu og viðurkennt, að vantað hafi á, að sölutekjur félagsins væru færðar með eðlilegum hætti á árunum 1981 - 1983. Með síðara framtali félagsins fyrir rekstrarárið 1984 er jafnframt viðurkennt, að um ófærðar hreinar tekjur hafi verið að ræða. Af því verður dregin sú ályktun, að þessi fjárhæð, kr. 22.206.157, stafi af ófærðum sölutekjum. Ekkert hefur komið fram við meðferð málsins, sem bendir til, að aðrir rekstrarliðir komi hér við sögu. Verður því að leiðrétta sölutekjur áranna 1981 til 1984 um þessa fjárhæð.

Um dreifingu þessara sölutekna á árin 1981 til 1984 er ekki vitað með vissu. Verður hér í fyrstu miðað við, að hlutfallslega hafi vantað jafnmikið á sölu hvers árs um sig, og er fjárhæðinni þannig bætt við sölutekjur hvers árs um sig í hlutfalli við bókfærða sölu. Leiðrétting söluteknanna verður þá sem hér segir:

LEIÐRÉTTING SÖLUTEKNA ÁRANNA 1981 - 1984 MEÐ HLUTFALLSLEGRI DREIFINGU TEKNA FYRRI ÁRA.

	1981	1982	1983	1984
Sala skv. ársreikningi	34.761.924	61.452.373	134.399.327	180.132.102
Tekjur fyrri ára	1.879.335	3.322.301	7.266.034	9.738.487
	36.641.259	64.774.674	141.665.361	189.870.589

Vegna þeirra ófærðu tekna, sem fram komu í síðari ársreikning Þýsk-íslenska hf., hefur ríkisskattstjóri áætlað félaginu viðbótarsöluskatt auk álags og dráttarvaxta vegna áranna 1981 til 1984 að báðum árum meðtöldum. Þar sem hvorki þessi söluskattur né álagið er fært í ársreikningum félagsins, er eðlilegt að færa söluskattinn til lækkunar á sölutekjum og álag og vexti til hækkunar á vaxtakostnaði á hvert ár um sig.

Dómurinn hefur deilt viðbótarsöluskatti þessum auk álags og dráttarvaxta á árin 1981 - 1984. Er þar tekið tillit til þess, hvernig álag og dráttarvextir falla til innan hvers árs, og birtist dreifingin með eftirfarandi hætti:

VIÐBÓTARSÖLUSKATTUR FYRRI ÁRA SKV. ÚRSKURÐI RÍKISSKATTSTJÓRA.

	1981	1982	1983	1984
Skv. úrskurði ríkissk-stj.	273.232	477.701	837.903	1.182.823

Þ.a.v/gjaldf.bygg-kostn.	-82.952	-120.925	-52.947	
Þ.a. leiðrétt 1984				-136.335
Söluskattur	190.280	356.776	784.956	1.046.488
Álag vegna 1981 .	50.092	4.554	0	0
Álag vegna 1982 .	0	87.578	7.962	0
Álag vegna 1983 .	0	0	153.616	13.965
Álag vegna 1984 .	0	0	0	216.851
Dráttarv. v/1981	55.670	142.081	160.524	86.751
Dráttarv. v/1982	0	93.749	280.649	151.670
Dráttarv. v/1983	0	0	181.197	266.034
Dráttarv. v/1984	0	0	0	143.911
Álag og dráttarv.	105.762	327.962	783.948	879.182
Vanskil v/sölu-skatts alls	296.042	684.738	1.568.904	1.925.670

Verður hér á eftir gert ráð fyrir að leiðrétta sölutekjur og vaxtagjöld ársreikninganna með þessum fjárhæðum.

Í síðari ársreikningi ársins 1984 er viðurkennt, að allnokkur fjárhæð hafi verið gjaldfærð af byggingarkostnaði fasteignar félagsins að Lynghálsi 10 í Reykjavík. Er efnahagsreikningur félagsins í árslok 1984 leiðréttur með tilliti til þessa. Hins vegar er þörf á að taka frekara tillit til þessa í ársreikningum áranna 1981-1983. Hér á eftir fer tölulegt yfirlit, sem sýnir fjárhæðir þessar. Fyrst er gerð grein fyrir því, hvernig byggingarkostnaður þessi er talinn hafa fallið til og hvernig endurmeta skuli þær fjárhæðir frá ári til árs. Þá eru sýnd áhrif þessa á ársreikninga, fyrst, hvernig þetta var á sínum tíma leiðrétt í síðari ársreikningi 1984, þá, hvernig hver ársreikningur hefði þurft að leiðréttast, og loks, hvernig nú þarf að leiðrétta þá til viðbótar, svo að öll árin verði leiðrétt að þessu leyti. Þeim hluta leiðréttingarinnar, sem erindi á inn í rekstrarreikning, er skipt annars vegar á sölutekjur og hins vegar á laun og launatengd gjöld. Ástæðan er sú, að hluti áður gjaldfærðs byggingarkostnaðar er talinn vera efni af lager, sem þá jafngildir sölu, og hluti er talinn vera vinna, sem þá á að koma til lækkunar á launum og launatengdum gjöldum. Tölulegar upplýsingar eru eftirfarandi:

GJALDFÆRÐUR BYGGINGARKOSTNAÐUR.

	1981	1982	1983	1984
Frá fyrra ári	0	803.839	2.407.965	4.646.834
Endurmat á árinu	0	432.305	1.725.788	1.241.634
Byggingarkostnaður á árinu	803.839	1.171.821	513.081	0
Fyrning	0	0	0	-117.720
Samtals í árslok .	803.839	2.407.965	4.646.834	5.770.748

Áhrif gjaldfærðs byggingarkostnaðar á ársreikninga kemur þannig fram í ársreikningi 1984:

Á óráðstöfuðu eigin fé	-2.231.917
Á ógr. söluugjaldi	-256.824
Á varanlegum rekstrarfjárm. ...	5.770.748
Á endurmatsreikn.	-3.399.727
Á fyrningum	117.720
	0

Kemur þannig fram eftir leiðréttingu:

	1981	1982	1983	1984
Á sölutekjur (efni)	435.946	635.514	278.259	0
Á rekstrark.(vinna)	-367.893	-536.307	-234.822	0
Óráðstafað eigið fé	-803.839	-1.171.821	-513.081	0
Varanlegir rekstrar-fjármunir .	803.839	1.604.126	2.238.869	1.123.914
Endurmatsreikn. .	0	-432.305	-1.725.788	-1.241.634
Fyrningar	0	0	0	117.720
	0	0	0	0

Leiðréttist þannig í hverjum ársreikningi:

Sölutekjur	435.946	635.514	278.259	0
Annar rekstr-kostn.	-367.893	-536.307	-234.822	0
Óráðstafað eigið fé	-803.839	-1.975.660	-2.488.741	0
Varanl.rekstr-fjárm.	803.839	2.407.965	4.646.834	0
Endurmatsreikn. .	0	-432.305	-2.158.093	0
	0	0	0	0

Þegar tekið er tillit til áðurnefndra leiðréttinga á sölutekjum Þýsk-íslenska hf. árin 1981-1984 vegna dreifingar á ófærðum tekjum áranna 1981-1984, efnistöku til eigin byggingarframkvæmda og álagðs viðbótarsöluskatts, verða sölutölur áranna 1981-1984 sem hér segir:

LEIÐRÉTTING SÖLUTEKNA ÁRANNA 1981-1984 MEÐ HLUTFALLSLEGRI DREIFINGU TEKNA FYRRI ÁRA, TILFÆRSLU ÁLAGÐS VIÐBÓTARSÖLUGJALDS OG EFNISSÖLU TIL BYGGINGAR AÐ LYNGHÁLSI 10.

	1981	1982	1983	1984
Sala skv. ársreikn.	34.761.924	61.452.373	134.399.327	180.132.102
Tekjur fyrri ára .	1.879.335	3.322.301	7.266.034	9.738.487
Efni til byggingar	435.946	635.514	278.259	0
Viðbótarsölugjald	-190.280	-356.776	-784.956	-1.046.488
Leiðrétt sala	36.886.925	65.053.412	141.158.664	188.824.101

Verður fyrst um sinn gert ráð fyrir, að sölutölur verði leiðréttar til þessa horfs.

Eftir að ofangreindar leiðréttingar hafa verið gerðar á vörukaupum og vörusölu áranna 1981 til 1984, má endurtaka töflu yfir birgðir, vörukaup, vörunotkun, sölu, veltuhraða og álagningu þessara ára, eftir að tillit er tekið til breytinganna. Meðalálagning á öllu tímabilinu hefur breyst í 54,99%, en enn er mjög mikil ósamkvæmni í álagningu einstakra ára svo og veltuhraða birgða. Taflan lítur nú þannig út:

2. TAFLA.
VÖRUNOTKUN OG SALA EFTIR HÆKKUN SÖLU OG LÆKKUN VÖRUKAUPA.

ÁR	*MEÐAL—* ÁLAGNING	BIRGÐIR 1/1	VÖRU-KAUP
1981	39,69	1.407.674	25.878.836
1982	27,80	880.278	52.153.878
1983	42,11	2.130.760	100.630.060
1984	121,77	3.430.830	129.353.905
1985	43,84	47.641.499	174.938.398
1986	58,79	58.905.416	203.408.809
1987	48,82	71.320.510	238.729.369
1988	63,27	57.495.080	270.932.226
1989	48,40	66.847.780	282.754.985
	55,11		1.478.780.466

ÁR	BIRGÐIR 31/12	VÖRU-NOTKUN	HREIN SALA	VELTU-HRAÐI
1981	880.278	26.406.232	36.886.925	23,08
1982	2.130.760	50.903.396	65.053.412	33,81
1983	3.430.830	99.329.990	141.158.664	35,72
1984	47.641.499	85.143.236	188.824.101	3,33
1985	58.905.416	163.674.481	235.436.556	3,07
1986	71.320.510	190.993.715	303.280.851	2,93
1987	57.495.080	252.554.799	375.843.527	3,92
1988	66.847.780	261.579.526	427.085.311	4,21
1989	53.041.472	296.561.293	440.098.909	4,95
		1.427.146.668	2.213.668.256	4,72

Sannað þykir, að verðmat birgða í lok hvers árs um sig af árunum 1981-1983 hafi verið óeðlilega lágt. Er þá næst að breyta birgðaverðmæti ársreikninganna, en ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvert hafi verið eðlilegt birgðaverðmæti hverju sinni. Í fyrstu verður hér sett sú forsenda, að meðalálagning hafi verið hin sama öll fjögur árin. Taflan hér að ofan er nú enn einu sinni birt, en nú er meðalálagning áranna 1981-1984 sett jöfn og birgðir í lok hvers árs í samræmi við það. Gengið er út frá því, að kostnaðarverð vörubirgða í upphafi ársins 1981 sé kr. 1.407.674, eins og ársreikningur 1981 gerir ráð fyrir, og að kostnaðarverð birgða í árslok 1984 sé kr. 47.641.499, eins og síðari ársreikningur ársins 1984 sýnir. Taflan kemur nú þannig fram:

3. TAFLA.
VÖRUNOTKUN OG SALA EFTIR HÆKKUN SÖLU OG LÆKKUN VÖRUKAUPA MIÐAÐ VIÐ JAFNA ÁLAGNINGU Á ÁRUNUM 1981 til 1984.

ÁR	MEÐAL-ÁLAGNING	BIRGÐIR 1/1	VÖRU-KAUP
1981	64,99	1.407.674	25.878.836
1982	64,99	4.929.835	52.153.878
1983	64,99	17.655.704	100.630.060
1984	64,99	32.731.373	129.353.905
1985	43,84	47.641.499	174.938.398
1986	58.79	58.905.416	203.408.809
1987	48,82	71.320.510	238.729.369
1988	63,27	57.495.080	270.932.226

1989	48,40	66.847.780	282.754.985
	55,11		1.478.780.466

ÁR	BIRGÐIR 31/12	VÖRU-NOTKUN	HREIN SALA	VELTU-HRAÐI
1981	4.929.835	22.356.675	36.886.925	7,06
1982	17.655.704	39.428.009	65.053.412	3,49
1983	32.731.373	85.554.391	141.158.664	3,40
1984	47.641.499	114.443.779	188.824.101	2,85
1985	58.905.416	163.674.481	235.436.556	3,07
1986	71.320.510	190.993.715	303.280.851	2,93
1987	57.495.080	252.554.799	375.843.527	3,92
1988	66.847.780	261.579.526	427.085.311	4,21
1989	53.041.472	296.561.293	440.098.909	4,95
		1.427.146.668	2.213.668.256	3,49

Birgðir 1/1 1981	1.407.647
Vörukaup 1981-1989	1.478.780.466
Birgðir 31/12 1989	53.041.472
Vörunotkun 1981-1989	1.427.146.668
Meðalálagning 1981 - 1989	55,11

Meðalálagning áranna 1981-1984 reynist nú verða 64,99%, og jafnframt er veltuhraði vörubirgða innan skynsamlegra marka. Er þó ástæða til að benda á veltuhraða vörubirgða árið 1981, sem líklegt má telja, að stafi af of lágu mati vörubirgða í árslok 1980, enda tæpast ástæða til að gera ráð fyrir annarri aðferð við að finna kostnaðarverð vörubirgða þá fremur en síðar. Ársreikningur 1980, skattframtal 1981 og álagning á það eru hins vegar ekki til úrlausnar í máli þessu.

Í ákærunni er ákærðu gefið að sök að hafa dregið umtalsverðar fjárhæðir undan tekjuskatti og eignarskatti. Dómkröfur eru meðal annars, að ákærðu verði dæmdir til sektar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75 frá 1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Í nefndri lagagrein er gert ráð fyrir, að sektarákvörðun sé bundin þeirri fjárhæð, sem undan hafi verið dregin.

Óhjákvæmilegt er við úrlausn máls þessa að komast að niðurstöðu um, hverju hafi að minnsta kosti numið sá tekjuskattur og eignarskattur, sem undan hafi verið skotið. Ljóst er, að verulegt undanskot hreinna tekna

hefur átt sér stað, og er næsta ljóst, hverju það hefur að minnsta kosti numið í heild á því fjögurra ára tímabili, sem hér er til umfjöllunar. Dreifingin milli ára er hins vegar óljós, og verður að meta allan slíkan vafa ákærðu í hag.

Því hefur verið óhjákvæmilegt að fara yfir og endurgera alla ársreikninga Þýsk-íslenska hf. fyrir árin 1981 til 1984 að báðum árum meðtöldum. Dómurinn hefur unnið það verk og tekið tillit til allra þeirra atvika, sem fram hafa komið og þýðingu hafa fyrir úrlausn málsins. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir líklegri leiðréttingu á vörunotkun og vörusölu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir öðrum atriðum, sem taka þarf tillit til, áður en unnt er að endurgera ársreikninga félagsins og skattframtöl og reikna skatta að nýju.

Þá hefur dómurinn endurgert ársreikninga Þýsk-íslenska hf. fyrir árin 1981 til 1984 að báðum árum meðtöldum. Við það hefur verið tekið tillit til ofangreindra leiðréttinga svo og gerðar þær breytingar aðrar, sem nauðsynlegar eru.

Breytingar á ársreikningunum fara hér á eftir.

Þar sem minnst er á ársreikning 1984, er átt við ársreikninginn frá 12. apríl 1986. Breytingar eru gerðar á honum og ársreikningum 1981-1983.

Vörusölu hefur verið breytt til samræmis við 3. töflu hér að framan. Þannig hefur verið tekið tillit til tekna, sem áður voru óframtaldar, og enn fremur hefur álagður viðbótarsöluskattur verið tekinn til lækkunar tekna. Á móti viðbótartekjunum er færð upp síhækkandi viðskiptakrafa í lok áranna 1981-1983, en ekki er þörf slíkrar leiðréttingar í árslok 1984. Á móti ógreiddum söluskatti er færð upp síhækkandi skuld í lok allra fjögurra áranna.

Álag og vextir af viðbótarálagningu söluskatts eru færð til aukningar á vaxtagjöldum, og á móti er færður upp síhækkandi skuldaliður meðal skammtímaskulda.

Vörunotkun og birgðum hefur verið breytt til samræmis við 3. töflu hér að framan. Þannig er stillt til, að meðalálagning samkvæmt rekstrarreikningunum er 64,99% öll fjögur árin. Óviðeigandi vörukaupaskuldir í lok áranna 1981-1983 eru felldar niður.

Byggingarkostnaður, sem færður hafði verið til gjalda áður, en aðeins er viðurkenndur í ársreikningi 1984, er nú færður til allra ársreikninganna, eftir því sem til þarf og í samræmi við ofangreindar upplýsingar. Það, sem áður hafði verið fært til gjalda, er nú dregið frá útgjöldum og samsvarandi eignaliður færður upp meðal varanlegra rekstrarfjármuna.

Verðbreytingafærsla skattalaga er endurreiknuð fyrir hvert ár í samræmi við breyttan stofn til hennar í upphafi hvers árs. Í ljós kemur, að aðeins er um tekjufærslu að ræða fyrsta árið, en síðan birtist vaxandi gjaldfærsla.

Aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald eru endurreiknuð miðað við endurgerða rekstrarreikninga. Aðstöðugjald lækkar öll árin nema 1984, og er samsvarandi liður færður til leiðréttingar á skammtímaskuldum.

Aukaafskriftir eru endurreiknaðar eftir ýtrustu heimild, og breytast þær umtalsvert frá birtum ársreikningum. Mestu munar, að árin 1982-1984 er verðbreytingafærslan gjaldfærsla og því ekki heimil aukaafskrift vegna hennar, heldur aðeins á móti söluhagnaði.

Niðurfærsla vörubirgða er endurreiknuð eftir heimild laga hverju sinni með tilliti til breyttra vörubirgða.

Niðurfærsla á viðskiptakröfum er endurreiknuð vegna breyttra viðskiptakrafna. Þannig bætist við niðurfærsla á uppsafnaðri sölu, sem áður var ófærð. Farið er að hámarki lögleyfðrar niðurfærslu.

Reiknað er tillag í varasjóð samkvæmt ákvæðum skattalaga á þeim árum, sem um ræðir, og er miðað við lögleyft hámark ár hvert.

Tekjuskattur er reiknaður að nýju og byggður á endurgerðum rekstrarreikningum og hámarki skattalegra frádráttarheimilda. Hækkun reiknaðs tekjuskatts er færð til skuldar.

Eignarskattsstofn er reiknaður eftir endurgerðum efnahagsreikningum og stemmdur af. Eignarskattur og eignarskattsauki eru reiknaðir og færðir, og er hækkun þeirra færð til skuldar.

Hækkun reiknaðra skatta, þ.e. aðstöðugjalds, kirkjugarðsgjalds, tekjuskatts, eignarskatts og eignarskattsauka, er færð á sama ári sem hækkun á reiknuðum sköttum. Þær fjárhæðir eru ári síðar færðar sem raunveruleg skattskuld. Ástæða þessa er, að reiknaður tekjuskattur og eignarskattur í byrjun hvers árs teljast ekki til skulda við útreikning verðbreytingafærslu, en að ári liðnu eru þessar fjárhæðir orðnar að raunverulegri skuld og hafa sömu stöðu og aðrar skuldir í þessu tilliti.

Eftir allar ofangreindar breytingar eru rekstrarreikningar Þýsk-íslenska hf. sem hér segir:

ENDURGERÐIR REKSTRARREIKNINGAR 1981-1984.
REKSTRARREIKNINGUR.

	1981	1982	1983	1984
Rekstrartekjur:				
Sala skv. ársreikn.	34.761.924	61.452.373	134.399.327	180.132.102
Tekjur fyrri ára .	2.315.281	3.957.815	7.544.293	9.738.487
Viðbótarsölugjald	-190.280	-356.776	-784.956	-1.046.488
Aðrar tekjur .	450.716	724.756	-1.758.105	1.300.261
	37.337.641	65.778.168	142.916.769	190.124.362

Rekstrargjöld:				
Vörunotkun	22.356.675	39.428.009	85.554.391	114.443.779
Launakostnaður .	1.380.051	3.527.190	7.208.576	11.342.618
Annar rekstrark.	1.478.949	3.743.215	8.594.786	12.379.312
Gjaldf.byggingark.	-367.893	-536.307	-234.822	
Aðstöðugjald	331.450	668.330	1.494.650	2.006.020
Kirkjugarðsgjald .	7.623	15.372	34.377	46.138
Afskriftir	415.785	360.326	918.147	1.675.461
	25.602.640	47.206.135	103.570.105	141.893.328
Hagn. f.fjármagnsl.	11.735.000	18.572.034	39.346.664	48.231.033
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur	427.764	246.465	814.679	1.813.299
Vaxtagjöld	-440.122	-863.610	-2.959.264	-4.007.195
Vextir/álag sölugj.	-105.762	-327.962	-783.948	-879.182
Verðbreytingafærsla	522.464	-2.606.602	-9.116.620	-9.214.000
	404.344	-3.551.709	-12.045.153	-12.287.078
	12.139.344	15.020.325	27.301.511	35.943.955
Óreglulegir liðir:				
Söluhagnaður ...		1.089.666	71.903	367.587
Sölutap	-32.713			-55.578
Hagnaður f. skatta	12.106.631	16.109.991	27.373.414	36.255.964
Tekjsk. ársins ...	-4.683.250	-6.605.091	-8.850.172	-12.896.619
Eignarsk. ársins ..	-119.041	-291.140	-796.320	-1.475.021
Tekjusk. fyrra árs	-9.595	-14.386		
Hagnaður ársins .	7.294.745	9.199.374	17.726.922	21.884.324

Og endurgerðir efnahagsreikningar koma þannig fram:

ENDURGERÐIR EFNAHAGSREIKNINGAR 1981 - 1984.

	1981	*1982*	*1983*	*1984*
Eignir:				
Sjóður og banka-innst.	118.582	478.467	282.866	625.960
Viðskiptakröfur ..	725.099	1.449.753	10.100.625	33.157.176
Kröf. v/tekna f.ára	1.879.335	5.201.636	12.467.670	

Víxileignir	2.172.544	3.108.908	9.490.435	22.128.599
Aðrar kröfur			100.000	25.611
Vörubirgðir í húsi	4.929.835	17.655.704	32.731.374	47.641.499
Vörubirgðir í tolli	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
	20.593.895	46.162.518	99.197.970	133.258.845
Hlutabréf				105.000
Fasteignir	4.479.147	10.131.240	20.132.823	39.832.691
Gjaldf.bygg-kostn.	803.839	2.407.965	4.646.834	
Bifreiðar	548.470	858.903	1.683.711	2.571.163
Innréttingar/áhöld	47.614	227.743	560.490	1.648.782
	5.879.070	13.625.851	27.023.858	44.157.636
	26.472.965	59.788.369	126.221.828	177.416.481
Skuldir:				
Yfirdráttur í banka	73.573	0	1.200.679	0
Samþykktir víxlar	1.070.143	3.677.063	4.769.501	2.822.363
Ógreidd vörukaup	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
Ógreitt sölugjald .	190.280	547.056	1.332.012	2.378.500
Vextir af sölugjaldi	105.762	433.724	1.217.672	2.096.854
Ýmis ógr. útgjöld	271.226	691.305	889.579	3.203.964
Viðbót ógr. skatta	0	4.568.036	11.244.155	20.111.319
Reiknaður tekjusk.	4.683.250	6.605.091	8.850.172	12.896.619
Reiknaður eignarsk.	119.041	291.140	796.320	1.475.021
Reiknað aðstöðugj.	331.450	668.330	1.494.650	2.006.020
Reikn.kirkjugarðsg.	7.623	15.372	34.377	46.138
Langtímaskuldir .	334.952	492.918	228.237	2.241.053
	17.955.800	36.258.085	66.082.354	78.957.852
Eigið fé:				
Varasjóður	2.401.667	5.788.893	11.573.319	20.002.482
Aukaafskriftir ...	208.985	1.411.044	2.494.242	3.528.290
Niðurfærsla vörub.	2.354.750	3.592.375	6.675.637	7.732.150
Niðurfærsla krafna	238.849	488.015	1.602.937	2.764.289
Hlutafé	200.000	200.000	200.000	200.000
Endurmatsreikn.	760.702	6.432.546	24.303.520	40.071.881
Óráðstafað eigið fé	2.352.211	5.617.411	13.289.819	24.159.538
	8.517.165	23.530.284	60.139.473	98.458.630
	26.472.965	59.788.369	126.221.828	177.416.482

BREYTINGAR Á EIGINFJÁRLIÐUM (SAMANDREGIÐ).

Eigið fé í ársbyrjun	884.323	8.517.165	23.530.284	60.139.473
Endurmat varanl. fjármuna	860.560	2.745.329	8.039.860	9.378.926
Endurm. gjaldf. byggingark.	0	432.305	1.725.789	-2.158.094
Verðbreytingafærsla	-522.464	2.606.602	9.116.620	9.214.000
Hagnaður ársins .	7.294.745	9.199.374	17.726.922	21.884.324
Aðrar leiðrétt.f.ára	0	29.510	-1	10
	8.517.165	23.530.284	60.139.473	98.458.630

BREYTINGAR Á EIGINFJÁRLIÐUM (SUNDURLIÐAÐ).

	1981	1982	1983	1984
Varasjóður:				
Varasjóður 1/1 ..	0	2.401.667	5.788.893	11.573.319
Lagt í varasjóð ..	65.493	14.573	155.435	0
Viðbót í varasjóð	2.336.174	3.372.653	5.628.991	8.429.163
Varasjóður 31/12	2.401.667	5.788.893	11.573.319	20.002.482
Aukaafskrift fasteigna:				
Aukaafskr. fasteigna 1/1	0	208.985	1.274.080	1.875.658
Endurmat	0	112.392	913.133	501.176
Afskrifað á árinu	0	1.792.795	2.087.447	985.324
Leiðrétt afskrift .	208.985	-840.092	-2.399.002	-2.055.617
Aukaafsk. fasteigna 31/12	208.985	1.274.080	1.875.658	1.306.541
Aukaafskrift innréttinga:				
Aukaafskr. innrétt. 1/1	0	0	136.964	618.584
Endurmat	0	0	98.162	165.286
Afskrifað á árinu	0	136.963	148.334	821.215
Leiðrétt afskrift .	0	0	235.124	616.665
Aukaafskr. innrétt. 31/12	0	136.964	618.584	2.221.750

Niðurfærsla birgða:				
Stofn í árslok ...	15.698.335	35.923.754	66.756.374	77.321.499
Niðurfærsla birgða				
1/1	211.152	2.354.750	3.592.375	6.675.637
Niðurfærsla á árinu	1.536.165	292.564	1.705.702	3.986.567
Leiðrétt niðurfærsla	607.433	945.061	1.377.560	-2.930.054
Niðurfærsla birgða				
31/12	2.354.750	3.592.375	6.675.637	7.732.150
Niðurfærsla krafna:				
Stofn í árslok: ..	4.776.978	9.760.297	32.058.730	55.285.775
Niðurfærsla krafna				
1/1	54.334	238.849	488.015	1.602.937
Niðurfærsla á árinu	90.548	83.051	751.620	1.784.736
Leiðrétt niðurfærsla	93.967	166.115	363.302	-623.384
Niðurfærsla krafna				
31/12	238.849	488.015	1.602.937	2.764.289
Hlutafé:				
Hlutafé 31/12 ...	200.000	200.000	200.000	200.000
Endurmatsreikningur:				
Endurm.-reikn. 1/1	422.606	760.702	6.432.546	24.303.520
Endurm. varanlegra				
fjárm.	860.560	2.745.329	8.039.860	9.378.916
Endurm. gjaldf.				
bygg-kostn.	0	432.305	1.725.789	-2.158.094
Endurm. aukafyrn.				
fasteigna	0	-112.392	-913.133	-501.176
Endurm. aukafyrn.				
innrétt.	0	0	-98.162	-165.286
Verðbreytinga-				
færsla	-522.464	2.606.602	9.116.620	9.214.000
Endurmatsreikning-				
ur 31/12	760.702	6.432.546	24.303.520	40.071.881

Óráðstafað eigið fé:				
Óráðstafað eigið fé 1/1	3.769	2.352.211	5.617.411	13.289.819
Hagnaður ársins .	7.294.745	9.199.374	17.726.922	21.884.324
Aukaafskr.fasteigna	-208.985	-952.703	311.555	1.070.293
Aukaafskr. innrétt.	0	-136.963	-383.458	-1.437.880
Niðurf. birgða ..	-1.536.165	-292.564	-1.705.702	-3.986.567
Leiðr.niðurf. birgða	-607.433	-945.061	-1.377.560	2.930.054
Niðurfærsla krafna	-90.548	-83.051	-751.620	-1.784.736
Leiðr.niðurf.krafna	-93.967	-166.115	-363.302	623.384
Lagt í varasjóð ..	-65.493	-14.573	-155.435	0
Viðbót í varasjóð	-2.336.174	-3.372.653	-5.628.991	-8.429.163
Leiðrétt fyrri ár .	0	29.510	-1	10
Óráðstafað 31/12	2.352.211	5.617.411	13.289.819	24.159.538
Eigið fé 31/12 ..	8.517.165	23.530.284	60.139.473	98.458.630

Aukaafskriftir hafa verið reiknaðar með þessum hætti:

FORSENDUR UM AUKAAFSKRIFTIR.

	1981	1982	1983	1984
Heimil aukaafskrift:				
40% af tekjufærslu	208.985	0	0	0
Söluhagnaður ...	0	1.089.666	71.903	367.587
	208.985	1.089.666	71.903	367.587
Möguleg aukaafskrift innréttinga:				
Framreikn. stofnverð	476.137	907.797	1.770.320	2.109.016
Almenn afskrift .	-428.523	-608.054	-1.209.830	-460.234
Bókfært verð ...	47.614	227.743	560.490	1.648.782
Hámark aukaafskr.	0	-136.963	-383.458	-1.437.880
	47.614	90.780	177.032	210.902
Aukaafskriftir skiptast þannig:				
Aukaafskr. fasteigna	208.985	952.703	-311.555	-1.070.293
Aukaafskr. innrétt.	0	136.963	383.458	1.437.880
Samtals	208.985	1.089.666	71.903	367.587

Verðbreytingafærsla kemur þannig fram:				
Sjóður/bankar 1/1	145.229	118.582	478.467	282.866
Viðsk-kröfur/víxlar	1.086.679	4.776.978	9.760.297	32.058.730
Aðrar kröfur	0	0	0	100.000
Vörubirgðir	1.407.674	15.698.335	35.923.754	66.756.374
Skuldir án reiknaðs tekju og eignar-skatts .	-3.350.847	-13.153.509	-29.361.854	-56.435.862
Niðurfærsla birgða	-211.151	-2.354.750	-3.592.375	-6.675.637
Niðurfærsla krafna	-54.334	-238.849	-488.015	-1.602.937
Stofn til verðbr-færslu	-976.750	4.846.786	12.720.274	34.483.534
Verðbreytingar (tekj.)/gj.	-522.464	2.606.602	9.116.620	9.214.000

Aðstöðugjaldsstofn, aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald eru reiknuð með eftirfarandi hætti:

Aðstöðugjaldsstofn:				
Rekstrargjöld	25.263.567	46.522.433	102.041.078	139.841.170
Vextir	545.884	1.191.572	3.743.212	4.886.377
Verðbreytingafærsla	-522.464	2.606.602	9.116.620	9.214.000
Aukaafskriftir ...	208.985	1.089.666	71.903	367.587
Aðstöðugjaldsstofn	25.495.973	51.410.273	114.972.814	154.309.134
Aðstöðugjald	331.450	668.330	1.494.650	2.006.020
Kirkjugarðsgjald .	7.623	15.372	34.377	46.138

Eignarskattsstofn er endurreiknaður fyrir hvert ár fyrir sig og jafnframt stemmdur af. Útreikningurinn og afstemmingin eru sem hér segir, og jafnframt er reiknaður eignarskattur og eignarskattsauki:

	1981	1982	1983	1984
Eignarskattsstofn:				
Heildareignir	26.472.965	59.788.369	126.221.828	177.416.481
Skuldir án reiknaðs tekju- og eignarskatts ..	-13.153.509	-29.361.854	-56.435.862	-64.586.212
Hlutafé	-200.000	-200.000	-200.000	-200.000

Niðurf. vörubirgða	-2.354.750	-3.592.375	-6.675.637	-7.732.150
Niðurfærsla krafna	-238.849	-488.015	-1.602.937	-2.764.289
Aukaafskriftir ...	-208.985	-1.411.044	-2.494.242	-3.528.290
Fasteignamat	1.813.000	10.273.000	42.912.000	53.087.000
Bókfært verð í framtali	-1.405.970	-8.338.445	-13.255.122	-28.774.104
Viðbót við bókfært verð	-803.839	-2.407.965	-4.646.834	0
	9.920.062	24.261.671	83.823.194	122.918.436
Eignarskattur	119.041	291.140	796.320	1.167.725
Eignarskattsauki .	0	0	0	307.296
Eignarskattur	119.041	291.140	796.320	1.167.725
Eignarskattsauki .	0	0	0	307.296
	119.041	291.140	796.320	1.475.021

Afstemming eignarskattsstofns:

Óráðstaf. eigið fé	2.352.211	5.617.411	13.289.819	24.159.538
Endurmatsreikn. .	760.702	6.432.546	24.303.520	40.071.881
Varasjóður	2.401.667	5.788.893	11.573.319	20.002.482
Reikn. tekjuskattur	4.683.250	6.605.091	8.850.172	12.896.619
Reikn.eignarskattur	119.041	291.140	796.320	1.475.021
Fasteignamat	1.813.000	10.273.000	42.912.000	53.087.000
Bókf. verð skv. framtali	-1.405.970	-8.338.445	-13.255.122	-28.774.104
Viðbót við bókfært verð	-803.839	-2.407.965	-4.646.834	0
Stofn til afstemmingar	9.920.062	24.261.672	83.823.194	122.918.437
Stofn skv.f.útreikn.	9.920.062	24.261.672	83.823.194	122.918.436
Afstemming	0	0	0	1

Tekjuskattsstofn og tekjuskattur koma loks þannig fram:

Tekjuskattsstofn:				
Hagn. fyrir skatta	12.106.631	16.109.991	27.373.414	36.255.964
Niðurf. vörubirgða	-2.143.598	-1.237.625	-3.083.262	-1.056.513
Niðurfærsla krafna	-184.515	-249.166	-1.114.922	-1.161.352
Aukaafskr.fasteigna	-208.985	-952.703	311.555	1.070.293

Aukaafskr. innrétt.	0	-136.963	-383.458	-1.437.880
Kirkjugarðsgjald .	7.623	15.372	34.377	46.138
Leiðrétt. skattstjóra	29.511	0	0	0
	9.606.667	13.548.906	23.137.704	33.716.651
Lagt í varasjóð ..	-65.493	-14.573	-155.435	0
Viðbót í varasjóð	-2.336.174	-3.372.653	-5.628.991	-8.429.163
Tekjuskattsstofn .	7.205.000	10.161.679	17.353.278	25.287.488
Tekjuskattur	4.683.250	6.605.091	8.850.172	12.896.619

Að lokum er gerður samanburður á endurreiknuðum tekjuskatti og eignarskatti. Samkvæmt því líkani, sem nú hefur verið lýst, nemur undandreginn tekjuskattur kr. 26.633.756 og undandreginn eignarskattur og eignarskattsauki kr. 1.671.304, samtals kr. 28.305.061.

Samanburður álagðra og endurreiknaðra skatta:

	Tekjuár	Tekjuskattur	Eignar-skattur	Samtals
Álagðir skattar	1981	127.710	16.524	144.234
	1982	28.418	47.334	75.752
	1983	237.815	311.809	549.624
	1984	6.007.433	634.551	6.641.984
		6.401.376	1.010.218	7.411.594
Endurreiknaðir skattar	1981	4.683.250	119.041	4.802.291
	1982	6.605.091	291.140	6.896.232
	1983	8.850.172	796.320	9.646.492
	1984	12.896.619	1.475.021	14.371.640
		33.035.132	2.681.522	35.716.655
Undandregnir skattar		26.633.756	1.671.304	28.305.061

Á undan framangreindum endurgerðum ársreikningum er tíundað, hvaða forsendur voru settar við gerð þeirra. Svo sem áður greinir, var gert ráð fyrir að jafna ófærðum sölutekjum á árin fjögur í hlutfalli við þær sölutekjur, sem fram komu í ársreikningum félagsins. Jafnframt var vörubirgðum og þar með vörunotkun á hverju ári hagað þannig, að fram kæmi sama heildarálagning öll fjögur árin. Aðrar breytingar á ársreikningunum eru annaðhvort beinar afleiðingar af forsendum þessum eða óháðar þeim og orka ekki tvímælis.

Eftir er að komast að niðurstöðu um, hver sé fjárhæð þess tekjuskatts og eignarskatts, sem undan hafi verið skotið að minnsta kosti. Til að komast að slíkri niðurstöðu þarf að haga ofangreindum forsendum þannig, að leiði til lægstu mögulegrar fjárhæðar undanskotinna skatta.

Reiknilíkan það, sem notað hefur verið við gerð þessara endurgerðu ársreikninga, er nú notað til að leita að þeirri dreifingu viðbótarsölutekna og vörunotkunar, sem leiðir til lægstu mögulegrar álagningar tekjuskatts og eignarskatts. Um leið hafa þessari dreifingu verið sett ákveðin mörk, sem ekki verður talin ástæða til að fara yfir. Mörkin eru eftirfarandi:

Ekki er talið, að heildarálagning í rekstrarreikningi geti nokkru sinni farið yfir 80%. Bent er á þær upplýsingar um álagningu, sem fram koma hér að framan.

Veltuhraði vörubirgða í ársreikningi er ekki talinn geta verið meiri en 12. Það táknar, að endingartími vörubirgða er talinn vera að minnsta kosti eins mánaðar sala.

Ekki er talið, að sala geti nokkurt ár numið lægri fjárhæð en fram kemur í upphaflegum rekstrarreikningi.

Í ljós kemur, að sú dreifing vörubirgða, vörunotkunar og sölu, sem leiðir til lægstrar fjárhæðar undanskotins tekjuskatts og eignarskatts, er sú, sem hér fer á eftir. Jafnframt kemur fram fjárhæð þess tekjuskatts og eignarskatts, sem telst hafa verið skotið undan miðað við þessar forsendur.

Dómurinn telur samsetningu þessara fjárhæða vera með þeim hætti, að lengra verði ekki gengið í að túlka þær ákærðu í vil.

DREIFING SÖLUTEKNA OG VÖRUNOTKUNAR, SEM LEIÐIR TIL LÁGMARKSSKATTUNDANDRÁTTAR.

ÁR	MEÐAL-ÁLAGNING	BIRGÐIR 1/1	VÖRU-KAUP	BIRGÐIR 31/12
1981	80,00	1.407.674	25.878.836	2.692.000
1982	80,00	2.692.000	52.153.878	15.190.000
1983	51,49	15.190.000	100.630.060	26.220.000
1984	66,89	26.220.000	129.353.905	47.641.499
	64,99		308.016.679	

ÁR	VÖRU-NOTKUN	HREIN SALA	VELTU HRAÐI
1981	24.594.510	44.270.000	12,00
1982	39.655.878	71.378.795	4,44
1983	89.600.060	136.142.205	4,33

1984	107.932.406	180.132.102	2,92
	261.782.854	431.923.102	3,50

Undanskotinn tekjuskattur	24.332.128
Undanskotinn eignarskattur og eignarskattsauki	1.829.253
Undanskot alls	26.161.381

Þá fara hér á eftir ársreikningar Þýsk-íslenska hf., eftir að þeim hefur verið breytt til móts við ofangreindar forsendur, sem ætlað er að lágmarka reiknað undanskot tekjuskatts og eignarskatts.

ENDURGERÐIR REKSTRARREIKNINGAR 1981 - 1984.

	1981	1982	1983	1984
Rekstrartekjur:				
Sala skv. ársreikn.	34.761.924	61.452.373	134.399.327	180.132.102
Tekjur fyrri ára	9.698.356	10.283.198	2.527.834	1.046.488
Viðbótarsölugjald	-190.280	-356.776	-784.956	-1.046.488
Aðrar tekjur	450.716	724.756	1.758.105	1.300.261
	44.720.716	72.103.551	137.900.310	181.432.363
Rekstrargjöld:				
Vörunotkun	24.594.510	39.655.878	89.600.060	107.932.406
Launakostnaður	1.380.051	3.527.190	7.208.576	11.342.618
Annar rekstr-kostn.	1.478.949	3.743.215	8.594.786	12.379.312
Gjaldf. bygg-kostn.	-367.893	-536.307	-234.822	
Aðstöðugjald	360.540	706.830	1.623.600	1.914.890
Kirkjugarðsgjald	8.292	16.257	37.343	44.042
Afskriftir	415.785	360.326	918.147	1.675.461
	27.870.234	47.473.389	107.747.690	135.288.729
Hagn. f.fjárm-liði	16.850.482	24.630.162	30.152.620	46.143.634
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur	427.764	246.465	814.679	1.813.299
Vaxtagjöld	-440.122	-863.610	-2.959.264	-4.007.195
Vextir/álag sölugj.	-105.762	-327.962	-783.948	-879.182
Verðbreytingafærsla	522.464	-5.339.703	-14.990.672	-8.715.726
	404.344	-6.284.810	-17.919.205	-11.788.804
	17.254.825	18.345.352	12.233.415	34.354.829

Óreglulegir liðir:				
Söluhagnaður ...		1.089.666	71.903	367.587
Sölutap	-32.713			-55.578
Hagnaður f. skatta	17.222.112	19.435.018	12.305.318	34.666.838
Tekjuskattur ársins	-7.161.053	-8.028.854	-3.338.446	-12.205.151
Eignarskattur ársins	-180.025	-389.492	-778.605	-1.491.350
Tekjuskattur f. árs	-9.595	-14.386		
Hagnaður ársins .	9.871.440	11.002.286	8.188.267	20.970.337
Aðstöðugjaldsstofn:				
Rekstrargjöld	27.501.402	46.750.302	106.086.747	133.329.797
Vextir	545.884	1.191.572	3.743.212	4.886.377
Verðbreytingafærsla	-522.464	5.339.703	14.990.672	8.715.726
Aukaafskriftir ...	208.985	1.089.666	71.903	367.587
Aðstöðugjaldsstofn	27.735.789	54.373.225	124.894.517	147.301.471
Aðstöðugjald	360.540	706.830	1.623.600	1.914.890
Kirkjugarðsgjald .	8.292	16.257	37.343	44.042
Tekjuskattsstofn:				
Hagnaður f. skatta	17.222.112	19.435.018	12.305.318	34.666.838
Niðurf. vörubirgða	-1.807.923	-1.326.730	-2.678.695	-1.707.650
Niðurfærsla krafna	-553.669	-565.435	-864.099	-726.752
Aukaafskriftir ...	-208.985	-1.089.666	-71.903	-367.587
Kirkjugarðsgjald .	8.292	16.257	37.343	44.042
Leiðrétt. skattstjóra	29.511			
	14.689.338	16.469.444	8.727.964	31.908.892
Lagt í varasjóð ..	-3.672.335	-4.117.361	-2.181.991	-7.977.223
Tekjuskattsstofn .	11.017.004	12.352.083	6.545.973	23.931.669
Tekjuskattur	7.161.053	8.028.854	3.338.446	12.205.151

ENDURGERÐIR EFNAHAGSREIKNINGAR 1981 - 1984.

	1981	1982	1983	1984
Eignir:				
Sjóður/bankainnst.	118.582	478.467	282.866	625.960
Viðskiptakröfur ..	725.099	1.449.753	10.100.625	33.157.176

Kröf. v/tekna f.ára	9.262.410	18.910.094	21.159.669	
Víxileignir	2.172.544	3.108.908	9.490.435	22.128.599
Aðrar kröfur			100.000	25.611
Vörubirgðir í húsi	2.692.000	15.190.000	26.220.000	47.641.499
Vörubirgðir í tolli	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
	25.739.135	57.405.272	101.378.596	133.258.845
Hlutabréf				105.000
Fasteignir	4.479.147	10.131.240	20.132.823	39.832.691
Gjaldf.bygg-kostn.	803.839	2.407.965	4.646.834	
Bifreiðar	548.470	858.903	1.683.711	2.571.163
Innrétt. og áhöld	47.614	227.743	560.490	1.648.782
	5.879.070	13.625.851	27.023.858	44.157.636
	31.618.205	71.031.123	128.402.454	177.416.481
Skuldir:				
Yfirdráttur í banka	73.573	0	1.200.679	0
Samþykktir víxlar	1.070.143	3.677.063	4.769.501	2.822.363
Ógreidd vörukaup	10.768.500	18.268.050	34.025.000	29.680.000
Ógreitt sölugjald .	190.280	547.056	1.332.012	2.378.500
Vextir af sölugjaldi	105.762	433.724	1.217.672	2.096.854
Ýmis ógr. útgjöld	271.226	691.305	889.579	3.203.964
Viðbót ógr. skatta	0	7.136.582	15.374.201	18.843.839
Reikn. tekjuskattur	7.161.053	8.028.854	3.338.446	12.205.151
Reikn.eignarskattur	180.025	389.492	778.605	1.491.350
Reikn. aðstöðugjald	360.540	706.830	1.623.600	1.914.890
Reikn. kirkjug-gj.	8.292	16.257	37.343	44.042
Langtímaskuldir .	334.952	492.918	288.237	2.241.053
	20.524.346	40.388.131	64.814.874	76.922.006
Eigið fé:				
Varasjóður	3.672.335	7.789.696	9.971.687	17.948.910
Aukaafskriftir ...	208.985	1.411.044	2.494.242	3.528.290
Niðurf. vörubirgða	2.019.075	3.345.805	6.024.500	7.732.150
Niðurfærsla krafna	608.003	1.173.438	2.037.536	2.764.289
Hlutafé	200.000	200.000	200.000	200.000
Endurmatsreikn. .	760.702	9.165.647	32.910.673	48.180.760
Óráðstafað eigið fé	3.624.759	7.557.363	9.948.942	20.140.077
	11.093.859	30.642.992	63.587.579	100.494.475
	31.618.205	71.031.123	128.402.454	177.416.482

VERÐBREYTINGAFÆRSLA.

Sjóður/bankar 1/1	145.229	118.582	478.467	282.866
Viðskiptakröf./víxl.	1.086.679	12.160.053	23.468.755	40.750.729
Aðrar kröfur	0	0	0	100.000
Vörubirgðir	1.407.674	13.460.500	33.458.050	60.245.000
Skuldir án reiknaðs tekju- og eignar-skatts	-3.350.847	-13.183.268	-31.969.785	-60.697.823
Niðurfærsla birgða	-211.151	-2.019.075	-3.345.805	-6.024.500
Niðurfærsla krafna	-54.334	-608.003	-1.173.438	-2.037.536
Stofn til verðbr-færslu	-976.750	9.928.789	20.916.244	32.618.736
Verðbreyt.(tekj.)/gj.	-522.464	5.339.703	14.990.672	8.715.726

BREYTINGAR Á EIGINFJÁRLIÐUM (SUNDURLIÐAÐ).

Varasjóður:	1981	1982	1983	1984
Varasjóður 1/1 ..	0	3.672.335	7.789.696	9.971.687
Lagt í varasjóð ..	65.493	14.573	155.435	0
Viðbót í varasjóð	3.606.842	4.102.788	2.026.556	7.977.223
Varasjóður 31/12	3.672.335	7.789.696	9.971.687	17.948.910
Aukaafskrift fasteigna:				
Aukaafsk. fast. 1/1	0	208.985	1.274.080	1.875.658
Endurmat	0	112.392	913.133	501.176
Afskrifað á árinu	0	1.792.795	2.087.447	985.324
Leiðrétt afskrift	208.985	-840.092	-2.399.002	-2.055.617
Aukaafsk.fast. 31/12	208.985	1.274.080	1.875.658	1.306.541
Aukaafskrift inn-réttinga:				
Au-afsk.innrétt. 1/1	0	0	136.964	618.584
Endurmat	0	0	98.162	165.286
Afskrifað á árinu	0	136.963	148.334	821.215
Leiðrétt afskrift	0	0	235.124	616.665
Aukaafskr. innrétt. 31/12	0	136.964	618.584	2.221.750

Niðurfærsla birgða:				
Stofn í árslok:	13.460.500	33.458.050	60.245.000	77.321.499
Niðurf. birgða 1/1	211.152	2.019.075	3.345.805	6.024.500
Niðurfærsla á árinu	1.536.165	292.564	1.705.702	3.986.567
Leiðrétt niðurfærsla	271.758	1.034.166	972.993	-2.278.917
Niðurf. birgða 31/12	2.019.075	3.345.805	6.024.500	7.732.150
Niðurfærsla krafna:				
Stofn í árslok:	12.160.053	23.468.755	40.750.729	55.285.775
Niðurf. krafna 1/1	54.334	608.003	1.173.438	2.037.536
Niðurfærsla á árinu	90.548	83.051	751.620	1.784.736
Leiðrétt niðurfærsla	463.121	482.384	112.479	-1.057.984
Niðurf. krafna 31/12	608.003	1.173.438	2.037.536	2.764.289
Hlutafé:				
Hlutafé 31/12 ...	200.000	200.000	200.000	200.000
Endurmatsreikningur:				
Endurmatsreikn.1/1	422.606	760.702	9.165.647	32.910.673
Endurm.varanl.fjár.	860.560	2.745.329	8.039.860	9.378.916
" gjaldf.byggk.	0	432.305	1.725.789	-2.158.094
" aukaaf.fast.	0	-112.392	-913.133	-501.176
" aukaaf. innr.	0	0	-98.162	-165.286
Verðbreytingafærsla	-522.464	5.339.703	14.990.672	8.715.726
Endurm-reikn.31/12	760.702	9.165.647	32.910.673	48.180.760
Óráðstafað eigið fé:				
Óráðst.eigið fé 1/1	-3.769	3.624.759	7.557.363	9.948.942
Hagnaður ársins .	9.871.440	11.002.286	8.188.267	20.970.337
Aukaafskr.fasteigna	-208.985	-952.703	311.555	1.070.293
Aukaafskr. innrétt.	0	-136.963	-383.458	-1.437.880
Niðurfærsla birgða	-1.536.165	-292.564	-1.705.702	-3.986.567
Leiðr.niðurf. birgða	-271.758	-1.034.166	-972.993	2.278.917
Niðurfærsla krafna	-90.548	-83.051	-751.620	-1.784.736
Leiðr.niðurf.krafna	-463.121	-482.384	-112.479	1.057.984
Lagt í varasjóð ..	-65.493	-14.573	-155.435	0
Viðbót í varasjóð	-3.606.842	-4.102.788	-2.026.556	-7.977.223

Leiðrétt fyrri ár .	0	29.519	-1	10
Óráðstafað 31/12	3.624.759	7.557.363	9.948.942	20.140.077
EIGIÐ FÉ 31/12	11.093.859	30.642.992	63.587.579	100.494.475

Eignarskattsstofn:

	1981	1982	1983	1984
Heildareignir	31.618.205	71.031.123	128.402.454	177.416.481
Skuldir án reiknaðs tekju- og eignarskatts ..	-13.183.268	-31.969.785	-60.697.823	-63.225.506
Hlutafé	-200.000	-200.000	-200.000	-200.000
Niðurf. vörubirgða	-2.019.075	-3.345.805	-6.024.500	-7.732.150
Niðurfærsla krafna	-608.003	-1.173.438	-2.037.536	-2.764.289
Aukaafskriftir	-208.985	-1.411.044	-2.494.242	-3.528.290
Fasteignamat	1.813.000	10.273.000	42.912.000	53.087.000
Bókf.verð í framtal	-1.405.970	-8.338.445	-13.255.122	-28.774.104
Viðbót við bókfært verð	-803.839	-2.407.965	-4.646.834	0
	15.002.065	32.457.642	81.958.396	124.279.142
Eignarskattur	180.025	389.492	778.605	1.180.652
Eignarskattsauki .	0	0	0	310.698
	180.025	389.492	778.605	1.491.350

Afstemming eignarskattsstofns:

Óráðstafað eigið fé	3.624.759	7.557.363	9.948.942	20.140.077
Endurmatsreikn. .	760.702	9.165.647	32.910.673	48.180.760
Varasjóður	3.672.335	7.789.696	9.971.687	17.948.910
Reikn. tekjuskattur	7.161.053	8.028.854	3.338.446	12.205.151
Reikn.eignarskattur	180.025	389.492	778.605	1.491.350
Fasteignamat	1.813.000	10.273.000	42.912.000	53.087.000
Bókfært verð skv. framtali	-1.405.970	-8.338.445	-13.255.122	-28.774.104
Viðbót við bókfært verð	-803.839	-2.407.965	-4.646.834	0
Stofn til afstemm.	15.002.065	32.457.642	81.958.396	124.279.143
Stofn skv.f.útreikn.	15.002.065	32.457.642	81.958.396	124.279.142
Afstemming:	0	0	0	1

Samanburður álagðra og endurreiknaðra skatta:

Álagðir skattar	Tekjuár	Tekju-skattur	Eignar-skattur	Samtals
	1981	127.710	16.524	144.234
	1982	28.418	47.334	75.752
	1983	237.815	311.809	549.624
	1984	6.007.433	634.551	6.641.984
		6.401.376	1.010.218	7.411.594
Endurreiknaðir skattar	1981	7.161.053	180.024	7.341.077
	1982	8.028.854	389.492	8.418.346
	1983	3.338.446	778.605	4.117.051
	1984	12.205.151	1.491.350	13.696.501
		30.733.504	2.839.471	33.572.975
Undandregnir skattar		24.332.128	1.829.253	26.161.381

Að virtum ofangreindum endurgerðum ársreikningum fyrir árin 1981 til 1984 að báðum meðtöldum telur dómurinn, að með framtalsgerð sinni, eins og Þýsk-íslenska hf. hagaði henni, þar á meðal með fyrri ársreikningi sínum fyrir árið 1984, hafi félagið skotið undan tekjuskatti eigi lægri fjárhæð en kr. 24.332.128 og undan eignarskatti og eignarskattsauka eigi lægri fjárhæð en kr. 1.829.253, alls kr. 26.161.381.

Ákærðu hafa viðurkennt, að við gerð skattframtals fyrir rekstrarárið 1984 hafi þeir staðið uppi með stórt „gap", sem þeir telja sig ekki hafa haft skýringu á. Hefur ákærði Guðmundur borið, að hann hafi talið, að um þrjár skýringar á þessu „gapi" hafi getað verið að ræða. Í fyrsta lagi hafði getað verið um að ræða vanframtaldar skuldir, í öðru lagi hafi þarna getað verið á ferðinni eignasala, sem ekki hafi verið bókuð, og í þriðja lagi hafi þetta getað verið vanframtaldar tekjur. Þá hefur ákærði Ómar sagt, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að milljónir króna hefðu ekki tekjufærst, og sé skýringin á því fólgin í ásigkomulagi bókhalds félagsins, sem rekja megi til vandræða með tövluforrit þau, sem unnið hafi verið eftir.

Það er álit dómsins, að tölvuvandamál þau, er ákærðu hafa borið fyrir sig, verði að meginstofni til rakin til ágalla í vinnubrögðum starfsmanna félagsins. Styðst þetta við framburð vitnanna Emils Theódórs Guðjónssonar og Reynis Vignis, löggiltra endurskoðenda, og önnur gögn þeirra um vinnu þeirra við gerð nýs sölukerfis hjá félaginu, en þar kemur fram, að þeir hafi í því sambandi einungis lagfært vinnuskipulag í sölu-, viðskipta-

og birgðakerfi félagsins og hafi bókhaldskerfi þess verið talin starfa eðlilega, að því er þetta varðar, bæði fyrir og eftir framangreinda vinnu þeirra. Þá hefur eigi neitt sérstakt komið fram í málinu af hálfu ákærðu um, að tölvu- og bókhaldskerfum félagsins hafi verið frekar áfátt, eftir að Emil Theódór og Reynir höfðu komið ofangreindum málum í lag. Enn fremur er á það að líta, að bókhald félagsins, þar með talið tölvubókhald, var algerlega á ábyrgð stjórnenda þess, og hafi þeir séð ágalla á því, bar þeim skylda til að láta lagfæra þá, jafnskjótt og þeir urðu þeim ljósir.

Vitnið Emil Theódór Guðjónsson hefur fullyrt, að það hafi afhent ákærðu í máli þessu uppgjörsdrög þau, er að framan greinir. Ákærði Ómar hefur viðurkennt að hafa fengið vitnið til að gera úttekt á stöðu félagsins. Þykir vera sannað með framburði vitnisins, sem fær stoð í framburði vitnisins Reynis Vignis og er að öðru leyti í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að svo hafi verið, enda fráleitt að ætla, að slíkt undirstöðugagn, unnið fyrir Þýsk-íslenska hf. á grundvelli ýmissa bókhaldsgagna, sem voru í fórum Endurskoðunarmiðstöðvarinar hf. og lagt var hald á við rannsókn málsins og afhent voru af félaginu sjálfu til notkunar við vinnu Emils Theódórs, kæmu ekki fyrir sjónir aðalstjórnanda þess og umsjónarmanns bókhalds, enda var þessi vinna Emils Theódórs algerlega óháð því verki hans og Reynis Vignis að endurskipuleggja sölukerfi félagsins.

Gat ákærðu því ekki dulist, að verulegir annmarkar voru á tekjufærslu félagsins. Á grundvelli þessa hefði verið eðlilegt og rökrétt að fara þess á leit við Emil Theódór, að hann héldi áfram uppgjörsvinnu sinni og lyki henni, áður en skattskil fyrir rekstrarárið 1984 voru gerð. Hefur eigi fengist haldbær skýring á því, að þessi leið var eigi farin. Í stað þessa og þrátt fyrir framangreinda annmarka ákváðu ákærðu, að ákærði Guðmundur, sem séð hafði um skattskil félagsins frá árinu 1977 og allt bókhald frá árinu 1982 og átti samkvæmt því að vera gjörkunnugur því, sæi um að ganga frá skattframtali. Varð niðurstaða þessa skattframtal það og ársreikningur, sem ákærðu undirrituðu og afhentu skattyfirvöldum 2. júlí 1985.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að skattundandráttur Þýsk-íslenska hf. vegna rekstrarársins 1984 hafi numið að minnsta kosti kr. 26.161.381, en ljóst þykir, að sú fjárhæð er meðal annars vegna uppsafnaðra tekna áranna 1981 til 1984 að þeim báðum meðtöldum, sem áður höfðu eigi verið taldar fram, eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Þegar fyrra skattframtal félagsins fyrir rekstrarárið 1984 er borið saman við hið síðara fyrir sama ár, hlýtur hið síðara að verða að skoðast sem viðurkenning á skattundandrætti. Er hafnað öllum fullyrðingum um, að það hafi verið unnið við einhverjar óeðlilegar aðstæður, sem skattrannsóknarstjóri hafi valdið. Þvert á móti þykir fram komið í málinu, að ákærði

Ómar hafi átt allt frumkvæði að því, að hið endurgerða framtal var gert, eftir að skattyfirvöldum varð ljóst, að hið fyrra var rangt.

Það er skilyrði fyrir refsinæmi brota á 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að skattaðili hafi í skýrslu sinni til skattyfirvalda skýrt af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því, sem máli skiptir, um tekjuskatt sinn eða eignarskatt. Er refsinæmið samkvæmt þessu bundið við skýrslugjöfina og brotið fullframið, er skýrslan er komin til viðtakanda. Er það eigi skilyrði, að háttsemin leiði til rangrar úrlausnar eða baki tjón, heldur hafi hin ranga skýrsla falið í sér undandrátt skattfjárhæða, hvort sem álagning hafi farið fram eður eigi. Sök skattþegns er því fólgin í því að leitast við að koma fram rangri álagningu sér í hag og baka þannig ríkissjóði tjón.

Sannað er í málinu, að ákærðu hafi með áðurgreindri skattskýrslu sinni, sem afhent var skattstjóra til ákvörðunar álagningar, gerst sekir um þann undandrátt á tekjum Þýsk-íslenska hf., sem hér að framan getur, enda gat þeim eigi dulist, að skýrslan var röng í verulegum atriðum.

Á þeim tíma, sem mál þetta tekur til, var ákærði Ómar stjórnarformaður Þýsk-íslenska hf., framkvæmdastjóri þess og aðaleigandi. Ákærði Guðmundur var á sama tíma stjórnarmaður í félaginu og sá um bókhald þess og uppgjör. Báðir voru ákærðu prókúruhafar félagsins. Þá hefur ákærði Ómar borið, að hann hafi rekið félagið nánast sem einkafyrirtæki sitt.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærðu hafa stöðu sinnar vegna innan Þýsk-íslenska hf. borið ábyrgð á framangreindri háttsemi, enda hlaut þeim að vera ljóst, að skattframtal það og ársreikningur, sem þeir undirrituðu og móttekið var af skattstjóra 2. júlí 1985, voru röng í verulegum atriðum. Hafa ákærðu því gerst sekir um háttsemi þá, er þeim er gefin að sök I. kafla ákæru. Varðar atferli þeirra beggja við 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981, og þar sem brot ákærðu er stórfellt, hafa þeir einnig brotið gegn 6. mgr. sömu lagagreinar.

II. kafli.

Skjalafals.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt, að mikil óreiða hafi verið á bókhaldi Þýsk-íslenska hf. bæði á árinu 1984 og næstu ár á undan. Fær þetta einnig stoð í framburði vitnanna Emils Theódórs Guðjónssonar, Reynis Vignis og Helga Magnússonar, en þeim ber öllum saman um, að ástand bókhaldsins hafi verið mjög lélegt. Fram er komið í málinu, að þetta ástand bókhaldsins hafi legið fyrir þegar árið 1982. Þrátt fyrir það voru gerðir ársreikningar þrjú ár í röð og skattframtölum skilað, án þess að úr þessu væri bætt. Þykir sannað samkvæmt því, sem áður er rakið, svo og öðru því, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að bókhald félagsins og gerð árs-

reiknings fyrir rekstrarárið 1984 hafi verið fjarri því að uppfylla kröfur um góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

1. Samkvæmt tölvulista úr fjárhagsbókhaldi, dagsettum 21. febrúar 1985, er langtímaskuld félagsins við Samvinnubanka Íslands að fjárhæð kr. 97.230. Eins og fram hefur komið í málinu, er hér um sérstaka skuld að ræða. Er sannað með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið, að þeir hafa tilgreint ranglega í ársreikningum með því skattframtali Þýsk-íslenska hf., sem móttekið var af skattstjóra 2. júlí 1985, skuld, að fjárhæð kr. 15.000.000, við Samvinnubanka Íslands hf., enda þótt um enga skuld við bankann væri að ræða á móti þessum skuldalið.

2. Á sama hátt og í 1. lið hér að ofan greinir, er sannað, að ákærðu hafa tilgreint í sama ársreikningi og þar greinir skuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 22.922.100, enda þótt um enga skuld við bankann væri að ræða á móti þessum skuldalið.

3. Samkvæmt ofangreindum tölvulista og reikningsjöfnuði, dagsettum 29. nóvember 1985, er skuld viðskiptamanna 26.246.992, en samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, mótteknum 2. júlí 1985, eru viðskiptakröfur kr. 24.646.992. Á síðasta blaði úr tölvuskrifuðum viðskiptamannalista, dagsettum 7. janúar 1985, er „áramótasaldo" viðskiptamanna samtals kr. 33.157.176. Mismunur á „saldolistanum" og tilgreindri upphæð í ársreikningum er því kr. 8.510.184.

Þegar ársreikningur fyrir rekstrarárið 1984, sem móttekinn var 2. júlí 1985, var gerður, þykir vera sannað með því, sem rakið hefur verið hér að framan, að ákærðu hafi hlotið að gera sér grein fyrir þessum mismun, sem þegar lá fyrir, en þrátt fyrir það tilgreint ranglega eignaliðinn „viðskiptakröfur" of lágt um allt að kr. 8.510.184 í efnahagsreikningi.

4. Í tölvulista úr fjárhagsbókhaldi Þýsk-íslenska hf. fyrir árið 1984, dagsettum 21. febrúar 1985, og reikningsjöfnuði, dagsettum 29. nóvember 1985, kemur fram, að víxileign er kr. 10.951.418, en samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 1984, sem móttekinn var 2. júlí 1985, eru viðskiptavíxlar tilgreindir að fjárhæð kr. 15.730.915. Í síðari ársreikningi félagsins fyrir árið 1984 eru viðskiptavíxlar tilgreindir að fjárhæð kr. 22.128.599. Svo sem fram er komið í málinu, er ársreikningr þessi saminn af Helga Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, og telur hann, að tilfærð víxileign gefi rétta mynd af þessum eignalið.

Þegar það er virt, að bókhald Þýsk-íslenska hf. virðist hafa verið í molum á þessum tíma, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærðu hafi gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu víxileignar, er ársreikningur sá, er móttekinn var 2. júlí 1985, var gerður, þar sem eignaliður þessi kom ekki fram í neinni

undirbók bókhalds. Þykir samkvæmt því bera að sýkna ákærðu af þessum lið ákærunnar.

5. Samkvæmt framangreindum tölvulista, dagsettum 21. febrúar 1985, voru engar ógreiddar vörur tilgreindar vegna þeirra vara, sem keyptar voru á árinu 1984, en samkvæmt síðari ársreikningi fyrir árið 1984 eru tilgreind á meðal ýmissa rekstrargjalda ógreidd vörukaup, að fjárhæð kr. 7.758.961. Er með framburði ákærða Guðmundar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, sannað, að ákærði hefur tilgreint ranglega í umræddum ársreikningi undir liðnum „ógreidd ýmis rekstrargjöld" ógreidd vörukaup, að fjárhæð kr. 7.758.961, enda þótt slíkur skuldaliður væri ekki til, og verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar.

Á hinn bóginn þykir eigi fram komin lögfull sönnun um, að ákærði Ómar hafi getað gert sér grein fyrir ofangreindu, og ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

Svo sem hér að framan greinir, undirrituðu ákærðu báðir greint skattframtal og ársreikning Þýsk-íslenska hf. fyrir rekstrarárið 1984, sem bæði eru opinber skjöl. Á þeim tíma var ákærði Ómar stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Þýsk-íslenska hf. og ákærði Guðmundur stjórnarmaður í félaginu, fjármálastjóri og umsjónarmaður bókhalds. Voru skjölin undirrituð í þeim tilgangi, að þau yrðu lögð til grundvallar álagningu gjalda. Voru ofangreind brot ákærðu, sem þeir hafa verið sakfelldir fyrir, fullframin, er skjölin voru afhent skattstjóra.

Samkvæmt framansögðu þykja ákærðu bera í sameiningu refsiábyrgð á þeirri háttsemi, er greinir í 1. - 3. lið ákæru að þeim báðum meðtöldum, en ákærði Guðmundur einn á því atferli, sem greinir í 5. lið hennar. Varðar háttsemi ákærðu í þessum liðum við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærðu eru hins vegar báðir sýknaðir af þeirri háttsemi, sem þeim er gefin að sök í 4. lið ákæru, og ákærði Ómar einnig af ákæru samkvæmt 5. lið hennar, svo sem áður greinir.

Bókhaldsbrot.

6. Í 14. gr. laga nr. 51, 1968, um bókhald segir, að þeir aðilar, sem hafi öruggt reikningslegt eftirlit með vörubirgðum sínum, séu ekki skyldir að skrá vörutalningu í þar til gerðar innbundnar talningarbækur. Hjá þeim aðilum, sem hafa tölvuunnið birgðakerfi, hefur tíðkast að halda sérstakar vörutalningarbækur, og hefur það ekki verið talið fara í bága við bókhaldslög. Hjá Þýsk-íslenska hf. voru vörubirgðaskrár í tölvuunnu birgðakerfi leiðréttar til samræmis við talningu. Verður samkvæmt því að telja, að félagið hafi uppfyllt skilyrði bóhaldslaga, að því er þetta varðar, og ber þar af leiðandi að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

7. Sannað er með gögnum málsins, að stöðugs ósamræmis hefur gætt milli heildarfjárhæðar viðskiptamannareikninga í viðskiptamannabókhaldi og samdráttarreikninga þeirra í aðalbókhaldi. Samkvæmt áramótalista viðskiptamanna nam „heildarsaldo" viðskiptamannareikninga í árslok 1984 kr. 33.157.176, en á sama tíma var staða samdráttarreikninga í aðalbókhaldi kr. 26.246.996 og mismunur því kr. 6.910.183. Verður að telja þetta andstætt ákvæðum meginreglna bókhaldslaga og 4. tl. 2.mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 417, 1982, um bókhald.

8. Samkvæmt bókhaldsútskrift, dagsettri 21. febrúar 1985, sem miðast við árslok 1984, nemur mismunur debet- og kredítfærslna í fjárhagsbókhaldi kr. 10.328.550. Á ákæruliður þessi því fyllilega við rök að styðjast, en um er að ræða algert grundvallaratriði, að því er tvöfalt bókhald varðar. Er þetta í andstöðu við 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga um bókhald.

9. Við gerð ársreiknings fyrir árið 1984 fór ekki fram tilskilin lokun á bókhaldsreikningum, og ekki var þess gætt, að samræmi væri milli ársreiknings og aðalbókhalds. Enginn lokajöfnuður var gerður í tengslum við ársreikningsgerð. Ekki voru heldur varðveittar lokafærslur, sem skýrt gætu misræmi milli aðalbókhalds og ársreiknings. Allt þetta er andstætt 1. og 3. mgr. 11. gr. og 15. og 16. gr. bókhaldslaga.

10. Við lánssölu á því tímabili, þegar tölvukerfi Þýsk-íslenska hf. var ekki virkt, voru afhentar vörur handskráðar og til þess nýtt gömul, laus reikningseyðublöð, en þau voru þannig aðeins form til að henda reiður á afhentum vörum, þar til unnt væri að tölvuskrá þær. Jafnskjótt og við varð komið, var sala þessi skráð í sölukerfi bókhaldsins, og urðu þar til hinar raunverulegu sölunótur, sem fengu þá hlaupandi númer, sem tölvukerfið úthlutaði. Slík númeraúthlutun var látin óátalin á þeim tíma, sem hér um ræðir. Aðeins virðist hafa verið um lánssölu að ræða, og má því telja víst, að slík sala hafi verið tölvuskráð skilvíslega, enda er það forsenda fyrir innheimtu andvirðisins. Verður eigi séð, að þessi aðferð brjóti í bága við tilvitnuð ákvæði í ákæruliðþessum, og ber því að sýkna ákærðu af þeirri háttsemi, sem þeim er þar gefin að sök.

Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. hlutafélagalaga skal félagsstjórn annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins, og ef ráðinn er framkvæmdastjóri, skal hann sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur. Rakið hefur verið, hver staða hvors ákærða um sig var innan Þýsk-íslenska hf., sem bókhaldsskylt var lögum samkvæmt. Með skírskotun til framanskráðs þykja ákærðu hafa orðið brotlegir við 262. gr. almennra hegningarlaga, að því er varðar ákæruefni í 7.-9. lið ákærukafla þessa að þeim báðum meðtöldum, en á hinn bóginn eru þeir sýknaðir af háttsemi þeirri, sem þeim er gefin að sök í 6. og 10. lið hennar, svo sem áður greinir.

VIII. Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir eigi sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

IX. Viðurlög.

Ákærðu hafa báðir unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. og 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt og 158. gr. og 262. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ómars ber að líta til þess, að ákærði var stjórnarformaður Þýsk-íslenska hf., framkvæmdastjóri þess, aðalstjórnandi og aðaleigandi, er brotin voru framin. Þá hefur ákærði sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi rekið félagið nánast sem einkafyrirtæki sitt, og fær það stoð í framburði meðákærða og öðrum gögnum málsins. Voru brot ákærðu því framin, að meginstofni til í ávinningsskyni fyrir ákærða Ómar. Hins vegar er það ákærða til málsbóta, að hann hafði, áður en mál þetta kom upp, ráðið sérfróða menn til að endurskipuleggja sölukerfi félagsins og að hann hefur leitast við að upplýsa málið. Þá hefur ákærði eigi fyrr sætt neinum þeim refsingum, sem áhrif geta haft á refsingu hans í máli þessu. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða með hliðsjón af 49. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði og sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 40.000.000, og hefur þá álag samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 75, 1981, komið til frádráttar. Til vara þessari sektargreiðslu og eins og dómkröfum í ákæru er háttað, þykir rétt að dæma Þýsk-íslenska hf. til greiðslu sömu sektarfjárhæðar, en verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, sæti ákærði fangelsi tólf mánuði í hennar stað.

Þegar refsing ákæra Guðmundar er metin, þykir horfa til þyngingar, að ákærði er lögfræðingur að mennt og með réttindi héraðsdómslögmanns, að hann hafði starfað í fjögur og hálft ár hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra, áður en hann setti á fót eigin lögfræðiskrifstofu, þar sem hann annaðist m.a. skattskil, að hann hafði annast um gerð skattskila fyrir Þýsk-íslenska hf. allt frá árinu 1977 og að hann hafði séð um bókhald félagsins allt frá árinu 1982. Á hinn bóginn verður eigi séð af gögnum málsins, að ákærði hafi notið eða átt að njóta neins sérstaks ávinnings af brotum ákærðu. Þá ber einnig að taka tillit til þess, að ákærði hefur eigi fyrr sætt neinni refsingu, sem hér getur skipt máli. Þykir refsing ákærða samkvæmt þessu og með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði og sekt í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 1.000.000. Þykir rétt með vísan til þess, sem að framan er rakið varðandi ákærða Ómar, að Þýsk-íslenska hf. greiði til vara þessari sektargreiðslu sömu fjárhæð sektar, en greiðist hún eigi innan fjögurra

vikna frá dómsbirtingu, sæti ákærði í hennar stað í fangelsi tvo mánuði.

X. Svipting verslunaratvinnu.

Í ákæru er þess annars vegar krafist, að ákærði Ómar verði sviptur rétti til að öðlast leyfi til verslunaratvinnu, og hins vegar, að Þýsk-íslenska hf. verði svipt leyfi til verslunaratvinnu, og er í því sambandi vísað til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75, 1981.

Í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga segir, að verði maður dæmdur sekur um brot, megi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlast, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þá segir í 5. mgr. laga nr. 75, 1981, að gera megi lögaðila sviptingu starfsréttinda, enda hafi brot verið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann notið hagnaðar af því.

Fram er komið í málinu, að ákærði Ómar hefur aldrei öðlast persónulega leyfi til verslunaratvinnu. Í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga er eigi að finna heimild til að svipta mann rétti til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi þarf til. Þá á 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt einungis við um lögaðila. Með vísan til þessa þykir skorta lagaskilyrði til að svipta ákærða rétti til að öðlast leyfi til verslunaratvinnu, og ber að sýkna hann af þeirri kröfu ákæruvaldsins.

Varðandi kröfu ákæruvaldsins um, að Þýsk-íslenska hf. verði svipt leyfi til verslunaratvinnu, þykir bera að líta til þess, að þegar eftir að mál þetta kom upp og að nokkru leyti áður, voru gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr ágöllum á bókhaldi félagsins, og hefur eigi annað komið fram en að bókhaldsmál þess hafi verið í lagi upp frá því, en fimm ár eru liðin, frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra á bókhaldi félagsins hófst. Þegar þetta er haft í huga, þykja eigi alveg næg efni til að svipta félagið leyfi til verslunaratvinnu, og ber því að sýkna það af þessari kröfu ákæruvaldsins.

XI. Skaðabætur.

Í dómkröfum í ákæru er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir óskipt til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, en fallið var frá þessari kröfu af hálfu ákæruvaldsins við málflutning, þar sem eigi hefur verið höfð uppi bótakrafa í málinu.

XII. Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða Ómar til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars

Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 500.000, og ákærða Guðmund til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja sömuleiðis hæfileg kr. 500.000. Þá verða ákærðu dæmdir óskipt til greiðslu annars sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, og þykja hæfileg kr. 500.000.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í málinu, og stafar hann af önnum dómenda og umfangi málsins.

Dómsorð:

Ákærði Olav *Ómar* Kristjánsson sæti fangelsi fimmtán mánuði. Þá greiði ákærði kr. 40.000.000, —fjörutíu milljónir króna,— í sekt til ríkissjóðs, en til vara greiðslu sektarinnar greiði Þýsk-íslenska hf. sömu fjárhæð sektar, sem ákærði afpláni með fangelsi tólf mánuði, gjaldist hún eigi innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Þórðarson sæti fangelsi fimm mánuði. Þá greiði ákærði kr.1 .000.000, —eina milljón króna,— í sekt til ríkissjóðs. Til vara greiðslu sektarinnar greiði Þýsk-íslenska hf. sömu fjárhæð sektar, en greiðist hún eigi innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, sæti ákærði í hennar stað fangelsi tvo mánuði.

Ákærði Olav *Ómar* greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000, og ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun, kr. 500.000, er renni til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 21. júní 1991.

Nr. 364/1989. **Þýsk - íslenska hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
og gagnsök.

Lögtak. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 20. september 1989 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 14. sama mánaðar, þar sem heimilað var lögtak í eignum hans að kröfu gagnáfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum gjaldársins 1985, að fjárhæð 45.255.197 krónur, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags. Með stefnu 9. október 1989 hefur hann einnig skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð í fasteign sinni að Lynghálsi 10 í Reykjavík, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 3. þess mánaðar á grundvelli úrskurðarins 14. september. Krefst aðaláfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lögtaksbeiðni gagnáfrýjanda synjað, en hin áfrýjaða lögtaksgerð felld úr gildi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað umræddum úrskurði af sinni hálfu með stefnu 3. október 1989. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að úrskurðurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að gagnáfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti úr hendi aðaláfrýjanda, og jafnframt, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Til vara krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur þannig, að lögtak nái fram að ganga fyrir gjöldum, að höfuðstól 33.670.994 krónur, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags, auk þess sem gagnáfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti, og verði lögtaksgerðin staðfest til tryggingar þessum fjárhæðum. Til þrautavara krefst hann þess, að úrskurður-

inn verði staðfestur sem lögtaksheimild fyrir gjöldum, að höfuðstól 26.161.381 króna, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags og gagnáfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti, en lögtaksgerðin verði staðfest til tryggingar þeim fjárhæðum. Í öllum tilvikum verði aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðilar málsins hafa lagt fyrir Hæstarétt nokkur ný gögn. Meðal annars hefur gagnáfrýjandi lagt fram endurrit af dómi sakadóms Reykjavíkur 5. desember 1990 í málinu nr. 664-665/1990: Ákæruvaldið gegn Olav Ómari Kristjánssyni og Guðmundi Þórðarsyni, er skotið var til Hæstaréttar 18. sama mánaðar sem máli nr. 482/1990.

I.

Aðaláfrýjandi, Þýsk-íslenska hf., rekur umboðs- og heildverslun í Reykjavík með byggingarvörur og aðrar vörur og hefur haft með höndum umfangsmikla starfsemi á þeim tíma, sem mál þetta tekur til. Hinn 2. júlí 1985 skilaði félagið skattframtali fyrir rekstrarárið 1984. Fylgdi því ársreikningur félagsins 1984 ásamt öðrum framtalsgögnum. Samkvæmt framtalinu voru skattskyldar tekjur á rekstrarárinu alls 23.062.563 krónur, en eignir í árslok 52.879.305 krónur. Skattstjóri lagði framtal þetta óbreytt til grundvallar við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1985. Álögð gjöld urðu samtals 9.631.820 krónur, og hefur félagið gert skil á þeim til gagnáfrýjanda.

Í nóvembermánuði 1985 hófst rannsóknardeild ríkisskattstjóraembættisins handa um athugun á bókhaldi og skattskilum aðaláfrýjanda í framhaldi af heimsókn starfsmanna deildarinnar í starfsstöð félagsins, er gerð var sem þáttur í yfirstandandi úrtakskönnun á vegum embættisins. Leiddi hún fljótlega í ljós, að skattskyldar tekjur og eignir væru stórkostlega vantaldar á fyrrnefndu framtali félagsins og miklar misfellur á bókhaldi þess. Lagt var hald á ýmis bókhaldsgögn og málið tekið til rannsóknar með aðstoð löggilts endurskoðanda, Friðbjörns Björnssonar, sem skattrannsóknarstjóri kvaddi til. Af hálfu félagsins var því lýst yfir í munnlegum og skriflegum erindum til skattrannsóknarstjóra, að fyrirsvarsmenn þess væru reiðubúnir til samstarfs og aðstoðar við rannsóknina. Létu þeir í té gögn og upplýsingar málinu til skýringar og óskuðu eindregið eftir því, að félagið fengi tækifæri til að leiðrétta

reikningsskil sín. Hinn 6. janúar 1986 lagði endurskoðandinn fram endurgerð reikningsskil miðað við árslok 1984. Sýndi það uppgjör stórfelldan undandrátt tekna og eigna. Voru gögn þessi afhent framkvæmdastjóra félagsins daginn eftir til athugunar. Tilkynnti hann þá skattrannsóknarstjóra, að löggiltur endurskoðandi, Helgi Magnússon, sem félagið hafði leitað til nokkru fyrr, myndi yfirfara gögnin, og óskaði eftir samstarfi við rannsóknardeild um frekari rannsókn málsins.

Hinn 12. apríl 1986 lagði stjórn félagsins síðan fram við ríkisskattstjóra nýtt og endurgert skattframtal fyrir gjaldárið 1985 ásamt nýjum ársreikningum fyrir rekstrarárið 1984 og fór þess á leit, að álögð opinber gjöld félagsins árið 1985 yrðu tekin til endurákvörðunar á grundvelli þessara gagna. Með erindinu fylgdi bréf til félagsstjórnarinnar frá Helga Magnússyni, sem samið hafði hin nýju reikningsskil fyrir félagið, og gerði hann þar nokkra grein fyrir þeim. Kvað hann þau vera byggð á fyrrnefndum reikningsskilum Friðbjörns Björnssonar, en á þeim hefði hann sjálfur gert ýmsar breytingar, sem skýrðar væru í bréfinu í einstökum atriðum. Hann tók fram, að reikningsskilin væru ekki endurskoðuð.

Á hinu nýja framtali voru hreinar tekjur ársins 1984 samkvæmt rekstrarreikningi 63.569.386 krónur. Þeim til viðbótar voru færðar til tekna leiðréttingar vegna byggingarkostnaðar að Lynghálsi 10 frá fyrri árum, að fjárhæð 2.231.917 krónur, og aðrar leiðréttingar, að fjárhæð 45.502.296 krónur, er sundurliðaðar voru í efnahagsreikningi sem eignamyndun af ýmsum toga. Voru framtaldar tekjur þannig alls 111.303.599 krónur. Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1984 var talin 111.032.368 krónur og skattskyldar eignir alls 142.531.002 krónur.

Af hálfu ríkisskattstjóra var fallist á það með úrskurði 29. apríl 1986 að breyta álagningu gjalda á félagið gjaldárið 1985 og haga henni í samræmi við hið nýja framtal samkvæmt heimildum hans í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Við álagninguna var beitt 25% álagi á áður vantalda skattstofna með vísan til heimildar í 2. mgr. 106. gr. laganna. Með úrskurði 22. apríl 1986 hafði ríkisskattstjóri áætlað félaginu aukna söluskattsskylda veltu í ljósi hins nýja framtals, alls 12.500.000 krónur, og hækkað sölugjald félagsins vegna rekstraráranna 1981-1984 um

2.378.500 krónur á grundvelli hennar. Var sú fjárhæð dregin frá hreinum tekjum. Jafnframt var að beiðni félagsins dregið frá tekjum 25% framlag í varasjóð, 27.231.275 krónur, í stað lægra framlags til fjárfestingarsjóðs. Leiddi álagningin til eftirgreindra breytinga á gjöldum félagsins árið 1985:

	Var	*Varð*	*Mismunur*
Tekjuskattur	6.007.433	50.577.954	+ 44.570.521
Eignarskattur	502.353	1.538.723	+ 1.036.370
Eignarskattsauki	132.198	404.927	+ 272.729
Aðstöðugjald	2.077.420	1.465.840	— 611.580
Kirkjugarðsgjald	43.625	30.782	— 12.843

Samtals nam hækkun gjalda við breytingarnar 45.879.620 krónum, en lækkun 624.423 krónum. Er mismunurinn, 45.255.197 krónur, stofnfjárhæð aðalkröfu gagnáfrýjanda í máli þessu.

II.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra lauk hinn 28. júní 1986 við skýrslu um athugun sína á bókhaldi og skattskilum aðaláfrýjanda rekstrarárið 1984 og skattframtali félagsins gjaldárið 1985. Með bréfi skattrannsóknarstjóra 30. sama mánaðar var skýrslan send rannsóknarlögreglu ríkisins og sakarefnum vísað til opinberrar rannsóknar á hennar vegum með vísan meðal annars til 108. gr. laga nr. 75/1981.

Af hálfu aðaláfrýjanda var hin nýja álagning kærð til ríkisskattstjóra í samræmi við 1. mgr. 99. gr. laga nr. 75/1981, eins og heimilt var samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 101. gr. laganna. Í kærunni var því meðal annars haldið fram, að ríkisskattstjóra hefði borið að taka tillit til þess við álagninguna, að tekjur félagsins samkvæmt framtalinu 1985 væru að verulegum hluta orðnar til á árunum fyrir 1984.

Eftir að kæran kom fram, var Sigmundur Stefánsson, skattstjóri í Reykjanesumdæmi, settur til þess sem sérstakur ríkisskattstjóri að fara með kærumál aðaláfrýjanda hjá embættinu. Lauk hann upp úrskurði um kæruna 30. október 1987, þar sem hann staðfesti álagninguna frá 29. apríl 1986 óbreytta. Taldi hann það ekki fara í bága við 60. gr. laga nr. 75/1981 að leggja skatt á áður duldar

tekjur á því tekjuári, er þær kæmu í ljós, ef ekki væri sýnt fram á uppruna þeirra á fyrri árum með skýrri afmörkun af hálfu gjaldandans.

Í framhaldi af úrskurði þessum gaf ríkisskattstjóri út skattbreytingarseðil 2. nóvember 1987 á hendur aðaláfrýjanda, er sýndi hin breyttu gjöld ársins 1985, og sendi hann gagnáfrýjanda sem innheimtumanni ríkissjóðs í samræmi við fyrirmæli í 4. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981.

Af hálfu aðaláfrýjanda var þessum úrskurði skotið til ríkisskattanefndar með kæru 6. nóvember 1987, en settur ríkisskattstjóri lagði fram greinargerð 19. maí 1988. Var málið flutt skriflega fyrir nefndinni.

Með úrskurði 17. apríl 1989 vísaði ríkisskattanefnd kærumálinu frá vegna vanreifunar, og tók hún hvorki kröfur kæranda né ríkisskattstjóra til greina af þeim sökum. Er úrskurðurinn rakinn í heild í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur.

III.

Eftir að skattrannsóknarstjóri hafði vísað skattskilamáli aðaláfrýjanda til rannsóknarlögreglu ríkisins í júnílok 1986, sætti það rannsókn á hennar vegum fram til 9. febrúar 1987, er hún sendi málið til ríkissaksóknara, og síðan viðbótarrannsókn að ósk ríkissaksóknara, þar til málið var endursent honum 16. febrúar 1988. Að frumkvæði ríkissaksóknara voru og gerðar nokkrar athuganir og útreikningar í málinu síðla árs 1989.

Hinn 29. desember 1989 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur tveimur fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda, þeim Olav Ómari Kristjánssyni framkvæmdastjóra og Guðmundi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni vegna þeirra skattskila félagsins, sem mál þetta er af risið. Var hinn fyrrnefndi framkvæmdastjóri og stjórnarformaður aðaláfrýjanda og jafnframt aðalhluthafi í félaginu, en hinn síðarnefndi var fjármálastjóri félagsins frá árinu 1982 þar til í ársbyrjun 1986 og í stjórn þess á sama tíma. Var ákærðu gefið að sök að hafa með skattframtali félagsins 2. júlí 1985, sem þeir undirrituðu fyrir þess hönd, staðið fyrir stórfelldum skattundandrætti á tekjum þess og eignum. Var undandrátturinn talinn varða við 1. og 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, en auk þess var ákært fyrir brot á bókhalds-

lögum og almennum hegningarlögum. Máli samkvæmt ákærunni var einnig beint gegn félaginu sjálfu og þess krafist, að því yrði gert að greiða sektir á hendur ákærðu in solidum með þeim samkvæmt heimild í 5. mgr. 107. gr. laganna.

Ákæra í málinu var byggð á þeim gögnum, sem stjórnendur aðaláfrýjanda lögðu fyrir ríkisskattstjóra með framtali félagsins 12. apríl 1986, og var undandráttur tekjuskatts og eignarskatts talinn nema sömu fjárhæð og felst í lögtakskröfunni í máli þessu að frátöldu álaginu á vantalda skattstofna. Fjárhæðin var þó lækkuð ákærðu í vil um þann mismun, er fram kæmi við reiknaða skiptingu undandreginna skattstofna árin 1981-1984 eftir rekstrartekjum hvers árs vegna áhrifa af verðbreytingarfærslu, varasjóðstillagi, aðstöðugjaldi og skattskuld við árslok hverju sinni. Var saknæmur undandráttur þannig talinn nema 33.083.336 krónum.

Sakadómur í máli þessu var skipaður sakadómara og tveimur löggiltum endurskoðendum. Tók dómurinn sjálfstæða afstöðu til sakarefnisins á grundvelli allra málsgagna í samræmi við undirstöðureglu 1. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981 og meginreglur 75. gr. og 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Meðal annars var það mat dómenda, að hið endurgerða framtal aðaláfrýjanda, sem á var byggt í ákæru, hefði verið reist á nægilega traustum grunni, þegar litið væri til alls þess, sem fram kæmi í málinu, og hefði niðurstaða þess um tölulegan útreikning á skattstofnum orðið eins nærri sanni og unnt var að komast eftir atvikum. Á hinn bóginn væri ljóst, að hinar undandregnu tekjur og eignir hefðu orðið til á árinu 1984 og næstu árum þar á undan, einkum vegna oftalinnar vörunotkunar og vantalinnar vörusölu. Með hliðsjón af þessu töldu dómendur rétt að reikna út, hve háa skatta félagið hefði átt að bera vegna rekstrarára nna 1981-1984, sem ákæra tók til, ef framkomnum undandrætti væri dreift á þau ár. Í því skyni tók dómurinn ársreikninga og skattframtöl aðaláfrýjanda fyrir þessi ár til sjálfstæðrar skoðunar. Voru ársreikningarnir endurgerðir á grundvelli framkominna upplýsinga og leiðréttir í þeim efnum, er máli skiptu. Var niðurstaðan sú, að undandreginn tekjuskattur, eignarskattur og eignarskattsauki vegna þessara ára næmi samtals 28.305.061 krónu.

Með hliðsjón af sönnunarbyrði í sakamálinu framkvæmdu dóm-

endur síðan mat á því í ljósi hinna endurgerðu ársreikninga, hver skattundandrátturinn hefði getað orðið hið minnsta á þessu árabili (þ.e. miðað við þá dreifingu sölutekna og vörunotkunar, sem leiða myndi til lægstu álagningar tekjuskatts og eignarskatts). Að þessu virtu taldi dómurinn, að með framtalsgerð sinni gjaldárin 1982-1985, eins og aðaláfrýjandi hagaði henni, þar á meðal með fyrra ársreikningi fyrir rekstrarárið 1984, hefði félagið skotið undan ekki lægri fjárhæð en 26.161.381 krónu, þar af 24.332.128 krónum í tekjuskatti og 1.829.253 krónum í eignarskatti og eignarskattsauka.

Með dómi sínum fyrr í dag í málinu nr. 482/1990 hefur Hæstiréttur staðfest þessar niðurstöður sakadóms Reykjavíkur og gert ákærðu og félaginu að sæta refsiviðurlögum vegna undandráttar á tekjuskatti og eignarskatti, er nemi síðastgreindum fjárhæðum.

IV.

Í máli þessu er deilt um skyldu aðaláfrýjanda til greiðslu á opinberum gjöldum, sem á hann voru lögð til viðbótar fyrri gjöldum vegna gjaldársins 1985 og tekjuársins 1984, eins og fyrr er rakið, og um rétt gagnáfrýjanda til lögtaks þeirra vegna. Eru kröfur aðaláfrýjanda í málinu einkum á því byggðar, að álagning gjaldanna sé ólögmæt vegna þeirra aðferða, sem við hana var beitt, og jafnframt efnislega röng og óréttmæt að lögum. Meðal annars hafi umdeildir skattstofnar verið teknir til álagningar á einu gjaldári án tillits til þess, að þeir hefðu í reynd orðið til á mörgum tekjuárum.

Kröfum sínum til stuðnings vísar aðaláfrýjandi einkum til þess, að með úrskurði sínum 17. apríl 1989 um frávísun á kærumáli sínu hafi ríkisskattanefnd fellt úr gildi álagningu ríkisskattstjóra frá 29. apríl 1986 á umræddum gjöldum og ómerkt málsmeðferð hans.

Úrskurð ríkisskattanefndar verður að skýra í ljósi þess, hvernig kærumálið var lagt fyrir nefndina og hvert hlutverk hennar er að lögum. Samkvæmt 100. gr. og öðrum ákvæðum laga nr. 75/1981 hefur ríkisskattanefnd á hendi úrskurðarvald í skattamálum, en ekki álagningarvald nema eftir því, sem úrskurðarvaldinu tilheyrir. Störf sín að úrlausn mála byggir hún á þeim gögnum, sem málsaðilar leggja fyrir hana, sbr. 3. mgr. 100. gr. Telji hún mál ekki nægilega upplýst, getur hún beint því til aðila að afla frekari gagna eða upplýsinga málinu til skýringar, sbr. 7. mgr. 100. gr. Þessari heimild

er nefndinni ekki skylt að beita í öllum tilvikum, heldur getur hún einnig vísað kærumáli frá, ef henni virðist það vanreifað af hendi aðila og ekki tækt til efnislegrar umfjöllunar að svo komnu. Getur málsaðili þá eftir atvikum borið mál sitt aftur undir nefndina með nýjum gögnum eða rökstuðningi.

Í máli aðaláfrýjanda vísaði nefndin kröfum hans frá vegna vanreifunar. Í forsendum að þeirri niðurstöðu var tekið fram, að upphaflegt framtal hans árið 1985 og framtöl áranna þar á undan hefðu verið ófullnægjandi að því leyti, að ársreikningar með framtölunum styddust ekki við fullnægjandi bókhald. Álagning opinberra gjalda árið 1985 og þau eldri gjaldár, sem kröfur aðaláfrýjanda um leiðréttingu tækju til, styddust því ekki við viðhlítandi framtalsgögn frá hans hendi. Úr þessum ágöllum hefði aðaláfrýjandi ekki bætt og ekki með þeim hætti, að því er tæki til krafna hans í kærumálinu, að unnt væri að taka þær til efnislegrar umfjöllunar.

Gagnvart ríkisskattstjóra sem aðila í kærumálinu tók nefndin fram, að endurákvörðun hans á opinberum gjöldum aðaláfrýjanda gjaldárið 1985 hefði einvörðungu verið byggð á hinu nýja skattframtali aðaláfrýjanda 1985, og lægi ekki annað fyrir en að hann hefði þá ekki haft undir höndum önnur gögn um málið. Voru báðar þessar staðhæfingar í samræmi við málflutning ríkisskattstjóra, sem hafði talið í eigin úrskurði, að skýrsla rannsóknardeildar um athugun á skattskilum aðaláfrýjanda hefði ekki þýðingu í málinu. Í framhaldi af þessu tók nefndin fram, að ríkisskattstjóra hefði verið rétt að fara fram á rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra samkvæmt 2. málslið 3. mgr. 102. gr. laga nr. 75/1981, áður en hann tók það fyrir að endurákvarða gjöld aðaláfrýjanda, eða krefja skattrannsóknarstjóra að öðrum kosti um þá skýrslu rannsóknardeildar, sem um væri getið í gögnum kærumálsins. Á þessari ábendingu hnykkti nefndin með þeirri athugasemd, að aðaláfrýjandi hefði sjálfur lýst því yfir við afhendingu framtals síns og ársreiknings, að bókhald sitt væri ekki gallalaust, og gögn þessi hefðu sjálf borið með sér, að þau væru ekki reist á viðhlítandi grundvelli.

Í forsendum nefndarinnar að þessu leyti fólst ábending þess efnis, að ríkisskattstjóri ætti þess enn kost að skýra málið með rannsókn. Hins vegar verður úrskurðurinn ekki skilinn þannig, að viðtaka ríkisskattsjóra á hinu nýja framtali hafi verið heimildarlaus, eins

og á stóð, og endurákvörðun gjaldanna ógild. Til að láta það í ljós hefði nefndin þurft að kveða svo á berum orðum, að álagningin frá 29. apríl 1986 væri felld úr gildi. Í stað þess vísaði nefndin frá aðalkröfu aðaláfrýjanda, sem byggði á því, að honum gæfist kostur á að leiðrétta framtal sitt eða framtöl að eigin frumkvæði. Af því leiddi, að nefndin gat ekki sinnt þeirri kröfu ríkisskattstjóra, sem hann hafði gert til vara, að kæruúrskurður hans frá 30. október 1987 yrði staðfestur.

Með úrskurðinum var kærumálinu þannig vísað frá ríkisskattanefnd með venjubundnum hætti án röskunar á þeirri álagningu, sem um var deilt. Var þetta enn ljósara vegna þess, að nefndin fylgdi úrskurði sínum ekki eftir með tilkynningu til gagnáfrýjanda og ríkisskattstjóra um niðurfellingu eða breytingu gjalda, eins og henni hefði annars verið skylt samkvæmt 3. málslið 9. mgr. 100. gr. laga nr. 75/1981.

Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á það með öðrum rökum, að álagning ríkisskattstjóra hafi farið í bága við heimildir hans samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981. Umræddur úrskurður ríkisskattanefndar og málsmeðferð ríkisskattstjóra stóðu því ekki í vegi, að lögtak yrði gert fyrir hinum álögðu gjöldum aðaláfrýjanda, eins og málið lá fyrir í héraði.

V.

Eftir að mál þetta var úrskurðað í fógetarétti Reykjavíkur, hafa skattskil aðaláfrýjanda sætt dómsmeðferð í refsimáli því, sem fyrr er að vikið og lokið er með dómi Hæstaréttar. Í málinu lögðu dómendur mat á þann undandrátt opinberra gjalda, sem greiðslukrafan í máli þessu er af risin, með tilliti til ákvörðunar á refsiviðurlögum á hendur fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda og félaginu sjálfu. Í héraði sætti sakamálið sókn og vörn, þar sem kostur var á að koma að efnislegum athugasemdum, er máli skiptu. Niðurstöður dómenda í héraði hafa sætt umfjöllun hér fyrir dómi, bæði í sakamálinu og í máli þessu.

Talið hefur verið samrýmast réttarfarslögum, að skorið sé úr um skattskyldu í fógetaréttarmáli, þó að veruleg álitaefni séu á ferð. Er ekki ástæða til að víkja hér frá þessari venju. Samkvæmt því ber það undir dóminn að kveða á um skyldu aðaláfrýjanda til

greiðslu þeirra gjalda, sem hann er krafinn um, og skera úr um fjárhæð gjaldanna. Eins og málið liggur nú fyrir, er rétt að leggja til grundvallar hið sjálfstæða mat, sem fram hefur farið fyrir dómi, og ákveða gjöld aðaláfrýjanda vegna gjaldáranna 1982 til og með 1985 samkvæmt þeim endurreikningi, sem á er byggt í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 482/1990. Hefur gagnáfrýjandi að sínu leyti gefið tilefni til þeirrar ráðstöfunar með varakröfum í málinu.

Samkvæmt þessu ber að hafna aðalkröfu gagnáfrýjanda í máli þessu og víkja til hliðar álagningu ríkisskattstjóra frá 29. apríl 1986 á viðbótargjöldum á hendur aðaláfrýjanda vegna gjaldársins 1985. Í hennar stað verða aðaláfrýjanda ákveðin breytt gjöld vegna gjaldáranna 1982 til og með 1985 eins og að neðan greinir, sbr. síðari málslið 11. mgr. 100 gr. laga nr. 75/1981. Er réttur til þeirrar gjaldbreytingar ekki fyrndur, sbr. 1. mgr. 97. gr. og 6. mgr. 108. gr. laganna, eins og á málum hefur verið haldið gagnvart aðaláfrýjanda. Gjöld þessi eru tekjuskattur, eignarskattur ásamt eignarskattsauka, aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald, ákvörðuð samkvæmt álagningarreglum fyrir hvert áranna um sig.

Samkvæmt hinum endurgerðu ársreikningum 1981 - 1984 urðu gjöld aðaláfrýjanda þannig vegna þeirra tekjuára, sem reikningarnir fjalla um:

	Tekjuár	*Samtals*	
Tekjuskattur:	1981	7.161.053	
	1982	8.028.854	
	1983	3.338.446	
	1984	12.205.151	30.733.504
Eignarskattur:	1981	180.024	
	1982	389.492	
	1983	778.605	
	1984	1.180.652	2.528.773
Eignarskattsauki:	1984	310.698	310.698
Aðstöðugjald:	1981	360.540	
	1982	706.830	
	1983	1.623.600	
	1984	1.914.890	4.605.860

Kirkjugarðsgjald:	1981	8.292	
	1982	16.257	
	1983	37.343	
	1984	44.042	105.934

Rétt þykir við ákvörðun gjaldanna að beita heimild 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 og bæta 25% álagi við vantalda stofna tekjuskatts og eignarskatts aðaláfrýjanda, eins og gert var af hálfu ríkisskattstjóra og gagnáfrýjandi hefur gert kröfu um. Meðal annars er þá litið til þess hagræðis, sem aðaláfrýjandi hefur notið af síðbúinni álagningu viðbótargjalda miðað við þá vaxtaákvörðun, sem að neðan greinir. Að teknu tilliti til áhrifa álagsins á skattskuldir, verðbreytingarfærslu, aðstöðugjald, kirkjugarðsgjald og varasjóðsframlag verða gjöldin sem hér segir:

	Gjaldár	*Var*	*Verður*	*Breyting*
Tekjuskattur:	1982	127.710	8.919.388	
	1983	28.418	10.028.963	
	1984	237.815	4.738.162	
	1985	6.007.433	251.213	+ 31.536.350
Eignarskattur:	1982	16.524	220.900	
	1983	47.334	448.043	
	1984	311.809	849.733	
	1985	502.353	1.287.397	+ 1.928.053
Eignarskattsauki:	1985	132.198	338.789	+ 206.591
Aðstöðugjald:	1982	433.130	360.540	
	1983	809.510	706.830	
	1984	1.719.190	1.606.830	
	1985	2.077.420	1.901.560	— 463.490
Kirkjugarðsgjald:	1982	9.962	8.292	
	1983	18.619	16.257	
	1984	36.103	33.743	
	1985	43.626	39.933	— 10.085

Þrír fyrstu liðirnir svara til varakröfu gagnáfrýjanda í málinu, sem er samtals 33.670.994 krónur. Hana ber að lækka um samtölu síðustu tveggja liðanna, 473.578 krónur. Samkvæmt því á aðaláfrýjandi ógreidd gjöld til ríkissjóðs að fjárhæð samtals 33.197.419 krónur. Á gagnáfrýjandi lögtaksrétt fyrir þeim gjöldum. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með þeim hætti, að lögtak nái fram að ganga á ábyrgð gagnáfrýjanda fyrir nefndri fjárhæð ásamt dráttarvöxtum eins og krafist er í málinu frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags.

Jafnframt ber að staðfesta lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 3. október 1989 í fasteign aðaláfrýjanda að Lynghálsi 10 í Reykjavík til tryggingar þessum fjárhæðum.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Lögtak í eignum aðaláfrýjanda, Þýsk-íslenska hf., skal ná fram að ganga að kröfu gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og á hennar ábyrgð fyrir opinberum gjöldum aðaláfrýjanda, að fjárhæð 33.197.419 krónur, ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags.

Staðfest er lögtaksgerð 3. október 1989 í fasteign aðaláfrýjanda að Lynghálsi 10 í Reykjavík til tryggingar þessum fjárhæðum.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. september 1989.

I.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. þ.m.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess, að heimilað verði lögtak hjá varnaraðila, Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419, Lynghálsi 10 hér í borg, til tryggingar ógreiddum álögðum gjöldum gjaldársins 1985, kr. 45.255.197, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til

greiðsludags. Krafa er gerð um dráttarvexti, reiknaða á hverjum tíma í samræmi við ákvæði 112. gr., sbr. 109. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, 43. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, og 4. gr. laga nr. 67/1989. Þá er og krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði um umbeðið lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmannafélagsins.

II.

Með beiðni 19. janúar 1988 fór sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, þess á leit, að gert yrði lögtak hjá varnaraðila, Þýsk-íslenska hf., til tryggingar greiðslu opinberra gjalda félagsins gjaldárið 1985. Áður hafði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. f.h. varnaraðila með bréfi 21. desember 1987 til gjaldheimtustjóra óskað eftir að halda uppi vörnum í lögtaksmáli, ef til innheimtu þessara gjalda kæmi. Málið var þingfest í fógetarétti 29. febrúar 1988.

Þar sem umboðsmenn aðila óskuðu eftir, að málinu yrði frestað, þar til úrskurður ríkisskattanefndar í kærumáli vegna umdeildrar skattlagningar lægi fyrir, fór svo, að því var frestað koll af kolli til 20. júní 1989. Þá var endurrit af úrskurði ríkisskattanefndar frá 17. apríl 1989 lagt fram í réttinum af umboðsmanni varnaraðila, en fógeti hafði fengið það fyrr í hendur utan réttar frá sóknaraðila. Í sama þinghaldi krafðist umboðsmaður varnaraðila, að fógeti málsins viki sæti, en þeirri kröfu var hafnað. Með dómi Hæstaréttar 12. júlí 1989 var úrskurður fógeta staðfestur að þessu leyti.

Forsendum og aðdraganda þessa máls er lýst í úrskurði ríkisskattanefndar nr. 309 frá 17. apríl 1989, en þar segir m.a.:

„A.

Kærandi taldi fram til skatts fyrir álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1985. Var skattframtalið lagt óbreytt til grundvallar við ákvörðun gjaldanna. Hinn 14. apríl 1986 móttók ríkisskattstjóri bréf frá kæranda, dags. 12. apríl 1986. Er þar farið fram á við ríkisskattstjóra, að hann endurákvarðaði kæranda opinber gjöld nefnt gjaldár á grundvelli meðfylgjandi leiðrétts skattframtals árið 1985. Með framtalinu fylgdu skýringar löggilts endurskoðanda í bréfi, dags. 12. apríl 1986, á þeim liðum eldra framtals, sem breytt var við gerð nýs skattframtals. Bæði þar og í nefndri beiðni til ríkisskattstjóra er þess getið, að tilefni þess, að eldra framtal hafi verið leiðrétt, hafi verið það, að í nóvember 1985 hafi rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafið athugun á bókhaldi og skattskilum kæranda vegna rekstrar ársins 1984. Tekið er fram, að á „grundvelli ýmissa gagna, sem Rd. r. (svo)

aflaði sér, voru gerð ný reikningsskil fyrir árið 1984 og þau afhent Þýsk-íslenska hf. í janúar 1986".

Hinn 29. apríl 1986 tók ríkisskattstjóri til meðferðar framangreinda beiðni kæranda og féllst á að taka hana til meðferðar með svofelldri greinargerð:

„Farið er fram á, að nýtt skattframtal gjaldanda gjaldárið 1985, sem fylgdi með bréfinu, verði lagt til grundvallar álagningu gjalda.

Málsatvik eru þau, að framtal gjaldanda 1985 var sent skattstjóra í júlímánuði 1985. Skattframtalið var lagt óbreytt til grundvallar álagningu gjalda. Í nóvember 1985 hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóraembættisins rannsókn á bókhaldi og skattskilum gjaldanda m.a. vegna tekjuársins 1984, og framtalsskilum gjaldárið 1985. Í framhaldi af athugun rannsóknardeildarinnar hefur ríkisskattstjóra, sem fyrr segir, borist nýtt og endurgert framtal 1985, og er þess farið á leit, að á því verði byggð ný álagning 1985.

Fallist er á að breyta álagningu 1985, sbr. heimild ríkisskattstjóra þar að lútandi í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og haga henni í samræmi við nú framkomið framtal 1985. Beitt er 25% álagi á áður vantalda skattstofna, sbr. 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt."

B.

Með bréfi, dags. 22. maí 1986, var endurákvörðunin kærð til ríkisskattstjóra, og fylgdi kröfugerð í bréfi, dags. 9. júlí 1986. Eru þar gerðar ýtarlegar athugasemdir við meðferð skattrannsóknarstjóra á máli þessu á frumstigi og reikningsskil þau, er gerð hafi verið fyrir 1984, sem afhent hafi verið kæranda og hann byggt hið leiðrétta skattframtal árið 1985 á. Þannig telur umboðsmaður kæranda, að eigi hafi verið farið eftir lagaákvæðum þeim, sem gilda um meðferð máls hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra, og nefnd reikningsskil, sem afhent hafi verið kæranda, séu með verulegum efnislegum annmörkum, sem leiddu til þess, að skattstofnar samkvæmt hinu leiðrétta framtali séu rangir og niðurstaða ríkisskattstjóra um fjárhæð endurákvarðaðra gjalda vegna gjaldársins 1985 því röng. Skipti í því sambandi mestu máli mat vörubirgða í árslok 1984, tekjufærsla ógreiddra vörukaupa frá fyrri árum og ákvörðun fjárhæðar útistandandi viðskiptakrafna í árslok 1984. Gerir umboðsmaður kæranda grein fyrir því, hvernig með liði þessa hefði átt að fara í skattskilum kæranda, m.a. vegna gjaldársins 1985.

C.

Með úrskurði, dags. 30. október 1987, hafnaði settur ríkisskattstjóri í málinu kröfum um endurskoðun á ákvörðun sinni frá 29. apríl 1986. Eru forsendur hans svohljóðandi:

„V
(sjá rskj. no. 7, kafla V og VI).“

D.

Af hálfu kæranda var úrskurði ríkisskattstjóra skotið til ríkisskattanefndar með kæru, dags. 6. nóvember 1987. Í framhaldi af henni birti umboðsmaður kæranda kröfugerð sína í bréfi, dags. 5. febrúar 1988, studda ýmsum gögnum. Gerir hann þar ýtarlegar athugasemdir við úrskurð ríkisskattstjóra, bæði viðvíkjandi formlegri meðferð og efnislegri hlið málsins, m.a. með greinargerð um fjártölur. Í lokakafla bréfs síns lýsir hann svo samandregið kröfugerð sinni í málinu:

„Eins og fram kemur í yfirlýsingu Helga Magnússonar, löggilts endurskoðanda, og Ómars Kristjánssonar, sjá fskj. no. 4 og 6, beindist öll vinna þeirra að því að fá fram breytingar á mati vörubirgða og víxileignar, en að áliti umbjóðanda míns voru þessar eignir verulega oftaldar í ársreikningi Friðbjörns Björnssonar, enda féllst skattrannsóknarstjóri á verulega lækkun þessara eigna. Ekki var farið í sjálfstæða athugun af þeirra hálfu í aðra liði, enda ekki tími til. Ekki var hugað að áhrifum þess að dreifa gjöldum umbjóðanda míns á fleiri ár, enda var fylgt eindregnum ráðleggingum skattrannsóknarstjóra varðandi afgreiðslu þessa máls og því treyst, að hagsmunir umbjóðanda míns væru ekki fyrir borð bornir. Það var ekki fyrr en úrskurður ríkisskattstjóra lá fyrir, að fram komu efasemdir um, að tillögur skattrannsóknarstjóra hefðu tekið tillit til hagsmuna umbjóðanda míns. Var því farið að kanna þau lagaákvæði, sem hér skiptu máli, og var niðurstaða þeirra athugana sú, að sú aðferð, sem skattrannsóknarstjóri hafði lagt til, væri ekki lögum samkvæm og leiddi til mun hærri álagningar opinberra gjalda á umbjóðanda minn en efni stæðu til. Var því ákveðið að kæra úrskurð ríkisskattstjóra, enda var það alltaf hugsun umbjóðanda míns, að sú leið yrði valin við endurákvörðun opinberra gjalda, sem væri umbjóðanda mínum hagstæðust. Er því ekki rétt að túlka erindi umbjóðanda míns um endurákvörðun opinberra gjalda með þeim hætti, sem skipaður ríkisskattstjóri gerir í úrskurði sínum, þ.e., að beiðnin taki aðeins til ársins 1984 án tillits til fyrri ára. Verður þar að líta til þess, hvernig þetta erindi er til komið.

Umbjóðanda mínum er mjög umhugað um að geta bundið enda á þetta mál hið fyrsta, þar sem það hefur valdið honum ómældu tjóni, og er þar fyrst og fremst átt við áhrif þeirrar gífurlegu umfjöllunar, sem þetta mál hefur hlotið í fjölmiðlum. Þær fullyrðingar, sem sá fréttaflutningur byggist á, hafa aðeins getað komið frá skattyfirvöldum. Er því gerð sú krafa, að álagning verði í samræmi við 1. mgr. 60. gr. laga um tekju- og eignarskatt að teknu tilliti til 53. gr., þ.e., að skattframtölum gjaldáranna 1983 og 1984

verði breytt til samræmis við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á skattframtali gjaldársins 1985, eins og gerð hefur verið grein fyrir í III. kafla. Af þeirri hækkun tekna, sem varðar gjaldárin 1983 og 1984, er farið fram á, að 25% verði lögð í varasjóð. Ljóst er, að ríkisskattstjóri telur þær tekjur, sem hann skattleggur á árinu 1984, mynda söluskattsskylda veltu rekstrarárin 1981-1984, og vekur furðu, að ríkisskattstjóri skuli ekki gæta samræmis í úrskurðum sínum. Telja verður það hlutverk skattyfirvalda að fá fram rétta gjaldstofna í hverju tilviki fyrir sig og að álagning eigi sér stað lögum samkvæmt. Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að í tilviki umbjóðanda míns hafa þessi atriði ekki verið höfð að leiðarljósi. Þessi krafa hefur engin áhrif á framtalsgerð gjaldáranna 1986 og 1987, eins og skipaður ríkisskattstjóri í máli þessu gefur í skyn í úrskurði sínum og fram kemur í 2. tl. á 1. bls. hér að framan.

Ef ríkisskattanefnd telur ekki forsendur til að fallast á ofangreinda kröfu, er til vara gerð sú krafa, að við endurákvörðun á opinberum gjöldum umbjóðanda míns verði ríkisskattstjóra gert skylt að gæta ákvæða 96. gr. laga um tekju- og eignarskatt, og vísast í því sambandi til II. kafla hér að framan.

Með vísan til 6. mgr. 100. gr. laga um tekju- og eignarskatt og þess, að skattyfirvöld greina með öðrum hætti frá tildrögum þess, að umbjóðandi minn fór fram á endurákvörðun opinberra gjalda, en hér hefur verið gert, og með vísan til þess, að umbjóðanda mínum hefur verið neitað um skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um athugun á skattskilum hans og niðurstöðum þeirrar athugunar, er farið fram á munnlegan málflutning í máli þessu."

E.

Með bréfi, dags. 19. maí 1988, hefur settur ríkisskattstjóri lagt fram kröfugerð sína í máli þessu fyrir hönd gjaldkrefjanda. Gerir hann þá kröfu, að aðalkröfu verði vísað frá ríkisskattanefnd, en verði eigi á það fallist, er gerð sú krafa, að hinn kærði úrskurður ríkisskattstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans. Þá krefst ríkisskattstjóri þess, að varakröfu kæranda verði hafnað, þar sem hún eigi ekki við rök að styðjast. Til stuðnings kröfum sínum ítrekar ríkisskattstjóri það, að endurákvörðun hans á opinberum gjöldum kæranda gjaldárið 1985 hafi verið byggð á ósk kæranda sjálfs um hana og hún hafi verið byggð á leiðréttum ársreikningi ársins 1984 og leiðréttu skattframtali árið 1985, sem kærandi sjálfur hafi látið gera og lagt fyrir ríkisskattstjóra. Geti ekki skipt máli, hver hafi verið aðdragandinn að þeim leiðréttingum og framlagningu nýs skattframtals árið 1985 hjá ríkisskattstjóra. Mótmælir hann þeim fullyrðingum umboðsmanns kæranda, að rangt hafi verið frá þeim aðdraganda skýrt í tilkynningunni

um endurákvörðun gjalda eða í hinum kærða úrskurði. Því til áréttingar gerir hann nánari grein fyrir aðdragandanum og lætur gögn fylgja til upplýsingar. Þá gerir ríkisskattstjóri athugasemdir við það sjónarmið umboðsmanns kæranda, að hinn leiðrétti ársreikningur hefði í raun verið niðurstaða skattrannsóknarstjóra. Gerir ríkisskattstjóri í því sambandi að umtalsefni athugasemdir umboðsmannsins við eftirtalin atriði: birgðamat, vantalinn byggingarkostnað, vantalda söluskattsskylda veltu, víxileign og umboðslaun. Lýkur ríkisskattstjóri athugasemdum sínum um þessi atriði í kröfugerð kæranda með þessum orðum:

„Meinloka allrar þessarar röksemdafærslu sýnist sú, sbr. tilvitnuð orð kæruritara, að það eitt, að tiltekið atriði sé athugað af skattrannsóknarstjóra eða sæti ábendingu hans, verði af þeim sökum hans niðurstaða í hinum leiðrétta ársreikningi, þó að augljóst sé af þeim málsgögnum, sem kæruritari leggur sjálfur fram, að um sé að ræða niðurstöður, sem grundvallast á athugun og skoðun endurskoðanda kæranda, enda þótt hann sniðgangi eigi þær staðreyndir, sem aðrir hafa leitt fram. Í þessu sambandi má benda á, að Helgi Magnússon hafði liðlega þrjá mánuði frá uppgjöri Friðbjörns til þess að yfirfara málið, og í bréfi forstjóra kæranda, gagnaupptalningu 1, kemur reyndar fram, að hann hafi u.þ.b. mánuði fyrr falið Helga að yfirfara, stemma af og leiðrétta bókhald kæranda. Átti þetta að vinnast í einni lotu og niðurstöður að afhendast strax.

Það er engum vafa undirorpið, að hin leiðrétta framtalsgerð er til komin vegna athugunar skattrannsóknarstjóra á bókhalds- og skattamálum kæranda. Hitt er jafnljóst, að hún er niðurstaða kæranda sjálfs. Það var hans endanlega mat eftir nokkurra mánaða athugun í kjölfar uppgjörs Friðbjörns Björnssonar að leiðrétta framtalsgerðina með þeim hætti, sem hann gerði, og óska eftir endurákvörðun opinberra gjalda 1985 í samræmi við hina leiðréttu framtalsgerð."

Þá mótmælir ríkisskattstjóri því, að annmarkar hafi verið við málsmeðferð við endurákvörðun hinna kærðu gjalda, og ítrekar m.a., sem um það greinir í hinum kærða úrskurði. Loks mótmælir ríkisskattstjóri því, að eldri gjaldár en gjaldárið 1985 séu til meðferðar í kærumáli þessu.

F.

Hinn 21. júní 1988 reit ríkisskattanefnd kæranda svohljóðandi bréf („sjá rskj. 12)":

Til þess að skila sókn sinni í málinu var umboðsmanni kæranda veittur viðbótarfrestur til 15. september 1988, síðan til 10. október 1988 og loks til 1. desember 1988. Með bréfi, dags. 3. ágúst 1988, fór hann fram á að fá afrit af þremur tilgreindum gögnum, sem lögð hefðu verið fram í málinu af ríkisskattstjóra, en kærandi hefði eigi áður haft undir höndum.

Hinn 1. desember 1988 barst greinargerð frá umboðsmanni kæranda ásamt tveimur fylgiskjölum. Eru gerðar athugasemdir um þau atriði í kröfugerð ríkisskattstjóra, er lúta að frásögn hans af tilurð þess leiðrétta ársreiknings, er um ræðir í máli þessu. Er niðurstaða umboðsmannsins sú, að umsögn ríkisskattstjóra breyti ekki neinu því, sem fram hafi komið í rökstuðningi umboðsmannsins frá 5. febrúar 1988, heldur staðfesti frekar „það, sem þar kemur fram, að sá grundvöllur, sem endurákvörðun opinberra gjalda byggði á, sé niðurstaða athugunar skattrannsóknarstjóra, en ekki umbjóðanda míns". Eru því áður gerðar kröfur ítrekaðar. Þá vekur umboðsmaður kæranda athygli á því, að ríkisskattstjóri hafi ekki lagt fram í kærumáli þessu skýrslu þá, „sem skattrannsóknarstjóri lét gera og hann sendir rannsóknarlögreglu ríkisins", en telja verði, „að þessi skýrsla sé grundvallargagn í máli þessu, þar sem í henni á að koma fram allt, sem varðar rannsókn skattrannsóknarstjóra á skattskilum umbjóðanda míns, og niðurstöður þeirrar athugunar ásamt þeim gögnum, sem hann hefur byggt á. Það, að hún hefur ekki verið lögð fram, vekur grunsemdir um, að ríkisskattstjóri hafi einhverju að leyna í máli þessu". Þá vekur furðu, að skýrslutaka, sem átt hafi sér stað hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, skyldi ekki heldur hafa verið lögð fram í máli þessu. Hafi umbjóðandi sinn gert ítrekaðar tilraunir til að fá aðgang að gögnum þessum, en án árangurs.

Sóknarskjal umboðsmanns kæranda ásamt fylgiskjölum var sent ríkisskattstjóra. Af hálfu ríkisskattstjóra hafa komið fram andsvör í bréfi, dags. 17. janúar 1989. Rekur hann gang málsins og gerir enn athugasemdir við það, sem fram kemur hjá umboðsmanni kæranda varðandi málsmeðferð. Hann ítrekar það, sem áður er fram komið af sinni hálfu í málinu, og kröfu sína með svofelldum orðum: „Kærandi hefur gengið frá nýju skattframtali og ársreikningi fyrir gjaldárið 1985 og með formlegum hætti óskað eftir endurákvörðun opinberra gjalda í samræmi við þau gögn. Viðurkennt er af kæranda með hinni nýju framtalsgerð, að tekjur og eignir voru verulega vantaldar. Ekkert hefur komið fram, sem sýnir, að þeir meinbugir séu á leiðréttingunni, að á henni verði eigi byggð álagning opinberra gjalda. Verður því að telja kæranda bundinn af hinni leiðréttu framtalsgerð og honum beri að sæta þeirri álagningu, sem hún leiddi af sér. Hin kærða álagning er réttilega ákvörðuð í samræmi við gögn málsins og á sér ótvíræða lagastoð í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt."

G.

Fyrir liggur og raunar viðurkennt af hendi kæranda, að upphaflegt skattframtal kæranda árið 1985 svo og skattframtöl eldri ára hefðu verið ófullnægjandi með þeim hætti, að ársreikningar þeir, sem þeim framtölum

fylgdu, studdust ekki við fullnægjandi bókhald. Álagning opinberra gjalda gjaldárið 1985 og þeirra eldri gjaldára, sem umboðsmaður kæranda krefst leiðréttinga á, studdist því eigi við viðhlítandi framtalsgögn. Af hálfu kæranda þykir eigi hafa verið bætt úr ágöllum þessum og með þeim hætti, að unnt sé í kærumáli þessu að taka kröfur hans til efnislegrar umfjöllunar.

Ljóst er, að ríkisskattstjóri endurákvarðaði kæranda að nýju opinber gjöld 1985 með heimild í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eingöngu á grundvelli nýs skattframtals kæranda 1985, en eigi liggur annað fyrir en ríkisskattstjóri hafi þá ekki haft önnur gögn undir höndum um mál þetta. Rétt hefði verið af ríkisskattstjóra, að hann færi fram á rannsókn skattrannsóknarstjóra á hinu nýja skattframtali kæranda árið 1985, áður en hann tók fyrir að endurákvarða gjöld kæranda, sbr. 2. ml. 3. mgr. 102. gr., sbr. og lokamálsgrein 96. gr., sem þar er vísað til, eða krefði skattrannsóknarstjóra um skýrslu um þá athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, er frá segir í tveimur bréfum, dags. 12. apríl 1986, sem fylgdu til skýringar hinu nýja skattframtali kæranda árið 1985, og frásögn ríkisskattstjóra sjálfs í tilkynningu um endurákvörðun, dags. 29. apríl 1986. Var það sérstaklega brýnt með tilliti til þess, að bókhald kæranda árið 1984 hafði ekki verið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda og því lýst yfir í bréfi stjórnar kæranda, dags. 12. apríl 1986, að ágallar væru á bókhaldi hans rekstrarárið 1984 og eldri rekstrarára. Hið nýja framtal og ársreikningar voru og bersýnilega ekki byggðir á viðhlítandi grundvelli.

Með hliðsjón af framansögðu verða hvorki kröfur kæranda né ríkisskattstjóra teknar til greina og þeim vísað frá vegna vanreifunar.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá.“

III.

Af hálfu sóknaraðila er haldið fram, að ákvörðun ríkisskattstjóra frá 29. apríl 1986 um að endurákvarða varnaraðila gjöld 1985 hafi verið í alla staði rétt. Umboðsmaður sóknaraðila telur, að þessi ákvörðun hafi verið tekin samkvæmt eindreginni ósk varnaraðila þá og hún byggð að öllu leyti á nýju framtali varnaraðila og meðfylgjandi ársreikningi, en enginn tölulegur ágreiningur sé um niðurstöður samkvæmt framtalinu. Hann telur, að ríkisskattstjóri hafi fulla heimild samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt til að ákvarða varnaraðila opinber gjöld, eins og gert var, og engin þörf eða skylda hafi kallað á að uppfylla skilyrði 96. gr. sömu laga, þar sem um nýja álagningu samkvæmt óbreyttu framtali varnaraðila hafi verið að ræða. Hann segir, að engin lagaskilyrði eða venja sé fyrir því, að ársreikningar, sem skattyfirvöld leggi til grundvallar álagningu, séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum, og því

hafi skortur á slíkri endurskoðun ekki verið til fyrirstöðu álagningu, eins og þó ætla mætti af forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar. Hann segir, að ríkisskattanefnd hafi ekki tekið af skarið í afstöðu til málsins, eins og henni að hans mati sé skylt, heldur hafi hún hlaupist undan þeim vanda að ástæðulausu. Ekki kveðst hann þó óska eftir því, að slíkt formsatriði verði látið ráða niðurstöðu um efni máls.

Umboðsmaður sóknaraðila telur, að ríkisskattstjóri hafi átt um tvennt að velja við álagningu á varnaraðila, eftir að hið nýja framtal barst honum, annars vegar að ákveða varnaraðila gjöld, eins og gert var, eða hins vegar að áætla honum skattstofna. Hann telur, að síðarnefnda álagningaraðferðin hefði samkvæmt eðli máls orðið varnaraðila þungbærari. Raunar telur hann, að ekkert bendi til, að komist verði nær álagningu á varnaraðila, sem sé í samræmi við tiltæk bókhaldsgögn varnaraðila, en í þeirri, sem gerð var, enda hafi ársreikningur með framtalinu verið samkvæmt niðurstöðu úr skoðun endurskoðenda á vegum skattyfirvalda og varnaraðila. Hann telur, að varnaraðila hafi að sjálfsögðu verið heimilt að kæra álagninguna, en eins og aðdragandi hennar var, hafi hún ekki með nokkru móti getað komið honum í opna skjöldu, og engan veginn hefði hann getað búist við, að álagningu samkvæmt framtalinu yrði skipt milli ára aftur í tímann. Hann mótmælir því eindregið, að stjórnarmenn varnaraðila hafi verið þvingaðir á nokkurn hátt með ólögmætum hætti til að leggja fram það framtal, sem var grundvöllur umdeildrar álagningar, og vísar á bug aðdróttunum um, að embættismenn skattyfirvalda hafi af illum hvötum og ólögmætum staðið að málum.

Af hálfu varnaraðila er haldið fram, að ekki liggi fyrir lögmæt álagning 1985 á hann. Umboðsmaður varnaraðila segir, að berlega megi lesa þá niðurstöðu úr forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar. Hann segir, að kröfu ríkisskattstjóra um staðfestingu á endurákvörðun hans á opinberum gjöldum varnaraðila gjaldárið 1985 hafi verið hafnað af ríkisskattanefnd á þeim forsendum, að ekki hafi réttilega verið að henni staðið samkvæmt lögum, og jafnframt hafi nefndin í forsendum sínum bent á, hvernig, eins og á stóð, hefði átt að standa að álagningu. Hann segir, að með þessum úrskurði hafi æðsta stjórnvald í skattamálum ómerkt umdeilda álagningu og þegar af þeirri ástæðu geti dómstólar ekki tekið kröfu sóknaraðila til greina. Hann kveðst geta fallist á skoðun sóknaraðila, þ.e., að úrskurðarorð nefndarinnar séu ekki í rökrænu samhengi við forsendur úrskurðarins, en raunar geti þau ekki breytt yfirlýsingu nefndarinnar í forsendum.

Umboðsmaður varnaraðila heldur fram, að fyrsta og síðasta lagaskylda skattyfirvalda sé að komast að réttri niðurstöðu um álagningu og engar vanhugsaðar yfirlýsingar skattaðila geti breytt þar nokkru um. Framtal það, sem lagt var til grundvallar umdeildri álagningu, telur hann, að for-

ráðamenn varnaraðila hafi undirritað og samþykkt á sínum tíma undir óeðlilegri og jafnvel ólögmætri þvingun af hálfu skattyfirvalda, og væri honum ef til vill unnt að sýna fram á það, ef réttarfar fógetaréttarins leyfði vitnaleiðslu, en þó væri ekki örgrannt um, að lesa mætti úr skjölum málsins ýmislegt, sem styddi þá staðhæfingu. Hann telur, að gögn málsins sýni a.m.k., að einhvers konar samningsleið hafi verið farin varðandi framtalið, sem álagningin byggist á. Við þá samningsgerð, fullyrðir hann, að skattrannsóknarstjóri þáverandi hafi haft öll ráð forráðamanna varnaraðila í hendi sér og þvingað fram niðurstöður, sem gáfu embætti hans hagstæða tölu í útreikningi um afköst. Hann telur, að ársreikningur sá, sem lagður er til grundvallar, sé ekki byggður réttilega á bókhaldsgögnum, allt sé óstaðfest og raunar órannsakað, enda megi lesa þá skoðun í forsendum ríkisskattanefndar. Hann segir, að með þeirri aðferð, sem beitt var við umdeilda álagningu, hafi allt verið fært til verri vegar fyrir varnaraðila, t.d. hafi nokkurra ára hugsanlegum rekstrarhagnaði verið dembt á eitt ár í beinni skattlagningu, en söluskatti á veltu skipt milli ára til að ná hærra álagi, en allt um það hafi þó versta afleiðingin verið sú að vera þannig sviptur tækifæri í skattakerfinu til að koma góðri skipan á framtals- og skattamál sín og fá réttmætar leiðréttingar.

IV.

Úrskurður ríkisskattanefndar frá 17. apríl 1989 um frávísun máls breytir ekki gildi ákvörðunar ríkisskattstjóra frá 29. apríl 1986 um gjöld varnaraðila gjaldárið 1985. Ríkisskattanefnd hefur með öðrum orðum ekki hrundið ákvörðun ríkisskattstjóra, en lögmæti hennar er hér til umfjöllunar að svo miklu leyti sem varðar framgang umkrafinnar lögtaksgerðar.

Óumdeild ástæða þessa máls er, að bókhald varnaraðila hafði ekki verið með réttum hætti um nokkurt skeið. Á því ber hann fulla ábyrgð, og ekki verður betur séð en hann hafi haft tíma og tækifæri til að koma því í það horf, að viðunandi væri miðað við aðstæður. Framtal hans frá 12. apríl 1986 er með formlega réttum hætti og niðurstöður álagningar samkvæmt því óumdeildar tölulega. Þá verður og ekki séð, að ríkisskattstjóra hafi skort lagaheimild til að endurákvarða varnaraðila gjöld samkvæmt framtalinu. Sóknaraðila verður því ekki neitað um það tryggingarúrræði, sem felst í að leita lögtaks í eignum varnaraðila, á meðan greiðsluskylda varnaraðila virðist ótvíræð nú samkvæmt framansögðu. Þessi ályktun skerðir þó að sjálfsögðu í engu rétt varnaraðila til málshöfðunar um endurgreiðslu, fari svo, að hann greiði sóknaraðila með fyrirvara, eða til að leita réttar síns samkvæmt 12. gr. laga nr. 29/1885.

Þykir því að verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar að kröfu sóknaraðila og á ábyrgð hans.

Vegna þeirra vafaatriða, sem fram hafa komið, verður málskostnaður ekki dæmdur.

Úrskurðarorð:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila og á hans ábyrgð. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. júní 1991.

Nr. 300/1988. **Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.),
og Skipaútgerð ríkisins
(Árni Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Nyfrost Hirtshals A/S og
Dansk Søassurance A/S
(Skúli Fjeldsted hdl.).

Farmflutningar. Skaðabætur. Lagaskilareglur. 45. gr. hæstaréttarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 16. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sama mánaðar. Fyrirtækið krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst það lækkunar á kröfum stefndu og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Skipaútgerð ríkisins áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 30. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sama mánaðar. Hún krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur verið rekið í nafni Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeildar (SÍS), þó að fram sé komið, að Samskip hf. hafi tekið við rekstri deildarinnar 1. janúar sl., sbr. hæstaréttardóm í máli nr. 24/1991 hinn 8. febrúar sl.

Hér fyrir dómi kvað lögmaður SÍS ágreining vera um ástand rækju þeirrar, sem mál þetta er af risið, hinn 2. mars 1985, þegar henni var skipað um borð í m/s Öskju á Ísafirði. Fram er komið, að rækjan var þá í gámi, sem var einn af tíu gámum, sem hlaðnir

höfðu verið rækju á sama tíma. Var varan þá óflokkuð, og réð tilviljun, hvar rækjupakkarnir voru settir. Skemmdir komu aðeins fram í einum gámi, sem einkenndur var SCXU-801196-3. Verður að byggja á því, að engar skemmdir hafi verið í rækjunni við útskipun á Ísafirði.

SÍS hafði tekið að sér að annast flutning á rækjunni frá Ísafirði um Reykjavík til Hirtshals í Danmörku. Var hún sett í gáma, sem SÍS útvegaði, og þeir fluttir með áætlunarferð Skipaútgerðar ríkisins til Reykjavíkur. Eins og sagt er í héraðsdómi, hófst sá flutningur 2. mars 1985 og stóð tæpa tvo sólarhringa. Að sönnu var ekki mælt hitastig í gámunum á leiðinni og síritandi mælir ekki settur í þá fyrr en eftir, að til Reykjavíkur var komið. Upplýsingar um hitastigið í gáminum, sem hér er um fjallað, bera ekki með sér, að óregla hafi verið á frystingunni í honum, fyrr en 11. mars. Er nægilega fram komið, að rækjan hafi ekki skemmst, meðan hún var í vörslum Skipaútgerðar ríkisins. Ber að sýkna það fyrirtæki af kröfum stefndu.

Ágreiningslaust er, að um ábyrgð SÍS fari eftir siglingalögum Dana nr. 56/1892 með síðari breytingum vegna ákvæðis um það í farmskírteini. Ber því að líta til 118. gr., 1. mgr., laga þessara, sem ekki liggur fyrir í íslenskri þýðingu. Ákvæðið er þannig:

„Bortfragteren er ansvarlig for tab som følge af, at godset bliver beskadiget eller går tabt eller bliver forsinket, medens det er i hans varetægt om bord eller i land, medmindre han godtgør, at fejl eller forsømmelse af ham selv eller nogen, han svarer for, ikke har forårsaget eller medvirket til tabet."

SÍS hefur ekki sannað, að fyrirtækið eða menn á þess vegum hafi ekki átt hlut að því, að tjónið varð. Verður af þeim sökum að leggja bótaábyrgð á því á fyrirtækið.

Í héraði krafðist SÍS sýknu, en setti ekki fram varakröfu með sama hætti og hér fyrir dómi. Hefur því verið mótmælt af stefndu, að varakrafan komist að. Úrslit um það atriði ráðast af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Í áfrýjunarstefnu er ekki ótvírætt gerður fyrirvari varðandi nýjar kröfur, og ekki hefur verið sýnt fram á, að fullnægt sé því skilyrði áðurnefndrar lagagreinar, að afsakanlegt sé, að krafan kom ekki fram í héraði. Verður hún því ekki tekin til efnismeðferðar. Þess er og að geta, að í flutningi máls-

ins hér fyrir dómi var varakrafan rökstudd með tilvísun í 120. gr., 2. og 3. mgr., dönsku siglingalaganna. Þar segir meðal annars, að bætur skuli ekki vera hærri en 666,67 SDR fyrir hvert stykki. Telja verður hvern 12 kg kassa eitt stykki, sbr. Hrd. 1986, 916, og þykir sú eining koma nægilega fram í farmskírteini. Varakrafan yrði því eigi tekin til greina, þó að hún kæmi til efnismeðferðar.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóm, að því er varðar Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, um annað en málskostnað.

Um málskostnað fer eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi Skipaútgerð ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefndu, Nyfrost Hirtshals A/S og Dansk Søassurance A/S, í máli þessu. Stefndu greiði Skipaútgerð ríkisins 250.000 íslenskar krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, greiði stefndu 750.000 danskar krónur með 13% ársvöxtum af 707.241,14 dönskum krónum frá 2. maí 1986 til greiðsludags svo og 800.000 íslenskar krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 4. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 3. júní 1986.

Stefnendur eru Ágúst Fjeldsted hrl. f.h. Nyfrost Hirtshals A/S, Östhavnen, 9850 Hirtshals, og Dansk Söassurance A/S, Niels Juelsgade 11, Kaupmannahöfn, Danmörku.

Stefndu eru Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, nnr. 7472-7581, Sambandshúsinu v/Sölvhólsgötu, Reykjavík, og Skipaútgerð ríkisins, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, nnr. 8164-7321.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu greiði in solidum danskar krónur 750.000 með 13% ársvöxtum af dönskum krónum 707.241,14 frá 2. maí 1986 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ samkvæmt framlögðum reikningi, að fjárhæð kr. 444.701.

Dómkröfur stefndu eru um sýknu af dómkröfum stefnenda og málskostnað úr hendi stefnenda.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi tekið að sér gagnvart Ole Basse Mortensen Trading Aps. með heildarsamningi að sjá um flutning á rækjum, veiddum á Grænlandsmiðum, frá Ísafirði til Hirtshals í Danmörku. Í mars 1985 hafi skipadeild Sambandsins tekið að sér að flytja farm af frosnum rækjum, þ.e. 8411 kassa, frá Ísafirði til Hirtshals fyrir Nyfrost A/S vegna Ole Basse Mortensen Trading Aps. Skipadeild Sambandsins muni hafa lagt til gáma til flutningsins, en farmur þessi var fluttur í 10 gámum. Hafi skipadeild Sambandsins notað skip stefnda Skipaútgerðar ríkisins, m/s Öskju, til að flytja farminn frá Ísafirði til Reykjavíkur, en skip, sem skipadeild gerir sjálf út, m/s Jan, frá Reykjavík til Árósa. Farmurinn hafi síðan verið fluttur á bílum frá Árósum til Hirtshals. Rækju þeirri, sem hér um ræði, hafi verið pakkað í 12 kg kassa, sem geymdir voru í frystihúsi á Ísafirði í 23-24 gráðu frosti. Rækjunni hafi verið skipað um borð í m/s Öskju seinni part dags 2. mars 1985. Hafi henni verið staflað í gámana sama dag og frystikerfi gámanna sett í gang og keyrt á bryggjunni, meðan beðið var eftir skipinu. Gámar þessir hafi síðan verið fluttir með m/s Öskju til Reykjavíkur og síðan áfram til Danmerkur með m/s Jan skv. farmskírteini, útg. af skipadeild Sambandsins, er gilti fyrir flutninginn alla leið frá Ísafirði til Hirtshals. M/s Askja muni hafa losað í Reykjavík 4. mars 1985 og gámarnir verið geymdir á athafnasvæði skipadeildar í Reykjavík til 13. mars, er þeim var lestað í m/s Jan, sem kom til Árósa 19. mars, en síðan var gámunum ekið til Hirtshals 19.-20. mars 1985. Við komuna til Hirtshals hafi komið í ljós, að rækjan í einum gáminum, nr. SCXU-801196-3, var stórskemmd, og var tjónið þegar í stað skoðað af skoðunarfirmanu Besigtelses Kontoret. Kom í ljós, að tjónið hafði orðið við það, að frost hafði farið af gáminum í flutningnum nægjanlega langan tíma til þess, að rækjan þiðnaði upp. Var rækjan dæmd ónýt og fargað. Eigandi rækjunnar, Ole Basse Mortensen Trading·A/S, krafði Nyfrost A/S, sem tekið hafði að sér að sjá um fyrir hann flutninga á Grænlandsrækju frá Íslandi til Danmerkur, um bætur fyrir tjónið, en það nam d.kr. 707.241,14. Jafnframt krafði hann Dansk Söassurance A/S um greiðslu á tjóninu vegna flutningsvátryggingar, sem hann hafði þar. Varð að samkomulagi, að Dansk Söassurance A/S og Nyfrost A/S gerðu upp tjónið að jöfnu. Greiddu þessir aðilar hvor um sig 2. maí 1986 d.kr. 375.000 eða samtals d.kr. 750.000 sem samkomulagsfjárhæð til uppgjörs á kröfunni ásamt vöxtum og kostnaði gegn framsali á öllum hugsanlegum endurkröfurétti á bótaskylda aðila.

Af hálfu stefnanda er málsóknin á því byggð, að stefndu hafi tekið við farminum í óskemmdu ástandi. Hafi verið gefið út um hann hreint farmskírteini. Sannað sé, að farmurinn var skemmdur og ónýtur, þegar honum

var skilað, og skv. skoðunarskýrslu Besigtelses Kontoret og einnig skýrslu Lene Stenersen, sem einnig skoðaði tjónið, urðu skemmdirnar af því, að ræjkan þiðnaði, meðan á flutningi stóð. Samkvæmt Haag-reglunum, sem gilda um flutninginn skv. 2. gr. farmskírteinisins, sbr. og 99. gr. sigll. 66/1963 beri farmflytjanda að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir atvik, sem hann beri ekki ábyrgð á. Slík sönnun hafi ekki komið fram, og beri stefndu því sem farmflytjendur báðir ábyrgð á tjóninu, en óljóst sé, hjá hvorum þeirra það kunni að hafa orðið. Rétt sé að benda á, að ekki liggi fyrir hitastigsskífa af gáminum fyrir það tímabil, sem hann var í vörslum Skipaútgerðar ríkisins, 2.-4. mars 1985. Skipadeild Sambandsins hafi ekki sett, að því er talið er, hitaskífu á gáminn fyrr en 5. mars, og skv. þeirri skífu féll hitastig úr ÷ 18° til ÷ 6° C á tímabilinu frá 11. mars kl. 4.00 til 12. mars kl. 24.00. Bendi þetta til, að ekki hafi allt verið með felldu við meðferð á margnefndum gámi, og fullljóst, að eitthvað hafi farið úrskeiðis í flutningnum, þar eð innihaldið í öllum hinum níu gámunum hafi verið algerlega óskemmt, en í öllum gámunum voru kassar með sama framleiðslunúmeri (dagsetning og veiðistaður).

II.

Stefndi Samband ísl. samvinnufélaga styður kröfu sína um sýknu eftirfarandi röksemdum:

Farmskírteinið um flutning á farmi þeim, sem mál þetta snýst um, var gefið út 13.3.1985, þ.e.a.s daginn, sem gáminum var skipað út í m/s Jan í Reykjavík.

Grein 4 í farmskírteininu leysir stefnda undan allri ábyrgð á skemmdum á farmi, sem verður, áður en útskipun á sér stað í skipið, en það var 13. mars 1985, og eftir að uppskipun lýkur, en það var 19. eða 20. mars.

Í 6. gr. farmskírteinisins er afdráttarlaust tekið fram, að þegar um er að ræða flutning með fleiri en einu skipi, sé ábyrgð stefnda takmörkuð við þann hluta flutningsleiðarinnar, sem hann annist með skipum, sem hann annist stjórn á (under his management), og skipti þar engu máli, hvort hann hafi tekið farmgjald fyrir allan flutninginn eða hluta hans.

Ekkert liggi fyrir í framlögðum skjölum þessa máls, er sýni, að varan, sem málið fjallar um, hafi skemmst á því tímabili, sem ábyrgð stefnda nær til skv. framansögðu.

Í stefnu sé því fram haldið og málsókn á því byggð, að stefndu hafi tekið við farminum í óskemmdu ástandi. Þessi málsástæða getur ekki átt við umbjóðanda minn, því að engar sönnur hafa verið á það færðar, að varan hafi verið óskemmd, þegar henni var skipað út í Jan, en þá hófst farmskírteinisábyrgð stefnda.

Stefnandi byggi á því, að skv. Haag-reglum og 99. gr. siglingalaganna

66/1963 beri farmflytjanda að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir atvik, sem hann beri ekki ábyrgð á. Þessi sönnunarregla eigi ekki við, nema farmflytjandi hafi fyrst sannað, að tjónið hafi orðið á ábyrgðartíma farmflytjanda, en það hafi hann ekki gert, að því er stefnda varði.

Í skoðunargerðum, sem fram hafi verið lagðar, komi fram, að gámurinn vann óaðfinnanlega að lokinni tæmingu hans. Ábyrgð verði því ekki lögð á stefnda af þeim sökum.

Hitasjálfritar, sem fram hafi verið lagðir, sýni, að frysting í gáminum hafi verið óaðfinnanleg á ábyrgðartíma stefnda.

III.

Sýknukrafa stefnda Skipaútgerðar ríkisins byggist á eftirtöldum atriðum og lagarökum:

Stefndi hafi alls ekki samið við stefnendur um flutning á frystigámum þeim, sem fluttir voru með skipi stefnda, m/s Öskju, frá Ísafirði til Reykjavíkur í marsbyrjun 1985, en þ. á m. var gámur nr. SCXU-801196-3, sem innihélt hina skemmdu rækju. Stefndi Skipaútgerð ríkisins flutti þessa gáma fyrir stefnda Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild. Stefnda Skipaútgerð ríkisins sé því ranglega stefnt í máli þessu, og sé því krafist sýknu af dómkröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Sé ekki fallist á rök stefnda fyrir sýknu samkvæmt lið nr. 1 hér að framan, skuli á það bent, að umræddir gámar hafi komið um borð í skip stefnda seinni part dags 2. mars 1985 á Ísafirði og verið losaðir úr skipinu í Reykjavík 4. mars 1985. Hafi gámur nr. SCXU-801196-3 verið bilaður eða bilað, hafi það ekki verið á ábyrgð stefnda, en stefndi skipadeild Sambandsins hafi lagt til umrædda gáma, og voru þeir gangsettir og stilltir á hans ábyrgð. Gögn stefnanda beri það með sér, að rækjan, sem sett var í gámana á Ísafirði, hafi komið beint úr hraðfrystiklefa á Ísafirði, þar sem rækjan var geymd í 24-26° frosti, en það taki 2-4 daga fyrir rækjuna að þiðna, þ.e., þegar frost sé minna en 5° í gáminum. Umræddir gámar hafi verið innan við tvo daga í umsjá stefnda Skipaútgerðar ríkisins, sem ekki sé nægjanlegur tími til þess, að rækjan nái að þiðna og skemmast. Frá því að rækjan var sett í frystigáma á Ísafirði og þar til hún var tekin úr gámunum í Hirtshals í Danmörku, hafi liðið u.þ.b. 18-19 dagar. Í stefnu segi, að hitaskífur hafi eigi verið settar í gámana fyrr en 5. mars 1985, en í því sambandi sé rétt að benda á, að hitastig hækki ekkert verulega í gámi nr. SCXU-801196-3 fyrr en á tímabilinu 11. mars kl. 4.00 - 12. mars kl. 24.00, þ.e. úr mínus 18° upp í mínus 6°, samkv. dómskjali nr. 9. Á þessum tíma hafi gámarnir alls ekki verið í umsjá stefnda Skipaútgerðar ríkisins og engar líkur til þess, að rækjan hafi skemmst á þeim tíma.

IV.

Stefnendur máls þessa hafa með sérstöku framsali öðlast rétt eiganda rækjufarms þess, sem hér um ræðir, gagnvart þeim, sem kunna að bera ábyrgð á því, að rækjufarmurinn skemmdist, og er aðild stefnenda að málinu ekki vefengd.

Málsaðilar eru sammála um, að farmskírteini það, sem lagt hefur verið fram í málinu, hafi verið gefið út þess efnis, sem þar má lesa. Á framhlið þessa gagnfæra farmskírteinis, sem er auðkennt stefnda Sambandi íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, er þess m.a. getið, að rækjufarmurinn, þar á meðal gámur sá, sem mál þetta fjallar um, hafi verið fluttur með m/s Öskju frá Ísafirði til Reykjavíkur og með m/s Jan frá Reykjavík til Árósa.

Eigendum m/s Jans er ekki stefnt í máli þessu, og er ágreiningslaust, að stefndi Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, beri fébótaábyrgð gagnvart farmseiganda eða réttartökum hans, sé fébótaábyrgð af hálfu farmflytjenda á annað borð til að dreifa, en stefndi skipadeild Sambandsins hafði m/s Jan til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farmsamningi.

Með útgáfu hins gagnfæra farmskírteinis stofnaðist samningssamband milli stefnda Skipaútgerðar ríkisins sem eiganda m/s Öskju og handhafa farmskírteinisins. Stefnendur máls þessa leiða rétt sinn til fébóta af farmskírteini þessu, og verður krafa stefnda Skipaútgerðar ríkisins um sýknu vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að rækjufarmurinn hafi verið óskemmdur við móttöku, en skemmdur og ónýtur í gámi nr. SCXU-801196-3, er honum var skilað. Af hálfu stefndu hefur ekki verið upplýst, hvar og/eða hvenær á flutningsleiðinni farmurinn skemmdist, og kemur þá þrennt til álita:

1) Flutningsleiðin Ísafjörður-Reykjavík 2. til 4. mars 1985, og var farmurinn þá í ábyrgð stefnda Skipaútgerðar ríkisins, 2) geymslustaður gámsins á athafnasvæði stefnda Sambands ísl. samvinnufélaga 4. til 13. mars og 3) flutningsleiðin Reykjavík-Árósar 13. til 19. mars, en í 2) og 3) var farmurinn í ábyrgð stefnda Sambands íslenskra samvinnufélaga, skipadeild.

Stefndu hafa hvorugur sýnt fram á, að tjónið á farminum hafi ekki orðið, þegar farmurinn var í þeirra umsjá og ábyrgð, og bera þeir því sólídariska ábyrgð á tjóni því, sem varð vegna þiðnunar í gáminum. Ber því að taka kröfur stefnenda til greina, enda hafa þær ekki sætt tölulegum andmælum.

Verður stefndu og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst ísl. kr. 400.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson deildarstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Samband íslenskra samvinnufélaga, skipadeild, og Skipaútgerð ríkisins, greiði in solidum stefnanda, Ágústi Fjeldsted hrl. f.h. Nyfrost Hirtshals A/S og Dansk Söassurance A/S, danskar krónur 750.000 með 13% ársvöxtum af dönskum krónum 707.241,14 frá 2. maí 1986 til greiðsludags og íslenskar krónur 400.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. júní 1991.

Nr. 225/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Rúnari Ingva Eiríkssyni.

Kærumál. Bifreiðar. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1991. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili gekkst undir í sakadómi Akureyrar 24. maí 1991, verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akureyrar 11. júní 1991 var varnaraðila kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Hann mótmælti kröfunni. Endurrit úr sakadómsbókinni var sent Hæstarétti 12. s.m.

Að kvöldi 5. mars 1991 komu löggæslumenn að bifreiðinni Y-14418, þar sem hún stóð á Hraunbergi hér í borg. Varnaraðili sat undir stýri. Tjáði hann löggæslumönnum, að hann hefði verið að aka bifreiðinni um borgina sviptur ökuréttindum. Með varnaraðila í bifreiðinni var eigandi hennar, Jóhann Ragnar Sigurðsson, sem staðfesti frásögn varnaraðila. Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni kvaðst varnaraðili hafa ekið bifreiðinni frá umferðarmiðstöðinni upp í Breiðholt.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila frá 28. maí sl. hefur hann sætt viðurlögum fyrir brot gegn umferðarlögum svo sem hér greinir:

Hinn 14. nóvember 1985 dómsátt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði frá 24. september 1985.

Hinn 10. nóvember 1986 dómsátt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. sömu laga.

Hinn 27. janúar 1988 dómur fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Svipting ökuréttinda í 18 mánuði frá 24. september 1986.

Hinn 22. nóvember 1989 dómur fyrir brot m.a. gegn 2. mgr.,

sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Svipting ökuréttinda ævilangt.

Með broti því, sem mál þetta fjallar um, hefur varnaraðili oftlega gerst sekur um akstur vélknúins ökutækis sviptur ökuréttindum. Verður því eigi talið, að lagaskilyrði hafi verið til þess að ljúka máli þessu með dómsátt, heldur hafi það átt að ganga til dóms. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Framangreind dómsátt er felld úr gildi.

Dómsátt sakadóms Akureyrar 24. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24. maí, var dómþing sakadóms Akureyrar háð í skrifstofu dómsins af Frey Ófeigssyni héraðsdómara. Fyrir var tekið mál nr. 91.927: Kæra á hendur Rúnari Ingva Eiríkssyni um umflbrot. Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1, rannsóknargögn, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði kl. 16.35, Rúnar Ingvi Eiríksson sjómaður, til heimilis að Norðurgötu 58, Akureyri, kt. 290168-3099, fæddur í Vestmannaeyjum.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málsókn út af brotinu, sem varðar við 48., sbr. 100. gr. umfl. nr. 50, 1987.

Sektin greiðist fyrir 1. júlí 1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í fimm daga.

Málskostnaður, kr. 1.000, greiðist á sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málsókn falla niður.

Fimmtudaginn 27. júní 1991.

Nr. 258/1991. **Elsa Lára Sigurðardóttir**
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Gagnaöflun. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 27. maí 1991 úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl s.á., en henni var birtur úrskurðurinn 14. maí s.á. Er ekki fram komið, að henni hafi verið fyrr kunnugt um niðurstöðu úrskurðarins. Ályktun bæjarþingsins er eftirfarandi: „Skýrslutaka aðila og vitna verður ekki leyfð."

Sóknaraðili krefst þess, að leyfð verði skýrslutaka af aðilum og vitnum í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er höfðað samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði á grundvelli skuldabréfs. Sóknaraðili, sem er ein af þrem stefndu í héraði, tók á sig sjálfsskuldarábyrgð að kröfu samkvæmt skuldabréfi þessu. Samkvæmt greinargerð í héraði eru varnir hennar þessar:

„Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er alls ekki í lögmætu formi, þar sem nafnritun annars ábyrgðaraðilans er falsað og aðeins einn vottur er á skuldabréfinu. Mál þetta verður því ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936.

— — —

Sýknukrafa umbj. m. er á því byggð m.a., að forsenda fyrir sjálfsskuldarábyrgð hennar sé brostin skv. framansögðu."

Varnaraðili mótmælir því, að varnir sóknaraðila komist að í málinu, þar sem það sé rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni eru þessar:

„Stefndi hefur ekki í greinargerð fært fram varnir, sem mega komast að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi í greinargerð fallist á, að slíkar varnir komist að, en því hefur sérstaklega verið haldið fram af hálfu stefnda.“

Sóknaraðili heldur því ekki fram, að nafnritun sín sé fölsuð. Fallast ber því á það með héraðsdómara, að sóknaraðili hafi ekki haft uppi varnarástæður, sem að komist í máli samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Eru því ekki efni til, að umbeðin gagnaöflun fari fram. Hinn kærði úrskurður á því að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Fimmtudaginn 27. júní 1991.

Nr. 44/1989. **Bæjarsjóður Mosfellsbæjar**
(Gunnar Gunnarsson hdl.)
gegn
Sigvalda Haraldssyni
(Guðmundur Pétursson hdl.).

Skipulag. Vegir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1989. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bótakrafa stefnda verði verulega lækkuð og málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsaðilar hafa lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, er í staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar gert ráð fyrir því, að Vesturlandsvegur, sem er þjóðvegur, verði færður að fasteignunum Brúarhóli I og II.

Stefndi telur, að sökum þessa eigi hann rétt á skaðabótum samkvæmt 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Ákvæði þetta er undantekningarákvæði, sem skýra ber þröngt. Með matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt, hefur stefndi sannað, að hann hafi orðið fyrir því tjóni, að fasteignin Brúarhóll I seldist undir markaðsverði vegna tilvistar áðurnefnds skipulags. Telja verður þetta tjón stefnda það mikið, að bótaskylt sé samkvæmt tilvitnuðu ákvæði. Verður héraðsdómurinn því staðfestur að þessu leyti.

Að því er fasteignina Brúarhól II varðar, hefur stefndi hins vegar ekki sýnt fram á, að hann hafi, enn sem komið er, orðið fyrir slíku tjóni, að á bótaskyldu reyni samkvæmt nefndu lagaákvæði eða öðr-

um réttarreglum, sem hann byggir á kröfur sínar í máli þessu. Til þess gæti þó komið síðar, og þykir því rétt, eins og hér stendur á, að sýkna áfrýjanda að svo stöddu af kröfum stefnda vegna fasteignarinnar Brúarhóls II.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 184.800 krónur.

Vöxtum þeim, sem dæmdir voru í héraði, hefur ekki verið mótmælt, og verða vextir dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er þá með talinn matskostnaður stefnda í héraði, 73.600 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarsjóður Mosfellsbæjar, greiði stefnda, Sigvalda Haraldssyni, 184.800 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 21. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember sl., hefur Sigvaldi Haraldsson, nnr. 8090-2883, Brúarhóli II, Mosfellsbæ, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu málsins 2. desember 1986 á hendur sveitarstjóranum í Mosfellshreppi f.h. sveitarsjóðs Mosfellshrepps.

Sú breyting varð á stöðu stefnda eftir þingfestingu málsins, að Mosfells-

hreppur varð Mosfellsbær, sveitarsjóður varð bæjarsjóður og sveitarstjóri varð bæjarstjóri.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, bæjarsjóður, verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 915.200, með 19% ársvöxtum af kr. 184.800 frá 1.12.1984 til 1.1.1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2.1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3.1985, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1.6.1985, með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4.1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3.1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5.1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þeim degi til 19.9.1988, en af kr. 915.200 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk matskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð. Þá krefst stefndi þess, að sér verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttatilraunir af hálfu dómsins báru eigi árangur.

II.

Mál þetta var áður flutt og dómtekið 17. mars sl. Þá byggði stefnandi skaðabótakröfu sína annars vegar á mismuni söluverðs Brúarhóls I og eðlilegs verðs þeirrar fasteignar skv. mati dómkvaddra matsmanna, kr. 210.000, og hins vegar á þeirri niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, að tilvist aðalskipulags Mosfellsbæjar hafi haft í för með sér 10% verðhækkun Brúarhóls II.

Stefnandi byggði síðan dómkröfur sínar vegna Brúarhóls II á brunabótamati 15.10.1986, kr. 5.599.000, eða 10% af því.

Hinn 1. júní sl. var málið endurupptekið með vísan til 120. gr. l. 85, 1936, og upp kveðinn svofelldur úrskurður:

„Mál þetta er endurupptekið í því skyni, að stefnanda gefist kostur á að afla mats dómkvaddra matsmanna á peningaverðmæti fasteignarinnar Brúarhóls II í Mosfellsbæ á matsdegi án tillits til hugsanlegra áhrifa aðalskipulags Mosfellsbæjar frá 28.9.1983 á verðmætið."

Í sama þinghaldi voru þeir Agnar Gústafsson hrl. og Bárður Daníelsson dómkvaddir til að framkvæma matið. Þeir luku matinu 19.9.1988.

III.

Málavextir eru þeir, að 30.12.1982 leigði Mosfellshreppur stefnanda lóðina að Brúarhóli I og II til 75 ára frá 19.5.1982 að telja. Jafnframt voru eldri lóðarsamningar frá 2.6.1977 og 27.10.1950 um sömu lóð ógiltir.

Með bréfi til stefnda, dags. 14.10.1982, vék stefnandi að erfiðleikum sínum í sambandi við hugsanlega sölu Brúarhóls I og II, sem hann kvað stafa af hugsanlegri breytingu á legu Vesturlandsvegar, og gat um hugmyndir sínar um lausn þess vanda, t.d. með kaupum stefnda á eignum sínum eða með breytingu á fyrirhuguðu vegarstæði.

Með bréfi, dags. 11.3.1983, gerði stefnandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mosfellshrepps, og segir þar m.a.:

1. „Með tilvísun til skipulagstillögu eru það tilmæli mín, að fyrirhuguð breyting á legu Vesturlandsvegar milli Tröllagils og Brúarhóls verði færð vestur fyrir Tröllagil.

2. Að bætur komi ellegar fyrir hús mín og land, ef lega vegarins sýnir sig, að hefur (sic) áhrif á sölumöguleika mína."

Með bréfi hreppsnefndar Mosfellshrepps, dags. 20.5.1983, er stefnda tilkynnt, að á grundvelli greinargerðar lögmanns hreppsins telji hreppurinn sig ekki geta orðið við erindi stefnanda vegna sölu á Brúarhóli.

En í niðurlagi umræddrar greinargerðar lögmannsins segir svo:

„Sigvaldi Hjálmarsson (sic) á ekki að lögum rétt til tjónsbóta vegna umræddrar skipulagstillögu að svo stöddu. Ef og þegar (sic) tillagan kynni að verða samþykkt, eignast Sigvaldi rétt til tjónsbóta fyrir allt sitt tjón úr hendi ríkissjóðs."

Á fundi skipulagsnefndar stefnda 7.7.1983 var erindi stefnanda til umræðu. Í ályktun nefndarinnar segir, að hún telji ekki fært að breyta fyrirhugaðri legu Vesturlandsvegar milli Tröllagils og Brúarhóls, þar sem fyrirhuguð lega vegarins sé mjög mikilvægur þáttur í aðalskipulaginu. Með bréfi til stefnanda, dagsettu 29.9.1983, tilkynnir stefndi honum afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi erindi hans og að hreppsnefnd hafi fallist á afgreiðslu nefndarinnar, sem hafi verið send skipulagsstjóra ríkisins til umfjöllunar ásamt aðalskipulagstillögum, og skipulagsstjóri ríkisins hafi fallist á afgreiðslu og staðfest skipulagstillöguna fyrir sitt leyti og sent hana félagsmálaráðherra.

Hinn 28.9.1983 staðfesti félagsmálaráðherra aðalskipulag Mosfellshrepps.

Í framhaldi af þessu, hinn 23.11.1983, ritar lögmaður stefnanda stefnda bréf og setur fram formlegar kröfur stefnanda á grundvelli 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og óskar eftir skriflegri afstöðu stefnda til málsins og hvort stefndi sé til viðtals um samkomulag.

Eftir þetta sendir lögmaðurinn stefnda nokkur bréf, þar sem hann ítrekar kröfur sínar á hendur stefnda.

Með bréfi, dagsettu 25.10.1984, óskar stefnandi eftir því, 1) að skipt verði núgildandi lóðarleigusamningi fyrir eignina Brúarhól með þeim hætti, að húsið Brúarhóll I fái lóð, að stærð 709,5 fermetra, skv. meðfylgjandi

teikningu og 2) að heimilaður verði bílskúrsréttur við húsið Brúarhól I. Þetta erindi stefnanda stafaði af kauptilboði, sem hann hafði fengið í Brúarhól I, og voru þetta skilyrði af hálfu tilboðsgjafa.

Á fundi hreppsnefndar 1.11.1984 var samþykkt að verða við þessum óskum stefnanda með þeim fyrirvara af hálfu hreppsnefndar, að samþykktin sem slík ylli ekki bótagreiðslum vegna framkvæmdar aðalskipulags, ef og þegar (sic) til kæmi.

Hinn 30.11.1984 er undirritaður kaupsamningur vegna Brúarhóls I. Samkvæmt honum var kaupverð ákveðið kr. 1.400.000. Þá segir þar, að framangreind samþykkt hreppsnefndar frá 1.11.1984 skoðist sem hluti samningsins. Þá er í samningnum svohljóðandi ákvæði:

„Seljandi viðurkennir fyrir sitt leyti óskertan bótarétt kaupenda vegna skaða, sem hljótast kann á eigninni, ef og þegar til framkvæmdar aðalskipulags Mosfellshrepps kemur, og að sá bótaréttur sé óháður bótakröfum, sem seljandi kann að gera vegna tilvistar aðalskipulags Mosfellshrepps."

Hinn 12.12.1985 gaf stefnandi út afsal til kaupenda með sama ákvæði.

Í greinargerð kaupandans með kauptilboði sínu segir m.a.: „Vegna staðsetningar eignarinnar teljum við, að framkvæmdir skv. aðalskipulagi geti haft í för með sér röskun á eigninni og ófyrirséð tjón og óþægindi fyrir eiganda hennar. Vegna þessa teljum við kaupverð það, er við bjóðum, vera fyllilega sanngjarnt og samræmast núverandi ástandi mála."

Með bréfi, dagsettu 26.9.1984, gerir lögmaður stefnanda þá kröfu til hreppsnefndar, að hún óski dómkvaðningar matsmanna vegna málsins, og ítrekar þá kröfu 4/12 1984 í bréfi til lögmanns stefnda. Þessari málaleitan var hafnað af hálfu stefnda, og segir m.a. svo í greinargerð lögmanns hans, dagsettri 4. mars 1985:

„Sigvaldi á þann kost að óska sjálfur eftir dómkvaðningu matsmanna eða mats matsnefndar eignarnámsbóta á grundvelli l. nr. 11/1973, og verður að telja æskilegra, að sú leið sé farin að hans frumkvæði frekar en sveitarstjórn stofni til mats með öllum þeim kostnaði, sem slíku tilheyrir, á jafn óljósum grundvelli og að framan er rakið."

Með bréfi, dagsettu 9.10.1985, til sýslumanns Kjósarsýslu óskaði lögmaður stefnanda eftir því, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta eignarskerðingu, takmörkun afnota og fjárhagslegt tjón, sem aðalskipulag fyrir Mosfellshrepp hafi valdið stefnanda. Síðar í matsbeiðninni segir:

„Þess er óskað, að matsmennirnir láti í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort talið verði, að hið staðfesta aðalskipulag um legu hraðbrautar eða þjóðvegar við húseign Sigvalda Haraldssonar í Mosfellshreppi hafi

skert möguleika hans til að hagnýta fasteignina m.a. til sölu og valdið verðrýrnun á eigninni.

2. Hvort talið verði, að sala Sigvalda á húseigninni að Brúarhóli I, Mosfellshreppi, hafi verið undir markaðsverði af sömu ástæðum og hve tjón hans kunni að vera mikið af þess völdum.

3. Hver áhrif hið staðfesta aðalskipulag kunni að hafa á söluverð eigna Sigvalda að Brúarhóli II, þ.e., hvort tilvist aðalskipulagsins hafi lækkað eign Sigvalda í verði og hve mikið."

Hinn 14.11.1985 voru þeir Agnar Gústafsson hrl. og Bárður Daníelsson verkfræðingur og arkítekt dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat, og er matsgerð þeirra dagsett 6.6.1986. Þar segir m.a.:

„Húsið Brúarhóll I er um 120 m^2 að flatarmáli og er einlyft hús, 5 herbergi, eldhús, búr, bað, þvottaherbergi og geymsla. Húsið er gamalt, byggt um árið 1950, útveggir úr hleðslusteini. Steinninn virðist ekki halda múrhúðun nægilega vel, því að hún hefur flagnað af og losnað að utan. Húsið liggur greinilega undir skemmdum, og virðist nauðsynlegt að klæða það að utan.

Bil á milli húsanna Brúarhóls I og Brúarhóls II er bagalega lítið, 2,90 metrar. Hefur þetta í för með sér einhverja verðrýrnun á báðum húsunum að áliti matsmanna.

Samkvæmt aðalskipulagi kemur hraðbraut um 20 metra frá húsinu Brúarhóli I og um 40 metra frá Brúarhóli II. Matsmenn telja, að slík nálægð hraðbrautar við íbúðarhús þessi rýri verðgildi þeirra og dragi úr möguleikum á sölu þeirra.

Húsið Brúarhóll I var selt á kr. 1.400.000, sbr. kaupsamning, dags. 30/11 1984, þar af útborgun kr. 700.000.

Svar við 1. spurningu í matsbeiðni.

Svo sem að ofan greinir, telja matsmenn, að hið staðfesta aðalskipulag um legu væntanlegrar hraðbrautar við framangreindar húseignir rýri verðgildi þeirra og sölumöguleika.

Svar við 2. spurningu í matsbeiðni.

Þrátt fyrir það að húsið Brúarhóll I er fremur óvandað, eins og að framan greinir, og nálægð þess við næsta hús, Brúarhól II, er til baga, telja matsmenn, að söluverðið hafi verið óeðlilega lágt, þegar þess er gætt, að hér er um 120 fermetra einbýlishús að ræða á rúmlega 700 fermetra lóð. Telja matsmenn, að eðlilegt verð fyrir húsið hefði átt að vera kr. 1.610.000.

Svar við 3. spurningu í matsbeiðni.

Þar sem fjarlægð væntanlegrar hraðbrautar er um tvöfalt meiri, þ.e. um

20 metrum meiri, að Brúarhóli II en að Brúarhóli I, telja matsmenn, að tilvist aðalskipulagsins hafi í för með sér 10% verðlækkun á húseigninni."

Í tengslum við matsmálið skoraði lögmaður stefnanda með bréfi, dags. 18.2.1986, á Vegagerð ríkisins að mæta á matsfund og gæta hagsmuna sinna. Í svarbréfi vegagerðarinnar, dagsettu 21.2.1986, segir, að í gildandi vegaáætlun fyrir árin 1985-1988 sé engin fjárveiting til Vesturlandsvegar í Mosfellshreppi, og sé því ekki fyrirhugað í næstu framtíð að ráðast í framkvæmdir þar. Þá er á það bent, að lega Vesturlandsvegar, svo sem hún sé ákveðin í aðalskipulagi Mosfellshrepps, sé samkvæmt ákvörðun hreppsins og skipulagsyfirvalda. Mál þetta sé því Vegagerð ríkisins óviðkomandi.

Með bréfi, dags. 19.6.1986, óskar lögmaður stefnanda eftir því, að stefndi greiði eða semji um greiðslu bóta á grundvelli matsgerðarinnar.

Á fundi hreppsnefndar 17.9.1986 var erindi stefnanda hafnað.

Eins og áður er getið, voru þeir Agnar Gústafsson hrl. og Bárður Daníelsson verkfræðingur og arkítekt dómkvaddir að nýju á aukadómþingi Kjósarsýslu 1. júní 1988 til að „meta peningaverðmæti fasteignarinnar Brúarhóls II, Mosfellsbæ, á matsdegi án tillits til hugsanlegra áhrifa aðalskipulags Mosfellsbæjar frá 28.9.1983 á verðmætið."

Í matsgerð þeirra, dagsettri 19.9.1988, segir m.a.:

„Íbúðarhúsið er úr timbri, ein hæð, 179 m² að grunnfleti, þar af um 35 m² bílskúr. Íbúðin er 3 svefnherbergi (4 á uppdrætti), stór stofa, eldhús með sjónvarpskróki, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Húsið, sem er um 10 ára gamalt, virtist í góðu ástandi.

Eigninni fylgir hesthús fyrir 12 hesta ásamt hlöðu og hnakkageymslu. Þá fylgir eigninni geymsluhús (jarðhús) 40 m².

Lóðin er leigulóð til ca. 70 ára, 5.979,3 m².

Svo sem fram kemur í matsgerð undirritaðra, dags. 6.6.1986, er bil milli húsanna Brúarhóls I og Brúarhóls II bagalega lítið. Hefur þetta í för með sér einhverja verðrýrnun á báðum húsunum að áliti matsmanna.

Verðmæti fasteignarinnar Brúarhóls II í dag telja matsmenn vera kr. 8.300.000, — átta milljónir og þrjú hundruð þúsund krónur —. Eru þá útihúsin með talin og tekið tillit til stærðar lóðar.

Miðað er við, að ca. 70-75% af heildarverðinu séu greidd í útborgun á 10-12 mánuðum, vaxtalaust og verðbótalaust. Eftirstöðvar, að svo miklu leyti sem ekki er um yfirtöku áhvílandi lána að ræða, greiðist með útgáfu veðskuldabréfs, tryggðs með veði í eigninni. Bréfið beri meðaltalsvexti útlána skv. útreikningi Seðlabanka Íslands hverju sinni og greiðist með 4 jöfnum árlegum afborgunum í gjalddaga, 1. skipti eftir 1 ár frá rýmingu eignarinnar."

IV.

Matsmennirnir komu fyrir dóm og staðfestu matsgjörð sína frá 6.6.1986, en matsgerð þeirra frá 19.9.1987 tók lögmaður stefnda gilda sem staðfest væri.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi.

Ásbjörn Þorvarðarson, byggingarfulltrúi Mosfellsbæjar, gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvað framlagðan uppdrátt á dskj. nr. 39, sem auðkenndur er með áletruninni 39, drög að uppbyggingu Mosfellsbæjar, vera gagn, sem úthlutað hefði verið við upphaf deiliskipulags miðbæjar í Mosfellsbæ 1984, og sé það í samræmi við staðfest og samþykkt aðalskipulag, þ.e. nánari útfærsla af þeim gatnamótum, sem þarna sé um að ræða, og færslu Vesturlandsvegar. Þetta skjal sýni því betur, hvaða pláss þurfi undir veg, ef farið verði út í þessa útfærslu á veginum. Þetta hafi því verið talið skýrara en sjálft aðalskipulagskortið og gefa réttari mynd af því, hvernig vegurinn gæti legið. Hann kvað þó engan geta sagt, að þetta yrði nákvæmlega svona, þ.e., ef sú ákvörðun yrði ofan á, að ríki og vegagerð samþykktu, að þessi færsla yrði yfirleitt á veginum.

Hann kvað dskj. 39 unnið af Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Hann kvað þetta skjal vera eitt þeirra, sem notuð voru, þegar samkeppni fór fram um miðbæjarskipulag Mosfellsbæjar, og hefði þessum gögnum verið úthlutað öllum samkeppnisaðilum. Hann kvað eina af ástæðunum fyrir því, að Vegagerð ríkisins væri ekki tilbúin í færslu Vesturlandsvegar, jafndýra og samkvæmt aðalskipulaginu, vera þá, að nýverið hefði verið samþykkt deiliskipulag fyrir Reykjavíkurborg, þar sem reiknað væri með annarri tengingu við landið frá Reykjavík, þ.e. frá Gufunesi yfir í Geldinganes, sem gerði þessa fyrirhuguðu færslu Vesturlandsvegar ófýsilega fyrir Vegagerðina, þar sem Reykjavíkurborg legði mikla áherslu á að fá þá færslu, þar sem þeir (sic) sýni hana. Það sé þó ekki þar með sagt, að svo verði, en margt bendi til þess, að Reykjavíkurborg hafi meira að segja í þessum vegarfærslumálum en Mosfellsbær. Þetta myndi þýða, að aðalumferðin myndi ekki liggja um Mosfellsbæ, heldur beint yfir á Kjalarnes. Þarna séu því komnar allt aðrar hugmyndir um notkun Vesturlandsvegar en áður hafi verið uppi. Hann kvaðst telja ólíklegt, að vegagerðin réðist í framkvæmdir skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar, ef hugmyndir Reykjavíkurborgar yrðu ofan á. Hann kvaðst telja, að vegagerðin legði það mat á ýmsar breytingar á Vesturlandsvegi, að þær yrðu að vera sem minnstar að kostnaði, þar til skýrar lægi fyrir, hvernig tengingar yrðu út á land. Hann kvað Reykjavíkurborg hafa mikið um það að segja, þar sem öll umferð beindist til Reykjavíkur.

Hann kvað útfærsluna skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar vera þá, sem skynsamlegust hefði þótt á sínum tíma, enda hefði önnur lausn þá ekki

verið í sjónmáli. Hann kvað stuðst við aðalskipulagið við uppbyggingu miðbæjarins.

Hann kvað engar formlegar breytingartillögur hafa komið fram á aðalskipulaginu. Aðalskipulag væri hins vegar alltaf til endurskoðunar og þá enn frekar nú, eftir að Reykjavíkurborg hefði skilað sínu aðalskipulagi, en því væru nú í þó nokkrum atriðum breyttar forsendur fyrir tengingu þessara sveitarfélaga og þá ekki síst varðandi veginn.

Hann kvað ljóst, að ef fjögurra akreina vegur með eyju á milli á þessum 42 metra kafla á milli Brúarhóls og Tröllagils yrði lagður, þá myndi það taka mikið af þessu rými miðað við kröfur vegagerðarinnar. Þarna myndi vegarlagning rýra lóðirnar allverulega. Það myndi þó skipta miklu, hvort vegurinn yrði niðurgrafinn eða upphleyptur. Vegurinn hefði hins vegar ekki verið teiknaður.

Hann kvað það ekki sjást á uppdrætti á dskj. 39, hvernig vegurinn væri hugsaður. Þetta væri „prinsiplega" og hvergi gerð grein fyrir því, hvort vegurinn skyldi niðurgrafinn eða upphleyptur. Ef vegurinn yrði upphleyptur, t.d. 1 metra upp úr landi, myndi hann rýra lóðir Tröllagils og Brúarhóls verulega. Hann kvaðst ekki eiga von á því, að stefnandi fengi leyfi til að byggja á lóðinni eða þessu svæði nema að því tilskildu, að húsbyggjandi fjarlægði þau mannvirki bænum að kostnaðarlausu, er þess yrði krafist. Hann nefndi í þessu sambandi afgreiðslu stefnda varðandi bílskúrsrétt að Brúarhóli I. Hann kvað óskynsamlegt að leyfa byggingar á þessu svæði, fyrr en fyrir lægi, hvaða rými þyrfti undir veginn.

Hann kvað það pólitíska afstöðu stefnda, að ekki yrðu heimilaðar neinar byggingar á þessu svæði við Brúarhól að svo stöddu. Þá gat hann þess, að ekki væri deiliskipulag til varðandi Brúarhólslóðina, svo að ekki væri um það að ræða, að stefnandi gæti selt hluta lóðar undir hús. En byggingar væru ekki leyfðar í þéttbýli, án þess að deiliskipulag væri fyrir hendi.

Hann kvað legu vegarins á dskj. 39 vera túlkun á legu hans skv. aðalskipulagi.

Aðspurður kvað hann jafnmiklar líkur á því, að lega vegarins eða útfærsla hans fram hjá Brúarhóli gæti breyst eins og önnur atriði í aðalskipulagi. Hann kvað deiliskipulag hafa verið gert fyrir miðbæinn vestan Vesturlandsvegar, en bæjaryfirvöld hefðu haldið að sér höndum varðandi deiliskipulag miðbæjar austan vegarins, þar sem lega vegarins kynni að taka breytingum, sbr. það, sem áður hefur komið fram um aðalskipulag Reykjavíkur.

V.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hið staðfesta aðalskipulag hafi rýrt eign hans, skert möguleika hans til að hagnýta sér fasteignina,

m.a. til sölu, gert hana óíbúðarhæfa og óbyggingarhæfa og vegið þar af leiðandi mjög að eignarrétti hans. Lagning margra akreina aðalæðar eða hraðbrautar við hlið eignar hans hafi tvímælalaust í för með sér verulega röskun fyrir hann. Hann hafi því engan veginn sömu not af eigninni og áður. Hann telji stefnda því skaðabótaskyldan af þessum ástæðum.

Lagarök stefnanda eru þau, að ef og þegar (sic) umrætt aðalskipulag komi til framkvæmda, standi til að skerða lóð stefnanda að einhverju leyti. Skerðingin verði sennilega svo mikil, að vafalaust verði um að ræða skaðabætur eða hreint eignarnám á grundvelli vegalaga, þegar að því komi. Í 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 sé hins vegar gert ráð fyrir bótum vegna tilvistar aðalskipulags. Skipulagslög geri þess vegna greinarmun á hreinu og ótvíræðu eignarnámi, sem sveitarstjórn hafi heimild til að framkvæma vegna staðfests skipulags, sbr. 28. gr. laganna, og hins vegar á skipulagsaðgerðum, sem hafi bótaskyldu í för með sér, án þess þó að beinlínis sé úr því skorið, hvort þær teljist eignarnám. Hér sé um ákveðna eignarskerðingu að ræða, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga. Bótaregluna sé að finna í 4. mgr. 29. gr. laganna. Samkvæmt henni skuli við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða m.a. hafa hliðsjón af áhrifum nýs skipulags á verðmæti eignar, hvort skipulag geri viðhorf fasteignar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður o.s.frv. Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. skipulagslaga sé sveitarsjóður bótaskyldur og sú skylda einnig lögð á hendur sveitarstjórn að dómkveðja matsmenn til að ákveða bætur skv. greininni. Þar sem staðfest aðalskipulag liggi fyrir og mat á tjóninu, séu bæturnar gjaldkræfar.

Stefnandi telur, eins og hér standi á, að skipulagsaðgerðir stefnda falli undir 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga. Það leiði einnig af grundvallarreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar, án tillits, hvernig skilja beri umrædda 29. gr. skipulagslaga, að stefnandi eigi rétt á fullum bótum fyrir eignarskerðinguna.

Í upphafi málflutnings 14. nóvember sl. var eftirfarandi bókað eftir lögmönnum aðila:

„Ágreiningslaust er með aðilum, að miðað við þau kjör, er í matsgerðum dskj. 29 og 46 greinir, ættu matsfjárhæðir að lækka um 12%, ef um staðgreiðslu væri að ræða, og í samræmi við það breytir stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krefst kr. 915.200 með vöxtum, eins og á dskj. 47 greinir, frá 1.12.1984 og til 19.9.1988, en af kr. 915.200 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk matskostnaðar. Lögmaður stefnda óskar bókað, að höfuðstóll kröfu á dskj. 47 sé hærri en dómkröfur í stefnu, en feli samt í sér lækkun á heildarkröfugerð vegna vaxtakröfu.

Lögmaður stefnda gerir ekki ágreining um tölulegan núvirðisútreikning

stefnanda á dómkröfum og mótmælir ekki þeirri krónutöluhækkun á höfuðstól stefnukröfunnar, sem nú er fram komin, þar sem hún feli í raun í sér lækkun á kröfum samkvæmt stefnu."

VI.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að þótt fyrir liggi staðfest aðalskipulag Mosfellshrepps, þá sé enn eigi komið að framkvæmd þess. Staðfest aðalskipulag hafi það ekki ótvírætt í för með sér, að framkvæmdir verði nákvæmlega í samræmi við það, en ekkert sé því í vegi, að breytingar geti orðið á staðfestu aðalskipulagi. Það sé því eigi fullvíst, hvort sá vegarkafli, sem hér um ræðir, verði lagður nákvæmlega eins og aðalskipulagið segi til um eða hvernig verði staðið að vegarlagningunni að öðru leyti, ef til hennar komi. Sú hugmynd hafi t.d. skotið upp kollinum, að vegurinn verði lagður í göng, sem þýði, að skerðing á umræddu landi yrði engin og þar af leiðandi tjón stefnanda ekkert.

Réttaráhrif staðfests skipulags séu fyrst og fremst þau, að ekki megi framkvæma neitt, sem brjóti í bága við það, en hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu, að staðfestu skipulagi verði síðar breytt. Enda sé gert ráð fyrir endurskoðun aðalskipulags eigi sjaldnar en á 5 ára fresti frá gildistöku þess, sbr. gr. 3.5 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 og 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Renni þetta enn frekari stoðum undir þá skoðun, að staðfestu aðalskipulagi sé ekki ætlað að standa um aldur og ævi. Þá megi enn fremur benda á 2. og 3. mgr. 11. gr. skipulagslaga, en af þeim ákvæðum leiði, að þar sem aðalskipulag bindi ekki fortakslaust hendur skipulagsyfirvalda við gerð deiliskipulags, þá sé veitt ákveðið svigrúm til breytinga á aðalskipulagi, enda þótt staðfest sé. Sjálft hugtakið aðalskipulag bendi einnig til þess, að um sé að ræða skipulag svæðis í aðalatriðum, en hins vegar megi til samanburðar líta til deiliskipulags, en með deiliskipulagi sé aðalskipulag nánar útfært, og því megi hnika til, sbr. 11. gr. skipulagslaga.

Meginreglan sé sú, að skipulagsákvæði megi ekki skýra þröngt, og af því leiði, að ákvæði skipulagslaga veiti öll ákveðið svigrúm. Stefnandi byggi bótakröfu sína einkum á 29. gr. skipulagslaga, en andstætt öðrum ákvæðum skipulagslaga hafi verið litið svo á, að skýra beri ákvæðið þröngt, þar sem til þess sé ætlast, að bótaskyldan heyri undantekningum til. Stefnandi styðjist einkum við 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga, og sé hún einkum talin eiga við, þegar landsvæði er tekið til almenningsnota, og eigi það einmitt við hér, þar sem um sé að ræða vegarlagningu. Þá hafi verið litið svo á, að fasteignareigandi á slíku svæði geti átt rétt til bóta, ef skipulagið valdi því, að hann geti ekki nýtt eign sína eins og eðlilegt sé miðað við aðstæður, og sé þá meðal annars miðað við hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni. Það sé því fasteignareigandans að sýna fram á það, að honum

sé ekki unnt að hafa sömu not af eign sinni og tíðkast í nágrenninu. Að öðrum kosti sé ekki um neinar bætur að ræða.

Í þessu tilviki, sem hér um ræði, verði ekki annað séð en fasteignareigandi eða stefnandi hafi haft þau not af fasteign sinni, sem hann hafði áður og tíðkist í nágrenninu. Það sé þá ekki fyrr en til framkvæmda aðalskipulags komi, þ.e., ef vegurinn verði lagður, eins og til standi samkvæmt staðfestu aðalskipulagi, að bótaréttur hans verði virkur.

Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 6/1977 sé landeigandi skyldur að láta af hendi land undir vegi, enda komi fullar bætur fyrir. Í 59. greininni sé kveðið á um það, að bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljist með kostnaði vegarins. Ákvæði 10. kafla vegalaga segi hins vegar ekkert um það, hvenær til bótagreiðslu komi né við hvaða tímamark skuli miða við ákvörðun eignarnámsbóta. Þar sem ákvörðun um beitingu eignarnáms hafi samkvæmt íslenskum rétti ekki ein út af fyrir sig verið talin bindandi fyrir eignarnema, sé meginreglan sú, að eignarnámsbætur séu ákveðnar og greiddar eignarnámsþola, þegar eignarnemi fái umráð verðmætis.

Í 5. gr. vegalaga nr. 6/1977 sé gert ráð fyrir, að bætur skv. 10. kafla sömu laga verði fyrst gjaldkræfar, þegar vegargerðin sé ákveðin og fé veitt til hennar. Það sé fullljóst, að það tilvik, sem hér um ræði, fullnægi ekki þessu lagaskilyrði. Vegarlagningin hafi ekki verið ákveðin, og auk þess sé hugsanlegt, að hún eigi eftir að taka einhverjum breytingum frá núverandi aðalskipulagi. Það verði því fyrst, þegar vegurinn verði lagður, að unnt verði að meta raunverulegt tjón stefnanda.

Niðurstaða dómsins.

Að mati dómkvaddra matsmanna hefur tilvist aðalskipulags Mosfellsbæjar, sem staðfest var af ráðherra 28. september 1983, en þar er gert ráð fyrir lagningu fjögurra akreina hraðbrautar nálægt fasteignunum Brúarhóli I og II, rýrt verðgildi og sölumöguleika þeirra. Matsmennirnir telja verð það, sem fékkst fyrir Brúarhól I við sölu 30.11.1984, hafa verið af þessum sökum kr. 210.000 lægra en annars hefði verið, en verðmæti Brúarhóls II hafa rýrnað um sem nemi kr. 830.000 miðað við verðlag 19. september sl. og ákveðna greiðsluskilmála söluverðs, sem gerð er grein fyrir í matinu, en ekki þykir ástæða til að rekja hér. Matinu hefur ekki verið hnekkt af hálfu stefnda.

Skipulagsnefnd Mosfellshrepps taldi á fundi sínum 7. júlí 1983, að fyrirhuguð lega vegarins væri mjög mikilvægur þáttur í aðalskipulaginu og því væri ekki fært að flytja vegarstæðið til, eins og stefnandi hefði farið fram á.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 318/1985, 1. mgr. gr. 3.5, ber að

endurskoða aðalskipulag eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Rúm fimm ár eru liðin, frá því að aðalskipulag Mosfellsbæjar var staðfest. Ekkert er upplýst um endurskoðun á aðalskipulaginu eða ný áform um fyrirhugað vegarstæði. Verður því að miða við, að vegurinn verði lagður eins og aðalskipulagið sýnir.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins sú, að aðalskipulagið hafi nú þegar haft í för með sér, að verðmæti Brúarhóls I og II hafi rýrnað og verðgildi þeirrar rýrnunar sé ekki ofmetið af matsmönnum, en á niðurstöðum þeirra byggir stefnandi kröfur sínar.

Stefnandi byggir á því, að samkvæmt ákvæðum 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 beri stefnda að greiða sér skaðabætur vegna verðrýrnunar eignanna og þær bætur séu gjaldkræfar.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að um hugsanlegar skaðabætur fari ekki samkvæmt tilvitnaðri lagagrein, heldur vegalögum nr. 6/1977 og lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Stefndi heldur því enn fremur fram, að hvort heldur sem væri, verði huganlegar skaðabætur til handa stefnanda ekki gjaldkræfar fyrr en í fyrsta lagi, þegar vegarlagningin kemst á framkvæmdastig, ef af henni verði.

Í 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er kveðið á um skaðabótaskyldu og skaðabótagreiðslur vegna þeirra áhrifa, sem staðfest skipulag hefur í för með sér á verðgildi fasteigna á skipulagssvæðinu. Dómurinn telur, að 29. gr. laganna nái til tilviks þess, sem um er deilt í málinu, og stefnandi geti því byggt kröfur sínar á henni.

Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laganna er skilyrði fyrir bótarétti, að eigandi fasteignar geti ekki að dómi dómkvaddra manna nýtt eignina eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. hagnýtingu eigna í næsta nágrenni. Það að geta selt fasteign á því markaðsverði, sem til boða stendur á hverjum tíma á hliðstæðum eignum í næsta nágrenni verður að telja eðlilega nýtingu í skilningi 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga. Telja verður í ljós leitt í máli þessu, að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki unnt að selja umræddar eignir á eðlilegu markaðsverði fasteigna á svipuðum slóðum vegna fyrirhugaðrar vegarlagningar eftir aðalskipulaginu. Þykir eignarskerðing þessi vera það mikil, að bótaskyld sé.

Þá þykir einnig í ljós leitt, að hin fyrirhugaða vegarlagning hafi haft þessi áhrif, jafnskjótt og aðalskipulagið var staðfest.

Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, sem telja verður, að gjaldfallnar séu. Fjárhæð bótanna þykir mega byggja á niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna, og þar sem kröfur stefnanda eru á þeim byggðar, verða þær að fullu teknar til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr.

270.000, þ.m.t. matskostnaður, að fjárhæð kr. 73.600, og söluskattur af málflutningsþóknun.

Dóm þennan kváðu upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og samdómendurnir Friðgeir Björnsson yfirborgardómari og Már Pétursson bæjarfógeti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Mosfellsbæjar, greiði stefnanda, Sigvalda Haraldssyni, kr. 915.200 með 19% ársvöxtum af kr. 184.800 frá 1.12.1984 til 1.1.1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2.1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3.1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6.1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3.1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4.1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3.1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6.5.1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þeim degi til 19.9.1988, en af kr. 915.200 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, að fjárhæð kr. 270.000, þ.m.t. matskostnaður, að fjárhæð kr. 73.600, og söluskattur af málflutningsþóknun.

Föstudaginn 28. júní 1991.

Nr. 256/1991. **Bernharð Hjaltalín og Djúp hf.**

gegn

Hans Georg Bæringssyni o.fl.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa skotið úrskurði uppboðsréttar Ísafjarðar til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1991 og vísa til 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran barst Hæstarétti 24. s.m.

Sóknaraðilar gera þær kröfur, „að nauðungaruppboð á hluta Mánagötu 4, Ísafirði, er fram fór 24. apríl 1991, verði dæmt ómerkt og ógilt og að kærendum verði sameiginlega tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður in solidum úr hendi gagnaðila".

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Annmarkar, sem sóknaraðili taldi vera á meðferð uppboðsmálsins, var að lögum ekki unnt að bera undir uppboðshaldara eftir nauðungarsölu. Ber því sjálfkrafa að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa kröfu sóknaraðila frá uppboðsrétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kröfu sóknaraðila, Bernharðs Hjaltalíns og Djúps hf., er vísað frá uppboðsrétti.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðar 29. maí 1991.

Hinn 21. júní 1990 óskaði Reynir Karlsson hdl. eftir því fyrir hönd Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, að fasteignin Mánagata 4, Ísafirði, þinglesin eign Bernharðs Hjaltalíns og Djúps hf., yrði seld á nauðungaruppboði með vísan til ákvæða veðskuldabréfs, sem útgefið var 28. desember 1987 af Djúpi hf., upphaflega að höfuðstól kr. 400.000, og

tryggt var með veði í fasteigninni Mánagötu 4, Ísafirði, þinglesinni eign Djúps hf. og Bernharðs Hjaltalíns.

Uppboðsaðgerðir voru auglýstar í 148., 153. og 158. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990. Málið var þingfest í uppboðsrétti Ísafjarðar 9. janúar 1991 og ákveðið, að fyrri sala á eigninni færi fram 5. febrúar 1991 kl. 14.00. Fyrri sala á eigninni fór fram þann dag að undangengnum tilkynningum um uppboðið og auglýsingu í Morgunblaðinu 2. febrúar 1991, og var Guðjón Ármann Jónsson hdl. v/Íslandsbanka hf., Laugavegi 31, Reykjavík, eini bjóðandinn við söluna með boð að fjárhæð kr. 50.000. Annað og síðara uppboð var ákveðið 5. mars 1991 kl. 14.00, en á uppboðsþinginu þann dag var uppboðinu frestað til 2. apríl 1991 kl. 14.00. Annað og síðara uppboð fór fram þann dag að undangengnum tilkynningum um uppboðið og auglýsingu í Morgunblaðinu 27. mars 1991, og var Guðjón Ármann Jónsson hdl. v/Íslandsbanka hf. eini bjóðandinn með boð að fjárhæð kr. 100.000. Arnar Geir Hinriksson hdl. óskaði eftir því fyrir hönd Verðbréfasjóðsins hf., að fram færi þriðja uppboð, og var það samþykkt og ákveðið, að það skyldi fara fram 24. apríl 1991 kl. 11.00. Sérstakar tilkynningar voru sendar um uppboðið, og auglýsing um þriðja uppboð á eigninni birtist í Morgunblaðinu 20. apríl 1991.

Þriðja sala fór fram 24. apríl 1991 kl. 11.00. Við söluna voru mættir vegna uppboðsbeiðenda, kröfuhafa og uppboðsþola Tryggvi Guðmundsson hdl. fyrir hönd Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. v/Íslandsbanka hf., Laugavegi 31, Reykjavík, Kristjáns Þorbergssonar hdl. v/Íslandsbanka hf., Bankastræti 5, Reykjavík, og bæjarsjóðs Ísafjarðar, Arnar Geir Hinriksson hdl. fyrir hönd Verðbréfasjóðsins hf., Tryggingastofnunar ríkisins, Lífeyrissjóðs sjómanna, Elvars Arnar Unnsteinssonar hdl. og Bókaútgáfunnar Arnarbergs hf., Bernharð Hjaltalín, annar þinglesinna eigenda og framkvæmdastjóri hins þinglesna eigandans. Þá var og mættur Hans Georg Bæringsson.

Uppboðshaldari lýsti fyrst eftir athugasemdum við framgang og framkvæmd uppboðsins, og komu þær ekki fram. Þá lýsti hann eftir boðum í eignina, og bauð Tryggvi Guðmundsson hdl. fyrir hönd Kristjáns Þorbergssonar hdl. v/Íslandsbanka hf., Bankastræti 5, Reykjavík, kr. 6.000.000. Þá bauð Bernharð Hjaltalín fyrir hönd Djúps hf. kr. 8.000.000. Arnar Geir Hinriksson hdl. bauð fyrir hönd Bókaútgáfunnar Arnarbergs hf. kr. 8.200.000. Bernharð Hjaltalín bauð þá fyrir hönd Djúps hf. kr. 8.500.000. Hans Georg Bæringsson bauð kr. 8.550.000. Bernharð Hjaltalín bauð þá kr. 8.700.000 fyrir hönd Djúps hf. Var það hæsta boð í eignina.

Var Bernharð Hjaltalín fyrir hönd hæstbjóðanda, sem jafnframt var uppboðsþoli, gefinn frestur til þriðjudags 7. maí 1991 kl. 15.00 til að setja fram tryggingu fyrir því, að Djúp hf. gæti staðið við boð sitt, að upphæð

kr. 8.700.000. Síðan var uppboðsrétti slitið. Það fórst fyrir að fá Bernharð Hjaltalín til að undirrita í uppboðsbókina, en aðrir mættu staðfestu bókunina þar sem rétta með undirskrift sinni.

Miðvikudaginn 8. maí 1991 kl. 9.45 barst uppboðshaldara póstfaxsending frá Bernharð Hjaltalín fyrir hönd Djúps hf., er varðaði tryggingu þá, er veittur hafði verið frestur til 7. maí 1991 kl. 15.00 til að setja fram. Uppboðshaldari taldi tryggingar þær, sem fram voru boðnar eftir lok hins tilskilda frests, ófullnægjandi. Þannig miðuðust framboðnar tryggingar aðeins við fjórðung uppboðsandvirðis, en hæstbjóðanda var gert að setja tryggingu fyrir greiðslu uppboðsandvirðisins að fullu, kr. 8.700.000. Einnig vildu þeir kröfuhafar, sem Bernharð Hjaltalín vitnaði til í póstfaxi sínu og uppboðshaldari hafði þegar samband við símleiðis, ekki kannast við, að þeir hefðu gefið nein loforð um, að kröfur þeirra gætu staðið áfram á eigninni. Uppboðshaldari tilkynnti því Bernharð Hjaltalín fyrir hönd Djúps hf. með símskeyti 8. maí 1991, að boði Djúps hf. væri hafnað og ákveðið hefði verið að taka boði Hans Georgs Bæringssonar, sem var næsthæstbjóðandi. Var Hans Georg Bæringssyni tilkynnt þessi ákvörðun með símskeyti sama dag, enda voru bjóðendur í eignina ekki bundnir við boð sín lengur en 14 daga eftir uppboðið samkvæmt 2. gr. uppboðsskilmála, er giltu um nauðungarsöluna.

Hinn 17. maí 1991 barst uppboðshaldara símskeyti, tímasett kl. 16.44, frá Bernharð Hjaltalín fyrir hönd Djúps hf., þar sem mótmælt er nauðungarsölu á Mánagötu 4, Ísafirði, „þar sem 40% hlutur Djúps var ekki auglýstur". Einnig var því mótmælt, að tryggingar þær, sem boðnar voru fram, hefðu ekki verið samþykktar.

Uppboðshaldari boðaði til þinghalds vegna þessa máls, og fór það fram í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði miðvikudaginn 22. maí 1991 kl. 16.05. Voru þar mættir sömu aðilar og við nauðungarsölu á Mánagötu 4, Ísafirði, 24. apríl 1991 og gættu hagsmuna sömu aðila og þá.

Bernharð Hjaltalín bar nú fram mótmæli gegn framgangi uppboðsins. Krafðist hann þess, að með úrskurði yrði umrætt nauðungaruppboð á Mánagötu 4, Ísafirði, ógilt, þar sem ekki hefði farið fram fullnægjandi birting, hvað Djúp hf. varðaði. Hann benti á, að hvorki í almennum tilkynningum í dagblöðum um uppboðið né í sérstökum tilkynningum til kröfuhafa hefði verið tekið fram, að Djúp hf. væri uppboðsþoli, heldur aðeins, að Bernharð Hjaltalín væri uppboðsþoli, og því hefði Djúpi hf. ekki borist tilkynning um uppboðið. Hefði því umrædd þriðja sala ekki átt að fara fram.

Hans Georg Bæringsson mótmælti fullyrðingum Bernharðs Hjaltalíns og sagði, að það gæti ekki haft áhrif á gildi uppboðsins, hvort Djúp hf. hefði fengið tilkynningar um það eða ekki.

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur Bernharð Hjaltalín verið framkvæmdastjóri Djúps hf. á þeim tíma, sem uppboðsmál þetta hefur verið rekið, og hefur póstfang Djúps hf. jafnan fylgt lögheimili hans.

Niðurstaða.

Samkvæmt afsali að fasteigninni Mánagötu 4, Ísafirði, dags. 27. ágúst 1982, var hún eign Bernharðs Hjaltalíns og Djúps hf. að undanskildum samkomusal á 1. hæð, norðurenda, sem er eign Hjálpræðishersins á Ísafirði. Eignin var því ósundurgreind sameign þeirra Bernharðs Hjaltalíns og Djúps hf., og tók uppboðið til eignarhluta þeirra beggja.

Í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð segir, að birta skuli uppboðsauglýsingu þrisvar í Lögbirtingablaði, svo að eigi líði minna en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Í 3. mgr. 22. gr. sömu laga segir, að uppboðshaldari skuli senda m.a. eiganda eignar uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti eigi síðar en 14 dögum fyrir uppboðið eða þegar í stað, ef hann hefur síðar fengið vitneskju um rétthafa eða verustað hans.

Þannig má ljóst vera, að rétt hefði verið að tilkynna Djúpi hf. sérstaklega um uppboðið og tilgreina félagið sem annan þinglesinna eigenda. Af gögnum þessa máls má sjá, að þessa hefur ekki verið gætt. Þannig var fasteignin Mánagata 4, Ísafirði, tilgreind bæði í almennum og sérstökum tilkynningum sem þinglýst eign Bernharðs Hjaltalíns, en nafn Djúps hf. ekki tiltekið. Þá mun Djúp hf. ekki hafa fengið sérstakar tilkynningar um uppboðið, heldur var það látið nægja að senda Bernharð Hjaltalín slíkar tilkynningar, þar sem vitað var, að hann var framkvæmdastjóri, prókúruhafi og einn af þremur stjórnarmönnum Djúps hf. og gæti því tekið bæði við tilkynningum fyrir sjálfan sig og félagið, enda hafa þessi aðilar jafnan átt sama lögheimili samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Við lokasölu á Mánagötu 4, Ísafirði, 24. apríl 1991 kl. 11.00 mætti Bernharð Hjaltalín og bauð í eignina fyrir hönd Djúps hf.

Í lögum nr. 57/1949 um nauðungaruppboð segir ekki, hverju það skipti, ef mætt er fyrir hönd þess rétthafa, sem ekki hefur verið tilkynnt um uppboðið. Af 4. gr. þeirra laga er þó ljóst, að reglur laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði koma til fyllingar nauðungaruppboðslögum, eftir því sem við á.

Af 103. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði má sjá, að mál er talið höfðað, þó að stefnubirting sé ekki fullnægjandi, ef stefndi mætir engu að síður við þingfestingu málsins og hefur ekki uppi andmæli. Þá segir í 97. gr. sömu laga, að máli verði ekki vísað frá dómi, þótt aðili

sæki dómþing og krefjist frávísunar vegna galla á birtingu, nema það orki tvímælis, að hann sé sá maður, sem stefna átti.

Bernharð Hjaltalín mætti við þriðju nauðungarsölu á fasteigninni Mánagötu 4, Ísafirði, hinn 24. apríl 1991 og bauð í eignina fyrir hönd Djúps hf. Þegar af þeirri ástæðu getur hann eigi nú haft uppi þá mótbáru, svo að varði ómerkingu uppboðsins, að tilkynningar og auglýsingar um það hafi verið ófullnægjandi, hvað Djúp hf. varðar.

Guðmundur Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Bernharðs Hjaltalíns um ógildingu á þriðju nauðungarsölu á fasteigninni Mánagötu 4, Ísafirði, er hrundið.

Föstudaginn 28. júní 1991.

Nr. 226/1991. **Eignarhaldsfélag Verslunarbanka Íslands hf.**

gegn

Fjölmiðlun sf.

Kærumál. Matsmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. maí 1991 með vísan til 21. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdómara um dómkvaðningu matsmanna verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Á hluthafafundi í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. 31. desember 1989 var samþykkt að hækka hlutafé félagsins um 400.000.000 krónur. Var þetta tilkynnt til Hlutafélagaskrár 10. janúar 1990 og jafnframt, að fyrir lægi áskrift fyrir allri hlutafjáraukningunni. Hefðu þegar verið greiddar 110.000.000 krónur. Ógreidd hlutafjárloforð næmu 290.000.000 krónum, er greiðast ættu eigi síðar en 5. febrúar 1990. Þá var gerð grein fyrir nokkrum breytingum á samþykktum félagsins og þess að lokum getið, að samþykkt hefði verið að heimila stjórninni að auka hlutafé félagsins enn um 100.000.000 krónur.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir samningi þeim, sem gerður var 9. janúar 1990 um hlutafjárloforð nafngreindra aðila, og samtökum, sem þeir bundust með því að stofna félagið Fjölmiðlun sf. Hafa þeir kosið að hafa þann hátt á að bera fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna, sem mál þetta er risið af, í nafni félagsins. Félag þetta getur verið aðili dómsmáls. Félagsmenn þess telja sig hafa keypt hlutabréfin af sóknaraðila og eiga í deilu við hann og engan annan um verðgildi bréfanna á söludegi.

Sóknaraðili telur sig ekki vera beinan aðila að matsmáli þessu, þótt því sé að honum beint, en hafi vegna hugsanlegra hagsmuna

sinna tekið til varna. Úr þessum ágreiningi aðila verður ekki skorið í þessu máli.

Svo sem fram kemur í matsbeiðni, biður matsbeiðandi um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta rétt gengi hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. um áramótin 1989/1990 í ljósi tiltekinna staðreynda, sem hann gerir nánari grein fyrir. Er því ætlun matsbeiðanda, að matið sé einskorðað við ákveðnar forsendur, sem hann telur fullnægjandi til styrktar sjónarmiðum sínum. Virðist því ekki ætlun matsbeiðanda að fá matsmenn til að leggja mat á það, hvort fleiri atriði kunni að hafa áhrif á rétt gengi hlutabréfanna. Matsmenn verða að hafa frjálsar hendur við mat sitt á réttu verðgildi hlutabréfanna. Þykir því að svo stöddu verða að synja um dómkvaðningu matsmanna.

Lögmenn aðila hafa báðir eftir framlagningu venjubundinna greinargerða sent Hæstarétti fjölda athugasemda og skjala. Á það sér ekki stoð í lögum. Ber að átelja þetta.

Í máli þessu verður hvorki dæmdur málskostnaður í héraði né kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Umbeðin dómkvaðning matsmanna fer ekki fram að svo stöddu.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1991.

Mánudaginn 22. apríl sl. var tekinn til úrskurðar ágreiningur vegna beiðni Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. f.h. Fjölmiðlunar sf., kt. 490491-1129, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra matsmanna til þess að skoða og meta eftirfarandi, eins og segir í matsbeiðni:

„Hvert var rétt gengi hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. um áramótin 1989/1990 í ljósi neðangreindra staðreynda, sem matsmenn leggi til grundvallar mati þessu.

Í fyrsta lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að í endurskoðuðum og samþykktum ársreikningi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. fyrir árið 1989 kemur fram, að eigið fé félagsins í árslok 1989 var neikvætt um kr. 339.940.484 þrátt fyrir hlutafjáraukningu, að fjárhæð kr. 400.000.000, hinn 31. des. 1989, þannig, að eigið fé Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. fyrir nefnda hlutafjáraukningu var neikvætt um 739.940.484 kr., en ekki kr. 500.000.000, eins

og forsvarsmenn Verslunarbanka Íslands hf. kynntu með framlagningu gagna frá lánasviði Verslunarbanka Íslands hf., dags. 20. des. 1989, er þeir seldu samtals kr. 250.000.000 af kr. 500.000.000 hlutafjáraukningu í Íslenska sjónvarpsfélaginu með samningum, dagsettum 9. janúar 1990 og 19. janúar 1990, á genginu einn.

Í öðru lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að hlutabréf voru keypt á nafnverði, sem er sönnun þess, að kaupendur hafi metið viðskiptavild Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sem fyrst og fremst felst í framtíðarhagnaðarvon félagsins, á kr. 500 milljónir, þ.e. fjárhæð, sem er jöfn neikvæðu eiginfé félagsins samkvæmt upplýsingum Verslunarbanka Íslands hf. um áramót 1989/1990.

Í þriðja lagi í ljósi þeirrar staðreyndar, að eiginfjárstaða Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og Íslenska myndversins hf., sem er dótturfyrirtæki þess fyrrnefnda, var í heild lakari um kr. 361.000.000 um áramótin 1989/1990 umfram það, sem forsvarsmenn Verslunarbanka Íslands hf. kynntu, er þeir seldu áðurgreint hlutafé í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.

Fjárhæð þessi sundurliðast þannig:

a) Mismunur á eigin fé samkvæmt samþykktum og endurskoðuðum ársreikningi 1989 og gögnum frá lánasviði Verslunarbanka Íslands hf., dags. 20.12.1989	kr. 240.000.000
b) Ofmat fasteignarinnar Lyngháls 5, Reykjavík	kr. 62.000.000
c) Ofmat hlutabréfa í Íslenska myndverinu hf.	kr. 35.000.000
d) Skuldabréf á hendur eldri hluthöfum	kr. 24.000.000
	kr. 361.000.000“

Við fyrirtöku málsins 22. apríl sl. var gerð sú krafa af hálfu matsbeiðanda, að matsþoli greiddi matsbeiðanda málskostnað vegna dómkvaðningarinnar, og bæri málskostnaðurinn vexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Af hálfu Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. er því haldið fram, að Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf. hafi ekki verið seljandi umræddra hlutabréfa og beri enga ábyrgð gagnvart kaupendum þeirra. Þegar af þeirri ástæðu sé matsmáli þessu ranglega beint að Eignarhaldsfélaginu. Þrátt fyrir það gæti hugsanleg dómkvaðning matsmanna og eftirfarandi matsgerð haft í för með sér réttarspjöll fyrir Eignarhaldsfélagið, og því krefst stjórn Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. þess, að beiðni þessari um dómkvaðningu matsmanna verði hafnað og henni vísað frá dómi, og jafnframt, að matsbeiðanda verði gert að greiða málskostnað.

Kröfu sína byggir matsþoli aðallega á eftirfarandi málsástæðum:

1. Samkvæmt matsbeiðni sé matsbeiðandi fyrirtækið Fjölmiðlun sf., Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík. Fyrirtæki þetta hafi verið óskráð, þá er beðið var um dómkvaðningu matsmanna, enda þótt það hafi nú verið skráð.
2. Samkvæmt hlutaskrá Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. frá desember 1990 séu hluthafar félagsins rétt innan við 200, og matsbeiðandi sé ekki talinn upp meðal þeirra og hafi ekki verið talinn hluthafi frá stofnun félagsins, svo að vitað sé. Ekki liggi fyrir, hvernig réttur matsbeiðanda til þess að stofna til matsmáls þessa sé til kominn. Á fyrri hluta árs 1990 hafi komið upp álitaefni milli þeirra kaupenda hlutafjár í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., sem hafi keypt hlutafé í félaginu í janúar 1990, og Eignarhaldsfélags Verslunarbankans hf. og Íslandsbanka hf., en þau álitaefni hafi verið leyst endanlega með samkomulagi 22. mars 1990, og þá hafi hluthafarnir Jóhann J. Ólafsson, Jón Ólafsson og Haraldur Haraldsson lýst yfir, að þeir myndu „ekki standa að kröfugerð á hendur ÍSF (Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.), EVÍ (Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.) eða Íslandsbanka hf. vegna atriða, er varða hlutafjárkaup í ÍSF, og ráðstöfun þess hlutafjár, allt vegna atriða, sem aðilum er eða má vera kunnugt um til þessa dags (22. mars 1990)". Þau álitaefni, sem matsbeiðni þessi fjallar um, hafi verið komin fram 22. mars 1990.
3. Jafnvel þótt ekki yrði fallist á að vísa máli þessu frá og hafna beiðni um dómkvaðningu matsmanna af framangreindum ástæðum, beri að hafna matsbeiðni svo sem hún er fram sett. Óskað sé eftir sjálfstæðu mati óvilhallra matsmanna um verðmat umræddra hlutabréfa miðað við áramótin 1989/1990, en þess jafnframt krafist, að þeir meti verðmæti umræddra hlutabréfa í ljósi ákveðinna upplýsinga frá matsbeiðanda sjálfum, sem hann kallar „staðreyndir". Þessar svokölluðu staðreyndir byggist aftur á móti á samstæðureikningi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., dags. 30. okt. 1990, og núverandi stjórn og eigendur Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. hafa staðið að. Þessi samstæðureikningur geti verið efnislega umdeilanlegur, og ljóst sé, að hann hafi ekki legið fyrir um áramótin 1989/1990. Matsbeiðandi krefjist þannig mats eftir ákveðinni forskrift, en slíkt samrýmist ekki ákvæðum 139. gr., sbr. 140. gr. l. nr. 85/1936 um matsbeiðnir og matsgerðir.

Leitað var um sættir vegna ágreinings aðila án árangurs.

Niðurstaða.

Lagður hefur verið fram sem dskj. 2 hluthafasamningur, dags. 9. janúar 1990, þar sem fram kemur, að hluthafar, sem höfðu skráð sig fyrir 250 milljón króna hlutafé, gerðu með sér samning, þar sem þeir lofuðu að

kaupa hlutabréf, að fjárhæð kr. 250.000.000, í Íslenska sjónvarpsfélaginu. Í samningi þessum segir m.a. svo: „Bréf þessi eru nú til sölu hjá Eignarhaldsfélagi Verslunarbanka Íslands hf.“ Samningur þessi er undirritaður f.h. Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf. af Gísla V. Einarssyni, Þorvarði Elíassyni og Höskuldi Ólafssyni. Jafnframt er samningurinn undirritaður svo: Kort h/f Haraldur Haraldsson, Jón Ólafsson og f.h. Sigurðsson & Snæbjörnsson hf. Jóhann J. Ólafsson og Guðjón Oddsson. Hluthafasamningi þessum fylgir hlutafjárloforðalisti, þar sem taldir eru fjórir aðilar, sem skrifuðu sig fyrir kr. 250.000.000 hlutafé, þ.e. Haraldur Haraldsson kr. 50.000.000, Sigurðsson & Snæbjörnsson hf. kr. 50.000.000, Jón Ólafsson kr. 50.000.000 og Eignarhaldsfélag Verslunarbanka Íslands hf. kr. 100.000.000. Tekið er fram, að einstökum aðilum á lista þessum sé heimilt að leita eftir fjárframlögum fleiri aðila og selja þeim hluta af hlutafjárloforði sínu.

Í skjölum málsins kemur fram, að Fjölmiðlun sf. var stofnuð 13. janúar 1990. Samkvæmt stofnsamningi er tilgangur félagsins að kaupa hlutafé í Íslenska sjónvarpsfélaginu, Kapalsjónvarpi hf., Reykjavík, svo og að koma fram fyrir hönd félagsmanna við ákvarðanatökur í því félagi. Meðal stofnenda, sem voru 11, voru þeir Haraldur Haraldsson, Jón Ólafsson, Jóhann Ólafsson og Guðjón Oddsson. Stofnendur lögðu fram mismunandi stofnframlög, en samtals nam stofnframlag þeirra kr. 150.000.000. Félagið var skráð 9. apríl 1991. Á dskj. 20 er kvittun, dags. 15. janúar 1990, stíluð á Fjölmiðlun sf. v/Jóns Ólafssonar, kr. 17.000.000, undirrituð af Höskuldi Ólafssyni f.h. Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf., og á dskj. 21 kvittun frá sama, dags. 26. janúar 1990, stíluð á Fjölmiðlun sf. v/Jóhannesar Óla Guðmss., kr. 3.000.000.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður ekki á mótmæli af hálfu Eignarhaldsfélags Verslunarbanka Íslands hf., byggð á aðildarskorti, fallist. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi, hvenær Fjölmiðlun sf. var skráð, enda virðist matsþoli hafa viðurkennt tilvist matsbeiðanda.

Það er ekki í verkahring matsdómara að taka afstöðu til efnisatriða málsins og þá ekki heldur til áreiðanleika samstæðureiknings Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. né hverju varði samkomulag, sem hluthafarnir Jóhann J. Ólafsson, Jón Ólafsson og Haraldur Haraldsson gerðu 22. mars 1990 við Íslenska sjónvarpsfélagið hf., Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf. og Íslandsbanka hf.

Verið getur, að matsbeiðanda skipti máli að fá mat dómkvaddra manna á atriðum þeim, sem í matsbeiðni greinir, og ber því að taka kröfu matsbeiðanda til greina, enda verður ekki á það fallist, að matsbeiðnin brjóti gegn 139. og 140. gr. l. nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Úrskurðarorð:

Umbeðin dómkvaðning fari fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. júlí 1991.

Nr. 156/1987. **Kópavogskaupstaður**

gegn

db. Þórðar Þorsteinssonar,
db. Helgu Sveinsdóttur,
Sveini Þórðarsyni og
Sigríði Lúthersdóttur
og til réttargæslu
Halldóru Þórðardóttur,
Guðmundi Marinó Þórðarsyni og
Þóri Erni Guðmundssyni
og
Guðmundur Marinó Þórðarson

gegn

db. Þórðar Þorsteinssonar,
db. Helgu Sveinsdóttur,
Sveini Þórðarsyni og
Sigríði Lúthersdóttur.

Gagnaöflun. Læknaráð

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Lögmenn málsaðila hafa óskað þess, að málið verði lagt fyrir læknaráð til umsagnar og tilgreind í sameiginlegu bréfi til Hæstaréttar þau atriði, er um verði fjallað. Með hliðsjón af þeim atriðum og með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942 þykir rétt að æskja þess, að læknaráð láti uppi rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Telur læknaráð læknisfræðileg gögn málsins fullnægjandi grundvöll að matsgerðum læknanna Ársæls Jónssonar og Ásgeirs Karlssonar frá 22. febrúar 1984 og 5. október 1985?

2. Fellst læknaráð á niðurstöður nefndra matsgerða?

3. Telur læknaráð, að ótvíræð læknisfræðileg vissa sé fyrir því, að andlegri heilbrigði Þórðar heitins Þorsteinssonar hafi verið svo háttað 10. september 1980, er hann undirritaði samning þann við

Kópavogskaupstað, sem um er deilt í málinu, að hann hafi þá verið ófær um að skilja efni hans og þýðingu?

4. Verði svar neikvætt, óskast umsögn læknaráðs um álitaefnið.

Úrskurðarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð um framangreind álitaefni.

Miðvikudaginn 17. júlí 1991.

Nr. 304/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Jósep Hjálmari Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald skv. 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að varnaraðili verði vistaður í afplánunarfangelsi á gæsluvarðhaldstíma.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og 3. og 5. töluliðar 67. gr. laga nr. 74/1974, að hann verði staðfestur.

Í hinum kærða úrskurði er m.a. svo frá greint: „Í greinargerð RLR kemur einnig fram, að til meðferðar séu sjö mál til viðbótar, sem kærði er grunaður um aðild að, en yfirheyrslur hafi enn ekki hafist í þeim.“ Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir hins vegar: „Auk framanskráðra mála eru ein sjö mál til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem yfirheyra þarf Jósep Hjálmar í þeim öllum.“ Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins hafa eigi komið fram næg rök fyrir því, að varnaraðili sé grunaður um aðild að nefndum sjö málum. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1991.

Ár 1991, föstudaginn 12. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jósep Hjálmari Sigurðssyni, kt. 050861-5979, til lögheimilis að Framnesvegi 48, en með dvalarstað að Flúðaseli 73, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn fjögurra mála, sem kærði er grunaður um aðild að. Fyrsta málið varðar innbrotsþjófnað í heildverslun Helga Filippussonar í mars sl., en þar var stolið tölvu, tölvuprentara og myndsenditæki. Þeir, sem aðild áttu að innbrotsþjófnaði þessum, hafa borið, að þeir hafi falið kærða að koma þýfinu í verð, en þeir hafi hvorki séð það né fengið neina peninga vegna þessa. Kærði hefur neitað að hafa annast um sölu þýfisins. Hins vegar hafi hann séð það í húsi einu hér í borg, en sé með öllu ókunnugt um, hvar tæki þessi séu nú niður komin.

Í öðru málinu hefur RLR til rannsóknar fölsun tveggja tékka úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands. Kærði hefur kannast við að hafa framselt annan þeirra á veitingastað á Akureyri í maí sl., en sér hafi verið ókunnugt um, að hann hafi verið falsaður. Hafi hann fengið tékkann sem greiðslu frá manni, sem hann vill ekki nafngreina.

Í þriðja málinu, sem til meðferðar er, er verið að rannsaka fölsun átta tékka úr tékkhefti frá SPRON. Kærði kannast við að hafa afhent tveimur mönnum tékka, sem eru úr þessu tékkhefti, en hefur enga grein getað gert fyrir því, hvar hann hafi fengið þessa tékka og hver hafi falsað þá. Hina sex tékkana kveðst kærði alls ekki kannast við.

Fjórða málið varðar tilraun til fjársvika með greiðslukorti frá Visa Ísland, en í því tilviki reyndi félagi kærða að nota greiðslukortið til greiðslu á veitingum á veitingahúsi hér í borg fyrir þá kærða og tvo aðra. Hefur þessi félagi kærða borið, að kærði hafi útvegað kortið, og hefur kærði kannast við það, en borið, að nafngreindur maður hafi falið sér að geyma kortið. Hann hafi hins vegar vitað, að það var illa fengið.

Í greinargerð RLR kemur einnig fram, að til meðferðar séu sjö mál til viðbótar, sem kærði er grunaður um aðild að, en yfirheyrslur hafi enn ekki hafist í þeim.

Í sakavottorði kærða kemur fram, að hann hefur margsinnis verið dæmdur til refsingar fyrir hegningarlagabrot. Hefur hann sex sinnum setið í fangelsi frá árinu 1979. Hinn 13. júní sl. voru tveir dómar kveðnir upp yfir ákærða í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og skjalafals. Var honum gert að sæta 12 mánaða fangelsi. Hvorugur þessara dóma mun hafa borist ríkissaksóknara.

Þá hefur RLR auk þess nýverið sent ríkissaksóknara nokkur mál til meðferðar varðandi kærða.

Af framansögðu verður ekki hjá því komist að álíta, að kærði sé vanaafbrotamaður. Hann afplánaði síðast fangelsisdóm frá 22. júní til 19. desember 1990 og tók fljótlega eftir það upp þráðinn við brotastarfsemi. Telur dómurinn, að veruleg hætta sé á, að kærði haldi uppteknum hætti, haldi hann óskertu frelsi sínu. Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir óhjákvæmilegt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155., 248. og 254. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir þó, að gæsluvarðhaldið vari eigi lengur en til laugardagsins 10. ágúst nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jósep Hjálmar Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til laugardagsins 10. ágúst nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 15. ágúst 1991.

Nr. 264/1991. **Bjarni Þ. Guðmundsson**
gegn
Elínborgu Brynjólfsdóttur
og Guðmundi Pálma Kragh.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. janúar 1991, sem hingað barst 26. júní sl. Kærð er með heimild í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þinglýsing á skjölum nr. 3905/1990 og 3906/1990. Skjöl þessi voru móttekin til þinglýsingar hinn 3. desember 1990 og færð í þinglýsingabækur hinn 17. s.m. Hin innfærðu skjöl eru frá 15. júní 1990, og með þeim afsalar Kristinn Brynjólfsson eignarhluta sínum í jörðinni Gelti, Grímsneshreppi, að einum fjórða hluta til Elínborgar Brynjólfsdóttur og að hálfu til Guðmundar Pálma Kragh. Kristinn lést hinn 27. júní 1990.

Sóknaraðili krefst þess, að ofangreindum þinglýsingum verði hrundið og þær afmáðar úr þinglýsingabókum og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðilar krefjast þess. að úrlausn þinglýsingardómarans varðandi ofangreind skjöl verði staðfest. Þá krefjast þau kærumálskostnaðar.

Þinglýsingardómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir, dagsettar 17. júní 1991. Þar kemur fram rökstuðningur fyrir úrlausn hans varðandi þinglýsingu skjalanna, sbr. 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga. Þar segir m.a.:

„Forsaga máls þessa er sú, að í júní á sl. ári voru afhent hér til þinglýsingar tvö afsöl fyrir hlutum úr jörðinni Gölt (sic) í Grímsneshreppi. Ég taldi áritun vottanna áfátt og vildi ekki þinglýsa skjölunum, fyrr en úr hefði verið bætt. Fyrir mistök voru þau þó færð í fasteignabók og árituð um innfærsluna. Sóknaraðili kærði þinglýsinguna til Hæstaréttar á grundvelli þess, að áritun vottanna væri ekki fullnægjandi, hæstaréttarmál nr. 344/1990.

Á grundvelli 27. gr. þinglýsingalaganna strikaði ég nokkru síðar innfærslurnar út úr fasteignabók og felldi þinglýsingu afsalanna úr gildi.

Böðvar Pálsson, oddviti Grímsneshrepps, sem samið hafði afsölin fyrir seljanda og undirritað þau fyrir hans hönd, kom til mín og bað um leiðbeiningar til að koma áritun vottanna í lag. Ég vélritaði þá fyrir hann á frumrit afsalanna viðbótaryfirlýsingu, þar sem fram komu þau atriði, sem ég taldi vanta í upphaflega áritun vottanna, þ.e. að seljandi hefði gefið Böðvari Pálssyni umboð til að undirrita þessi tilteknu afsöl fyrir sína hönd og að vottarnir staðfestu undirskrift hans. Í 22. gr. þinglýsingalaganna er aðeins talað um, að staðfesta þurfi undirskrift útgefanda skjals, en ekki er orði vikið að því, að sá, er við rétti tekur, þurfi að undirrita skjalið líka eða að nauðsynlegt sé að votta hugsanlega undirskrift hans sérstaklega. Ég hefi ávallt litið svo á, að þegar menn afhenda til þinglýsingar skjöl, sem veita þeim ákveðin réttindi, beri að líta svo á, að þeir vilji við þeim réttindum taka, hvort sem þeir hafa áritað skjölin eða ekki.

Böðvar bað mig að vera viðstaddan, þegar vottarnir undirrituðu yfirlýsinguna, og fór ég tvívegis þeirra erinda með honum á Sjúkrahús Suðurlands, þar sem vottarnir vinna. Í bæði skiptin brýndi ég það rækilega fyrir vottunum að skrifa ekki undir annað en það, sem þeir væru vissir um, að væri rétt. Vottarnir skrifuðu báðir hiklaust undir, því að þeir kváðust báðir hafa verið vitni að handsalinu og það hefði komið skýrt fram, að Kristinn Brynjólfsson vildi, að Böðvar Pálsson undirritaði umrædd afsöl fyrir sína hönd. Þá kváðust báðir vottarnir hafa horft á Böðvar undirrita skjölin.

Böðvar kvaðst hafa skýrt efni afsalanna fyrir Kristni, lesið annað þeirra fyrir hann orði til orðs og síðan þá hluta hins afsalsins, sem ekki voru orðrétt samhljóða hinu fyrra. Annar vottanna sagði enda við mig: „Kristinn gerði sér þess fulla grein, hvað um var að ræða."

Afsölin voru síðan afhent til þinglýsingar að nýju hinn 3. desember sl. Þar sem áritun vottanna var komin í lag, taldi ég því ekkert til fyrirstöðu, að afsölunum yrði þinglýst, og afgreiddi þau á venjulegan hátt.

Í kæru sóknaraðila kemur ekki fram, á hvaða rökum hún er reist, en í síðar sendri greinargerð er vísað í rök hans í greinargerð hans

í hæstaréttarmálinu nr. 344/1990 og að auki hafi vottun skjalanna verið algerlega löglaus.

Kristinn var þinglesinn eigandi hinna seldu jarðarhluta og hafði því lögformlega heimild til að ráðstafa eign sinni á þann veg, er hann gerði.

Vottarnir staðfesta í nýrri áritun sinni, að Kristinn hafi gefið Böðvari umboð til að undirrita ákveðin skjöl, þar sem Kristinn afsalar sér tilteknum eignum sínum. Til þess þurfti hann að vita, hvert efni skjalanna var. Með áritun sinni staðfesta vottarnir, að Kristinn hafi vitað, um hvað skjölin fjölluðu. Vottarnir staðfesta einnig undirskrift Böðvars. Þar með voru skjölin orðin tæk til þinglýsingar, þar sem lögræði aðila var áður staðfest. Eignarheimild afsalsgjafa var, eins og áður sagði, í lagi, og verður því eigi séð, að nein efni hafi staðið til að vísa afsölunum frá þinglýsingu, eftir að úr ágöllum þeirra hafði verið bætt.

Ber því að hafna kröfum sóknaraðila."

Rök sóknaraðila fyrir kröfum sínum eru þau, að skjölin séu ekki tæk til þinglýsingar samkvæmt þinglýsingalögum. Hann telur vottun afsalanna algerlega ólögmæta og að þau geti engan veginn talist lögmætur grundvöllur þinglýsingar, sbr. m.a. 7. gr. þinglýsingalaga. Að öðru leyti lúta athugasemdir hans að lögmæti yfirfærslu eignarréttar við afsölin.

Af hálfu varnaraðila er tekið undir röksemdir þinglýsingardómara og því haldið fram, að úr annmörkum þeim, sem upphaflega voru á skjölunum, hafi verið bætt, svo að taka hafi mátt þau til þinglýsingar.

Ekki verður á það fallist, að afsalsbréfin hafi verið með slíkum annmörkum, er þau voru afhent til þinglýsingar 3. desember 1990, að þinglýsingardómara hafi borið að synja um þinglýsingu þeirra.

Ágreiningur um lögmæti yfirfærslu eignaréttinda með greindum gerningum verður ekki lagður fyrir þinglýsingardómara. Ber af þessum sökum að staðfesta úrlausn þinglýsingardómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dráttur á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar hefur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn skal vera óröskuð.

Mánudaginn 19. ágúst 1991.

Nr. 299/1991. **Vilhjálmur Árnason**
gegn
Bjarna Jónassyni.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní 1991. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði úrskurðað óskylt að svara spurningu stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. um það, hvort ummæli, sem tilgreind eru í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og hljóða þannig: „Bjarni er geðveikur“ og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi“, sé í skýrslum vitnisins að finna, höfð eftir stefnda um stefnanda.“

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Til kærumáls þessa er stofnað í máli, sem varnaraðili hefur höfðað til ómerkingar ummæla, er hann telur stefnda hafa haft um sig.

Varnaraðili hefur krafist þess, að vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði gert skylt að svara spurningum varðandi ummæli í skýrslu, sem vitnið samdi ásamt öðrum. Vitnið kveður skýrslu þessa hafa verið samda að beiðni stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, og sé hún eign hennar og félagsmálaráðuneytisins. Að sögn vitnisins byggist skýrslan á viðtölum, sem höfundar hennar áttu við starfsfólk Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á þeim grundvelli, að enginn fengi aðgang að þeim nema verkbeiðandi.

Kærumál varðandi vitnaskyldu vitnisins Brynjólfs Eiríkssonar í aðalmálinu hefur áður verið til meðferðar fyrir Hæstarétti, og var kveðinn upp dómur í því 28. maí 1991. Varnaraðili krafðist þá, að vitninu yrði gert skylt að leggja fram umrædda skýrslu.

Með vísan til þess, sem vitnið Brynjar Eiríksson hefur borið um aðdraganda að gerð umræddrar skýrslu, bar héraðsdómara að

leiðbeina varnaraðila, sem er ólöglærður, um að beina því til félagsmálaráðherra og stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að skýrslan yrði lögð fram í málinu, að því marki, sem nauðsynlegt er fyrir varnaraðila. Það var ekki gert. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 27. júní 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem er einkarefsimál, höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum, var 19. júní sl. tekið til úrskurðar í samræmi við 1. mgr. 190. gr. laga 85/1936 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Dómkröfur málsaðila í þessum þætti málsins eru sem hér greinir:

Dómkröfur stefnanda, sóknaraðila í þessum þætti málsins, eru þær, að vitninu Brynjari Eiríkssyni verði gert skylt að svara spurningum sínum, fram bornum í þinghaldi fyrr í dag og taka til I. kafla, 2. tl. , og I. kafla, 3. tl., stefnunnar. Stefnandi krefst vegna þessa þáttar málsins málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi, sem er varnaraðili í þessum þætti málsins, gerir hér hins vegar þær dómkröfur, að kröfu stefnanda um, að vitninu Brynjari Eiríkssyni verði gert skylt að svara spurningu stefnanda í þinghaldi 19. júní sl., verði hrundið og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda vegna þessa þáttar málsins.

Í stefnu, sem þingfest var 14. júní 1990, krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til refsingar og að átalin ummæli, er stefnandi í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar tilgreinir þannig:

„Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út."

„Bjarni er geðveikur."

„Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi."

„Hann er, sko, geðveikur maðurinn," —

verði dæmd dauð og ómerk, þ.e. þrjú síðasttöldu ummælin, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms o.fl. Þá krefst

stefnandi þess, að stefndi greiði sér miskabætur, og gerir kröfu um málskostnað.

Stefndi, sem skilaði greinargerð í málinu 28. júní 1990, krafðist þess, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

— — —

IV.

Niðurstaða.

Gögn málsins leiða til þeirrar niðurstöðu, að vitnið Brynjar Eiríksson, er það ásamt Önnu Karin Júlíussen átti viðtöl við stefnda og aðra starfsmenn hins verndaða vinnustaðar, hafi komið fram sem opinber sýslunarmaður. Að uppfylltum öðrum skilyrðum getur 3. tl. 1. mgr. 126. gr. laga 85/1936 átt við um vitnið, en tilvitnuð lagagrein hljóðar þannig:

„Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði:

— — —

3. Ef embættismaður eða sýslunar hefir komist að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það."

Viðtöl vitnisins Brynjars og Önnu Karinar voru þess eðlis, að þau veittu upplýsingar um starfsmenn vinnustaðarins, þeirra persónur og athafnir. Upplýsingar þessar voru trúnaðarmál, sbr. dskj. 4. Eðlilegt var því, að vitnið bæri fyrir sig ákv. 1. mgr. 3. tl. 126. gr. laga 85/1936, er það var krafið sagna af stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. Vitnaleyndin gat með öðrum orðum tekið til vitnisins og valdið því, að vitnaleiðsla væri útilokuð.

Hagsmunir vitnisins af því að halda leyndum trúnaðarmálum þurfa í undantekningartilfellum að víkja fyrir öðrum og ríkari hagsmunum. Vitnaleyndin og sú þagnarskylda, sem á henni er byggð, er því ekki afdráttarlaus og getur þurft að víkja, jafnvel þótt leyfi þess, sem með á, liggi ekki fyrir.

Við mat á því, hvort vitninu ber að svara spurningum stefnanda, fer eftir því, hvort hagsmunir stefnanda af því að fá þær upplýsingar, sem svörin veita, séu ríkari en þagnarskylda vitnisins. Í því sambandi ber einkum að horfa til þess, að stefnandi hefur augljósa hagsmuni af því að leiða með óyggjandi hætti í ljós þær staðreyndir, sem hann byggir málsókn sína á. Verður að telja, að hagsmunir stefnanda af því að fá vitnið til að svara spruningum um, hvort tilgreind ummæli sé í skýrslu vitnisins að finna, séu ríkari en hagsmunir vitnisins af því að halda slíkum upplýsingum leyndum. Í þessu sambandi ber einnig á það að líta, að ekki verður kveðið á um þýðingu umbeðinnar gagnaöflunar fyrir málið í heild sinni, nema vitað sé með vissu, að umgetin ummæli sé í skýrslunum að finna, en um það getur vitnið borið. Þar sem stefnandi hefur þannig augljósa og ríka

hagsmuni af því, að vitnið veiti svör við þeim spurningum, er hann beindi að því í þinghaldi 19. júní sl., verður vitninu gert skylt að svara spurningunum, en slík upplýsingaöflun er í fullu samræmi við rétt stefnanda samkvæmt lögum 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi er skylt að svara spurningum stefnanda í þinghaldi 19. júní sl. um það, hvort ummæli, sem tilgreind eru í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og hljóða þannig: „Bjarni er geðveikur“ og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi“ sé í skýrslum vitnisins að finna, höfð eftir stefnda um stefnanda.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 20. ágúst 1991.

Nr. 344/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Hermanni Kjartanssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 4. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst 1991. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður dæmdur af almannafé.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið í máli þessu, þykir varhugavert að ætla, að fullnægt sé skilyrði 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 til að lengja gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem átti að ljúka 13. þessa mánaðar. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Átelja ber töf, sem orðið hefur á meðferð málsins og eigi hefur verið nægilega réttlætt.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 13. ágúst 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 13. ágúst, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Björn Helgason saksóknari gerði hér fyrir dómi 9. ágúst sl. f.h. ákæruvaldsins kröfu um, að gæsluvarðhald ákærða í sakadómsmálinu nr. 1737/1991: Ákæruvaldið gegn Hermanni Kjartanssyni, sem með úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar og Garða frá 3.7. sl. var framlengt frá þeim degi til 13. ágúst nk. kl. 16.00, yrði framlengt frá þeim tíma, þar til dómur yrði upp kveðinn í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudags 17. september nk. kl. 16.00. Hann vísar til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, til stuðnings kröfu sinni, en málið sé á lokastigi dómsrannsóknar og verði væntanlega tekið til flutnings 22. ágúst nk.

Af hálfu ákærða er kröfunni mótmælt sem ótímabærri, tilefnislausri og án lagastoðar, auk þess sé hún ómannúðleg sem mest megi vera.

— — —

Málavextir.

Að lokinni frumrannsókn í málinu sendi rannsóknarlögregla ríkisins málið til fyrirsagnar ríkissaksóknara 8. júlí sl., og eftir athugun á þeim rannsóknargögnum gaf ríkissaksóknari út ákæru 15. júlí sl., þar sem hann gerir kröfu um, að ákærði verði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt mánudags 3. júní sl. slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra að Grenilundi 9, Garðabæ, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar, og er þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og er refsingar yfir ákærða krafist eftir þessum greinum.

— — —

Gögn málsins hafa leitt til málshöfðunar gegn ákærða, sbr. framangreinda ákæru, og er því enn sterkur grunur um, að hann hafi framið verknaðinn, sem hann er þar sakaður um og rannsókn málsins hefur snúist um.

Það kemur í hlut dómarans, sem hefur fengið sakamálið nr. 1737/1991 til meðferðar, að kveða á um, hvort sönnunargögnin í málinu séu nægileg til sakfellingar eður eigi, og verður ekki í máli þessu um kröfuna um framlengingu gæsluvarðhaldsins farið út í neitt sönnunarmat, en sem fyrr er talið, að ætlað brot ákærða sé svo alvarlegt, sbr. og ákæru, að 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga eigi við um það.

Sakamálið er nú á lokastigi, og hefur verið ákveðinn í því málflutningur 21. ágúst nk. og að dómur verði svo kveðinn upp í því innan þriggja vikna. Þó að einhverjar tafir hafi orðið á upphafi dómsrannsóknar vegna sumar-

leyfis dómarans, er málið nú rekið í flýti, og þykir tímalengdin um gæsluvarðhaldið ekki óeðlilega löng miðað við að fá málalyktir á tímabilinu. Þó að enn sé ýmislegt óljóst í málinu, þar á meðal sumt, sem kann að vera metið ákærða í hag, verður að telja það óvarlegt gagnvart kæranda að losa ákærða úr gæslu, fyrr en dómur liggur fyrir í því.

Það þykir því rétt miðað við það, hvernig málið er vaxið, og með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, og er gæsluvarðhald ákærða framlengt, þar til dómur verður kveðinn upp í málinu, en þó eigi lengur en til 17. september nk. kl. 16.00.

Rétt þykir, þar sem rannsókn málsins er að mestu lokið og ekki er þörf á, að um framkvæmd gæsluvarðhalds sé farið eftir 2. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74, 1974, að um vistun ákærða fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Úrskurðarorð:

Ákæruði, Hermann Kjartansson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds, sem rennur út í dag kl. 16.00 skv. úrskurði dómsins frá 3.7. sl. og allt til þess, að dómur verður kveðinn upp í sakadómsmálinu nr. 1737/1991, en þó eigi lengur en til þriðjudags 17. september nk. kl. 16.00, og skal gæsluvist hans þennan tíma vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.

Þriðjudaginn 3. september 1991.

Nr. 363/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Arnari Má Þórissyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála með yfirlýsingu í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur við uppkvaðningu úrskurðarins 29. ágúst 1991. Krafðist hann niðurfellingar úrskurðarins.

Með bréfi til Hæstaréttar 30. ágúst 1991 krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Mál þetta barst Hæstarétti föstudaginn 30. ágúst 1991 kl. 10.17. Gæsluvarðhaldstími varnaraðila samkvæmt hinum kærða úrskurði rann út kl. 16.00 í gær, mánudaginn 2. september. Engin kröfugerð hefur borist til Hæstaréttar frá varnaraðila.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki þörf á að kveða upp efnisdóm í málinu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Arnari Má Þórissyni, kt. 231073-3379, Skeljagranda 6, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudags 2. september nk. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrota, sem framin voru á Akureyri aðfaranótt sl. mánudags, en þar var m.a. brotist inn í bílaverkstæðið Bílaver, Draupnisgötu 7 L, og stolið þar ávísunum, reiðufé og áfengi. Við frekari

rannsókn kom í ljós, að brotist hafði verið inn í þrjú önnur fyrirtæki í þessu sama húsi.

Kærði hefur viðurkennt aðild sína að innbrotum þessum og að hann hafi verið þar í félagi við X. Þessu til viðbótar hefur hann viðurkennt að hafa ásamt X brotist inn í útibú Kaupfélags Skagfirðinga í Varmahlíð sömu nótt og stolið þar peningum og peningaskáp. Einnig hefur hann viðurkennt, að þeir X hafi þessa sömu nótt brotist inn í söluskála Esso á Blönduósi og stolið þar peningum. Hafi þeir samtals haft upp úr krafsinu u.þ.b. kr. 80.000 í reiðufé og kr. 130.000 í ávísunum.

Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli síðdegis í fyrradag og færður til yfirheyrslu hjá RLR. Þar gaf hann upp kennitölu tvíburabróður síns, Borgars Þórs, og undirritaði skýrslur með því nafni. Var af hálfu RLR í gær lögð fram krafa um gæsluvarðhald á hendur téðum Borgari Þór, enda talið, að það væri nafn kærða. Þegar kærði kom fyrir dóm í gær, gaf hann einnig upp það nafn, en síðdegis í gær upplýstist við samanburð á fingraförum bræðranna, að hér er um Arnar Má að ræða. Eftir að þetta upplýstist, breytti RLR kröfu sinni í þá veru, að hún ætti við Arnar Má, en að öðru leyti stæði hún óbreytt, þar sem sama persóna hefði komið fyrir dóminn og handtekin var sl. þriðjudag.

Þessari skoðun hefur réttargæslumaður kærða mótmælt og telur, að gera þurfi sérstaka kröfu á hendur Arnari Má. Ekki verður fallist á þetta sjónarmið lögmannsins, þar sem allan tímann hefur verið um að ræða sama manninn og réttlætanlegar ástæður fyrir því, að rannsóknaraðilar hafi villst á honum og bróður hans.

Kærði er undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þótt hann hafi nú fyrir dóminum greiðlega skýrt frá brotum þeim, sem hann er grunaður um, þykir þó enn vera hætta á, að hann nái að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, verður krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða því tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Arnar Már Þórisson, kt. 231073-3379, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudags 2. septembernk. kl. 16.00.

Mánudaginn 9. september 1991.

Nr. 367/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með yfirlýsingu í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur við uppkvaðningu úrskurðarins hinn 4. september 1991. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 4. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 18. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kærði mótmælir kröfunni.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt fimmtudags 29. ágúst sl. var framinn innbrotsþjófnaður í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, Reykjavík. Að mati eiganda verslunarinnar er verðmæti þess, sem stolið var, rúmar 3,7 milljónir króna. Var þar um að ræða skartgripi og gull til skartgripasmíði.

Þrír menn hafa nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Nokkur hluti þýfisins hefur fundist, en meiri hluti þess er enn

ófundinn. Einn þeirra, sem sætir gæsluvarðhaldi, Sigurbjörn Gunnar Utley, hefur greint frá því, að hann hafi nóttina, sem innbrotið var framið, verið staddur heima hjá Herði Karlssyni að Klapparstíg 26, þegar Hörður hafi komið þangað og beðið sig að koma með sér út og aðstoða sig. Hafi hann farið með Herði í framangreinda skartgripaverslun. Þar hafi þá verið fyrir kærði Garðar Garðarsson. Hörður hafi beðið sig að aðstoða þá við að afmá ummerki í versluninni eftir innbrotsþjófnaðinn. Eftir þetta hafi þeir farið heim til Harðar, en Garðar hafi farið eitthvað annað. Heima hjá Herði hafi hann látið sig hafa u.þ.b. 30 gullhringi og beðið sig að koma þeim í verð.

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að kærði, Garðar Garðarsson, hafi haft á brott með sér verulegan hluta þess, sem hvarf í innbrotinu.

Síðdegis í gær var kærði handtekinn á heimili sínu og húsleit framkvæmd. Meðal þess, sem fannst við leitina, er tölvuvog, sem eigandi framangreindrar skartgripaverslunar staðfestir, að horfið hafi í innbrotinu.

Kærði hefur staðfastlega neitað aðild sinni að framangreindum innbrotsþjófnaði.

Eins og fram kemur í rannsóknargögnum málsins, hafa fleiri en einn þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið, borið, að kærði hafi verið einn þeirra, sem frömdu innbrotsþjófnað þann, sem verið er að rannsaka. Fram er komið, að verðmæti þess, sem stolið var, nemur háum fjárhæðum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir óhjákvæmilegt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Brot það, sem kærði er hér grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. september nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 9. september 1991.

Nr. 354/1991: **Hótel Stefanía hf.**

gegn

Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Erlingur Sigtryggsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn kærða úrskurð 1. ágúst sl. Með úrskurðinum synjaði hann beiðni sóknaraðila um frestun úrskurðar um töku bús sóknaraðila til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila.

Sóknaraðili skaut úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 6. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 22. s.m.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Lagaheimild brestur til að kæra úrskurð þennan, sbr. gagnályktun frá j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en 2. tl. sömu mgr. takmarkast af heimildum 1. tl. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 17. september 1991.

Nr. 277 og 278/1991.

Gerpir sf.
gegn
Kristjáni Wendel
og
Kristján Wendel
gegn
Gerpi sf.,
Magnúsi Guðjónssyni
og Ragnari Ingimarssyni.

Kærumál. Mat. Málsforræði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Kærðir eru tveir úrskurðir bæjarþings Reykjavíkur frá 20. júní sl. í bæjarþingsmálinu nr. 993/1990: Gerpir sf. gegn Kristjáni Wendel. Þeir Magnús Guðjónsson og Ragnar Ingimarsson eru dómkvaddir matsmenn í málinu.

I.

Annar úrskurðurinn varðar hæfi matsmanna og skyldur, framkvæmd starfa matsmanna, þóknun til þeirra, hvort þeir hafi metið það, sem meta átti, samkvæmt dómkvaðningu o.fl. Kristján Wendel kærði úrskurðinn þegar hinn 20. júní. Hann krefst þess, að Hæstiréttur breyti úrskurðinum og fallist á ýtrustu kröfur hans í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu Gerpis sf. eru aðeins gerðar kröfur til kærumálskostnaðar, að því er þennan úrskurð varðar.

Matsmennirnir Magnús Guðjónsson og Ragnar Ingimarsson gera þá kröfu, að niðurstaða varðandi 2.,3. og 4. kröfulið í úrskurðinum verði staðfest, að því er þá varðar, og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

II.

Gerpir sf. kærði hinn úrskurðinn þegar 20. júní sl. og Kristján Wendel 27. s.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Aðalmálinu er frestað, þar til niðurstaða Hæstaréttar varðandi kæru Kristjáns Wendels á úrskurðinum um matsgerð á dómskjali nr. 65 liggur fyrir."

Af hálfu Gerpis sf. er þess krafist, að Kristjáni Wendel verði synjað um frekari fresti í aðalmálinu til að afla gagna og undirbúa kröfugerð í gagnsök.

Kristján Wendel krefst þess aðallega, að aðalmálinu verði frestað, þar til endanleg matsgerð liggur fyrir, en til vara, að frestsúrskurður bæjarþingsins verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

III.

Fyrrtalda úrskurðinum fylgja forsendur héraðsdóms. Kröfum Kristjáns Wendels og málavöxtum varðandi ágreining aðila um mat dómkvaddra matsmanna er þar lýst. Matsþáttur málsins er þar tekinn til úrskurðar á grundvelli 143. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Matsbeiðandi, Kristján Wendel, lýsti því yfir á bæjarþingi 3. júní sl., að hann hygðist krefjast endurmats, endurskoðunar á matsgerð eða yfirmats, en hann telur matsmenn ekki hafa metið það, er fyrir þá var lagt. Í matsgerð er hver liður í matsbeiðni reifaður og metinn fyrir sig. Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu matsgerð sína og svöruðu spurningum.

Niðurstaða héraðsdóms er sú, að matsmenn hafi ekki í þar greindum atriðum að fullu farið eftir matsbeiðni. Matsmenn hafa sent Hæstarétti greinargerð og skýrt sín sjónarmið varðandi þessi atriði. Þar kemur fram, að matsmenn telja sig hafa tekið á einstökum matsliðum á þann veg: a) að meta viðgerð á hverjum einstökum lið upptalningar í matsbeiðni, þar sem því varð við komið, b) þar sem viðgerð þótti óraunhæf, en talið, að matsbeiðandi hefði orðið fyrir tjóni, hafi þeir metið afslátt af kaupverði eignarinnar eða skaðabætur, c) þar sem þeir töldu óraunhæft að framkvæma breytingar eða gera við og augljóst, að matsbeiðandi hefði ekki orðið fyrir tjóni, hafi þeir ekki tekið viðkomandi atriði til mats. Síðan skýra þeir afstöðu sína varðandi hvern lið, sem héraðsdómur telur ekki fyllilega metinn. Að fengnum þessum skýringum liggur afstaða þeirra til allra liða matsbeiðninnar fyrir. Koma hin skriflega matsgerð, svör matsmanna á dómþingi, er hún var staðfest, svo og athugasemdirnar, sem síðast greindi, til skoðunar við efnismeð-

ferð málsins. Verða þeir ekki krafðir um frekara mat eða skýringar.

Hvorki Gerpir sf. né matsmenn hafa krafist þess, að hafnað verði kröfu Kristjáns Wendels í 1. lið fyrra úrskurðarins. Þegar höfð er í huga frumkvæðisskylda dómara, að því er gagnaöflun varðar, sbr. 133. gr., 3. mgr., sbr. 140. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936, ber þrátt fyrir kröfugerð hér fyrir dómi að hafna kröfulið þeim, sem nefndur var.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er úrskurður hans varðandi matsgerðina staðfestur að öðru leyti.

IV.

Héraðsdómur hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur fyrir úrlausn sinni um frest til handa Kristjáni Wendel, þar til úrlausn Hæstaréttar varðandi matsgerðina liggur fyrir.

Rétt er að ákveða Kristjáni Wendel frest til 15. október nk. til að leggja fram yfirmatsbeiðni eða gagnkröfu í málinu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Kröfum Kristjáns Wendels varðandi fyrrgreinda matsgerð er hafnað.

Málinu nr. 993/1990 á bæjarþingi Reykjavíkur er frestað til 15. október næstkomandi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í matsbeiðni í máli þessu, sem er óljós á köflum, hefur matsbeiðandinn, Kristján Wendel, farið þess á leit, að metinn verði kostnaður við tilteknar aðgerðir varðandi hina umdeildu íbúð án tillits til þess, hvort telja megi ljóst að svo komnu. að hann eigi lögvarða kröfu um þessar aðgerðir eða rétt til bóta vegna þess ástands íbúðarinnar, sem þær beinast að. Á þetta greinilega við um þá liði matsbeiðninnar, sem héraðsdómur telur matsmenn ekki hafa sinnt eins og um var beðið, og er afstaða matsbeiðanda nægilega skýr, að því

er þá varðar. Skýringar matsmanna varðandi þessa liði sýnast ekki standa því í vegi, að þeir leysi úr beiðninni að þessu leyti, eins og kunnátta þeirra leyfir. Með tilliti til þessa tel ég, að staðfesta beri úrskurð héraðsdóms um matsgerðina með vísan til forsendna hans svo og úrskurðinn um frestun aðalmálsins. Ég er sammála öðrum dómendum um kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 18. september 1991.

Nr. 353/1991. **Steingrímur Elíasson**

gegn

Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili kærði 25. júní sl. til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 11. s.m. Kæruheimild er 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta uppboð á jörðinni Stóra-Hofi fari fram svo fljótt sem verða má. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er ekki tekin afstaða til þessara krafna sóknaraðila, og ekki er gerð krafa til kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili gerði kröfu um það, að uppboð færi fram 15. maí sl. Fór gerðin fram, og var það annað uppboð. Krafist var þriðja uppboðs og ákveðið, að það yrði 11. júní. Áður en til þess kæmi, var bæði fjárnámi því, sem er uppboðsheimild sóknaraðila, og dómnum, sem það byggðist á, svo og uppboðinu 15. maí skotið til Hæstaréttar. Ber því samkvæmt 7. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 að staðfesta hinn kærða úrskurð. Þar sem málskotið varðar uppboðsheimild sóknaraðila sjálfs, skiptir ekki máli, hvort sóknaraðili telst nú uppboðsbeiðandi í skilningi 14. gr. laganna. Um það atriði er þess að geta, að uppboðsmálið er talið nr. 5/1985 í Rangárvallasýslu, en uppboðsheimild sóknaraðila er fjárnám, gert 9. nóvember 1990. Aðrir, sem kunna að eiga hagsmuna að gæta, hafa ekki haft afskipti af ágreiningi málsaðilanna, sem nú deila hér fyrir dómi, og hagsmunir þeirra eru ekki skertir, þó að sá ágreiningur sé til lykta leiddur nú.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður uppboðsréttar Rangárvallasýslu 11. júní 1991.

Í máli þessu, sem hér er til umfjöllunar, stendur deilan um það, hvort áfrýjun uppboðsheimildar Steingríms Elíassonar, dags. 16.11.1990 og byggð er á fjárnámi, dags. 9.11.1990, fresti uppboðsmeðferð á eigninni Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi.

Í 7. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er skýlaust tekið fram, að málskot á uppboðsheimild til æðra dóms fresti uppboði, nema það, er selja á, liggi undir skemmdum eða hætta sé á verðrýrnun o.s.frv.

Í máli þessu liggur ekki fyrir, að neitt þeirra atvika, er greinir í niðurlagi 7. gr. áðurnefndra laga, eigi við, og eigi heldur verður séð, að 2. mgr. 27. gr. margnefndra laga eigi við, og úrskurðast því, að uppboð á Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi, frestast, uns áðurgreint málskot til Hæstaréttar hefur verið til lykta leitt.

Úrskurðarorð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboði á Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi, er frestað, uns lyktir málskots til Hæstaréttar liggja fyrir.

Miðvikudaginn 18. september 1991.

Nr. 31/1991,
83/1991
og 143/1991.

Ákæruvaldið
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Með stefnu, sem út var gefin 18. desember 1990, áfrýjaði ríkissaksóknari til Hæstaréttar dómi sakadóms Gullbringusýslu frá 28. júní sama ár. Var það gert að ósk ákærða, sem hann bar fram á dómþingi, þegar honum var birtur dómurinn 9. júlí.

Með stefnu 6. febrúar 1991 áfrýjaði ríkissaksóknari dómi sakadóms Reykjvíkur 18. janúar sama ár. Var það gert að ósk ákærða, en einnig var áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Loks áfrýjaði ríkissaksóknari 26. mars 1991 dómi sakadóms Gullbringusýslu frá 26. febrúar sama ár. Hafði ákærði óskað áfrýjunar, en ríkissaksóknari áfrýjaði einnig til sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu.

Málin hafa verið sameinuð, og voru þau flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Þess er ekki óskað, að um skaðabótakröfur sé fjallað í Hæstarétti. Bótaákvæði héraðsdómanna koma því ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu dóma um annað en refsingu ákærða. Eftir að hinn síðasti þeirra var upp kveðinn 26. febrúar sl., var ákærði fundinn sekur um fjársvik með dómi sakadóms Gullbringusýslu 25. mars, en ekki gerð sérstök refsing. Hinn 13. þ.m. féll í sakadómi Keflavíkur dómur, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir fjársvik og gert að sæta fangelsi í 45 daga. Líta ber til 71., 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar refsing ákærða er ákveðin, og þykir hún hæfileg 20 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi 20 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eru staðfest, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málanna, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000,krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 28. júní 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 28. júní, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er á skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90.0294: Ákæruvaldið gegn Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið var höfðað á hendur Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Seljavogi 2, Höfnum, kt. 271052-3249:

A. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 13. mars 1990, „fyrir að hafa laugardaginn 8. apríl 1989 stolið sjónvarpstæki og hljómflutningstækjum að Seljavogi 2 í Höfnum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

B. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 30. mars 1990, „fyrir skjalafals og fjársvik með því að nota í febrúar 1990 stolið vísa-greiðslukort nr. 4548 9000 0004 6203 í eigu og með nafnritun Þorbergs Steins Leifssonar og um leið falsað nafn þess manns á eftirtaldar 5 sölunótur, sem ákærði notaði til að greiða fyrir vörur og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 7299034, kr. 6.250, dagsett 17. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Bæjarleiðum.

2. Nr. 0225490, kr. 1.678, dagsett sama dag. Greiddar vörur í Kaffivagninum á Grandagarði.

3. Nr. 0225492, kr. 1.318, dagsett sama dag. Sama notkun.

4. Nr. 3915202, kr. 740, dagsett 16. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Bæjarleiðum.

5. Nr. 4528260, kr. 515, dagsett 17. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Hreyfli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

C. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 18. júní 1990, „fyrir eftirtalin brot, framin í Reykjavík í febrúar 1990:

I. Þjófnaður.

Sunnudaginn 25. febrúar stolið veski af manni í Austurstræti við hús nr. 7-9, en í veskinu voru tékkhefti á reikninga við Landsbanka Íslands, aðalbanka, og Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, auk tveggja annarra tékkhefta, þriggja bankakorta og skilríkja.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Tékkafals.

Í framhaldi af þessu notað í viðskiptum eftirtalda 5 falstékka á eyðublöðum úr framangreindum tékkheftum, og fékk ákærði einhverja unglinga til að aðstoða sig við fölsunina. Eru tékkarnir allir til handhafa, Landsbankatékkarnir með nafni útgefanda, Jónas Sigurðsson, og reikningsnúmeri 1429, en sparisjóðstékkinn með nafni útgefanda, Gunnar Sigurðsson, og reikningsnúmeri 3412:

A. Landsbankatékkar.

1. Nr. 2032184, kr. 6.000, dagsettur 26. febrúar. Notaður í veitingahúsinu Svörtu pönnunni, Hafnarstræti 17.

2. Nr. 2032186, kr. 6.000, dagsettur 27. febrúar. Notaður til að greiða fyrir akstur í leigubíl, og er tékkinn framseldur af kunningja ákærða, Georg Heiðari Eyjólfssyni.

3. Nr. 2032187, kr. 6.000, dagsettur 26. febrúar. Notaður í matvöruverslun við Baldursgötu. Á tékkanum er falsað framsal, Sandra Hugadóttir.

4. Nr. 2032192, kr. 6.000, dagsettur 27. febrúar. Notaður í Laugavegsapóteki, Laugavegi 11. Á tékkann er falsað sama nafn framseljanda.

B. Sparisjóðstékki.

5. Nr. 4394793, kr. 5.000, dagsettur 22. febrúar. Notaður í veitingastað að Laugavegi 116. Á tékkann er falsað sama nafn framseljanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

II.

A. Þriðjudaginn 11. apríl 1989 óskaði Guðrún Kalmannsdóttir, Seljavogi 2, Höfnum, eftir aðstoð lögreglu vegna þjófnaðar á sjónvarpi og hljómflutningstækjum af heimili sínu, en þá var hún nýkomin heim eftir vikufjarveru. Guðrún er móðursystir Ólafs, og sagði hún við skýrslutöku hjá lögreglu, að Ólafur byggi hjá sér og að hún grunaði hann um þjófnaðinn.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi tekið leigubíl laugardaginn 8. apríl 1989 frá Reykjavík að Seljavogi 2, Höfnum. Taldi hann bílinn frá leigubílastöðinni Hreyfli. Þar sem hann var peningalaus og leigubílstjórinn hótaði að færa hann á lögreglustöðina, ef hann borgaði ekki, bauð hann leigubílstjóranum sjónvarp og hljómflutningstæki móðursystur sinnar sem greiðslu fyrir ferðina og vildi jafnframt fá kr. 20.000 í milligreiðslu. Ákærði kvað leigubílstjórann hafa tekið boðinu með kr. 10.000 í milligjöf. Bílstjórinn hefur ekki fundist þrátt fyrir leit lögreglu.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru þessari. Varðar framangreind háttsemi við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

B. Hinn 17. febrúar 1990 tilkynnti greiðslukortafyrirtækið VÍSA-Ísland til lögreglunnar í Keflavík, að leigubílstjóri væri staddur við Ósland í Höfnum, en þar hefði farþegi framvísað stolnu greiðslukorti. Lögreglumenn knúðu dyra að Óslandi, og kom ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, til dyra og viðurkenndi að hafa komið með umræddri leigubifreið skömmu áður frá Reykjavík. Afhenti ákærði lögreglumönnunum svo vísagreiðslukort, sem hann kvaðst hafa notað til að greiða fyrir aksturinn. Í framhaldi af þessu var ákærði færður á lögreglustöðina.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi stolið greiðslukorti af manni, sem var ofurölvi á skemmtistaðnum Hótel Borg 15. febrúar 1990. Sagði hann, að maðurinn hefði legið milli svefns og vöku uppi í sófa, og sá ákærði, að veski mannsins stóð upp úr vasa hans. Ákærði tók veskið og hvarf af skemmtistaðnum skömmu síðar. Hann henti veskinu, en tók áður úr því tékkhefti, bankakort og vísa-greiðslukort. Hann kvað enga peninga hafa verið í veskinu. Ákærði sagðist hafa notað greiðslukortið tvisvar til þrisvar fyrir leigubílum í „innanbæjarskutl", og hefði það allt verið smáar upphæðir, en stærsta upphæðin hefði verið fyrir akstur í leigubíl frá Reykjavík í Hafnirnar. Fimm greiðslukortanótur liggja nú fyrir, sem Ólafur Kalmann Hafsteinsson notaði til að greiða fyrir leigubílaakstur o.fl., eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði kannaðist við að hafa ritað undir fjórar þeirra, en eina þeirra stafina ÞBEKK, en ekki nafnið, sem á eftir kom.

Verður því að telja sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi notað stolið greiðslukort og falsað nafnritun eiganda á

fimm sölunótur. Telst háttsemi þessi eingöngu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en sú grein tæmir sök gagnvart 248. gr. sömu laga.

C.

I. Þjófnaður.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990 kærði Jónas Sigurðsson til rannsóknarlögreglu ríkisins þjófnað á seðlaveski sínu, sem hafði átt sér stað sunnudaginn 25. febrúar 1990. Hafði hann Ólaf Kalmann Hafsteinsson grunaðan um þjófnaðinn. Jónas gat ekki skýrt nákvæmlega frá málsatvikum, þar sem hann var mjög ölvaður, þegar þjófnaðurinn var framinn.

Ákærði, Ólafur Kalmann, hefur skýrt svo frá, að umræddan sunnudag hafi hann verið staddur á hádegisbarnum á Hótel Borg. Þá veitti hann athygli áberandi ölvuðum manni og sá, að hann hafði talsvert af ávísunum og kortum í veski sínu. Jafnframt tók hann eftir konu, sem var að „tuska manninn til". Ólafur hafði hug á að koma höndum yfir veski mannsins, og elti hann mann þennan svo og karl og konu, sem fóru ásamt manninum út af Hótel Borg. Þegar fólkið var komið nálægt „Hallærisplaninu", féll maðurinn í götuna, og notaði ákærði þá tækifærið og sótti veskið í innri jakkavasa hans. Konan mótmælti þessu, en hann sinnti því eigi.

Telja verður sannað samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæru. Varðar framangreint brot við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Tékkafals.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi fljótlega eftir þjófnaðinn hafist handa um að verða sér úti um fjármuni með því að láta útbúa tékka úr tékkheftum mannsins. Fór hann með tékkheftin á Hlemm og fékk sér til hjálpar unglinga, sem hann vissi engin deili á, til að falsa tékkana og skipta þeim gegn greiðslu. Ólafur fékk hjálp við fölsunina, þar sem skriftarkunnátta hans er lítil. Hann kvaðst ekki muna, hversu marga tékka hann lét falsa.

Telja verður sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gafin að sök í þessum kafla ákæru. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

D.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og sakavottorði hans hæfilega ákveðin fangelsi í níu nánuði.

— — —

Með hliðsjón af 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi í níu mánuði.

— — —

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21-22/1991: Ákæruvaldið gegn X og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. desember 1990, á hendur ákærðu, „X [.....] og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Seljavogi 2, Höfnum, Gullbringusýslu, fæddum 27. október 1952, fæðingarnúmer 324, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík á árinu 1990:

I. Ólögmæt meðferð á fundnu fé.

Ákærða X er einum gefið að sök að hafa að kvöldi fimmtudagsins 21. júní kastað eign sinni á seðlaveski, sem ákærði fann í Austurstræti við Íslandsbanka, en í veskinu var vísa-greiðslukort, ökuskírteini og nótur.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Skjalafals og fjársvik.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í framhaldi af þessu notað í heimildarleysi greiðslukortið, sem er nr. 4548 9000 0030 6961, í eigu og með nafnritun Örlygs Ólafssonar, og um leið falsaði ákærði X undirskrift þess manns undir eftirtaldar sölunótur, sem ákærðu notuðu sem greiðslu á vörum, veitingum og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 9789806, kr. 4.600, dagsett 22. júní. Greitt fyrir vörur í Skómarkaðnum, Hverfisgötu 89.

2. Nr. 9789807, kr. 1.745, dagsett sama dag. Sama notkun.

3. Nr. 5770348, kr. 1.980, dagsett 21. júní. Greitt fyrir veitingar í Hard Rock Café, Kringlunni 8-12.

4. Nr. 3366661, kr. 960, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Ölkjallaranum, Pósthússtræti 17.

5. Nr. 3366658, kr. 960, dagsett sama dag. Sama notkun.

6. Nr. 8562584, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í bíl frá Hreyfli.

7. Nr. 7208952, kr. 595, dagsett 22. júní. Greitt fyrir akstur í bíl frá Bæjarleiðum.

8. Nr. 2693560, kr. 548, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í Matvörubúðinni Grímsbæ, Efstalandi 26.

9. Nr. 8562585, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í bíl frá Hreyfli.

10. Nr. 5918136, kr. 1.660, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í verslun-inni Nóatúnum, Nóatúni 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

III. Tékkafals.

Ákærða Ólafi Kalmanni er einum gefið að sök að hafa 9. júlí notað í Versluninni Austurstræti 17 og framselt eigin nafni, er ákærði keypti þar vörur, falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 7.500, á stolnu eyðublaði nr. 0113144 úr tékkhefti frá Sparisjóði Reykdæla, Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu, en tékkann hafði ákærði sjálfur falsað með nafni útgefanda, Guðmundur Hafsteinsson, og reikningsnúmeri 1236. Tékkinn er til handhafa, dagsettur 9. júlí 1990.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

I. Ákærði X hefur viðurkennt að hafa slegið eign sinni á seðlaveski ásamt því innihaldi, sem í ákærunni greinir. Hefur hann með þessu orðið brotlegur við 246. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa staðið saman að því að nota greiðslukort annars manns, eins og lýst er í ákæru, og í því sambandi látið úti falsaðar sölunótur. Er viðskiptunum rétt lýst í ákæru. Hafa þeir með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sem þykir tæma sök í þessu tilviki.

— — —

III. Ákærði Ólafur Kalmann hefur viðurkennt að hafa selt þann falsaða tékka, sem ákært er fyrir. Kveðst hann hafa fengið annan mann til þess að útfylla tékkann, en sjálfur hafi hann notað tékkann í Versluninni Austurstræti 17. Hefur ákærði með þessu orðið brotlegur við 1. mgr. 155.

gr. almennra hegningarlaga. Að kröfu verslunarinnar ber að dæma ákærða til þess að greiða 7.500 krónur í bætur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 20. júlí 1990 til greiðsludags.

Viðurlög.

— — —

Ákærði Ólafur Kalmann hefur til þessa verið dæmdur tólf sinnum, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður átta sinnum fyrir ýmis brot. Refsing ákærða nú er að hluta til hegningarauki við níu mánaða fangelsisdóm. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærðu, X og Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti hvor um sig fangelsi í sex mánuði.

— — —

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 26. febrúar 1991.

Mál þetta var höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara, dags. 15. október og 9. nóvember 1990, og dómtekið fyrr í dag. Ákærði er Ólafur Kalmann Hafsteinsson, kt. 271052-3249, með lögheimili að Seljavogi 2 í Höfnum.

Í fyrri ákæru eru honum gefin að sök „.... skjalafals og fjársvik með því að hafa í júní 1990 í Reykjavík notað í heimildarleysi eurocard-greiðslukort nr. 5414 8300 1859 2112 í eigu og með nafnritun Gísla Ólafssonar og um leið falsað undirskrift þess manns á eftirtaldar 28 sölunótur, sem ákærði notaði sem greiðslu á vörum, veitingum og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 6242994, kr. 400, dagsett 13. júní. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Hreyfli.

2. Nr. 5344029, kr. 320, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.

3. Nr. 3421954, kr. 500, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Sportklúbbnum, Borgartúni 32.

4. Nr. 3421955, kr. 470, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.

5. Nr. 3421956, kr. 560, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.

6. Nr. 7336688, kr. 1.220, dagsett 15. júní. Greitt fyrir veitingar í Tunglinu við Lækjargötu.

7. Nr. 4642462, kr. 530, dags. sama dag. Greitt ökugjald.

8. Nr. 6088416, kr. 640, dags. sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Hreyfli.

9. Nr. 7056563, kr. 600, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Risinu, Borgartúni 32.

10. Nr. 7876292, kr. 570, dagsett sama dag. Sama og 6. tl.

11. Nr. 7820357, kr. 6.000, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Snarlhúsinu Kabarett, Austurstræti 4.

12. Nr. 6329971, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir aðgöngumiða á dansleik í Tunglinu við Lækjargötu.

13. Nr. 3421959, kr. 1.310, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.

14. Nr. 3421961, kr. 1.070, dagsett sama dag. Sama og 9. tl.

15. Nr. 7056564, kr. 300, dagsett sama dag. Sama og 9. tl.

16. Nr. 8844942, kr. 4.560, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í söluturninum Efstalandi 26.

17. Nr. 5319031, kr. 2.500, dagsett 16. júní. Greitt til leigubílstjóra fyrir akstur o.fl.

18. Nr. 7105919, kr. 390, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.

19. Nr. 7876294, kr. 720, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.

20. Nr. 7876293, kr. 2.000, dagsett sama dag. Sama og 6. tl.

21. Nr. 7501217, kr. 850, dagsett 14. júní. Greitt fyrir veitingar í Duushúsi, Aðalstræti 4.

22. Nr. 7501218, kr. 480, dagsett sama dag. Sama og 21. tl.

23. Nr. 8380890, kr. 490, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Fógetanum, Aðalstræti 10.

24. Nr. 7667307, kr. 430, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í söluturninum Texas, Veltusundi 3.

25. Nr. 6112025, kr. 990, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá BSR.

26. Nr. 7820361, kr. 700, dagsett sama dag. Sama og 11. tl.

27. Nr. 7820360, kr. 3.375, dagsett sama dag. Sama og 11. tl.

28. Nr. 1576169, kr. 1.550, dagsett 15. júní. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum".

Í síðari ákæru er ákærði talinn hafa gerst sekur um „..... þjófnað með því að hafa þriðjudaginn 26. júní 1990 stolið peningaveski frá Albert Har-

aldssyni, kt. 041063-5489, á Hressingarskálanum í Austurstræti í Reykjavík, en í veskinu voru meðal annars um 1.000 krónur".

Í fyrri ákæru eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í hinni síðari við 244. gr. almennra hegningarlaga. Í báðum ákærum er krafist refsingar ákærða og greiðslu alls sakarkostnaðar úr hans hendi. Þá er í fyrri ákæru áskilnaður um bótakröfur, komi þær fram. Mál skv. ákærum þessum voru sameinuð.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi játað brot þau öll, sem talin eru í ákærunum, að því undanskildu, að hann hefur fyrir dómi haldið því fram, að engir peningar hafi verið í seðlaveskinu, er síðari ákæra lýtur að. Að athuguðu máli verður að telja, að eigi sé fram komin full sönnun þess, að peningar hafi verið í veskinu. Taka veskisins varðar, hvað sem þessu líður, við 244. gr. almennra hegningarlaga. Varðandi fyrri ákæru verður að telja, að 1. mgr. 155. gr. tæmi sök gagnvart 248. gr., og verður ákærða því eigi dæmd refsing skv. síðastnefndu ákvæði.

Skv. framlögðu sakavottorði hefur ákærði sætt þessum refsingum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir 12 refsidómar frá árunum 1981 til 1990, hinn síðasti 28. júní 1990 (níu mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik).]

Svo sem sjá má af sakavottorði ákærða, er hann vanaafbrotamaður. Frá upphafi hefur honum verið ákvörðuð óskilorðsbundin refsivist í samanlagt nærfellt þrjú og hálft ár. Ákvarða verður honum nú hegningarauka við dóminn frá 28. júní sl. Sýnist að öllu athuguðu og með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga rétt að gera ákærða nú fangelsi þrjá mánuði. Þá verður að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar. Engar bótakröfur hafa verið hafðar uppi í máli þessu.

Með umboðsskrá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. janúar sl., var Jóni Finnbjörnssyni, settum héraðsdómara á Keflavíkurflugvelli, falin meðferð máls þessa, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi þrjá mánuði og greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 380/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Eddie R. Woodfin.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. september sl., sem barst Hæstarétti 17. s.m.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Greinargerð ákæruvaldsins barst Hæstarétti 18. september sl. Greinargerðinni fylgdu frekari skýrslur um rannsókn málsins. Þær skýrslur styrkja fremur þann grun, sem er tilefni rannsóknarinnar. Með vísan til þess og annars með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 16. september 1991.

Rannsóknarlögreglan á Keflavíkurflugvelli hefur krafist þess, að Eddie R. Woodfin varnarliðsmaður, fæddur 4. apríl 1953, í Toledo í Ohio-fylki í Bandaríkjunum, verði látinn sæta gæsluvarðhaldi í allt að átta daga.

Kærði, Woodfin, var handtekinn við komu til landsins í morgun, en hann er ásamt tveimur öðrum undir grun um að hafa aðfaranótt mánudagsins 9. september nauðgað X í herbergi 221 í byggingu 762 á Keflavíkurflugvelli. Hinum grunuðu, James Earl Roberson og Christopher Andre Jackson, var gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að tíu daga með úrskurðum sl. föstudag.

Nefnd X hefur í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu skýrt frá því,

að hún hafi ásamt vinkonu sinni komið í ofannefnt herbergi um kvöldið 8. september. Vinkona sín hafi farið um miðnætti, en hún ekki viljað fara þá strax. Segir hún, að allt í einu hafi Roberson haldið henni aftan frá og Jackson og Woodfin fært hana úr stuttbuxum og nærbuxum og nauðgað henni báðir. Telur hún, að þetta hafi gerst á milli kl. 1 og 3.00.

Kærðu hafa allir neitað sök. Framburður X styðst hins vegar við vottorð yfirlæknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja, en þangað leitaði hún aðfaranótt sl. þriðjudags. Segir í vottorði læknisins, að mjög líklegt sé, að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Rannsókn máls þessa er vart af frumstigi, en hún beinist fyrst og fremst að meintu broti gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Má telja, að í þágu rannsóknar málsins sé það brýn nauðsyn, að kærðu verði meinað að ræða sín á milli svo og við vitni í málinu. Þykir því með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 verða að úrskurða kærða, Eddie R. Woodfin, til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að fjóra sólarhringa.

Úrskurðarorð:

Eddie R. Woodfin skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 17.00 nk. föstudag 20. september.

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 366/1991: **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kjartani Stefánssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1991. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu eftir útgáfu ákæru verði úr gildi felld og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Verjandi ákærða fellst á kröfur ákæruvalds.

Lögreglan í Austur-Skaftafellssýslu hóf frumrannsókn máls þessa 27. febrúar 1987. Ákæra í málinu var gefin út 27. apríl 1987, og var hún birt ákærða í sakadómi Reykjavíkur 29. september 1988. Páll Björnsson, sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm 31. mars 1989, en hann fer jafnframt með lögreglustjórn þar. Dómurinn var birtur af fulltrúa sýslumanns Húnvetninga á Skagaströnd 8. febrúar 1991. Fram kemur í gögnum málsins að ákærði hefur oft brugðið dvalarstað, og mun það vera ástæða þess, hve málsmeðferð hefur dregist.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að taka kröfu ákæruvaldsins, sem ákærði hefur fallist á, til greina, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu eftir útgáfu ákæru eru felld úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Austur-Skaftafellssýslu 31. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. apríl 1987, á hendur Kjartani Stefánssyni, verbúðinni Ásgarði, Höfn, fæddum á Akureyri 6. október 1944, fyrir að aka 27. febrúar 1987, sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni Y-11477, án skráningarmerkja og óskoðaðri síðan 1984, um götur á Höfn.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr., 18. gr. og 19. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar brot ákærða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr., 18. gr. og 19. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, er svara til 59. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 63. gr. og 67. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ber nú að dæma brotið eftir umferðarlögum nr. 50, 1987.

— — —

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Í ákæru er krafa gerð um sviptingu ökuleyfis, en ákærði er eigi sakaður um brot, sem varði slíkri sviptingu, auk þess sem ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Lárusar Bjarnasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.

Meðferð máls þessa hefur dregist vegna þess, hve erfiðlega gekk að hafa uppi á ákærða til að birta honum ákæruna.

Dóm þennan kvað upp Páll Björnsson sýslumaður.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Stefánsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Lárusar Bjarnasonar hdl., kr. 20.000, greiði ákærði að fullu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 317/1990. **Svavar Jensson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Birni Sigurðssyni
(Jón Ingólfsson hrl.).

Innsetningargerð. Sameign. Búfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að sér verði með innsetningargerð fengin umráð hestsins Dalvars og stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfu sína um innsetningu í máli þessu reisir áfrýjandi á því, að hann hafi verið eigandi Dalvars að hálfu á móti Hróðmari Bjarnasyni, en stefndi leiðir rétt sinn og umráð frá honum. Í málinu hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að þessi eignarhlutdeild veiti honum ótvíræðan rétt til að fá vörslur hestsins, jafnvel þótt hún væri óvefengd. Brestur því skilyrði til að beita innsetningargerð, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svavar Jensson, greiði stefnda, Birni Sigurðssyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 28. maí 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. maí sl.

Gerðarbeiðandi er Svavar Jensson bóndi, Hrappsstöðum, Dalasýslu.

Gerðarþoli er Björn Sigurðsson útibússtjóri, Þrúðvangi 7, Hellu.

Gerðarbeiðandi hefur með beiðni, dags. 15. sept. 1989, farið fram á aðstoð fógetaréttarins til innsetningar í umráð hestsins Dalvars, eftir því sem fram kemur í gerðarbeiðni. Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar skv. taxta Lögmannafélags Íslands auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun skv. lögum nr. 50/1988 og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti 15 dögum eftir uppsögu úrskurðar.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu innsetningargerð og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnaðinn, sbr. lög nr. 50/1988.

I.

Málsatvik eru þessi helst:

Þann 3. ágúst 1989 mun Hróðmar Bjarnason hafa selt gerðarþola hestinn Dalvar. Þann 14. sama mánaðar mun gerðarbeiðandi hafa sent gerðarþola símskeyti, dómskjal nr. 4, í hverju hann kveðst vera eigandi ofangreinds hests að hálfu á móti Hróðmari Bjarnasyni, sem ekki hafi haft sitt leyfi til sölu hestsins, og krefst þess að fá hestinn afhentan sér. Þessu sinnti gerðarþoli ekki, og af því er mál þetta risið.

Gerðarbeiðandi byggir mál sitt á því, að eignarréttur sinn að hestinum Dalvari sé ótvíræður. Þeir Hróðmar Bjarnason hafi gert um það samkomulag, strax og folaldið, sem hlaut nafnið Dalvar, fæddist, að það skyldi vera sameign þeirra. Skyldi gerðarbeiðandi sjá um hestinn fram að tamningu, hvað hann hafi gert, en Hróðmar þá taka við honum og sjá um tamningu. Gerðarbeiðandi heldur því fram með vísan í ofangreint samkomulag og gögn, sem hann hefur lagt fram, m.a. bréf frá Hróðmari til sín, dómskj. nr. 3, þar sem Hróðmar talar um „okkar sameiginlegu eign..“, að eignarréttur sinn að hestinum sé ótvíræður, og þar sem um slíka sameign sé að ræða, geti Hróðmar sem annar sameigenda ekki ráðstafað hestinum, svo að bindandi sé fyrir sig, án samráðs og heimildar frá sér, og kaupandi, þó að grandlaus sé, geti engan rétt byggt á slíkum kaupsamningi, enda hafi Hróðmar selt hestinn sem slíkan, en ekki bara sinn hlut. Af þessum sökum sé krafist innsetningar.

Gerðarþoli hefur hafnað kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu og byggir það á því, að eignarréttur hans í nefndum hesti sé engan veginn ótvíræður, þrátt fyrir það að í upphafi hafi verið samkomulag milli Hróðmars og gerðarbeiðanda um, hversu uppeldi hrossins og tamningu skyldi háttað, enda þá álitið, að um væri að ræða væntanlegan verðlaunastóðhest. Þær forsendur hafi breyst og klárinn ekki staðið undir væntingum, og því hafi

verið ákveðið að selja hann og í því sambandi rætt m.a. um sölu til Svíþjóðar, sbr. skýrslu Hróðmars á dómskj. nr. 13. Gerðarþoli heldur því þannig fram, að Hróðmar Bjarnason hafi haft fulla heimild til sölunnar, m.a. vegna kostnaðar, sem á væri fallinn, og brostinnar væntingar varðandi hestinn. Gerðarþoli heldur því enn fremur fram, að Hróðmar hafi, er hann seldi hestinn, komið fram sem eigandi hans og vörslumaður, og hafi gerðarþoli verið grandlaus um annað og keypt hestinn í góðri trú og fengið vörslur hans. Gerðarþoli heldur því þannig fram, að þar sem eignarréttur gerðarbeiðanda sé slíkum vafa háður, þá hljóti hann að þurfa að reka slíkt mál fyrir almennum dómstólum, þar sem menn setja fram kröfur sínar og sönnunarfærsla fer fram með venjulegum hætti; innsetningargerð geti ekki byggst á óvissum rétti eins og í máli þessu.

II.

Kröfu gerðarbeiðanda verður að skilja svo, að Hróðmar Bjarnason hafi ekki mátt selja gerðarþola hestinn Dalvar, þar sem hann, gerðarbeiðandi, hafi átt 50% í honum og sameign sem þessari verði ekki ráðstafað með sölu til þriðja aðila nema með samþykki beggja sameigenda, og að gerðarþoli verði því að þola innsetningu í umráð hestsins vegna vanheimildar Hróðmars.

Eins og mál þetta liggur fyrir og skjöl þess bera með sér, er sýnt, að einhvers konar munnlegt samkomulag milli Hróðmars Bjarnasonar og gerðarbeiðanda hefur í upphafi verið gert um hestinn Dalvar. Gerðarþoli hefur haldið því fram, að sala hafi verið ákveðin og framkvæmd m.a. vegna þess, að ákveðnar vonir, sem bundnar voru við hestinn, hafi brostið, sem og, að kostnaður hafi verið á fallinn, og því hafi verið ákveðið að selja hestinn. Gerðarþoli hefur mótmælt þessu sem og lagt fram reikninga af sinni hálfu um áfallinn kostnað.

Það er almenn regla, að sá, sem heldur fram staðhæfingu gegn mótmælum gagnaðila, beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Slík sönnunarfærsla á ekki heima í fógetaréttinum, m.ö.o. ágreiningur gerðarbeiðanda og Hróðmars Bjarnasonar um, hvert var inntak eignarréttar þeirra yfir hestinum Dalvari, á ekki heima í fógetaréttinum, heldur fyrir hinum almennu dómstólum, þar sem aðilar setja fram kröfur og færa sönnur á sitt mál á venjulegan hátt.

Í málinu hefur ekki heldur verið í ljós leitt, hvernig vörslum hestsins skyldi háttað á þeim tíma, er sala hans fór fram, eða hvort á þeim væru takmarkanir. Gerðarþoli keypti hestinn Dalvar í góðri trú af Hróðmari Bjarnasyni, sem kom fram sem eigandi og vörslumaður hestsins, og greiddi honum kaupverðið, og afhenti Hróðmar honum vörslur hestsins.

Enda þótt leitt hefði verið í ljós, að um ótvíræðan eignarrétt gerðarbeið-

anda hefði verið að ræða, þá hefði gerðarþoli allt að einu öðlast hlut Hróðmars, enda greiddi hann kaupverðið í grandleysi og fékk vörslur hestsins, en ekkert hefur verið í ljós leitt um takmarkanir á vörslum hans og ekki í hlutverki fógetaréttar að ákveða, hvor sameigenda umfram hinn skuli hafa þær.

Samkvæmt öllu framangreindu þykir verða að hafna fram kominni kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í umráð hestsins Dalvars.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Jóhann Hauksson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna innsetningargerð nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. september 1991.

Nr. 381/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. september 1991. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur enn yfir á innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5 í Reykjavík, aðfaranótt 29. ágúst sl., þar sem miklum verðmætum var stolið. Aðeins hluti þýfisins hefur fundist. Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að máli þessu. Með hliðsjón af þessu og með vísan til 1.tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 18. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 30. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

— — —

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að kærði hafi verið einn þeirra, sem framdi innbrotsþjófnaðinn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar. Verulegur hluti þýfisins er ófundinn, og er verðmæti þess verulegt. Þá hefur komið fram við rannsókn málsins rökstuddur grunur um aðild kærða að innbroti í teikni- og lögfræðiskrifstofu við Garðastræti 17, Reykjavík.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Af sakavottorði kærða má sjá, að afbrotaferill hans er langur og samfelldur, og hefur hann frá árinu 1981 hlotið samtals 16 refsidóma. Þá hefur kærði nýverið hlotið reynslulausn. Þykir vera veruleg hætta á því, að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er nú látinn laus úr gæsluvarðahaldi, þar sem sýnt þykir, að kærði eigi erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti.

Með vísan til alls framaritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 23. september 1991.

Nr. 313/1989. **Níels Ársælsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Seifi h/f
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Samningar. Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán M. Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1989. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Upplýst er í málinu, að áfrýjandi merkti a.m.k. hluta af þeim fiskkössum, sem hann fékk hjá stefnda, einkafyrirtæki sínu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann. Dráttarvextir verða dæmdir eins og greinir í dómsorði, en upphafstími þeirra skal vera 25. febrúar 1988.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Níels Ársælsson, greiði stefnda, Seifi h/f, 399.225 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. febrúar 1988 til greiðsludags og 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., höfðaði Jónatan Sveinsson hrl. f.h. Seifs hf., Grandagarði 13, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

með stefnu, birtri 10. maí 1988, gegn Níelsi Ársælssyni, Hamraborg, Tálknafirði, dvalarstaður Neðstaleiti 8, Reykjavík, persónulega og f.h. einkafirma hans, Íshafs, Hamraborg, Tálknafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 459.225 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnaðar].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaður beri vexti skv. einkamálalögum.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Í stefnu segir, að stefnandi reki umboðs- og heildverslun auk útflutnings á sjávarafurðum í Reykjavík. Hann og stefndi hafi átt saman veruleg viðskipti á árinu 1985. Stefndi, sem reki útgerð og fiskvinnslu á Tálknafirði, hafi falið stefnanda að annast fyrir sig sölu á ferskum fiski til Bretlands. Auk þeirra viðskipta hafi stefndi keypt ýmsar rekstrarvörur hjá stefnanda, þ. á m. veiðarfæri. Haustið 1985 hafi orðið að samkomulagi á milli stefnanda og stefnda, að stefnandi útvegaði stefnda 1500 fiskkassa, 70 lítra, frá fyrirtækinu Plasteinangrun hf. á Akureyri. Upphaflega hafi verið áformað, að viðskipti þessi yrðu stíluð beint á stefnda af hálfu Plasteinangrunar hf. Þetta hafi þó farið á þann veg, að stefnandi hafi verið skuldaður fyrir þessari úttekt hjá Plasteinangrun hf., og hafi staðið til, að stefndi greiddi kassana, m.a. með andvirði ferskfisks, sem stefnandi tæki að sér að selja á Bretlandsmarkaði. Stefnda hafi verið sendir allir kassarnir til Tálknafjarðar, og hafi hann notað kassana þar við fiskverkun sína, m.a. hafi stefndi notað kassana til að ísa í þá fisk, sem hann sendi á Bretlandsmarkað. Undir lok árs 1986 hafi slitnað upp úr viðskiptum stefnanda og stefnda. Þá hafi mál staðið þannig, að því er varðar fyrrgreinda kassa, að stefndi hafði ekkert greitt inn á kassareikninginn, sem nam kr. 660.000, auk þess sem stefnandi hafi þá átt inni verulegar fjárhæðir hjá stefnda vegna fyrirframgreiðslu upp í væntanlegan fisk til útflutnings.

Stefnandi hafi greitt til Plasteinangrunar hf., Akureyri, andvirði þessara 1500 kassa þegar eftir afhendingu þeirra og hafi, eftir að upp úr viðskiptum aðila slitnaði, margreynt að fá hann til að greiða skuldina, en án árangurs.

Lagarök og kröfugerð stefnanda.

Um lagarök er af hálfu stefnanda vísað til almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar. Um eindaga krafna af þessu tagi er vísað til 12. gr.

l. nr. 39/1922, sbr. og 28. gr. sömu laga. Til rökstuðnings vaxtakröfu er vísað til l. nr. 25/1987.

Stefnukrafan er grundvölluð á reikningi nr. 880223/dags. 25. febrúar 1988, að fjárhæð kr. 660.000. Reikningurinn ber með sér, að hann sé ekki gerður endanlega fyrr en í febrúar 1988, en á hann rituð athugasemd um það, að vörurnar hafi verið afhentar í september til október 1985. Til frádráttar reikningsfjárhæðinni sé viðurkenndur reikningur frá stefnda til stefnanda nr. 24, dags. 1. des. 1987, vegna 405 kassa, sem skiluðu sér ekki vegna fisksölu á vegum stefnanda fyrir stefnda í febrúar 1987, en skv. venjum í þeim samböndum beri stefnandi ábyrgð á því, að sami fjöldi kassa og stefnandi setti í gáma bærust stefnda að nýju, en svo muni ekki hafa orðið. Reikningur þessi nemi kr. 200.775. Þegar hann er dreginn frá upphaflegum reikningi, kemur út fjárhæð dómkröfu stefnanda, kr. 459.225.

Málsástæður stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi og stefnandi hafi verið í viðskiptum um fisk, sem stefnandi hafi selt fyrir stefnda. Hafi viðskipti þessi verið talsverð. Stefnandi hafi látið stefnda fá til afnota fiskkassa. Hvernig stefnandi útvegaði kassana, hafi verið stefnda óviðkomandi, enda ekki eigandi kassanna. Stefndi hafi aldrei tekið að sér að greiða fyrir kassana, enda hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn þar að lútandi.

Verði ekki fallist á aðalkröfu, er því haldið fram, að stefnandi geti aðeins krafið stefnda um hluta kassaverðsins og aldrei meira en um helming þess, en til frádráttar eigi að koma þeir kassar, sem stefndi hafi þegar skilað stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hefði fengið fiskkassa til afnota frá stefnanda. Á þessum tíma hafi fiskútflytjendur lagt til fiskkassa, og séu þessir kassar stefnda óviðkomandi. Þeir hafi að vísu verið í vörslu stefnda, þegar viðskiptunum lauk. Kassarnir hafi verið ómerktir og ekki óeðlilegt, að stefndi hafi merkt þá. Stefnandi eigi ekki rétt á hærra verði fyrir kassana en hann greiddi fyrir þá skv. dskj. 8 og geti ekki krafið um vexti fyrr en frá stefnubirtingardegi.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnanda, Rafn Haraldsson, skrifstofustjóri stefnanda, og stefndi.

Eins og að framan greinir, er viðurkennt af hálfu stefnda, að stefndi hafi fengið til afnota fiskkassa frá stefnanda og hvorki greitt kassana né fyrir afnotin af kössunum. Þar sem stefndi hefur hvorki sýnt fram á, að venja sé, að fiskútflytjendur láti í té fiskkassa án endurgjalds, né með

öðrum hætti sýnt fram á, að honum beri ekki að greiða fiskkassana, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði þeirra. Við niðurstöðu málsins verður lögð til grundvallar fjárhæð reiknings Plasteinangrunar hf. á stefnanda, dskj. 8, dags. 20. ágúst 1985, kr. 600.000, en ekki fjárhæð reiknings frá stefnanda, kr. 660.000, enda bar Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hér fyrir dómi, að stefnandi legði ekkert á þessa kassa.

Stefndi hefur hvorki vefengt magn né einingarverð skv. þessum reikningi. Frá fjárhæð þessari dregst skv. kröfugerð stefnanda andvirði kassa í eigu stefnda, sem týndust í vörslu stefnanda, kr. 200.775. Ekki verður á það fallist með stefnda, að það, að stefndi endursendi sérmerkta og notaða kassa á árinu 1988, komi til lækkunar dómkröfu stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 399.225 með vöxtum, eins og segir í dómsorði, og málskostnað, sem ákveðst kr. 102.000, þar með talinn söluskattur af málflutningsþóknun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Níels Ársælsson, greiði stefnanda, Seifi hf., kr. 399.225 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. nóv. 1985 til 1. febrúar 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 3,0% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. sept. 1987, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. okt. 1987, með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóv. 1987, með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. des. 1987, með 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1988, með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1988, með 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til stefnubirtingardags, 10. maí 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 102.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. september 1991.

Nr. 282/1988. **Skógar sf.**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Sigurði Albertssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.)
og gagnsök.


Landamerkjamál. Hefð. Sératkvæði. Aðfinnslur.


Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1988. Hann krefst þess, að dæmt verði, að landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal í Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, séu þessi: „Brúsholtslækur frá Flókadalsá (punktur merktur B á landakorti á urskj. nr. 16 og uppdrætti á urskj. nr. 71) eftir því, sem lækurinn ræður norður í Bláfinnsvatn (punktur merktur A á urskj. nr. 16 og nr. 71), eða með öðrum orðum lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu (punktur A á urskj. nr. 16 og nr. 71) og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá, þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni (punktur merktur B á urskj. nr. 16 og nr. 71).“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með gagnstefnu 6. október 1988. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en jafnframt, að viðurkennt verði, „að landamerki milli Skóga og Brúsholts í Reykholtsdalshreppi séu þannig, að Brúsholtslækur ráði merkjum frá Bláfinnsvatni niður að gamla farvegi hans, sem er ofan þjóðvegarins, og síðan í beinu framhaldi eftir þessum þurra farvegi beint niður að þjóðveginum, þaðan bein lína suður í Flókadalsá, eins og nánar er innfært á urskj. nr. 69“ með punktum merktum C, D og E. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist lögmaður


HLUTI AF
FLÓKADAL
TEIKNAÐ EFTIR LOFTMYND FRÁ 08.09.1983.
FL. H NR. 1217 KORT 36 – VEGNA
AUKADÓMÞINGSMÁLSINS NR 69/1987:
SKÓGAR S.F. GEGN SIGURÐI ALBERTSSYNI
SKÝRINGAR
STEFNUHORN (GRÁÐUR) LENGDIR
A-B 534.0 m
A-E 199.71° 930.9 m
A-F 225.39° 525.6 m
A-G 305.84° 341.9 m
E
F
G
A
B
RÆSI
AÐ BRÚSHOLTI
BRÚSHOLTSLÆKUR
FLÓKADALSÁ (FLÓKA)
MÆLIKVARÐI CA. 1:3000
0m 100 200 300 400 500m
TEIKNAÐ OG MÆLT 21.05.88.
BJARNI JÓHANSEN BYGGINGARTÆKNIFR.
DÓMSNIÐURSTAÐA HÉRAÐSDÓMS
FÆRÐ Á UPPDRÁTTINN Í JÚLÍ 1988.
AÐ EYRI



Landamerki Skóga og Brúsholts
Reykholtshreppi, Borgarfjarðarsýslu

Rvk. 30 júní 1988, Stefán Ólafsson, v

gagnáfrýjanda þess til vara, að dæmt yrði, að gagnáfrýjandi hefði öðlast eignarrétt á þrætulandinu fyrir hefð. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn.

Með bréfi, dagsettu 5. október 1988, ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Baldurs Jónssonar prófessors í íslenskri málfræði. Í bréfinu segir m.a. svo: „Hin tilteknu orð, sem óskað er eftir að þér skýrið sérstaklega í tengslum við annað í landamerkjalýsingunni og með skírskotun til landamerkjabréfa ... eru: „... í móahorn útsunnan til við Flókadalsá ...“ Í lok álitsgerðarinnar, sem dagsett er 29. mars 1989, segir svo: „Niðurstaða mín er þá í stuttu máli þessi: Orðin, sem óskað er skýringar á, merkja ekki að móahornið sé einhvers staðar suðvestan við Flókadalsá, heldur að það sé við Flókadalsá (að norðanverðu), þar sem Brúsholtslækur kemur í ána, í útsuðlæga stefnu frá ósi lækjarins úr Bláfensvatni.“

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1989, ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Bjarna Helgasonar, Ph.D., jarðvegsfræðings og Karls Grönvolds, D.Phil., jarðfræðings með beiðni um, „að þér athugið og segið til um, hvort sjáanlegir séu aðrir farvegir, þar sem Brúsholtslækur hefur fallið í Flókadalsá, en núverandi farvegur og hvort unnt er að staðfesta, að „móahorn útsunnan til við Flókadalsá“, sem vísað er til í landamerkjabréfi Brúsholts 1884, sé að finna við brúarstæði á Flókadalsá, þar sem Brúsholtslækur rennur í ána. Þá er óskað umsagnar yðar um gildi þeirra korta og loftmynda, sem til eru af þessu landsvæði, við mat á hugsanlegum breytingum á farvegi Flókadalsár og Brúsholtslækjar“. Framangreindir sérfræðingar skiluðu sameiginlegri álitsgerð, sem dagsett er 25. maí 1989, með svofelldri niðurstöðu: „Könnun á staðháttum og þeim gögnum sem fyrir liggja - jarðfræðilegum, rituðum, kortum og loftmyndum - bendir ekki til þess að Flókadalsá á því landi sem um er spurt eða Brúsholtslækur hafi breytt farvegum sínum á seinustu öldum.“ Í álitsgerðinni segir enn fremur: „Varðandi móahornið útsunnan til við ána skal bent á að hvorugum megin árinnar er „horn“ að sjá nú - bakkar allir sléttir uns komið er að klettahorni því, þar sem nú er brúarstæði við Flókadalsá að norðanverðu á móts við Múla-

staði og upphaflega hefur myndað þá fyrirstöðu vatns sem fyrr getur. Á umræddu klettahorni er að finna móa/holtajarðveg með dæmigerðum holtagróðri, berjalyngi og língrösum. Gróður þessi er að vísu ekki samfelldur við núverandi aðstæður og vegagerð við brúarstæðið hefur valdið þarna jarðraski og tilflutningi jarðvegs. Engu að síður verður ekki fram hjá því gengið að þarna er um móa/holtajarðveg að ræða. Álíta verður því að umrætt klettahorn sé það móahorn sem til er vísað í landamerkjabréfi 1884 og er hvergi annað móahorn líklegra að finna við árbakka Flókadalsár á umræddu svæði."

Með bréfi, dagsettu 7. febrúar 1989 ritaði lögmaður aðaláfrýjanda bréf til Landmælinga Íslands með ósk um „frekari umsögn ... um innbyrðis nákvæmni þeirra korta og loftmynda, sem lögð hafa verið fram ...", svo og var beiðst „umsagnar um gildi umræddra korta og loftmynda af svæðinu við mat á hugsanlegum breytingum á farvegi Flókadalsár og Brúsholtslækjar á síðustu öldum, svo og hvaða ályktanir um breytingar megi draga að dómi Landmælinga Íslands. Þá er óskað hæðarmælinga við Flókadalsá..." Í álitsgerð Ágústs Guðmundssonar, forstjóra Landmælinga Íslands, 4. júlí 1989, segir: „NIÐURSTÖÐUR. Með vísun til þeirra korta og loftmynda, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, og þess, sem sagt hefur verið um gildi þeirra til ákvörðunar um staðhætti í Flókadal, er niðurstaðan sú, að lega og stærð Flókadalsár hafi verið óbreytt þann tíma, sem fyrrgreind gögn ná yfir, frá 1833 til dagsins í dag, og að umrætt tímabil bendi ekkert til annars en óbreyttrar legu Brúsholtslækjar (að frátöldu raski vegagerðar) og lækurinn hafi því fallið í ána á sama stað og nú er, sbr. það, sem loftmyndir sýna."

Lögmaður gagnáfrýjanda ritaði hinn 15. apríl 1989 bréf til Páls Bergþórssonar og óskaði álits hans á orðalagi landamerkjabréfsins frá 1884, „þar sem ég veit að þú ert vel kunnugur öllum staðháttum í Borgarfirði svo og málvenju fólks þar ..." Umsögn Páls er dagsett 3. maí 1989. Hann vísar til orðabókar Sigfúsar Blöndals og kemst að þeirri niðurstöðu, að „útsunnan til við Flókadalsá... merki einfaldlega útsunnan megin við ána". „Við ár í Borgarfirði er algengt, að kallað sé horn, þar sem bakkinn myndar nes eða tanga út í ána. Þar sem á rennur þannig í sveig eða bugðu utan um móa, er því

móahorn. Eitt slíkt er einmitt að finna handan við Flókadalsá, þar sem er eystra túnið, sem sést á loftmynd frá 1983." Telur hann, að þarna sé að finna umrætt móahorn. Hefur hann dregið línu úr punktinum L, sem merktur er í farveg lækjarins ofan vegar, og í punktinn M í áðurgreint móahorn sunnan árinnar. Þar telur hann merkjalínuna liggja.

Nýir uppdrættir hafa verið lagðir fram í málinu svo og kort og ljósmyndir auk ýmissa annarra skjala.

II.

Elsta heimild, sem fram kemur í gögnum málsins um landamerki Brúsholts og Skóga milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, er lögfesta á Brúsholti, sem getið er í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1665. Þar er landamerkjunum lýst þannig: „... að austan milli Brúsholts og Skóga ræður lækur sá sem rennur úr Bláfinnsvatni og kallaður er Brúsholtslækur og það suður í Flókadalsá. ..."

Í lögfestu á Brúsholti 22. maí 1794 er samhljóða lýsing á þessum landamerkjum jarðanna.

Í landamerkjabréfi fyrir Brúsholt 4. júní 1884 er umræddum landamerkjum lýst þannig: „Landamerki á jörðinni Brúsholti, að austanverðu ræður lækur sá er rennur úr Bláfensvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá (Hóladalsá) og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá. Þaðan ræður áin..." Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Einarssyni, Skógum, Halldóri Halldórssyni, Steðja, Þorsteini Þorsteinssyni, Geirshlíð, og Gísla Jónssyni, sem ætla verður að gætt hafi hagsmuna Brúsholts. Bréf þetta var innritað óbreytt í landamerkjabók hinn 27. september 1922 með vísan til laga nr. 72/1921 um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Síðasta skráða heimildin, sem við er að styðjast um þessi landamerki, er landamerkjabréf fyrir Skóga frá 1892. Þar er landamerkjunum svo lýst: „Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá eftir því sem lækurinn ræður norður í Bláfinnsvatn..."

Landamerkjabréf þetta er undirritað af þáverandi eigendum Brúsholts og Skóga og einnig af eigendum og ábúendum nágrannajarðanna Hæls, Eyrar, Geirshlíðar og hálfra Hrísa. Bréfið var lesið á manntalsþingi 31. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Borgar-

fjarðarsýslu. Bréfið var þinglesið og innritað að nýju 19. mars 1923 í samræmi við lög nr. 72/1921. Hvergi í gögnum málsins sér þess stað, að þá eða síðar hafi brigður verið bornar á rétta lýsingu landamerkja í bréfi þessu.

Ljóst er af þessum heimildum, að Brúsholtslækur hefur öldum saman ráðið landamerkjum Brúsholts og Skóga milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár.

Gagnáfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að Brúsholtslækur hafi breytt farvegi sínum, svo að rétt landamerki, þegar nær dregur ánni, séu mun austar en farvegur lækjarins nú. Þetta er ósannað, og verður því við það að miða, að lækurinn í núverandi farvegi ráði landamerkjum Brúsholts og Skóga alla leið milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, þegar frá er talið rask, sem varð vegna vegaframkvæmda.

Í héraðsdómi er getið um þá málsástæðu gagnáfrýjanda, að hann hafi með nýtingu hins umdeilda lands, „svo lengi sem menn muna", unnið á því hefð, sbr. 3. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Um þessa málsástæðu er ekkert fjallað í dóminum, enda þótt aðalkrafa gagnáfrýjanda sé eigi tekin til greina að öllu leyti. Í málflutningi lögmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti kom fram, eins og áður sagði, að krafist væri eignarhefðar, er byggðist á nýtingu slægna á hinu umdeilda landi og hlutdeild í veiðihlunnindum í Flókadalsá fyrir landinu samkvæmt arðskrám, sem til eru fyrir ána og eru frá 1957 og 1958.

Í fjölda vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu, er vottað um nýtingu hinnar umdeildu landspildu til slægna frá Brúsholti svo og um landamerkin, sem um er deilt í málinu. Í engu vottorðanna kemur fram, hvenær þessi nýting landsins hófst. Eitt vitni getur þess í framburði fyrir dómi, að upp úr 1950 hafi síðast verið heyjað á spildunni. Gagnáfrýjandi greinir frá því í aðilaskýrslu fyrir dómi, að heyjað hafi verið þar annað hvert ár, síðast 1967. Í þeim vottorðum, sem um landamerkin fjalla, er það oftast með þeim orðum, að vottorðsgjafi viti eigi til þess, að ágreiningur hafi verið uppi um landamerkin. Um veiðirétt í Flókadalsá fyrir hinu umdeilda landi koma hvorki fram upplýsingar í vottorðum né framburði vitna fyrir dómi. Hins vegar kemur fram í óstaðfestri yfirlýsingu Jóhanns Sæmundssonar og Gests Kristjánssonar 12. september 1987, sem

virðast hafa á hendi mat veiðisvæða í Flókadalsá vegna arðskrár fyrir ána, að í tillögum þeirra til Veiðifélags Flóku sé þetta veiðisvæði metið „með Brúsholtsveiðum eins og það hafði áður verið".

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið,og þeirra óræku heimilda, sem á var byggð niðurstaða hér að framan um margnefnd landamerki, eru eigi efni til að fallast á það með gagnáfrýjanda, að fullnægt sé skilyrðum 3. gr. laga nr. 46/1905 fyrir því, að hann hafi öðlast eignarrétt fyrir hefð að umræddri landspildu norðan Flókadalsár og austan Brúsholtslækjar.

Samkvæmt því ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um, að Brúsholtslækur ráði landamerkjum milli Brúsholts og Skóga í núverandi farvegi, eins og hann er markaður á uppdrátt á héraðsdómsskjali nr. 71 af Skúla Jóhannssyni verkfræðingi 30. júní 1988.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögmenn aðila öfluðu hvor um sig álitsgerða sérfróðra manna og lögðu fram í málinu í stað þess að hlutast til um dómkvaðningu matsmanna. Þá voru lögð fram af hálfu gagnáfrýjanda vottorð á þriðja tugar manna. Af þeim, sem vottorð þessi undirrituðu, komu einungis sjö fyrir dóm og báru vitni. Þessi málatilbúnaður fer í bága við meginreglur réttarfars um sönnunarfærslu í dómsmálum, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Landamerki Brúsholts og Skóga ákveðast þannig: Brúsholtslækur ræður landamerkjum jarðanna milli Bláfinnsvatns og Flókadalsár, eins og markað er á framangreindan uppdrátt frá punkti A í punkt B.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

I.

Gagnáfrýjandi, sem er fæddur 1915, kveðst hafa átt heima í Brúsholti frá barnsaldri. Hann heldur því fram, að móahornið hafi verið sérstakt örnefni, „stórþúfóttur mói". Það hafi verið í „krika milli

tigulstykkisins og stykkisins fyrir vestan ...“ Á hann hér við tvö túnstykki sunnan Flókadalsár í landi Múlastaða. Heyskapur hafi jafnan verið stundaður frá Brúsholti á þrætulandinu, þ.e. á Stórueyri austur að merkjum, sem greini frá í landamerkjaskránni frá 1884, en þau merki hafi verið í gildi eins lengi og núlifandi menn muni og jafnan virt og viðurkennd af ábúendum Skóga. Hann hafi því vitað um þessi merki í meir en 70 ár. Hann kveðst hafa heyjað Stórueyri annað hvert ár, síðast 1967. Fullt samkomulag hafi einnig verið um þau merki, þegar arðskrá fyrir Flóku var gerð 1958. Eigendur beggja jarðanna hafi komið á vettvang, þegar bakkalengd Flóku var þá mæld. Hann kveðst aldrei hafa heyrt ágreining nefndan um áðurnefnd landamerki, fyrr en einn af núverandi eigendum Skóga sf. hafi haustið 1986 talið þrætulandið tilheyra Skógum. Sjálfur kveðst gagnáfrýjandi aldrei hafa séð landamerkjabréfið fyrir Skóga frá 1892 fyrr en við málaferli þessi. Gagnáfrýjandi hefur látið teikna inn á uppdrátt, héraðsdómsskjal nr. 69, merkjalínu þá, sem hann telur vera rétt landamerki milli jarðanna. Er línan bein og dregin milli punktanna C til E um punktinn D.

Vitnið Sveinn Þórðarson, fæddur 1925, sonur Þórðar Erlendssonar í Skógum, hefur með yfirlýsingu 10. maí 1987 skýrt svo frá, að það hafi verið heimilismaður í Skógum til ársins 1955. Hafi landamerki milli jarðanna verið þessi: „Lækur er rennur úr sunnanverðu Bláfinnsvatni þar til hann kemur að eyri er Stóraeyri nefnist. Þar rennur lækur til vesturs, en til austurs meðfram móabarði um 60-70 m leið er lægð í eyrina, en sveigir síðan til suðurs og liggur að Flókadalsá. Þessi lægð var talin landamerkjalína, enda skiptust þar slægjulönd milli jarðanna. Um þessi landamerki reis aldrei neinn ágreiningur.“

Ofangreinda merkjalýsingu hefur Guðmundur Þórðarson, bróðir vitnisins og sá, sem seldi aðaláfrýjanda Skóga, lýst rétta með svofelldri yfirlýsingu, dagsettri 24. maí 1987: „Ég undirritaður staðfesti hér með, að ofanrituð merkjalýsing er að mínum dómi rétt.“

Ingvi Þórðarson hefur með yfirlýsingu 1. nóvember 1987 skýrt svo frá: „Ég undirritaður, ... fæddur 9. apríl 1933 í Skógum ... átti þar heima til ársins 1958. Á þeim tíma var aldrei um ágreining að ræða milli Skóga og Brúsholts um landamerki svo ég vissi til og staðfesti ég hér með yfirlýsingu bræðra minna dags. 10.5.1987 og 24.5.1987 um landamerki.“

Vitnið Sveinn Þórðarson kveðst hafa fengið vitneskju um landamerkin frá föður sínum, er vitnið „sló í lautinni, sem er á merkjunum. Faðir minn segir mér að ég sé kominn í merki. Ég spyr, hvort lækur ráði ekki merkjum. Hann segir nei og hann sýnir mér þau merki sem ég hefi skýrt frá." ... „Merkjalínan milli Skóga og Brúsholts skipti slægjulandinu milli jarðanna, Skógar að austan og Brúsholt að vestan." Vitnið kveðst muna eftir torfu sunnan við Flókadalsá. Hún „er farin nú, en hún var nokkuð beint undan þeirri laut sem landamerki milli Skóga og Brúsholts voru þegar ég bjó í Skógum." Nánar aðspurt hvar merkin væru, þegar staðið er á veginum við ræsið, var svarið: „Í beinni sjónhending er þetta beint í suður, þar er girðing. Þar var dökkur staur. Í mínum huga eru landamerki rétt austan við þennan staur." Við vettvangsgöngu mátti greina þennan staur.

Magnús Sigurjónsson, sem kveðst hafa verið bóndi á Múlastöðum um tuttugu ára skeið frá 1952, segist þá hafa heyrt, að merki milli Brúsholts og Skóga „væru um Brúsholtslæk, þar sem hann rennur úr Bláfinnsvatni og niður slakkann milli bæjanna og síðan í beinu framhaldi af læknum suður í Flókadalsá, þvert yfir eyrina." Hann giskar á, að Flóka hafi brotið allt að 30 metra breiða spildu af landi Múlastaða á þessu tímabili og af þeim sökum hafi þurft að færa girðingu þarna tvisvar.

Herdís Guðmundsdóttir, sem kveðst vera fædd og uppalin á Hæli og hafa átt þar heima fram yfir tvítugt, segir, „að faðir minn, Guðmundur Bjarnason, bóndi á Hæli, sagði mér, að merkin milli Brúsholts og Skóga í Flókadal væru um lækinn, sem rennur úr Bláfinnsvatni og beina stefnu suður í Flókadalsá. Föðurbróðir minn, Júlíus Bjarnason, var bóndi í Skógum 1917 - 1924, og faðir minn dvaldi lengst ævi sinnar í Flókadal."

Pétur Haraldsson greinir svo frá: „Vorið 1958 vorum við Halldór Þórmundsson, Bæ, fengnir til að mæla Flóku frá ólaxgengum fossi í Hrísalandi og niður í ármót við Hvítá, vegna þess að gera átti arðskrá fyrir ána. Mælt var að norðanverðu við ána og voru landeigendur í Flókadal fengnir til að koma á landamerkin og staðfesta þau, þar sem við vorum þeim ókunnugir. Hvergi var neinn ágreiningur um landamerki."

Jóhann Sæmundsson og Gestur Kristjánsson hafa hinn 12. sept-

ember 1987 gefið yfirlýsingu. Þar segir m.a. svo: „Á sáttafundi, sem sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hélt á skrifstofu sinni 11. sept. 1987 með eigendum jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal, kom fram ósk um að metið yrði sér það svæði í Flóku, sem ágreiningur er um milli eigenda þessara jarða. Við matsmenn höfum fallist á það, en í tillögum okkar til Veiðifélagsins Flóku er þetta veiðisvæði metið með Brúsholtsveiðum, eins og það hafði áður verið. Bakkalengd árinnar að þessu svæði er 590 m."

Stefán Eggertsson hefur skýrt svo frá: „Ég undirritaður fluttist að Steðja, Reykholtsdalshreppi, 1953 og hef verið búsettur þar síðan. Vorið 1958 var gerð mæling á Flóku vegna arðskrár og voru landeigendur fengnir til að koma á landamerki og staðfesta þau. Ég kom á merki Brúsholts og Skóga vorið 1958 þegar mælingin fór fram. Þar voru fyrir Guðmundur Þórðarson ... Skógum, Sigurður Albertsson bóndi Brúsholti ásamt mælingamönnunum Pétri Haraldssyni og Halldóri Þórmundssyni. Þar var enginn ágreiningur um landamerki."

Bjarni Bjarnason, fæddur 1912, kveðst hafa alist upp á Múlastöðum og átt þar heima til 19 ára aldurs. Hann greinir svo frá, „að ég man vel eftir torfvörðu, sem stóð á suðurbakka Flóku á svonefndum Hring í landi Múlastaða. Varða þessi var því sem næst beint á móti þar sem Brúsholtslækur fellur niður af hæðinni áður en hann beygir til vesturs. Alltaf þegar heyjað var á áðurnefndri eyri var það gert af Brúsholtsfólki. Heyrði ég aldrei annars getið en að eyrin væri í Brúsholtslandi."

Auður Lárusdóttir, fædd á Eyri í Flókadal árið 1930 og var þar til 18 ára aldurs, skýrir svo frá: „Ég staðfesti hér með, að á mínum uppvaxtarárum heyjuðu ábúendur í Brúsholti eyrarnar norðan við Flókadalsá á móti Múlastaðalandi. Á ég við þann stað, þar sem nú er efri brú árinnar."

Hjördís og Sigrún Oddgeirsdætur, sem fæddar eru og uppaldar á Múlastöðum og áttu þar heima til um það bil 19 ára aldurs, skýra svo frá, „að heimilisfólk í Brúsholti stundaði heyskap á eyrinni við Flókadalsá móts við svonefndan Hring í Múlastaðalandi. Hringur þessi er þar, sem nú er túnið á árbakkanum fram frá brúnni á Flókadalsá milli Múlastaða og Brúsholts".

Guðmundur Bergsson, Hvammi, hefur greint svo frá, að Brúsholt

hafi haft allar nytjar af ágreiningslandinu, „það var slegið þarna frá Brúsholti, oft meðan ég var í Skógum, og eitt sumar, 35 - 36, var ég að hálfu kaupamaður í Brúsholti, og þá var heyjað þarna".

Sigurbjörn Björnsson, fæddur 1921, hefur í vottorði 30. október 1987, skýrt svo frá, að hann hafi „alla ævi átt heima í Hrísum. Þar til í vor hafði ég aldrei heyrt talað um að merki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða að ágreiningur væri um þau, enda man ég ljóslega, að heyskapur var stundaður á Stóraeyri".

Rósa Guðmundsdóttir, fædd 1921, kveðst hafa átt heima í Geirshlíð frá 1952. „Þar til í sumar hafði ég aldrei heyrt getið um að landamerki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða að ágreiningur væri um þau."

Guðmundur Lárusson, fæddur 1926, sem kveðst hafa alist upp á Eyri og átt þar heima alla ævi, segir, að á „uppvaxtarárum mínum og þar til engjaheyskapur var lagður niður var Stóraeyri, sem liggur norðan við Flóku á móti svonefndum Hring í Múlastaðalandi, alltaf heyjuð af ábúendum Brúsholts. Veit ég ekki til að neinir aðrir hafi stundað þar heyskap".

Jón Þorsteinsson og Sigríður Þorsteinsdóttir, Giljahlíð, Jakob Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsóttir, Hæli, Árni Theodórsson og Vigdís Sigvaldadóttir, Brennistöðum, hafa öll lýst því yfir, að þau hafi ekki fyrr en á árinu 1987 heyrt getið um, að landamerki milli Brúsholts og Skóga væru óljós eða ágreiningur væri um þau.

Ljótunn Jónsdóttir, sem kveðst vera fædd og uppalin í Geirshlíð og dvalið þar langdvölum fram um 1950 og verið vel kunnug í Brúsholti, segir, „að Brúsholtsfólk stundaði jafnan heyskap á eyrinni austan við Brúsholtslæk, þar sem hann rennur í Flókadalsá ofan við núverandi brú á ánni".

II.

Ákvæði landamerkjabréfanna frá 1884 og 1892 stangast á. Fallast má á túlkun héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómanda í jarðfræði, að rennsli og lega Brúsholtslækjar og Flókadalsár hafi verið eins og í héraðsdóminum greinir. Svo sem málið liggur fyrir, þykir bera að túlka landamerkjabréfið frá 1884 gagnáfrýjanda í vil, en ætla verður, að svokallað móahorn hafi verið austar í landi Múlastaða, en ekki þar, sem í héraðsdómi greinir. Á hitt er hins

vegar að líta, að gagnáfrýjandi, sem keypti jörðina Brúsholt á árinu 1955 og taldi sig þá jafnframt kaupa þrætulandið, hefur nytjað umrædda landspildu til engjaheyskapar, meðan sá heyskapur tíðkaðist, og haft fullan arð af laxveiði í Flókadalsá fyrir landinu ómótmælt af eigendum Skóga í meira en 20 ár. Hefur hann því haft allar nytjar af landspildunni í hefðartíma fullan, sbr. 2. og 3. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Ber því með vísan til 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga að telja gagnáfrýjanda eiganda að landspildunni með þeim merkjum, sem hann hefur markað á uppdráttinn á héraðsdómsskjali nr. 69.

Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að dómsorð eigi að vera svohljóðandi:

Landamerki milli jarðanna Brúsholts og Skóga ákveðast þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni í punkt, sem merktur er C á framangreindum uppdrætti, þaðan bein lína, sem dregin er um punktinn D í punktinn E.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí 1988, endurupptekið 24. maí sl. og dómtekið að nýju 4. júlí, var þingfest á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. nóvember 1987.

Stefnandi málsins er Skógar sf., eigandi jarðarinnar Skóga, Reykholtsdalshreppi.

Stefndi er Sigurður Albertsson bóndi, Brúsholti, Reykholtsdalshreppi, eigandi þeirrar jarðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að landamerki jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal í Reykholtsdalshreppi séu þessi: Brúsholtslækur frá Flókadalsá (punktur merktur B á landakorti á dskj. nr. 16), eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn (punktur merktur A á nefndu dómskjali nr. 16), með öðrum orðum, lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu (punktur A á dómskjali nr. 16) og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá, þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni (punktur merktur B á dskj. nr. 16). Hann vísar enn fremur til uppdráttar á dskj. nr. 71 um kröfulínur sínar og bendir einnig á, að þar sem rætt er um lækinn, þá sé átt við miðjan farveginn, sbr. vatnalög.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk söluskatts.

Orðalag úr fyrri setningu kröfunnar kveður stefnandi tekið úr landamerkjalýsingum jarðarinnar Skóga, en orðalag í annarri setningu kröfunnar úr landamerkjalýsingu jarðarinnar Brúsholts að viðbættri viðmiðuninni við brúna, sem sé nýtt kennileiti við móahornið, þar sem lækurinn rennur í ána. Efnislega séu setningar í kröfulýsingu samhljóða, þótt hin fyrri lýsi læknum sem merkjum frá ánni að vatninu, en hin síðari frá vatninu að ánni.

Stefndi gerir þær dómkröfur endanlegar að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að landamerki milli Skóga og Brúsholts í Reykholtsdalshreppi verði þannig, að Brúsholtslækur ráði merkjum frá Bláfinnsvatni og niður að gamla farvegi hans, sem er ofan þjóðvegarins, síðan í beinu framhaldi eftir þessum þurra farvegi beint niður að þjóðveginum, þaðan bein lína suður í Flókadalsá skv. uppdrætti á dskj. nr. 69.

Þá er og gerð krafa um það, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. mati réttarins svo og söluskatt af lögfræðiþjónustu.

Dómendur gengu á vettvang 17. maí 1988.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Jarðirnar Skógar og Brúsholt í Flókadal í Reykholtsdalshreppi liggja hvor að annarri meðfram Flókadalsá (Flóku), og fylgir veiðiréttur í henni báðum jörðunum.

Núverandi eigandi Skóga, Skógar sf., keypti jörðina árið 1972 af Guðmundi Þórðarsyni, sem keypt hafði hana af föður sínum, Þórði Erlendssyni, en sá keypti jörðina 1924 af Guðmundi Illugasyni, sem fæddur var þar 1899.

Núverandi eigandi Brúsholts, Sigurður Albertsson, hafði setið jörðina sem leiguliði frá 1948, keypti hana af Gjafasjóði Einars og Ástríðar Steindórsstaðahjóna 1955, en jörðin hafði verið í eigu þess sjóðs frá 1922, er Ástríður, ekkja Einars Magnússonar, bónda á Steindórsstöðum, lést, en hann hafði átt jörðina frá 1892.

Á árinu 1987 óskaði Veiðifélag Flóku eftir því, að gerð yrði ný arðskrá um veiði árinnar, en hún hafði einu sinni áður verið gerð árið 1958. Kom þá í ljós, að stefnendur vildu ekki una því, að Brúsholti tilheyrði svo mikið land meðfram ánni sem matsmenn virtust gera ráð fyrir. Komu stefnendur mótmælum sínum á framfæri við sýslumann, samanber 8. gr. laga nr. 41, 1919.

Boðaði sýslumaður aðila til aukadómþings samkvæmt fyrrgreindu laga-

ákvæði 11. september 1987, og var málið þá tekið fyrir og því frestað til sáttaumleitana til 9. október 1987. Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar, og höfðaði stefnandi því mál þetta, eftir að hafa óskað hafningar á fyrra máli, sem stefndi samþykkti. Um þessa málshöfðun segir stefnandi svo í stefnu: „Með 44. gr. laga nr. 28, 1981, voru 9.-19. gr. landamerkjalaganna frá 1919 felldar niður, en þær fjölluðu m.a. um merkjadóm og réttarfar í landamerkjamálum. Af þeim greinum nefndra laga, sem mæltu fyrir um réttarfar í landamerkjamálum, stendur nú 8. gr. ein eftir. Til að fyrirbyggja hugsanlega réttaróvissu um meðferð þessa máls hefur það orðið að samkomulagi á milli lögmanna málsaðila, að stefnandi höfði málið með útgáfu þessarar stefnu...“

Landamerkjabréf jarðarinnar Brúsholts var lesið á manntalsþingi 4. júní 1884 og innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu og síðan endurinnritað 27. september 1922, sbr. l. nr. 72/1921. Bréfið hljóðar svo, að því leyti sem hér skiptir máli: „Landamerki á jörðinni Brúsholti, að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefndu niður að Flókadalsá (Hóladalsá), og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá ...“.

Landamerkjabréf jarðarinnar Skóga var lesið á manntalsþingi 1892 og innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu og síðan endurinnritað 19. mars 1923, sbr. l. nr. 72/1921. Bréfið hljóðar svo, að svo miklu leyti sem hér skiptir máli: Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn, svo beint norður yfir vatnið....“

Deilumál aðila snýst um það, hvar landamerki milli jarðanna eru niðri við Flókadalsá. Stefnendur halda því fram, að Brúsholtslækur, eins og hann rennur nú í Flókadalsá, skipti löndum jarðanna, en stefndi telur landamerki vera ofar, enda hafi bóndinn í Brúsholti stundað engjaheyskap hér áður fyrr á svonefndri Stórueyri, sem nú væri innan landamerkja Skóga, ef Brúsholtslækur skipti nú löndum, þar sem hann kemur í Flókadalsá.

Krafa stefnanda er byggð á því, að með leigusamningi, dagsettum 1. júlí 1972, hafi stefnandi tekið jörðina Skóga í Flókadal í Reykholtsdalshreppi á leigu af þáverandi eiganda hennar, Guðmundi Þórðarsyni, Akurgerði, Reykholtsdalshreppi. Í leigusamningnum segir svo um landamerki jarðanna: „...með þeim landamerkjum, sem þinglesin eru á manntalsþingi Reykholtsdalshrepps á Sturlureykjum 31. maí 1892 og rituð eru í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu“.

Hinn 28. desember 1974 hafi áðurnefndur Guðmundur Þórðarson afsalað stefnanda jörðinni. Í afsalsbréfinu sé landamerkjum milli jarðanna Skóga og Brúsholts lýst þannig: „Landamerki jarðarinnar voru þinglesin á manntalsþingi að Sturlureykjum 31.maí 1892 og rituð í landamerkjabók

Borgarfjarðarsýslu og eru: Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn (Brúsholtslækur) ræður, norður í Bláfinnsvatn..." Samhljóða lýsingar séu í landamerkjum nefndra jarða allt aftur til ársins 1794. Ekkert hafi komið fram, sem vefengi gildi þessara skjala.

Elsta heimild (dskj. nr. 12), sem stefnandi vitnar til, er lögfesta um landamerki jarðarinnar Brúsholts, sem Þórður Þorsteinsson gerði að Vindási í Kjós 22. maí 1794 fyrir hönd systur sinnar, Margrétar Thorsteinsdóttur, og dóttur hennar, Guðrúnar Eiríksdóttur. Samkvæmt endurriti af skjalinu, staðfestu af Aðalgeiri Kristjánssyni f.h. Þjóðskjalasafns, segir svo um landamerki milli Brúsholts og Skóga: „J Fyrstu ad Austan mille Brusholts og Skoga rædur lækur sá sem kemur ur Bláfinns Vatne og kalldr er Brusholts Lækur og það suður í Flokadals Á..."

Næst nefnir hann landamerkjabréf fyrir Brúsholt, sem lesið var á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu. Þar sé landamerkjum á milli jarðanna lýst með svofelldum orðum: „...að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá (Hóladalsá) og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá. Þaðan ræður áin niður að Hrossakleggi..." Orðalagið sé efnislega hið sama og í lögfestunni frá 1794, en bætt við nánari lýsingu á legu lækjarins. Sé legu lækjarins réttilega lýst sem nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá, en síðan beygi lækurinn til útsuðurs (suðvesturs), uns hann renni í Flókadalsá við móahorn, þar sem nú hefur verið byggð brú yfir ána. Ekki hafa fundist neinar yngri lýsingar á merkjum Brúsholts og Skóga, sem breyti landamerkjunum í bréfunum frá 1794 og 1884. Frá árinu 1892 til 1955 hafi Brúsholt verið fyrst í eigu Einars Magnússonar, bónda á Steindórsstöðum, en eftir lát hans 1915 eign ekkju hans, Ástríðar Pálsdóttur, og eftir lát hennar 1922 eign Gjafasjóðs Einars og Ástríðar til 1955. Þau hjón, Einar og Ástríður, bjuggu aldrei í Brúsholti, heldur bjuggu þar leiguliðar öll árin frá 1892 til 1955. Í afsali til stefnda frá 31. mars 1955 sé ekkert minnst á landamerki jarðarinnar, en hann keypti jörðina af nefndum gjafasjóði.

Í þriðja lagi vitnar stefnandi í landamerkjabréf fyrir Skóga, sem lesið var á manntalsþingi 31. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, en þar segir svo um merkin milli Skóga og Brúsholts: „Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn."

Hér sé efnislega samhljóða lýsing á merkjum og í þeim landamerkjabréfum fyrir Brúsholt, sem áður var að vikið, það er, að lækurinn ráði merkjum. Lýsingin sé hins vegar með þeim hætti, að lýst sé frá Flókadalsá, það er, að lækurinn ráði frá ánni að Bláfinnsvatni, en í Brúsholtsbréfinu sé samsvarandi lýsing frá vatninu að ánni.

Þá nefnir stefnandi, að í þeim afsölum, sem gefin hafi verið út fyrir jörðinni Skógum frá 1892, en þau séu fjögur, sé ætíð um landamerki vitnað til landamerkjalýsingarinnar frá 1892 að undanskildu afsali frá 19. september 1970, er Þórður heitinn Erlendsson, fyrrum bóndi í Skógum, seldi Guðmundi, syni sínum, jörðina.

Í leigusamningi, sem Guðmundur Þórðarson gerði við stefnanda um jörðina 1. júlí 1972, sé hins vegar vitnað í landmerkjalýsinguna frá 1892, og þegar hann selur stefnanda jörðina 28. desember 1974, sé landamerkjalýsingin frá 1892 tekin orðrétt upp í afsalið. Fyrir liggi efnislega samhljóða yfirlýsingar frá þeim fegðum, Þóri Erlendssyni, sem átti Skóga frá árinu 1924 til 1970, og syni hans, Guðmundi Þórðarsyni, sem átti jörðina frá 1970, til þess er hann seldi hana stefnanda 1974. Þar staðfesti þeir báðir, Þórður, að meðan hann var eigandi jarðarinnar, og Guðmundur, frá því hann eignaðist jörðina og fram til þess, að hann gaf yfirlýsinguna 27. desember 1972, hafi engri landspildu jarðarinnar eða hlunnindum verið afsalað né heldur ítökum í landspildum eða hlunnindum. Báðir vísi þeir til landamerkjanna frá 1892, og báðir lýsi þeir yfir, að merkin við ána séu, þar sem „lækurinn rennur í Flókadalsá við hina nýju brú á ánni hjá Múlastöðum".

Stefnandi lýsir þeirri skoðun sinni, að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum séu landamerki umræddra jarða skýr og afdráttarlaus, Brúsholtslækur frá Bláfinnsvatni (merkt A á landabréfi á dskj. nr. 16) í ós hans við móabarð útsuður við Flókadalsá, þar sem nú hefur verið gerð brú á ána (merkt B á dskj. nr. 16). Sjá einnig dskj. nr. 71. Loftljósmyndir Landmælinga Íslands, sem lagðar hafa verið fram á dskj. nr. 14 og 15 og teknar eru með nærri 40 ára millibili, sýni glöggt, hvar og hvernig lækurinn hefur runnið og rennur enn.

Loks mótmælir stefnandi staðhæfingum, sem fram koma í vottorðum, lögðum fram af stefnda, að landamerki milli jarðanna séu önnur en hann heldur fram.

Stefndi vitnar í landamerkjabréf fyrir Brúsholt máli sínu til stuðnings, en þar sé landamerkjum milli Brúsholts og Skóga þannig lýst: „...að austanverðu ræður lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá..." Stefndi bendir á, að Brúsholtslækur ofan vegar sjáist vel á loftmyndum, einkum dskj. nr. 14. Þar sjáist einnig vel, hvar hann rennur nú, svo og gamli farvegurinn, sem liggi sem næst beinni línu niður af læknum miðað við hlíðina. Þá bendir stefndi á, að frá brúnni yfir Flókadalsá við Múlastaði sé grasi gróin eyri, sem heiti Stóraeyri, sbr. loftljósmyndir á dskj. nr. 14 og 15, og liggi hún upp frá brúnni norðan megin ár og austur með Flókadalsá á hinu umdeilda landsvæði. Bendir hann á,

að á meðan þörf var á að stunda engjaheyskap, hafi Stóraeyri verið gott land til slægna og hafi verið slegin annað hvert ár af bóndanum í Brúsholti, eftir því sem kunnugir menn segi. Stefndi hefur leitt mörg vitni, sem staðfest hafa þá staðhæfingu. Stefndi vitnar í örnefnaskrá fyrir Brúsholt, sem skráð er af Ara Gíslasyni eftir upplýsingum frá Þorsteini Þorsteinssyni, fyrrum bónda í Brúsholti, og Guðmundi Illugasyni, lögregluþjóni og fræðimanni, sem alinn var upp í Skógum. Þar segir m.a. svo: „...þar inn af, inn á merki móti Skógum, er stór eyri við ána, sem heitir Stóraeyri...". Þetta ásamt framburði fjölda kunnugra manna telur stefndi m.a. styðja þá fullyrðingu sína, að Stóraeyri á hinu umdeilda svæði sé í landi Brúsholts, og mótmælir því, sem fram kemur í greinargerð stefnanda, þar sem segir, að bóndinn í Brúsholti hafi fengið að heyja í landi Skóga. Við skoðun á landi þessara tveggja jarða sjáist einnig greinilega, að Skógar hafi ekki verið aflögufærir með engjar.

Varðandi farveg Brúsholtslækjar nú, sem liggi úr Bláfinnsvatni sem næst beina stefnu niður hlíðina og í gegnum ræsi á þjóðveginum, en sveigi síðan í a.m.k. 90° til vesturs og renni þaðan í mjög djúpum farvegi vestur með bökkunum, sem þarna eru, og í Flókadalsá við brúna hjá Múlastöðum, tekur stefndi fram, að ef loftmynd á dskj. nr. 14 sé skoðuð, sjáist greinilega lægð, sem sýni, að hér hafi kvísl úr Flókadalsá runnið, þegar áin hafi legið með þunga sínum á norðurbakkanum. Þessari skoðun sinni til sönnunar, auk þess sem sjáist af tilvitnaðri loftmynd og skoðun á vettvangi, bendir hann á, að vatn það, sem renni eftir farvegi Brúsholtslækjar, hljóti að vera mjög lítið. Það sjáist best á því, hversu farvegurinn ofan frá Bláfinnsvatni og niður sé grunnur. Vatnið sé svo lítið, að það hafi ekki myndað farveg, sem nafn sé gefandi, í gegnum tíðina. Í öðru lagi bendir hann á, að þar sem lækurinn beygi nú til vesturs neðan vegar, sé jarðvegur mjög gljúpur og veikur, þ.e. grámosaþúfur og aurbleyta undir, þannig, að ef eitthvert vatn væri í læknum, myndi hann brjótast þar í gegn til að halda beinni stefnu. Loftmynd frá 1945 á dskj. nr. 15 sýni mjög óljósan eða engan farveg Brúsholtslækjar frá þeim stað, sem vegurinn er nú, og niður. Samkvæmt því hafi vatnið úr læknum dreift sér yfir landið þar og sameinast síðan í lægð, merktri C á dskj. nr. 52. Til þessa bendi einnig hallamæling frá 29. desember 1987 á dskj. nr. 44. Mjög sé sennilegt, að áin hafi lokað þessum farvegi. Beygjan þarna austur á ánni bendi til, að straumur árinnar hafi lent uppi í farvegi lækjarins og síðan lokað honum. Orðalagið í landamerkjabréfinu fyrir Brúsholt styðji þessa skoðun, en þar segir: „... og liggur nærri beinni stefnu niður að Flókadalsá..." Þetta orðalag gæti á engan hátt átt við, ef lækurinn hefði á þeim tíma þverbeygt í 90° í vestur, eins og hann geri nú. Þeir, sem áttu hlut að máli á sínum tíma, hafi talið heppilegt að nota sjónhendingarlínuna þarna á eyrinni og því valið stað

útsunnan við ána, þ.e. móahornið. Í þessu sambandi mótmælir stefndi því, sem fram kemur í greinargerð stefnanda, að móabarðið sé við brúna, sem er yfir ána við Múlastaði. Þetta sé ekki í samræmi við það, sem fram komi í landamerkjabréfinu fyrir Brúsholt. Auk þess hafi ekkert gildi að hafa sjónhendingarlínu frá ósi lækjarins þarna við brúna, áin renni þar í gljúfri, og frá þeim stað sjáist mjög skammt í útsuður. Sjónhendingarlína hafi fyrst gildi frá punkti, sem sést langt að, og gott geti verið að nota sjónhendingu þar, sem hætta sé á, að merkjapunktur spillist, t.d. á áreyrum, eins og hér sé um að ræða. Auk þessa leyfi málvenja ekki hér í Borgarfirði að kalla þennan stað móahorn. Þá bendir stefndi á, að merkjum Skóga og Hrísa hagi svipað til og milli Brúsholts og Skóga, þar ráði Djúpilækur merkjum ofan fyrir Sjónarhól og beint þar í Flókadalsá. Djúpilækur renni hins vegar vestur með ofan við eyrarnar svipað og Brúsholtslækur nú. Þetta sýni ákveðna staðbundna venju, hvað landamerki snertir.

Þá nefnir stefndi, að veiði hafi lengst af verið í Flókadalsá. Veiðiréttareigendur hafi á sínum tíma stofnað Fiskiræktarfélag Flóku, sem síðan hafi leigt veiðina í 15 ár frá 1942. Ekki liggi fyrir arðskrá fyrir það tímabil. Árið 1958 hafi tveir matsmenn verið fengnir til að mæla bakkalengd Flókadalsár frá ólaxgengum fossi í Hrísalandi að Hvítá vegna ákvörðunar veiðiréttareigenda að gera arðskrá. Hafi landeigendur í Flókadal verið boðaðir til að koma á landamerki og sýna þau. Þar hafi enginn ágreiningur komið fram. Arðskráin hafi síðan verið samin með tilliti til þessarar mælingar. Þá hafi hið umdeilda svæði verið mælt með Brúsholtslandi.

Vottorðum Þórðar Erlendssonar frá 8. september 1972 og Guðmundar Þórðarsonar frá 27. desember 1972, sem fram hafa verið lögð í málinu, vill stefndi mótmæla, þar sem segir í þessum vottorðum, að Brúsholtslækur ráði landamerkjum, þar til hann rennur í Flókadalsá ... „við hina nýju brú á ánni hjá Múlastöðum...“ Stefndi mótmælir því sem röngu eða undirrituðu af vangá. Þórður er látinn, en Guðmundur hafi viðurkennt, að þetta sé rangt, með því að undirrita dskj. nr. 28 og staðfesta þar með skoðun bræðra sinna, Sveins og Ingva, sbr. vottorð á dskj. nr. 23 og 30.

Þá telur stefndi stefnanda hafa sýnt tómlæti að snúa sér ekki til valdsmanns í samræmi við 8. gr. l. nr. 41, 1919, þar sem fram komi í aðilaskýrslu Matthíasar Á. Matthíesens, eins eiganda Skóga sf., að honum hafi borist vitneskja um það 1. júlí 1972, að Sigurður Albertsson, bóndi í Brúsholti, teldi, að landamerki Brúsholts næðu austur fyrir Brúsholtslæk. Þrátt fyrir þessa meintu vitneskju eða grun snúi hann sér ekki til valdsmanns, heldur fái vottorðin á dskj. nr. 9 og 10 og geri síðan ekkert í tæpan hálfan annan áratug. Á þessum tíma hverfi yfir móðuna miklu mjög mikilvæg vitni og gjörkunnug. Af þessum tómlætisaðgerðum telur stefndi stefnanda verða að bera hallann frá lagalegu sjónarmiði. Hér hafi einnig verið um

löglærðan mann að ræða, sem átt hefði að vera kunnugt um nauðsyn þess að leysa sem fyrst úr ágreiningi sem þessum. Stefndi segist hins vegar fyrst hafa fengið að vita um þann ágreining, sem mál þetta fjallar um, fyrir eða eftir áramót 1986/1987, en þá hafi einn af eigendum Skóga hringt til sín og sagt sér þetta.

Stefndi tekur fram og vitnar til margra framlagðra vottorða, að fjöldi fólks hafi verið inntur eftir því, hvort það minntist þess, að ágreiningur hefði verið um þessi landamerki í þess minni, og hafi enginn kannast við að hafa heyrt einu orði minnst á það.

Stefndi ber fram þá málsástæðu, fari svo, að dóminum finnist einhver vafi á eignarrétti sínum að hinu umdeilda landi, að fyrir liggi, að eigendur hafi, svo lengi sem menn muna, nýtt þetta land og hafi unnið á því hefð, sbr. 3. gr. laga nr. 46, 1905.

Niðurstaða.

Stefnandi gerir kröfu til, að landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts í Flókadal í Reykholtsdalshreppi ráðist af Brúsholtslæk frá Flókadalsá, eftir því sem lækurinn ræður, norður í Bláfinnsvatn (sbr. landamerkjabréf frá 1892 fyrir Skóga), með öðrum orðum lækur sá, er rennur úr Bláfinnsvatni sunnanverðu og liggur nálægt beinni stefnu niður að Flókadalsá og í móahorn útsunnan til við Flókadalsá (sbr. landamerkjabréf Brúsholts frá 1884), þar sem lækurinn rennur í ána og þar sem nú er brú á ánni.

Stefndi krefst sýknu og gerir kröfu um, að landamerki jarðanna Brúsholts og Skóga fylgi Brúsholtslæk frá Bláfinnsvatni suður undir þjóðveg, en þaðan línu til suðurs yfir Flókadalsá, sbr. dskj. nr. 69.

Aðilar málsins hafa lagt fram loftmyndir og landabréf, sem sýna legu Flókadalsár og Brúsholtslækjar á mismunandi tímum. Elsta kortaheimildin er frá 1911, en hin yngsta frá 1983.

Landamerkjabréf Skóga og Brúsholts hafa ekki verið vefengd. Bæði bréfin tilgreina Brúsholtslæk og Flókadalsá sem landamerki. Við úrlausn þessarar landamerkjaþrætu er þess vegna nauðsynlegt að hyggja að þessum tveimur vatnsföllum.

Stefndi hefur lagt fram sérfræðilega greinargerð um farvegi Brúsholtslækjar og Flókadalsár (dskj. nr. 59). Helstu niðurstöður þeirrar greinargerðar eru þær, að farvegur Brúsholtslækjar sé stöðugur niður að flatlendinu neðan þjóðvegar, en eftir það hafi lækurinn ekki alltaf verið í sama farvegi og Flókadalsá flæmst um eyrar og brotið bakka sína beggja vegna sitt á hvað.

Af skjölum málsins, bæði greinargerð sérfræðings og loftmyndum, er sýna glöggt mótun landsins á landamerkjum Skóga og Brúsholts svo og við farveg Flókadalsár, og af vettvangskönnun má draga saman eftirfarandi

heildarmynd af Brúsholtslæk og Flókadalsá með tilliti til landamerkja jarðanna tveggja:

Brúsholtslækur er vatnslítið afrennsli úr Bláfinnsvatni, sem jafnar rennsli hans, eins og títt er við slíkar aðstæður, svo að farvegur hans er stöðugur, þar til hann kemur niður á flatlendið sunnan þjóðvegar, en þar beygir lækurinn til vesturs og rennur aðgerðarlítill vestur undir brú, þar sem hann sameinast rennsli í Flókadalsá. Ljóst er, að vatn hleypur öðru hverju í Brúsholtslæk niðri á flatlendinu, þegar vöxtur hleypur í Flókadalsá. Af þessu má ráða, að Brúsholtslækur hafi ekki breytt farvegi sínum ofan þjóðvegar á síðustu öldum. Hins vegar verður farvegurinn óstöðugur strax neðan við þjóðveg, og sjást tveir eldri og yfirgefnir lækjarfarvegir greinilega á flatlendinu.

Flókadalsá er dæmigerð dragá. Vatnsrennsli í dragám er mjög breytilegt, enda draga þær til sín vatn úr fjölda smálækja og eru háðari veðurfari en aðrar ár. Flóð koma í dragár í stórrigningum, vorleysingum og snöggum vetrarhlákum, og er Flókadalsá engin undantekning að þessu leyti. Þar sem dragár renna ekki í gljúfrum eða eru ekki í bröttum farvegi, hlaða þær jafnan undir sig eyrum, sem þær kvíslast um í svigðum. Vatnskvíslarnar eru á stöðugri, en hægri hreyfingu til hliðar, þegar rennsli er stöðugt, en í flóðum verða stundum skyndilegar breytingar. Allar þessar breytingar eiga sér stað innan hins raunverulega árfarvegar, sem fer aldrei allur undir vatn nema í mestu flóðum.

Þannig háttar til við eyrarnar í Flókadalsá ofan við brúna, að þar er klapparhaft í ánni, sem veldur því, að árfarvegurinn er fremur flatur þar austur af, og rennur Flókadalsá þar á eyrum. Á nýlegum loftmyndum sést, að áin rennur gjarnan í mörgum kvíslum, gjarnan tveimur til fjórum, og á milli þeirra eru flatar áreyrar. Nyrðri og syðri mörk þessara hreyfanlegu kvísla koma mjög greinilega fram á loftmyndum og við vettvangsskoðun. Að norðanverðu er þannig greinilegur bakki, sem liggur rétt sunnan við meðfram þjóðveginum. Annar yngri bakki kemur fram enn sunnar, þar sem Brúsholtslækur fellur fram af mólendri eyri niður á valllendisengi. Ekki liggja fyrir gögn um breytingar á kvíslum Flókadalsár á fyrri öldum, en ætla má út frá reynslu og athugunum landmótunarfræðinga annars staðar, að náttúruleg sveifla í legu vatnskvíslannna frá norðurbakka farvegar til suðurbakka geti tekið nokkra áratugi til fáeinar aldir.

Af elstu kortaheimild um legu Flókadalsár, þ.e. korti danska herforingjaráðsins í mælikvarðanum 1:50 000, sem prentað var árið 1911, má ráða, að Flókadalsá hafi á móts við Brúsholtslæk, þar sem þjóðvegurinn fer yfir hann, runnið nærri norðurbakka sínum, þegar landmælingin var gerð, og mjög nærri þeim stað, þar sem Brúsholtslækur sveigir nú til vesturs, eftir að hann fellur niður á flatlendi. Samanburður á þessu korti og nýjasta

prentuðu landakorti af svæðinu, gróðurkorti á dskj. 53, sýnir, að farvegur Flókadalsár hefur nær ekkert breyst, þar sem áin rennur á berggrunni austar og vestar í þröngum farvegi, og ber kortunum þar vel saman, en hins vegar eru vatnskvíslar á eyrum mjög frábrugðnar. Telja verður því augljóst, að þessi munur á kortunum eigi sér náttúrulegar skýringar í hegðun dragárinnar, en að mæliskekkjur skipti ekki máli, enda er vandséð, hvernig þær ættu að tengjast gerð berggrunnsins.

Orðalag landamerkjabréfsins frá 1884 fyrir Brúsholt kemur illa heim við staðhætti, eins og þeir eru nú. Þar sem lækurinn sameinast nú ánni, þrengja klapparholt að henni beggja vegna og ekki um neitt móahorn að ræða þar útsunnan til við ána, enda hefði tæplega þurft frekari kennileiti en ána sjálfa á þeim stað. Ekki getur núverandi lækjarfarvegur heldur talist liggja nærri beinni stefnu niður að Flókadalsá, eins og segir í landamerkjabréfi Brúsholts. Orðalag landamerkjabréfs fyrir Brúsholt fellur betur að staðháttum, ef Flókadalsá hefur kvíslast um norðurhluta farvegseyranna, þegar bréfið var samið, og þá getur miðið á móahorn einnig vel staðist.

Málsaðila greinir á um legu móahorns, sem tilgreint er í landamerkjabréfi Brúsholts útsunnan til við Flókadalsá. Stefnandi heldur því fram, að móahornið eigi við holtið vestan við Brúsholtslæk, þar sem hann rennur í Flókadalsá við brúna. Stefndi heldur því fram í kröfugerð sinni, að móahorn eigi við melhól við suðurmörk flatlendisins, og merkir staðinn D á mynd 3, dskj. nr. 52. Tvö slík mólendisholt mynda tanga eða horn út í láglendið, sem Flókadalsá kvíslast um. Holtið, sem stefndi tilgreinir með punkti D, er hið austara og liggur sem næst í suður frá þeim stað, er þjóðvegurinn liggur yfir Brúsholtslæk. Vitnaleiðslur hafa ekki leitt í ljós nánari staðsetningu móahornsins. Ekki verður á það fallist, að staðsetning stefnanda geti átt við móahorn útsunnan til við Flókadalsá, heldur verður að ætla, að lýsingin eigi við stað, sem er suðvestan megin við ána. Ekki verður heldur séð, að staður D á dskj. 52 sé í suðvesturstefnu frá neinum þeim stað, sem ætla má, að Brúsholtslækur hafi runnið í Flókadalsá. Til þess er staður D of austarlega. Dómendur telja, að vestara móaholtið geti svarað til lýsingar í landamerkjabréfi Brúsholts frá 1884.

Orðalag í landamerkjabréfi Skóga getur fyllilega átt við staðhætti nú, en engu síður við norðlægari legu Flókadalsár.

Að tilhlutan málsaðila hefur Bjarni Johansen byggingatæknifræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu, sem lagður hefur verið fram í málinu á dskj. nr. 69. Einnig hefur Skúli Jóhannsson verkfræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu að tilhlutan stefnanda, dskj. nr. 71. Á uppdrætti þessa eru dregnar markalínur, sem aðilar málsins krefjast, að dæmdar verði.

Dómurinn getur hvorki fallist á kröfugerð stefnanda né stefnda af ástæðum, sem hafa verið raktar hér að framan.

Að tilhlutan dómsins hefur Bjarni Johansen byggingatæknifræðingur fært inn á uppdrátt af þrætulandinu niðurstöður dóms þessa.

Á þeim uppdrætti er punktur merktur F sá staður, sem Brúsholtslækur hefur áður fyrr fallið í Flókadalsá að mati dómsins. Fyrir neðan þennan stað telur dómurinn óhugsandi að nota Brúsholtslæk sem landamerki, enda er farvegur hans þar aðgerðarlítill og óstöðugur og ræðst fremur af rennsli Flókadalsár á hverjum tíma en eigin rennsli, eins og fyrr er rakið, og er það að mati dómsins skýring á því, að í landamerkjabréfi Brúsholts er móahorn útsunnan til við Flókadalsá notað sem endapunktur landamerkjalínunnar.

Á framangreindum uppdrætti Bjarna Johansens er staður merktur G sá staður, sem dómurinn telur vera móahorn útsunnan til við Flókadalsá og svara til lýsingar í landamerkjabréfi Brúsholts frá 1884, eins og áður segir.

Lögmenn málsaðila hafa lýst yfir því, að ekki sé ágreiningur um merki milli jarðanna ofan núverandi þjóðvegar, en gera kröfu um, að þau verði staðfest af dóminum.

Dómurinn telur sannað, að Stóraeyri hafi verið nytjuð til slægna frá Brúsholti, en hún er austan kröfulínu stefnanda, eins og áður hefur fram komið.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, ákveðast landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts svo sem tilgreint er á meðfylgjandi uppdrætti Bjarna Johansens byggingatæknifræðings þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni, punktur merktur E, að punkti merktum F, og þaðan í Flókadalsá eftir línu, sem dregin er á milli punktanna F og G.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Rúnar Guðjónsson sýslumaður, dómsformaður, og meðdómsmennirnir dr. Jón Eiríksson jarðfræðingur og Gísli Kjartansson héraðsdómslögmaður.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts ákveðast þannig: Brúsholtslækur úr Bláfinnsvatni, punktur merktur E á framangreindum uppdrætti, að punkti merktum F, og þaðan í Flókadalsá eftir línu, sem dregin er á milli punktanna F og G.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 25. september 1991.

Nr. 219/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ágústi Sigurði Ágústssyni
(Kjartan Ragnars hrl.).

Bifreiðar. Ölvunarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öllu leyti ásamt greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Ágúst Sigurður Ágústsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Ár 1991, föstudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 178/1991: Ákæruvaldið gegn Ágústi Sigurði Ágústssyni, sem tekið var til dóms 26. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. janúar 1991, á hendur ákærða, Ágústi Sigurði Ágústssyni múrara, Arahólum 2, Reykjavík, kt. 080448-4149, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 29. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-65660 um Öndverðarnesveg í Grímsnesi í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, komu lögreglumennirnir Svanur Kristinsson og Jóhanna Guðjónsdóttir að ákærða í bifreið hans, R-65660, aðfaranótt sunnudagsins 29. júlí 1990, þar sem hún stóð á Öndverðarnesvegi í Grímsnesi. Ákærði sat undir stýri bifreiðarinnar, og var hann ölvaður. Í viðræðum við lögreglumennina kvað hann eiginkonu sína hafa ekið bifreiðinni, en þeim sinnast 10-20 mínútum áður og hún þá drepið á aflvélinni og horfið af vettvangi. Við athugun reyndist útblástursrör bifreiðarinnar afar heitt viðkomu, og hefur Svanur Kristinsson borið fyrir dómi, að hiti þess hafi verið slíkur, að ekki samrýmdist framburði ákærða um það, hvenær drepið hefði verið á vélinni. Ákærði hélt enn fast við frásögn sína við skýrslutöku hjá lögreglu um nóttina. Kvaðst hann hafa sest undir stýri bifreiðarinnar til að lýsa á eftir eiginkonunni, þar sem hún hljóp frá bifreiðinni. Við yfirheyrslu síðar um daginn breytti ákærði framburði sínum og kvaðst hafa fengið ókunnugan mann til að aka bifreiðinni. Hefur hann haldið fast við þennan framburð fyrir dómi, en enga frekari grein getað gert fyrir ætluðum ökumanni. Þá hefur ákærði borið fyrir dómi, að hann hafi fært sig yfir í ökumannssætið til að tendra ökuljós bifreiðarinnar og eiga þannig hægara með að fylgjast með því, hvenær myndi stytta upp.

Allur framburður ákærða um málsatvik þykir ótrúverðugur og á köflum fjarstæðukenndur og því ekki marktækur að áliti dómsins. Þegar hins vegar eru virt þau atvik málsins, að komið var að ákærða ölvuðum í ökumannssæti bifreiðarinnar, að ræsilykill stóð í kveikjulás hennar, að útblástursrör hennar var afar heitt viðkomu og að ákærði hefur orðið tvísaga, bæði um það, hver ekið hafi bifreiðinni, og um ástæðu þess, að hann settist í ökumannssætið að akstri loknum, þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni greint sinn, en ákærði var samkvæmt eigin framburði undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið, og er það í samræmi við framburð lögreglumannanna og niðurstöðu fyrir-

liggjandi alkóhólrannsóknar. Þykir ákærði með akstri bifreiðarinnar hafa gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1967 5/8 Vestmannaeyjar. Sátt: 200 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1969 5/6 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1.mgr. 155. gr. alm. hgl.
1985 15/11 Sakadómur Rvík. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 24.10.85.

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun sviptingarinnar ber að líta til dómsáttar frá 15. nóvember 1985, sem hefur ítrekunaráhrif að þessu leyti. Ber því nú að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja. Samkvæmt 102. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., krónur 25.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Sigurður Ágústsson, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú ár frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., 25.000 krónur.

Miðvikudaginn 25. september 1991.

Nr. 157/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kjartani Ólafssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði yrði jafnframt dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Málsvarnarlauna er ekki krafist.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og færslu brota til refsiákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Tilvísun héraðsdóms til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við um ákvörðun refsingar ákærða. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun refsingar ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði var dæmdur í 3 mánaða varðhald skilorðsbundið í 3 ár í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl 1990 fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða, sem hér er til meðferðar, var framið fyrir uppsögu þess dóms. Samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga þykir þó mega láta skilorðsdóminn haldast, þar sem brotin eru mjög mismunandi tegundar. Ákveða ber ákærða refsingu fyrir brot þess máls, er hér er til meðferðar, sem hegningarauka við brot fyrra málsins samkvæmt 78. gr. sömu laga. Að þessum sjónarmiðum athuguðum ber að ákveða ákærða eins mánaðar varðhald.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar að frátöldum málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, en þeirra er ekki krafist. Nánar greinir um ákvörðun áfrýjunarkostnaðar í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Ólafsson, sæti varðhaldi í einn mánuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 28. janúar 1991.

Ár 1991, mánudaginn 28. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1888/89: Ákæruvaldið gegn Kjartani Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 4. september 1989, gegn ákærða, Kjartani Ólafssyni sjómanni, með lögheimili að Túngötu 6, Grindavík, áður til heimilis að Miðvangi 77, Hafnarfirði, nú með dvalarstað að Reynimel 82, Reykjavík, kt. 301157-5689, fæddum í Hafnarfirði, „fyrir að aka mánudaginn 19. júní 1989, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni M-3120 um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Freyjugötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Dómari fékk mál þetta til meðferðar frá öðrum dómara 25. júní sl.

— — —

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði þrisvar sætt refsingu og sviptingu ökuleyfis, síðast 1985 (45 daga varðhald og ævilöng ökuleyfissvipting). Einnig hefur hann tvisvar sæst á sektargreiðslu fyrir að aka bifreið öku-

leyfislaus. Hinn 11. apríl 1990 var hann dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið varðhald fyrir líkamsárás.]

Dómsáttin frá 13. júní 1985, dómurinn frá 3. desember sama ár, dómsátt frá 16. janúar 1987 og dómur 12. febrúar 1988, allt afgreiðslur úr sakadómi Reykjavíkur, hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði var dæmdur í þriggja mánaða varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl sl. fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955, og verður hin skilorðsbundna refsing ákærða, Kjartans, samkvæmt dóminum frá 11. apríl sl. felld inn í þá refsingu, sem honum verður nú ákvörðuð, en brot ákærða í máli þessu er framið fyrir uppsögu framangreinds dóms og því ekki rof á skilorði hans. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi, en fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og skal hún þá niður falla, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 26. september 1991.

Nr. 378/1991. **Valdimar Hrafnsson**

gegn

Ístré hf.

Kærumál. Kæruheimild. Skiptaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. september sl. Kærður er úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. s. m. Krefst sóknaraðili þess aðallega, „að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfur kæranda um, að gerð afsals dánarbúsins fyrir eignarhluta þess í Brautarholti 22, Reykjavík, verði hagað þannig, að þar verði hinum afsalaða eignarhluta rétt lýst sem hluta af húsinu Brautarholti 22, Reykjavík, bæði hvað varðar stærð á einstökum hæðum hússins með vísun í teikningar, eftir því sem við á, og sem hlutfall af húsinu öllu. Einnig verði áskilið samþykki þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta við afsölunina, vegna breytinga á hinum afsalaða eignarhluta, og útgáfa afsalsins verði að svo stöddu látin bíða, þar til kaup- og verksamningsskjöl málsaðila hafa verið efnd af stefnda að fullu".

Til vara krefst sóknaraðili ómerkingar hins kærða úrskurðar og meðferðar málsins, frá því að það var tekið til úrskurðar í skiptarétti Reykjavíkur, og heimvísunar málsins til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerði þá kröfu í héraði, að skiptaráðandinn í Reykjavík gæfi án frekari tafa út afsal til hans fyrir eignarhluta dánarbús Hrafns Jónssonar í fasteigninni nr. 22 við Brautarholt í Reykjavík, sem skiptaráðandinn seldi honum með kaupsamningi 27. apríl 1990 fyrir hönd dánarbúsins. Krafa þessi var tekin til greina með hinum kærða úrskurði gegn mótmælum sóknaraðila, sem hafði krafist að afsal yrði ekki gefið út að svo stöddu eða aðeins með breyttu efni. Úrskurður skiptaréttar er því um réttmæti kröfu til eigna í bú og sætir ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. b-lið 2. tl. 1. mgr. 21.

gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Valdimar Hrafnsson, greiði varnaraðila, Ístré hf., 15.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. september 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þess hinn 2. september 1991.

Sóknaraðili, Ístré hf., kt. 661187-2269, gerir þær kröfur, að skiptaráðandinn í Reykjavík gefi án frekari tafa út afsal til sóknaraðila fyrir þeim eignarhluta dánarbús Hrafns Jónssonar, sem skiptaráðandi seldi sóknaraðila fyrir hönd dánarbúsins með kaupsamningi, dags. 27. apríl 1990.

Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi dánarbúsins og/eða Valdimars Hrafnssonar, sem mótmælt hafi útgáfu afsalsins og sé ranglega talinn varnaraðili þessa máls, auk þess sem hann sem slíkur hefji málsóknina með framlagningu varnargreinargerðar og framlagningu skjala. Eigi slík málsmeðferð sér hvergi stoð í íslenskri réttarframkvæmd eða réttarfari, og ætti þetta eitt út af fyrir sig að varða frávísun. Hins vegar vilji sóknaraðili fá efnislausn í málinu. Í munnlegum málflutningi lýsti lögmaður sóknaraðila yfir, að hann vefengdi ekki vald skiptaráðanda til að leysa úr þeim ágreiningi, sem hér er til umfjöllunar, og ítrekaði óskir um að fá efnislausn í málinu.

Varnaraðili, Valdimar Hrafnsson, kt. 241136-4429, Appleton Way, Venice, Los Angeles, CA 90291, Bandaríkjunum, gerir þá kröfu aðallega, að úrskurðað verði með rökstuddum úrskurði, að afsal verði að svo stöddu ekki gefið út, fyrr en fyrir liggi í leiðréttu afsali:

A. Rétt lýsing á hinum ráðgerða afsalaða eignarhluta dánarbúsins, hvað varði breytingar frá þegar þinglýstum eignarrétti dánarbúsins, annars vegar vegna skipta á rýmum við Valdimar Hrafnsson á 1. hæð og í kjallara, sem búið gerði á skiptafundi 7. maí 1989, og hins vegar vegna samkomulags um beinan aðgang að rými Valdimars Hrafnssonar á 1. hæð frá Brautarholti um hinn ráðgerða afsalaða séreignarhluta.

B. Endurreiknuð stærðarhlutföll hins ráðgerða afsalaða séreignarhluta í öllu húsinu Brautarholti 22, Reykjavík, og þar með eignarhlutföllum annarra eigenda hússins vegna stækkunar hússins á árunum 1990 og 1991.

C. Vísun til opinberra gagna, úttektar brunamálayfirvalda og heilbrigðisyfirvalda, sem staðfesta, að sóknaraðili hafi efnt að fullu ákvæði kauptilboðs og kaupsamnings í rskj. nr. 4 og nr. 5 um endurbætur á hinum afsalaða séreignarhluta og sameiginlegum hlutum hússins Brautarholts 22, sem varða rekstur gistiheimilis í séreignarhlutanum.

D. Áskilnaður um skriflegt samþykki allra eigenda hússins, að því er varðar breytingar á sameiginlegum hlutum hússins og felast í hinni ráðgerðu afsalsútgáfu, og áskilnaður um samþykki Valdimars Hrafnssonar á þeim atriðum, sem sérstaklega varða eignarhluta hans í húsinu.

Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað eftir mati réttarins vegna reksturs máls þessa fyrir skiptaréttinum ásamt virðisaukaskatti.

Til vara krefst varnaraðili þess, að ágreiningi um séreignarhluta og sameignarhluta milli málsaðila verði lýst í ráðgerðu afsali og krafist verði árituna allra sameigenda á afsalið, en ella skrifleg og staðfest gögn um (sic), að allir eigendur hússins hafi sannanlega átt þess kost að árita afsalið á tveggja vikna samþykkisfresti. Krafist er málskostnaðar með sama hætti og í aðalkröfu.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

— — —

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Ístrés hf., þess efnis, að honum verði gefið út afsal vegna fasteignarinnar Brautarholts 22, Reykjavík, í samræmi við kaupsamning milli hans og dánarbús Hrafns Jónssonar, er tekin til greina.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 26. september 1991.

Nr. 173/1989. **Ólafur L. Baldursson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
og gagnsök.

Stjórnsýsla. Sjálftaka. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að héraðsdómi verði hrundið og kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, það er, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða 1.350.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1988 til greiðsludags. Hann krefst þess enn fremur, að vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af dómkröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var bygging sú, sem um er deilt í máli þessu, reist í heimildarleysi á árunum 1966 til 1967. Aðaláfrýjandi keypti húsið árið 1981, og var það þá orðið veðrað og vantaði í það útidyrahurð og glugga samkvæmt framburði hans sjálfs. Eftir það var ekkert unnið við húsið af hans hálfu, þar til það var rifið í mars 1988. Ljósmyndir, sem teknar voru, rétt áður en húsið var rifið, svo og framburður vitna gefa til kynna, að það var ónýtt. Aðaláfrýjanda hefði því borið að rífa það á eigin kostnað, ef hann hefði fengið fyrirmæli yfirvalda um það.

Sú lagaskylda hvíldi á gagnáfrýjanda að tilkynna aðaláfrýjanda um brottnám hússins. Gagnáfrýjandi getur ekki borið það fyrir sig,

að hann hafi ekki vitað, hver eigandi hússins var, því að það átti honum að vera auðvelt. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um bótaábyrgð gagnáfrýjanda gagnvart aðaláfrýjanda á því tjóni, sem hann varð fyrir vegna niðurrifs hússins. Eins og að framan greinir, var umrædd eign nánast einskis virði, en ekki er þó loku fyrir það skotið, að aðaláfrýjandi hefði getað notfært sér hana að einhverju leyti. Þykir rétt að láta sitja við ákvörðun héraðsdóms á bótafjárhæðinni og staðfesta niðurstöðu hans.

Rétt þykir að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 24. febrúar 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ.m., hefur Ólafur L. Baldursson, Grettisgötu 61, Reykjavík, höfðað gegn sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhreppps, Gullbringusýslu, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.350.000, auk 45,6% ársvaxta frá 1. apríl 1988 til birtingar stefnu (7. júní 1988), en síðan með hæstu lögleyfðu vöxtum til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 1. apríl 1989. Enn fremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er sú dómkrafa gerð aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Hann krefst þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

II.

Stefndi eignaðist með afsali, dags. 16. október 1981, sem var þinglesið 9. nóvember s.á., jörðina Knarrarnes II (Stóra-Knarrarnes, Austurbær) í Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. Í kaupsamningi, dags. 26.9. 1981, er tekið fram, en hins vegar ekki í afsali, að kaupin taki til hálfbyggðs sumarbústaðar. Húsið mun hafa verið reist 1966-1967 og verið ætlað sem bænhús, en á jörðinni starfræktu Hvítasunnumenn þá heimili til hjálpar drykkjusjúkum.

Mánudaginn 28. mars 1988 kærði stefnandi til lögreglunnar í Keflavík vegna þjófnaðar á framangreindu húsi. Kvað hann það hafa verið í fok-

heldu ásigkomulagi, og hefði hann komið síðast að því um næstliðin áramót, en það verið horfið ásamt byggingarefni, sem hefði verið í því, er hann kom á staðinn þá um morguninn. Vísaði stefnandi lögreglumönnum á steypta plötu í um 600 m fjarlægð frá íbúðarhúsi jarðarinnar, u.þ.b. 50 m^2, sem húsið hefði verið boltað niður á. Það hefði verið (tré-)grind með (Oregon-pine-)klæðningu og (bárujárns-)þaki, en ólokið að innan (verið einn geimur). Í ljós kom, að sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps hafði látið rífa húsið. Kvað hann aðgerðina hafa verið lið í hreinsun, sem staðið hefði yfir á þeim misserum í framhaldi af samþykktum hreppsnefndar og byggingarnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og heilbrigðisnefndar Suðurnesja. „Það rusl, sem fjarlægt hefur verið, var tekið út af heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, Magnúsi Guðjónssyni , og Brynjólfi Guðmundssyni verkfræðingi, byggingarfulltrúa hreppsins, auk undirritaðs. Einnig eru til ljósmyndir af vettvangi." Með bréfi, dags. 30. mars 1988, krafði sveitarstjórinn stefnanda um greiðslu reiknings, að fjárhæð kr. 33.000, „sem er komin til vegna hreinsunar hreppsins á byggingarleifum, sem héngu uppi skammt frá Stóra-Knarrarnesi..."

Stefnandi kveður sér aldrei hafa verið tilkynnt, að rífa ætti húsið, enda hefur því eigi verið haldið fram af hálfu stefnda. Hann kveðst hafa ætlað sér að ljúka við byggingu þess, þar sem það hafi verið í ágætu ástandi og aðeins þurft að ljúka innréttingu þess, til að það yrði íbúðarhæft, auk þess sem gler vantaði í glugga.

Umrætt „hús" hafði ekki verið virt af Fasteignamati ríkisins eða til brunatrygginga og fasteignagjöld ekki verið greidd af því.

III.

Stefnandi vísar dómkröfum sínum til stuðnings til 67. gr. stjórnarskrárinnar og almennu skaðabótareglunnar, en stefndi beri fulla fébótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Sérstaklega er á það bent, að engar tilkynningar, viðvaranir eða tilmæli hafi verið send stefnanda um, að sveitarfélagið ætlaði að rífa húsið. Ekki hafi verið um að ræða þörf stefnda eða neyðarrétt honum til handa til þess að rífa húsið.

Skaðabótakrafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

1.	Áætlun Þins hf. um endurbyggingu hússins með uppsetningu, en án glugga, hurða og glers	Kr.	770.000
2.	Áætlaður kostnaður við gerð nýs grunns og plötu	"	350.000
3.	Byggingarefni, timbur og járn, sem var í húsinu, er það var rifið	"	45.000
4.	Áætlaður kostnaður við að fjarlægja steyptan grunn, húsplötu og við lagfæringu lands	"	85.000

5. Ómaksbætur	"	100.000
Samtals	Kr.	1.350.000

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að umrædd bygging hafi verið reist í heimildarleysi á skipulagsskyldu svæði. Hún hafi verið ónýt og verðlaus, auk þess sem af henni stafaði slysahætta, og hafi borið að fjarlægja hana með hliðsjón af skipulags-, byggingar- og heilbrigðislöggjöf. Brottnám byggingarleifanna hafi verið heimilt samkvæmt þeirri reglu, að menn verði að þola bótalaust almennar takmarkanir á eignarráðum. Það, að stefnanda var ekki tilkynnt um brottflutning, geti ekki eitt sér og sjálfstætt leitt til bótaskyldu. Þar við bætist, að mannvirkið hafi verið þannig staðsett, að ekki varð ráðið, hver gæti verið eigandi þess, og þinglýsingabækur greini ekki frá eignarheimild.

Varakröfu sína rökstyður stefndi þannig:

1) Mat Þins hf. verði ekki lagt til grundvallar, enda feli það ekki í sér mat á verðmæti umrædds mannvirkis, heldur mat á kostnaði við byggingu nýs sumarbústaðar.

2) Kröfuliðum 2 og 4 er mótmælt, þar sem grunnurinn standi enn og ekkert því til fyrirstöðu að byggja á honum, ef tilskilin leyfi fáist.

3) Lagaheimild skorti samkvæmt 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, til að dæma ómaksbætur, sbr. 5. lið í sundurliðun stefnanda.

4) Kröfulið nr. 3 er mótmælt, þar sem ekkert nýtanlegt efni, hvorki járn né timbur, hafi verið inni í húsinu.

Um lagarök er af hálfu stefnda vísað til laga 19, 1905, um byggingarsamþykktir fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, sbr. augl. nr. 23, 1967, og augl. nr. 54, 1967, skipulagslaga nr. 19, 1964, byggingarlaga nr. 54, 1978, byggingarreglugerðar nr. 292, 1979, laga nr. 12, 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar nr. 45, 1972, og lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 456, 1980.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki sérstaklega andmælt.

IV.

Lögð var fram í málinu svofelld yfirlýsing Guðmundar B. Jónssonar, fyrrv. byggingarfulltrúa Vatnsleysustrandarhrepps, dags. 15. júní 1988:

„Frá 1958, er ég undirritaður var ráðinn byggingarfulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps og hafði það starf í rúm 20 ár, að aldrei hafi komið fyrir eyru mín né augu beiðni um byggingu húss þess, sem staðsett hafði verið á klöppum utan túngirðinga Stóra-Knarrarness 2, þá, að ég taldi, í óskiptu landi.

Frétti ég síðar, að þetta ætti að vera safnaðarheimili Hvítasunnusafnaðar að tilhlutun starfsmanna af Keflavíkurflugvelli (hermanna). Var þetta frum-

kvæði gjörsamlega án vitundar byggingarnefndar Vatnsleysustrandarhrepps.

Taldi ég, að bygging þessi væri til bráðabirgða, enda leit svo út, að þeirri byggingu hafi aldrei verið lokið, og að síðustu voru glögg merki þess, að vindur og vatn væri farið að vinna á þessu mannvirki, enda orðið lítið til sóma fyrir vegfarendur.“

Guðmundur B. Jónsson staðfesti yfirlýsinguna fyrir dóminum.

Einnig var lagt fram vottorð Magnúsar H. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra heilbirgðiseftirlits Suðurnesja, dags. 21. júní 1988, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að undirritaður fór í umhverfisskoðun í Vatnsleysustrandarhrepp þann 9. sept. 1987 ásamt sveitarstjóra og byggingarfulltrúa. Tilgangur skoðunarinnar var að ákveða, hvaða drasli skyldi hent það haustið. Í þessari ferð var sveitarstjóra bent á feyskinn skúrræfil, er staðið hafði óhreyfður í nærri tvo áratugi umhverfinu til lýta. Skúrinn var upphaflega ætlaður sem bænhús.

Sveitarstjóra var jafnframt bent á skyldur sveitarstjórnar til að fjarlægja drasl af lóðum og lendum í hreppnum samkv. 42. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972. Það var samdóma álit viðstaddra, að skúrinn væri ónýtur og stafað gæti af honum slysahætta vegna hugsanlegs foks.“

Fyrir dóminum bar Magnús H. Guðjónsson, að umhverfislýti og slysahætta hefði verið af húsinu og ekkert verðmæti fólgið í því eða drasli, sem í því var.

Við greinda skoðun voru teknar af húsinu ljósmyndir, sem fram hafa verið lagðar.

Vitnið Brynjólfur Guðmundsson hefur sem starfsmaður Verkfræðistofu Suðurnesja annast verkefni byggingarfulltrúa Vatnsleysustrandarhrepps. Hann kvað hafa verið um að ræða hálfbyggt timburhús, þar sem auk glugga og dyra hafi vantað hálfa norðurhlið, sem vissi að hafi í um 50 m fjarlægð. Þakjárn hafi verið rygðað, viður fúinn og húsið stagað að innan með spýtum og böndum. Mikil hætta hafi verið á hruni og foki og húsið mjög til óprýði. Ekkert verðmæti hafi verið í efniviði hússins eða í efni, sem í því var geymt. Hann kvað byggingarleyfi ekki myndu hafa fengist til áframhaldandi byggingar vegna ástands efniviðar og grunns, sem hafi verið ólöglegur, þar sem hlaðnir steinar hafi verið með úthring steyptrar botnplötu í stað sökkuls.

Vitnið Vilhjálmur Kristinn Eyjólfsson framkvæmdastjóri annaðist um að rífa umrætt hús og fjarlægja byggingarleifar. Hann kvað þakið, sem klætt var litlum járnbútum, ekki hafa virst þola, að á því væri staðið. Er slegið hafi verið í krossviðarplötu til að losa hana frá bitum, hafi hlið hússins gengið í heilu lagi út fyrir botnplötu. Húsið hafi þannig virst vera að hruni komið og viðir þess fúnir, a.m.k. niðri við botnplötu. Dót, sem í húsinu

var, hafi stutt það að einhverju leyti, einkum haugur af timbri, vatnsósa „batningum". Að mati vitnisins var verðmæti ekki fólgið í öðru en nokkrum nýlegum járnplötum, sem voru inni í húsinu.

Ekki þykir ástæða til að rekja dómskýrslur annarra, stefnanda, sveitarstjóra stefnda og vitnanna Einars J. Gíslasonar prests, sem átti jörðina Knarrarnes II um skeið, og Sesselju Sigurðardóttur, sem hefur um langt árabil átt heima á nágrannajörðinni Hellum. Þess eins er hér getið, að Sesselja kvaðst ekki hafa orðið vör foks byggingarefnis frá húsi því, sem um ræðir í málinu.

V.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að svo brýn nauðsyn hafi verið á tafarlausu niðurrifi húss stefnanda, að það hafi verið heimilt án undangenginnar tilkynningar til hans samkvæmt þeim lögum eða réttarreglum öðrum, sem til álita koma og vísað er til af hálfu stefnda. Þykir stefndi bera bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni, sem honum verður þannig talið hafa verið valdið.

Við ákvörðun bóta þykir ekki fært að meta „húsið" sem fasteign, enda var það byggt í óleyfi, og fullyrt verður, að leyfi til að ljúka smíði þess hefði ekki fengist, m.a. vegna þess, að undirstöður eru ófullnægjandi, sbr. gr. 7.1. byggingarreglugerðar nr. 292, 1979.

Það er mat hinna sérfróðu meðdómenda miðað við það, sem fram hefur komið um ástand hússins og þess efnis, sem í því var geymt, að hæfilegar bætur vegna byggingarefnis séu kr. 100.000 (liðir 1 og 3). Með vísan til þess, sem getið hefur verið um ófullnægjandi gerð undirstaðna hússins auk heimildarlausrar byggingar þess, þykir ekki rétt að dæma stefnanda bætur á grundvelli liða 2 og 4 í dómkröfum hans. Þá ber að sýkna stefnda af kröfu um ómaksbætur (liður 5), þar sem hana skortir lagastoð.

Niðurstaða málsins er því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda bætur, að fjárhæð kr. 100.000, ásamt vöxtum, svo sem krafist hefur verið, og ákveðast vextir frá birtingardegi stefnu til greiðsludags dráttarvextir, sem Seðlabanki Íslands ákveður mánaðarlega og birtir í Lögbirtingablaði samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 55.000.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28, 1981, og 4. mgr. 194. gr. sömu laga ákveðst 15 dagar.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Björn Árnason og Jóhann Bergmann bæjarverkfræðingar kveða upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, sveitarsjóður Vatnsleysustrandarhrepps, greiði stefnanda, Ólafi L. Baldurssyni, kr. 100.000 ásamt 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 7. júní s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags, og bætist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 55.000.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Fimmtudaginn 26. september 1991.

Nr. 382/1988. **Elís G. Þorsteinsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Laxárdalshreppi
(Páli A. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Landamerkjamál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1988. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að landamerki milli jarðanna Hrappsstaða og Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar sé lína frá Digruvörðu, dregin úr punkti, merktum D, til punkts, merkts A, á uppdrætti Bjarna Johansens, byggingartæknifræðings frá í ágúst 1988 á héraðsdómsskjali nr. 20". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með gagnstefnu 1. desember 1988. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að landamerki milli framangreindra jarða „frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar skuli vera bein lína úr punkti D í punkt E og þaðan í punkt B á uppdrætti Bjarna Johansens byggingatæknifræðings frá í ágúst 1988 á héraðsdómsskjali nr. 20". Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málflutningur um formhlið máls þessa fór fram í Hæstarétti 23. september sl. Af hálfu aðaláfrýjanda var þess þá krafist aðallega, að málið yrði tekið til efnismeðferðar í Hæstarétti, en til vara, að málsmeðferð í héraði yrði einungis ómerkt frá og með aðalflutningi 13. ágúst 1988 og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Af hálfu gagnáfrýjanda var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Mál þetta var fyrst tekið fyrir á aukadómþingi Dalasýslu 30. nóvember 1987 samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965. Sættir tókust ekki í þinghaldi þessu, og varð þá ljóst, að skera varð úr ágreiningi aðila með dómi. Meðferð málsins eftir það hlaut að lúta almennum reglum laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 44. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem stefna var eigi gefin út í málinu af hálfu aðaláfrýjanda, bar í upphafi málsmeðferðar að fá fram greinilega kröfugerð hans og greinargerð, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Á þetta skorti, og var eiginleg kröfugerð aðaláfrýjanda fyrst lögð fram í þinghaldi 5. mars 1988, sama dag og greinargerð gagnáfrýjanda var lögð fram.

Gagnaöflun í málinu er og með verulegum annmörkum. Dómsformaður hafði frumkvæði að vettvangsskoðun og vottorðsgjöf Jóns og Sigurbjörns Sigtryggssona, án þess að aðilar eða umboðsmenn þeirra væru til kvaddir. Vottorðsgjafarnir komu ekki fyrir dóm, en svo virðist sem niðurstaða héraðsdóms sé meðal annars byggð á vottorði þeirra. Einnig ber til þess að líta, að uppdráttur af þrætulandinu með öllum viðmiðunarpunktum aðila var ekki lagður fram fyrr en við dómsuppsögu 26. september 1988. Þá skortir á, að aðilar hafi lagt sig fram um að afla viðhlítandi gagna um staðsetningu Brekkuhöfða.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki tekin efnisleg afstaða til varakröfu gagnáfrýjanda um, að viðurkennt verði, að hann hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði samkvæmt lögum nr. 46/1905, svo sem skylt var að gera, þar sem aðalkröfu hans var hafnað.

Þegar litið er til þeirra annmarka á meðferð máls þessa í héraði, sem hér hafa verið raktir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Dalasýslu 26. september 1988.

Sóknaraðili er Elís G. Þorsteinsson, kt. 050929-7619, til heimilis að Hrappsstöðum, Laxárdalshreppi, eigandi jarðarinnar Hrappsstaða í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Varnaraðili er hreppsnefnd Laxárdalshrepps, kt. 420269-1969, umráðamaður jarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Mál þetta var þingfest 30. nóvember 1987 í beinu framhaldi af beiðni sóknaraðila til sýslumanns Dalasýslu í bréfi, dags. 20. október 1987, en þar fer sóknaraðili fram á, að könnuð séu „landamerki milli jarðanna Fjósa og Hrappsstaða", en lönd þessara jarða liggja saman og eiga sameiginleg landamerki milli Hvammsfjarðar og Laxár í Laxárdal. Málið var dómtekið 13. ágúst 1988 að loknum munnlegum málflutningi.

Pétur Þorsteinsson sýslumaður kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnunum Friðriki Jónssyni landbúnaðarráðunaut, Búðardal, og Jóni S. Magnússyni sýslufulltrúa, Stykkishólmi. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Í landamerkjaskrá Dalasýslu frá 1919 segir svo um landamerki Hrappsstaða: „Að sunnan ræður Laxá. Að vestan eru merkin milli Fjósa og Hrappsstaða úr lækjarsytru framanvert við Kistunef, þaðan í Þverrunna og eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar."

Landamerkjalína þessi er óumdeild frá Laxá til Digruvörðu, en um landamerkjalínuna þaðan til sjávar er ágreiningur og þá jafnframt um, hvar staðsetja eigi örnefnið „Brekkuhöfða".

Dómkröfur sóknaraðila eru þær,

1. að staðfest verði, að örnefnið Brekkuhöfði sé sá staður, sem merktur er Brekkuhöfði á dskj. nr. 2,

2. að landamerki Hrappsstaða og Fjósa frá Digruvörðu að sjó, Hvammsfirði, verði ákveðin sem bein lína dregin úr Digruvörðu, svo sem sýnt er á dskj. nr. 2, og merkt sem lína á milli A og D skv. mælingu Bjarna Johansens frá 16.3. 1988, dskj. nr. 17,

3. að Laxárdalshreppur verði dæmdur til að greiða mér, stefnanda, málskostnað, sem bæti mér tímasóun og útlagðan kostnað, þar með talinn ferðakostnaður.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa frá Digruvörðu að sjó verði ákveðin eins og fram kemur á uppdrætti, dskj. nr. 17, þar sem D er Digravarða, E Brekkuhöfði og B, þar sem landamerki koma í sjó, þ.e.a.s. bein lína dregin frá Digruvörðu í Brekkuhöfða og þaðan bein lína til sjávar. *Til vara,* verði aðalkrafa ekki viðurkennd, þá verði viðurkennt með dómi, að stefndi í máli þessu hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði, sbr. lög nr. 46/1905, með óslitinni

notkun hins umdeilda landsvæðis án athugasemdar í það minnsta frá árinu 1964. Einnig er gerð krafa um, að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

— — —

Dómsorð:

Landamerkjalína milli jarðanna Hrappsstaða og Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar er ákveðin samkvæmt uppdrætti Bjarna Johansens byggingatæknis, dags. í ágúst 1988, þ.e. bein lína frá Digruvörðu, merkt D á nefndum uppdrætti, í gamlan girðingarstaur, merktan C á sama uppdrætti, á sjávarbakka, lína þessi skiptir löndum allt til sjávar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 453/1990. **Hreifi hf.**
gegn
Jónasi A. Aðalsteinssyni hrl.
f.h. Sparreboom Kartongage BV.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjandi, Hreifi hf., greiði stefnda, Jónasi Aðalsteinssyni hrl. f.h. Sparreboom Kartongage BV, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 33/1991. **Erna Bjarnadóttir**
gegn
Sigríði L. Sigmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erna Bjarnadóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 195/1991. **Eyjólfur Matthíasson**

gegn

Ábyrgð hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 222/1991. **Plastos hf.**

gegn

Tove Engebretsen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Plastos hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 231/1991. **Hans Ó. Ísebarn og**
Ingvar Á. Ísebarn
gegn
Aðalheiði Ólafsdóttur og
Sigurði Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Hans Ó. Ísebarn og Ingvar Á. Ísebarn, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 236/1991. **Saltfang hf.**
gegn
Héðni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Saltfang hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Héðni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 237/1991. **Saltfang hf.**
gegn
Héðni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Saltfang hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Héðni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 269/1991. **Stefán Gunnar Þengilsson**
gegn
Búnaðarbanka Íslands og Akureyrarbæ.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Gunnar Þengilsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1991.

Nr. 336/1991. **Páll Þorgeirsson og Skúli Pálsson hrl.**

gegn

Kristni Ragnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Páll Þorgeirsson og Skúli Pálsson hrl., sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Fimmtudaginn 3. október 1991.

Nr. 390/1991. **Alda Árnadóttir**
og Fjóla Guðmundsdóttir
gegn
Kreditkortum hf.

Kærumál. Gagnaöflun. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1991, sem barst Hæstarétti 27. september s.á. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur frá 1. júlí 1991, sem kveðinn var upp af Sigrúnu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að leyfa skýrslutöku vitna og leggja til grundvallar úrlausn málsins skjöl nr. 12-19 ásamt öðrum gögnum þess. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfum sóknaraðila um, að Gunnar Bæringsson framkvæmdastjóri, Skipasundi 83, og Finnbjörn Agnarsson deildarstjóri, Jörfabakka 16, báðir í Reykjavík, verði leiddir sem vitni í málinu. Þá er þess krafist, að dómskjöl nr. 12-19 fái ekki komist að í málinu. Enn fremur er krafist málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili höfðaði mál þetta í héraði til heimtu tryggingarvíxils, sem samþykktur er af Lilju Júlíusdóttur, en útgefinn af sóknaraðila, Öldu Árnadóttur, og ábektur af henni og sóknaraðila Fjólu Guðmundsdóttur. Víxileyðublaðið var afhent varnaraðila vegna notkunar samþykkjanda á Eurocard-greiðslukorti. Við víxileyðublaðið er fest skjal, þar sem fram kemur umboð til handa varnaraðila til að fylla það út sem víxil að öðru leyti en varðar nafnritun áðurnefndra aðila, komi til vanskila samþykkjanda á útteknum greiðslum samkvæmt greiðslukortinu. Umboð þetta er dagsett 23. nóvember 1988. Víxillinn er svo eftir efni sínu útgefinn 17. maí 1990.

Efnisvarnir sóknaraðila byggjast á því í héraði, að umboð til að fylla víxileyðublaðið út hafi fallið niður 23. nóvember 1989, þar sem

þá hafi ár verið liðið, frá því að umboðið var gefið út, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 með lögjöfnun. Þá byggja þeir á því, að varnaraðila hafi skort umboð til að fylla víxileyðublaðið út á þann hátt, sem hann gerði. Auk þess hafi sóknaraðilar afturkallað umboðið til varnaraðila, og séu úttektir Lilju Júlíusdóttur eftir þann tíma þeim óviðkomandi. Að lokum halda þeir því fram, að víxillinn uppfylli ekki þær formkröfur, sem gera verði til víxla af þessum toga.

Á bæjarþingi 20. júní sl. lögðu sóknaraðilar fram skjöl nr. 7-19, sem eru kvaðningar til fyrirsvarsmanna varnaraðila, þeirra Gunnars Bæringssonar framkvæmdastjóra og Finnbjörns Agnarssonar deildarstjóra um að koma fyrir dóm, viðvaranir varnaraðila til Lilju Júlíusdóttur varðandi reikning hennar, innköllun hans svo og útskriftir.

Varnaraðili mótmælti strax framlagningu framangreindra skjala á þeim forsendum að þau hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta, sem rekið er að hætti 17. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 208. gr. þeirra laga. Þá mótmælti hann sérstaklega kvaðningu þeirra vitna, sem að framan getur, væri það ætlunin að spyrja þau um efnisatriði, er ekki hafa þýðingu í víxilmáli.

Deiluefni það, sem að framan er lýst, var tekið til frekari meðferðar í héraði 27. júní sl. og úrskurðað 1. júlí sl., svo sem að framan greinir. Úrskurðarorð héraðsdómarans eru eftirfarandi: „Skýrslutaka vitna verður ekki leyfð. Skjöl málsins nr. 12-19 hafa ekki þýðingu í máli þessu." Forsendur hans fyrir þesari niðurstöðu eru þær, að sóknaraðilar hafi ekki fært fram varnir, sem komist að í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Sóknaraðilar hafa kært þennan úrskurð til Hæstaréttar, og er hann hér til meðferðar.

Það athugast, að Gunnar Bæringsson er titlaður framkvæmdastjóri varnaraðila og hefur því aðilastöðu í málinu. Finnbjörn Agnarsson er titlaður deildarstjóri og getur því einnig haft aðilastöðu, sé hann fyrirsvarsmaður varnaraðila varðandi viðskipti þau, er hér um ræðir. Í héraði nefna málflutningsmenn og dómari þá vitni án fyrirvara.

Kæruheimild er í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Varnir þær, sem uppi eru hafðar í héraði af sóknaraðilum, lúta

að útfyllingu varnaraðila á víxlinum, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, og umboði hans til þess. Varnir þessar komast að í víxilmáli samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Skjöl nr. 12-19 komast því að í málinu, og heimilt er að leiða þá Gunnar Bæringsson og Finnbjörn Agnarsson fyrir dóm til að spyrja þá um atriði, er varða útfyllingu víxileyðublaðsins og viðfest umboð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Heimilt er að leiða Gunnar Bæringsson og Finnbjörn Agnarsson fyrir dóm. Skjöl nr. 12-19 komast að í málinu.

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 146/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hinriki Jóni Þórissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars sl. að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess, að hann verði sýknaður af 2. tl. ákæru frá 6. desember 1990 og af ákæru frá 21. janúar sl., en að öðru leyti hljóti hann vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms þykir eiga að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Hinrik Jón Þórisson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. febrúar 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1991: Ákæruvaldið gegn Hinriki Jóni Þórissyni, sem tekið var til dóms 11. þ.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara.

Með ákæru, dagsettri 6. desember sl., er málið höfðað á hendur ákærða, Hinriki Jóni Þórissyni, Laugateigi 19, Reykjavík, kt. 290852-3079, „fyrir eftirgreindan þjófnað, framinn í Reykjavík 1990:

1.

Fyrir að hafa sunnudaginn 29. júlí brotist inn í veitingastað á Klapparstíg 30 og stolið 15 hljómdiskum, áfengisflösku, kassa af bjór og 20 vindlingapökkum.

2.

Aðfaranótt föstudagsins 25. október stolið reiknivél um borð í Guðbjörgu, RE-21, í Reykjavíkurhöfn.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Þá er málið höfðað á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 21. janúar sl., „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. október 1990 stolið útvarps- og segulbandstæki og hátölurum úr bifreið í Grjótaþorpi í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákæra, dagsett 6. desember 1990:

1.

Ákærði í máli þessu, Hinrik Jón Þórisson, hefur við rannsókn og dómsmeðferð málsins skýlaust játað að hafa brotist sunnudaginn 29. júlí 1990 inn í veitingastað við Klapparstíg 30 og stolið þar 15 hljómdiskum, áfengisflösku, kassa af bjór og 20 vindlingapökkum. Varðar þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og studd er öðrum gögnum málsins, við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Kl. 6.08 aðfaranótt föstudagsins 25. október 1990 tilkynnti Hlynur Jóhannsson, kt. 120969-5879, skipverji á bátnum Guðbjörgu, RE 21, sem lá við bryggju í Reykjavíkurhöfn, um innbrot í nefndan bát. Fóru lögreglumenn á vettvang og handtóku þar ákærða og nafngreinda konu, sem með

honum var þar. Á ákærða fannst auk ýmissa annarra hluta, er virtust tengjast fíkniefnaneyslu, reiknivél af gerðinni Casio, og var hún afhent tilkynnanda.

Ákærði hefur kannast við að hafa verið með nefnda reiknivél í vasanum, er lögreglan handtók hann, en kveðst ekki muna eftir að hafa tekið hana um borð í umræddum bát.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Jóhannes Guðmundsson lögreglumaður, sem gerði frumskýrslu lögreglu um málið. Kveður vitnið, að sá, sem tilkynnti um ætlað innbrot, hafi nefnt það, er lögreglumenn komu á vettvang, að horfið hefði úr bátnum reiknivél af gerðinni Casio. Hafi reiknivélin fundist á ákærða í lögreglubifreiðinni og verið afhent tilkynnanda, sem hafi verið skipverji á Guðbjörgu, RE 21.

Með vísan til þess, að reiknivél fannst á ákærða strax eftir handtöku í lögreglubifreiðinni, hún var afhent skipverja um borð í umræddum bát, en hann hafði sagt lögreglu, að hann saknaði vélarinnar, og þess, að ákærði kann enga skýringu á vörslum sínum á henni, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið þessum. Varðar atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 21. janúar 1991:

Um kl. 5.45 aðfaranótt sunnudagsins 28. október 1990 voru lögreglumenn á eftirlitsferð um Vesturgötu, er þeir sáu mann með poka. Reyndist vera um ákærða í máli þessu að ræða. Sýndi hann lögreglumönnunum í pokann, og meðal innihalds hans voru m.a. útvarps- og segulbandstæki fyrir bifreiðar af gerðinni Tec svo og hátalarar af tegundinni Kenwood. Ákærði gaf lögreglumönnum þá skýringu á nefndum munum, að hann hefði keypt þá af vini sínum, Jónasi, sem hann vissi ekki frekari deili á.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu játaði ákærði þjófnað á hljómflutningstækjum úr bifreið, sem hann taldi hafa staðið við fyrstu götu fyrir ofan Grjótaþorpið út frá Vesturgötu, ef talið er frá Nausti.

Fyrir dómi hefur ákærði borið, að hann vefengi ekki að hafa umrædda nótt stolið nefndum munum úr bifreið, en kveðst hafa verið undir svo miklum vímuáhrifum, að hann geti ekki tilgreint með neinni nákvæmni, hvar þjófnaðurinn hafi átt sér stað.

Vitnið Þorbjörn Valur Jóhannesson lögreglumaður, sem gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af ákærða greint sinn, kom fyrir dóm við meðferð málsins. Vitnið kveður ákærða hafa verið handtekinn á gatnamótum Garðastrætis og Vesturgötu, og hafi hann þá m.a. haft í fórum sínum útvarps- og segulbandstæki og hátalara.

Með hliðsjón af framburði ákærða og vísan til annars þess, sem fram er komið í máli þessu, er sannað, að ákærði hefur umrædda nótt stolið

þeim munum, sem í ákæru greinir, úr bifreið í grennd við Grjótaþorp hér í borg. Varðar háttsemin við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru er verknaðurinn sagður hafa verið framinn í Grjótaþorpi, en gögn málsins benda eigi til þess. Um slíkt aukaatriði þykir þó vera að ræða, að eigi varði frávísun, enda vörn ákærða eigi orðið áfátt af þeim sökum, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir 14 refsidómar fyrir auðgunarbrot frá árunum 1971 - 1990 auk tveggja refsidóma, uppkv. í Danmörku.]

Þá hefur ákærði á tímabilinu frá 12. júlí 1971 til 15. nóvember 1989 sæst 21 sinni á sektargreiðslu fyrir dómi, aðallega vegna brota gegn fíkniefnalöggjöfinni og ölvunar á almannafæri.

Hinn 17. júlí 1990 var ákærða veitt reynslulausn af eftirstöðvum 120 daga refsinga samkvæmt dómunum frá 21. febrúar og 27. nóvember 1980 og 16. maí 1990. Rauf ákærði skilorð reynslulausnarinnar, og 28. október sl. tók Fangelsismálastofnun ríkisins þá ákvörðun samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 569/1988, að hann skyldi afplána framangreindar eftirstöðvar. Hóf ákærði afplánun sama dag og þessi ákvörðun var tekin og mun ljúka henni 25. febrúar 1991.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærða, sem samkvæmt sakavottorði sínu verður að teljast síbrotamaður, ákveðin með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hinrik Jón Þórisson, sæti fangelsi sex mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 159/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Tryggva Rúnari Leifssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1991 að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði jafnframt dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er og krafist málsvarnarlauna.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og færslu brota til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1985 tvívegis gengist undir dómsátt um sektargreiðslu fyrir að aka bifreið sviptur ökuréttindum. Þá hefur hann frá sama tíma hlotið fjóra refsidóma, þar sem hann er fundinn sekur um sömu háttsemi auk ölvunar við akstur í þrjú skipti og í fjórða tilvikinu um brot gegn 4., 10. og 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með hliðsjón af framangreindu og atvikum málsins verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. mars 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 151/1991: Ákæruvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars sl., á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni, Grýtubakka 10, Reykjavík, kt. 021051-2179, „fyrir að aka að kvöldi fimmtudagsisn 24. janúar 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni X-2734 frá Sævarsvídeói við Höfðatún í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Sætúni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Fimmtudaginn 24. janúar síðastliðinn um kl. 21.30 veittu lögreglumenn í Reykjavík, sem voru í eftirlitsferð, bifreiðinni X-2734 athygli, þar sem henni var ekið norður Höfðatún og beygt áleiðis austur Sæbraut. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar á Sæbraut við Höfðatún til að kanna ökuréttindi ökumanns. Í viðræðum við ökumann, ákærða í máli þessu, kom fram, að hann væri sviptur ökuréttindum. Var hann því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að fimmtudagskvöldið 24. janúar sl. hafi hann ekið bifreiðinni X-2734, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Sævarsvídeói við Höfðatún í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Sæbraut.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst háttsemi ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1969 til ársins 1986 hlotið tólf refsidóma í héraði fyrir ýmis hegningar- og umferðarlagabrot. Auk þess hefur hann fimm sinnum sæst á sektargreiðslur vegna áfengis- og umferðarlagabrota. Frá árinu 1987 er sakaferill ákærða sem hér segir:

1987 16/9 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1988 5/5 45 daga fangelsi, skb. 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.
1988 7/10 3 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Sviptur ökul. ævilangt.
1989 2/9 Reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, 45 dögum.
1990 31/8 2 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. 45 daga reynslulausn frá 2.9. '89 dæmd með.
1990 26/11 30 daga fangelsi, hegningarauki, f. brot g. 4., 10., 20. og 1. mgr. 48. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 307/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hauki Sigurði Gunndórssyni
(Örn Clausen hrl.).

Umferðarlög. Rangar sakargiftir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Jónatan Þórmundsson prófessor og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. júní 1991, og krefst hann þyngingar á refsingu ákærða.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en refsingu ákærða.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Ákærða gat ekki dulist, að rangar sakargiftir hans voru til þess fallnar að valda hinum sakaða manni verulegum miska. Á hinn bóginn ber að taka tillit til þess, hver viðurlög liggja við umferðarlagabrotum þeim, sem hinar röngu sakargiftir lutu að, sbr. 2. málslið 1. mgr. 148. gr. hegningarlaganna. Brot sín játaði ákærði hreinskilnislega. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 23. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 279/1991: Ákæruvaldið gegn Hauki Sigurði Gunndórssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. þ.m., á hendur ákærða, Hauki Sigurði Gunndórssyni, áður að Laugavegi 27 í Reykjavík, nú að Reykjavíkurvegi 16 í Hafnarfirði, fæddum 28. september 1961, fæðingarnúmer 353.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, ,,fyrir eftirgreind brot á árinu 1990:

I.

Fyrir að aka í myrkri að kvöldi fimmtudagsins 13. september bifhjólinu G-10095 án ökuréttinda austur Suðurlandsbraut í Reykjavík með allt að 91 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla frá Vegmúla.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., staflið a og b, 36. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

II.

Fyrir að hafa, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða vegna ofangreinds umferðarlagabrots, sagst vera Sveinn Sigurður Kjartansson, Laugavegi 27, með kennitöluna 060767-5649, og síðan mætt í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 20. desember sem sá maður og játað sakir og undirritað framburðarskýrslu með því nafni og með þessu leitast við að koma því til leiðar, að Sveinn Sigurður yrði sakaður um brotið, sem gekk eftir, því að Sveinn Sigurður var boðaður í sakadóm Reykjavíkur 22. janúar 1991 og sakaður um það.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudagskvöldið 13. september sl. klukkan 21.35 var bifhjólið G-10095 stöðvað, eftir að tveir lögreglumenn höfðu mælt hraða þess með ratsjá á vegarkafla frá Vegmúla austur Suðurlandsbraut, og sýndi ratsjáin, að hjólinu var ekið með 91 km hraða, en leyfður hámarkshraði á akbrautinni var 50 km. Ratsjáin var í kyrrstæðri lögreglubifreið.

Ökumaður bifhjólsins kvaðst heita Sveinn Sigurður Kjartansson, Laugavegi 27 í Reykjavík. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli hjólsins, en rengdi ekki mældan hraða. Þá hafði hann ekki ökuskírteini meðferðis, en kvað ökuleyfi sitt í lagi, og væri það útgefið í Reykjavík.

Fimmtudaginn 20. desember sl. klukkan 10 árdegis mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar maður, sem kvaðst heita ofangreindu nafni, og gaf hann Rúnari Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni skýrslu um atburðinn, og er hún á þessa leið:

„Ég vefengi ekki mælingu lögreglunnar. Ég var á leið til austurs á bifhjólinu eftir Suðurlandsbraut. Ég hafði ekið á umferðarhraða, þar til ég ók fram úr bifreið. Þá jók ég hraðann, en var mældur í því. Ég var með ökuskírteini mitt meðferðis, en það var í þar til gerðu hólfi undir sæti bifhjólsins, en ég náði ekki að losa það á staðnum til þess að framvísa því. Ég hef ekki neitt frekar um málið að segja."

Málið var nú sent yfirsakadómara með bréfi, dags. 3. janúar sl., og í framhaldi af því boðaði fulltrúi hans, Júlíus B. Georgsson, Svein Sigurð Kjartansson á sinn fund til þess að kynna honum kæruna. Mætti Sveinn Sigurður á fund fulltrúans 22. janúar, og var honum þá kynnt kæruefnið, án þess að dómþing væri formlega sett. Hann kannaðist ekki við að hafa ekið bifhjólinu umrætt sinn og kvaðst á þessum tíma hafa verið erlendis. Þá kannaðist hann ekki við að hafa mætt hjá rannsóknardeildinni. Kvaðst hann gruna ákærða, Hauk Sigurð Gunndórsson, um að hafa verið þarna á ferð, en hann hefði keypt af sér umrætt bifhjól.

Sveinn Sigurður gaf rannsóknardeild lögreglunnar skýrslu um málið 7. febrúar sl. og staðfesti þá enn, að hann hefði verið erlendis, þegar lögreglan hafði afskipti af ökumanni bifhjólsins.

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, viðurkenndi hjá rannsóknardeild lögreglunnar 8. febrúar sl., að hann hefði verið ökumaður bifhjólsins umrætt sinn, og hefði hann þá gefið upp sem sitt nafn nafn Sveins Sigurðar, heimilisfangið Laugaveg 27, Reykjavík, kt. 060767-5649, s. 19134, en allt hefði þetta verið rangt nema heimilisfangið. Ákærði sagði ástæðuna fyrir þessu þá, að hann hefði verið réttindalaus, og þarna á staðnum hefði gripið sig einhver örvænting, og hafi hann verið að reyna að bjarga sér út úr málinu. Kvaðst ákærði hafa iðrast mikið að hafa gert þetta. Hann kvaðst hafa tekið munnlegt ökupróf, en ekki farið í verklegt, þegar þetta átti sér stað, og hefði hann orðið hræddur um, að hann myndi ekki fá ökuleyfið, ef hann yrði tekinn próflaus á hjólinu.

Ákærði staðfesti, að hann væri eigandi hjólsins, og hefði hann keypt það af Sveini Sigurði, en skráð það á nafn bróður síns. Þá hefði hann umrætt sinn notað nafn og fæðingardag Sigurðar Sveins.

Ákærði hefur við meðferð málsins játað í einu og öllu það, sem honum

er gefið að sök í ákæru, og hafi hann í myrkri að kvöldi fimmtudagsins 13. september sl. ekið bifhjólinu G-10095 án ökuréttinda austur Suðurlandsbraut í Reykjavík með allt að 91 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla frá Vegmúla, og er hann var stöðvaður af lögreglu vegna framangreinds brots, sagt, að hann væri áðurgreindur Sveinn Sigurður með framangreinda kennitölu. Þá hafi hann komið í skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar sem Sveinn Sigurður og játað framangreindar sakir vegna akstursins og í lokin undirritað framburðarskýrslu með nafni Sveins Sigurðar, en allt þetta leiddi til þess, að Sveinn Sigurður var boðaður í dóminn 22. janúar sl. og sakaður um brotin, eins og áður er fram komið.

Vitnið Sveinn Sigurður Kjartansson, Lindargötu 11 í Reykjavík, hefur við meðferð málsins staðfest framangreindan framburð sinn hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Þá hafa vitnin Daníel Eyþórsson og Karl Hjartarson lögreglumenn staðfest, að þau hafi mælt hraða bifhjólsins umrætt sinn með ratsjá, og hafi það verið á 91 km hraða. Enn fremur hafa þessi vitni staðfest, að ákærði hafi gefið upp, þegar hann var stöðvaður, nafn Sveins Sigurðar.

Loks hefur vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður staðfest við meðferð málsins, að ákærði hafi gefið sér áðurgreinda skýrslu í nafni Sveins Sigurðar og ritað undir hana nafn hans.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði þrisvar sætt refsingu og ökuleyfissviptingu fyrir ölvunarakstur, síðast 1986, er hann var sviptur leyfinu ævilangt, en honum var veitt það að nýju 1989.]

Refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli hans. Þá ber einnig að líta á, að brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákæru er ófyrirleitið, enda þótt hvatir ákærða að baki því hafi verið að reyna að bjarga eigin hag, en ekki sérstaklega til þess hugsaðar að valda Sveini Sigurði miska. Gaf ákærði upp við lögreglu nafn saklauss manns, er hann var stöðvaður, og stóð áfram við þá gerð sína, er hann mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar til skýrslugjafar meira en þremur mánuðum síðar og ritaði nafn hans undir framburðarskýrslu. Gat ákærða ekki dulist, að til þess gæti komið, að hinn saklausi maður yrði sakaður um brot hans, enda leiddi þetta til þess, að vitnið Sveinn Sigurður var boðað í dóminn sem kærður maður. Loks ber á það

að líta, að ákærði framdi brot sitt, á meðan hann var enn á skilorði. Rannsókn málsins hófst þó ekki fyrir lok skilorðstímans með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga, og verður því ekki um það að ræða, að skilorðsbundna refsingin verði felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, sbr. 1. mgr. 60. gr. sömu laga. Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda vegna þeirra atriða, sem getið er hér að framan.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Saksókn.

Gunnar Stefánsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 350/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Jóni Jóhannessyni
(Örn Clausen hrl.).

Umferðarlög. Rangar sakargiftir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Jónatan Þórmundsson prófessor og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með áfrýjunarstefnu 25. júlí 1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og lengingar á sviptingu ökuréttinda.

Almennt verður að telja mjög varhugavert, að menn geti sér að refsilausu samið um, hver taki á sig sök á refsiverðum verknaði, eða með öðrum hætti haft úrslitaáhrif á það, í hvaða farveg rannsókn verknaðar og málsmeðferð beinist. Ákvæði 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður þó að skýra svo samkvæmt orðalagi þess og tilgangi, að þeim manni verði ekki refsað, sem ber annan mann röngum sökum með samþykki hans. Þótt óljóst sé um efni og viðfeðmi þess samþykkis, sem ákærði ber fyrir sig, verður hann að njóta vafa í sakarmati um huglæga afstöðu sína til þessa atriðis, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Með ofangreindum athugasemdum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir eftir atvikum að leggja allan áfrýjunarkostnað málsins á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.

Dómur sakadóms Keflavíkur 10. júní 1991.

Ár 1991, mánudaginn 10. júní, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90/1347: Ákæruvaldið gegn Halldóri Jóni Jóhannessyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 29. apríl 1991, á hendur Halldóri Jóni Jóhannessyni, Suðurgötu 29, Keflavík, kt. 150968-4969, fyrir eftirgreind brot á árinu 1990:

I.

„Fyrir að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) sunnudaginn 20. maí bifreiðinni Þ-96 frá Suðurvöllum 18, Keflavík, að Hólmgarði 2,

2) að kvöldi föstudagsins 3. ágúst bifreiðinni R-451 austur Suðurlandsveg í Árnessýslu með allt að 132 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkaflanum vestan Kamba,

3) laugardaginn 4. ágúst sömu bifreið úr Breiðholti áleiðis til Laugarvatns, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans skammt austan Gunnarshólma við Reykjavík,

4) aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst bifreiðinni LG 380 suður Hafnarfjarðarveg í Engidal í Hafnarfirði í myrkri, engri lýsingu og yfir gangbraut með allt að 104 kílómetra hraða miðað við klukkustund,

5) að kvöldi föstudagsins 5. október bifreiðinni K 3215 úr Garði til Keflavíkur, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Aðalgötu við Heiðarbrún.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og lið 2 auk þess við 2. mgr. 37. gr. og lið 4 við 1. og 2. mgr., stafliði a, b og d, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

II.

Fyrir að hafa, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða vegna umferðarlagabrota hans samkvæmt liðum 2 og 4 hér á undan, sagst vera Þorlákur Magnús Gunnarsson, Ásabraut 4, Keflavík, með kennitöluna 231266-4459, og því leitast við að koma því til leiðar, að Þorlákur Magnús yrði sakaður um brotin, sem síðan gekk eftir, því að Þorlákur Magnús var svo kallaður í sakadóm og sakaður um þau.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

I. kafli ákæru.

Sunnudaginn 20. maí 1990 kl. 16.35 voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni KS-682 við eftirlitsstörf í Keflavík, og var ekið eftir Vesturbraut til austurs. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni Þ-96 og að ökumaður hennar var ákærði, sem var sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 9.11. 1989. Ók hann bifreiðinni að Hólmgarði 2 og stöðvaði þar aksturinn. Var ákærði þar færður yfir í lögreglubifreiðina og niður á lögreglustöð til skýrslutöku.

Föstudaginn 3. ágúst 1990 kl. 22 voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni KZ-770 við hraðamælingar á vegarkafla vestan Kamba. Var þá bifreiðinni R-451 ekið austur Suðurlandsveg í öfuga átt við akstursstefnu lögreglubifreiðarinnar á 132 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarkshraði á umræddum vegi er 90 km á klukkustund. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður. Ökumaður, ákærði í þessu máli, gaf þá upp nafnið Þorlákur Magnús Gunnarsson, til heimilis að Ásabraut 4, Keflavík. Aðspurður um ökuskírteini kvaðst hann hafa gleymt því heima, en sagði ökuréttindi vera í lagi og fyrst útgefin í Keflavík.

Laugardaginn 4. ágúst rétt eftir kl. 14 var lögreglan við eftirlitsstörf, og var ekið vestur Suðurlandsveg. Veittu lögreglumenn þá athygli bifreiðinni R-451, sem ekið var í austur. Þar sem lögreglan á Selfossi hafði lýst eftir bifreiðinni vegna grunar um, að ökumaður væri ölvaður, var henni veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður skammt austan Gunnarshólma. Höfðu lögreglumenn tal af ökumanni, ákærða í máli þessu. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til skýrslutöku. Að því loknu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis, en vínandamagn í blóði ákærða reyndist innan leyfilegra marka. Ákærði hafði hins vegar ekki réttindi til aksturs, þegar umræddur akstur átti sér stað.

Laugardaginn 18. ágúst kl. 3.30 voru lögreglumenn í lögreglubifreiðinni KR-900 við hraðamælingar á vegarkafla í Engidal. Var þá bifreiðinni LG 380 ekið suður Hafnarfjarðarveg á 104 km hraða, en hámarkshraði á vegi er 60 km miðað við klukkustund. Myrkur var, engin lýsing og yfir gangbraut að fara. Var akstur bifreiðarinnar því stöðvaður. Ökumaður var ákærði í máli þessu, en gaf upp nafnið Þorlákur Magnús Gunnarsson og heimili Ásabraut 4, Keflavík.

Föstudaginn 5. október kl. 22.10 veitti lögreglan athygli akstri bifreiðarinnar K-3215, sem ekið var eftir Hringbraut í Keflavík, en ökumann hennar, ákærða í þessu máli, þekktu þeir fyrir að vera sviptan ökuleyfi. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Garði og hafa verið á leið til Reykjavíkur. Ákærði var færður á lögreglustöð til skýrslutöku.

Ákærði kom fyrir dóm 30. maí sl. Hann viðurkenndi þá, að framangreind ákæruatriði væru rétt.

Með því að aka próflaus hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 48. gr. laga

nr. 50/1987, og með því að aka yfir löglegum hámarkshraða varðar akstur sá, er lýst er í lið 2, við 2. mgr. 37. gr. og akstur sá, er lýst er í lið 4, við 1. mgr. 36. gr. og stafliði a, b og d í 2. mgr. sömu greinar og 37. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 50/1987, allt sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga og 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

II. kafli ákæru.

Fimmtudaginn 1.11. 1990 kl. 15.20 var Þorlákur Magnús Gunnarsson mættur samkvæmt boðun til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Kannaðist hann þá ekki við að hafa verið tekinn fyrir of hraðan akstur á bifreiðunum LG-380 og R-451. Sagðist Þorlákur Magnús hafa komist að því eftir krókaleiðum, að nafn sitt hefði notað Halldór Jóhannesson, ákærði í máli þessu. Ákærði var nú boðaður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu. Í þeirri yfirheyrslu, sem fram fór 16.11. 1990, kannaðist ákærði við að hafa í tvígang verið tekinn fyrir of hraðan akstur, þ.e. 3. ágúst 1990 á bifreiðinni R-451 og 18. ágúst 1990 á bifreiðinni LG-380. Hafi hann þá notað nafn kunningja síns, Þorláks Magnúsar, til að freista þess að losna frá málunum, þar sem hann hafi verið sviptur ökuleyfi. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða við þessa yfirheyrslu og undirrituð af honum, er haft eftir ákærða, að seinni hluta júlímánaðar 1990 hafi Þorlákur Magnús þurft á bílstjóra að halda, og hafi ákærði þá tekið að sér að aka fyrir hann, þótt sviptur ökuréttindum væri. Síðan er haft orðrétt eftir ákærða: „Þá lærði ég kennitölu Þorláks í þeim tilgangi að nota hana, ef ég yrði stöðvaður við aksturinn. Til þess kom ekki þá, en þegar ég var stöðvaður síðar, notfærði ég mér kennitölu og nafn Þorláks."

Við yfirheyrslu 30. maí sl. hér fyrir dómi kveður ákærði þessa skýrslu ekki alls kostar rétta. Hann segir, að Þorlákur Magnús hafi við umræddan akstur í júlímánuði sagt við sig, að ákærði gæti lært kennitölu sína og nafn og gefið upp, ef hann yrði stöðvaður, og sagst hafa gleymt ökuskírteini. Ákærði er því næst spurður, hvort hann telji, að þessi heimild frá Þorláki Magnúsi hafi tekið til þessa eina aksturs í júlímánuði eða hvort Þorlákur hafi veitt honum heimild til að nota nafnið oftar. Þessu svarar ákærði: „Hann sagði bara við mig, að ég mætti nota þetta, og ef ég yrði stöðvaður, þá myndi hann bara láta mig vita, þegar hann fengi kvaðningu um, að hann ætti að borga sekt, og þá myndi ég bara borga honum sektina og hann greiða hana." Síðan hafi slest upp á vinskapinn hjá þeim í nokkurn tíma, svo að Þorlákur hafi hætt við að gangast við akstrinum.

Vitnið Rúnar Lúðvíksson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn, en hann tók umrædda lögregluskýrslu af ákærða. Framburður hans er í samræmi við áðurgreinda lögregluskýrslu. Hann segir ekkert hafa komið

fram við töku hennar um, að ákærði hafi haft heimild til þess að nota nafn Þorláks oftar en í umrætt skipti í júlímánuði.

Vitnið Þorlákur Magnús Gunnarsson var yfirheyrt hér fyrir dómi 10. júní sl. Hann kveðst ekki muna eftir umræddum akstri í júlímánuði 1990. Hann var spurður, hvort hann myndi eftir því að hafa gefið Halldóri leyfi til að nota nafn sitt og kennitölu. Vitnið svaraði: „Já, ég sagði við hann, að ef brýnt lægi við, að hann þyrfti að nota bíl, þá mætti hann nota nafn mitt og kennitölu, svo framarlega sem hann væri löglegur, sem sé ekki við of hraðan akstur eða annað slíkt." Þetta leyfi segist vitnið hafa gefið fyrir ágúst 1990. Vitninu er bent á, að því hafi verið kunnugt um, að ákærði var sviptur (sic), svo að akstur yfir höfuð hafi ekki getað verið löglegur hjá honum. Vitnið telur ákærða hafa misnotað leyfi sitt, bæði notað það í of miklum mæli og með því að vera þar að auki að brjóta af sér annað fyrir utan að aka próflaus.

Dómurinn telur, að ekki verði hafnað þeirri fullyrðingu ákærða, að fyrir hafi legið samþykki Þorláks Magnúsar Gunnarssonar fyrir, að ákærði notaði nafn hans og kennitölu, ef hann yrði stöðvaður, til að freista þess að komast undan refsingu fyrir að aka próflaus. 148. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er lýtur að röngum sakargiftum, er bæði sett til verndar opinberum hagsmunum og einkahagsmunum þess, sem sakir eru bornar á. Þegar þessir hagsmunir vegast á, verður þó að telja, að einkahagsmunirnir megi sín meira, þannig, að fyrir fram gefið samþykki þess, sem sakir eru á bornar, verki sem refsileysisástæða. Styrkir þá niðurstöðu áskilnaður greinarinar um, að ásetningur brotamanns sé sá að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Ekki haggar það þessari niðurstöðu, þó að Þorlákur Magnús hafi ætlað leyfið einhverjum skilyrðum bundið, enda ekki í ljós leitt, að ákærða hafi verið þessi skilyrði kunn, en hins vegar var Þorláki ljóst, að ákærði var sviptur ökuréttindum og akstur hjá honum því í öllu falli ólöglegur. Verður ákærði því sýknaður af ákæru fyrir brot samkvæmt II. ákærulið.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1984 10/9 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 10.9. '84.

1984 10/12 Gullbringus., Keflavík. Dómur: Fangelsi 1 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl.

1987 11/11 Sakadómur Rvík. Sátt: 2.340 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1989 9/11 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 35.000 kr. sekt f. brot g. 37., 2., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökul. 14 mán. frá 9/11 '89.

1991 7/1 Sakadómur Rvík. Sátt: 33.000 kr. sekt f. brot g. 37. og 48. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga skal svipta ákærða ökuleyfi í tvo mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Verjandi ákærða hefur krafist þess hér fyrir dómi, að ákærða verði ekki gert að greiða kostnað vegna töku og rannsóknar blóðsýnis, þar sem vínandamagn í blóði reyndist innan leyfilegra marka samkvæmt 45. gr. laga nr. 50/1987. Á þetta er fallist af dóminum og kostnaður þessi, samtals kr. 3.585, lagður á ríkissjóð. Dæma ber ákærða til greiðslu alls annars málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., kr. 45.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Jón Jóhannesson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kostnaður við töku og rannsókn blóðsýnis, kr. 3.585, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði allan annan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clasen hrl., kr. 45.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 386/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Stefáni Erni Magnússyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Söluskattur. Bókhaldslög. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Jónatan Þórmundsson prófessor og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

I. kafli ákæru.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að sér hafi eigi verið skylt að lögum sem stjórnanda og framkvæmdastjóra S. Magnússonar hf. að standa skil á söluskatti félagsins fyrir tímabilið frá 25. nóvember 1987 til 25. janúar 1988, er í gildi var greiðslustöðvun hjá félaginu. Skilaskyldan hafi á þessu tímabili hvílt á Guðmundi Sveinssyni, löggiltum endurskoðanda, er var endurskoðandi félagsins og stjórn þess til aðstoðar og ráðuneytis, meðan á greiðslustöðvun stóð. Á þetta verður eigi fallist. Greiðslustöðvun félagsins takmarkaði í engu lagaskyldur ákærða sem stjórnanda þess. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um brot ákærða samkvæmt I. kafla ákærunnar með þeirri leiðréttingu, að brotið ber að heimfæra til 1. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, sbr. til hliðsjónar 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. in fine 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. kafli ákæru.

Guðmundur Sveinsson, löggiltur endurskoðandi, samdi að beiðni skiptaréttar Kópavogs yfirlit um eignir og skuldir S. Magnússonar

hf., eftir að bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 25. janúar 1988. Samkvæmt yfirliti þessu, sem er ódagsett, voru skuldir félagsins umfram eignir við upphaf gjaldþrotaskipta 27.061.033 krónur. Samkvæmt ársreikningi 31. desember 1985 skuldaði félagið 4.450.457 krónur.

Hinn 2. febrúar 1988 gerði sami endurskoðandi könnun á vörukaupum hlutafélagsins á starfstíma þess og vörusölu þess í heildsölu og smásölu. Niðurstöður þessarar könnunar voru, að vörukaup hefðu numið alls 14.844.714 krónum og vörunotkun 9.964.065 krónum. Mismunurinn, 4.880.649 krónur, væri óskýrður. Endurskoðandinn tók fram, að vegna ýmissa tæknilegra ástæðna yrði að gera fyrirvara um nákvæmni útreikninga í þessari könnun. Jafnframt lét hann þess getið, að í ljós hefði komið, að innflutningur hlutafélagsins jókst verulega á þriðja ársfjórðungi 1987.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins voru Guðmundi Sveinssyni kynnt yfirlit, sem rannsóknarlögreglan hafði tekið saman um vörukaup S. Magnússonar hf. á starfstíma félagsins, en samkvæmt því var fjárhæð vörukaupa 2.040.180 krónum lægri en fyrrnefnd könnun Guðmundar hafði leitt í ljós. Staðfesti hann þá, að í könnun sinni væru vörukaup ofreiknuð um nefnda fjárhæð, og gerði grein fyrir ástæðu þess.

Þessi kafli ákærunnar er að öllu leyti byggður á þeim gögnum, er að framan getur. Ákæröi hefur vefengt þessi gögn og haldið því fram, að ýmsar fjárhæðir, sem þar koma fram, séu byggðar á ótraustum grunni, sumar forsendur þeirra séu ónógar og ófullnægjandi og ekki tekið tillit til annarra, er máli skipti við mat á því, sem þessi kafli ákærunnar lýtur að.

Það torveldaði rannsókn málsins, að gögn, sem við var að styðjast um rekstur S. Magnússonar hf., voru næsta ófullkomin, aðallega sökum þess að bókhald félagsins var ekki fært 1986 og 1987. Afleiðing þessa varð sú, að nokkur óvissa er um þau ákæruatriði, sem hér eru til álita, bæði um einstakar fjárhæðir, sem lagðar eru til grundvallar ákærunni, og ályktanir, sem í ákærunni eru af þeim dregnar um sekt ákærða.

Þegar gögn málsins eru virt, þykir hvorki fram komin næg sönnun fyrir því, að S. Magnússon hf. hafi selt vörur fyrir óhæfilega lágt verð né að ákæröi hafi skotið undan vörum eða gerst sekur

um óeðlilega mikla eyðslu. Ber því að sýkna ákærða af þeim atriðum ákærunnar.

Á hinn bóginn er leitt í ljós, að mikil og óeðlileg aukning skulda hlutafélagsins átti sér stað, eftir að ákærða hlaut að vera ljóst, að til ófarnaðar horfði í því efni og að veruleg hætta væri á, að kröfuhafar yrðu fyrir fjártjóni. Með vísan til þessa braut ákærði gegn 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. kafli ákæru.

Í þessum kafla er ákærða m.a. gefið að sök að hafa „fargað fylgiskjölum". Við yfirheyrslu í skiptarétti greindi ákærði frá því, að notuðum ávísanaheftum hjá S. Magnússyni hf. hefði verið hent. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, er fram fór síðar, kvað hann notuðum tékkheftum hafa verið safnað í kassa, en síðan hent, sennilega um áramót 1986/1987. Eftir það hafi hann ekki haldið notuðum tékkheftum til haga. Þá greindi ákærði frá því, að í verslunum S. Magnússonar hf., Lækjargötu 2 í Reykjavík og Nýbýlavegi 24 í Kópavogi, hefðu verið „löglegir sölukassar" með strimlum í. Í fyrstu hafi þess verið gætt að skipta um strimla í kössunum eftir þörfum, en seinna hafi borið við, að strimlarnir væru „keyrðir aftur í gegn". Upphaflega hafi notuðum strimlum verið haldið til haga, en seinna hafi þeir verið settir í poka og komið fyrir í hillu í vörugeymslu. Eftir það hafi hann ekkert vitað, hvað um strimlana varð.

Eigi er að sjá af rannsókn málsins, að önnur fylgiskjöl hafi misfarist hjá S. Magnússyni hf. en þau, er að ofan greinir. Telst þessu atriði því nægilega lýst í ákærunni.

Telja verður, að það hafi verið refsiverð vanræksla, að ákærði hélt ekki til haga umræddum gögnum, sbr. 16. gr. laga um bókhald nr. 51/1968, sbr. 3 gr. laga nr. 47/1978, einkum þegar höfð er í huga stórkostleg vanræksla á færslu lögskipaðs bókhalds hlutafélagsins. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóm með vísan til forsendna hans, að því er varðar þennan kafla ákærunnar.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og þeirra refsilagaákvæða, sem tilgreind eru í ákæru, svo og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og falla skal hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu

dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá ber að dæma ákærða með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, til að greiða sekt til ríkissjóðs, er ákveðst 750.000 krónur. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, sæti ákærði fangelsi í þrjá mánuði í stað sektarinnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Örn Magnússon, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 750.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 28. júní 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. apríl að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 7. september 1989, ,,á hendur Stefáni Erni Magnússyni framkvæmdastjóra, Vesturbergi 23, Reykjavík, fæddum 18. febrúar 1958 í Hafnarfirði fyrir brot á lögum um söluskatt og bókhald og fyrir skilasvik.

I. Brot á lögum um söluskatt.

1. Ákærða er gefið að sök sem framkvæmdastjóra og stjórnarformanni hlutafélagsins S. Magnússonar hf., Kópavogi, að hafa ekki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982, skilað innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddur mánaðarlega sölu-

skatti vegna starfsemi áðurgreinds hlutafélags árið 1987 og til þess, er greiðslustöðvun félagsins lauk 25. janúar 1988, svo og söluskatti vegna verslunar hlutafélagsins að Lækjargötu 2, Reykjavík, fyrir desembermánuð 1985, svo sem rakið verður, en þargreindar fjárhæðir eru tilfærðar eftir söluskattsskýrslum hlutafélagsins eða söluskýrslum þess (salan í Lækjargötu 2) og bókhaldi á greiðslustöðvunartíma.

Mánuður/Ár		Skattskyld velta	Sölugjald	Gjalddagi
Samkvæmt sölugjaldsskýrslum				
Janúar 1987	kr.	104.339	20.868	15. febrúar
Febrúar 1987	"	280.361	56.072	15. mars
Mars 1987	"	251.003	50.201	15. apríl
Apríl 1987	"	376.272	75.254	15. maí
Maí 1987	"	496.107	99.221	15. júní
Júní 1987	"	311.112	62.222	15. júlí
Júlí 1987	"	279.711	55.942	15. ágúst
Ágúst 1987	"	263.067	52.613	15. sept.
September 1987	"	164.173	32.835	15. október
Samkvæmt söluskýrslum:				
Október 1987	kr.	201.291	40.258	15. nóv.
Nóvember 1987	"	178.000	35.600	15. des.
Desember 1985 (Lækjargata 2)	"	154.261	30.852	15. jan.1986
Greiðslustöðvunartími frá 22/11 1987 - 25/1 1988. Smásala				15. janúar
samkvæmt bókhaldi	kr.	705.389	141.077	15.febr.1988
Samtals	kr.	3.765.086	753.015	

Framangreind háttsemi þykir varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 33/1982.

II. Skilasvik.

Ákærði hélt ekki lögskipað bókhald eða gerði ársreikning fyrir árin 1986 og 1987, svo sem greint verður í III. kafla ákæru. Í málinu liggja þó fyrir gögn um fjárhagsstöðu hlutafélagsins og þrotabú þess, svo sem skrá yfir lýstar kröfur í búið ásamt dskj. nr. 7 í skiptaréttarmálinu, sem er efnahagsyfirlit hlutafélagsins við upphaf gjaldþrotaskipta, samið af löggiltum endur-

skoðanda, Guðmundi Sveinssyni, aðstoðarmanni félagsins á greiðslustöðvunartíma. Á árunum 1986 og 1987 nam vörusala hlutafélagsins um það bil 11,5 milljónum króna, eftir því sem best er vitað. Miðað við þessi umsvif hlutafélagsins verður ekki fallist á, að tap þess og skuldasöfnun á greindum tíma, eins og rakið verður, séu skýranleg sem eiginlegt rekstrartap. Í stórum dráttum kemur eignahallinn þannig fram:

Heildarskuldir:		
(Skjal 1-30 í lögregluranns ókn)	kr.	30.449.756
Frá dragast:		
Verðmetnar eignir á sama skjali	"	(2.895.363)
Óverðmetnar eignir á sama skjali, reiknaðar á uppboðsverði	"	(493.360)
Eignahalli við upphaf skipta	"	27.061.033
Eignahalli samkvæmt ársreikningi 31/12 '85	"	4.450.457
Aukning eignahallans frá 1/1 1986 til 25/1 1988	"	22.610.576

Samkvæmt könnun fyrrgreinds endurskoðanda og rannsóknarlögreglu ríkisins á vörukaupum hlutafélagsins annars vegar og heild- og smásölu þess hins vegar á starfstíma þess eru vörukaupin talin nema kr. 12.804.533 (14.844.714 ÷ 2.040.181), en útreiknuð vörunotkun að teknu tilliti til vörubirgða kr. 9.964.065, og skortir þá kr. 2.840.468 á, að vörurnar hafi verið seldar á innkaupsverði.

Með fyrigreindu þykir ákærði hafa á refsiverðan hátt skert rétt almennra kröfuhafa til að öðlast fullnægju í þrotabúi félagsins með sölu verslunarvaranna fyrir óhæfilega lágt verð eða undanskoti þeirra og rýrt efnahag hlutafélagsins með mikilli eyðslu og stofnun skulda, eftir að ljóst var, að hlutafélagið átti ekki eignir fyrir skuldum.

Telst þetta varða við 4. tölul. 1.mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Brot á lögum um bókhald og hlutafélög.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa eigi á árunum 1986 og 1987 haldið lögskipað bókhald fyrir S. Magnússon hf., fargað fylgiskjölum og eigi látið gera lögskipaða ársreikninga fyrir árin. Var þetta andstætt ákvæðum 1. gr., 2. gr. A 1, 3. gr., 4. gr., 5. gr., 16. gr. og 18. gr. laga um bókhald nr. 51/1968 svo og 93. og 95. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1968.

Telst þetta varða við 262. gr. hegningarlaga, sbr. 25. gr. bókhaldslaga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Er málið var þingfest 11. október 1989, leiðrétti sækjandi málsins prentvillu í ákæru varðandi tilvísun í lög um hlutafélög, sem eru nr. 32/1978.

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að á árinu 1984 var hlutafélagið S. Magnússon sett á stofn. Samkvæmt hlutafélagaskrá var hlutafé kr. 200.000. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri þess var Stefán Örn Magnússon, ákærði í máli þessu, en aðrir í stjórn voru eiginkona hans og faðir. Ákærði sá að mestu einn um stjórnun og rekstur fyrirtækisins, en aðrir stjórnarmenn virðast eingöngu hafa verið ákærða til aðstoðar við tiltekin afmörkuð verkefni. Starfsemi hlutafélagsins snerist aðallega um heild- og smásöluverslun að Nýbýlavegi 24 hér í bæ. Einnig rak félagið verslun að Lækjargötu 2 í Reykjavík um tíma.

Í nóvember 1987 var hlutafélaginu veitt greiðslustöðvun í tvo mánuði vegna fjárhagserfiðleika. Að beiðni félagsins, dags. 24. janúar 1988, var það svo tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda, sem kveðinn var upp 25. janúar s.á. Skiptaráðandi tilkynnti ríkissaksóknara, að fyrir lægju grunsemdir um refsiverð brot stjórnar- og forsvarsmanna hlutafélagsins eða annarra með bréfi, dags. 4. febrúar 1988. Ríkissaksóknari mælti fyrir um opinbera rannsókn með bréfi til rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 10. febrúar sama ár.

I. Brot á lögum um söluskatt.

Við rannsókn málsins kom m.a. fram, að ákærði greiddi ekki söluskatt til innheimtumanns ríkissjóðs vegna hlutafélagsins á árinu 1987. Er ákærði gaf skýrslu fyrir dómi, viðurkenndi hann að hafa ekki skilað söluskatti, þar sem hann hefði ekki getað greitt. Sér hefði ekki verið ljóst, að nauðsynlegt væri að skila söluskattsskýrslu, þótt greiðsla fylgdi ekki. Hann hefði loks skilað skýrslum, er eftir því var gengið við sig seint á árinu 1987, en engar greiðslur hefðu fylgt skýrslunum.

Í málinu hafa verið lagðar fram söluskattsskýrslur hlutafélagsins í ljósriti fyrir söluskattstímabilið janúar-september 1987, undirritaðar af ákærða. Skýrsla fyrir janúar er dagsett 8. apríl s.á. með móttökustimpli bæjarfógetans í Kópavogi og áritaðri dagsetningu 27. október s.á., en skýrslur fyrir febrúar til september eru dagsettar 22. desember s.á. og kvittaðar mótteknar hjá lögreglunni sama dag. Fjárhæðir og gjalddagar á skýrslum þessum eru réttilega tilgreind í ákærunni.

Á skilagrein bæjarfógetaembættisins í Kópavogi, dags. 3 maí 1989, kemur fram, að ógreiddur söluskattur fyrir árið 1987 væri kr. 505.228, en engum söluskatti eða skýrslum hafi verið skilað fyrir október það ár og þar til greiðslustöðvunartímabili lauk 25. janúar 1988. Lögð hafa verið fram ljósrit af söluskýrslum hlutafélagsins fyrir október og nóvember. Sala er þar tilgreind kr. 201.291 í október og 178.000 fyrir tímabilið 1. - 24. nóvember. Bókhald hefur verið fært fyrir tímabilið, er greiðslustöðvun stóð yfir, og er það lagt fram í ljósriti. Samkvæmt því var sala hlutafélagsins frá 25. nóvember 1987 til 31. desember s.á. samtals kr. 705.389.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki skilað söluskatti fyrir smásölu í versluninni að Lækjargötu 2 í desember 1985, en það var fyrsti mánuðurinn, sem sú verslun var rekin af hlutafélaginu. Á þeim tíma hafi sala verið færð í innbundnar bækur, þar sem skráð var seld vara og söluverð nema þegar starfsfólk gleymdi að skrá sölu. Á ljósritum, sem lögð hafa verið fram í málinu, er sala í Lækjargötu 2 tilgreind frá 10. - 30. desember samtals kr. 171.401, en fram hefur komið, að veittur var 10% afsláttur, er sala fór fram, án þess að það væri skráð.

II. Skilasvik.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að mismun, sem komi fram á vörukaupum, annars vegar miðað við, að vörur hafi verið fluttar inn fyrir 11.551.200 kr. og innlend vörukaup hafi verið 1.050.294, og á vörusölu hins vegar, sem hafi verið 10.550.557, megi skýra sem eðlilega rýrnun, tap eða rangfærslur í skjölum. Skýringar, sem ákærði hefur gefið, eru þessar: Taldi hann, að ákveðin vörukaup, að fjárhæð kr. 273.280, sem færð voru hjá S. Magnússyni hf., hafi verið hlutafélaginu óviðkomandi. Tvisvar hafi komið fram leki í húsnæðinu, þar sem lager fyrirtækisins var. Tjón vegna skemmda á lager hafi hann metið á kr. 380.000 samtals, en það hafi ekki fengist bætt. Þá hafi vörubirgðir verið allt of hátt reiknaðar, þegar hlutafélagið hætti starfsemi, en þær hafi verið metnar á kr. 3.017.969. Á starfstímanum hafi hlutafélagið gert tilraun til að hefja innflutning á stórum tækjum, sem voru fimm kæliskápar, fjórar þvottavélar og tvær uppþvottavélar. Þessar vörur hafi reynst gallaðar, og voru þær seldar á kostnaðarverði með söluskatti að sögn ákærða. Fleiri vörur hafi reynst gallaðar, án þess að slíkt hafi verið bætt af framleiðanda, og loks hafi aðflutningsgjöld verið ofgreidd, en ekki fengist endurgreidd. Vegna alls þessa taldi ákærði, að samanlagt væri þarna um að ræða verðmæti að fjárhæð kr. 1.197.009, en á skýrslu, sem hann hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 32, telur hann frádrátt eiga að vera kr. 1.531.070. Að auki taldi hann hlutafélagið hafa orðið fyrir tjóni vegna flutninga, vantað hafi í vörusendingar og gefinn

hafi verið afsláttur o.fl., en ákærði gat ekki sagt til um ákveðnar fjárhæðir í þessu sambandi.

Ákærði hefur neitað því að hafa selt vörur undir kostnaðarverði, nema þær hafi verið gallaðar eða skemmdar. Þegar afsláttur var veittur, hafi það farið eftir faglegu mati á því, hvort varan hafi verið seljanleg, hvert væri söluverðmæti hennar og hvort borgaði sig að lækka hana í verði og gera hana þar með seljanlegri.

Þá hefur ákærði rakið í skýrslu sinni fyrir dóminum, að erfiðleikar í rekstri fyrirtækisins hafi m.a. stafað af því, að fyrirtækið hafi verið í fjársvelti. Í upphafi rekstrarins hafi fyrirtækið fengið lán hjá Búnaðarbankanum, en það lán hafi ekki fengist endurnýjað, og því hafi það hlaðið utan á sig dráttarvöxtum í þrjá mánuði, á meðan beðið var eftir ákvörðun bankastjórans þrátt fyrir loforð hans um að styðja fyrirtækið. Eftir það hafi hlutafélagið snúið sér til Alþýðubankans. Sá banki hafi sett „stopp" á fyrirtækið um tíma, og hafi ástæðan til þess aðallega verið sú, að fyrirtækið skuldaði bankanum mjög mikið. Eftir áramót 1986/1987 hafi fyrirsvarsmenn hlutafélagsins farið í Alþýðubankann til viðræðna til að reyna að leysa fjárhagsvanda fyrirtækisins. Hann kvaðst hafa ýtt vandamálinu frá sér í einhvern tíma, en ástandið hafi svo verið skoðað að kröfu ábyrgðarmanna um það leyti, sem viðræður fóru fram við Alþýðubankann. Vonir hafi staðið til, að bankinn afskrifaði töluvert af skuldum, en síðan hafi viðræðum skyndilega verið hætt og bankinn lokað á víxlakaup, og einnig hafi hann tekið af hlutafélaginu yfirdráttarheimild á hlaupareikningi. Þetta hafi gert fyrirtækinu mjög erfitt fyrir.

Í ágúst 1987 hafi hlutafélagið byrjað viðskipti við Verslunarbankann með því að fá lán í reksturinn og ábyrgðir bankans vegna vörukaupa hlutafélagsins. Varðandi vörukaup seinni hluta ársins 1987 svaraði ákærði því til, að hann héldi, að töluvert hefði verið keypt af vörum þá. Hann viðurkenndi að hafa aukið viðskipti við innlenda heildsala eftir marsmánuð 1987, en hlutafélagið hefði þurft mikið á vörum að halda. Þessar vörur hefði hann keypt gegn gjaldfresti. Hugmyndin hefði verið sú að selja fyrirtækið í fullum rekstri, en hann hefði metið það á 15-17 milljónir, þ.e. „good will", umboð, innréttingar og vörur. Ákærði taldi, að 80% af kröfum á hlutafélagið væru með ábyrgðum einstaklinga og fjölskyldu sinnar, og því hefði skipt máli, að sem mest verð fengist fyrir fyrirtækið. Mat sitt á fyrirtækinu hefði hins vegar reynst allt of hátt. Þá taldi ákærði, að verulegur hluti af heildarskuldum hlutafélagsins, er það var tekið til gjaldþrotaskipta, væri lögfræðikostnaður og dráttarvextir.

Um skuldasöfnun hlutafélagsins hefur ákærði greint frá því, að rekstrarkostnaður fyrirtækisins hafi verið mikill árið 1986. Tap hlutafélagsins vegna verslunarinnar í Lækjargötu 2, sem það rak frá desember 1985 fram

í júní 1986, kvaðst ákærði meta á 2-3 milljónir króna. Fólst það einkum í því að sögn ákærða, að félagið hafði tekið þar efri hæð á leigu, en hugmyndin hefði verið að fá jarðhæðina einnig á leigu og reka þar verslun á horni Lækjargötu og Austurstrætis, en leigusalinn hefði ekki staðið við munnlegt loforð þar um. Innréttingar á efri hæð hefðu verið miðaðar við þetta. Húsaleiga hefði verið greidd fram í tímann og í töluverðan tíma, eftir að hlutafélagið hætti að hafa afnot af húsnæðinu. Hann kvaðst þó hafa búist við ákveðnu tapi í byrjun, en ekki gert sér grein fyrir raunverulegri skuldastöðu hlutafélagsins.

III. Brot á lögum um bókhald og hlutafélög.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki haldið bókhald fyrir hlutafélagið á árunum 1986 og 1987. Hvorki hafi verið færð sjóðbók né efnahagsbók. Gögn hafi verið þannig flokkuð, að ákveðin mál voru saman í möppu, svo sem eigin víxlar, viðskiptavíxlar, reikningar og bankaviðskipti, og þar með hafi aðgangur að gögnum verið fyrir hendi. Hann kannaðist ekki við að hafa fargað fylgiskjölum, en viðurkenndi þó, að gögn kynnu að hafa glatast. Hann segir, að gögn hafi verið geymd í hillu á lagermóttöku, og hafi hluti af þeim gögnum, sem þannig voru geymd, ekki fundist, svo sem kassastrimlar og aðalbók. Ákærði kannaðist þó við að hafa fargað einhverjum svuntum úr tékkheftum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki látið gera ársreikning fyrir árið 1986, en taldi sig ekki bera ábyrgð á því, að gerður væri ársreikningur fyrir árið 1987, þar sem hlutafélagið var tekið til gjaldþrotaskipta í janúar 1988, löngu áður en lögbundinn frestur var liðinn.

Guðmundur Sveinsson, löggiltur endurskoðandi, var endurskoðandi hlutafélagsins. Hann hefur lýst afskiptum sínum af hlutafélaginu svo, að hann hafi að beiðni ákærða stillt upp tölum fyrir árið 1984. Einnig hafi hann stillt upp ársreikningi fyrir rekstrarárið 1985. Í byrjun júní 1987 hafi ákærði svo komið til sín með bókhaldsgögn í pappakössum fyrir árið 1986, og í nóvember kvaðst hann svo hafa tekið við fylgiskjölum fyrir árin 1986 og 1987. Ástand og varsla þessara skjala hafi þá á engan hátt verið í samræmi við ákvæði bókhaldslaga. Engin sjóðbók hafi verið færð. Sölunótur eða reikningar hafi að vísu verið varðveitt í röð í möppu, en önnur bókhaldsgögn hafi verið í plastpokum og kössum og í mjög slæmu ástandi.

Guðmundur tók að sér að vera hlutafélaginu til aðstoðar á greiðslustöðvunartímanum, er það fékk. Hann kvaðst hafa, eftir að greiðslustöðvun var veitt, reynt að fá botn í stöðuna það árið, en í ljós hafi komið, að ekki var heil brú í þessu, þetta væri vonlaust verk og að sínu mati tímasóun.

Niðurstöður.

I.

Með vísan til þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu, og með játningum ákærða þykir sannað, að ákærði skilaði ekki söluskatti fyrir árið 1987 og fyrir desember 1985, eins og nánar er tilgreint í ákæru. Þykir mega leggja tölur þær til grundvallar, sem raktar eru í ákæru, enda eru þær studdar gögnum, sem lögð eru fram í málinu, þ.m.t. sala á greiðslustöðvunartíma, sem samkvæmt fyrirliggjandi bókhaldi fór fram í nóvember og desember 1987. Þykir brotið réttilega heimfært til refsilagaákvæða í ákæru, en samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að heimfæra brotið til 1. mgr., sbr. 6. mgr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, en með þeim lögum voru lögin um söluskatt nr. 10/1960 með síðari breytingum felld úr gildi.

II.

Í máli þessu liggja ekki fyrir gögn, sem staðreyna, að vörur hafi verið seldar hjá hlutafélaginu á starfstíma þess undir innkaupsverði, þótt segja megi, að álagning hafi eflaust í mörgum tilfellum verið lág, en fyrir því hefðu getað legið eðlilegar skýringar eða ástæður. Reikningsaðferðir, sem notaðar hafa verið við rannsókn málsins til að komast að því, hver vörunotkun hefur verið, eru umdeilanlegar, og er því ekki unnt að leggja til grundvallar í málinu, að 2.840.468 kr. hafi skort á, að vörur hafi verið seldar á innkaupsverði. Samkvæmt þessu verður ákærði ekki sakfelldur fyrir að hafa selt vörur fyrir óhæfilega lágt verð eða að hafa rýrt efnahag hlutafélagsins með mikilli eyðslu, enda liggja ekki fyrir fullnægjandi lýsingar á því í ákæru, að svo hafi verið. Einnig verður að sýkna ákærða af þeirri háttsemi að hafa skotið eignum undan, þar sem sú háttsemi þykir ósönnuð.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi alls ekki gert sér ljóst, hver skuldastaða hlutafélagsins S. Magnússonar var, fyrr en rétt áður en hlutafélaginu var veitt greiðslustöðvun, í nóvember 1987. Ársreikningur félagsins fyrir 1985, áritaður 27. júní 1986 af Guðmundi Sveinssyni, löggiltum endurskoðanda, svo og áritaður af ákærða ásamt öðrum stjórnarmönnum félagsins, sýnir, að skuldir félagsins hinn 31. desember 1985 umfram eignir voru kr. 4.250.457. Heildareignir félagsins þann dag samkvæmt ofangreindum ársreikningi voru samtals kr. 5.497.310, þar af fastafjármunir að upphæð kr. 489.765. Þannig var ákærða ljóst, að peningalegar eignir félagsins voru kr. 4.740.222 lægri en skuldir hinn 31. desember 1985. Samkvæmt gögnum málsins var skuldasöfnun hlutafélagsins á árunum 1986 og 1987 kr. 22.610.576, en vörusala á sama tíma kr. 11.500.000. Ákærði hefur útskýrt skuldasöfnun félagsins m.a. þannig, að stofnkostnaður hafi verið geysi-

legur. Hann hafi verið við því búinn að reka fyrirtækið með tapi í þrjú ár, en að þeim tíma liðnum reiknaði hann með, að dæmið myndi snúast við. Í mars 1987 hafi sér þó verið ljóst, að staða fyrirtækisins var orðin mjög slæm. Taldi ákærði, að erfiðleika hlutafélagsins mætti rekja til þess, að það hefði verið í fjársvelti. Tilteknir bankar hefðu lokað á fyrirgreiðslur til hlutafélagsins, svo sem víxlakaup og yfirdrátt á hlaupareikningi, og erfiðlega hefði gengið að endurnýja bankalán. Eftir það hefði hann leitað til enn eins bankans og fengið þar lán í reksturinn, og einnig hefði sá banki gengið í ábyrgð fyrir greiðslum á vörusendingum, sem hlutafélagið fékk. Einnig kom fram, að ákærði hefði á þessum tíma vonast til, að tiltekinn banki afskrifaði töluvert af skuld hlutafélagsins við bankann. Þá hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi í nafni hlutafélagsins keypt töluvert af vörum seinni hluta árs 1987 og eftir mars það ár aukið viðskipti við innlenda heildsala, en þær vörur hafi hann keypt gegn gjaldfresti. Þykir ákærði með því, sem hér hefur verið rakið, hafa stofnað til skulda, sem hafi rýrt efnahag hlutafélagsins og þannig skert rétt almennra kröfuhafa til að öðlast fullnægju í þrotabúi félagsins. Varðar verknaðurinn við 1. mgr. 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Með vísan til framburðar ákærða og vitna svo og annarra gagna málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í III. kafla ákæru, að öðru leyti en því, að ekki verður unnt að sakfella hann fyrir að farga fylgiskjölum, þar sem ekki er tilgreint, hvaða fylgiskjöl átt er við, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Þá þykir ekki unnt að sakfella ákærða fyrir að hafa eigi látið gera lögskipaða ársreikninga fyrir árið 1987, en samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga um bókhald nr. 51/1986 skal ársreikningur fullgerður í síðasta lagi 5 mánuðum eftir lok reikningsársins, en eins og fram hefur komið, var bú hlutafélagsins tekið til gjaldþrotaskipta 25. janúar 1988. Þykja brot ákærða, sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt þessum kafla ákæru, réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

IV.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kærum eða refsingum áður, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til þeirra refsilagaákvæða, sem hann er sakfelldur fyrir, svo og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni, og skal sá hluti hennar niður falla að

tveimur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sektar í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 1.000.000. Verði sektin eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja, komi sex mánaða varðhald í stað hennar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., sem einnig þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Emil Theódór Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, og Guðjón Hólm Sigvaldason, hdl. og forstjóri. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Örn Magnússon, skal sæta fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsivistinni, og fellur sá hluti hennar niður að tveimur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 1.000.000, og komi sex mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 120.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., kr. 120.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1991.

Nr. 332/1989. **Guðgeir Ágústsson**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Magnúsi H. Jónssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
og gagnsök.

Fasteignakaup. Vanefndir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1989. Krefst hann þess að verða sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði. Í gagnsök krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 250.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1987 til greiðsludags. Í báðum sökum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1989. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur um efni aðalsakar í héraði verði staðfestur, en í gagnsök verði hann sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda. Þá verði aðaláfrýjanda gert að greiða sér málskostnað í báðum sökum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við gerð kaupsamnings milli málsaðila um fasteignina Mýrarás 10 í Reykjavík lá það ljóst fyrir, að miklar veðskuldir hvíldu á eigninni. Svo var um samið, að meginhluta skuldanna yrði létt af eigninni fyrir afsal til aðaláfrýjanda. Átti gagnáfrýjandi að annast það og hafa til þess nokkurt svigrúm, enda hugðist hann losa sumar skuldirnar með veðflutningi yfir á aðra fasteign. Lagði gagnáfrýjandi fram víxiltryggingu, er aðaláfrýjandi gæti neytt, ef ekki yrði staðið við efni kaupsamningsins að þessu leyti, og var samkomulag aðila um hana staðfest með sérstökum samningsviðauka.

Þegar á reyndi, sóttist það seinna en ráðgert var að losa um veðskuldirnar og afstýra nauðungaruppboði á fasteigninni, sem byrjað var þeirra vegna. Þegar kom að fjórðu afborgun kaupverðs í janúar

1988, knúði aðaláfrýjandi það fram, að henni yrði ráðstafað með beinum greiðslum til veðhafa, sem lögmaður hans annaðist í samráði við gagnáfrýjanda. Um síðari afborganir vorið og sumarið 1988 fór einnig svo, að þær voru inntar að meginhluta með beinum greiðslum til veðhafa, eftir nokkra togstreitu milli samningsaðila. Uppboðsmeðferð á eigninni virðist ekki hafa fallið niður fyrr en í júní 1988, en um hana eru ekki glöggar upplýsingar í málinu.

Á það má fallast með aðaláfrýjanda, að honum hafi verið heimilt, eins og á stóð, að leita þeirrar leiðar um greiðslu kaupverðsins, sem hér var lýst, í stað þess að treysta eingöngu á hina umsömdu tryggingu. Eigi hann rétt á nokkrum bótum vegna þess kostnaðar, sem atbeini hans að greiðslum til veðhafa hafði í för með sér. Má telja þær bætur hæfilega metnar í hinum áfrýjaða dómi.

Á hinn bóginn hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fram á, að greiðslur kaupverðs hafi þurft að dragast fram yfir umsamda gjalddaga vegna umrædds fráviks frá kaupsamningnum. Í samningnum voru bein ákvæði þess efnis, að dráttarvexti bæri að reikna af greiðslunum eftir gjalddaga, og gagnáfrýjandi þurfti að bera dráttarvexti að sínu leyti af öllum skuldum, sem greiddar voru með kaupverðinu. Vaxtakrafa gagnáfrýjanda er því réttilega tekin til greina í hinum áfrýjaða dómi, en um hana er ekki tölulegur ágreiningur.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Guðgeir Ágústsson, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi H. Jónssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 23. mars 1988. Stefnandi er Magnús H. Jónsson, Akurholti 5, Mosfellsbæ. Stefndi er Guðgeir Ágústsson, Mýrarási 10, Reykjavík. Stefndi höfðaði

gagnsök á hendur stefnanda með framlagningu skjala á dómþingi 3. nóvember sl.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru eftirfarandi:

Aðalkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 141.467 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum].

— — —

Fyrsta varakrafa er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 89.116 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum].

— — —

Önnur varakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 31.514 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum].

— — —

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 250.000 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi í gagnsök krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök. Jafnframt er gerð sú krafa, að gagnstefnandi greiði gagnstefnda málskostnað í gagnsök samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% söluskatts, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð sinni gerði gagnstefndi þá kröfu, að gagnsakarmálið yrði ekki sameinað aðalsökinni, en í þinghaldi 17. mars sl. féll talsmaður hans frá kröfu þessari.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Aðilar gerðu með sér kaupsamning 6. júní 1986. Samkvæmt honum seldi Magnús H. Jónsson Guðgeiri Ágústssyni einbýlishúsið nr. 10 við Mýrarás í Reykjavík. Skyldi kaupandi greiða kaupverðið með eftirfarandi hætti:

1.	Við undirritun samnings	1.000.000 kr.
2.	10. september 1986	300.000 —
3.	10. nóvember 1986	600.000 —
4.	10. janúar 1987	600.000 —

5. 10. mars 1987	600.000 —
6. 20. maí 1987	861.365 —
7. 10. júní 1987	550.000 —
8. 10. júlí 1987	612.165 —
	Samtals 5.123.530 kr.

Eftirstöðvar kaupverðs, 551.470 krónur, skyldi kaupandi greiða með yfirtöku áhvílandi veðskulda við Veðdeild Landsbanka Íslands, samtals að fjárhæð 551.470 krónur, á kaupdegi.

Heildarkaupverð var því 5.675.000 krónur.

Kaupandi greiddi kaupverð þannig:

1. Við undirritun kaupsamnings 500.000 krónur í peningum og 500.000 krónur með víxli.
2. Greiðsla skv. 2. tl. var greidd 11. september 1986.
3. Greiðsla skv. 3. tl. var greidd 20. nóvember 1986.
4. Greiðsla skv. 4. tölulið var greidd þannig:
   a) 252.299 voru greiddar 23. janúar 1987.
   b) 85.905,46 voru greiddar 25. janúar 1987.
   c) 114.859,20 voru greiddar 28. janúar 1987.
   d) 96.437,14 voru greiddar 2. febrúar 1987.
   e) 70.486 voru greiddar 9. mars 1987.
5. Greiðsla samkvæmt 5. tölulið var greidd 10. apríl 1987.
6. Greiðsla samkvæmt 6. tölulið var greidd þannig:
   a) 70.926 voru greiddar 3. júní 1987.
   b) 790.439 voru greiddar 15. júlí 1987.
7. Greiðsla samkvæmt 7. tölulið var greidd 15. júlí 1987.
8. Greiðsla samkvæmt 8. tölulið var greidd þannig:
   a) 220.475,35 voru greiddar 15. júlí 1987.
   b) 315.049,05 voru greiddar 22. júlí 1987.
   c) Áður höfðu verið greiddar 28.327 og 19.986 krónur.

Seljandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að kaupandi skuldi áfallna vexti vegna dráttar á greiðslum, og beri honum að greiða sér áfallna vexti, miðaða við fyrirhugaðan afsalsdag, 10. júlí 1987, í samræmi við kaupsamning aðila.

Seljandi gaf út afsal til kaupanda 3. september 1987, eftir að aðilar höfðu orðið sammála um að leita til dómstóla með ágreining um vaxtauppgjör.

Kaupandi gerði tilboð í Mýrarás 10 18. maí 1986. Samkvæmt yfirliti, sem lagt hefur verið fram í máli þessu og ber yfirskriftina: „Skuldalisti vegna Mýrarárss 10, Reykjavík“, — hvíldu lán, samtals að fjárhæð

2.307.892 krónur, á eigninni, þar með talin skuld við Landsbanka Íslands og Byggingarsjóð ríkisins. Kaupandi kveðst hafa fengið yfirlit þetta og miðað við, að það sýndi skuldastöðu, er hann gerði tilboð sitt, en hann tók að sér greiðslu skuldar við Landsbanka Íslands og Byggingarsjóð, samtals að fjárhæð 563.635, sem hvíldu á eigninni, en gert var ráð fyrir, að öðrum skuldum yrði aflétt.

Eftir að seljandi hafði tekið tilboði kaupanda, en áður en gengið var frá kaupsamningi, kom í ljós, að á fasteigninni hvíldu 4.157.557 krónur auk veðskulda þeirra, er kaupandi tók að sér að greiða.

Samkvæmt kaupsamningi lofaði seljandi að aflétta áhvílandi veðskuldum sem fyrst og eigi síðar en 1. október 1986, skuldum samtals að fjárhæð 1.469.620 krónur, 1. mars 1987 skuldum samtals að fjárhæð 882.921 krónur, 1. maí 1987 skuldum samtals að fjárhæð 612.674 krónur og 1. júní 1987 skuldum samtals að fjárhæð 1.192.342 krónur.

Aðilar gerðu samningsviðauka 7. júní 1986, og samkvæmt honum afhenti seljandi fasteignasölu þeirri, er annaðist sölu Mýrarárss 10, víxil að fjárhæð 1.500.000 krónur til tryggingar efndum samkomulags um afléttingu veðskulda.

Þegar kaupandi skyldi greiða 3. hluta útborgunar 10. nóvember 1986, hafði stefnandi látið aflýsa veðskuldum að fjárhæð samtals 522.536 krónum í stað 1.496.620 króna, sem honum bar að aflétta eigi síðar en 1. október.

Kaupandi átti að greiða 4. hluta útborgunar 10. janúar 1987, 600.000 krónur. Þá hafði verið aflétt veðskuldum samtals 768.536 krónum.

Kaupandi átti að greiða 5. hluta útborgunar 10. mars 1987. Þá hafði verið aflétt veðum samtals að fjárhæð 1.105.221 krónu í stað 2.352.541 krónu.

Kaupandi átti að greiða 6. hluta útborgunar 20. maí 1987. Þá hafði verið aflétt veðum samtals að fjárhæð 2.115.221 krónu í stað 2.965.215.

Kaupandi átti að greiða 7. hluta útborgunar 10. júní 1987. Þá hafði verið aflétt veðum samtals að fjárhæð 2.752.541 krónu í stað 4.157.557 króna, sem voru þær veðskuldir, sem seljandi hafði lofað að aflýsa í kaupsamningi.

Lokagreiðsla skyldi innt af hendi 10. júlí 1987, en þann dag hafði verið aflétt veðskuldum samtals 2.965.215 krónum.

Kaupandi ber fyrir sig, að dráttur á greiðslu útborgunar hafi í öllum tilvikum komið til vegna vanefnda seljanda sjálfs á skuldbindingum hans til að aflétta veðskuldum. Er á því byggt í málinu, að það leiði af eðli máls og venju, að kaupandi sé ekki skuldbundinn til að greiða kaupverð umfram það, að greiddur hluti kaupverðs að viðbættum áhvílandi veðskuldum nemi umsömdu kaupverði.

Gagnkrafa kaupanda er á því byggð, að vanefndir seljanda hafi leitt til þess, að hann hafi þurft að kaupa sérfræðiaðstoð lögmanns til þess að firra sig yfirvofandi tjóni svo sem kostur var. Jafnframt hafi lögmaðurinn sinnt skuldaskilum fyrir gagnstefnda að beiðni hans. Þannig hafi lögmaðurinn greitt samtals 2.789.241 krónu til ýmissa lánardrottna seljanda og annast reikningsskil við það. Telur kaupandi, að kostnaður við þessa lögfræðiaðstoð sé tjón, sem leiði beint af vanefndum seljanda, og beri að dæma hann til að greiða gagnkröfuna á grundvelli almennra bótareglna.

Í gagnsök eru málsástæður seljanda þær, að kaupandi hafi frá upphafi haft fullkomnar upplýsingar um öll atriði varðandi eignina Mýrarás 10, og því mótmælt, að um rangar upplýsingar seljanda hafi verið að ræða. Kaupandi hafi ekki getað sýnt fram á neitt tjón vegna kaupanna, og tæpast sé hægt að telja almenna lögfræðiaðstoð vegna kaupsamningsgerðar tjón kaupanda.

Forsendur og niðurstaða.

Kaupandi hafði fengið víxil, að fjárhæð 1.500.000 krónur, til tryggingar því, að seljandi stæði við skuldbindingar sínar um að aflétta veðskuldum.

Enda þótt seljandi hafi ekki efnt þær skyldur sínar að aflétta veðskuldum á réttum tíma, var kaupanda ekki heimilt að halda greiðslum, þar sem hann hafði fengið tryggingu í víxli þeim, er áður er nefndur, fyrir vanefndum seljanda.

Kemur og hér til álita, að samningsviðaukann frá 7. júní 1986 verður að skilja þannig, að þar hafi aðilar samið um, að kaupandi gæti gripið til þeirra vanefndaúrræða að innheimta víxilkröfuna, ef dráttur yrði á því, að veðskuldum væri aflétt.

Verður því að fallast á það með seljanda, að kaupandi hafi vanefnt samning sinn með því að draga greiðslur. Í 4. lið kaupsamnings aðila er ákvæði um, að vanskilavextir skuli reiknast frá gjalddaga greiðslu.

Ekki verður fallist á það með seljanda, að dráttarvextir skuli reiknast fyrir hvern byrjaðan mánuð, sem væri hann heill. Hins vegar þykir mega fallast á fyrri varakröfu hans um, að kaupanda verði gert að greiða dagvexti.

Eftir að kaupandi hafði gert tilboð sitt, kom í ljós, að veðskuldir, sem hvíldu á eigninni, voru miklu hærri en honum hafði verið gert ljóst, og leitaði hann aðstoðar lögmanns vegna þessa. Þegar það er virt, að beðið hafði verið nauðungarsölu á eigninni og veðskuldir þær, sem seljandi átti að aflétta, námu um 73% af söluverði, verður að telja, að kaupanda hafi verið rétt að leita aðstoðar lögmanns vegna kaupanna. Seljandi ber ábyrgð á því, að kaupandi fékk rangar upplýsingar um áhvílandi veðskuldir, og enn fremur þurfti atbeina lögmanns kaupanda til við uppgjör hluta veðskulda.

Þykir því, eins og hér stendur á, mega fallast á það með kaupanda, að í gagnsök beri að dæma seljanda til að greiða kaupanda skaðabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefnda í aðalsök, Guðgeiri Ágústssyni, ber að greiða stefnanda, Magnúsi H. Jónssyni, 89.116 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Fallist er á kröfu um höfuðstólsfærslu vaxta.

Í gagnsök ber gagnstefnda, Magnúsi H. Jónssyni, að greiða gagnstefnanda 150.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi í aðalsök, Guðgeir Ágústsson, greiði stefnanda, Magnúsi H. Jónssyni, 89.116 krónur með 36% ársvöxtum frá 10. júlí 1987 til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,56% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júlí 1988.

Stefndi í gagnsök, Magnús H. Jónsson, greiði stefnanda, Guðgeiri Ágústssyni, 150.000 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 3. nóvember s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Miðvikudaginn 9. október 1990.

Nr. 379/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Valdimar Össurarsyni.

Fjárdráttur. Rangfærsla skjala. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. október 1990. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsingu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, ber að sakfella ákærða fyrir brot á 1. mgr. 247. gr. og 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði tókst á hendur trúnaðarstarf, þegar hann gerðist sparisjóðsstjóri. Hann framdi brot sín með verkum, sem telja verður misnotkun á stöðu hans. Fjárdráttur hans var framinn á sex ára tímabili 1982 til 1987, og nam hann í heild 2.761.811,66 krónum. Þá hefur ákærði ekki endurgreitt neitt af því fé, sem hann dró sér. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Í héraði var lögð fram ýtarleg skýrsla eftirlitsmanna bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá fór fram rækileg lögreglurannsókn í málinu. Fyrir dómi neitaði ákærði hins vegar eindregið sakargiftum í ákæru um fjárdrátt. Þrátt fyrir þessa neitun ákærða fyrir dómi var ekkert vitni kallað fyrir dóm, hvorki stjórnarmenn sparisjóðsins né eftirlitsmenn bankaeftirlitsins. Var þessi meðferð andstæð 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og breytir engu, þótt verjandi ákærða hafi samþykkt slíka málsmeðferð. Þá er samning dómsins í andstöðu við 166. gr. laga nr. 74/1974. Héraðsdómur var kveðinn upp 12. júlí 1989. Ákærði óskaði áfrýjunar málsins hinn 27. sama mánaðar. Héraðsdómari sendi ríkissaksóknara þó ekki

dómsgerðir málsins fyrr en með bréfi 24. september 1990. Ber að átelja þessa galla á málsmeðferðinni, en eigi þykja alveg nægar ástæður vera til að ómerkja málsmeðferðina.

Dómsorð:

Ákærði, Valdimar Össurarson, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég tel annmarka þá, sem urðu á meðferð máls þessa í héraði og lýst er í atkvæði meiri hluta dómara, vera svo mikla, að óhjákvæmilegt sé að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér, samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að greiða atkvæði um efni máls, og er ég samþykk atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 12. júlí 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 12. júlí, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógetans í Bolungarvík að Aðalstræti 12, Bolungarvík, af Adólfi Adólfssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Valdimar Össurarsyni, sem dómtekið var 8. júní sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. janúar 1989, á hendur Valdimar Össurarsyni, Miðgarði, Örlygshöfn, Rauðasandshreppi, Barðastrandarsýslu, fæddum 4. maí 1956 í Reykjavík, fyrir fjárdrátt og rangfærslur í bókhaldi með því að hafa árin 1982-1987 dregið sér samtals kr. 2.761.811,66 úr sjóði Sparisjóðs Rauðasandshrepps, en ákærði hafði með höndum rekstur nefnds sparisjóðs sem sparisjóðsstjóri og eini starfsmaður sjóðsins og með starfsaðstöðu á heimili sínu að Mið-

garði, Örlygshöfn, og jafnframt haldið tilteknum tíu innlánsreikningum ranglega utan við bókhald sparisjóðsins og þannig látið ársreikning stemma hverju sinni við undirbókhaldið og leynt með því fjárdrætti sínum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. og 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Hinn 22.3. 1988 sendi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands ríkissaksóknara bréf, og kemur þar fram, að í framhaldi af upplýsingum Sveins Jónssonar, löggilts endurskoðanda Sparisjóðs Rauðasandshrepps, hinn 19.1. sama ár hafi bankaeftirlitið hafið athugun á fjárreiðum sparisjóðsins vegna grunar um fjárdrátt sparisjóðsstjórans, Valdimars Össurarsonar. Bréfi bankaeftirlitsins fylgdu niðurstöður athugunarinnar ásamt fylgiskjölum til meðferðar, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 87/1985.

Í framhaldi af bréfi þessu sendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglu ríkisins bréf Seðlabankans, sem áður er getið, og fól henni með vísan til 4. gr. laga nr. 108, 1976, rannsókn máls þessa.

Samkvæmt upplýsingum, sem Stefán Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Endurskoðun hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, sem unnið hafði að ársuppgjöri fyrir Sparisjóð Rauðasandshrepps í janúar 1988, gaf fulltrúa rannsóknarlögreglu ríkisins, hafði Valdimar Össurarson sparisjóðsstjóri við það tækifæri játað að hafa dregið sér fé. Hafði Valdimar tjáð Stefáni, að hann þyrfti að upplýsa, að hann hefði haldið tíu innlánsreikningum utan við bókhald sparisjóðsins, og næmi innstæða þessara reikninga rúmlega 2,7 milljónum króna. Stefán sagði, að Valdimar hefði dregið gögn varðandi þessa reikninga upp úr skrifborðsskúffu í sparisjóðnum. Stefán sagði, að Valdimar hefði gefið þá skýringu á játningu sinni, að hann hefði verið búinn að ákveða að játa þetta, er hann frétti, að Stefán kæmi til að gera upp árið 1987, og vegna þess að á döfinni hefði verið sameining Sparisjóðs Rauðasandshrepps og Eyrarsparisjóðs á Patreksfirði og við þá endurskoðun, er þá færi fram, kæmi þetta í ljós. Stefán sagði, að Valdimar hefði átt frumkvæði að því að kynna sýslumanni Barðastrandarsýslu alla málavöxtu. Stefán sagði, að hann hefði unnið að því að setja upp bókhald sparisjóðsins vegna ársins 1986 samkvæmt þeim gögnum, sem Valdimar sendi Endurskoðun hf., en endurskoðun hefði ekki farið fram. Stefán sagði einnig, að á stjórnarfundi sparisjóðsins, sem Valdimar sat ásamt tveimur fulltrúum frá bankaeftirlitinu hinn 19. janúar 1988, hefði hann lýst yfir, að hann hefði fullan vilja á að endurgreiða þá fjárhæð, sem hann hefði dregið sér.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og aðspurður, hvernig hann hefði staðið að fjárdrætti þeim, sem hér um ræðir, lýsti ákærði því á eftirfarandi hátt:

Aðspurður, hvað hann hefði um það að segja, sem honum hefur verið kynnt, sem er bréf ríkissaksóknara til rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt bréfi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, segir ákærði, að hann telji ekki, að um hafi verið að ræða fjárdrátt af sinni hálfu, en hann tók 2,7 til 2,8 milljónir króna út úr rekstri Sparisjóðs Rauðasandshrepps, sem hann telur, að hafi verið laun til sín á umræddum tíma. Þetta tímabil, sem hann miði við, er frá árinu 1982 til 1987. Hann kveðst hafa tekið þessa ákvörðun á sitt eindæmi að taka sér þessi laun án þess að hafa til þess samþykki stjórnar sparisjóðsins. Hann kveðst telja, að þetta hafi verið innan þess launasamnings, sem gerður var á milli sín og stjórnar sparisjóðsins 1. mars 1977, þegar hann tók við rekstri sparisjóðsins.

Er mætti var beðinn að lýsa því, hvernig hann stóð að því að taka þessa peninga út úr rekstri sparisjóðsins, skýrir hann svo frá, að það hafi byrjað með því, að hann hafi verið kominn í yfirdrátt á hlaupareikningi sínum nr. 2 í sparisjóðnum og átt erfitt með að greiða þann yfirdrátt upp. Hafi hann þá farið að taka sér greiðslur, sem hann taldi vera greiðslur til sín og gætu talist laun, sem hann hafi ætlað að endurgreiða.

Þetta hafi verið hugsun sín fyrstu árin, það hafi ávallt verið ætlun sín að endurgreiða þessa peninga, og má segja, að hann hafi hugsað sér þetta frekar sem lán, en ekki laun, á meðan þetta voru viðráðanlegar fjárhæðir, sem hann tók.

Hann segir, að í árslok hafi hann byrjað að leiðrétta hlaupareikning sinn með þeim hætti að taka „totalið" af innlánsreikningum og lækka það um einhverja fjárhæð og færa sömu fjárhæð til lækkunar á yfirdrætti á hlaupareikningi sínum. Hann hafi ekki tekið einstaka reikning og fært út af honum, heldur leiðrétt þetta með heildarstöðu innlánsreikninga. Hann kveðst vilja taka skýrt fram, að hann hafi ávallt gætt þess, að í bókhaldi sparisjóðsins bæru einstaklingar ekki skaða af þessu, þeir fengju sína eðlilegu innstæðu, sem þeim hefði borið, og var það hugsun hans að endurgreiða þetta fé, og þá fengju þeir sitt. Hann kveðst ekki geta sagt til um það, hvenær þetta byrjaði, að hann fór að gera þetta, en telur, að við skoðun bankaeftirlitsins hafi komið í ljós, hvenær þetta byrjaði. Hann kveðst hafa verið einn í þessu og enginn komið þar nærri, og engum hafi verið kunnugt um það, hvað hann var að gera, hvorki í upphafi, á tímabilinu né í lokin. Hann segist hafa játað þetta fyrir starfsmanni Endurskoðunar hf., þegar hann kom til að færa bókhald sparisjóðsins upp eftir sl. áramót.

Á árinu 1984 byrjaði ákærði að taka út verðtryggða reikninga til að fela

það, sem hann var að gera, og með þeim hætti tókst honum að fela þær fjárhæðir, sem hann hafði tekið út, en það var ávallt ætlunin að endurgreiða þetta og setja þá þessa reikninga inn aftur. Hann gætti þess ávallt að færa inn á þessa reikninga þær verðbætur, sem reikningseigendum sannarlega báru, og gaf það upp í árslok hverju sinni, hvernig staðan á reikningum var með uppfærðum verðbótum.

Hann kveðst ekki þora að segja til um það, hvenær hann tók hvern reikning út úr bókhaldinu, en það hefur eflaust komið í ljós, þegar þetta var skoðað af bankaeftirlitinu. Þessir reikningar, sem hann tók, voru:

Kristinn Kristjánsson, Vesturbotni,
Árni Helgason, Patreksfirði,
Rakel Guðmundsdóttir, Fagrahvammi,
Ásgeir Erlendsson, Hvallátrum,
Guðmundur Jón Hákonarson, Hnjóti,
Minningarsj. Marinós Kristjánssonar,
Sveitarsjóður Rauðasandshrepps,
Óli Ágúst Ingvarsson, Geitagili,
Þórður Jónsson, Hvallátrum,
Ólafur Kr. Sveinsson, Sellátranesi.

Hann kveðst taka fram, að nöfn reikningseigenda skiptu ekki máli, þegar hann valdi þessa reikninga, heldur skipti innstæða á reikningum máli, hvernig hún passaði við það, sem hann var að gera á hlaupareikningi sínum nr. 2 og vantaði til að stemma hann af hverju sinni. Hann kveðst hafa gert þetta tvisvar til þrisvar á ári til þess að leiðrétta hlaupareikning sinn og farið þá í þessa reikninga, og þetta hafi ekki endilega miðast við áramót. Það var aldrei um það að ræða, að hann tæki sér peninga út úr sjóðnum af þessum reikningum, heldur var þetta eingöngu í formi þess, að hann færði til í bókhaldinu innstæðu af þessum reikningum eða til jafns við þær upphæðir inn á reikning sinn nr. 2. Hann telur, að hann hafi ekki stolið af þessu fólki, því að hann hafi ávallt uppfært reikninga þess eins og upphæðin hefði sannanlega verið. Hann kveðst ávallt hafa miðað við, að hann gæti endurgreitt sjóðnum þessa peninga, og þá skaðaðist enginn af þessu.

Hann segir, að það hafi verið vilji sinn, þegar þetta mál kom upp, að endurgreiða þessa vöntun, og bauðst hann til þess, svo að þetta mál hefði þá ekki frekari framgang, en af því varð ekki, og hefur hann því ekki ennþá endurgreitt þessa fjárhæð.

Þegar þetta mál hafði síðan þann framgang, sem raun varð á, lagði hann fram kröfu á hendur stjórn sparisjóðsins fyrir vangreidd laun, húsaleigu o.fl., sem hann geri á móti því, sem þeir kalla fjárdrátt. Hann kveðst leggja þetta hér með fram til skýringar á sinni afstöðu í málinu, þar sem krafa sín á hendur sparisjóðnum hljóði upp á kr. 4.309.998,22.

Aðspurður, til hvers hann hafi ráðstafað þeim fjárhæðum, sem hann þurfti til að rétta hlaupareikning sinn af í sparisjóðnum með fyrrnefndum hætti, sagði ákærði, að hann teldi, að þetta hefði mikið farið í sína neyslu. Á þessu tímabili var hann að byggja sér einbýlishús með bílskúr, keypti tvo notaða bíla og fór út í stofnun hlutafélags, sem var gert upp, og lenti það m.a. á honum að greiða skuldir, sem stofnað hafði verið til í nafni þess fyrirtækis. Þetta fyrirtæki var upphaflega stofnað sem Stapi hf., en nafni þess síðan breytt í Kappa hf., og voru aðkomumenn (sic) með honum í því. Einnig fór þetta í framfærslu sjálfs hans.

Aðspurður, hvort hann geti gert nánari grein fyrir hverju einstöku, sem hann hefur rakið hér að framan, svarar ákærði, að það sé sér ómögulegt, og telji hann sig ekki geta upplýst það frekar en hann hafi gert grein fyrir hér í næstu spurningu á undan.

Aðspurður, hvernig hann hafi unnið að afgreiðslustörfum í sparisjóðnum, skýrir ákærði svo frá, að hann hafi starfað einn í sparisjóðnum og að segja megi, að ekki hafi verið mikið um það, að menn kæmu í afgreiðsluna, og var meira um, að þetta færi í gegnum póst og síma. Bókhaldsvél var ekki í sparisjóðnum, og þurfti hann að handfæra allt, og var þetta geysilega mikil vinna, eftir að tékkafærslur komu og notkun á hlaupareikningi var stöðugt að aukast, og fór mestur tími í það. Afgreiðsla sparisjóðsins var í húsi ákærða í Örlygshöfn.

Hann kveðst hafa reynt að færa bókhald sparisjóðsins daglega eða þannig, að það hlæðist ekki upp, en á sama tíma var hann m.a. með afgreiðslu fyrir kaupfélagið, svo að nóg hafi verið að gera. En ávallt hafi hann reynt að hafa þetta í því lagi, að hann gæti svarað öllum þeim spurningum, sem lagðar yrðu fyrir hann vegna sparisjóðsins.

Aðspurður um starfssamning á milli sín og stjórnar sparisjóðsins skýrir hann svo frá, að samstarfssamningur hafi verið gerður á milli sín og stjórnar sparisjóðsins 1. mars 1977, þegar hann tók við sparisjóðnum, og síðan voru gerðar breytingar á honum með stjórnarsamþykkt 1. febrúar 1979 og 1. febrúar 1980. Aðrar breytingar væru ekki á samningnum.

Aðspurður um, hvaða afskipti stjórn sparisjóðsins hafi haft af rekstri sparisjóðsins, t.d. um útlán og heimildir til yfirdráttar á hlaupareikningum, skýrir hann svo frá, að afskipti stjórnar hafi verið lítil af rekstrinum, en miðað var við, að stjórnin kæmi saman annan hvern mánuð, en fyrir hafi komið, að það drægist allt upp í sex mánuði, að hún kæmi saman. Stjórnin hafði engin afskipti af útlánum í sjóðnum, en ef illa gekk að innheimta hjá einhverjum, var það rætt á stjórnarfundum. Stjórnin fjallaði um það, ef eitthvað þurfti að kaupa til sjóðsins, svo sem húsgögn eða því um líkt, en dagleg afskipti af rekstrinum voru engin.

Á þeim tíma, sem hann starfaði í Sparisjóðnum, frá 1. mars 1977 til

þess tíma, er hann lét af störfum, 19. janúar 1988, var aldrei stjórnarsamþykkt fyrir því að leyfa yfirdrátt á hlaupareikningum í sparisjóðnum. Hann hafi orðið að meta það hverju sinni, ef menn fóru yfir á hlaupareikningi, hvernig standa ætti að innheimtu, hvort t.d. ætti að fara með það í hart, en þau mál leystust ávallt. Hvert útlán fram til ársins 1986, að hann minir, fór fyrir stjórnarfund í sparisjóðnum. Á árinu 1986 varð breyting á lögum um sparisjóði, og fékk þá sparisjóðsstjóri heimild til að lána úr sjóðnum upp að ákveðinni upphæð án þess að bera það undir stjórnina. Fram til þess tíma höfðu allar lánveitingar farið fyrir stjórn.

Mætti er spurður, hvernig hafi verið háttað heimild á yfirdrætti á hlaupareikningi hans nr. 2 og hlaupareikningi Vélfaxa sf., sem mætti er eigandi að ásamt Svavari Guðbjartssyni, og skýrir hann svo frá, að ekki hafi verið heimild fyrir yfirdrætti á hlaupareikningi nr. 2, og ekki var heimild fyrir yfirdrætti á hlaupareikningi Vélfaxa sf. í sparisjóðnum. Á þeim tíma, sem mál þetta kom upp, var yfirdráttur Vélfaxa sf. ásamt láni, sem var í vanskilum í sparisjóðnum, að fjárhæð um kr. 800.000, en á sama tíma voru útistandandi skuldir Vélfaxa sf. í kringum 1.700.000. Stjórn sparisjóðsins var kunnugt um þetta lán Vélfaxa sf. í sparisjóðnum, og einnig var henni kunnugt um greiðsluerfiðleika Vélfaxa sf., en ákærði þorir ekki að fullyrða, að hann hafi sagt stjórninni frá því, að lánið væri í vanskilum.

Mætti er spurður, hvort einhver hluti af þeim peningum, sem hann játar að hafa tekið út úr sparisjónum í gegnum hlaupareikning sinn, hafi farið til Vélfaxa sf., og skýrir hann svo frá, að ekkert af þessum peningum hafi farið í rekstur Vélfaxa sf. Vélfaxi sf. sé sameignarfyrirtæki sitt og frænda síns, sem heitir Svavar Guðbjartsson, og fáist það við véla-, bifreiða- og bátaviðgerðir og pípulagnir í húsum.

Mætti er spurður, hvernig háttað hafi endurskoðun á bókhaldi sparisjóðsins, og skýrir hann svo frá, að tveir endurskoðendur hafi komið og skoðað bókhaldið. Voru þeir kjörnir á stjórnarfundi sparisjóðsins. Komu þeir yfirleitt eftir beiðni ákærða, og var reynt að hafa þetta fyrri hluta árs, þegar hann var tilbúinn með reikninga sjóðsins. Þó kom fyrir, að það dróst allt fram í júlí/ágúst, að endurskoðun færi fram.

Með breytingum á lögum um sparisjóði var ákveðið, að annar endurskoðandinn yrði að vera löggiltur, og var bókhaldið fært upp árið 1986 af Endurskoðun hf., en ekki endurskoðað af því fyrirtæki. Það var fyrst í vetur, að það tók formlega við í sparisjóðnum, að löggiltur endurskoðandi endurskoðaði bókhaldið.

Bankaeftirlitið kom yfirleitt á hverju ári, en þó heldur ákærði, að það hafi sleppt einu eða tveimur árum úr á þeim tíma, er hann starfaði sem sparisjóðsstjóri. Það var oft þannig, þegar bankaeftirlitið kom á staðinn, að bókhaldið var ekki uppfært eins og til var ætlast, og þurfti þá að gera

það fyrst. En það, að ákærði hélt ákveðnum reikningum fyrir utan bókhaldið, gerði það að verkum, að menn sáu ekki, hvað var að gerast í bókhaldinu. Þeir vinna þannig, að þeir fara yfir heildaryfirlit á hverjum reikningi, og þar sem hann lét það ávallt stemma, urðu þeir þess ekki varir, að hann var búinn að gera millifærslur, t.d. af verðtryggðum reikningum yfir á hlaupareikning, og jafna þannig mismun, sem hafði myndast vegna yfirdráttar á hlaupareikningi hans. Þeir fara t.d. ekkert ofan í vaxtaútreikninga í undirgögnum, heldur stemma þeir af heildaryfirlit á hverjum reikningi fyrir sig.

Mætti segir aðspurður, að hann hafi setið í stjórn sparisjóðsins allar götur, þar til lögum um sparisjóði var breytt, þá hafi hann gengið úr stjórninni.

Mætti segir einnig, að þær launahækkanir, sem hann fékk, hafi verið að frumkvæði stjórnar sparisjóðsins.

Mætti er spurður, hvort hann geti upplýst, hvað hann hafi verið með í laun, upp gefin til skattgreiðslu, á þeim árum, sem hann var sparisjóðsstjóri, og skýrir svo frá:

1977	kr.	8.046,00
1978	"	10.957,12
1979	"	23.999,95
1980	"	39.638,59
1981	"	51.002,47
1982	"	47.075,50
1983	"	75.084,27
1984	"	136.100,00
1985	"	203.320,00
1986	"	302.900,00
1987	"	325.000,00
	Samtals	kr. 1.223.123,90

Mætti er spurður, hvort hann hafi einhvern tíma gert athugasemdir við launagreiðslur til sín, hvort einhverjar breytingar þyrfti að gera á launagreiðslum til hans, og skýrir hann svo frá, að hann hafi aldrei gert neinar athugasemdir aðrar en þær, að hann lækkaði bókfærð laun til sín á starfstímanum, þar sem hann taldi, að sparisjóðurinn bæri ekki þessar launagreiðslur til sín, eins og um hafði verið samið á milli sín og stjórnar sjóðsins, svo að hann lækkaði bókfærð laun, en tók launin áfram með þeim hætti, sem lýst hefur verið í skýrslunni.

Mætti er spurður, hver laun hans hafi verið á mánuði á starfstímanum frá árinu 1981, og skýrir svo frá:

1981	kr.	4.000,00 eða 4.500,00	pr.	mán.
1982	"	4.000,00	"	"
1983	"	6.000,00 eða 7.000,00	"	"
1984	"	10.000,00 eða rúml. það	"	"
1985	"	20.000,00	"	"
1986	"	25.000,00	"	"
1987	"	25.000,00	"	"

Aðspurður, hvort hann geti upplýst, hverjar þær fjárhæðir voru, sem hann tók umfram þau laun, sem honum bar skv. samningi á þessu tímabili og hann hefur greint frá hér á undan í skýrslunni, kveðast hann ekki geta gert frekari grein fyrir þeim.

Mánudaginn 6. júní voru mætta kynnt yfirlit reikninga eftirtalinna aðila, sem eru allt verðtryggðir reikningar:

VT - 03 Kristinn Kristjánsson, Vesturbotni.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 242.469,72
VT - 08 Árni Helgason, Hjöllum 19, Patreksfirði.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 216.518,82
VT - 17 Rakel Guðmundsdóttir, Fagrahvammi.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 5.862,76
VT - 18 Ásgeir Erlendsson, Hvallátrum.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 527.622,96
VT - 36 Guðmundur Jón Hákonarson, Hnjóti.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 280.424,46
VT - 37 Minningarsj. Marinós Kristjánssonar.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 148.779,12
VT - 45 Sveitarsj. Rauðasandshrepps.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 574.141,76
VT - 38 Óli Ágúst Ingvarsson, Geitagili.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 85.021,27
VT - 09 Þórður Jónsson, Hvallátrum.	
innstæða 31.12. 1987	kr. 101.360,13
VT - 97 Ólafur Kr. Sveinsson, Sellátranesi.	
Innstæða 31.12. 1987	kr. 544.460,17
Samtals	kr. 2.726.660,76

og skýrir hann frá svohljóðandi:

Ég notaði þessa reikninga til að rétta af hlaupareikning minn nr. 2 í Sparisjóði Rauðasandshrepps. Þetta sýnir stöðu þessara reikninga með þeirri uppfærslu, sem átti að vera á þeim um sl. áramót. Reikningur nr.

97, eigandi Ólafur Kr. Sveinsson, er ekki verðtryggður reikningur, heldur svokallaður bundinn reikningur.

Þessi fjárhæð, sem þarna er nefnd, kr. 2.726.660,76, er sú fjárhæð, sem ég skuldaði sjóðnum. Ég hafði tekið þetta út úr sjóðnum með þeim hætti að rétta af hlaupareikning minn.

Mætti er spurður um eftirfarandi rangfærslur í bókhaldi sparisjóðsins:

1. Í sundurliðunarbók eigna og skulda um áramótin 1982/1983 er upplistað sparifé kr. 112.630,25 hærra en segir til í ársreikningi.

Hinn 31.12. 1982 er gerð færsla í dagbók sparifjár með eftirfarandi texta: „Leiðr. v/bakf.skjsk.", úttekið kr. 112.630,24. Fskj. 3. Sama dag er sama fjárhæð færð í dagbók hlaupareiknings sem innborgun og textinn: „Bakf.v/skjalaskipti."

Sama dag er skv. sjóðdagbók þessi fjárhæð, kr. 112.630,25, færð inn og út, og er textinn: „Bakf. v/skjalaskipti." Ekki eru fylgiskjöl fyrir þessum færslum.

Við þær færslur, sem raktar hafa verið hér á undan, hefur það gerst, að alm. sparifé skv. dagbók sparifjár er orðið kr. 50.000 hærra en það ætti að vera, þar sem mism. í árslok 1982 var kr. 112.630,25. Þetta er lagfært skv. upplýsingum skýrslu bankaeftirlits með því að hækka innstæðu á reikningi nr. 657 eigandi Sveitarsjóður Rauðasandshrepps, um kr. 50.000. Þetta kemur fram í árslok 1983, þegar lögð eru saman innlegg í dagbók sparifjár.

Mætti er spurður, hvað hann hafi um þetta að segja.

Svar: Ég dreg það ekki í efa, að niðurstaða bankaeftirlitsins er rétt, eins og hún er fram sett af því.

2. Í árslok 1983 stemmir sparifé sjóðsins ekki, og eru vaxtagjöld skv. aðalbók færð kr. 40.000 hærri en raunverulega er lagt við sparifjárreikningana. 30.11. 1983 er lagt inn á sparisjóðsbók mætta nr. 1191 skv. undirbók, fskj. 15, kr. 40.000.

Spurt er, hvaða skýring kunni að vera á þessu.

Svar: Ég hef enga ástæðu til að draga niðurstöðu bankaeftirlits í efa og tel hana vera rétta. Ég tel, að skv. þessu hafi ég fært þennan mismun yfir á reikning minn nr. 1191 til þess að rétta af bókhaldið, kr. 40.000.

3. Mætta er kynnt, að skv. skýrslu bankaeftirlitsins sé hinn 31.12. 1983 staða reiknings 1191 skv. undirbók sögð vera innstæða kr. 40.169,25, fskj. 15. Sundurliðunarbók, fskj. 16, segir hins vegar, að innstæða í árslok sé kr. 169,25 á þessum reikningi.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég vil alls ekki mótmæla þessu og tel þetta vera rétt og í samræmi við svar mitt hér á undan.

4. 11.5 1984 er tekið út af sparisjóðsbók nr. 344, eigandi Kristinn

Ólafsson, kr. 75.000. Úttektarmiði er til staðar, sem skrifaður er af mætta. Tekið er fram á seðlinum, að hér sé um að ræða millifærslu af ávísanareikningi sparisjóðsins nr. 902 við Samvinnubankann á Patreksfirði, kr. 35.000, og ávísun á Seðlabankann, kr. 40.000. Mætti kvittar sjálfur fyrir úttektinni úr Samvinnubankanum, sbr. bókhaldsgögn 11.5. 1984, fskj. 19. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós, að vísun var ekki gefin út á Seðlabankann vegna þessarar úttektar.

Í sparifjárdagbók 11.5. 1984 kemur þessi úttekt fram, kr. 75.000, fskj. 19 a, af reikn. 344. Í sjóðbók er bókað út af reikningi nr. 344 11.5. 1984 kr. 40.000, en sú færsla strax til baka (sic) og texti: „móti skjalaskiptum", fskj. 20 a.

Í hlaupareikningsdagbók er færsla inn á hlaupareikninga, sem er merkt: „móti skjalaskiptum", samsvarandi færslum í sjóðdagbók.

Spurt er, hvað mætti hafi um þetta að segja.

Svar: Ég tel þessa niðurstöðu bankaeftirlitsins rétta, en vil þó ekki leggja dóm á hana. Ég tel, að það sé líklegt, þar sem minnst er á hlaupareikning og færslur þar, að þetta hafi farið inn á minn reikning til leiðréttingar. Ég ítreka, að ég dreg þetta ekki í efa, sem sett er hér fram í skýrslu bankaeftirlitsins, kr. 75.000.

5. 17.5. 1984 er tekið út skv. dagbókum sparifé af verðtryggðum reikningi nr. 68, eigandi að þeim reikningi sagður vera mætti, kr. 249.682,52. Þessi reikningur, nr. 68, virðist ekki vera til í sparisjóðnum, fskj. 17 a. Í sjóðbók er fært á móti innlegg á hlaupareikning mætta nr. 2, kr. 289.682,52, fskj. 17. Mismunur á þessum færslum er kr. 40.000, sem rekja má skv. skýrslu bankaeftirlits, að ætla megi úttekt mætta af sparisjóðsbók nr. 1192, sem í dagbók sparifjár er sögð hans eign, en er raunverulega í eigu Byggingafélagsins Höfn hf. Mætti á bók nr. 1191. Ekki eru fylgiskjöl með þessum úttektum, og þær koma ekki fram í undirbókum, fskj. 17.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég viðurkenni, að þessi verðtryggði reikningur, nr. 68, er ekki til og að þetta er tilbúningur úr mér. Þarna hef ég tekið kr. 249.682,52 út af verðtryggðum reikningum án þess að vera með ákveðinn reikning og fært yfir á hlaupareikning minn nr. 2. Ég hef ekki skýringar á þessu með reikning nr. 1192, en tel, að þetta hafi verið mistök af minni hálfu, þetta hafi átt að koma út af reikningi mínum nr. 1191. Ég hef enga ástæðu til að rengja þessa skýrslu bankaeftirlitsins um þetta atriði, að það sé ekki rétt, sem þeir segja, kr. 289.682,52.

6. 28.6. '84 er fært út af verðtryggðum reikningi nr. 68 kr. 48.766,38, eigandi að þeim reikningi er sagður vera mætti. Þessi færsla er í dagbók sparifjár, fskj. 17 a. Í sjóðbók er hins vegar fært út af verðtryggðum reikningi mætta kr. 51.774,97 og inn á hlaupareikning mætta nr. 2. Engin fylgi-

skjöl eru með þessum færslum, sem lýst er hér á undan. Sjóðmismunur virðist vera skv. þessu skv. skýrslu bankaeftirlitsins kr. 48.766,38.

Spurt er, hvað mætti hafi um þetta að segja.

Svar: Ég viðurkenni það, að reikningur nr. 68 er ekki til, og tel, að þetta sé rétt, sem kemur fram í skýrslunni. Þarna hef ég tekið kr. 48.766,38 út af verðtryggðum reikningum og fært inn á hlaupareikning minn nr. 2.

7. 13.8. '84 er fært út af verðtryggðum reikningi nr. 68 kr. 32.658,20, mætti sagður eigandi, fært bæði í sjóðdagbók, fskj. 22, og dagbók sparifjár, fskj. 22 a. Einnig er þessi fjárhæð færð inn á hlaupareikning mætta nr. 2 skv. hlaupareikningsdagbók, fskj. 22 b. Ekki eru nein fylgiskjöl með þessu.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Þarna hef ég tekið færslu af verðtryggðum reikningum, og reikningur nr. 68 er tilbúningur. Ég hef fært þessa fjárhæð, kr. 32.658,20, yfir á hlaupareikning minn nr. 2.

8. 17.9. '84 er færð úttekt af verðtryggðum reikningi í dagbók sparifjár, kr. 16.578,01, af reikningi Sigurðar G. Jónssonar, nr. 24, Þetta er bæði fært í dagbók og undirbók, fskj. 22 a og fskj. 23. Ekki eru nein fylgiskjöl með þessari færslu, og hún er ekki færð í sjóðdagbók. Mótfærsla sést ekki í bókhaldinu.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg ekki í efa niðurstöðu bankaeftirlitsins í þessu, að ég hafi verið að millifæra kr. 16.578,01 af þessum reikningi, nr. 24. Ég kann ekki skýringu á því, hvernig ég fór með þessa fjárhæð, og man það ekki, en ég treysti mér ekki til að ræða frekar um þessa færslu.

9. 31.1. '85 er gerð úttekt á kr. 15.000 skv. sparifjárdagbók af reikningi Dagbjartar Ólafsdóttur. Ekkert fylgiskjal er með þessari færslu, og mótfærslu er ekki að finna í sjóðdagbók, fskj. 24. Þessi færsla kemur fram í undirbók, fskj. 24 a.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg ekki í efa, að niðurstaða bankaeftirlitsins sé rétt. Ég tel, að ég hafi með einhverjum hætti fært þessa fjárhæð, kr. 15.000,00, út af þessum reikningi, og tel þetta ekki ólíkt því, sem gerðist um færsluna 17.9. '84, færslu vegna reiknings Sigurðar G. Jónssonar, nr. 24. Ég treysti mér ekki til að skýra þetta frekar.

10. 31.5. '85 eru lagðar tvær upphæðir inn á hlaupareikning mætta nr. 2. Önnur er kr. 180.509,90, en hin er kr. 89.126,36, fskj. 25.

Önnur upphæðin, kr. 180.509,90, er í dagbók sparifjár færð út af reikningi Ásgeirs Erlendssonar, en síðan strikað yfir hana, fskj. 25 b. Í aðaldagbók er þessi upphæð bókfærð af verðtryggðum reikningum. Síðari upphæðin er bókfærð úttekt á almennt sparifé í sparifjárdagbók af reikningi mætta, nr. 1191. Ekki eru fylgiskjöl fyrir þessum færslum.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég held það sé alveg ljóst, að þarna hef ég tekið kr. 180.509,90 út af verðtryggðum reikningum og lagt inn á hlaupareikning minn nr. 2. Einnig virðist ég hafa farið í almennt sparifé og tekið út eins og af bókinni minni nr. 1191 væri að ræða. Ég dreg því ekki í efa, að þessar fjárhæðir, kr. 180.509,90 og 89.126,36, sem bankaeftirlitið kemst að niðurstöðu um, að ég hafi fært yfir á hlaupareikning minn nr. 2 án þess að eiga þetta fé, eru réttar, þessa peninga átti ég ekki.

11. 4.6. '85 eru lagðar inn kr. 10.000,00 á verðtryggðan reikning nr. 37, Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar frá Efri-Tungu, fskj. 26. Í dagbók sparifjár er þessi fjárhæð færð sem innlegg á verðtryggða reikninga, en síðan strikað yfir hana og hún ekki tekin með í samtölu verðtryggðs sparifjár fyrir júní. Ekki er að sjá, að þessi innborgun sé færð í sjóðdagbók.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg ekki í efa þessa niðurstöðu bankaeftirlitsins. Ég treysti mér ekki til að tjá mig frekar um þessa fjárhæð, en ég virðist með einhverjum hætti hafa tekið þetta fé, en ég treysti mér ekki til að útskýra það frekar, hvað varð um þessar kr. 10.000,00.

12. 25.7. '85 er færð úttekt á almennt sparifé í dagbók af reikningi nr. 930, kr. 35.452,43, eigandi Ásgeir Erlendsson, fskj. 27. Þessi færsla kemur fram í undirbók, fskj. 27 a, en fyrir þessu er ekkert fylgiskjal, og það virðist ekki vera bókað úr sjóði.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg ekki niðurstöðu bankaeftirlitsins í efa vegna þessa. Þessi fjárhæð, kr. 35.452,43, virðist hafa lent í mínum höndum, án þess að ég geti útskýrt það frekar. Ég treysti mér ekki til að skýra þetta frekar.

13. 26.9. '85 eru færðar inn á reikning sparisjóðsins hjá Seðlabanka „leiðréttingar á vaxtafærslum", kr. 34.047,20 og kr. 2.347,89, samtals kr. 36.395,09. Þessir vextir eru ekki kredíteraðir á vaxtatekjum, fskj. 28, heldur eru þeir lagðir beint inn á hlaupareikning mætta nr. 2, eins og fram kemur á fylgiskjali nr. 28. Þetta kemur einnig fram í sjóðdagbók, fskj. 28 a.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Þetta er rakið í skýrslu bankaeftirlitsins. Ég hef fært þessa fjárhæð, kr. 36.395,09, beint inn á minn hlaupareikning nr. 2. Ég man ekki, hvaða vaxtagreiðslur þetta voru, en tel ekki útilokað, að þetta hafi verið vegna yfirdráttarvaxta, sem sparisjóðurinn átti í Seðlabankanum. Það er því ljóst, að ég hef tekið þetta beint til mín og lagt inn á hlaupareikning nr. 2.

14. 30.9. '85 er í hlaupareikningsdagbók innlegg, kr. 94.665,04, á hlaupareikning nr. 2, eigandi er mætti, fskj. 29. Ekkert fylgiskjal er með

þessari færslu, og hún er ekki færð í sjóðdagbók og ekki færð út af verðtryggðum reikningum í dagbók sparifjár. Hins vegar er þessi upphæð færð út á verðtryggt sparifé í aðaldagbók sparisjóðsins.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Þarna virðist ég hafa fært út af verðtryggðu sparifé kr. 94.665,04 og inn á hlaupareikning minn nr. 2. Þarna hef ég ekki verið með neinn ákveðinn verðtryggðan reikning, heldur hef ég tekið út af heildarfjárhæð verðtryggðra reikninga til að leggja inn á hlaupareikning minn nr. 2.

15. 4.10. '85 er gerð færsla í sjóðdagbók sparifjár, úttekt á reikningi í almennu sparifé nr. 1203, eigandi Ólafur Kr. Sveinsson, kr. 29.561,00. Þessi færsla kemur fram í undirbók sparifjár. Ekkert fylgiskjal er fyrir þessari færslu og ekkert fært úr sjóðbók, fskj. 30.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg í efa, að ég hafi dregið mér þessa fjárhæð, kr. 29.561,00. Út af þessum reikningi fóru eingöngu greiðslur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, og sýnist mér skv. gögnum, sem liggja fyrir, að Ólafur hafi lagt inn á þennan reikning kr. 18.000,00, svo að innstæða væri til fyrir þessari fjárhæð, kr. 29.561,00. Ég ítreka, að ég dreg þetta í efa, að ég hafi tekið þessa fjárhæð.

16. 30.11. '85 er fært innlegg á hlaupareikning nr. 2, eigandi mætti, kr. 80.000,00, fskj. 31. Ekkert fylgiskjal er fyrir þessari færslu, en hún er færð bæði útt. og innl. í sjóðdagbók, fskj. 32, og þar kemur fram, að hún sé færð debet á verðtryggða reikninga. Í dagbók sparifjár er ekkert fært varðandi þessa úttekt, en í aðaldagbók eru færðar debet á verðtryggðan reikning kr. 80.000,00.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Þarna er ljóst, að ég hef tekið kr. 80.000,00 af verðtryggðum reikningum og fært yfir á hlaupareikning minn nr. 2. Ég held, að ég þurfi ekki að skýra þetta frekar.

17. 22.4. '86 eru færðar í sjóðdagbók eftirfarandi færslur: Út af verðtryggðum reikningi, Valdimar Össurarson, kr. 114.251,51, inn á hlaupareikning nr. 2, eigandi Valdimar Össurarson, kr. 21.196,86 og inn sveitarsjóður Rauðasandshrepps kr. 93.054,65, fskj. 33, sem við athugun bankaeftirlitsins, að lagt (sic) var inn á sparisjóðsbók hreppsins nr. 657. Í sparifjárundirbók kemur fram færsla á reikning nr. 657, og er textinn „innl. v/leiðr. frá 13/6 1985". Í dagbók sparifjárreikninga er ekkert um úttekt af verðtryggðum reikningi í eigu mætta. Hins vegar eru færð ofangreind innlegg á reikning mætta og hreppsins í viðeigandi dagbækur. Kr. 114.251,51, fskj. 34 og 35, eru hins vegar bókaðar út af verðtryggðum reikningum í aðaldagbók. Ekki eru nein fylgiskjöl með þessum færslum.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég viðurkenni, að þarna hef ég fært af verðtryggðum reikningum kr. 114.251,51 yfir á hlaupareikning minn nr. 2. Þarna er ég búinn að taka þá stefnu að nota eingöngu verðtryggða reikninga til að jafna út yfirdrátt á hlaupareikningi mínum nr. 2., en nota ekki almenna innlánsreikninga. Þessa niðurstöðu bankaeftirlits um þessa fjárhæð dreg ég ekki í efa. Ég treysti mér ekki til að skýra þetta betur en kemur fram.

18. 30.4. '86 eru í sjóðdagbók færðar verðbætur fyrir aprílmánuð, kr. 11.424,88, fskj. 36. Af þeim eru færðar inn á verðtryggða reikninga í dagbók kr. 6.611,89, fskj. 36. Hins vegar eru færðar kr. 4.812,99 beint inn á hlaupareikning mætta nr. 2, sbr. yfirlitsblað nr. 141, af útskrift um hlaupareikning nr. 2. Þetta eru verðbætur fyrir reikninga nr. 3, 8, 18, 36, 37 og 46. Ekki er fylgiskjal fyrir þessu innleggi á hlaupareikning nr. 2.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg þetta ekki í efa. Þarna hef ég fært inn á hlaupareikning minn nr. 2 verðbætur, sem áttu að fara yfir á verðtryggða reikninga, kr. 4.812,99.

19. 31.5. '86 eru færðar í sjóðdagbók verðbætur fyrir verðtryggða reikninga í maí kr. 25.260,43, fskj. 37. Hins vegar eru aðeins færðar inn á verðtryggða reikninga í dagbók þeirra kr. 22.260,43, fskj. 36. Mismunur er því kr. 3.000,00.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Mitt svar við þessu er hið sama og við næstu spurningu á undan. Ég hef tekið mér þennan mismun, kr. 3.000,00.

20. 30.6. '86 eru gerðar færslur í sjóðdagbók. Úttekið verðtryggður reikningur, Valdimar Össurarson, kr. 18.088,39, og innlagt á hlaupareikning sama aðila og sama fjárhæð, fskj. 39. Í dagbók sparifjár er þessi færsla ekki til staðar, en hins vegar kemur fram í aðaldagbók undir verðtryggða reikninga, að þeir eru lækkaðir um kr. 18.088,39, fskj. 40. Fylgiskjal fyrir færslunni er ekki fyrir hendi.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég viðurkenni að hafa tekið þessa fjárhæð, kr. 18.099,39, af verðtryggðum reikningum með því að lækka þá um þessa fjárhæð og leggja hana inn á hlaupareikning minn nr. 2. Annað get ég ekki sagt um þetta.

21. 31.7. '86 er í sjóðdagbók færð úttekt af verðtryggðum reikningi Valdimars Össurarsonar, kr. 6.647,65, fskj. 41. Þessi upphæð er lögð inn á hlaupareikning Valdimars nr. 2., fskj. 41. Í dagbók sparifjár er þessi færsla ekki gerð, en kemur hins vegar fram sem úttekt af verðtryggðum reikningi í aðaldagbók. Ekki er fylgiskjal í bókhaldi sparisjóðsins fyrir þessum færslum. Hér er um að ræða verðbætur af reikningum nr. 3, 8, 18, 36, 37 og 46.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég viðurkenni að hafa tekið þessar verðbætur og lagt þær inn á hlaupareikning minn, kr. 6.647,65, og þessi niðurstaða, sem skýrir, hvernig þetta var gert, er rétt.

22. 31.8. '86 er í sjóðdagbók færð úttekt af verðtryggðum reikningi Össurar Guðbjartssonar, kr. 10.249,04, og inn á hlaupareikning mætta nr. 2. Hér er um að ræða sömu fjárhæð og verðbætur fyrir ágústmánuð af verðtryggðu reikningunum nr. 3, 8, 18, 36, 37 og 46. Í dagbók sparifjár er ekki gerð færsla varðandi þetta, en hins vegar fært af verðtryggðum reikningum í aðaldagbók. Ekkert fylgiskjal með úttekt eða innleggi er til, fskj. 43 og 44.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Þarna hef ég tekið þessar verðbætur, sem þessum reikningum báru, og lagt það inn á hlaupareikning minn nr. 2. Skýringin, sem er með þessu í skýrslu bankaeftirlitsins, er rétt, ég tók þessa fjárhæð, kr. 10.249,04.

23. 31.8.'86 er lagt inn á hlaupareikning nr. 67, eigandi Vélfaxi sf., kr. 449.035,38. Í hlaupareikningsdagbók er þessi tala færð sem innlegg án þess að tilgreina, hver eigandinn er. Á blaði nr. 54 af útskrift af hlaupareikningi Vélfaxa sf. kemur þetta innlegg fram. Á móti þessu eru verðtryggðir reikningar lækkaðir í aðaldagbók um sömu fjárhæð, en ekkert er fært um þetta í dagbók sparifjár.

Hér er um að ræða sömu fjárhæðir og innstæðu á reikningi nr. 45, eigandi sveitarsjóður Rauðasandshrepps, kr. 445.561,08, pr. 31.8. '86, og innstæða á verðtryggðum reikningi nr. 26, eigandi ferðasjóður skólabarna, kr. 3.474,30, samtals kr. 449.035,38. Ekki eru nein fylgiskjöl með þessum færslum, fskj. 43-47.

Spurt er, hvað mætti hafi um þetta að segja.

Svar: Ég tel þessar skýringar bankaeftirlitsins vera réttar, að ég hafi með þessum hætti tekið kr. 449.035,08 og lagt inn á reikning Vélfaxa sf., sem er hlaupareikningur nr. 67. Til þess hef ég lækkað heildarinnstæðu verðtryggðra reikninga um 445.561,08 og 3.474,30, sem passar við þessa tvo reikninga, sveitarsjóð Rauðasandshrepps og ferðasjóð skólabarna.

Mætti er spurður, hvort þetta sé ekki í misræmi við það, sem hann hafi sagt í skýrslu hjá RLR fyrr í dag, þar sem hann sagði Vélfaxa sf. ekki vera tengdan þessu á neinn hátt.

Svar: Nei, svar mitt er óbreytt frá því fyrr í dag. Ég kann ekki að skýra þetta frekar, en tel, að þessi fjárhæð, sem sögð er fara inn á reikninga Vélfaxa sf., hafi að lokum lent á hlaupareikningi nr. 2. Annað get ég ekki sagt til að skýra þetta. Svar mitt frá því í fyrri skýrslu er óbreytt.

24. 26.9. '86 er færð úttekt á reikningi nr. 1203 í almennu sparifé skv. dagbók sparifjár, eigandi Ólafur Kr. Sveinsson, fjárhæð kr. 15.000,00.

Þessi færsla kemur fram í undirbók. Úttekt þessi kemur ekki fram í sjóðdagbók, og ekki er til neitt fylgiskjal með henni, fskj. 48.

Spurt er, hvað mætti hafi um þetta að segja.

Svar: Ég tel, að þessa fjárhæð, kr. 15.000,00, hafi ég ekki tekið. Þessi bók var eingöngu notuð til að greiða innheimtustofnun sveitarfélaga, eins og gerðist 4.10. '85 með Ólaf Kr. Sveinsson. Þennan sama dag er lagt inn á þessa bók, svo sem kemur fram á fskj. 48 og 48 a, kr. 10.000,00. Því tel ég útilokað, að ég hafi tekið þessa fjárhæð.

25. 30.9. '86 eru verðbætur fyrir september af verðtryggðum reikningum færðar í sjóðdagbók, kr. 34.314,71. Hins vegar er fært inn á verðtryggðan reikning í dagbók sparifjár kr. 14.314,71. Öll upphæðin kemur samt fram í aðaldagbók sem úttekt af verðtryggðum reikningum, fskj. 49 - 50. Mismunur er kr. 20.000,00.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég dreg ekki skýringu bankaeftirlitsins í efa um þessa færslu, að ég hafi tekið þessa fjárhæð, kr. 20.000,00, en nánari skýringu hef ég ekki að svo komnu.

26. 31.10. '86 er innstæða á hlaupareikningi nr. 2, sem er eign mætta, hækkuð um kr. 316.717,21. Yfirdrætti, kr. 221.122,88, er breytt í inneign, kr. 95.594,33 eða 120.594,33, þegar tekið er tillit til innleggs, kr. 25.000,00, sem er bókfært á reikninginn, fskj. 52. Ekki eru neinar færslur gerðar í bækur sparisjóðsins vegna þessarar hækkunar á innstæðu aðrar en þær, að innstæða á hlaupareikningum er í aðaldagbók hækkuð um kr. 316.717,21, og innstæður á verðtryggðum reikningum eru á sama hátt lækkaðar um sömu tölu í aðaldagbókinni. Samlagning á kredíthlið í dagbók hlaupareiknings er röng um þessa fjárhæð. Engin fylgiskjöl eru vegna þessa.

Spurt er, hvaða skýring sé á þessu.

Svar: Ég leiðrétti hlaupareikning minn nr. 2 um þessa fjárhæð, kr. 316.717,21, með þessum tilfærslum á milli verðtryggðra reikninga og hlaupareikninga. Þessi skýring bankaeftirlitsins er því rétt. Þarna miðaði ég ekki við neina ákveðna verðtryggða reikninga, heldur við heildarinnstæðu á þeim.

27. 1.7. '87 er skrifaður úttektarseðill af bundnum reikningi nr. VR-97, eigandi Ólafur Kr. Sveinsson, kr. 368.355,56, fskj. 56. Á hann er ritað: „Sent í giró." Þessi fjárhæð er skráð færð út af dagbók bundinna reikninga 1.7. '87, fskj. 59. Hinn 31.7. '87 er skráð innlegg á hlaupareikning nr. 67, eigandi Vélfaxi sf., kr. 100.000,00, fskj. 56. Í dagbók hlaupareikninga, fskj. 57, eru þessi innlegg skráð 31.7. '87.

Hinn 31.7. '87 eru færðar úr sjóði í sjóðdagbók kr. 68.355,56, fskj. 58. Á reikningsyfirliti yfir þennan reikning, sem mætti hélt utan við bókhaldið,

er skráð fskj. 60 „v/Vélf. 100.000,00, v/V. Öss. 268.355,56“.Á fylgiskjölum, sem búin eru til vegna innleggs á ofangreinda hlaupareikninga, fskj. 56, er skráð á kvittanir á línuna, sem er nafn þess, sem leggur inn, „v/lán“ og á hinn seðilinn „lán“.

Spurt er, hvaða skýringu mætti hafi á þessu.

Svar: Þarna er ég að rétta af hlaupareikning nr. 67, eigandi Vélfaxi sf., og hlaupareikning minn nr. 2. Ég útbjó þessa kvittun á reikning Ólafs Kr. Sigurðssonar nr. 97, og það er tilbúningur, þar sem ég segi sent í gíró. Þarna var ég að ná út peningum, að fjárhæð kr. 368.355,56. Sú skýring, sem kemur fram í skýrslu bankaeftirlitsins, er rétt, hvernig ég fór að þessu.

Ég gef sömu skýringu og áður varðandi Vélfaxa sf. Ég var einn í þessu, og meðeiganda mínum var ekki kunnugt um þetta. Ég sá algerlega um bókhald Vélfaxa sf., aðrir komu þar ekki nærri.

28. 19.11.'87 leggur Ólafur Kr. Sveinsson inn á bundinn reikning sinn, VR-97 kr. 136.820,00. Ekki finnst neitt fylgiskjal fyrir þeirri innborgun, fskj. 61. Í hlaupareikningsdagbók er þessi innborgun lögð beint inn á hlaupareikning mætta nr. 2, fskj. 62. Einnig er færð inn á reikning Ólafs, sem haldið var utan við bókhaldið, fskj. 60.

Spurt er, hvað mætti hafi um þetta að segja.

Svar: Þetta var innlegg, sem kom inn á þennan reikning, VR-97, sem ég var með utan við bókhaldið. Ég lét því þetta innlegg fara beint inn á hlaupareikning minn nr. 2, kr. 136.820,00.

Ég tel því, að niðurstaða bankaeftirlitsins um þá fjárhæð, sem ég tók til mín, sé rétt. Ég geri þó þær athugasemdir við hana, að ég tel, að fjárhæðirnar 4.10. '85, kr. 29.561,00, og 26.9. '86, kr. 15.000,00, séu ekki inni í þessari fjárhæð, sem þeir segja, að ég hafi dregið mér, og kemur fram í skýrslu bankaeftirlitsins á bls. 14.

Ég tel því, að talan, sem ég á að hafa tekið til mín á þessu tímabili, sé kr. 2.761.811,66, en ekki kr. 2.806.372,66.

Eftir að hafa lesið yfir skýrslu bankaeftirlitsins um mál þetta, lýsir ákærði yfir, að svör sín byggist á þessari skýrslu, eins og hún er úr garði gerð af hálfu bankaeftirlitsins, og þeim fylgiskjölum, sem henni fylgja. Hann kveðst telja, að hann hefði þurft miklu meira af gögnum til að geta svarað þessu alveg afdráttarlaust. Skýrsla sín hér miðist eingöngu við þessi gögn.

— — —

Niðurstaða.

Sannað þykir í málinu með gögnum málsins og framburði ákærða, að hann hafi gert þær færslur í bókhaldi Sparisjóðs Rauðasandshrepps og haldið undan bókhaldi sjóðsins 10 reikningum til að fela gerðir sínar, sem

um getur í ákæru, og á þann hátt dregið sér fé, að upphæð kr. 2.761.811,66, með því að lækka stöðu samanlagðra reikninga, en hækka stöðu á eigin reikningi.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að taka sér laun og aðrar greiðslur, sem honum hafi borið samkvæmt samningi, en hafi haft þennan hátt á til að fela þær færslur, þar sem hagur sparisjóðsins var slæmur og hann taldi, að hann gæti ekki borið þessar auknu greiðslur að sinni.

Hafi ætlunin verið að leiðrétta þessar færslur, ef hagur sjóðsins batnaði.

Ekki verður fallist á þessar skýringar ákærða, og verður að telja eðlilegra, ef um launagreiðslur til hans væri að ræða, að hann hefði fært þær í bókhaldi sparisjóðsins til skuldar við sig og þær þannig komið fram í gögnum sjóðsins. Bendir allt framferði hans og sá tími, sem þessar færslur ná yfir, að hann hafi ætlað sér að fela þær, enda kemur það fram í framburði hans sjálfs. Verður því að telja hann brotlegan um það hátterni, er lýst er í ákæru og að framan er skráð.

Skaðabótakrafa hefur ekki verið lögð fram í máli þessu, og verður því ekki tekin nein afstaða til slíks.

Við ákvörðun refsingar þykir rétt að taka tillit til eftirfarandi:

1. Ákærði gaf sig sjálfur fram við endurskoðanda sjóðsins og viðurkenndi brot sitt.
2. Ákærði bauðst strax til að endurgreiða þá fjárhæð, er hér um ræðir.
3. Ákærði hefur ekki sætt kærum eða refsingum fyrir brot á almennum hegningarlögum, svo að vitað sé.

Með tilliti til ofanskráðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða fangelsis og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu, ef almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga verður haldið.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls málskostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna, skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 75.000,00.

D ó m u r(sic):

Ákærði, Valdimar Össurarson, Miðgarði, Örlygshöfn, Rauðasandshreppi, Barðastrandarsýslu, kt. 040556-2229, sæti fimm mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingu og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, ef almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. verður haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl.

Þriðjudaginn 15. október 1991.

Nr. 477/1989. **Sverrir Þóroddsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Sigurdísi Reynisdóttur
(Tómas Gunnarsson hrl.).

Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti. Lausafjárkaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og að hún verði dæmd til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar meðal annars fram, að hinn 30. mars 1990 seldi áfrýjandi bifhjól það, sem mál þetta snýst um, fyrir 460.000 krónur, og tók kaupandi þá strax við því. Einnig kemur þar fram, að í júní 1990 skemmdist hjólið verulega í árekstri, en uppgjör tjónbóta hefur enn ekki farið fram, þar sem kaupandinn hafði ekki afsal í höndum fyrir því frá skráðum eiganda, þ.e. stefndu. Þessi kaup gengu því til baka, og endurgreiddi áfrýjandi kaupverðið.

Í hinum áfrýjaða dómi var viðurkenndur réttur stefndu til að rifta kaupum sínum á bifhjólinu. Ráðstafanir áfrýjanda, eftir að hann skaut málinu til Hæstaréttar, samrýmast ekki áfrýjun þess. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 125.000 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti. Áfrýjandi, Sverrir Þóroddsson, greiði stefndu, Sigurdísi Reynisdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 125.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 26. maí 1988. Stefnandi er Sigurdís Reynisdóttir, Nönnufelli 1, Reykjavík. Stefndi er Sverrir Þóroddsson kaupmaður, með starfsstöð að Skútuvogi 10 C, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi bæjarþingsins riftun stefnanda á kaupum á Kawasaki-bifhjóli, GPX 750 R, í bréfi hennar til stefnda, dagsettu 11. nóvember 1987, — einnig, að staðfest verði krafa stefnanda um, að stefndi endurgreiði stefnanda kaupverð bifhjólsins og kostnað tengdan skuldabréfi, útgefnu vegna kaupa á bifhjólinu, alls 493.783 krónur, ásamt vanskilavöxtum Seðlabanka Íslands, 2,8% á mánuði af 493.783 krónum frá 4. júní 1987 til 4. júlí s.á., með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. ágúst s.á., með 3,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 4. september s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. október s.á., með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. nóvember s.á., með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. desember s.á., 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. janúar 1988, með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 4. mars s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í annan stað er krafist, að stefndi greiði stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð 100.000 krónur, ásamt vanskilavöxtum Seðlabanka Íslands, 3,8% á mánuði af 100.000 krónum frá 1. júní 1988 til greiðsludags, vegna kostnaðar við rekstur hjólsins frá 4. júní 1987 til 11. nóvember 1987, vegna tilrauna stefnanda við að fá hjólið lagfært og óþæginda og leiðinda vegna bilana þess.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Til frádráttar kröfum er innborgun, 83.974 krónur, 6. janúar 1988 vegna tjóns á hjólinu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi keypti bifhjól, Kawasaki, GPX 750 R, árgerð 1987, hjá stefnda vorið 1987. Hún greiddi 150.000 krónur af kaupverðinu 5. maí s.á. Stefnandi fékk bifhjólið afhent 4. júní og gaf sama dag út skuldabréf, að fjárhæð 343.783 krónur, sem hún greiddi á einu ári. Ekki fékk stefnandi reikning fyrir hjólinu fyrr en 3. nóvember 1987. Hjólið fékk skráningarnúmerið R 73771.

Stefnandi og vitnið Elí Pétursson tilkeyrðu hjólið, en Elí þessi kvaðst vanur akstri bifhjóla. 11. júní fór stefnandi ásamt fleira fólki til Norðurlanda með m/s Norrænu. Í ferðinni kom í ljós, að hjólið hrökk úr 2. gír.

Er stefnandi kom heim, kvartaði hún við stefnda yfir þessu og einnig því, að froða myndaðist í olíu o.fl. Stefndi hafi í fyrstu lítt sinnt kvörtunum stefnanda, en loks hafi hjólið verið sett á verkstæðið Vélhjól og sleða að Tangarhöfða 9 hér í borg. Þar var hjólið til viðgerðar dagana 15. til 29. september og síðar 6. til 30. október 1987 og loks farið með það þangað 3. nóvember s.á. Voru gírkassinn og vélin þá tekin úr hjólinu og send til Kawasaki Motors í Englandi til athugunar og viðgerðar.

Hjólið hefur síðan verið í vörslum stefnda, en stefnandi neitaði að taka við því eftir 3. nóvember 1987.

Með bréfi 11. nóvember 1987 krafðist stefnandi riftunar á kaupunum á hjólinu og að kaupverðið yrði endurgreitt sér auk kostnaðar og miskabóta.

Stefnandi heldur því fram, að við kaupin hafi hjólið verið verulega gallað, sem lýst hafi sér í því, að hjólið hrökk úr 2. gír undir álagi. Þetta leiði til þess, að endursöluverð hjólsins sé mun lægra en ella mætti vænta, og því vilji hún ekki taka við því, enda þótt gert hafi verið við hjólið. Reyndar sé alls óvíst, að viðgerð hafi verið fullnægjandi.

Stefndi staðhæfir, að hjólið hafi verið gallalaust, er það var selt, og allar skemmdir, sem fram hafi komið á hjólinu síðan, stafi af rangri notkun hjólsins. Ber hann fyrir sig umsögn Kawasaki Motors í Englandi, en þar var gírkassinn skoðaður og tekinn upp. Í tveimur skeytum og bréfi frá Kawasaki Motors til stefnda segi, að bilunin sé vegna rangrar meðferðar á hjólinu.

Þá heldur stefndi því fram, að gallinn hafi ekki verið verulegur og því ekki efni til að heimila riftun, enda eigi tilvik þetta undir 42. gr., 1. mgr., kaupalaga. Miskabótakröfu er mótmælt, enda eigi hún ekki lagastoð.

Forsendur og niðurstaða.

Fram er komið í málinu, að fljótlega eftir að stefnandi fékk hjól sitt, tók að bera á því, að það hrökk úr 2. gír, er vélin var undir álagi.

Þá kemur fram, að skipt var um gírhjól á verkstæði Vélhjóla og sleða, en ekki um viðkomandi hreyfibúnað. Allt að einu hrökk hjólið úr gír eftir viðgerðina.

Síðar voru gírkassi og vélarsamstæða send til framleiðanda í Englandi. Þar var skipt um gírhjól og settur í nýr hreyfibúnaður.

Telja verður, einkum með vísan til framburðar vitnisins Þorsteins Marelssonar, að það sé nægjanlega í ljós leitt, að hjólið hafi verið í lagi eftir þessa viðgerð.

Dómurinn telur, að skýringin á galla þeim, sem var á hjólinu, sé sú, að hreyfibúnaði fyrir gírskiptingu hafi verið áfátt, þar sem hjólið vann eðlilega, eftir að skipt var um hreyfibúnaðinn. Bendir allt til þess, að honum

hafi verið áfátt frá upphafi og því hafi hjólið verið gallað, er það var selt.

Galli þessi er verulegur, og koma því ákvæði 42. gr., 1. mgr., kaupalaga til álita.

Fram er komið, að tilraunir til úrbóta, er gerðar voru á verkstæði Vélhjóla og sleða, báru ekki árangur og að hjólið hafði þegar verið þar til viðgerðar samtals 38 daga, er stefnandi fór með það þangað í þriðja sinn 3. nóvember 1987. Þegar þar var komið, var liðinn sá tími, sem stefnandi þurfti að bíða úrbóta, og þarf hún ekki að sætta sig við það nú að taka við hinu selda hjóli að nýju.

Stefnandi ritaði stefnda bréf, dagsett 11. nóvember 1987, þar sem hún lýsti þeirri kröfu sinni, að kaupunum yrði rift og henni endurgreitt kaupverðið.

Stefndi svaraði ekki bréfi þessu efnislega fyrr en með svarbréfi, dagsettu 13. janúar 1988, til lögmanns stefnanda, sem hafði ítrekað riftunarkröfu hennar með bréfi 6. janúar 1988, og getur stefndi ekki nú haldið uppi mótbárum gegn riftunarkröfu stefnanda, en efnisleg skilyrði riftunar voru fyrir hendi, er hún sendi bréf sitt, sbr. það, sem hér að framan segir um, að gallinn var upprunalegur og verulegur og að stefndi getur ekki borið fyrir sig ákvæði 49. gr., 1. mgr., kaupalaga.

Ber því að taka kröfu stefnanda um riftun til greina og dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda kaupverð hjólsins að frádregnum bótum til hennar vegna tjóns á hjólinu, eins og krafist er í stefnu.

Lagaheimild skortir til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda.

Krafa stefnanda um skaðabætur er ekki studd nægjanlegum gögnum, og er hún ekki tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 105.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Finnboga Eyjólfssyni og Jan Jansen bifvélavirkjum.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Sigurdísar Reynisdóttur, um riftun á kaupum hennar á Kawasaki-bifhjóli af stefnda, Sverri Þóroddssyni.

Stefndi greiði stefnanda 493.783 krónur með 33,6% ársvöxtum frá 4. júní 1987 til 4. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 4. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 4. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 4. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 4. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 4. desember s.á., með 49,1% ársvöxtum frá þeim degi til 4. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars

s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 83.974 krónum. Stefndi greiði stefnanda kr. 105.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu dóms að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 80/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

setuskiptaráðandanum í Rangárvallasýslu
f.h. dánarbús Ólafs Bergsteinssonar,
Bergsteini Gizurarsyni,
Sigurði Gizurarsyni og
Sigríði Gizurardóttur.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 15. nóvember 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. apríl 1991 og var þá frestað til októbermánaðar 1991. Er málið var tekið fyrir 2. október sl., var af hálfu áfrýjanda óskað eftir fresti til nóvembermánaðar. Af hálfu stefnda, setuskiptaráðandans í Rangárvallasýslu, var synjað um frest og þess krafist, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi vísar til þess í greinargerð sinni, að með gerðardómssamningi aðila hafi ákveðin atriði, sem varða flókin fjárviðskipti, verið tekin út úr skiptaréttinum, og hafi gerðardómur ekki lokið störfum. Hafi verið ætlunin að leggja niðurstöður hans fram í þessu máli, til þess að Hæstiréttur gæti „á breiðum grundvelli og með réttum upplýsingum dæmt í málinu". Muni áfrýjandi hafa dómsgerðir tilbúnar um næstu mánaðamót. Kveður hann önnur stefndu í málinu vera samþykk fresti.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að áfrýjandi hafi ekki sýnt neina tilburði í þá átt að reka mál sitt fyrir Hæstarétti, eftir að málið var þingfest þar 8. apríl sl., og hafi hann enn ekki óskað eftir því, að dómsgerðir verði útbúnar. Vísar hann og til þess, að skiptaráðanda beri að halda „tilhlýðilega áfram skiptum á búi", sbr. 97. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Þótt liðnir séu rúmlega 7 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu og

telja verði, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, þykir engu að síður rétt að veita honum frest til 1. nóvember 1991.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 1. nóvember 1991.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 16. september 1991.

Í máli þessu hefur Lúðvík Gizurarson, kt. 060332-3479, krafist þess, að lögbann verði lagt á fyrirhugaðan fund í Veiðifélagi Rangæinga í Laufafelli, Hellu, mánudaginn 16. sept. nk. kl. (sic). Veiðifélag Rangæinga hefur krafist, að synjað verði um umbeðna lögbannsgerð, og málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda samkvæmt mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

Málið var tekið til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 14. sept. sl.

Gerðarbeiðandi segir í gerðarbeiðni sinni, að gerðarþoli hafi auglýst áðurgreindan fund í Veiðifélagi Rangæinga í Ríkisútvarpinu að kvöldi 11. þessa mánaðar, en skv. 2. tl. 56. gr. laxveiðilaga beri að auglýsa fund með minnst viku fyrirvara. Einnig starfi félagið ólöglega og geti ekki bundið félagsmenn sína í einu eða neinu.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skilyrðum laga um lögbann sé hvergi nærri fullnægt í þessu tilviki. Skilyrði lögbanns skv. 26. gr. laga nr. 18/1949 séu þau, að athöfn, sem á að banna, sé ólögmæt og raski rétti gerðarbeiðanda, en ekki hafi gerðarbeiðandi sýnt fram á, hvaða rétti hans væri raskað með því að halda fund í veiðifélaginu. Hann sé félagsmaður og geti sótt fundinn og haft uppi mótbárur við ákvörðunum fundarins á honum.

Í öðru lagi er byggt á því, að samkvæmt stjórnarskrá sé fundafrelsi tryggt og ekki sé því hægt að banna mönnum að koma saman með fógetagerð, enda séu engar yfirvofandi ólögmætar og refsiverðar athafnir, er þar fari fram.

Í þriðja lagi segir gerðarþoli, að ekki verði séð, hvernig boðun fundar geti falið í sér réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda.

Telja verður, að gerðarbeiðandi hafi hvergi nærri sýnt fram á yfirvofandi réttarskerðingu, verði fundur þessi haldinn. Ekki hefur gerðarbeiðandi heldur sýnt fram á, hvaða hagsmunum hans sé raskað með því, að fundurinn sé haldinn, enda verður að tiltaka það ákveðið, hvaða athafnir á að banna. Í fógetamáli þessu verður ekki úr því skorið, hvort fyrirhugaður fundur hafi verið réttilega auglýstur eða ekki. Ekki verður heldur úr því skorið, hvort starfsemi Veiðifélags Rangæinga sé ólögmæt eða ekki. Telja

verður, að réttarvernd gerðarbeiðanda sé nægilega tryggð fyrir öðrum stjórnvaldsleiðum og/eða dómstólum. Verði því að synja um hið umbeðna lögbann.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000 í málskostnað.

Úrskurð þennan kvað upp Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang hins umbeðna lögbanns.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 394/1988. **Helgi Friðgeirsson og**
Margrét Bárðardóttir
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Íslandsbanka hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.),
Stefáni Pálssyni hrl.,
Einhamri sf.
(Stefán Pálsson hrl.),
Halldóri Ragnarssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.),
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.),
Hverfisprenti,
Fjárfestingarfélagi Íslands hf.,
bæjarfógetanum í Grindavík,
tollstjóranum í Reykjavík,
Byggingarsjóði ríkisins,
Sólningu hf.,
Brunabótafélagi Íslands,
Hitaveitu Suðurnesja,
Sigurmari K. Albertssyni hrl. og
Friðgeiri Björgvinssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Uppboð. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Hinn 1. janúar 1990 yfirtók Íslandsbanki hf. allan rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. og hefur tekið við aðild málsins.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1988. Þau krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði

ómerktur og stefndu dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Af hálfu annarra stefndu en Einhamars sf. og Stefáns Pálssonar hrl. er þess jafnframt krafist, að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Áfrýjendur reisa ómerkingarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að uppboðshaldara hafi borið að hefja uppboðsmálið, er enginn uppboðsbeiðenda mætti í þinghaldi í uppboðsrétti 6. september 1988, en í öðru lagi hafi honum borið að fella málið niður, er greiðslustöðvun lauk, þar sem eigi hafi verið unnt að fara eftir ákvæðum 3. mgr. 29. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 12/1987, að halda þriðja og síðasta uppboð innan fjögurra vikna frá öðru og síðara uppboði. Um sé að ræða formreglu, er eigi verði sniðgengin.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að framangreind lagaákvæði verði að skýra á þann veg, að þriðja og síðasta uppboð á fasteign, sem fresta verði vegna greiðslustöðvunar í þágu uppboðsþola, skuli fara fram innan fjögurra vikna frá þeim degi, er greiðslustöðvun lauk, enda standi ekki ákvæði annarra laga því í vegi, að sala fari þá fram. Lögskýring á annan veg myndi eigi aðeins skaða hagsmuni uppboðsbeiðenda, heldur og uppboðsþola.

Af hálfu stefndu er því sérstaklega mótmælt, að Hæstiréttur fjalli um réttaráhrif framangreindrar útivistar uppboðsbeiðenda, þar sem lögmaður áfrýjenda hafi lýst því yfir í uppboðsrétti, er málið var tekið til úrskurðar, að hann bæri eigi fram önnur mótmæli gegn framgangi þriðja og síðasta uppboðs en þau, að lagaáskilnaði um fjögurra vikna frest milli annars og þriðja uppboðs væri eigi fullnægt. Hér er um réttarfarsatriði að ræða, sem kemur til álita fyrir Hæstarétti ex officio.

Hinn 18. apríl 1988 fór fram annað og síðara uppboð á Kögurseli 14. Var málinu þá frestað til 13. maí sama ár, og skyldi þá fara fram þriðja og síðasta uppboð á eigninni. Í réttarhaldi þann dag mætti fulltrúi skiptaráðandans í Reykjavík og lagði fram ljósrit af

úrskurði skiptaréttar, þar sem áfrýjendum var veitt greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Af hálfu málsaðila mætti enginn. Uppboðshaldari frestaði málinu við svo búið til 6. september 1988. Af gögnum málsins verður ekki séð, að þinghald hafi verið háð í málinu þann dag, en 13. ágúst höfðu áfrýjendur fengið greiðslustöðvunina framlengda um tvo mánuði, og var þriðja og síðasta uppboði þá frestað utan réttar til 8. nóvember 1988.

Samkvæmt 2. tl. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var uppboðshaldara óheimilt að framfylgja ákvörðun uppboðsréttar frá 18. apríl 1988 um þriðju og síðustu sölu á Kögurseli 14 hinn 13. maí, og hlaut uppboðið af þeim sökum að frestast sjálfkrafa þann tíma, er greiðslustöðvun var í gildi. Verður því hvorki talið, að útivist stefndu á fyrrnefndu dómþingi uppboðsréttar né ákvörðun uppboðshaldara um þinghöld í málinu, er hann tók utan réttar, meðan á greiðslustöðvun stóð, leiði til þess, að ómerkja beri meðferð málsins fyrir uppboðsréttinum.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að sumir stefndu eru undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts, en aðrir ekki. Er því við ákvörðun málskostnaðar ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Helgi Friðgeirsson og Margrét Bárðardóttir, greiði stefndu Stefáni Pálssyni og Einhamri sf. hvorum 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Áfrýjendur greiði in solidum stefndu Sparisjóði Reykjavíkur, Íslandsbanka hf., Halldóri Ragnarssyni, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Hverfisprenti, Fjárfestingarfélagi Íslands hf., bæjarfógetanum í Grindavík, tollstjóranum í Reykjavík, Byggingarsjóði ríkisins, Sólningu hf., Brunabótafélagi Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Sigurmari K. Albertssyni og Friðgeiri Björgvinssyni hverjum 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 254/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birni Björnssyni Blöndal
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1991 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar af hálfu ákæruvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að sektarrefsing verði lækkuð.

Ratsjá lögreglubifreiðarinnar var prófuð fyrir mælingu á hraða bifreiðar ákærða og einnig eftir mælingu. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að ratsjáin hafi ekki verið í fullkomnu lagi og mælt hraða bifreiðarinnar réttilega 90 km miðað við klukkustund. Þykir því að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms rétt að staðfesta niðurstöðu hans.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Björn Björnsson Blöndal, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 9. apríl 1991.

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 18. október 1989, og dómtekið sl. föstudag. Ákærði er Björn Björnsson Blöndal, kt. 140546-3999, Freyjuvöllum 10, Keflavík.

Er honum í ákæru gefið að sök að hafa ekið „...fimmtudaginn 15. september 1988 bifreiðinni R-31418 suður Víknaveg í Ytri-Njarðvík með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við Grænásafleggjara". Þetta er í ákærunni talið varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og krafist refsingar ákærða og greiðslu alls sakarkostnaðar úr hans hendi.

Skipaður verjandi ákærða hefur krafist þess, að honum verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfi. Þá krefst verjandinn málsvarnarlauna sér til handa.

Lögregla stöðvaði ákærða að morgni 15. september 1988, þar sem hann hafði ekið á bifreiðinni R-31418 eftir Víknavegi í Njarðvík. Hafði ökuhraði ákærða verið mældur með ratsjá og reynst 90 km/klst., en á þessum kafla er leyfður hámarkshraði 50 km/klst., eftir því sem í skýrslu lögreglu segir. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi eigi verið stöðvaður fyrr en á stað, þar sem leyfður hraði sé 60 km/klst. Hefur hann sagst halda, að hann hafi ekið á 70-80 km hraða.

Hvað sem líður því, hvar ákærði var nákvæmlega stöðvaður, verður með framburði lögregluþjóna þeirra, er að stóðu, og könnun á aðstæðum á vettvangi talið sannað, að mæling hafi verið gerð á kafla, þar sem hámarkshraði er 50 km/klst.

Við meðferð máls þessa hefur komið fram, að skekkjur koma fram á ratsjám lögreglu á tilteknum kafla á Flugvallarvegi, að líkindum vegna áhrifa frá tækjum varnarliðsins. Slíks hefur aldrei orðið vart á Víknavegi eða annars staðar í byggðinni í Njarðvík.

Að sakargögnum athuguðum, framburði lögreglumanna og ákærða fyrir dómi og fyrri skýrslum þeirra fyrir lögreglu og dómi verður að telja sannaða þá háttsemi, sem ákærða er í ákæru gefin að sök. Er hún rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur 14. maí 1946 og var því 42 ára að aldri, er brot var framið. Skv. sakavottorði hans var ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið 1962 vegna brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá sætti hann á árunum 1963 - 1974 sjö sinnum sektum vegna brota gegn umferðar- og áfengislögum.

Refsing ákærða þykir hæfileg 10.000 króna sekt, er afplánist með varðhaldi þrjá daga, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber og að greiða allan sakarkostnað, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., kr. 35.000.

Meðferð máls þessa hefur tekið langan tíma. Með dómi, upp kveðnum 17. október 1990, var málinu vísað frá dómi, en áður höfðu þrír lögmenn skorast undan því að taka skipun sem verjendur ákærða. Ríkissaksóknari kærði dóm þennan til Hæstaréttar, og var hann felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 6. nóvember og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið að nýju til dómsmeðferðar. Með umboðskrá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 15. febrúar sl. var meðferð málsins falin Jóni Finnbjörnssyni, settum héraðsdómara á Keflavíkurflugvelli, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Björnsson Blöndal, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í þrjá daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun Jóhannesar Sigurðssonar hdl., kr. 35.000.

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 492/1989. **Á. Sigurðsson sf.**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Skaðabætur utan samninga. Geymsla. Vis major hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda verði gert að greiða sér 291.505 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður áfrýjanda því yfir, að hann reisti kröfugerð sína eigi lengur á því, að um flutningsábyrgð stefnda væri að ræða, heldur væri kröfugerð hans fyrir Hæstarétti eingöngu byggð á almennum skaðabótareglum utan samninga.

Með viðaukasamningi stefnda og þrotabús Hafskips hf. hinn 6. janúar 1986 við kaupsamning aðila sama dag tók stefndi frá og með 1. s.m. við öllum leiguréttindum þrotabúsins við Reykjavíkurhöfn og afnotum þess svæðis, sem það hafði þar haft til umráða, með ákveðnum takmörkunum. Stefndi tók við gæslu svæðisins frá undirritun samnings. Áskilið var, að þrotabúið hefði heimild til þess að geyma gáma, sem vörur væru enn í, á útisvæði við Faxaskála gegn endurgjaldi til stefnda. Tekið var fram, að gámar, sem þegar væru tæmdir og stæðu á umræddu svæði, væru þrotabúi Hafskips hf. óviðkomandi. Í lok viðaukasamningsins var svo kveðið á, að þrotabúið myndi bera ábyrgð vörslumanns á vörusendingum,

sem það hefði til geymslu, eftir að samningur þessi kæmi til framkvæmda, en stefndi ábyrgðist athafnir starfsmanna sinna og meðferð vara við afgreiðslu eftir almennum skaðabótareglum.

Með framangreindum samningi tók stefndi að sér að bera ábyrgð á gæslu hins umrædda svæðis, og verða ákvæði hans ekki skilin öðruvísi en svo, að stefndi hafi átt að annast umsjá þeirra tómu gáma, sem þar voru geymdir. Starfsmenn Hafskips hf. munu upphaflega hafa staflað þeirri gámastæðu, sem sá gámur fauk af, er olli því tjóni, er mál þetta varðar. Hins vegar má ráða af framburði vitnisins Friðfinns Guðjónssonar verkstjóra fyrir héraðsdómi, að eigi sé loku fyrir það skotið, að starfsmenn stefnda hafi þurft að flytja til gáma á geymslusvæðinu. Ekki hefur verið sýnt fram á, að veðurofsi hafi verið meiri en við mátti búast á þessum árstíma. Í málinu hefur ekkert komið fram, er bendi til þess sérstaklega, að geymsla og frágangur þeirra gáma, sem hér um ræðir, hafi verið með öðrum og lakari hætti en almennt sé tíðkanlegur. Hins vegar ber að líta til þess, að frágangurinn virðist ekki hafa verið til þess fallinn að tryggja, að tjón hlytist ekki af í slíku veðri, sem þarna varð og búast mátti við samkvæmt framansögðu. Í framburði vitnisins Guðmundar Eyjólfssonar verkstjóra fyrir héraðsdómi kom fram, að gámur hefði áður fokið í hvassviðri á geymslusvæði við höfnina og þá út á Tryggvagötu. Sá tjónsatburður, sem hér er fjallað um, varð helgina 25.-26. janúar 1986, og urðu starfsmenn í Faxaskála varir við það, er þeir mættu til vinnu sinnar að morgni mánudagsins á eftir, að gámurinn hafði fokið. Ekki verður séð, að stefndi hafi gert sérstakar ráðstafanir til varnaðar eða eftirlits á geymslusvæðinu vegna versnandi veðurs um helgina.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda. Í málinu hefur verið lögð fram staðfesting Halldórs Júlíussonar veitingamanns á því, að hann hefði fyrir hönd Hótel Akraness gert áfrýjanda tilboð að fjárhæð 330.000 krónur í frystigeymsluna, áður en hún eyðilagðist. Áfrýjandi byggir á því, að hann myndi hafa þurft að greiða vörugjald, 3.687 krónur, og söluskatt, 34.808 krónur, og nemi tjón hans mismuni þessara gjalda og tilboðsverðsins, 291.505 krónum. Stefndi hefur ekki mótmælt þessari kröfufjárhæð tölulega, en heldur því þó fram, að tjón áfrýjanda geti eigi verið meira en sem svarar innkaupsverði

vörunnar. Á hinn bóginn þykir áfrýjandi hafa sýnt nægjanlega fram á, að tjón hans nemi stefnufjárhæðinni, og verður stefndi dæmdur til þess að greiða hana með þeim vöxtum, sem krafist er, en upphafstími vaxtanna sætir ekki andmælum. Þá verður stefndi og dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Á. Sigurðssyni sf., 291.505 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, að fjárhæð 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Á. Sigurðssyni s/f, Ægisíðu 96, Reykjavík, gegn Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 24. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 291.505 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að sýknað verði, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar til verulegra muna.

Upphaflega var þrotabúi Hafskips h/f einnig stefnt til óskiptrar sakaraðildar með stefnda í máli þessu, en kröfum stefnanda á hendur þrotabúi Hafskips h/f var vísað frá með dómi, upp kveðnum 8. febrúar sl.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 10. maí sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið tvívegis, 12. júlí sl. og í dag.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi flutt hingað til lands kæligeymslu, byggða á vörubílsgrind, frá Hamborg með skipi Hafskips h/f, Skaftá, er komið hafi til landsins 9. júlí 1985, og hafi kæligeymslan verið geymd í vörugeymslu Hafskips h/f við Faxaskála, Reykjavíkurhöfn. Farmbréfið hafi verið stílað á Reyni Guðmundsson, Hveragerði, enda hafi stefnandi verið búinn að semja við hann um kaup á kæligeymslunni. Vegna vanefnda kaupandans hafi stefnandi orðið að yfirtaka vörusendinguna.

Tafir hafi orðið á, að kæligeymslan væri leyst úr tolli, m.a. vegna þess, að stefnandi hafi verið að leita að nýjum kaupanda. Í byrjun janúar 1986 hafi stefnandi náð samkomulagi við Halldór Júlíusson veitingamann um að kaupa kæligeymsluna á kr. 330.000. Kæligeymslan hafi hins vegar gjöreyðilagst helgina 25. - 26. jan. 1986 með þeim hætti, að tómur vörugámur hafi runnið af stæðu í portinu og ofan á kæligeymsluna.

Hafskip h/f hafi orðið gjaldþrota 6. desember 1985, en þrotabú Hafskips h/f hafi gert samning við Eimskipafélag Íslands h/f 6. janúar 1986, þar sem Eimskip hafi m.a. tekið við rekstri vörugeymslunnar Faxaskála og gæslu svæðisins. Tekið var fram í samningi, að gámar, sem þegar voru tæmdir og stóðu á svæðinu, væru þrotabúinu óviðkomandi.

Þegar kallað hafi verið eftir kröfum í þrotabú Hafskips h/f, hafi stefnandi lýst kröfu í þrotabúið vegna altjóns á kæligeymslunni í vörslu skipafélagsins. Stefnanda hafi þá ekki verið kunnugt um efni áðurnefnds samnings við Eimskipafélag Íslands h/f. Gerð hafi verið krafa um bætur, að fjárhæð kr. 330.000, sem var ætlað söluverð kæligeymslunnar. Kröfunni hafi verið hafnað af bústjóra svo og skuldajafnaðarkröfu stefnanda, en þrotabúið hafi átt gjaldfallið skuldabréf, útgefið af stefnanda 12. júní 1985, að fjárhæð kr. 443.159.

Ágreiningsmáli um kröfu stefnanda hafi verið vikið til sérstakrar meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur, en vegna upplýsinga í greinargerð lögmanns þrotabúsins um hugsanlega skaðabótaábyrgð Eimskipafélags Íslands hafi verið ákveðið að fella það sérstaka skiptaréttarmál niður. Síðar hafi verið gerðar kröfur á hendur Eimskip, en þeim hafi verið hafnað.

Málsástæður stefnanda í efnisþætti málsins, eins og það liggur nú fyrir, eru þær, að handvömm eða athafnaleysi starfsmanna stefnda, Eimskipafélags Íslands h/f, hafi leitt til þess, að gámur hafi runnið ofan af gámastæðu í hvassviðri og gjöreyðilagt kæligeymslu stefnanda. Stefnandi viti ekki, hver átt hafi gáminn, en hann hafi annaðhvort verið í vörslum og á ábyrgð Eimskipafélags Íslands h/f, sem gert hafði samning við þrotabú Hafskips h/f um yfirtöku vörugeymslunnar, þegar þetta hafi gerst.

Bótaábyrgð stefnda byggist á almennu skaðabótareglunni, en það hafi verið sök starfsmanna stefnda, hvernig fór. Gámum hafi verið hlaðið upp

í háa stæðu án tryggilegra festinga, en snertifletir hafi verið hálir, sérstaklega á þessum árstíma. Ekki hafi þurft mikið til, að þeir rynnu úr stæðunum. Stefndi beri svo húsbóndaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Þótt vindmælir Veðurstofu Íslands hafi á þessum tíma sýnt 58 hnúta vindhraða í einstökum hviðum, hafi ekki geisað ofsaveður í Reykjavík, þar sem meðalvindhraði í 10 mín. hafi aldrei náð 56 hnútum. Ekki komi því til greina, að stefndi sé undanþeginn ábyrgð vegna ófyrirsjáanlegra atvika (vis major).

Þá byggir stefnandi á því, að um sé að ræða farmflutningsábyrgð samkvæmt 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Sönnunarbyrði sé öfug í slíkum tilvikum, þ.e. stefndi eigi að sýna fram á, að tjónið verði ekki rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis starfsmanna hans. Að öðrum kosti teljist flutningsaðili eða vörsluaðili bótaábyrgur. Um ábyrgð stefnda í þessu sambandi vísast til 73. gr. siglingalaga, en með lögjöfnun megi beita þeirri grein um það tilvik, að einn farmflytjandi taki að sér að geyma vöru fyrir annan.

Fjárhæð kröfu sé þannig fundin, að byggt sé á ætluðu söluverði (markaðsverði), kr. 330.000, en dregin séu frá vörugjald og söluskattur, kr. 38.495, og þannig nemi krafa stefnanda kr. 291.505.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að starfsmenn hans hafi staflað gámunum á þann hátt, sem lýst sé í sóknarskjölum málsins. Hér hafi verið um geymslusvæði Hafskips að ræða, og hafi starfsmenn þess félags haft veg og vanda af frágangi gámanna. Starfsmönnum stefnda yrði því ekki um kennt, jafnvel þótt talið yrði, að ógætilega hefði verið frá gámunum gengið. Er því þó mótmælt, að svo hafi verið. Slíkur frágangur muni vera venju samkvæmt á hafnarsvæðum hér við land og á engan hátt talinn óeðlilegur eða varasamur frágangur. Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi hafi í skiptaréttarmáli gegn þrotabúi Hafskips h/f byggt á því, að tjónið á kæligeymslunni mætti rekja til vangæslu starfsmanna Hafskips h/f. Starfsmenn stefnda hafi hvergi komið þar nærri, og því sé ekki um húsbóndaábyrgð stefnda að ræða.

Stefndi bendir á, að bótakröfur verði ekki byggðar á farmskírteinisábyrgð, þar sem þeirri ábyrgð ljúki, þegar varan fari frá borði, og viðtakanda vörunnar jafnframt gert skylt að sækja vöru sína til losunarhafnar. Tilkynning hafi verið send viðtakanda vörunnar, Reyni Guðmundssyni, áður en varan hafi komið til landsins, og hafi því Hafskip h/f orðið að geyma vöruna utan húss á athafnasvæði sínu. Sjö mánuðir hafi liðið, frá því að varan kom til landsins, þangað til óhappið hafi gerst.

Af hálfu stefnda er bent á niðurlagsákvæði 3. gr. í framlögðum viðaukasamningi milli stefnda og Hafskips h/f frá 6. janúar 1986, sem er svohljóðandi: „Gámar, sem þegar eru tæmdir og standa á umræddu svæði, eru

þrotabúi Hafskips h/f óviðkomandi." Það leiði af sjálfu sér, að slíkur samningur milli stefnda og þrotabús Hafskips geti ekki leitt til þess, að hugsanleg bótaskylda þrotabúsins gagnvart þriðja manni falli niður. Hafi starfsmenn Hafskips sett gáminn á þann stað, sem hann var á, þegar óhappið varð, og verði það talið viðsjárverður frágangur að mati dómsins, sé um að ræða saknæmisverknað starfsmanna Hafskips h/f. Auk þess er á það bent, að samkvæmt 6. gr. samnings þessa beri þrotabúið ábyrgð vörslumanns á vörusendingum, sem það hafi til geymslu, eftir að samningurinn kemur til framkvæmda, og þar sé beinum orðum tekið fram, að stefndi ábyrgist athafnir starfsmanna sinna og meðferð á vörum við afgreiðslu eftir almennum skaðabótareglum.

Öðrum þræði byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að um vis major sé að ræða. Fyrir liggi skoðunarvottorð Lloyds-umboðsins í Reykjavík, Könnunar h/f, sem segi, að vindstyrkur í Reykjavík 25. og 26. janúar hafi janfvel slegið í stuttan tíma upp í 10 - 11 vindstig. Á framlögðu vottorði Veðurstofunnar komi fram, að kl. 24.00 25. janúar hafi vindhraði mælst 58 hnútar, og á meðfylgjandi töflu sé þess getið, að það teljist ofsaveður, ef vindhraði mælist yfir 56 hnútar. Það sé út í hött að gefa út meðaltalsvind yfir lengra tímabil, þegar meta skuli, hvort um vis major sé að ræða. Með því að hafa slíkt meðaltalstímabil nógu langt sé ávallt hægt að sýna fram á, að ofviðri hafi aldrei geisað. Hér verði að taka til greina þá hæstu mælingu, sem sannanleg sé, og miða við hana.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína einnig á undanþáguákvæðum í D- og I-lið 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 um ábyrgð farmflytjanda á farmi.

Varakröfu sína um lækkun dómkrafna byggir stefndi á ákvæðum 70. gr. laga nr. 34/1985 um takmarkaða ábyrgð farmflytjanda. Bætur miðist við 2 SDR fyrir hvert brúttó-kíló vöru, sem skemmist, glatast eða afhendingu seinkar á. Þyngd vörunnar samkvæmt farmskírteini hafi verið 1300 kg. Það væri því um 2.600 SDR að ræða á gengi 14. apríl 1988 53,599, sem nemi kr. 139.357,40.

Forsvarsmaður stefnanda, Ásgeir Sigurðsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu svo og vitnin Guðmundur Eyjólfsson og Friðfinnur Guðjónsson verkstjórar.

III.

Með kaupsamningi, dags. 6. janúar 1986, og viðaukasamningi, dags. sama dag, milli Eimskipafélags Íslands h/f og þrotabús Hafskips h/f tók stefndi við öllum leiguréttindum þrotabúsins við Reykjavíkurhöfn. Frá þeim tíma tók stefndi við afnotum og gæslu geymslusvæðisins, sem þar var um að ræða, þ.m.t. útisvæði við Faxaskála, þar sem tjónið varð. Í 6. gr. viðaukasamningsins var kveðið á um það, að þrotabúið bæri ábyrgð

vörslumanns á vörusendingum, sem það hefði til geymslu, eftir að samningur þessi kæmi til framkvæmda, en stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, ábyrgðist athafnir starfsmanna sinna og meðferð vara við afgreiðslu eftir almennum skaðabótareglum.

Fyrir liggur, að umrædd vörusending var flutt til landsins með skipi Hafskips h/f og geymd á vegum þess á geymslusvæði við Faxaskála. Með vísan til 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og framangreinds samningsákvæðis bar stefndi því ekki vörsluábyrgð á greindri kæligeymslu, er tjónið varð.

Í niðurlagi 3. gr. viðaukasamnings þessa var tekið fram, að tómir gámar, sem væru á útisvæði við Faxaskála, væru þrotabúi Hafskips h/f óviðkomandi.

Gámur sá, sem tjóninu olli á kæligeymslu stefnanda, var tómur þurrgámur, sem staðið hafði efst í þriggja gáma stæðu á greindu útisvæði, sem þá var afnota- og umráðasvæði stefnda samkvæmt framansögðu. Samkvæmt vætti verkstjóranna Guðmundar Eyjólfssonar og Friðfinns Guðjónssonar er það algengt, að gámum sé staflað þannig upp í þrjár hæðir í landi og án sérstakra festinga. Í málinu hefur ekkert það komið fram, sem bendir til, að staðsetning eða hleðsla þessarar gámastæðu hafi verið ábótavant eða varhugaverð, en af gögnum máls má ráða, að gámurinn hafi fokið niður í því hvassviðri, sem geisaði helgina 25. - 26. janúar 1986. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að starfsmenn stefnda hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi átt sök á tjóni þessu. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Á. Sigurðssonar s/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 414/1988. **Sigríður Þorsteinsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Árna Leóssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)
og Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík.

Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1988. Dómkröfur hennar eru þessar:

„1. Aðallega, að við búskipti málsaðila verði beitt ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972, þannig, að viðurkennt verði, að áfrýjanda sé heimilt að taka að óskiptu úr hjúskapareign andvirði íbúðar að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem nánar er tiltekið fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, á þriðju hæð Bergstaðastrætis megin, enda taki áfrýjandi að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, en þó að undanskildum þremur veðskuldum, sem tilheyra stefnda Árna, við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, skv. veðbréfi, dags. 27/12 '84, og við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, skv. veðbréfi, dags. 9/8'85, og einnig við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, skv. veðbréfi, dags. 25/11'86.

2. Til vara er þess krafist, að ákveðin verði önnur frávik frá helmingaskiptum til aukningar á búshluta áfrýjanda.

3. Að stefnda Árna verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins."

Dómkröfur stefnda Árna eru þessar:

„Aðallega, að við skipti á búi aðila verði andvirði fasteignar búsins, sem var fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, að Skólavörðustíg 12, skipt samkvæmt svonefndri helmingaskiptareglu, sbr. 2. mgr. 18. gr. l. nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna.

Til vara er gerð sú krafa, að áfrýjanda verði aðeins heimilað að taka hluta af verðmæti ofangreindrar fasteignar af óskiptu samkvæmt nánari ákvörðun réttarins.

Til þrautavara er þess krafist, að áfrýjandi taki að sér greiðslu allra áhvílandi veðskulda á fasteigninni, verði henni heimilað að taka umdeilda fasteign af óskiptu búi.

Í öllum tilvikum er jafnframt krafist greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ."

Jóni Skaftasyni skiptaráðanda var stefnt fyrir Hæstarétt, en hann hefur ekki látið sækja þing í málinu.

Fram er komið, að fasteign sú, sem áfrýjandi festi kaup á 5. apríl 1984 og um getur í hinum áfrýjaða úrskurði, var seld á nauðungaruppboði 9. febrúar 1989. Eignin var lögð Byggingarsjóði ríkisins út sem ófullnægðum veðhafa. Nokkrir kröfuhafar, sem höfðu fengið tryggingar fyrir kröfum sínum með aðfarargerðum, fengu ekki greiðslur af uppboðsandvirðinu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst af hálfu áfrýjanda, að hún hefði hagsmuni af að fá dóm í samræmi við kröfur sínar, þar sem hún teldi, að stefndi einn ætti að standa skil á þremur veðskuldum, sem greiddar voru af uppboðsverðinu og nefndar eru í kröfugerð.

Glöggar upplýsingar liggja ekki fyrir í máli þessu um eignir og skuldir málsaðila, en þær voru teknar til opinberra skipta vegna skilnaðar þeirra. Ljóst er þó, sem fyrr greinir, að íbúðin við Skólavörðustíg var seld og að ekki er neitt fé til skipta af söluverðinu, og ekki hafa verið leiddar líkur að því, að til skipta komi eignir, sem að mestu stafi frá áfrýjanda. Getur skiptaréttur því ekki á grundvelli 57. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar skipt eftir 27. gr. laganna með þeim hætti, sem áfrýjandi krefst í aðal- og varakröfum sínum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, en ekki eru, eins og komið er, efni til að taka afstöðu til þess, hvort skilyrði 57. gr. hjúskaparlaganna séu að öðru leyti til staðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigríður Þorsteinsdóttir, greiði stefnda Árna Leóssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. október 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. september 1988.

Sóknaraðili, Sigríður Þorsteinsdóttir, nnr. 7861-4685, Svíþjóð, gerir þær dómkröfur aðallega, ,,að við búskipti málsaðila verði beitt ákvæði 57. gr., sbr.27. gr. laga nr. 60/1972, þannig, að sóknaraðila verði heimilað að taka af óskiptu úr hjúskapareign íbúð að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem er nánar tiltekið fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, á þriðju hæð Bergstaðastrætis megin, enda taki sóknaraðili að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, en þó að undanskildum þremur veðskuldum, sem tilheyra varnaraðila, við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, skv. veðbréfi, dags. 27/12 '84, og við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, skv. veðbréfi, dags. 9/8 1985, og einnig við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, skv. veðbréfi, dags. 25/11 '86".

Til vara krefst sóknaraðili þess, ,,að skiptaréttur ákveði önnur frávik frá helmingaskiptum til aukningar á búshluta sóknaraðila". Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, Árni Leósson, Neshaga 15, Reykjavík, kt. 010358-4349, krefst þess aðallega, að við skipti á búi aðila verði fasteign búsins, fjögurra herbergja íbúð, merkt 03-01, að Skólavörðusíg 12, skipt samkvæmt helmingaskiptareglu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna".

Til vara krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði aðeins heimilað að taka hluta af verðmæti ofangreindrar fasteignar af óskiptu samkvæmt nánari ákvörðun réttarins.

Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili taki að sér greiðslu allra áhvílandi veðskulda á fasteigninni, verði honum heimilað að taka umdeilda fasteign af óskiptu búi. Í öllum tilvikum krefst hann greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðilar máls þessa gengu í hjónaband 23.4. 1984. Fram að því munu þau hafa búið í óvígðri sambúð um nokkurt skeið, en málsaðilar eru ekki sammála um, hversu lengi sú sambúð varaði.

Hjónin slitu samvistum í mars 1987, og 6. október 1987 var tekin fyrir við embætti yfirborgardómara krafa málsaðila um skilnað að borði og sæng. Samkomulag tókst ekki um eignaskipti milli hjónanna, og var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur 7.3. 1988. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út af dómsmálaráðuneytinu 23.3. 1988.

Við uppskrift á búinu kom fram ágreiningur málsaðilanna um það, eftir hvaða reglum fasteign búsins að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, skyldi skipt, og er sá ágreiningur til úrlausnar í máli þessu. Öðrum eignum félagsbúsins hefur verið skipt.

Skiptaráðandi hefur leitað sátta í máli þessu, en sú viðleitni ekki borið árangur.

II.

Aðilar máls þessa eru ekki sammála um, hvenær sambúð þeirra hófst. Sóknaraðili kom fyrir réttinn 2.9. 1988, og svarar hún spurningu varnaraðila um það, hvenær hún og varnaraðili hafi hafið sambúð, þannig: „Við giftum okkur í apríl '84." Varnaraðili kom fyrir réttinn 23.9. 1988 og svaraði þannig spurningu um, hvenær hann og sóknaraðili hefðu hafið sambúð: „Það var seinni part ágúst 1982." Samkvæmt framburði vitna fyrir réttinum 23.9. 1988 mun sú sambúð hafa verið hafin um áramót 1983 - 1984. Varnaraðili kveðst hafa flutt til sóknaraðila að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, en þá fasteign átti sóknaraðili í sameign með foreldrum sínum. Varnaraðili átti við upphaf hjúskapar Ford-Bronco-bifreið, árgerð 1973, er hann hafði keypt fyrir kr. 88.000 árið 1983.

Eins og fyrr segir, gengu málsaðilar í hjónaband 23.4. 1984, og 9. maí 1985 ól sóknaraðili barn, en sóknaraðili átti fyrir tvö börn af fyrra hjónabandi. Voru börnin á heimili málsaðila, þar til sóknaraðili fluttist til Svíþjóðar 2. janúar 1987. Urðu þá börnin eftir í umsjá varnaraðila, þar til hann kom til Svíþjóðar 1. mars 1987 með sameiginlegt barn málsaðila, en hin börnin urðu eftir á Íslandi.

Samkvæmt framburði málsaðila fyrir réttinum virðist hvorugt þeirra hafa haft frumkvæði að því að óska eftir skilnaði, heldur hafi samtal þeirra um skilnað þróast í þá átt, að bæði voru að lokum sammála um, að skilnaður væri óhjákvæmilegur.

Fasteignin að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, var seld 29.1. 1984, og var söluverð hennar kr. 1.850.000, er átti að greiða þannig, að 1.400.000 skyldi greiða á tímabilinu 19.1. 1984 til 30.12. 1984, mismunurinn var greiddur með útgáfu skuldabréfs, að fjárhæð kr. 303.419, og yfirtöku skulda, sem hvíldu á eigninni, að fjárhæð kr. 146.581. Samkvæmt kaupsamningi um eignina skyldi seljandi aflétta skuldum, er hvíldu á eigninni:

Á 1. veðrétti kr. 20.000 til Alþýðubankans hf., dagsett 8.8. 1980.

Á 2. veðrétti kr. 13.806,25 til handhafa, dagsett 13.8. 1981.

Á 3. veðrétti kr. 120.000 til Lífeyrissjóðs starfsm. Reykjavíkurborgar, ds. 26.10. 1981.

Á 4. veðrétti kr. 20.000 til Búnaðarbanka Íslands, dags. 10.11. 1981.

Hinn 5.4. 1984 keypti sóknaraðili máls þessa íbúð að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sem um er deilt í máli þessu. Kaupverð þeirrar eignar var 1.850.000, og skyldi greitt með 1.152.880 kr. í útborgun á tímabilinu 5.4. 1984 til 5.12. 1984 og yfirtöku áhvílandi veðskulda, að fjárhæð kr. 697.120.

Greiðslur samkvæmt kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, áttu að stemma við greiðslur samkvæmt kaupsamningi um Skólavörðustíg 12, þannig, að greiðsla kæmi á móti greiðslu. Komið hefur hins vegar fram í málinu, að vanskil urðu á þremur síðustu greiðslum samkvæmt kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, svo að greiðslur, er áttu að berast 30.10. 1984 og 30.11. 1984, samtals að fjárhæð kr. 170.000, bárust ekki á réttum tíma, en 7.12. 1984 barst innborgun, kr. 150.000. Greiðsla að fjárhæð kr. 75.000, er átti að berast 30.12. 1984, barst ekki fyrr en 23.1. 1985. Skuld kaupenda Tjarnarbrautar 9 við seljendur var með dráttarvöxtum 1.2. 1987 kr. 58.604.

Á eigninni að Skólavörðustíg 12 hvíla nú auk þeirra veðskulda, er kaupandi tók að sér samkvæmt kaupsamningi um eignina:

Í fyrsta lagi skuldabréf við Lífeyrissjóð verslunarmanna, upphaflega að fjárhæð kr. 150.000, út gefið 27. 12. 1984. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í öðru lagi skuldabréf við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, út gefið 9.8. 1985. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í þriðja lagi skuldabréf við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, út gefið 29.8. 1985, upphaflegur útgáfudagur 26.10. 1981. Skuldari samkvæmt því bréfi Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í fjórða lagi skuldabréf við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000, út gefið 25. 4. 1986. Skuldari samkvæmt því bréfi Árni Leósson.

Í fimmta lagi fjárnám við J.L. - Byggingavörur, dags. 23.10. 1986, að fjárhæð kr. 11.581,20. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í sjötta lagi lán við Byggingarsjóð ríkisins, upphaflega að fjárhæð kr. 400.000, út gefið 1.12. 1986. Skuldari Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í sjöunda lagi fjárnám, ds. 5.2. 1987, við Samvinnubanka Íslands, að fjárhæð kr. 77.710. Gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í áttunda lagi fjárnám, ds. 2.3. 1987, við Liðsauka hf., að fjárhæð kr. 12.060. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í níunda lagi fjárnám, ds. 24.2 1987, við Útvegsbanka Íslands hf., að fjárhæð kr. 72.710. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í tíunda lagi fjárnám við Samvinnubanka Íslands, ds. 25.3. 1987, að fjárhæð kr. 122.160. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Í ellefta lagi fjárnám við Samvinnubanka Íslands, ds. 25.3. 1987, að fjárhæð kr. 118.090,40. Skuldari gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir.

Samkvæmt framburði vitnis, er kom fyrir réttinn í máli þessu 23.9. 1988, var láni því, er varnaraðili tók hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, að fjárhæð kr. 150.000, varið til greiðslu afborgana af Skólavörðustíg 12. Einnig kvaðst vitnið hafa heyrt þess getið, að föðursystir varnaraðila hefði aðstoðað málsaðila við að greiða afborgun af íbúðinni að Skólavörðustíg 12, en komið hefur fram í málinu, að það fé var endurgreitt með greiðslu, er kom út úr sölunni á Tjarnarbraut 9.

Samkvæmt skýrslu varnaraðila, er hann gaf fyrir réttinum 23.9. 1988, voru lán þau, er hann tók hjá Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 120.000, svo og lán í Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 200.000, einnig tekið til þess að standa straum af afborgunum vegna Skólavörðustígs 12 svo og til greiðslu útgjalda heimilsins, en sóknaraðili hefur borið á móti því.

Sóknaraðili kom fyrir réttinn til skýrslugjafar í máli þessu 2.9. 1988. Var hún innt eftir því, hvort varnaraðili hefði skoðað íbúðina að Skólavörðustíg 12, áður en hún var keypt. Svaraði sóknaraðili þeirri spurningu á þann veg, að hún hefði fyrst skoðað íbúðina, og síðan hefði varnaraðili skoðað hana eða þau saman, og þau hefðu skoðað fleiri íbúðir saman. Aðspurður kvað sóknaraðili varnaraðila hafa tekið þátt í að semja um greiðslukjör og verð íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12 á síðari stigum málsins.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir réttinum 23.9. 1988, og kvaðst hann hafa skoðað með sóknaraðila margar íbúðir auk þeirrar á Skólavörðustíg 12.

Er sóknaraðili kom fyrir réttinn 2.9. 1988, var hún einnig spurð að því, hvort varnaraðili hefði ekkert lagt fram til framfærslu barnanna. Svaraði sóknaraðili á þann veg, að sjálfsagt hefði hann keypt mat og borgað reikninga öðru hverju, en engin föst regla hefði verið á því. Þá var hún spurð að því, hvort tekjur varnaraðila hefðu verið notaðar til framfærslu heimilisins, meðan sóknaraðili var frá vinnu vegna fæðingar dóttur málsaðila. Svaraði sóknaraðili á þá leið, að það hefði verið svo að mestum hluta, enda hefði verið um það samið, og að sóknaraðili (sic) hefði fram að þeim tíma haft meiri tekjur en varnaraðili (sic). Þá kemur einnig fram í skýrslu sóknaraðila sama dag, að hlutur foreldra sóknaraðila í Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, var gefinn sóknaraðila í brúðargjöf, er málsaðilar giftu sig í apríl 1984. Einnig kemur fram í sömu skýrslu sóknaraðila, að sóknaraðili hóf störf hjá tímaritinu Stíl á árinu 1986 og tók þá á sig þær fjárskuldbindingar, sem urðu til þess, að þau fjárnám, sem að ofan getur og hvíla á fasteigninni að Skólavörðustíg 12, voru gerð. Fjárnám við J.L.-Byggingavörur, að fjárhæð kr. 11.581,20, er þó ekki til komið vegna þeirra skuldbindinga.

Sóknaraðili kvaðst hafa fengið 300.000 kr. í laun frá tímaritinu Stíl rétt fyrir jól 1986, en málsaðilar eru ekki sammála um, hvernig því fé var ráðstafað.

Samkvæmt skattframtölum, er lögð voru fram í máli þessu, voru tekjur málsaðila fyrir neðangreind ár þessar:

Tekjur sóknaraðila:
1. árið 1984 kr. 238.048,
2. árið 1985 kr. 86.042,
3. árið 1986 kr. engar.

Tekjur varnaraðila á sama tíma voru þessar:
1. árið 1984 kr. 470.252,
2. árið 1985 kr. 690.936,
3. árið 1986 kr. 841.261.

III.

Krafa sóknaraðila er á því byggð, að fjárhagsleg samstaða hafi aldrei tekist með aðilum. Engar sameiginlegar fjárfestingar hafi átt sér stað í hjúskapnum, þar sem varnaraðili hafi fengið alla eða flestalla þá lausafjármuni, sem keyptir höfðu verið í hjúskapnum. Hún byggir á því, að skuldir hafi verið aðskildar og hafi sóknaraðili séð um greiðslu sinna skulda og varnaraðili um greiðslu sinna skulda. Þá telur sóknaraðili, að hjúskapur aðilanna og sambúð hafi staðið skamma hríð, rúm tvö ár, frá 23.4. 1984 og fram á haustmánuði 1986, er sóknaraðili hafi flust til Svíþjóðar.

Sóknaraðili kveður, að eignir búsins, það er fasteign sú, sem um er deilt, stafi að öllu leyti frá sóknaraðila, og verði því helmingaskipti að teljast ósanngjörn, enda hafi fjárhagsleg samstaða ekki komist á og hjúskapur staðið mjög stuttan tíma.

Sóknaraðili kveður sömu rök eiga við um varakröfuna og aðalkröfuna.

Varnaraðili reisir kröfur sínar aðallega á því, að það sé grundvallarregla við slit á fjárfélagi hjóna, að hreinum eignum félagsbúsins skuli skipt til helminga við skilnað hjóna. Þar sem aðilar málsins hafi verið í hjónabandi frá 23.4. 1984 til 23.3. 1988, sé rétt að beita helmingaskiptareglunni við búskiptin.

Einnig kveður varnaraðili ekki skilyrði til þess að beita frávikum frá helmingaskiptareglunni með því að beita reglu 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 6/1972, um stofnun og slit hjúskapar, m.a. vegna þess, að ákvæði 57. greinar sé undantekningarákvæði, og beri því að skýra það þröngt. Auk þess beri þeim, er haldi fram, að skilyrði undantekningarreglunnar séu fyrir hendi, að sanna, að skilyrðin séu uppfyllt, og á þá sönnun skorti verulega.

Varnaraðili kveður eignir félagsbúsins ekki stafa að mestu leyti frá öðru hjóna. Þau hafi í sameiningu keypt íbúðina að Skólavörðustíg 12. Þótt hluti andvirðis fasteignarinnar að Tjarnarbraut 9 hafi runnið til kaupa á íbúðinni að Skólavörðustíg 12, sé á það að líta, að varnaraðili hafi komið með bifreið í búið og hann hafi útvegað lán til þess að standa straum af afborgunum íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12. Einnig hafi hlutur sóknaraðila úr Tjarnarbraut 9 komið seint og illa til skila inn í bú hjónanna.

Varnaraðili telur ekki bersýnilega ósanngjarnt að skipta búi aðilanna skv. helmingaskiptareglunni, er fram kemur í 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Hjúskapur aðila hafi staðið í langan tíma, samtals tæp fjögur ár. Að auki hafi aðilar búið saman í óvígðri sambúð tæp tvö ár, áður en þau giftust. Hann kveður, að alger fjárhagsleg samstaða hafi tekist með aðilum, meðan á hjúskap þeirra stóð, og hafi báðir málsaðilar greitt afborganir af íbúðinni að Skólavörðustíg 12. Hann kveður varnaraðila hafa haft verulega hærri tekjur en sóknaraðila, meðan á hjúskap þeirra stóð, þar sem sóknaraðili hafi lítið unnið úti, á meðan á hjúskap þeirra stóð. Af því hafi leitt, að varnaraðili hafi þurft að mestu leyti að sjá um að greiða afborganir af íbúðinni og framfleyta fjölskyldunni, þ. á m. sjá um framfærslu barna, er sóknaraðili hafi átt af fyrra hjónabandi.

Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðili hafi þurft að greiða verulegar fjárhæðir vegna skulda fyrirtækisins Stíls. Einnig sé á það að líta, að ósk um skilnað sé frá sóknaraðila komin og því ekki hægt að segja, að varnaraðili hafi verið að ná fjárhagslegum ávinningi með því að ganga í hjúskap og skilja síðan fljótlega.

Þá reisir varnaraðili kröfur sínar á því, að meðan óvígð sambúð varaði, hafi myndast hjá aðilum sameign, þ. á m. sá hluti íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12, sem greiddur var fyrir hjúskap aðila, og auk þess hluti af íbúðinni á Tjarnarbraut 9.

Vara- og þrautavarakröfu sína styður varnaraðili að mestu sömu rökum og aðalkröfu sína. Þó vill hann ítreka, að varnaraðili hafi tekið lán þau, er hvíla á Skólavörðustíg 12, til þess að greiða kaupverð íbúðarinnar að Skólavörðustíg, og þótt það hafi ekki verið ætlun aðila að taka þessi lán til íbúðarkaupanna, hafi það reynst nauðsynlegt, þar sem vanskil hafi orðið hjá kaupanda eignarinnar að Tjarnarbraut 9 og ekki hafi reynst unnt að treysta því, að sóknaraðili legði fram fjármagn til kaupanna á íbúðinni.

Aðilar máls þessa eru ekki á sama máli um, hvenær sambúð þeirra hófst, en sýnt þykir, að hún hafi verið hafin um áramót 1983-1984. Málsaðilar gengu í hjúskap 23.4.1984, og stóð hann til 23.3.1988, er leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út af dómsmálaráðuneytinu. Er aðilar gengu í hjúskap, hafði sóknaraðili fest kaup á íbúð að Skólavörðustíg 12, þeirri sem um er deilt í máli þessu. Sóknaraðili hugðist fjármagna kaupin með

söluandvirði fasteignarinnar að Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, en þá eign átti sóknaraðili í sameign með foreldrum sínum, en hlutur foreldra sóknaraðila var gefinn sóknaraðila í brúðargjöf, er málsaðilar gengu í hjúskap.

Á heimili málsaðila voru frá upphafi sambúðartímans allt til ársins 1987 tvö börn sóknaraðila af fyrra hjónabandi auk sameiginlegs barns þeirra, er fæddist 9. maí 1985. Er það fæddist, minnkuðu tekjur sóknaraðila til muna og voru raunar lægri en tekjur varnaraðila allan hjúskapartímann og engar árið 1986.

Sýnt er, að varnaraðili tók lán, upphaflega að fjárhæð 150.000, hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, út gefið 27.12. 1984, sem rann til seljenda íbúðarinnar að Skólavörðustíg 12, en um það leyti voru greiðslur skv. kaupsamningi um Tjarnarbraut 9, Hafnarfirði, komnar í vanskil. Einnig hefur komið fram í málinu, að varnaraðili hafi greitt reikninga og staðið straum af útgjöldum til heimilisins, m.a. til framfærslu barnanna, með sóknaraðila, auk þess sem hann tók ofangreint lán hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna til þess að greiða afborganir af Skólavörðustíg 12.

Ákvæði 57. gr. laga, sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar verður að skýra þröngt, þar sem það er undantekningarákvæði frá almennu reglunni, heimingaskiptareglunni svonefndu, er fram kemur í 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Sönnunarbyrði fyrir því, að skilyrðum undantekningarreglunnar sé fullnægt, ber sá, er óskar eftir skiptum á grundvelli hennar.

Telja verður, að öllum skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar verði að vera fullnægt, til þess að unnt sé að krefjast skipta á félagsbúi hjóna á grundvelli hennar.

Af því, sem rakið er hér að framan um fjármál málsaðila á sambúðartíma þeirra, verður að telja, að svo mikil fjárhagsleg samstaða hafi verið hjá þeim á hjúskapartíma þeirra, að beiting undantekningarákvæðis 57. gr. laga nr. 60/1972 geti ekki komið til greina við skipti á búi þeirra. Af því leiðir, að búskiptum ber að haga samkvæmt meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er því hafnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Þ. Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Sigríðar Þorsteinsdóttur, í máli þessu er hafnað.

Búi sóknaraðila og varnaraðila, Árna Leóssonar, skal skipt samkvæmt meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 295/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurjóni Gunnari Halldórssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1991 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Gunnar Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 11. júní 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 919/91: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Gunnari Halldórssyni, sem tekið var til dóms 30. maí s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 23. apríl 1991, gegn ákærða, Sigurjóni Gunnari Halldórssyni atvinnurekanda, með lögheimili að Munaðarhóli 18, Hellissandi, með dvalarstað að Engihjalla 15,

Kópavogi, áður til heimilis að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, kt. 120170-3849, fæddum í Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa snemma morguns sunnudaginn 2. desember 1990 í stofu á heimili sínu þröngvað X [...] til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Hinn 2. desember 1990 kl. 15.05 kom X [...] á skrifstofu RLR og kærði Sigurjón Gunnar Halldórsson, ákærða í máli þessu, fyrir nauðgun. Kom kærandi í fylgd ráðgjafa úr hópi um nauðgunarmál, sem kærandi hafði rætt við þá skömmu áður í Kvennaathvarfinu.

Við meðferð málsins hefur vitnið X skýrt frá því, að hún hafi verið gestkomandi á heimili Sigurjóns aðfaranótt 2. desember sl., og hafi hann þvingað sig með ofbeldi til samfara. Vitnið kvað þau vera kunningja, og hann hefði boðið sér í „partý" ásamt fleira fólki. Hún hafi komið þangað eftir miðnætti og þau setið og spjallað, en fyrr um kvöldið hafi þau bæði verið í afmæli hjá vinkonu hennar. Sigurjón hafi boðið sér áfengi, sem hún hafi þegið, en þá hafi klukkan verið um 2.30. Gestir hafi komið eftir það, Kristján og tvær stelpur, en þau stansað stutt. Kristján hafi ætlað að aka foreldrum sínum til Sandgerðis, en koma við eftir það. Hún hafi búist við, að vinkona sín, A, kæmi, en ekkert hafi bólað á henni. Ákærði hafi farið að leita á sig, en hún ekkert tekið undir það og vísað honum frá. Vegna kunningsskapar þeirra hafi hún ekki talið sig þurfa að óttast neitt. Ákærði hafi ekki beitt sig ofbeldi, en ekki hætt alveg og hún talið sig geta treyst honum. Um nóttina hafi bifreið komið að húsinu og Sigurjón farið út, þá hafi klukkan verið í kringum 5.00. Er hún hafi litið út um gluggann, hafi hún séð, að þar var Kristján á ferð og ákærði verið að tala við hann. Sigurjón hafi borið, er hann kom inn, að Kristján ætti eftir að aka foreldrum sínum til Sandgerðis og kæmi við í bakaleiðinni. Á það hafi hún treyst, þar sem hún hafi búist við, að hann æki sér heim, fengið sér í annað glas, en orðið þreytt og lagst fyrir í sófanum. Ákærði hafi á ný leitað á sig og hún beðið hann um að hætta, því að hún vildi ekkert svona. Ákærði hafi sagt, að betra væri að sofa í sófanum, þegar hann væri útdreginn, en hún þá sagt honum, að hún ætlaði ekki að sofa þarna, heldur hvíla sig í smástund. Ákærði hafi samt sem áður dregið út sófann og sjálfur borið, að hann ætlaði sér að sofa inni í svefnherbergi. Ákærði hafi komið fram í stofuna með sæng, en hún hafi legið fullklædd í sófanum, íklædd síðri hnepptri peysu, rúllukragapeysu og topp að ofan, en að neðan

síðbuxum, „gammósíum“, sokkum og nærbuxum. Ákærði hafi verið í buxum, skyrtu og sokkum. Ákærði hafi lagt sængina yfir sig og sjálfur lagst við hliðina á sér í sófanum. Hún hafi þá sest upp, en ákærði dregið hana niður og sagt, að hann ætlaði sér ekki að gera neitt. Hún hafi snúið í ákærða bakinu, en hann reynt að kyssa sig. Þá hafi hún reynt að setjast upp, en ákærði haldið sér niðri með því að halda um báða úlnliði. Þannig hafi ákærði snúið sér á bakið, sest ofan á sig og haldið sér niðri með þunga sínum. Hún hafi orðið hrædd og barist um, en ekki tekist að losna, þar sem ákærði hafi verið sterkari. Ákærði hafi síðan tekið um báðar hendur hennar með annarri hendi, en rennt niður buxnaklaufinni með hinni. Fæturna hafi hann notað til þess að ýta síðbuxum hennar og nærbuxum niður fótleggina, en setið ofan á sér á meðan og haldið um báðar hendurnar. Þá hafi hún sagt við ákærða: „Veistu, hvað þú ert í þann veginn að fara að gera?“ Ákærði hafi borið, að hann vissi það, en ætlaði sér það samt, þó svo að hann sæi eftir því á morgun. X kvaðst hafa grátið og barist um eins og hún hafi getað, en fundið, að hún varð þrekminni. Ákærði hafi farið úr síðbuxum, sitjandi ofan á sér. Þegar hann hafi verið kominn úr síðbuxum og nærbuxum, hafi hún öskrað og sagt honum að hætta þessu, en hann gripið fyrir vit henni og sagt: „Þetta skaltu, sko, ekki gera.“ Þegar ákærði hafi sjálfur verið kominn úr buxunum, hafi hann glennt fætur hennar í sundur með fótunum, hún hafi reynt að berjast um, en verið orðin máttfarin. Ákærði hafi haldið um báða úlnliði og tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar. Hann hafi reynt að viðhafa samfarahreyfingar, en orðið að hætta á milli, vegna þess að hún hafi enn barist mikið um. Ákærði hafi ýmist tekið getnarliminn út á milli eða ekki, en aldrei sleppt tökunum á sér. X kvaðst að lokum hafa gefist upp. Hún hafi spurt ákærða að því, hvað hann væri að gera, og hann svarað, að hann væri „búinn að bíða nógu lengi eftir þessu tækifæri“. Einu sinni hafi sér tekist að ræða við ákærða og beðið hann um að hætta, en hann setið ofan á sér, án þess þó að halda henni í tökum. Yfirleitt hafi hann hætt augnablik, en hafið samfarirnar á ný. Kvaðst hún ekki vita, hvenær honum hafi orðið sáðlát, en talið, að sæðið hafi farið inn í kynfæri sín. Hún hafi áður sagt við ákærða, að það stæði illa á og að hún gæti orðið ófrísk. Ákærði hafi spurt, hvort það væri satt, og borið, að hann ætti eftir að iðrast þess á morgun, hvað hann hefði gert. Að samförunum loknum hafi ákærði lagst við hlið sér í sófanum, talað um, hvað hann væri sveittur, sleppt af sér tökunum, kveikt á útvarpinu og lagst fyrir á ný. Þá hafi ákærði borið, að hún ætti eftir að lesa á næstu dögum í blöðunum um pilt, sem hefði fyrirfarið sér. X kvað ákærða hafa sogið sig á hálsi vinstra megin fyrir samfarirnar og haldið sér á meðan. Hún kvað samfarirnar hafa staðið lengi yfir og giskaði á, að þær hefðu staðið yfir frá því klukkan 7.00 til

8.00. Vitnið kvað ákærða ekki hafa sofnað strax eftir samfarirnar. Um leið og ákærði hafi sofnað, hafi hún klætt sig og ætlað út, en hann vaknað við það, að hún opnaði dyrnar, þar sem hurðarhúnninn hafi dottið af. Sjálf hafi hún ekkert sofnað. Ákærði hafi spurt sig, hvort hún væri að fara og hvort hún væri vond. Hún hafi sagt, að hún væri að fara, og hann þá boðist til að aka sér, en þá hafi klukkan sennilega verið um 9.00. Vitnið kvaðst ekki hafa þorað að neita því af ótta við ákærða. Hann hafi ekið sér til B, vinkonu sinnar, sem hún hafi hringt í áður. Vitnið kvaðst hafa beðið B að hringja í ákærða og segja honum, að hún ætlaði sér að kæra hann. Ákærði hafi sagt: „Já og O.K." og lagt tólið á.

X var spurð að því, hvort henni hefði ekki dottið í hug að fara með Kristjáni, er hann kom í síðasta sinn.

Hún kvað svo ekki hafa verið, þar sem hann hafi að sögn ákærða átt eftir að fara með foreldra sína til Sandgerðis og hún staðið í þeirri trú, að hann kæmi í bakaleiðinni, þótt síðar hafi annað komið í ljós, þar sem Sigurjón hafi sagt sér eftir þetta, að hann hafi beðið Kristján að koma ekki aftur, og enn fremur hafi hún búist við, að A, vinkona sín, kæmi.

X var spurð að því, hvort hún hefði oft heimsótt ákærða, og svaraði hún því játandi.

Þá var hún innt eftir því, hvort hún hefði farið inn í svefnherbergi með ákærða, áður en þetta gerðist, og svaraði hún því enn fremur játandi.

X var þá spurð að því, hvort þau hefðu í það skipti klætt hvort annað úr að ofan og kysst hvort annað.

Vitnið kvað svo vera, en kvaðst ekki hafa ætlað að hafa samfarir við ákærða þá. Gestir hafi verið í stofunni, og þess vegna hafi hún farið inn í svefnherbergi ákærða til að kyssa hann.

X var spurð að því, hvort hún hefði áður haft samfarir, og svaraði hún því neitandi.

Þá var hún spurð að því, hvort hún hefði haft uppi samfarahreyfingar og notið samfaranna.

Vitnið svaraði því hvoru tveggja neitandi og kvaðst hafa barist um til að reyna að losna við ákærða ofan af sér.

Vitnið var innt eftir því, hvort hætta hefði verið á því, að hún yrði vanfær á þessum tíma, og svaraði hún því játandi, en kvað það ekki hafa gerst.

Vitnið tók fram, að ákærði hefði sagt við sig, að hann ætlaði að fyrirfara sér, og vinir hans hefðu einnig sagt sér það. Það kvaðst því óska eftir, að ákærða yrði ekki gerð refsing, en kvaðst halda fast við kæruna.

Vitnið gerði ekki skaðabótakröfu í málinu.

Framburður ákærða fer hér á eftir.

Ákærði var handtekinn á heimili sínu laust fyrir klukkan 21.00 2. desember sl.

Ákærði bar, að hann hefði verið heima hjá sér að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, að kvöldi 1. desember sl. ásamt Kristjáni Daða, Kristjönu og Ingu Dóru. Þau hefðu farið og X komið, en hún hefði verið í afmæli hjá vinkonu sinni, en þar hefði hann einnig verið fyrr um kvöldið. Hann hefði búist við, að vinkonur hennar kæmu með henni, en X sagt honum, að hún hefði bannað þeim það, þar sem þær hefðu verið svo margar. Ákærði kvað þau hafa setið og spjallað og Kristján, Kristjana og Inga Dóra komið að nýju. Hann hefði boðið X í glas, sem hún hefði þegið. Nóttin hefði liðið og Kristján bæði komið og farið, en milli kl. 5.00 og 6.00, þá er þau voru ein í íbúðinni, hefði hann byrjað að reyna við X. Hún hefði ekki tekið of vel í það, en hann reynt að kyssa hana. Hann hefði ætlað að sofa inni í herbergi og hún frammi í stofu og hann tekið sófann út. Ákærði kvaðst hafa sótt sæng inn í herbergi og lagst við hlið X í sófann. Þá hefði hann reynt að kyssa hana, en hún ekki viljað það og sagt, „að hún tryði þessu ekki á hann". Ákærði bar ýmist, að vitnið hefði verið mótfallið kossunum eða endurgoldið þá. Ákærði kvaðst hafa reynt að færa X úr buxunum, en hún mótmælt því og reynt að halda þeim uppi, en hann haldið áfram að klæða hana úr. Á meðan hann hefði klætt hana úr, hefði hann setið klofvega ofan á henni og haldið höndum hennar upp með höfðinu. Hún hefði þá sagt: „Ég trúi ekki, að þú ætlir að gera þetta." Hann hefði ekki hlustað á þetta og enn fremur klætt sig úr. Er hann hefði sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, hefði hún öskrað og hann þá tekið fyrir vit henni og komið fram vilja sínum. Hún hefði þá sagt: „Drífðu þetta af" og aðstoðað sig við að fara úr skyrtu. Þá hefði hún endurgoldið kossana og notið samfaranna á sama hátt og hann. Sér hefði orðið sáðlát, er getnaðarlimurinn var inni í kynfærum hennar. Að þeim loknum hefðu þau legið saman í rúminu og sofnað í faðmlögum.

Ákærði kvaðst síðan hafa vaknað við það, að X hefði verið að opna dyr fram á gang, en húnninn hefði dottið af. Hann hefði þá boðið X að aka henni heim og hún þegið það. Ákærði kvaðst hafa ekið henni heim til vinkonu hennar, en áður hefði X sagt, að hún ætlaði að hitta hann um kvöldið. Á heimleiðinni hefði hann sótt bróður sinn, en þá hefði B, vinkona X, hringt í bílasímann og sagt við ákærða, að hún ætlaði að kæra hann. Hann hefði sagt, að hann myndi tala við hana síðar, þar sem bróðir sinn væri í bifreiðinni.

Ákærði var inntur eftir því, hvort hann hefði beitt stúlkuna ofbeldi við að koma getnaðarlimnum inn í kynfæri hennar.

Ákærði kvaðst hafa haldið höndunum upp með höfði hennar á meðan.

Í skýrslu hjá RLR, sem ákærði staðfesti fyrir dómi, að væri rétt, bar

hann, að X hefði öskrað, er hann hefði sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, og hann þá tekið fyrir munn henni.

Ákærði kvað það rétt, að hann hefði tekið fyrir munn henni, en hún hefði ekki öskrað, heldur sagt, „að hún tryði því ekki, að hann ætlaði að gera þetta".

Ákærði var þá sérstaklega spurður að því, hvers vegna hann hefði tekið fyrir munn X, og gat hann ekki gefið aðra skýringu en þá, að nágranni sinn væri viðkvæmur fyrir hávaða.

Ákærði viðurkenndi að hafa, þá er Kristján kom að húsinu í síðasta sinn um nóttina, farið út til að tala við hann, af því að hann hefði viljað vera einn með X.

Ákærði var spurður að því, hvort rétt væri eftir honum haft í lögregluskýrslu, að hann hefði beitt X meiri þvingun en eðlilegt geti talist, er hann hefði haft við hana samfarir.

Ákærði bar, að þetta væri rétt, hann hefði verið svolítið „ýtinn á þetta".

Ákærði bar, að hann hefði þekkt X í nokkurn tíma, áður en þetta gerðist. Helgina áður hefðu þau farið inn í svefnherbergi og bæði klætt sig þar úr að ofan og kysst hvort annað, en þá hefðu gestir verið frammi í stofu, og vegna hávaða frá þeim hefðu þau hætt við.

Ákærði var færður í skoðun hjá fangelsislækni 3. desember sl., en ekki er neitt að finna í gögnum málsins um ástand ákærða. Að skoðun lokinni var ákærði frjáls ferða sinna.

Samprófun ákærða og X fór fram fyrir dómi.

Ákærði var spurður að því, hvort hann hefði verið í sama afmælisboði og vitnið fyrr um kvöldið og boðið öllum gestum þar í „partý".

Ákærði kvað það vera rétt, og staðfesti vitnið það.

Vitnið bar, að það hefði hringt í ákærða, er það hefði verið í afmælinu, og sagt honum, að fyrst færu þau upp í Breiðholt.

Ákærði staðfesti, að þetta væri rétt.

Ákærði var spurður að því, hvernig hann hefði setið ofan á vitninu, og kvaðst hann hafa setið klofvega ofan á því, en það hafði áður komið fram hjá vitninu.

Ákærði og vitnið voru bæði spurð að því, hvort þau hefðu verið nakin, er samfarirnar fóru fram, og voru þau sammála um, að í fyrstu hefðu þau verið klædd að ofan, en síðar nakin.

Vitninu var kynntur framburður ákærða þess efnis, að í fyrstu hefði hún verið samförunum mótfailin, en síðar sagt: „Drífðu þetta af."

Vitnið kvaðst hafa verið samförunum móttfalið, og þetta væri því ekki rétt hjá ákærða.

Þá var vitnið spurt að því, hvort ákærði hefði tekið fyrir vit því.

Vitnið kvað svo vera, það hefði ætlað að kalla á hjálp af neðri hæðinni og hann þá sagt: „Þetta skaltu, sko, ekki gera."

Ákærði staðfesti, að þetta væri rétt.

Ákærði og vitnið voru sammála um það, að samfarirnar hefðu staðið lengi yfir og þau bæði verið undir töluverðum áfengisáhrifum, er þær fóru fram.

Ákærði og vitnið hafa bæði verið staðföst í framburði sínum frá upphafi málsmeðferðar.

Vitnið Kristján Daði Valgeirsson, gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það hefði komið til ákærða rétt fyrir miðnætti 1. desember sl. ásamt Kristjönu og Ingu Dóru og hann þá verið einn heima. Það hefði ætlað að aka foreldrum sínum til Sandgerðis síðar um nóttina og verið að drepa tímann. Þau hefðu farið af Skerseyrarveginum, en komið þangað aftur um kl. 2.00 og X þá verið komin, en það hefði vitað til þess, að hún hefði ætlað að koma þangað ásamt fleiri vinkonum sínum. Aftur hefðu þau farið af Skerseyrarveginum og það ekið Ingu Dóru heim og ætlað að sækja foreldra sína, en þau ekki verið tilbúin, svo að það hefði farið enn á ný heim til ákærða. X og Sigurjón hefðu bara verið þar tvö ein og bæði neytt áfengis. Eftir það hefði það sótt foreldra sína, ekið þeim til Sandgerðis, en að venju ekið að Skerseyrarvegi í bakaleiðinni, en séð, að allt var slökkt, og verið að aka í burtu, er ákærði hefði komið hlaupandi út. Það hefði sagt honum, að það væri á leið heim að sofa.

Vitnið var spurt að því, hvort ákærði hefði sagt því að fara, og svaraði það því neitandi.

Vitnið var beðið að skýra það, sem eftir því var haft í skýrslu hjá RLR: „X hafi ekki sagt, að hún vildi vera ein með Sigurjóni, heldur hefði hún gefið það óbeint í skyn."

Vitnið bar, að hún hefði komið ein, en áður hefði hún talað um það að koma með vinkonur sínar með sér.

Vitnið kvaðst hafa vitað, að X og Sigurjón þekktust og hún hefði áður komið á Skerseyrarveginn til hans.

Framburður vitnanna Kristjönu Þorbjargar Jónsdóttur og Ingu Dóru A. Gunnarsdóttur er efnislega samhljóða framburði Kristjáns Daða, og verður hann því ekki rakinn hér að því undanskildu, að vitnið Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir kvaðst hafa spurt X að því þarna um nóttina, hvort hún væri hrifin af ákærða og hvort hún gæti hugsað sér að vera með honum, og hefði X svarað þessu hvoru tveggja neitandi.

Vitnið tók fram, að þau hefðu bæði verið kát og hress og ekkert athugavert að sjá.

Vitnið B gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að vinkona þess, X, hefði hringt um kl. 9.00 að morgni

sunnudagsins 2. desember og spurt, hvort hún mætti koma. Það hefði svarað því játandi, og skömmu síðar hefði hún komið og verið grátandi.

X hefði í fyrstu ekki vitað, hvað hún ætti að gera, hvort hún ætti að kæra Sigurjón eða ekki. Hún hefði beðið vitnið að hringja í Sigurjón og segja honum, að hún ætlaði að kæra hann. Sigurjón hefði einungis sagt: „O.K." og lagt á. X hefði síðan hringt sjálf í hann og spurt hann að því, hvort hann hefði ekki trúað vitninu.

Að beiðni vitnisins hefði það hringt í Kvennaathvarfið, en þangað hefðu þær farið ásamt móður vitnisins. Kona frá Kvennaathvarfinu hefði fylgt X í skýrslutöku hjá RLR.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarnþór Aðalsteinsson, Grétar Sæmundsson, Gylfi Gylfason, Haraldur Sigurðsson og Kristján Friðþjófsson komu allir fyrir dóm og staðfestu að hafa unnið að rannsókn málsins, bæði með skýrslutökum, rannsókn á vettvangi, teikningum, myndatökum af fatnaði, aðstæðum í íbúð ákærða og fleira. Verður það ekki rakið frekar hér.

Hinn 3. desember hafði Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður samband við Ástu Gísladóttur, íbúa á neðri hæð að Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði. Hún kvaðst hvorki hafa orðið vör við hávaða né neitt óeðlilegt aðfaranótt sunnudagsins 2. desember sl. eða um morguninn. Ásta kvaðst búa þar ásamt eiginmanni og þremur börnum. Hún kvaðst geta fullyrt, að ekkert þeirra hefði orðið vart við nokkuð óeðlilegt.

Saksóknari og verjandi sáu ekki ástæðu til, að vitnið yrði leitt fyrir dóm.

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði vitnið kl. 18.00 2. desember sl.

Í niðurstöðu læknisins segir orðrétt: „Almenn skoðun: X er verulega þreytt. Hún virkar róleg, en undir niðri er henni greinilega mikið brugðið. Er í alla staði samvinnuþýð og skýr. Það finnst marblettur innanvert á vi. upphandlegg, ca. 1½ x 1 cm, og tveir stórir marblettir, sogblettir, á hálsi vinstra megin, sá kröftugri og aftari 2½ x 1½ cm, sá fremri og dreifðari 2½ x 3 cm. Tvær smárispur vinstar megin á hálsi og lítið hrufl á höku. Að auki er óverulegur roði um úlnlið við handarbak, en hvorki mar né sár.

Kvensjúkdómaskoðun: Roði við ytri kynfæri. Mikið sæðislegt slím um alla barma og í hárum. Í inngangi legganga sést, að meyjarhaftshringurinn er rofinn kl. 18.00, og er mar og bólga kringum sprunguna, sem er ca 0,4 mm á dýpt. Er vægt aum þar viðkomu. Mjög mikið slím í leggöngum. Tekin sýni í smásjárskoðun fyrir sæðisfrumuleit.

Smásjárskoðun: Ríkulegt magn sæðisfrumna finnst í öllum glerjum (sic) skoðuðum.

Álit: X kærir pilt fyrir að hafa tekið sig nauðuga á heimili hans, þar sem hún var gestkomandi, hafi haldið sér. Hefur marblett framanvert á vi. upphandlegg og marbietti tvo stóra á hálsi vinstra megin, sem líkjast

sogblettum. Það sést, að meyjarhaft hefur rifnað í átökunum, grunn rifa að aftan kl. 18.00 með mari og bólgu í kring. Það finnast heilar sæðisfrumur við smásjárleit."

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir kom fyrir dóm og staðfesti álitsgerð sína.

Hann var spurður að því, hvort stúlkan hefði borið óeðlilega áverka miðað við eðlilegar samfarir.

Hann kvað áverkana við kynfæri vera vegna afmeyjunar, en aðrir áverkar hefðu verið marblettur á upphandlegg, við úlnliði, sogblettir á hálsi, hrufl á höku og rispa á hálsi. Hann kvaðst ekki ætla að geta sér til um tilkomu áverkanna, en þeir bendi til einhverra átaka.

Læknirinn var spurður að því, hvort hann gæti skýrt frekar hruflið á hökunni, rispurnar á hálsi og marblettinn á upphandlegg.

Hann kvað marblettinn á upphandleggnum hafa orsakast af föstu taki, og hruflið á höku og rispur á hálsi séu ekki það, sem búast megi við eftir venjulegt „kelerí".

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa með líkamlegu ofbeldi þröngvað X [...], til holdlegs samræðis, er hún var gestkomandi á þáverandi heimili hans, Skerseyrarvegi 1 A, Hafnarfirði, snemma að morgni 2. desember sl. Ákærði hefur að vísu borið, að X hafi í fyrstu verið samförunum mótfallin, en síðar sagt: „Drífðu þetta af." Ákærði hefur hins vegar lýst því nákvæmlega, hvernig hann hafi haldið höndum X upp með höfði hennar, þar sem hann hafi setið klofvega ofan á henni, er hann klæddi hana úr gegn vilja hennar, en til þess hafi hann í fyrstu notað aðra höndina, en síðar fæturna. Þá hefur hann enn fremur viðurkennt að hafa gripið fyrir vit X, er hann setti getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og hún hugðist kalla á hjálp, en áður notað fætur sína við að koma fótleggjum hennar í sundur. Framburður X er á sama veg að því undanskildu, að vitnið kveðst aldrei hafa gefið samþykki sitt til samfaranna, heldur þvert á móti. Í fyrstu hafi hún reynt að tala ákærða til, en síðar barist um af öllu afli og reynt að hrista hann ofan af sér. Þegar litið er til framburðar ákærða og vitnisins, sem er í megindráttum samhljóða, niðurstöðu úr almennri skoðun kvensjúkdómalæknis, framburðar hans fyrir dómi, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 14. maí sl., hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Nr. 95.

Ákærufrestun skilorðsbundið tvö ár frá 12.8. 1987 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

1989 27.9. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið tvö ár frá 14.11. 1989 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegingarlaga nr. 19, 1940, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði hefur með háttsemi sinni rofið skilorð dóms sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 27. september 1989, en þar var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 14. nóvember 1989 vegna brots ákærða á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987. Eftir atvikum þykir rétt með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955, að láta framangreindan dóm standa óraskaðan.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talda greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 50.000, og málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 50.000.

Af hálfu ákæruvaldsins sá Björn Helgason um saksókn.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Gunnar Halldórsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð kr. 50.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 228/1991. **Sigurbjörn Eiríksson**
gegn
Rangárvallahreppi,
Steingrími Elíassyni,
Landsbanka Íslands,
Innheimtustofnun sveitarfélaga og
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Nauðungaruppboð. Áfrýjun. Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1991. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Rangárvallasýslu, sem kveðinn var upp 15. maí sama ár, en úrskurðarorð er svohljóðandi:

„2. Sala á fasteigninni Stóra-Hof (sic), Rangárvallahr., fer nú fram."

Er mál þetta var þingfest á dómþingi Hæstaréttar 2. október sl., óskaði áfrýjandi eftir fresti til febrúar 1992. Af hálfu stefnda, Steingríms Elíassonar, var frestun málsins mótmælt, en jafnframt krafist frávísunar þess frá Hæstarétti. Þá var af hálfu þessa stefnda krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðrir stefndu hafa eigi látið þetta ágreiningsefni til sín taka.

Er annað uppboð hafði farið fram á framangreindri eign 15. maí sl., óskaði áfrýjandi eftir þriðja og síðasta uppboði, og ákvað uppboðshaldari, að það skyldi fara fram 11. júní sl. Áður en til þess kæmi, hafði uppboðsheimild Steingríms Elíassonar, sem er fjárnám, og dóminum, sem það byggðist á, verið áfrýjað til Hæstaréttar. Er það mál nr. 233/1991: Sigurbjörn Eiríksson gegn Steingrími Elíassyni, þingfest 2. október sl. og frestað til febrúar 1992.

Í þinghaldi í uppboðsrétti 11. júní sl. var því mótmælt af hálfu áfrýjanda, að þriðja uppboð færi fram. Var þá enn kveðinn upp úrskurður í málinu. Samkvæmt honum var með vísan til 7. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 þriðja og síðasta uppboði frestað, uns dómur liggur fyrir í áðurnefndu hæstaréttarmáli nr. 233/1991. Þessi seinni úrskurður var kærður til Hæstaréttar, og er það mál nr. 353/1991: Steingrímur Elíasson gegn Sigurbirni Eiríkssyni.

Dómur í kærumálinu var kveðinn upp 18. september sl. Var úrskurður uppboðsréttar staðfestur.

Stefndi Steingrímur Elíasson reisir frávísunarkröfu sína á því, að mál þetta sæti ekki áfrýjun heldur kæru.

Áfrýjandi byggir áfrýjun málsins á 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Uppboðsheimild stefnda Steingríms Elíassonar er frá 9. nóvember 1990, en sjálft uppboðsmálið hófst 1985. Í greinargerð áfrýjanda um frávísunarkröfuna kemur ekki fram, að uppboðsheimildir annarra stefndu séu vefengdar. Mótmæli áfrýjanda gegn því, að annað og síðara uppboð færi fram, voru studd þeim rökum einum, að „aðrir lögmenn kröfuhafa hafi frestað...“ Eigi verður séð, að þá hafi verið komin fram mótmæli gegn réttmæti uppboðsheimildar stefnda Steingríms. Viðbrögð áfrýjanda, er annað og síðara uppboð hafði farið fram, voru að krefjast þriðja og síðasta uppboðs og síðan frestunar þess. Verði efnisdómur kveðinn upp í Hæstarétti í fyrrnefndu máli nr. 233/1991, mun væntanlega verða skorið úr um gildi uppboðsheimildar stefnda Steingríms og þar með ráðast réttur hans til aðildar að uppboðsmálinu.

Samkvæmt þessu voru ekki skilyrði til áfrýjunar umrædds úrskurðar og annars og síðara uppboðs á jörðinni Stóra-Hofi. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda Steingrími Elíassyni 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnda Steingrími Elíassyni 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 17. október 1991.

Nr. 453/1989. **Lárus Helgason**
(Ingólfur Hjartarson hrl.)
gegn
Helgu Kristjánsdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar samkvæmt heimild í 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur, að aðalkrafa hans fyrir skiptarétti verði tekin til greina, það er, að íbúð að Engihjalla 11 í Kópavogi, merkt 1. hæð D, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum verði dæmd séreign áfrýjanda að ½ hluta, en séreign stefndu að ½ hluta, og að staðfest verði, að áhvílandi lán á íbúðinni séu áfrýjanda óviðkomandi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og varakrafa hans fyrir skiptarétti verði tekin til greina, það er, að staðfest verði, „að félagsbú aðila eigi kröfu á hendur stefndu, sem svari til 50% af verðmæti íbúðar, sem merkt er 1. hæð D í fasteigninni nr. 11 við Engihjalla í Kópavogi, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, gerðu aðilar máls þessa með sér kaupmála, áður en þeir gengu í hjúskap 12. febrúar 1976, og er ekki ágreiningur um það, að kaupmálinn er formlega gildur. Fyrir Hæstarétti var upplýst, að aðilar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 29. júlí 1987 og lögskilnaðarleyfi 10. nóvember 1988.

Með kaupmálanum voru ákveðnar eignir gerðar að séreign aðila, m.a. var fasteignin Unufell 11, Reykjavík, sem var fokhelt raðhús, gerð að séreign stefndu. Á árunum 1976 til 1983 var sú fasteign fullgerð og seld 24. júlí 1984 fyrir 2.550.000 krónur. Hinn 8. ágúst 1984 var keypt íbúðin að Engihjalla 11, Kópavogi, sem er sú eign, sem deilt er um í máli þessu. Kaupverð hennar var 1.900.000 krónur. Ekki er ágreiningur um það, að útborgunargreiðslur vegna sölu raðhússins gengu til greiðslu íbúðarinnar að Engihjalla, og var íbúðin þinglýst á nafn stefndu.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi fjármagnað byggingarframkvæmdir raðhússins að langmestu leyti, eftir að til hjúskapar var stofnað, með sölu séreigna sinna og hann hafi einnig haft góðar tekjur á þessu tímabili, en stefnda nánast engar tekjur.

Leitt er í ljós, að áfrýjandi seldi tvær séreigna sinna á árunum 1976 og 1977. Hann stofnaði árið 1977 ásamt öðrum tvö fyrirtæki, fasteignasölu og innflutningsfyrirtæki, og er svo að sjá samkvæmt framlögðum gögnum, að áfrýjandi hafi lagt verulegt fé til þessara fyrirtækja, sem virðast hafa verið rekin með tapi, og var hið síðarnefnda tekið til gjaldþrotaskipta 1980. Við upphaf hjúskapar aðila var áfrýjandi meðlagsskyldur með sjö börnum, sem hann átti, en saman eignuðust aðilar málsins þrjú börn, fædd 1976, 1977 og 1980. Stefnda átti auk þess eitt barn, fætt 1970, sem dvaldist á heimilinu. Tekjur stefndu utan heimilis voru litlar, en hún starfaði á heimilinu og annaðist börnin.

Svo sem áður greinir, heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi lagt til byggingar raðhússins verulegt fé, en engin marktæk gögn hafa verið lögð fram um það. Ef sú hefði verið raunin, gaf það honum sérstakt tilefni til að breyta þeirri skipan, sem á var gerð með kaupmálanum, en eins og að framan greinir, var stefnda ein þinglýstur eigandi íbúðarinnar að Engihjalla 11.

Með vísan til þess, sem áður er rakið, telst ósannað, að áfrýjandi hafi lagt fram bein fjárframlög af séreignarfé sínu eða hjúskapareign sinni til byggingarframkvæmda á séreign stefndu, Unufelli 11. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Lárus Helgason, greiði stefndu, Helgu Kristjánsdóttur, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 21. júlí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 5. júlí sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Kröfur sóknaraðila, Lárusar Helgasonar, Álfheimum 40, Reykjavík, eru aðallega, að við skipti á félagsbúi hans og varnaraðila, Helgu Kristjánsdóttur, Engihjalla 11, Kópavogi, vegna hjónaskilnaðar verði íbúð að Engihjalla 11 í Kópavogi, merkt 1. hæð D, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum úrskurðuð séreign sóknaraðila að ½ hluta, en séreign varnaraðila að ½ hluta, — jafnframt, að staðfest verði, að áhvílandi lán á íbúðinni séu sóknaraðila óviðkomandi. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu. Varakrafa sóknaraðila er, að staðfest verði, að félagsbúið eigi kröfu á hendur varnaraðila, sem svari til 50% af verðmæti sömu íbúðar, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili, Helga Kristjánsdóttir, gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum sóknaraðila og hann dæmdur til að greiða sér málskostnað allan, þ.m.t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ eða fram lögðum reikningi.

Aðdragandi meðferðar máls þessa er, að skiptum á félagsbúi aðila var vísað til skiptaréttar 12. mars 1987 að kröfu sóknaraðila vegna skilnaðar aðila að borði og sæng. Hafði þá náðst samkomulag um eignaskipti önnur en skipti íbúðar að Engihjalla 11, 1. hæð D, Kópavogi. Var ágreiningur þessi tekinn til meðferðar í þessu sérstaka skiptaréttarmáli, sem þingfest var 9. mars 1988.

Sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að málsaðilar gengu í hjúskap 12. febrúar 1976, en höfðu hinn 7. febrúar 1976 gert með sér kaupmála, sem tilkynntur var til borgarfógetaembættisins í Reykjavík 9. febrúar 1976 og skrásettur samdægurs.

Meginefni kaupmálans hljóðar svo:

„1. Allur arfur, sem Helgu hlotnast, sem og það, er í hans stað kemur, verður séreign hennar.

2. Fasteignin Unufell 11, Reykjavík, sem er fokhelt raðhús, eign Helgu, verður séreign hennar. Verð eignarinnar er 1.036.961 kr. skv. byggingarskýrslu. Áhvílandi veðskuld er 900.000 kr.

3. Landspilda í Smárahvammslandi, Kópavogi, 4,84 ha. að stærð, fasteignamat 2.758.000 kr., eign Helgu, verður séreign hennar.

4. Allur arfur, sem Lárusi hlotnast, sem og allt, sem keypt verður fyrir hann, verður séreign hans.

5. Hálf jörðin Efri-Steinsmýri, Leiðvallarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, eign Lárusar, verður séreign hans.

6. Tvær sambyggðar skemmur ásamt 2,8 ha. landspildu í landi Baldurshaga við Suðurlandsveg í Reykjavík, nú þinglesin eign Sigurlaugar Helgadóttur, verða séreign Lárusar við afsal Sigurlaugar til hans. Fasteignamat eignarinnar er 2.193.000 kr.

7. Eignarhluti (⅓) Lárusar í Stjórnarsandi, Kirkjubæjarhreppi, og jörðin Blesahraun (Efri-Mörk), sama hreppi, verður séreign Lárusar.

8. Peningaandvirði ofangreindra eigna og hvaðeina, sem í þeirra stað kemur, svo og arður þeirra verður einnig séreign viðkomandi hjúskaparaðila."

Sóknaraðili skýrir svo frá málavöxtum í greinargerð sinni, að þegar kaupmálinn var gerður, hafi húseignin Unufell 11, Reykjavík, verið fokheld. Plast hafi verið í gluggum, flekahurð fyrir útidyrum. Járn hafi verið komið á þak, en eftir að ganga endanlega frá því. Ekkert hafi verið farið að gera inni, m.a. hafi vantað milliveggi. Á árunum 1976 til 1983 hafi verið unnið að frágangi hússins. Á þessu tímabili hafi varnaraðili haft svo til engar tekjur og engin lán tekið til framkvæmdanna. Sóknaraðili hafi til fjármögnunar byggingarframkvæmdanna selt séreignir sínar, í júlí 1976 jörðina Efri-Steinsmýri á 28.000,00 kr. Af söluverðinu áttu 8.000,00 kr. að greiðast með vinnuframlagi við allt múrverk hússins. Aldrei varð þó af því, að vinna þessi væri unnin. Í apríl 1977 seldi sóknaraðili séreign sína, Baldurshaga, á 170.000 kr. Sóknaraðili kveðst hafa haft verulegar tekjur á byggingartímanum utan ársins 1977, er hann hafi unnið verulegan hluta ársins við byggingarframkvæmdirnar. Sóknaraðili tók á þessum tíma tvö lífeyrissjóðslán, árið 1977 úr Lífeyrissjóði SÍS, að fjárhæð 1.200,00 kr., og úr Lífeyrissjóði sjómanna 1983, að fjárhæð 80.000,00 kr.

Raðhúsið að Unufelli 11 var selt með kaupsamningi, dags. 24. júlí 1984. Söluverð var 2.550.000 kr., er greiddist með útborgun á 12 mánuðum, 1.650.000 kr. yfirtöku áhvílandi lána, 168.023 kr., og útgáfu veðskuldabréfs til 4 ára, að fjárhæð 731.976 kr., með gjalddaga 25. sept. ár hvert, í fyrsta sinn 25. sept. 1985. Lánin, sem kaupandi yfirtók, voru annars vegar lán frá veðdeild Landsbanka Íslands, sem varnaraðili hafði tekið árið 1975 og stóð í 79.649,20 kr. við söluna, og hins vegar lán á nafni sóknaraðila frá Lífeyrissjóði sjómanna, tekið árið 1983, og stóð í 88.373,95 kr. Sóknaraðili kveður deilur hafa komið upp milli seljenda og kaupanda um meinta galla og þær leitt bæði til dráttar á útborgunargreiðslum og síðan til lækkunar á söluverði um 100.000 kr. til 200.000 kr.

Með kaupsamningi, dags. 8. ágúst 1984, er íbúðin að Engihjalla 11 í Kópavogi keypt. Kaupverð var 1.900.000 kr., útborgun 1.330.000 kr., yfirtekin skuld við veðdeild Landsbanka Íslands 323.110 kr. og gefið út skuldabréf að fjárhæð 246.890 kr.

Sóknaraðili kveður útborgunargreiðslur úr raðhúsinu að mestu leyti hafa runnið til greiðslu kaupverðsins á íbúðinni að Engihjalla 11. Vanskil á útborgunargreiðslum frá kaupendum að raðhúsinu leiddu til þess, að selja varð veðskuldabréf með veði í íbúðinni, samtals að fjárhæð 440.000 kr., og nota andvirði til greiðslu á hluta útborgunar. Að sögn sóknaraðila runnu útborgunargreiðslur inn á sparisjóðsbók varnaraðila í Iðnaðarbanka Íslands og víxlar, sem samþykktir voru af kaupanda, settir til innheimtu á nafni varnaraðila í Sparisjóði Kópavogs, en sóknaraðili var á þessum tíma loftskeytamaður á togara og því tíðum fjarverandi. Þá hafi veðskuldabréf það, sem kaupandi að Unufellinu gaf út, farið í vörslur varnaraðila og hún ein ráðstafað greiðslum af því.

Aðilar bjuggu í framangreindum fasteignum, þar til samvistum lauk í ágúst 1986. Hefur varnaraðili búið einn í íbúðinni að Engihjalla síðan.

Varnaraðili greinir svo frá í greinargerð sinni, að fasteignin Unufell 11 hafi verið metin til verðs 19. júlí 1974, tæpum tveimur árum áður en kaupmáli var gerður. Verðmæti mannvirkjanna án lóðar var þá talið 1.714.238 gkr. Verðmæti eignarinnar skv. byggingarskýrslu var hins vegar talið 1.036.971 gkr. skv. kaupmálanum frá 7. febrúar 1976. Í árslok 1975 hafi eignin verið að verðmæti skv. byggingarskýrslu 1.483.019 kr. Byggingarskýrslur kveður varnaraðili vera gerðar til að fullnægja kröfum skattalaga um upplýsingar, en segi ekkert til um verðmæti. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa hætt á sjó um áramót 1976-1977 og unnið við skemmur sínar í landi Baldurshaga, sem hann undirbjó fyrir sölu. Sóknaraðili hafi unnið í ígripum við að hlaða milliveggi og einangra húsið að Unufelli 11 um þriggja mánaða skeið 1977.

Sóknaraðili stofnaði til rekstrar tveggja fyrirtækja ásamt öðrum í maí-júní 1977, annars vegar fasteignasölu og hins vegar innflutningsfyrirtækis. Varnaraðili kveður fyrirtæki þessi hafa verið rekin með stórfelldu tapi og að sóknaraðili hafi verið sá eini, sem átti peninga og eignir af eigendum fyrirtækjanna. Innflutningsfyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta 1980. Sóknaraðili hefur borið fyrir rétti, að hann hafi ekki lagt fé í fyrirtæki þessi umfram hlutafé.

Varnaraðili kveður, að um hafi verið talað, að andvirði Efri-Steinsmýrar rynni til greiðslu kostnaðar við raðhúsið, en af því hafi aldrei orðið. Hann kveður sóknaraðila hafa greitt upp verulegan hluta skulda, meðan á hjúskap þeirra stóð. Varnaraðili kveðst hafa aflað sér fjár til húsbyggingarinnar m.a. með því að selja land í Smárahvammi. Mágur sinn hafi lánað

sér byggingarefni, timbur o.fl., og faðir sonar síns, fædds 1970, hafi unnið alla trésmíðavinnu við húsið. Hún kvaðst hafa átt húsið að Unufelli 11 skuldlaust að undanskilinni skuld við Húsnæðismálastjórn, 900.000 gkr., er sambúð aðila hófst. Lögtök hafi verið gerð í húsinu vegna skatta, sem lagðir voru á sóknaraðila vegna sölu á skemmunum í Baldurshaga. Þessir skattar voru síðar felldir niður. Varnaraðili kveður móður sína hafa veitt verulegan fjárhagsstuðning til byggingar hússins, sem hafi ekki verið endurgreiddur. Hún kveður sóknaraðila hafa árið 1985 tekið af heimili þeirra öll skjöl hennar, sem þá voru geymd heima.

Sóknaraðili kom fyrir rétt og bar, að hann vissi ekki til, að móðir varnaraðila hefði lagt fé í húsið og að mágur varnaraðila hefði ekki lagt til efni í það án greiðslu. Jafnframt kvaðst hann hafa greitt þær kröfur, sem hann hefði kvittanir fyrir. Hann kvaðst ekki hafa greitt af skuldabréfum, að fjárhæð 440.000 kr., áhvílandi á Engihjalla 11.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á því, að við stofnun hjúskapar aðila, ríkti algjört séreignarfyrirkomulag skv. kaupmálanum, sem gerður var í febrúar 1976. Séreign varnaraðila var landspilda í Smárahvammslandi og fokhelt raðhús að Unufelli 11. Var verðmæti fasteignarinnar talið samkv. byggingarskýrslu 10.370 kr. Á fasteigninni hvíldu tvö verðtryggð veðdeildarlán, tekin 1974, þá hvort að fjárhæð 4.500 kr. Varnaraðili hafi ekkert selt af landi sínu í Smárahvammi, meðan á samvistum stóð, ekkert lán tekið, og einu tekjur hennar, meðan á byggingartíma raðhússins stóð, hafi verið árið 1977, 4.750 kr., árið 1978 12.052 kr. og árið 1979 3.250 kr. Fasteignargjöld, sem greidd voru af séreign hennar, landinu í Smárahvammi, hafi verið umtalsverð, árið 1977 2.302 kr., árið 1978 1.893 kr., 1979 3.728 kr. og 1980 2.000 kr., og er þá gjaldfallið ógreitt 5.625 kr. Greiðslur af veðdeildarlánum, sem hvíldu á Unufelli 11, hafi einnig verið nokkrar, árið 1977 1.461 kr. og árið 1979 2.004 kr. Ekki hafi tekist að finna kvittun fyrir árið 1978. Þá hefði varnaraðili tekið lán hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna árið 1968 og greiðslur af því verið milli kr. 200 til 300 á ári. Sé því ljóst, að hún gat á engan hátt staðið undir framkvæmdum við bygginguna. Sóknaraðili hafi aftur á móti selt nær allar séreignir sínar og ljóst af skattframtölum og byggingarskýrslum, að byggingarframkvæmdir við Unufell 11 hafi verið fjármagnaðar þannig. Árið 1976 hafi jörðin Efri-Steinsmýri verið seld á 28.000 kr. Þar af hafi 20.000 kr. verið greiddar strax, en 8.000 kr. með verksamningi um múrverk á Unufelli 11. Peningaeign sé skráð á skattframtali í árslok 4.000 kr., svo að til ráðstöfunar hafi verið 16.000 kr. Árið 1977 voru skemmur seldar á 170.000 kr. Ef tillit er tekið til þess, á hvern hátt söluverð greiddist, og til annarra fjárráðstafana það ár, sem fram koma á skattframtali, hafi verið til ráðstöfunar í raðhúsin 40.977 kr. Árið 1978 voru til ráðstöfunar af eftirstöðvum

skuldabréfa, er sóknaraðili fékk við sölu á séreign sinni, skemmum, 26.145 kr. Árið 1979 voru vegna greiðslna af sömu verðbréfum til ráðstöfunar 18.433 kr.

Ef beitt sé framreikningi til júlí 1984 á kostnaðartölur samkv. byggingarskýrslum og miðað við meðaltal byggingarvísitölu ár hvert, nemur byggingarkostnaður 1.644.103 kr. að viðbættu ófærðu vinnuframlagi sóknaraðila, en árið 1977 vann hann við bygginguna samfellt um margra mánaða skeið. Við söluna á Unufelli 11 hafi aðilar fengið til ráðstöfunar um 1.450.000 kr. auk óverðtryggðs veðskuldabréfs til fjögurra ára, 731.976 kr. Með hliðsjón af byggingarkostnaði, svo til engu ráðstöfunarfé varnaraðila, en sölu sóknaraðila á séreignum sínum sé varlegt að telja, að framlag af séreign hans hafi numið a.m.k. 50% af verðmæti eignarinnar. Samkvæmt framreikningi, byggðum á upplýsingum í skattframtölum aðila, nam byggingarkostnaður í júní 1984 1.644.103 kr. Þar af sé lagt í bygginguna samkvæmt skattframtölum, eftir að hjúskapur hófst, 940.684 kr., 57,22%, þar af á árunum 1976 til og með 1979 813.058 kr., 49,46%. Auk söluandvirðis séreigna sóknaraðila sé ljóst, að hluti af byggingarframkvæmdum á Unufelli 11, t.d. bílskúr og lóðaframkvæmdir, hafi verið fjármagnaðar af vinnu sóknaraðila og tekjum hans og/eða lánsfé kom frá honum. Sé sá hluti varlega áætlaður 10%, bæði með hliðsjón af framangreindum tölum og ástandi eignarinnar, þegar kaupmálinn var gerður. Almennt sé talið, að kostnaðarverð fokhelds húss sé um ⅓ af því fullgerðu. Í því sambandi sé bent á, að fasteignin var brunatryggð á 20.000 kr. (dskj. nr. 38) um mitt ár 1976, sem samsvara 421.564 kr., um 25% af heildarbyggingarkostnaði, ef framreiknað er með byggingarvísitölu.

Meginhluta þeirra fjármuna, sem komu úr sölu á Unufelli 11, hafi verið varið til kaupa á íbúð að Engihjalla 11 í Kópavogi, rúmlega einni milljón kr. Mismuninum, um 400.000 kr., hafi varnaraðili ráðstafað að öllu verulegu leyti annaðhvort í eigin þágu eða þágu heimilisins. Greiðslum af veðskuldarbréfi því, er aðilar fengu við kaupin, hafi verið ráðstafað til að mæta afborgunum og vöxtum af veðskuldabréfum þeim, sem voru yfirtekin eða gefin út í tengslum við kaupin á íbúðinni að Engihjalla. Við samvistarslit aðila hafi varnaraðili haldið umráðum á áðurnefndu veðskuldabréfi.

Eðlilegt sé að líta svo á, að eignarhlutfall aðila í íbúðinni að Engihjalla 11 sé í samræmi við hlutdeild þeirra í byggingarkostnaði raðhússins að Unufelli 11. Hefði einhver breyting orðið þar á, væri hún frekar til hagsbóta sóknaraðila, þar sem varnaraðili hafði umráð yfir þeim fjármunum, sem umfram voru, og sólundaði þeim. Þar sem kaupverð íbúðarinnar að Engihjalla 11 hafi verið lægra en söluverð raðhússins að Unufelli 11, en séreignarhluti aðila í Unufelli 11 þó ekki meiri en svo, að hann geti færst yfir á hina nýju eign, sé ekki gerð krafa til annars en íbúðin að Engihjalla

11 verði talin séreign sóknaraðila að 50%, en séreign varnaraðila að 50%. Jafnframt séu áhvílandi lán sóknaraðila óviðkomandi, þar sem varnaraðili hafi tekið við veðskuldabréfi því, sem gefið var út við söluna á Unufelli, á móti yfirtöku á áhvílandi skuldum á íbúðinni á Engihjalla.

Sóknaraðili kveður, ef ekki verði fallist á aðalkröfu, að álíta verði með hliðsjón af framlagi sóknaraðila til framkvæmdanna við Unufell 11 og viðskiptum aðila, að félagsbú aðila eigi kröfu á hendur varnaraðila, sem svari 50% af verðmæti íbúðarinnar að Engihjalla 11 í Kópavogi.

Málsástæður varnaraðila eru þær, að kaupmálinn frá 7. febrúar 1976 sé í hvívetna í fullu gildi á milli aðila og ráði réttarstöðu þeirra, að því er varði íbúðina að Engihjalla 11 í Kópavogi. Margnefnt raðhús að Unufelli 11 hafi verið selt sumarið 1984 og keypt íbúð að Engihjalla 11. Söluverð fyrrnefndu eignarinnar var 2.550.000 kr., en kaupverð hinnar síðari 1.900.000 kr.

Svo sem framtöl beri með sér, eigi varnaraðili son, fæddan árið 1970, en sóknaraðili og varnaraðili eigi saman þrjú börn, fædd 1976, 1977 og 1980. Augljóst sé, að varnaraðili starfaði við heimilið, meðan verið var að koma þessum börnum á legg, en oft hafi hún þó orðið að sjá heimilinu fyrir framfærslueyri, auk þess sem hún varð að sjá um greiðslur vegna hússins. Sóknaraðili hafi ásamt börnum sínum og varnaraðila notið afnota íbúðareignanna, sem um sé rætt.

Varnaraðili getur þess að gefnu tilefni í greinargerð sóknaraðila, að ekki var algert séreignarfyrirkomulag með aðilum, enda kemur skýrt fram í kaupmálanum, að þar eru aðeins taldar upp tilteknar eignir svo og arfur, en ekki minnst þar á, að allar eignir aðila lúti séreignarfyrirkomulagi. Af þessu leiði, að allar aðrar eignir, svo sem innbú og þess háttar, bifreiðir og annað ótalið, hafi verið í hjúskapareign þeirra hjóna.

Varnaraðili telur málsástæður sóknaraðila óljósar, en virðast þó byggðar á þeirri meginforsendu, að um algjört séreignarfyrirkomulag hafi verið að ræða. Varnaraðili hafi ekki getað lokið við gerð hússins, og því hafi sóknaraðili látið henni í té peninga, annaðhvort af söluverði séreigna sinna eða tekjum sínum af vinnu og viðskiptum. Þetta virðist sóknaraðili telja, að eigi að leiða til þess, að hálf séreign varnaraðila skuli verða annaðhvort að hálfu séreign sóknaraðila eða til vara að hálfu krafa félagsbús aðilanna, sem nemi 50% af verðmæti íbúðarinnar að Engihjalla 11. Ekki sé gerð grein fyrir tölulegri hlið kröfunnar. Varnaraðili telur, að líklega megi telja, að í raun sé sóknaraðili að gera einhvers konar endurgjaldskröfur, byggðar á heimildum í 52. og 53. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Í 52. gr. sé öðru hjóna heimiluð endurgjaldskrafa á hitt, ef hið síðarnefnda hefur að verulegum mun rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu í fjármálum, misbeitingu á ráðum sínum eða annarri óhæfilegri aðferð. Í 53. gr.

segir, að sama rétt til endurgjalds og greindur er í 52. gr. hafi hvort hjóna um sig, ef hitt hjónanna hefur varið fé af hjúskapareign sinni til að öðlast eða bæta séreign. Einna helst kæmi til álita að líta til 53. gr. laganna í þessu samhengi, en skilyrði þess, að henni verði beitt, eru hin sömu og að 52. gr. verði beitt, þ.e., að um sé að ræða, að sá, sem kröfu er beint að, hafi rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu, misbeitingu eða óhæfilegri aðferð. Fyrir hendi þurfi að vera ámælisverð háttsemi hjá þeim, sem krafan beinist að. Augljóst er, að skilyrði endurgjaldskröfu séu ekki fyrir hendi í máli þessu. Hvergi sé þess getið í sóknargögnum, að varnaraðili hafi sýnt af sér vanhirðu eða annað þess háttar.

Vera kunni, að hugmyndir sóknaraðila séu ekki reistar á þessum lögum, heldur einhverjum öðrum, og liggi í raun að baki kröfum hans einhvers konar sanngirnisgrundvallarreglur úr skiptarétti eða öðrum greinum lögfræðinnar. Því sé til að svara, að varnaraðili ól upp börn þeirra hjóna og lagði heimilinu til húsnæði að búa í. Jafnvel þótt sóknaraðili hafi lagt heimilinu til peninga til framfærslu og til að kosta húsnæðið, m.a. viðhald þess og e.t.v. eitthvað fleira, og jafnvel þótt hann kunni að hafa unnið við hleðslu innveggja stopult um nokkurra vikna hríð, veiti það honum ekki neinn eignarrétt að því húsi.

Að því er sönnun varði, hvíli sönnunarbyrðin á því, að skilyrði þess að ganga fram hjá ákvæðum kaupmálans séu fyrir hendi, eingöngu á herðum sóknaraðila. Varnaraðili krefst þess, að haft verði í huga við mat á kröfum sóknaraðila, að hann hafi aldrei greitt neitt fyrir afnot íbúðareignanna, og jafnvel þótt varnaraðili kunni með sparnaði að hafa getað nýtt heimilispeninga til framfærslu að einhverju leyti til viðhalds og reksturs og uppbyggingar á íbúðarhúsnæðinu, veiti það sóknaraðila engan rétt.

Varnaraðili heldur því fram, að hún þurfi ekki að sanna í smáatriðum, á hvern hátt hún kom upp margnefndu raðhúsi, og jafnframt, að sóknaraðili geti ekki sannað neitt með þeim rökum, að ekki verði séð af skattframtölum, hvernig umbj. minn greiddi kostnað við íbúðareignina. Til þess þurfi að koma bein sönnunargögn um bein framlög sóknaraðila í peningum, en ekki ályktanir af skattframtölum hans og öðrum gögnum. Ekki dugi að draga út einstaka þætti í skattframtölum og staðhæfa, að með þeim hafi hús verið greitt.

Varnaraðili krefst þess, ef dómstóll viðurkennir kröfur sóknaraðila að einhverju leyti, að sú eign, sem ekki telst séreign hennar skv. kaupmálanum, teljist þá hjúskapareign hjónanna, og mótmælir öllum fjárhæðum, er sóknaraðili hefur nefnt í þessu sambandi, sem röngum. Varnaraðili mótmælir því, að félagsbú geti átt kröfur eins og greint er frá í varakröfum sóknaraðila. Telja verði slíka kröfu vanreifaða, en hugsanlegt sé, að sóknaraðili eigi við, að einhver hluti af íbúðareigninni eigi að teljast annað-

hvort hjúskapareign sóknaraðila eða hjúskapareign varnaraðila. Varnaraðili heldur því fram, að komist dómstólar að þeirri niðurstöðu, að sóknaraðili eigi einhvers konar tilkall til eignarréttar, beint eða óbeint, í íbúð umbj. míns, verði hann að greiða skuldir af íbúðinni, eins og þær voru á upphafsdegi skipta.

Um lagarök vísar varnaraðili til 55. gr. laga nr. 60/1972, V., VI. og VII. kafla laga nr. 20/1923 og skiptalaga nr. 3/1878, einkum 6. kafla.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um, að kaupmáli sá, er aðilar gerðu 7. febrúar 1976, sé formlega gildur. Samkvæmt 2. gr. kaupmálans varð fasteignin Unufell 11, Reykjavík, séreign varnaraðila. Peningaandvirði séreigna og hvaðeina, sem í stað þeirra kæmi, svo og arður þeirra skyldi verða séreign viðkomandi hjúskaparaðila skv. 8. gr. kaupmálans. Fasteignin Engihjalli 11, 1. hæð D, var keypt í stað Unufells 11 og þinglýst eign varnaraðila. Hún kom því í stað séreignar varnaraðila. Varnaraðili hefur lýst yfir í málinu, að hún taki að sér greiðslu veðskulda, áhvílandi á íbúðinni Engihjalla 11. Ekki hefur verið í ljós leitt í málinu, að um eignaauknингu hafi verið að ræða við eignabreytinguna. Verður því að telja, að kaupmálinn frá 7. febrúar 1976 verði lagður til grundvallar við skipti félagsbús aðila, svo að í stað séreignar varnaraðila skv. 2. gr. kaupmálans, Unufells 11, Reykjavík, komi fasteignin Engihjalli 11, 1. hæð D, Kópavogi, og hún taki að sér greiðslu áhvílandi veðskulda. Ekki hefur sóknaraðili sýnt fram á, að fjármunir hafi verið lagðir til séreignar varnaraðila, svo að varakrafa hans komi til álita, og er öllum kröfum hans í máli þessu hafnað. Rétt þykir að úrskurða varnaraðila málskostnað úr hendi sóknaraðila, sem hæfilega þykir ákveðinn 85.000 kr., þ.m.t. söluskattur.

Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við skipti á félagsbúi Lárusar Helgasonar og Helgu Kristjánsdóttur skal fasteignin Engihjalli 11, 1. hæð D, Kópavogi, teljast séreign Helgu skv. kaupmála, dags. 7. febrúar 1976, og hún taka að sér greiðslu áhvílandi veðskulda. Sóknaraðili, Lárus Helgason, greiði varnaraðila, Helgu Kristjánsdóttur, málskostnað, 85.000 kr., þ.m.t. söluskatt.

Úrskurði þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför aðlögum.

Föstudaginn 18. október 1991.

Nr. 413/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. október sl., sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur, með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 15. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Varnaraðili er nefndur Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson í hinum kærða úrskurði, en heitir samkvæmt vegabréfi sínu, útgefnu í Namibíu, Torbjörnen Gunnasson.

Ekki hefur nægilega verið sýnt fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins og að ekki séu aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar til að tryggja návist hans. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun í þessum þætti málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Þorbirni Gunnarssyni, fæddum 3. september 1965, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Málavextir eru eftirfarandi:

RLR hefur að undanförnu haft til meðferðar kærur frá fyrirtækinu Kristu sf. og Hótel Holti á hendur kærða, Þorbirni Gunnarssyni, fyrir það annars vegar að hafa fengið afhentar vörur frá fyrirtækinu Kristu sf., að verðmæti 426.671 kr., sem kærði á að hafa lofað að greiða, en ekki virðist sem hann hafi haft fyrirsjáanlega möguleika á að endurgreiða verðmæti þeirra. Þá hefur fyrirtækinu tekist að endurheimta vörur frá kærða, að verðmæti 329.239 kr. Þá hefur kærði verið grunaður um að hafa villt á sér heimildir gagnvart forráðamönnum Kristu sf. í viðskiptum aðila. Einnig hefur komið fram kæra á hendur kærða fyrir það að hafa tekið á leigu herbergi á Hótel Holti dagana 19. september til 11. október sl. og þegið þar þjónustu sem hótelgestur, en er hann hvarf þaðan, átti hann ógreiddan reikning fyrir hótelkostnaði, að fjárhæð 214.823 kr. Er RLR handtók kærða 15. október sl., var hann skráður sem hótelgestur á Hótel Íslandi.

Við yfirheyrslur hjá RLR og einnig fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa móttekið varning frá fyrirtækinu Kristu sf., að verðmæti rúmlega 400.000 kr., en hann kveður sig hafa haft gjaldfrest á vörum þessum í um 90 daga. Þá hefur kærði einnig staðfest fyrir dómi að hafa dvalist sem hótelgestur að Hótel Holti og að ekki hafi komið greiðsla fyrir þá veru hans þar, en hann kveðst þó á dvalartímanum hafa boðið fram greiðslu, er ekki hafi verið móttekin.

Rannsókn stendur enn yfir á viðskiptum kærða og fyrirtækisins Kristu sf., og enn er eftir að yfirheyra aðila vegna þeirra viðskipta til að staðreyna, hvort um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða. Einnig er á frumstigi rannsókn vegna ætlaðs brots kærða með því að hafa dvalist sem hótelgestur á Hótel Holti án þess að greiða fyrir dvöl sína þar. Ljóst er, að um veruleg verðmæti er að ræða, er kærði hefur móttekið, án þess að fyrirsjáanlegt sé, að hann hafi haft möguleika á að greiða fyrir þau verðmæti, og er kærði því undir rökstuddum grun um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Brot gegn nefndum kafla almennra hegningarlaga geta varðað fangelsisrefsingu.

Með hliðsjón af því, er hér að framan er rakið, er ljóst, að veruleg hætta er á því, að kærði hafi áhrif á rannsókn málsins, haldi hann óskertu

frelsi sínu. Með vísan til alls þessa þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. október nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. október 1991 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 22. október 1991.

Nr. 200/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jónasi Flosa Finnbjörnssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Áfrýjun. Dómarar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl sl. að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvaldsins að viðbættri tilvitnun í 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða var aðallega krafist sýknu, en til vara ómerkingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt var krafist málsvarnarlauna.

I.

Skipaður verjandi ákærða styður sýknukröfu sína þeim rökum, að dómari málsins í héraði, sem er fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hafi verið vanhæfur til að fara með málið vegna fyrri afskipta sinna af því, og þar sem ákærði eigi ekki að sæta því að verða ákærður tvisvar, eigi vanhæfi dómarans að leiða til sýknu. Til vara gerir hann kröfu um ómerkingu dómsins af sömu sökum. Verjandinn vísar í þessu sambandi til bréfs dómarans frá 17. júlí 1990 til ríkissaksóknara. Bréf þetta er ritað í tilefni af ósk ríkissaksóknara um, að máli ákærða yrði lokið með dómsátt, sem borin var fram í bréfi, er fulltrúi ríkissaksóknara sendi sakadómi Reykjavíkur 8. júlí 1990. Í bréfi dómarans segir svo:

„Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunarakstursbrota, þ.e. í október 1988 og júní 1989. Hér er því um þriðja brot kærða að ræða, og sýnist því ófært, að máli hans verði lokið með dómsátt.“

Afskipti dómarans af máli þessu fyrir útgáfu ákæru voru samkvæmt framansögðu þau að endursenda málið ríkissaksóknara og vísa ósk hans þannig frá, þar sem hann taldi skilyrði bresta til að ljúka máli ákærða með dómsátt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Mál ákærða er einfalt, og dómarinn þurfti aðeins að horfa til sakavottorðs ákærða til að ganga úr skugga um, að hin umbeðna meðferð á málinu yrði ekki viðhöfð. Þótt orðalag á bréfi dómarans sé ónákvæmt, verður ekki talið, að hann hafi með því tekið afstöðu til efnisþáttar málsins. Þessi afskipti dómarans voru því ekki þess eðlis, að hætta væri á, að hann gæti ekki litið óhlutdrægt á málavexti, er málið kæmi til efnislegrar meðferðar. Verður sýknu- og ómerkingarkröfu af þessum sökum því hafnað. Sjá hér til samanburðar dóma Hæstaréttar frá 12. október 1990, ákæruvaldið gegn Svavari S. Kristinssyni, og 10. maí 1991, ákæruvaldið gegn Herði Karlssyni.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Þar á meðal er endurrit úr þinghaldi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 21. júní 1990, en þar undirgengst ákærði dómsátt fyrir að hafa haft fíkniefni í fórum sínum.

Eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, er sekt ákærða sönnuð, og ber að staðfesta hann að því viðbættu, að vísað er til 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar, þar sem refsingin er ákveðin sem hegningarauki við framangreinda dómsátt fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Flosi Finnbjörnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Sératkvæði

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Þegar dómara málsins í héraði barst dómsáttarheimild ríkissaksóknara frá 8. júlí 1990, lá ekki fyrir honum í lögregluskýrslu skýlaus játning ákærða um akstur undir áhrifum áfengis, heldur einungis um réttindaleysi við akstur. Samkvæmt sakavottorði ákærða hafði hann ekki áður gerst sekur um akstur án ökuréttinda, en tvívegis um ölvun við akstur og þá í bæði skiptin um brot gegn 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Dómarinn endursendi ríkissaksóknara málið hinn 17. júlí 1990 með þeirri staðhæfingu, að um þriðja brot ákærða væri að ræða og ófært sýndist, að máli hans yrði lokið með dómsátt. Ég tel, að ekki verði hjá því komist að meta þessi orð dómarans svo, að hann hafi með þeim tekið afstöðu til sakarefnis á þann veg, að ekki samrýmist stöðu dómara við efnislega meðferð máls eftir útgáfu ákæru. Af þeim sökum verði að telja, að hætta hafi verið á því, að hann fengi eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu, eða ákærði hafi haft ástæðu til að ætla, að svo kynni að vera. Með vísun til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, tel ég því rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að greiða atkvæði um efni máls, og er ég þá samþykkur atkvæði meiri hlutans.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 145/1991: Ákæruvaldið gegn Jónasi Flosa Finnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. júlí síðastliðinn, á hendur Jónasi Flosa Finnbjörnssyni, Háteigsvegi 11, Reykjavík, fæddum 10. desember 1962 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 13. október 1989 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni G-1299 stuttan spöl eftir Smiðjuvegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 13. október 1989 laust fyrir kl. 3 stöðvuðu lögreglumenn í Kópavogi akstur bifreiðarinnar G-1299 á Smiðjuvegi við Reykjanesbraut. Er þeir höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann látinn gefa frá sér öndunarsýni, og sýndi það 3. stig.

Lögreglumennirnir færðu ákærða á lögreglustöðina í Kópavogi til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 3.15. Reyndust í því vera 0,64 ‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að aðfaranótt föstudags 13. október 1989 hafi hann ekið bifreiðinni G-1299 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum stuttan spöl eftir Smiðjuvegi í Kópavogi.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir: [Ákærði hefur tvisvar sætt refsidómi fyrir ölvunarakstur, í síðara skiptið 1. júní 1989, er hann var sviptur ökuleyfi 2 ár.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ber við ákvörðun hennar að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 35 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Flosi Finnbjörnsson, sæti varðhaldi 35 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 23. október 1991.

Nr. 291/1989: **Þrotabú Fannýjar Jónmundsdóttur**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Herði Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og gagnsök.

Húsaleiga. Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Fanný Jónmundsdóttir áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1989 og krafðist sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1989. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Hinn 10. maí 1990 var bú Fannýjar Jónmundsdóttur tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabú hennar tekið við rekstri málsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Fannýjar Jónmundsdóttur, greiði gagnáfrýjanda, Herði Jónssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Af orðalagi og efni leigusamnings málsaðila um verslunarhúsnæðið að Laugavegi 87 í Reykjavík verður að telja ljóst, að aðaláfrýjandi hafi átt forgangsrétt til leigu að húsnæðinu, þegar samningstími átti að renna út hinn 1. september 1986. Eigi að síður tók gagnáfrýjandi þá afstöðu sumarið 1986, þegar í odda skarst með aðilunum, að hún hefði ekki þennan rétt, og hélt hann fast við þá skoðun a.m.k. fram til þess, að dómur gekk í Hæstarétti 8. júní 1988 í útburðarmáli aðila. Jafnframt hefur hann ekki sýnt fram á það í máli þessu, að aðgerðir hans árið 1986 til að koma fram slitum á leigumálanum hafi átt sér lögmætan grundvöll.

Forgangsrétt þennan gat aðaláfrýjandi hins vegar ekki framselt til annars aðila, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og var gagnáfrýjanda óskylt að samþykkja áframhaldandi leigu til þess kaupanda, er hún fékk að fyrirtæki sínu í júní 1986. Kauptilboð hans var greinilega miðað við, að samþykki þetta fengist, og verður kaupverð samkvæmt tilboðinu ekki lagt til grundvallar um tjón aðaláfrýjanda vegna þeirrar afstöðu, er húseigandinn tók gagnvart henni. Aðaláfrýjandi hefur og ekki sýnt fram á það með öðrum hætti, hvert tjón hún hafi beðið vegna framkomu gagnáfrýjanda, og verður krafa hennar þess vegna að teljast vanreifuð. Jafnframt hefur hún ekki fært sönnur á tjón vegna vanrækslu á viðhaldsskyldum gagnáfrýjanda. Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda í málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið 5. þ.m., hefur Hörður Jónsson, kt. 280627-3139, Bakkaflöt 12, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 22. september 1988, á hendur Fannýju Jónmundsdóttur, kt. 210445-2269, Reynimel 58, Reykjavík, til greiðslu á húsaleigu, að fjárhæð 1.150.428 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Af stefndu hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Hinn 3. maí 1982 tók stefnda á leigu verslunarhúsnæði í eigu stefnanda að Laugavegi 87 og hóf þar rekstur tískuverslunar. Samningurinn var til eins árs, en var jafnan endurnýjaður árlega, síðast með leigusamningi 25. júlí 1985. Í öllum samningunum var ákvæði um forleigurétt.

Á árinu 1986 auglýsti stefnda verslunarrekstur sinn til sölu. Hinn 20. júní 1986 fékk hún kauptilboð, að fjárhæð 2.500.000 kr., auk sérstakrar greiðslu fyrir vörubirgðir. Stefnda samþykkti tilboðið, en stefnandi sagði upp leigusamningnum 9. júlí 1986 miðað við 1. sept. 1986 í samræmi við ákvæði leigusamningsins. Stefnda neitaði að fallast á uppsögnina og bar fyrir sig forleigurétt. Stefnandi vildi ekki kannast við, að stefnda ætti forleigurétt. Samningstilraunir urðu árangurslausar og stefnandi krafðist útburðar stefndu. Kaupandinn riftaði þá samningi um verslunarreksturinn, en 18. nóv. 1986 hafnaði fógeti kröfu stefnanda um útburð. Hinn 27. nóvember 1986 sagði stefnandi húsaleigunni upp með sex mánaða fyrirvara. Stefnda greiddi húsaleigu skilvíslega allt fram til júní 1987. Hinn 1. þess mánaðar sendi hún lögmanni stefnanda leigugreiðslu fyrir júnímánuð, en sú greiðsla var endursend með bréfi 5. júní 1987. Eftir það gerði stefnda enga tilraun til að greiða.

Hinn 26. júní 1987 krafðist stefnandi útburðar að nýju, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði fógetadóms 17. ágúst 1987. Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, og 8. júní 1988 var hann úr gildi felldur og dæmt, að stefnda skyldi borin út úr húsnæðinu. Hinn 13. júní 1988 rýmdi stefnda húsnæðið.

Aðilar hafa gefið skýrslur fyrir dóminum og leitt vitni. Framburður þessi þykir ekki hafa leitt í ljós, að stefnandi hafi valdið stefndu tjóni með vanrækslu á viðhaldi eða með því að meina henni að láta gera „eðlilegar breytingar og lagfæringar... umbætur og viðgerðir á hinu leigða".

Þegar stefnandi sagði stefndu upp leiguafnotunum 9. júlí 1986, hafði stefnda boðið verslun sína til sölu og tekið við kauptilboði, sem hún virðist í reynd hafa verið búin að samþykkja á þeim tíma. Kaupsamningur þessi varð ekki framkvæmdur skv. tilgangi sínum með öðrum hætti en kaupandi tæki við leiguafnotum af stefndu. Efndir kaupsamningsins af hálfu stefndu voru þannig háðar því, að kaupandi gæti komið í stað stefndu sem leigutaki. Samkvæmt 56. gr. laga nr. 44/1979, sbr. 9. gr. l. 70/1984, var stefndu óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis stefnanda. Hafi stefnda skaðast á því, að kaupsamningurinn komst ekki til framkvæmda, getur hún ekki sakast um það við stefnanda, þar sem hann neytti einungis réttar síns skv. samningi og húsaleigulögum. Samningur málsaðila var færður á eyðublað fyrir íbúðarhúsnæði og ekki strikað yfir ákvæði um forleigurétt skv. 8. gr. húsaleigulaganna um íbúðarhúsnæði. Hafi samningsákvæði þetta veitt stefndu forgangsrétt til framhaldandi leigu, var sá forleiguréttur eingöngu bundinn henni persónulega.

Þá verður sú niðurstaða Hæstaréttar, að stefnda hafi fyrirgert leigurétti sínum með vanefnd á skyldu sinni til greiðslu leigu og hitakostnaðar, ekki

samrýmd því, að stefnda hafi átt jafnháar gagnkröfur eða hærri, þegar vanskil hennar hófust.

3. gr. laga 62/1984 mælir fyrir um fjárhæð húsaleigu fyrir atvinnuhúsnæði, þegar húsaleiga fyrir það fylgdi breytingum sérstakrar vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði fyrir gildistöku laganna. Hvorki þetta ákvæði né önnur girða fyrir, að svo sé um samið, að húsaleiga fylgi byggingarvísitölu. Samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 8. júní 1988, bar stefndu að greiða leigu og hitakostnað, eftir að kröfu um útburð hafði verið hafnað í fógetadómi, meðan hún hagnýtti sér húsnæðið. Ekki var talið sannað, að hún hefði nokkru sinni boðið fram leigu, eftir að úrskurður gekk í héraði, og því ekki haldið fram, að hún hefði lagt leiguna á geymslugreiðslu. Samkvæmt þessu þykir stefndu bera að greiða dráttarvexti frá uppkvaðningu fógetaúrskurðarins 17. ágúst 1987.

Þar sem stefnda rýmdi ekki húsnæðið fyrr en 13. júní 1988, verður ekki talið, að stefnandi hafi getað nýtt eignina til arðs fyrr en í fyrsta lagi um næstu mánaðamót.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda með þeirri takmörkun varðandi upphafstíma dráttarvaxta, sem áður er getið.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 230.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Fanný Jónmundsdóttir, greiði stefnanda, Herði Jónssyni, 1.150.428 kr. með vanskilavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25 frá 1987 frá 17. ágúst 1987 til greiðsludags, þ.m.t., að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. ágúst 1988, og 230.000 kr í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Miðvikudaginn 23. október 1991.

Nr. 60/1990. **Lögheimtan hf.**
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)
gegn
Tækja-tækni hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Lántökugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði og stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefur því eigi verið andmælt, hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti, að hann sé réttur aðili málsins.

Stefndi heldur því fram, að viðskipti sín og hins portúgalska fyrirtækis Carvouga hafi verið staðgreiðsluviðskipti, eins og reikningar fyrirtækisins beri með sér, og því hafi ekki verið skylt að greiða lántökugjald samkvæmt lögum nr. 10/1988, sbr. bráðabirgðalög nr. 68/1987, eftir sáttargerð þeirra í milli hinn 19. maí 1988. Krafa Carvouga á hendur stefnda samkvæmt reikningum hafi numið 196.367 þýskum mörkum. Með sáttinni hafi þeir gert upp viðskipti sín í milli, sem óleyst hafi verið vegna tiltekinna vanefnda Carvouga og gagnkrafna stefnda.

Í framangreindri utanréttarsátt var um samið, að stefndi greiddi jafnvirði 120.000 þýskra marka á gengi 18. maí 1988 eða 3.080.424 íslenskar krónur, og skyldi það vera fullnaðargreiðsla. Við undirritun var greidd 1.512.281 króna, en eftirstöðvar voru greiddar með skuldabréfi, út gefnu af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, með gjalddaga 24. ágúst 1988. Þá var svo um samið, að skuldabréfið skyldi vera í vörslu áfrýjanda, þar til greiðsla færi fram. Í 5. gr. sáttarinnar var tekið fram, að áfrýjandi myndi sjá um allar gjald-

eyrisyfirfærslur samkvæmt samningnum, en stefndi myndi láta í té öll skjöl, sem nauðsynleg væru, til þess að yfirfærslur gætu farið fram.

Áfrýjandi greiddi hið umrædda lántökugjald í Seðlabanka Íslands án nokkurs fyrirvara eða samráðs við aðila sáttarinnar sama dag og hún var gerð, en tilkynnti stefnda þá ráðstöfun ekki fyrr en þremur mánuðum síðar. Þegar það er virt og með hliðsjón af orðalagi sáttarinnar verður ekki talið, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að honum hafi verið rétt að greiða lántökugjaldið að svo komnu eða hann hafi átt lögvarða kröfu á hendur stefnda, sem heimilaði honum að taka til sín 83.761,90 krónur af eftirstöðvum skuldabréfs Sambands íslenskra samvinnufélaga, þegar það var greitt upp á gjalddaga. Ber því með þessum athugasemdum að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Þá verður áfrýjandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lögheimtan hf., greiði stefnda, Tækja-tækni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 30. mars sl.

Stefnandi er Tækja-tækni h/f, Smiðjuvegi 44 D, Kópavogi.

Stefndi er Lögheimtan h/f, Laugavegi 97, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 83.761,90 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að forsvarsmaður stefnanda hafi undirritað utanréttarsátt 19. maí 1988, þar sem stefnandi hafi lofað að greiða portúgölsku fyrirtæki, Carvouga, 120.000 þýsk mörk, sem hafi jafngilt 3.080.424 krónum. Hafi stefndi, Lögheimtan h/f, haft milligöngu um gerð þessa samkomulags, en Carvouga hafði falið stefnda það verk. Skv. 6. gr. sáttarinnar hafi verið um endanlegt uppgjör að ræða á milli deiluaðila

vegna viðskipta, sem þeir höfðu átt, og skyldi hvorugur þeirra eiga kröfur á hinn eftir gerð samkomulagsins.

Við undirritun sáttarinnar hafi stefnandi afhent stefnda tékka, að fjárhæð 1.512.281 króna, út gefinn 19. maí 1988 af Olíufélaginu h/f. Hafi þá staðið eftir af sáttinni ógreiddar 1.568.143 krónur. Til tryggingar þeirri fjárhæð hafi stefnda verið afhent skuldabréf, að nafnverði 1.508.899, út gefið 24. febrúar 1988 af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, með gjalddaga 24. ágúst 1988. Skuldabréf þetta hafi verið greitt á gjalddaga, 24. ágúst 1988, með tékka, að fjárhæð 1.772.956,33 krónur, sem var innleystur 26. ágúst 1988.

Stefndi greiddi stefnanda 123.347,35 krónur með tékka 7. september 1988, þar af 2.295,92 kr. í dráttarvexti frá 26. ágúst til 7. september 1988. Hafði stefnandi þá haldið eftir 83.761,90 krónum af þeim 204.813,33 kr., sem stefnandi telur, að hann hafi átt að endurgreiða af andvirði bréfsins vegna kostnaðar og vaxta, sem stefndi greiddi Seðlabanka Íslands 19. maí 1988.

Stefnandi telur, að stefnda hafi borið að greiða sér mismun andvirðis skuldabréfsins og þess, er eftir stóð af sáttinni, samtals 204.813,33 krónur.

Stefndi tekur fram, að stefnandi hafi fengið vörur frá Carvouga á tímabilinu september til desember 1987, en engar greiðslur hafi farið fram fyrr en við sáttargerðina 19. maí 1988. Hafi viðskipti verið háð ákvæðum laga nr. 10 frá 1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, einkum V. kafla laganna. Gjaldskylda hvíli á lántakanda samkvæmt 14. gr. laga þessara, þ.e. stefnanda í þessu tilviki. Hafi stefnandi fengið greiðslufrest, sem var lengri en 60 dagar, og hafi því borið að greiða lántökugjald af 120.000 þýskum mörkum samkvæmt 16. gr. laganna, sem verið hafi umsamin heildargreiðsla vegna viðskiptanna. Gjalddagi lántökugjalds skv. 18. gr. laganna hafi verið innan fimm virkra daga, frá því að samningur þeirra um vöruúttekt við Carvouga var gerður. Ljóst sé því, að gjalddagi á lántökugjaldinu vegna viðskipta stefnanda og Carvouga hafi verið löngu upprunninn, þegar samningaumleitanir hófust um greiðslu skulda stefnanda við Carvouga vorið 1988. Við þær umræður hafi talsmenn stefnanda ekkert minnst á, að þeir skulduðu umrætt lántökugjald, enda þó að þeim hafi þá verið eða mátt vera fullkunnugt um lántökugjaldið og gjalddaga þess. Forsvarsmönnum Carvouga og stefnda hafi þá hins vegar verið ókunnugt um tilvist lántökugjaldsins. Carvouga-mönnum sé það afsakanlegt, þó að þeir hafi ekki kynnt sér til hlítar íslenska skattalöggjöf, og starfssvið stefnda sé ekki á sviði utanríkisverslunar eða lánaviðskipta við útlönd. Báðum fyrirtækjunum hafi auk þess verið gjaldið óviðkomandi.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 10/1988 skyldi greiða lántökugjaldið eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis. Þar sem stefndi hafi

séð um milligöngu við umræddda samningsgerð milli fyrirtækjanna og milligöngu um greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar, hafi hann séð um greiðslu á lántökugjaldinu 19. maí 1988 í umboði stefnanda. Ekki hafi verið hægt að koma til skila samningsandvirðinu frá stefnanda til Carvouga nema greiða lántökugjaldið áður, og hafi stefnanda verið tilkynnt það símleiðis strax við greiðslu gjaldsins. Vegna áðurnefnds dráttar á greiðslu lántökugjaldsins hafi þurft að greiða 25% álag ofan á 2% lántökugjaldið og einnig dráttarvexti af umræddu gjaldi, allt í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/1988. Samanlagt nemi gjaldið 83.761 krónu, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi hafi ekki verið aðili að samkomulagi eða viðskiptum stefnanda og Carvouga, og hafi því engin greiðsluskylda hvílt á stefnda. Þá hafi stefnandi ekki getað undanskilið sig greiðslu lántökugjaldsins með sáttinni við Carvouga. Um sé að ræða opinbert gjald, sem einstaklingar eða einkafyrirtæki geti ekki samið sig undan.

Loks tekur stefndi fram, að það hafi verið grundvallarforsenda af hálfu Carvouga fyrir samningsgerðinni 19. maí 1988 og eftirgjöf á skuldum stefnanda, að umsamin fjárhæð, 120.000 þýsk mörk, fengist greidd með öruggum hætti og skertist ekki vegna opinberra gjalda, sem innlendum aðilum beri að standa skil á og komi erlendum fyrirtækjum í raun ekkert við.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í málinu, að Carvouga hafði gert stefnanda reikninga fyrir vörur, sem seldar voru og sendar stefnanda, samtals að fjárhæð 196.367 þýsk mörk, og eru þeir dagsettir á tímabilinu 30. september til 31. desember 1987. Því er haldið fram af stefnda, að af viðskiptum þessum hafi átt að greiða lántökugjald skv. 18. gr. laga nr. 10/1987, svo sem gert var.

Samkvæmt sátt þeirri, er Carvouga og stefnandi gerðu með sér 19. maí 1988 um uppgjör vegna framangreindra viðskipta, skyldi stefnandi greiða 120.000 þýsk mörk með greiðslu á 1.512.281 íslenskri krónu við undirritun sáttarinnar, og eftirstöðvar, er skuldabréf, er látið var í vörslur umboðsmanns Carvouga, stefnda, félli í gjalddaga, 24. ágúst 1988. Stefnandi greiddi peningafúlguna við sáttargerðina, og skuldabréfið var greitt á gjalddaga.

Í 6. tölulið sáttarinnar er tekið fram, að við undirritun hennar sé leyst úr öllum deilum vegna reikninganna og að hvorugur aðila eigi kröfu á hendur hinum vegna viðskipta þeirra.

Stefnandi efndi að fullu skyldur sínar samkvæmt sátt hans og Carvouga, og lántökugjaldið var gjaldfallið við sáttargerðina, og áttu aðilar að gera ráð fyrir því við upgjör viðskipta sinna.

Stefnandi mátti því ætla, að við sáttina væri lokið greiðslum hans vegna

skipta þeirra Carvouga. Þar að auki verður að líta til þess, að hann átti að greiða í íslenskum krónum, greiðslustaður var hér á landi og að umboðsmaður Carvouga, stefndi, átti að sjá um gjaldeyrisyfirfærslur til hins síðarnefnda.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi átt kröfu á hendur stefnanda, sem heimilaði honum að halda hluta greiðslu til stefnanda, eftir að fyrrgreint skuldabréf var greitt. Verður því fallist á allar kröfur stefnanda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 55.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lögheimtan h/f, greiði stefnanda, Tækja-tækni h/f, 83.761,90 krónur með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 26. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. desember s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. mars s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. ágúst 1989. Stefndi greiði stefnanda 55.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti frá þeim degi, er liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögu, og leggjast áfallnir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn, er 12 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögudegi.

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 423/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann og hald á vegabréfi, persónuskilríkjum, farmiða og persónulegum skjölum í eigu sinni. Kæran er frá 18. október sl., en barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur með vísan til forsendna hans.

Varnaraðili, sem er erlendur maður án fasts heimilisfangs, er hér á landi undir rannsókn vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir rétt eftir atvikum að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, fæddum 3. september 1965, verði gert að sæta farbanni allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Hinn 17. þ.m. var kærða með úrskurði dómsins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um

aðild hans að fjársvikum vegna viðskipta við fyrirtækið Kristu sf. og vegna dvalar á Hótel Holti. Hæstiréttur Íslands felldi fyrr í dag úr gildi úrskurð sakadóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir kærða og byggir dóm sinn á því, að ekki hefði verið nægilega sýnt fram á, að ekki væru fyrir hendi aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar til að tryggja návist kærða.

Rannsókn þessara kærumála er vel á veg komin, þó að enn eigi eftir að yfirheyra vitni. Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 72. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að verða við kröfu RLR um, að lagt verði á kærða farbann. Skal kærði því halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00, og skal hann, meðan á farbanni stendur, halda sig innan aðalstarfssvæðis RLR, svo sem það er afmarkað með reglugerð, og skal hann koma á skrifstofu RLR á hverjum degi kl. 15.00 til að tilkynna þar rannsóknarstjórnanda um veru sína.

RLR hefur jafnframt krafist þess með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974, að lagt verði hald á vegabréf, persónuskilríki, farmiða og persónuleg skjöl varðandi kærða, er RLR hefur tekið í sínar vörslur við meðferð málsins. Með vísan til framangreinds lagaákvæðis þykir rétt að taka kröfu RLR um haldlagningu til greina.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00. Kærði skal, meðan á farbanninu stendur, halda sig innan aðalstarfssvæðis RLR, og skal hann koma á skrifstofu RLR á hverjum degi kl. 15.00 til að tilkynna þar rannsóknarstjórnanda um veru sína.

Lagt er hald á vegabréf, persónuskilríki, farmiða og persónuleg skjöl í eigu kærða, er RLR hefur tekið í sínar vörslur.

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 398/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Veiðifélagi Rangæinga.

Kærumál. Lögbann. Veiðifélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september sl., en sú kæra var boðuð á dómþingi í fógetarétti Rangárvallasýslu 16. s.m. Gerir hann þær dómkröfur, að úrskurðað verði, að sér sé ekki nauðsynlegt að leggja fram tryggingu, áður en beiðni sín um lögbann á hendur varnaraðila verði tekin til meðferðar í fógetarétti Rangárvallasýslu, en að öðrum kosti verði lækkuð fjárhæð þeirrar tryggingar, er fógeti hafi ákvarðað. Jafnframt verði lagt fyrir fógeta að taka lögbannsbeiðni sína fyrir og reka síðan málið með eðlilegum hraða. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila, sem ekki var mættur við þinghöld í fógetarétti fyrr en eftir, að trygging var úrskurðuð, hafa ekki komið fram kröfur né greinargerð.

Dómari málsins í fógetarétti Rangárvallasýslu, Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumanns, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Með bréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu 3. september sl. hefur sóknaraðili farið þess á leit, að lagt verði lögbann við því, að Veiðifélag Rangæinga eða stjórn þess geri nokkrar þær ráðstafanir, er bindi félagið í sambandi við útleigu á veiðisvæðum nr. 1-5, þ.e. þeim svæðum, er hlutafélagið Búfiskur, sem nú er gjaldþrota, hafi áður haft á leigu. Telur hann félaginu skylt að gera tilteknar ráðstafanir til að koma starfsemi sinni í betra horf, áður en til slíkrar útleigu komi. Sóknaraðili er félagsmaður í Veiðifélagi Rangæinga vegna jarðanna Vallarhjáleigu og Bakkavallar í Hvolhreppi.

Þessi beiðni sóknaraðila var tekin fyrir í fógetarétti Rangárvallasýslu 6. september sl. að honum viðstöddum, og ákvað fógeti, að varnaraðila yrði tilkynnt um beiðnina og honum veittur hæfilegur frestur eftir ákvörðun réttarins til að hafa samband við lögmann og afla gagna. Málið var næst tekið fyrir hinn 16. september að sóknaraðila viðstöddum. Segir fógeti í athugasemdum sínum, að þá hafi átt að fara fram munnlegur málflutningur um beiðnina. Áður en til hans kom, krafði fógeti sóknaraðila um tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir tjóni eða miska, sem varnaraðili gæti orðið fyrir vegna beiðninnar, svo og málskostnaði. Segir í fógetabók, að sóknaraðili hafi talið tryggingu þessa of háa og krafist úrskurðar. Kvað fógeti þá samstundis upp svohljóðandi úrskurð: „Gerðarbeiðandi setji fram tryggingu að fjárhæð kr. 200.000, áður en mál þetta verður næst tekið fyrir."

Í athugasemdum fógeta segir, að krafan um tryggingu hafi verið gerð með vísan til 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, en jafnframt með tilliti til þess, að beiðnin sjálf gæti valdið tjóni eða miska. Hafi hann talið tryggginguna mjög varlega ákveðna, þar sem miklir hagsmunir væru í húfi fyrir Veiðifélag Rangæinga. Segir fógeti, að tveimur dögum fyrir þinghald þetta hafi sóknaraðili lagt fram aðra lögbannsbeiðni í þeim tilgangi að stöðva fund í Veiðifélagi Rangæinga hinn 16. september með atbeina fógeta. Með tilliti til þess hafi úrskurður orðið að ganga í málinu, áður en fundurinn yrði haldinn, enda væru beiðnir þessar nátengdar. Hafi skilyrðið um tryggingu verið sett í ljósi þessa, enda hafi fógeta virst það vera tilætlun sóknaraðila að tefja lögbannsmál sitt nógu lengi til þess, að veiðifélagið sæi sér ekki fært að taka ákvarðanir á umræddum fundi vegna málaferlanna.

Eftir að úrskurður fógeta var upp kveðinn, mætti Valgarður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður á dómþinginu fyrir hönd varnaraðila. Um þinghaldið segir svo í fógetabók: „Aðspurður kveðst gerðarbeiðandi ekki sætta sig við umkrafða tryggingu vegna málskostnaðar og kveðst ekki munu leggja hana fram. Af hálfu gerðarþola er krafist málskostnaðar í málinu að mati réttarins vegna þess tíma og ferðalaga, sem í málið hefur farið. Fógeti tekur sér nú frest til að úrskurða um málskostnað. Þar sem umbeðin trygging hefur ekki verið lögð fram, er málið nú fellt niður. Gerðarbeiðandi mót-

mælir því, að málið sé fellt niður, en telur, að því eigi að fresta, á meðan úrslit fáist í Hæstarétti á kæru uppkveðins úrskurðar fyrr í dag vegna tryggingar. Einnig er málskostnaðarkröfu mótmælt. Mál þetta er fellt niður."

Í athugasemdum fógeta segir, að ákvörðun hans um niðurfellingu málsins hafi ekki verið bókuð í formi úrskurðar, þar sem þess hafi ekki verið krafist. Hafi ákvörðunin aðeins sætt almennum mótmælum af hálfu sóknaraðila, þar sem hann hafi talið, að fógeti ætti að fresta málinu, þar til Hæstiréttur hefði fjallað um kæru af hans hendi á fyrrgreindum úrskurði um tryggingu. Þá kæru hafi sóknaraðili hins vegar ekki lagt fram að svo komnu, og þótt svo hefði orðið, hefði fógeti „ekki frestað málinu, enda væri það andstætt þeirri málsmeðferð, sem lögbannsmál venjulega sæta, þ.e. að reyna að fá niðurstöðu sem fyrst til að varna yfirvofandi réttarspjöllum".

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 27. gr. sömu laga, getur fógeti sett það skilyrði, þegar er beiðni um lögbann hefur verið honum í hendur fengin, að gerðarbeiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir bótum vegna tjóns og miska, er beiðnin kunni að valda þeim, er hún beinist að. Telja verður, að ákvörðun fógeta um tryggingu á þessu stigi máls geti sætt kæru til Hæstaréttar eftir ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, enda verður að líta á hana sem ráðstöfun til bráðabirgða fremur en þátt í efnislegri meðferð málsins.

Í máli þessu var úrskurður fógeta um tryggingu kveðinn upp, áður en varnaraðili hafði mætt fyrir réttinum eða nauðsyn tryggingar verið gagngert undir hann borin. Úrskurðurinn var án forsendna, eins og heimilt var, en úrskurðarorðið gefur til kynna, að um sé að ræða tryggingu fyrir frekari aðgerðum í málinu, er styðjist við ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 18/1949. Var sóknaraðila rétt að meta úrskurðinn þannig og áskilja sér færi á að kæra hann til Hæstaréttar, eins og hann gerði þá þegar. Bar fógeta að svo komnu að fresta aðgerðum í málinu.

Lögbannsbeiðni sóknaraðila varðar starfsemi fjölmenns félags, er fjallar um viðtæka hagsmuni. Í málinu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að ákvörðun fógeta um tryggingu hafi ekki verið réttmæt, eins og á stóð, og ekki eru efni til að telja, að hann hafi ákvarðað trygginguna óþarflega háa.

Hinn kærði úrskurður um tryggingu vegna beiðninnar á því að vera óraskaður. Ber að ómerkja þá meðferð málsins, er á eftir fór, og leggja fyrir fógeta að veita sóknaraðila hæfilegan frest til að setja tryggginguna.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 16. september 1991 um tryggingu af hálfu sóknaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, á að vera óraskaður. Ber fógeta að veita sóknaraðila kost á að setja tryggginguna og taka beiðni hans til meðferðar að nýju, ef hún kemur fram.

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 399/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Veiðifélagi Rangæinga.

Kærumál. Lögbann. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september sl. Í greinargerð til Hæstaréttar 18. þessa mánaðar gerir hann þær dómkröfur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta varðar beiðni sóknaraðila frá 12. september sl. um lögbann við því, að haldinn yrði félagsfundur í Veiðifélagi Rangæinga að kvöldi 16. sama mánaðar, sem félagsstjórn hafði boðað til, eins og nánar er rakið í hinum kærða úrskurði. Fundur þessi hefur síðan verið haldinn, og hefur sóknaraðili tekið mið af því við kröfugerð fyrir Hæstarétti, að honum verði nú ekki afstýrt.

Úrskurður fógetaréttar um það, hvort lögbann skuli á lagt eða ekki, sætir ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Brestur þannig lagaheimild til að sinna kröfum sóknaraðila, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðila, Veiðifélagi Rangæinga, 15.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 152/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jónasi James Ásmundssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1991 að ósk ákærða. Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Dómkröfur ákærða eru þær, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá verði ákærði einungis dæmdur til þess að greiða 10.000 krónur af bótakröfu Íslandsbanka hf. Loks er af hálfu ákærða krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Með vísun til þess ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 71. gr., 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk þeirra lagaákvæða, sem vísað er til í héraðsdómi. Að svo búnu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jónas James Ásmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 31-33/1991: Ákæruvaldið gegn X, Jónasi James Ásmundssyni og Y, sem dómtekið var í gær.

Í máli þessu er fjallað um sakarefni samkvæmt tveimur ákærum.

Fyrri ákæra er dagsett 5. október 1990, og með henni er málið höfðað á hendur X [...], Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, og Y [...], „fyrir eftirgreind brot á umferðarlögum og almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt mánudags 9. júlí 1990, nema annars sé getið:

I.

Ákærðu er öllum gefið að sök:

1. Að hafa brotist inn í vinnuskúr á mótum Klapparstígs og Skúlagötu og stolið lyklum og hamri.

2. Reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í verslunina Sundanesti, Kleppsvegi 35, en horfið af vettvangi eftir árangurslausar tilraunir.

Telst háttsemin samkvæmt ákærulið I.1 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og í lið I.2 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

3. Tekið í heimildarleysi bifreiðina R-34788 á mótum Klapparstígs og Skúlagötu og farið á bifreiðinni í innbrotstilraunina samkvæmt ákærulið 2 og þaðan um götur borgarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1951.

— — —

IV.

Ákærða Jónasi James er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudags 6. nóvember 1989 brotist inn í veitingastaðinn Geirsbúð, Vesturgötu 6-7, í félagi við Kolbein Vopna Sigurðsson, kt. 060672-4079, og stolið sex áfengisflöskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með síðari ákæru, sem dagsett er 20. desember 1990, er málið höfðað á hendur Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, „fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 23. maí 1990 stolið tékka, að fjárhæð kr. 46.803,91, sem var í lokuðu gluggaumslagi frá Íslandsbanka hf., í eigu Theodórs Skúla Þórðarsonar, kt. 080369-3799, í stigagangi fjölbýlishúss vestur í bæ í Reykjavík, en tékkanum, sem var stílaður á nefndan mann, kom ákærði í verð með því að fá á hann falsað framsal mannsins og fá síðan kunningja sinn til að skipta honum í útibúi nefnds banka að Laugavegi 105, Reykjavík. Tékkinn er gefinn út 11. maí 1990 af Íslandsbanka hf. á reikning nr. 935000.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Ákæra, dagsett 5. október 1990.

Málsatvik.

I.1.

Ákærði Jónas James kom fyrir dóminn 22. október sl. og viðurkenndi að hafa ásamt meðákærðu brotist inn í vinnuskúr á mótum Klapparstígs og Skúlagötu aðfaranótt 9. júlí sl. og stolið þar lyklum og hamri.

— — —

I.2.

Ákærði Jónas James viðurkenndi þessa háttsemi fyrir dóminum 22. október sl., og ákærði Y kom fyrir dóminn 30. nóvember sl. og viðurkenndi einnig að hafa framið þessa háttsemi ásamt meðákærðu og þeir allir hafi orðið frá að hverfa, þar sem ekki hafi tekist að brjótast inn í verslunina. Þessir ákærðu höfðu áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni og staðfestu þá framburð sinn.

Ákærði X kom fyrir dóminn 24. október sl., og kannaðist hann ekkert við þessa meintu háttsemi.

I.3.

Ákærði Jónas James viðurkenndi fyrir dóminum 22. október sl. að hafa framið þessa háttsemi ásamt meðákærðu. Ákærði kvað meðákærða X hafa ekið bifreiðinni áleiðis að Kleppsvegi 35, er innbrotstilraunin var gerð, og meðákærði Y hefði ekið bifreiðinni frá Kleppsvegi og um götur borgarinnar, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Ákærði Y kom fyrir dóminn 30. október sl. og bar efnislega á sama veg

og ákærði Jónas James, en báðir þessir ákærðu staðfestu lögregluskýrslur, þar sem þeir höfðu borið efnislega á sama hátt um þessa meintu háttsemi.

Ákærði X kannaðist ekkert við þessa meintu háttsemi, er hann var yfirheyrður fyrir dóminum 24. október sl.

— — —

IV.

Ákærði kom fyrir dóminn 22. október sl. og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í veitingastaðinn Geirsbúð, Vesturgötu 6-7, aðfaranótt 6. nóvember sl. og stolið þaðan sex áfengisflöskum. Ákærði kvað innbrotið hafa verið framið í samvinnu við Kolbein Vopna Sigurðsson, en sá maður hefur borið efnislega á sama veg hjá lögreglu.

Ákæra, dagsett 20. desember 1990.

Málsatvik.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 15. janúar sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessari ákæru. Ákærði kvaðst hafa stolið tékka þeim, er hér um ræðir, í fjölbýlishúsi einhvers staðar í vesturbæ Reykjavíkur. Ákærði kvað ráðstöfun og notkun tékkans rétt lýst í ákærunni, og staðfesti ákærði framburð sinn hjá lögreglu, þar sem ákærði hafði borið efnislega á sama veg, og að hafa stolið tékkanum miðvikudaginn 23. maí sl.

Ákærði kvaðst hafa fengið í sinn hlut af andvirði tékkans 10.000 kr., og féllst ákærði á greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, svo sem greinir í kröfu Íslandsbanka frá 24. júlí sl., en þar er gerð krafa um greiðslu á höfuðstól tékkans ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá móttöku tékkans 23. maí sl. til greiðsludags. Ákærði kvað nafngreindan mann hafa fengið eitthvað af andvirði tékkans, en vissi að öðru leyti ekki um, hvernig ráðstafað var andvirði hans.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu Y og Jónasar James, sem studdur er öðrum gögnum máls þessa, að allir ákærðu hafi gerst sekir um alla þá háttsemi, er þeim er gefin að sök í ákærunni, dagsettri 5. október sl., og breytir framburður ákærða X engu um þessa niðurstöðu.

Þá telur dómurinn sannað með framburði ákærða Jónasar, að hann hafi framið háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákærunni, dagsettri 20. desember sl.

Brot ákærðu eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákærunum.

— — —

Ákærði Jónas James hefur tvisvar gengist undir sátt fyrir áfengislagabrot. Þá hefur ákærði Jónas frá árinu 1978 hlotið 13 refsidóma fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244., 248., 257. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og alls hlotið fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi, en þess utan nokkra skilorðsdóma í upphafi brotaferils síns frá árinu 1978, svo sem getið var um. Tveir síðustu refsidómar ákærða Jónasar eru frá 29. júní 1990, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl. og dómur frá 16. júlí 1990, sex mánaða fangelsi fyrir sams konar hegningarlagabrot.

— — —

Ákærðu eru allir síbrotamenn.

Refsing allra ákærðu er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, en refsing ákærða Jónasar auk þess með hliðsjón af 78. gr. s. l. og honum dæmdur hegningarauki við tvo síðustu dómana, er getið var um að ofan.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til sakaferils allra ákærðu þykir refsing hvers þeirra fyrir sig hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimm mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða Jónasar James komi átta daga gæsluvarðhald hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu við Síðumúla hóf ákærði Jónas afplánun refsidóms, strax og gæsluvarðhaldi lauk 15. nóvember 1989 kl. 16.00, en gögn málsins bera ekki með sér, hvenær gæsluvarðhaldinu lauk, en Jónas James var úskurðaður í gæsluvarðhald 8. nóvember 1989 kl. 13.42 og allt til kl. 16.00 15. s. m.

Ákærði Jónas James er dæmdur til að greiða Íslandsbanka 46.803.91 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt lögum 25, 1987, frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun, og ákærði X greiði verjanda sínum, Einari Sigurðssyni hrl., 30.000 kr. í málsvarnarlaun. Sakarkostnað að öðru leyti greiða ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu, X, Jónas James Ásmundsson og Y, sæti hver fyrir sig fangelsi í fimm mánuði, en frá refsivist ákærða Jónasar James dragist átta daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði Jónas James greiði Íslandsbanka 46.803.91 kr. auk dráttarvaxta frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hrl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Einari Sigurðssyni hrl., 30.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði sakarkostnað að öðru leyti óskipt.

Mánudaginn 28. október 1991.

Nr. 421/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Opinber rannsókn. Fingraför og ljósmyndir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 18. október sl. um töku fingrafara og ljósmynda af varnaraðila. Úrskurðurinn var kærður samdægurs, en barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði niður felldur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í gögnum málsins segir, að varnaraðili sé samkvæmt vegabréfi ríkisborgari í Namibíu og beri nafnið Torbjörnen Gunnasson.

Varnaraðili sætir opinberri rannsókn vegna grunar um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Taka má myndir og fingraför í þágu opinberrar rannsóknar, sbr. 57. gr. laga nr. 74/1974, sbr. nánar reglugerð nr. 152/1979 um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu, sem sett er með heimild í 5. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, og 5. gr. laga nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins. Lagaheimild er því fyrir töku fingrafara og ljósmynda af varnaraðila, og samkvæmt gögnum málsins er nægjanlegt tilefni til þess. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að heimilað verði með úrskurði að taka fingraför og ljósmyndir af Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, namibískum ríkisborgara, fæddum 3. september 1965.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 16. þ.m., var framangreindum manni gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 23. þ.m. vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar og er þar nú til meðferðar.

Í þágu rannsóknar málsins hugðust rannsóknarlögreglumenn í morgun taka fingraför og ljósmyndir af kærða, en því hafnaði hann.

Fyrir dómi hefur kærði haldið því fram, að það hafi enga þýðingu fyrir rannsókn fjársvikamálsins að taka af sér fingraför og ljósmyndir, enda sé með því farið út fyrir svið þeirrar rannsóknar, sem hann sætir gæsluvarðhaldi út af.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 152, 1979, um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu segir, að heimilt sé að taka fingraför og ljósmyndir í þágu opinberrar rannsóknar af þeim, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi. Í 3. mgr. sömu greinar segir, að neiti hlutaðeigandi að láta taka af sér fingraför eða ljósmyndir, sé óheimilt að beita valdi við tökuna, fyrr en úrskurður dómara hefur verið fenginn um það, að skilyrði til töku fingrafara eða ljósmynda séu fyrir hendi. Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 107, 1976, og 5. gr. laga nr. 108, 1976.

Eins og að framan er rakið, sætir kærði gæsluvarðhaldi vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að það geti haft þýðingu fyrir rannsókn málsins, að tekin verði fingraför og ljósmyndir af honum. Þykir því með vísan til framanritaðs rétt að verða við framangreindri kröfu RLR.

Úrskurðarorð:

RLR skal vera heimilt að taka fingraför og ljósmyndir af Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, namibískum ríkisborgara, fæddum 3. september 1965.

Miðvikudaginn 30. október 1991.

Nr. 420/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Steinari Þór Guðjónssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 17. október 1991 lýsti lögmaður varnaraðila því yfir, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa sín um niðurfellingu ökuleyfissviptingar til bráðabirgða tekin til greina. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæruheimild er í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Varnaraðila er gefið að sök að hafa 28. janúar 1991 gerst sekur um ölvun við akstur. Vottorð um alkóhólákvörðun í blóði hans lá fyrir næsta dag. Lögreglustjórinn í Reykjavík svipti hann ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun 7. ágúst 1991, sem birt var varnaraðila 20. sama mánaðar. Lögmaður varnaraðila hefur í greinargerð sinni til Hæstaréttar lýst því, að bráðabirgðasviptingunni hafi verið frestað frá 7. til 20. ágúst að beiðni varnaraðila, á meðan hann hafi verið að gera ráðstafanir varðandi leigubifreið sína. Af hálfu ákæruvalds hafa engar skýringar komið fram á því, hvers vegna varnaraðili hafi ekki verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, fyrr en raun varð á.

Bráðabirgðasvipting ökuréttinda samkvæmt 103. gr. umferðarlaga er í eðli sínu varúðarráðstöfun, sem lögreglustjóri getur gripið til, þegar er hann fær ástæðu til að ætla, að skilyrði til sviptingar séu fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 101. gr. sömu laga. Það er því úr tengslum við þau réttarvörslusjónarmið, er framangreind ákvæði umferðarlaganna byggjast á, að lögreglustjóri beiti bráðabirgðasviptingu ökuleyfis tæpum sjö mánuðum eftir, að skilyrði sköpuðust til hennar, eins og hér gerðist. Því verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfissviptingu hefði átt að bíða dómsúrlausnar í máli varnar-

aðila, úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Reykjavík frá 7. ágúst 1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Felld er úr gildi sú bráðabirgðasvipting ökuleyfis, sem varnaraðila, Steinari Þór Guðjónssyni, var gert að sæta með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 7. ágúst 1991.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Steinar Þór Guðjónsson, kt. 200555-5549, Vegghömrum 31, Reykjavík, hefur krafist þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfissvipting, sem honum var birt 20. ágúst sl.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt mánudags 28. janúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-26071 á mótum Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, kærða í máli þessu, virtist þeim hann áberandi ölvaður. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, þar sem kærði viðurkenndi akstur bifreiðarinnar, en neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við hann. Að svo búnu var kærði færður á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið blóðsýni kl. 1.15. Reyndust í því 2,73‰ alkóhóls.

Í skýrslu varðstjóra er umsögn hans á þá leið, að jafnvægi kærða hafi verið óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Í skýrslu, sem kærði gaf hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. febrúar sl., skýrði kærði svo frá, að fyrrnefnt kvöld hefði hann verið við áfengisneyslu í Bjórhöllinni. Hefði hann drukkið töluvert mikið og orðið nokkuð ölvaður. Ekki hefði komið til, að hann hefði farið að aka bifreið í því ástandi, sem hann var í, nema vegna skertrar dómgreindar sökum áfengisneyslunnar.

Á dómþingi í dag var kærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, er fælist í greiðslu hæfilegrar sektar auk sakarkostnaðar og sviptingu ökuréttinda í tólf mánuði frá 20. ágúst sl. að telja, en þann dag var kærði sviptur

ökuréttindum til bráðabirgða. Kærði hafnaði sáttarboðinu. Kvaðst hann telja, að blóðsýnið hefði misfarist í meðferð eða skráningu, því að ekki kæmi til greina, að 2,73‰ alkólhóls hefðu mælst í blóði sínu greint sinn.

Kærði kvaðst hafa verið við áfengisneyslu í Bjórhöllinni í u.þ.b. 1½-2 klst., áður en lögreglun hafði afskipti af honum. Fyrst hefði hann drukkið sem svaraði einu glasi af Martini, en því næst einfaldan vodka, blandaðan í gosdrykk, án þess þó að geta tilgreint magn í því sambandi.

Kærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Hefði sér því komið á óvart, hve mikið vínandamagn hefði mælst í blóði sínu. Fengi það ekki staðist miðað við, að þá hefði útlit sitt og önnur einkenni átt að vera á allt annan veg en fram kæmi í skýrslu varðstjóra.

Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, skal stjórnandi vélknúins ökutækis, sem brotið hefur gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sviptur ökuréttindum. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um, að ökuleyfissvipting fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., skuli eigi vera skemmri en eitt ár. Í 103. gr. laganna segir, að telji lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, skuli hann svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða, svo fljótt sem unnt er.

Í máli þessu liggur fyrir játning kærða um akstur bifreiðarinnar R-26071, svo sem að framan er lýst, að undangenginni neyslu áfengis. Hann hefur hins vegar neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og telur jafnframt, að mistök hafi orðið við meðferð eða skráningu blóðsýnis. Fyrir liggur í málinu, að kærði starfaði sem leigubifreiðarstjóri. Hefur hann tjáð dómaranum, að vegna beiðni sinnar hafi því verið frestað að svipta sig ökuréttindum til bráðabirgða, þar til sér hentaði.

Þegar framanritað er virt, lítur dómarinn svo á, að ekkert það sé fram komið í málinu, sem gefi ástæðu til að ætla, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík hafi verið röng. Ber því samkvæmt framansögðu að hafna kröfu kærða um, að bráðabirgðaökuleyfissvipting honum til handa verði felld úr gildi.

Úrskurðarorð:

Kröfu Steinars Þórs Guðjónssonar, kt. 200555-5549, um niðurfellingu sviptingar ökuleyfis til bráðabirgða er hafnað.

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 120/1990. **Árni Þorsteinsson**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
þrotabúi Trésmiðjunnar Vinkils sf.,
þrotabúi Erlings Þorsteinssonar og
þrotabúi Árna Þorsteinssonar
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrot. Sameignarfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði, að því er hann varðar, felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

I.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp hinn 6. nóvember 1989 í skiptarétti Akureyrar af Arnari Sigfússyni, fulltrúa bæjarfógeta. Úrskurðurinn er án forsendna, en úrskurðarorð hljóðar svo:

„Bú Vinkils sf., kt. 470775-0769, og sameigenda þess, þeirra Erlings Þorsteinssonar, kt. 241048-3149, Klettagerði 4, Akureyri, og Árna Þorsteinssonar, kt. 220345-4409, Kambagerði 3, Akureyri, eru tekin til gjaldþrotaskipta.“

II.

Fram kemur í gögnum málsins, að Trésmiðjan Vinkill sf. hóf starfsemi á Akureyri 1975, og voru eigendur fyrirtækisins Erlingur

Þorsteinsson og Guðlaugur Arason. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar 30. desember 1980, sem skráð var þar 22. janúar 1981, hafði hinn síðarnefndi gengið úr fyrirtækinu 1. janúar 1978, en áfrýjandi máls þessa, Árni Þorsteinsson, komið í hans stað. Segir í tilkynningunni, að áfrýjandi og Erlingur beri „ótakmarkaða ábyrgð, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, á félaginu frá sama tíma". Jafnframt var firmaskrá afhentur félagssamningur áfrýjanda og Erlings, dagsettur 30. desember 1980.

Í 2. gr. samningsins segir: „Ágóða og halla af atvinnurekstrinum skiptum við í hlutföllunum 50/100, en gagnvart lánardrottnum ábyrgjumst við skuldir félagsins, einn fyrir báða og báðir fyrir einn."

Efni 3. gr. samningsins er svohljóðandi: „Hvor okkar um sig hefur heimild til að rita firmað. Þó þarf samþykki okkar beggja til að lána eða láta af hendi peninga eða aðrar eignir félagsins nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að veita viðskiptavinum greiðslufrest skv. almennum viðskiptavenjum. Hvorugum okkar er heimilt - án samþykkis hins - að skuldbinda firmað með víxilárituunum eða á annan hátt sem ábyrgðarmaður fyrir skuldum annarra, nema ábyrgðin standi í beinu sambandi við viðskipti félagsins eða sé afleiðing af þeim. A sama hátt þarf samþykki okkar beggja til að selja eða veðsetja eignir, sem félagið á eða kann að eignast, til að kaupa slíkar eignir og til að ráða starfsfólk að fyrirtækinu."

Um aðdraganda þessa samnings hafa þeir skýrt svo frá í meginatriðum Erlingur Þorsteinsson og áfrýjandi, að hinn fyrrnefndi hafi óskað þess við bróður sinn, áfrýjanda, að hann gerðist að forminu til aðili að rekstri fyrirtækisins í nokkra mánuði, meðan lokið væri verkefnum og skattskilum. Hafi Erlingur þá verið búinn að ákveða að hætta rekstri og hefja störf annars staðar og ætlun þeirra verið sú, að samningurinn gilti aðeins nokkra mánuði og yrði síðan úr gildi felldur. Það hafi gengið eftir, að Erlingur lauk verkefnum sínum, seldi búnað verkstæðisins og hóf störf hjá öðrum aðila. Var reikningsuppgjöri og skattskýrslu vegna fyrirtækisins skilað. Hins vegar fórst fyrir að láta afmá firmað úr firmaskrá. Kveðst áfrýjandi hafa talið, að félaginu væri slitið, eftir að hann hafði áritað reikninga þess fyrir árið 1980.

Erlingur Þorsteinsson starfaði því næst hjá öðru fyrirtæki á

fimmta ár eða þar til það fyrirtæki hætti starfsemi sinni á árinu 1985, að hann minnir. Keypti hann þá trésmíðavélar þess, tók á leigu húsnæði og hóf rekstur trésmíðafyrirtækis með samstarfsmönnum sínum undir nafninu Trésmíðaverkstæðið Vinkill. Kveðst hann hafa byrjað að nota skammstöfunina sf. á árinu 1986 eða 1987. Taldi Erlingur þetta þó vera einkafyrirtæki sitt, en hugmynd hans var sú að stofna síðar hlutafélag um reksturinn.

Áfrýjandi taldi þennan rekstur sér að öllu leyti óviðkomandi. Í skýrslu, dagsettri 21. janúar 1991, sem áfrýjandi staðfesti fyrir skiptarétti Akureyrar sama dag, segir hann svo:

„Það er svo ekki fyrr en á árinu 1989, að fyrir mér voru birtar nokkrar stefnur vegna skuldbindinga Vinkils sf. Þar sem mér var með öllu óskiljanlegt, hvers vegna slíkar stefnur voru birtar á hendur mér og gerðar kröfur til þess, að ég yrði dæmdur til greiðslu þeirra, og fór því (sic) til bókhaldara eða gjaldkera fyrirtækisins til þess að beiðast skýringar á þessu. Hann fullvissaði mig hins vegar um það, að þessar kröfur væru mér með öllu óviðkomandi, ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þeim, þær yrðu greiddar, og jafnframt staðfesti hann það við mig, að fyrirhugað væri að breyta því rekstrarformi sem Erlingur hefði haft á fyrirtækinu, og reka það framvegis í hlutafélagsformi. Yrði endanlega gengið frá hlutafélagsstofnuninni, strax þegar ársreikningar félagsins fyrir árið 1988 eða eitthvert milliuppgjör lægi fyrir, en ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því, því að skuldbindingar þær, sem stefnt hafði verið út af, væru eingöngu vegna rekstrarins og mér með öllu óviðkomandi."

Fyrir liggur í málinu, að áfrýjanda voru sumarið og haustið 1989 birtar áskorunarstefnur á hendur honum persónulega og f.h. Trésmiðjunnar Vinkils sf., en ekki var mætt af hans hálfu, er málin voru tekin fyrir á bæjarþingi Akureyrar, og voru stefnurnar áritaðar um aðfararhæfi.

III.

Hinn 3. nóvember 1989 undirritaði Erlingur Þorsteinsson bréf til bæjarfógetans á Akureyri, sem móttekið var þar hinn sama dag. Þar segir:

„Fyrir hönd sameignarfélagsins Vinkils sf., kt. 470775-0769, Klettagerði 4, Akureyri, Erlings Þorsteinssonar, kt. 241048-3149,

Klettagerði 4, Akureyri, og Árna Þorsteinssonar, kt. 210345-4409, Kambagerði 3, Akureyri, óskum við hér með eftir því, að bæjarfógetinn á Akureyri taki bú ofantalinna aðila til gjaldþrotaskipta.“

Með bréfi þessu fylgdu milliuppgjör fyrirtækisins pr. 30. september 1989 og ársreikningur þess 1988. Voru gögn þessi unnin af Lilju Steinþórsdóttur, löggiltum endurskoðanda. Samkvæmt milliuppgjörinu var eiginfjárstaða fyrirtækisins hinn 30. september 1989 neikvæð um 41.096.667 krónur, en hafði verið neikvæð um 23.639.607 krónur í árslok 1988. Tap á rekstri fyrirtækisins á fyrrgreindu tímabili, 1989, nam 13.760.062 krónum, en 7.961.011 krónum á árinu 1988. Þegar Lilja Steinþórsdóttir kom fyrir skiptarétt Akureyrar 21. janúar 1991, var hún spurð að því, hvort fyrirtækið hefði hinn 3. nóvember 1989 getað staðið í skilum við lánardrottna sína og greitt gjaldfallnar skuldir. Kvað hún svo ekki hafa verið.

Fram er komið í málinu, að Erlingur Þorsteinsson mætti með ofangreind gögn á skrifstofu bæjarfógeta föstudaginn 3. nóvember 1989 ásamt Lilju Steinþórsdóttur. Var ákveðið, að gjaldþrotabeiðnin yrði tekin fyrir mánudaginn 6. nóvember, og Erlingi jafnframt tjáð, að áfrýjandi yrði einnig að mæta.

Skiptaréttur Akureyrar var síðan haldinn mánudaginn 6. nóvember í dómsal bæjarfógetaembættisins, og var mál þetta þá tekið fyrir. Voru í upphafi lögð fram áðurgreind skjöl, þingmerkt nr. 1 - 3. Síðan er bókað:

„Mættir eru eigendur Vinkils sf., þeir Erlingur Þorsteinsson ... og Árni Þorsteinsson... Einnig er mætt Lilja Steinþórsdóttir, löggiltur endurskoðandi.

Gætt er leiðbeiningarskyldu.

Mættu lýsa því báðir yfir, að þeir telji ekki annað fært en gefa bú sín upp til gjaldþrotaskipta.

Leggja þeir málið í úrskurð.“

Var síðan kveðinn upp hinn áfrýjaði úrskurður, en að því loknu voru skrifaðar upp eignir Trésmiðjunnar Vinkils sf., eignir Erlings Þorsteinssonar og áfrýjanda. Undirrituðu síðan öll viðstödd bókunina.

IV.

Samkvæmt greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti byggir hann kröfur sínar einkum á því, að skiptaráðandi hafi enga tilraun gert

til þess að kanna raunverulega eignastöðu aðila málsins, áður en hinn forsendulausi gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp. Bókfærð eiginfjárstaða Trésmiðjunnar Vinkils sf. 30. september 1989 hafi verið neikvæð um liðlega 41 milljón króna. Það segi hins vegar ekkert um raunverulegt verðmæti eigna. Telur hann, að miðað við þær skýringar, sem fyrir liggi með reikningum, hafi eiginfjárstaða Erlings Þorsteinssonar og fyrirtækisins verið jákvæð um liðlega 17 milljónir króna. Ef eignum áfrýjanda væri bætt þar við, verði eiginfjárstaða þeirra, sem úrskurðurinn tók til, jákvæð um rúmlega 32 milljónir króna. Einnig telur hann, að legið hafi fyrir við fyrirtöku málsins 6. nóvember 1989, að Erlingur Þorsteinsson rak fyrirtækið sem einkafyrirtæki, og hafi áfrýjandi aldrei með nafnritun sinni tekið á sig ábyrgð vegna þess. Þá er á því byggt, að áfrýjandi hafi engra leiðbeininga notið af hálfu skiptaráðanda, er málið var tekið fyrir, og gjaldþrotabeiðnin hafi verið sett fram án vitundar hans. Þá séu ýmsar ráðstafanir skiptaráðanda og/eða bústjóra eftir uppkvaðningu úrskurðarins bæði ámælisverðar og andstæðar ákvæðum gjaldþrotalaga.

Af hálfu stefndu er mótmælt sem röngum hugleiðingum áfrýjanda um, að eignir Trésmiðjunnar Vinkils sf. og eigenda hennar hafi verið meiri en skuldir. Er því haldið fram, að samkvæmt a-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi skiptaráðanda borið að taka bú fyrirtækisins og eigenda þess persónulega til gjaldþrotaskipta, þar sem fram hafi komið krafa um það af hálfu þess, sem sá um reksturinn. Hafi hann talið, að fyrirtækið gæti ekki staðið í skilum við lánardrottna þess, þegar kröfur þeirra féllu í gjalddaga. Hafi fyrirtækið og eigendur þess notið aðstoðar og ráðgjafar löggilts endurskoðanda í þessum efnum. Þá er einnig á því byggt, að áfrýjandi beri með Erlingi Þorsteinssyni óskipta og solidariska ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins.

V.

Trésmiðjan Vinkill sf. var frá því í ársbyrjun 1981 skráð sameignarfélag áfrýjanda og Erlings Þorsteinssonar, og er áður gerð grein fyrir þeirri ábyrgð, sem áfrýjandi tókst á hendur samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar og félagssamningi. Engin breyting varð á skráningu í firmaskrá, og verður ekki talið, að hlé á rekstri undir nafni fyrirtækisins í nokkur ár skipti hér máli. Við-

skiptamenn fyrirtækisins hlutu að byggja á þessari skráningu, og það mátti áfrýjanda vera ljóst. Verður við það að miða, að ábyrgð áfrýjanda gagnvart fyrirtækinu hafi verið óbreytt hinn 6. nóvember 1989.

Ekki þykja efni til annars en að byggja á bókun þeirri, sem færð var í skiptabók 6. nóvember 1989 og undirrituð var af öllum viðstöddum, þar á meðal áfrýjanda.

Þegar ofanritað er haft í huga og jafnframt litið til þeirra gagna, sem lögð voru fyrir skiptaráðanda, verður að telja samkvæmt a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 13. gr., 14. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga, að skilyrði hafi verið til uppkvaðningar hins áfrýjaða úrskurðar. Heimilt var að hafa úrskurðinn forsendulausan, sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Ekki eru efni til að taka afstöðu í þessu máli til ýmissa atriða varðandi skiptameðferðina sjálfa, sem áfrýjandi hefur fjallað um í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er áfrýjanda varðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, að því er áfrýjanda, Árna Þorsteinsson, varðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 81/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Önnu Árnadóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1991 að ósk ákærðu og af hálfu ákæruvalds til staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu og til þyngingar refsingar.

Sækjandi og verjandi málsins lýstu því yfir við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að þeir óskuðu þess ekki, að bótaákvæði hins áfrýjaða dóms kæmi þar til endurskoðunar, og verður það því ekki tekið til meðferðar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Nokkrar villur eru í ákæruskjali, dagsettu 2. ágúst 1990, auk þeirra, sem getið er í héraðsdómi. Í 2. tl. I. kafla ákærunnar er vísað til fjármögnunarleigusamnings og sagt, að Hótel Stefanía hafi tekið á leigu bifreið hjá Féfangi hf., en hið rétta er, að eigandi bifreiðarinnar samkvæmt samningnum var Fjárfestingarfélag Íslands hf. Yfirlýsing sú um sjálfsskuldarábyrgð, sem fylgdi samningnum, er hins vegar stíluð á Féfang hf. sem eiganda.

Víxill samkvæmt 4. tölulið í sama kafla ákæru var ekki framlengdur í Sparisjóði vélstjóra, eins og segir í ákæru og hinum áfrýjaða dómi, heldur í Samvinnubanka Íslands. Sést þetta á svuntu víxilsins og er staðfest með framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu 22. desember 1989.

Númer víxils samkvæmt 11. tölulið í sama kafla ákæru á að vera 0210043, en ekki 0210243, eins og í ákæru segir.

Að lokum er í ákærunni ranglega greint númer tékka samkvæmt 2. tölulið II. kafla, og á það að vera 2340996, en ekki 2340966.

Þrátt fyrir ofangreinda annmarka á ákærunni verður dómur lagður á málið, enda hefur vörn ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Anna Árnadóttir, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 60/1991: Ákæruvaldið gegn Önnur Árnadóttur, sem tekið var til dóms 17. janúar sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 2. ágúst og 2. október sl., gegn ákærðu, Önnu Árnadóttur húsmóður, kt. 210853-4649, nú til heimilis að Suðurhvammi 13, Hafnarfirði.

Með ákæru, dagsettri 2. ágúst sl., er málið höfðað gegn ákærðu „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík:

I. Skjalafals.

Notað í viðskiptum á árunum 1987 og 1988 eftirtalin sex fölsuð skuldabréf og sextán falsaða víxla, að nafnverði samtals 5.430.764 kr. (sic), sem ákærða hafði falsað á nöfn skyldmenna sinna og tengdafólks, foreldra sinna, Árna Jóhannessonar og Ásdísar Kristinsdóttur, systkina, Karls Árnasonar og Kristínar Evu Árnadóttur, og mágs og mágkvenna, Steingríms H. Steingrímssonar, Þórunnar Sigurðardóttur, Guðrúnar V. Sigurðardóttur og Sigrúnar Fanndal Sigurðardóttur, svo sem greinir nánar:

1. Skuldabréf nr. 672938, 127.206 kr., út gefið 10. apríl 1987 af ákærðu; falsað nöfn Ásdísar Kristinsdóttur og Guðrúnar V. Sigurðardóttur á bréfið og notað það sem greiðslu á raftækjum í Rafbúð Sambandsins, Holtagörðum, Holtavegi.

2. Skuldabréf í formi fjármögnunarleigusamnings, nr. 362, 440.480 kr., dagsett 20. maí 1987; falsað nafn Árna Jóhannessonar á yfirlýsingu, sem er fylgiskjal með samningnum, dagsetta 5. maí 1988. Samkvæmt nefndum samningi og yfirlýsingum tók Hótel Stefanía hf. á leigu Volkswagen-Golf-bifreið frá maí 1987 til júní 1990 hjá Féfangi hf., Hafnarstræti 7.

3. Skuldabréf nr. 045572, 750.000 kr., út gefið af Sigurði Torfa Sigurðssyni 20. júní 1988; falsað nöfn Árna Jóhannessonar, Kristínar Evu Árnadóttur og Steingríms Steingrímssonar á bréfið og selt það Fjárfestingarfélagi Íslands hf., Hafnarstræti 7.

4. Skuldabréf nr. 045464, 750.000 kr., út gefið af Guðbjörgu F. Torfadóttur 21. júní 1988; falsað nöfn Árna Jóhannessonar og Karls Árnasonar á bréfið og selt það sama aðila.

5. Skuldabréf nr. 046818, 750.000 kr., út gefið af Sigurði Torfa Sigurðssyni 2. ágúst 1988; falsað nöfn Árna Jóhannessonar og Ásdísar Kristinsdóttur á bréfið og selt það sama aðila.

6. Skuldabréf nr. 597359, 34.588 kr., út gefið af ákærðu 12. ágúst 1988; falsað nöfn Ásdísar Kristinsdóttur og Guðrúnar V. (sic) sem greiðslu á utanlandsferð hjá Samvinnuferðum Landsýn, Austurstræti 12.

Allar framangreindar nafnfalsanir á skuldabréf og yfirlýsingu eru sjálfsskuldarábyrgðarmanna.

1. Víxill nr. 079888, 150.000 kr., útgáfudagur 12. júní 1987, gjalddagi 20. júní 1987, ákærða samþykkjandi; falsað nafn Árna Jóhannessonar sem útgefanda og framseljanda. Notaður til framlengingar á öðrum í Alþýðubankanum hf.

2. Víxill nr. 23603, 450.000 kr., útgáfudagur 25. júlí 1987, gjalddagi 7. ágúst 1987, ákærða ábekingur og samþykkir í nafni fyrirtækis síns, Þyrils hf.; falsað nafn Ásdísar Kristinsdóttur sem útgefanda og framseljanda; aflað fjár fyrir Þyril hf. í Búnaðarbanka Íslands.

3. Víxill nr. 085747, 50.000 kr. (sic), útgáfudagur 5. október 1987, gjalddagi 5. nóvember 1987, ákærða samþykkjandi; falsað nafn Ásdísar Kristinsdóttur sem útgefanda og framseljanda og Þórunnar Sigurðardóttur sem ábekings; seldur í Alþýðubankanum hf.

4. Víxill nr. 672388, 200.000 kr., útgáfudagur 8. október 1987, gjalddagi 30. nóvember 1987; falsað nafn Árna Jóhannessonar sem samþykkjanda, Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem útgefanda og framseljanda og Þórunnar Sigurðardóttur sem ábekings. Notaður til framlengingar öðrum í Sparisjóði vélstjóra.

5. Víxill nr. 081109, 120.000 kr., útgáfudagur 14. október 1987, gjalddagi 29. nóvember 1987, samþykkjandi Líflínan, Ármúla 19, fyrirtæki ákærðu; falsað nafn Árna Jóhannessonar sem útgefanda og framseljanda

og Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem ábekings; aflað fjár fyrir nefnt fyrirtæki í Sparisjóði vélstjóra.

6. Víxill nr. 947054, 100.000 kr., útgáfudagur 30. október 1987, gjalddagi 15. desember 1987, samþykkjandi Guðbjörg F. Torfadóttir; falsað nafn Árna Jóhannessonar sem útgefanda og framseljanda og Þórunnar Sigurðardóttur sem ábekings. Seldur í Landsbanka Íslands.

7. Víxill nr. 081636, 200.000 kr., útgáfudagur 6. nóvember 1987, gjalddagi 20. nóvember 1987, samþykkjandi Líflínan, útgefandi Guðbjörg F. Torfadóttir; falsað nafn Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem ábekings. Seldur í Verslunarbanka Íslands hf. (sic).

8. Víxill án númers, 600.000 kr., útgáfudagur 17. desember 1987, ákærða útgefandi og samþykkjandi fyrir Þyril hf., Guðrún F. Torfadóttir ábekingur; falsað nafn annars ábekings, Árna Jóhannessonar. Settur til tryggingar Eurocard-úttektum Þyrils hf.

9. Víxill nr. 020943, 92.817 kr., útgáfudagur 7. mars 1988, gjalddagi 15. apríl 1988, útgefandi ákærða í nafni Líflínunnar; falsað nafn Ásdísar Kristinsdóttur sem samþykkjanda. Seldur fyrir Líflínuna í Verslunarbanka Íslands hf.

10. Víxill nr. 0209582, 89.126 kr., útgáfudagur 11. mars 1988, gjalddagi 10. maí 1988, sami útgefandi og sama fölsun. Seldur á sama hátt í sama banka.

11. Víxill nr. 0210243, 89.992 kr., útgáfudagur 17. mars 1988, gjalddagi 30. apríl 1988, sami útgefandi, en falsað nafn Árna Jóhannessonar sem samþykkjanda. Seldur á sama hátt í Landsbanka Íslands.

12. Víxill nr. 795159, 109.267 kr., útgáfudagur 24. mars 1988, gjalddagi 25. maí 1988, sami útgefandi, en falsað nafn Ásdísar Kristinsdóttur sem samþykkjanda. Seldur á sama hátt í sama banka.

13. Víxill nr. 077381, 15.500 kr., útgáfudagur 10. júní 1988, gjalddagi 15. júlí 1988, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, ákærða samþykkjandi; falsað nafn Árna Jóhannessonar sem útgefanda og framseljanda. Notaður til að greiða skuld við Bifreiðar og landbúnaðarvélar, sem ábekja víxilinn.

14. Víxill án númers, 15.500 kr., útgáfudagur 21. júní 1988, gjalddagi 15. ágúst 1988, til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands hf., ákærða samþykkjandi. Sams konar fölsun og notkun, sami ábekingur.

15. Víxill 018792, 16.288 kr., útgáfudagur 22. júlí 1988, gjalddagi 15. september 1988, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, ákærða samþykkjandi. Sams konar fölsun og notkun, sami ábekingur.

16. Víxill nr. 58607, 200.000 kr., útgáfudagur 21. júní 1988, gjalddagi 20. júlí 1988, Sigurður Torfi Sigurðsson útgefandi; falsað nafn Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem samþykkjanda og Sigrúnar Fanndal Sigurðardóttur sem ábekings. Seldur í Landsbanka Íslands.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fjársvik.

Notað í viðskiptum í desember 1987 og janúar 1988 eftirtalda tvo tékka á reikning fyrirtækis ákærðu, Líflínunnar, nr. 9343 í Verslunarbanka Íslands hf. og 7748 í Sparisjóði vélstjóra, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningunum og ákærðu það best kunnugt, með eftirgreindum hætti, en tékkarnir eru báðir gefnir út af tengdamóður ákærðu, Guðbjörgu F. Torfadóttur, í nafni fyrirtækisins og eru til Landsbanka Íslands:

1. Nr. 1592321, á reikninginn í Verslunarbankanum, 74.655 kr., dagsettur 14. desember 1987. Notaður til að greiða vörur frá útlöndum í Landsbankanum.

2. Nr. 2340966, á reikninginn í Sparisjóðnum, 321.690 kr., dagsettur 19. janúar 1988. Sams konar notkun.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Með ákæru, dagsettri 2. október sl., er málið höfðað gegn ákærðu „fyrir tékkabrot með því að nota í viðskiptum á árinu 1988 í Reykjavík tékka, að fjárhæð 200.000 kr., á reikning eiginmanns ákærðu nr. 21496 í Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, enda þótt ákærðu væri fullkunnugt, að innstæða var ekki á reikningnum fyrir tékkanum, sem er til Helga V. Jónssonar, á eyðublaði nr. 1840080, dagsettur 15. október 1988, og ákærða notaði til að greiða nefndum manni skuld þeirra hjóna við hann, en eiginmaður ákærðu, Sigurður Torfi Sigurðsson, ritaði undir tékkann, sem ákærða fyllti út að öllu öðru leyti og hefur einnig ritað á framsal.

Telst þetta varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákæra, dagsett 2. ágúst 1990.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins:

I.

Á tímabilinu maí 1987 til ágúst 1988 notaði ákærða í viðskiptum þau fimm skuldabréf, sem getið er í 1. og 3.-6. lið I. kafla ákæru, og yfirlýsingu um sjálfsskuldarábyrgð, en á hana er ritað, að hún sé fylgiskjal nr. II með fjármögnunarleigusamningi þeim, sem getið er í 2. lið sama kafla ákæru,

samtals að nafnverði 2.852.274 kr. Ákærða falsaði nöfn eftirtalinna skyldmenna sinna og mágafólks sem sjálfskuldarábyrgðarmanna á skuldabréfin, sem hér segir:

Í fyrsta lagi nafn móður sinnar, Ásdísar Kristinsdóttur, og mágkonu, Guðrúnar V. Sigurðardóttur, á skuldabréfið í 1. lið ákæru, að nafnverði 127.206 kr., í öðru lagi nafn föður síns, Árna Jóhannessonar, á yfirlýsingu, dagsetta 5. maí 1988, sem ber áritunina fskj. með fjármögnunarleigusamningnum í 2. lið ákæru, en samkvæmt honum tók Hótel Stefanía hf. á leigu Volkswagen-Golf-bifreið, að kaupverði 440.480 kr., frá maí 1987 til júní 1990 hjá Fjárfestingarfélagi Íslands hf., Hafnarstræti 7, Reykjavík. Samkvæmt samkomulagi, dagsettu 5. maí 1988, milli Hótel Stefaníu og fjármögnunarleigunnar Féfangs hf., Hafnarstræti 7, Reykjavík, sem talið er dótturfélag Fjárfestingarfélags Íslands hf., skyldi óskipt ábyrgð tveggja upphaflegu sjálfsskuldarábyrgðarmannanna á fjármögnunarleigusamningnum falla niður, en frá og með 5. maí sama ár í stað þeirra koma þrír aðrir einstaklingar, þ. á m. faðir ákærðu, Árni Jóhannesson.

Ákærða hefur borið, að fjármögnunarleigusamningurinn hafi verið yfirtekinn samkvæmt yfirlýsingunni frá 5. maí 1988, en eiginmaður sinn, Sigurður Torfi Sigurðsson, hafi tekið á sig ábyrgð á skuldinni samkvæmt samningnum, er hann gerðist hluthafi í hlutafélaginu Hótel Stefaníu. Ákærða segir, að hún hafi því engan fjárhagslegan ávinning hlotið vegna þessa samnings. Á sama veg hefur eiginmaður hennar borið.

Í þriðja lagi falsaði ákærða nafn föður síns, Árna Jóhannessonar, systur, Kristínar Evu Árnadóttur, og mágs, Steingríms Steingrímssonar, á skuldabréfið í 3. lið ákæru, að nafnverði 750.000 kr., í fjórða lagi nafn föður síns, Árna Jóhannessonar, og bróður síns, Karls Árnasonar, á skuldabréfið í 4. lið, að nafnverði sama fjárhæð, í fimmta lagi nafn foreldra sinna, Árna Jóhannessonar og Ásdísar Kristinsdóttur, á skuldabréfið í 5. lið, að nafnverði sama fjárhæð, og í sjötta lagi nafn móður sinnar, Ásdísar Kristinsdóttur, og mágkonu sinnar, Guðrúnar V. Sigurðardóttur, á skuldabréfið í 6. lið, að nafnverði 34.588 kr.

Ákærða kveðst hafa notað skuldabréfið í 1. lið sem greiðslu á raftækjum í Rafbúð Sambandsins, Holtagörðum v/Holtaveg, skuldabréfin í 3.-5.lið hafi hún sjálf selt Fjárfestingarfélagi Íslands hf. og skuldabréfið í 6. lið hafi hún gefið út til Samvinnuferða-Landsýnar vegna eftirstöðva vegna utanlandsferðar ákærðu, sem hún fór á vegum félagsins.

Ákærða hafði enga heimild frá ofangreindum skyldmennum sínum og mágafólki til ritunar nafna þeirra á ofangreind skjöl.

Þá notaði ákærða enn fremur í viðskiptum þá sextán víxla, samtals að nafnvirði 3.028.490 kr., sem rétt er lýst í ákæru, að því undanskildu, að víxillinn í 3. lið er að fjárhæð 580.000 kr., en ekki 50.000 kr. Í upphafi

I. kafla ákæru gætir einnig þessarar sömu skekkju, en þar er talið, að nafnverð þeirra 22 skjala, sem ákærða er sökuð um að hafa notað, sé 5.430.764 kr. í stað 5.880.764 kr. Koma þessi mistök þó ekki að sök, þar sem vörn hefur ekki verið áfátt vegna þessa atriðis, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Ákærða falsaði nöfn eftirtalinna skyldmenna sinna og mágafólks á víxlana, sem hér segir: nafn föður síns, Árna, sem útgefanda og framseljanda á víxilinn í 1. lið, nafn móður sinnar, Ásdísar, sem útgefanda og framseljanda á víxilinn í 2. lið, nafn móður sinnar, Ásdísar, sem útgefanda og framseljanda og mágkonu sinnar, Þórunnar Sigurðardóttur, sem ábekings á víxilinn í 3. lið, nafn föður síns sem samþykkjanda, mágkvenna sinna, Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem útgefanda og framseljanda og Þórunnar Sigurðardóttur sem ábekings, á víxilinn í 4. lið, nafn föður síns, Árna, sem útgefanda og framseljanda og mágkonu sinnar, Guðrúnar V. Sigurðardóttur, sem ábekings á víxilinn í 5. lið, nafn föður síns sem útgefanda og framseljanda og nafn mágkonu sinnar, Þórunnar Sigurðardóttur, sem ábekings á víxilinn í 6. lið, nafn mágkonu sinnar, Guðrúnar V. Sigurðardóttur, sem ábekings á víxilinn í 7. lið, nafn föður síns sem ábekings á víxilinn í 8. lið, nafn móður sinnar sem samþykkjanda á víxlana í 9. og 10. lið, nafn föður síns sem samþykkjanda á víxilinn í 11. lið, nafn móður sinnar sem samþykkjanda á víxilinn í 12. lið, nafn föður síns sem útgefanda og framseljanda á víxlana í 13. - 15. lið og loks nafn mágkvenna sinna, Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem samþykkjanda og Sigrúnar Fanndal Sigurðardóttur sem ábekings, á víxilinn í 16. lið.

Ákærða seldi sjálf alla ofangreinda víxla. Hún hafði enga heimild frá ofangreindum skyldmennum sínum og mágafólki til framangreindrar ritunar nafna þeirra á ofangreinda sextán víxla.

Ákærða seldi víxilinn í 1. lið í Alþýðubankanum hf. til framlengingar öðrum víxli í bankanum, víxilinn í 2. lið í Búnaðarbanka Íslands, og andvirði hans notaði hún til rekstrar hlutafélagsins Þyrils, en eiginmaður hennar var formaður í því félagi og hún einn meðstjórnenda, víxilinn í 3. lið í Alþýðubankanum hf., og var andvirði hans notað til kaupa á íbúð hennar að Snorrabraut 42 hér í borg. Andvirði víxilsins í 1. lið var greitt með víxlinum í 3. lið, og sá víxill var síðan greiddur með ávísun frá Húsnæðismálastofnun. Víxilinn í 4. lið seldi hún í Sparisjóði vélstjóra og notaði til framlengingar öðrum víxli. Víxillinn í 5. lið seldi hún í Sparisjóði vélstjóra og lagði andvirði hans inn á tékkareikning einkafyrirtækis síns, Líflínunnar. Víxilinn í 6. lið seldi hún í Landsbanka Íslands, og andvirði hans fékk tengdamóðir hennar, Guðbjörg F. Torfadóttir, vegna íbúðarkaupa hennar. Þá seldi ákærða víxilinn í 7. lið í Sparisjóði vélstjóra, en ekki í Verslunarbanka Íslands hf., eins og í ákæru greinir. Bersýnilega hefur gleymst að breyta nafni bankans á víxileyðublaðinu, en á meðfylgjandi

svuntu víxilsins kemur fram, að andvirði víxilsins skuli greiða inn á reikning 7784, en þann reikning hafði ákærða í Sparisjóði vélstjóra, en ekki í Verslunarbankanum, svo sem fram kemur í II. kafla ákæru.

Þessi brenglun í ákæru kemur þó ekki að sök, þar sem vörn hefur ekki verið áfátt um þetta, sbr. 3. mgr. 118. gr. l. nr. 74/1974. Andvirði þessa víxils rann til rekstrar Líflínunnar. Víxilinn í 8. lið setti ákærða til tryggingar Eurocard-úttektum Þyrils hf., en víxilinn gaf hún út og samþykkti fyrir hönd þess félags, er hún fékk afhent Eurocard-kort sitt, en kortið var notað í þágu félagsins einvörðungu. Víxlana í 9. og 10. lið seldi ákærða í Verslunarbanka Íslands hf. og víxlana í 11. og 12. lið í Landsbanka Íslands, og rann andvirði þessara fjögurra víxla til rekstrar Líflínunnar. Víxlana í 13.-15. lið notaði ákærða til greiðslu skuldar Líflínunnar við Bifreiðar- og landbúnaðarvélar, og loks notaði hún víxilinn í 16. lið í Landsbankanum, en andvirði hans rann til mágs hennar, Sigurðar Kr. Sigurðssonar, sem var í fjárhagserfiðleikum um þær mundir. Ákærða kvað hann hafa vitað um notkun víxilsins, en ekki, að hún hefði falsað nöfn mágkvenna sinna á hann.

Framangreind fölsun ákærðu á þeim 22 skjölum, sem í þessum kafla ákæru greinir, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur borið, að hún hafi greitt skuldabréfin í 1. og 6. lið, en ekki sé búið að ganga frá greiðslu vegna skuldabréfanna í 3.-5. lið, en deilt sé um greiðslu upphæðarinnar á fjármögnunarleigusamningnum í 2. lið, og sé það mál nú fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Þá segir ákærða, að búið sé að ganga frá greiðslu allra víxlanna að undanskildum víxlunum í 4. og 5. lið, en búið sé að greiða þá að hluta. Þá liggi engar skuldir nú að baki tryggingarvíxilsins í 8. lið.

Um þessar greiðslur ákærðu liggja þó engin gögn frammi í málinu, og ákærða hefur þrátt fyrir tilmæli dómsins ekki lagt þau fram.

Samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár, dags. 3. nóvember 1989, var eiginmaður ákærðu formaður hlutafélagsins Þyrils, en meðstjórnendur ákærða og mágur hennar, Sigurður Kr. Sigurðsson. Prókúruumboð höfðu ákærða og eiginmaður hennar. Samkvæmt firmaskrá Kópavogs er fyrirtækið Tasco skráð þar í júní 1988, og er eigandi þess eiginmaður ákærðu. Þá liggur einnig frammi í málinu staðfest ljósrit tilkynningar til firmaskrár, en samkvæmt því er heildsalan Líflínan tilkynnt til firmaskrár í ágúst 1987, og er eigandi þess og prókúruhafi ákærða.

Samkvæmt gögnum málsins var bú ákærðu tekið til gjaldþrotaskipta 17. ágúst 1989.

Landsbanki Íslands hefur lagt fram skaðabótakröfu varðandi víxilinn í 16. lið, að fjárhæð 200.000 kr. Í kröfunni, sem dagsett er 20. desember

1988, er þess krafist, að ákærða greiði andvirði víxilsins ásamt dráttarvöxtum, málskostnaði og útlögðum kostnaði vegna birtingar bæjarþingsstefnu. Ákærða hefur samþykkt kröfuna, og verður hún dæmd til að greiða höfuðstól hennar ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, frá 20. desember 1988 til greiðsludags, en ekki kemur fram í kröfunni, frá hvaða degi dráttarvaxtanna er krafist. Kröfu um málskostnað og útlagðan kostnað er vísað frá, enda er krafan höfð uppi í opinberu máli.

Aðrar skaðabótakröfur hafa ekki verið lagðar fram.

II.

Ákærða kannast við, að hún hafi notað í viðskiptum í desember 1987 og janúar 1988 þá tvo tékka, sem tilgreindir eru í ákæru, hinn fyrri að fjárhæð 74.655 kr., en hinn síðari að fjárhæð 321.690. Er gerð tékkanna rétt lýst í ákæru. Hún hefur borið, að tékkarnir hafi verið notaðir í Landsbankanum til að leysa út vörur frá útlöndum í þágu einkafyrirtækis síns, Líflínunnar. Ákærða segir, að tengdamóðir sín, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, hafi gefið út tékkana, enda hafi Guðbjörg ein séð um tékkareikninga fyrirtækisins, sem var einkafyrirtæki ákærðu, en hún hafi sjálf útfyllt tékkana að öðru leyti. Guðbjörg hafi unnið u.þ.b. eina klukkustund tvisvar í viku í fyrirtækinu, en samt haft fullkomna yfirsýn yfir fjármál fyrirtækisins. Hún hafi farið með tengdamóður sinni í bankann og þær selt þar tékkana, en væntanlega hafi Guðbjörgu ekki verið kunnugt um, til hvers þeir voru notaðir. Hins vegar kveður ákærða sér ekki hafa verið ljóst, þar sem hún fylgdist ekki með innstæðu á reikningnum, að fyrir tékkunum var ekki til innstæða. Ákærða segir, að viðskiptavíxlar í eigu Líflínunnar hafi verið til fyrir báðum þessum tékkum í viðkomandi bankastofnunum, þ.e.a.s. Verslunarbanka Íslands og Sparisjóði vélstjóra, og hafi átt að leggja andvirði þeirra inn á reikningana þar. Einhverra hluta vegna hafi dregist að kaupa víxlana, þótt þeir væru komnir í vörslu þessara bankastofnana, og voru tékkarnir því endursendir innlausnarbankanum, þ.e.a.s. Landsbanka Íslands. Andvirði víxlanna var þá notað til greiðslu annarra skulda Líflínunnar hjá þessum bankastofnunum, svo að ekki reyndist unnt að nota það til greiðslu tékkanna. Andvirði tékkanna hafi hins vegar verið notað sem greiðsla á vöru frá útlöndum. Hún hafi sjálf gengið frá þeim viðskiptum í Landsbankanum.

Hún kveðst hafa greitt 150.000 kr. inn á heildarskuld sína vegna þessara tékka, en um eftirstöðvarnar hafi verið samið, en um það liggja engin gögn frammi í málinu.

Vitnið Guðbjörg Fanndal Torfadóttir kveðst kannast við nafn sitt sem útgefanda á tékkunum tveimur í 1. og 2. tl. II. kafla ákæru, ákærða hafi

útfyllt tékkana að öðru leyti. Hún kveðst ekki hafa verið starfsmaður Líflínunnar, sem var fyrirtæki tengdadóttur hennar, ákærðu, en aðstoðað hana tvö kvöld í viku við fjármál fyrirtækisins að nokkru leyti, reyndi m.a. að fylgjast með því, að ákærða greiddi reikninga og skuldir fyrirtækisins. Að öðru leyti hafi ákærða séð um fjármál fyrirtækisins. Það hafi ekki verið í verkahring sínum að fylgjast með, hvernig tékkareikningar fyrirtækisins stóðu, hún hafi ekki haft tök á að fylgjast með stöðu reikninganna. Hún hafi haldið, að innstæða væri fyrir þessum tékkum vegna viðskiptavíxla við þessar lánastofnanir, en hún hafi ekki fylgst með því nógu vel, hvaða viðskiptavíxlar voru í bankastofnununum, enda hafi það ekki verið í verkahring sínum. Hún hafi ekki haft prókúru fyrir Líflínuna, en haft heimild ofangreindra bankastofnana til að gefa út tékka af framangreindum tékkareikningum. Hins vegar hafi hún einvörðungu undirritað tékka, sem gefnir voru út á ofangreinda tékkareikninga. Hún hafi ekki séð um að útfylla þá að öðru leyti, það hafi ákærða gert. Hún kveðst enga hugmynd hafa um það, hvað var greitt með þessum tveimur tékkum, og mundi ekki, hvort ákærða fór með henni, er þeir voru seldir, en það hafi ákærða oft gert.

Framangreindir tékkar voru gefnir út á reikning fyrirtækisins Líflínunnar, sem var einkafyrirtæki ákærðu. Ákærða seldi sjálf tékkana og útfyllti þá að öðru leyti en því, að tengdamóðir hennar, sem vann 1-2 klukkustundir tvisvar í viku fyrir ákærðu, gaf þá út í nafni fyrirtækisins. Þykir ekki sýnt, að það hafi verið í hennar verkahring að fylgjast með því, hvort innstæða var á tékkareikningunum, enda hefur hún borið, að hún hafi ekki verið starfsmaður fyrirtækisins, heldur hafi hún aðstoðað ákærðu lítillega við reksturinn. Var henni lítt eða ekki kunnugt um, hvað verið var að greiða með tékkunum. Það var ákærðu hins vegar kunnugt um. Ákærðu, sem var eini eigandi fyrirtækisins, bar, eins og á stóð með rekstur fyrirtækisins, að fylgjast með því, hvort innstæða væri fyrir hendi við útgáfu tékkanna. Það gerði hún ekki. Ákærða gat ekki treyst því, að ofangreindar bankastofnanir, þar sem tékkareikningarnir voru, keyptu þá viðskiptavíxla, sem lagðir höfðu verið þar inn, enda kom á daginn, að ákærða notaði andvirði þeirra til annarra hluta.

Með notkun framangreindra tékka þykir samkvæmt framansögðu sannað, að ákærða hafi gerst brotleg við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Engar skaðabótakröfur hafa verið lagðar fram varðandi tékkana.

Ákæra, dagsett 2. október 1990.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Ákærða notaði tékka þann, sem rétt er lýst í ákæru, að fjárhæð 200.000 kr., vegna skuldar Líflínunnar, sem var einkafyrirtæki hennar, við Spari-

sjóð vélstjóra, en um var að ræða greiðslu vegna skulda þeirra, sem tengdar eru þeim, sem getið er í 4. og 5. lið ákæru, dagsettra 2. ágúst sl. Ákærða kveðst hafa látið tékkann af hendi 7. september 1988, en hann hafi verið með útgáfudeginum 15. október s.á. Ákærða segir, að svo hafi verið um samið, að hún hringdi á skrifstofu Helga V. Jónssonar hrl., sem hafði með innheimtu skuldarinnar að gera, og léti vita, hvort innstæða væri fyrir tékkanum á þeim degi, sem sagður er útgáfudagur tékkans. Tékkareikningnum hafi verið lokað 30. september það ár, og hafi hún látið skrifstofu lögmannsins vita um það.

Ákærða er ákærð fyrir brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. l. nr. 35/1977. Samkvæmt því ákvæði skal beita refsingu gegn útgefanda tékka, þegar svo stendur á, að innstæða er ekki fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum. Hvergi er þar minnst á aðra en útgefanda. Þegar af þessari ástæðu er ákærða sýknuð af broti því, sem hún er ákærð fyrir í ákæru þessari. Þá var brotið einnig fyrnt, þar sem meira en tvö ár liðu, frá því er tékkinn var gefinn út og uns ákærðu var birt ákæra í málinu.

Sakaferill ákærðu:

Samkvæmt sakavottorði ákæru hefur hún tvívegis gengist undir dómsátt, í fyrra skiptið árið 1975 vegna fjársvika með greiðslu sektar, 4.000 kr., en í hið síðara árið 1986, en þá gekkst hún undir 16.000 króna sekt vegna ölvunar við akstur og var jafnframt svipt ökuleyfi í 12 mánuði. Hinn 30. desember 1985 var hún dæmd í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, ásamt 36.000 króna sekt fyrir skjalafals. Þá var ákæru á hendur henni vísað frá dómi 6. júní 1988 ex officio fyrir fjársvik. Hinn 18. október sama ár var hún dæmd í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundna til þriggja ára fyrir fjársvik. Dómurinn frá 30. desember 1985 var dæmdur með þeim dómi.

Brot þau, sem fjallað er um í dómi þessum, eru framin, áður en refsidómurinn frá 18. október 1988 var kveðinn upp. Það er mat dómsins, þar sem brot ákærðu eru mörg og stórfelld og hún hefur ekki að fullu bætt fyrir brot sín, að ekki hefði komið til álita að dæma ákærðu til skilorðsbundinnar refsivistar að hluta eða að fullu, ef dæmt hefði verið í einu máli um þau brot, sem hér eru til umfjöllunar, og brotin samkvæmt dóminum frá 18. október 1988.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. l. nr. 22/1955, verður nú að dæma hina skilorðsbundnu refsingu ákærðu samkvæmt ofangreindum dómi með brotum þeim, sem ákærða er hér sakfelld fyrir í dómi þessum. Þykir refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 20 mánaða fangelsi.

Um skaðabótakröfu hefur verið fjallað hér að framan.

Þá er ákærða dæmd til að greiða 9/10 sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 80.000 kr., en 1/10 sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærða, Anna Árnadóttir, sæti 20 mánaða fangelsi.

Ákærða greiði Landsbanka Íslands 200.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, frá 20. desember 1988 til greiðsludags.

Ákærða greiði 9/10 sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 80.000 kr., en 1/10 sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 9-10/1990. **Rækjuver hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Bíldudalshreppi
(Atli Gíslason hrl.).

Nauðungaruppboð. Ómerking, Heimvísun. Málflutningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 9. janúar 1990. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að uppboðsbeiðnum stefnda frá 12. febrúar 1988 og 11. maí 1988 verði vísað frá uppboðsrétti, en til vara, að „málunum báðum (nr. 90 og 91/1988 í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu) verði vísað heim til löglegrar meðferðar". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfum áfrýjanda um frávísun og heimvísun verði hafnað. Til vara verði einungis ómerkt meðferð uppboðsmálsins nr. 91/1988 í Barðastrandarsýslu og þá frá 7. júní 1989. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjað er tveimur úrskurðum uppboðshaldara Barðastrandarsýslu frá 18. desember 1989 varðandi tvær beiðnir stefnda um uppboð á rækjuverksmiðju áfrýjanda á Bíldudal, en fram er komið, að áfrýjandi á eina rækjuverksmiðju á staðnum, sem skráð er nr. 9 við Strandgötu í bókum hreppsins, en nr. 11 við sömu götu í þinglýsingarbókum. Með úrskurði uppboðshaldara í uppboðsmáli nr. 91/1988 sameinar hann það máli nr. 90/1988, en fram að því hafði sitt hvort málið verið rekið um beiðnirnar. Úrskurðirnir eru því til endurskoðunar í einu lagi.

Uppboðshaldari var Stefán Skarphéðinsson, sýslumaður Barðastrandarsýslu.

I.

Aðalkrafa áfrýjanda er á því byggð, að hvorug uppboðsbeiðna stefnda hafi verið þannig úr garði gerð að geta orðið grundvöllur að uppboðsmeðferð fyrir uppboðsrétti. Áfrýjandi lét mæta á uppboðsþingi 20. október 1988 og mótmæla framgangi uppboða eftir báðum beiðnunum, en þær voru þá teknar fyrir sín í hvoru máli. Hann skilaði síðan greinargerðum í báðum málunum 8. desember 1988, þar sem þess var krafist, að uppboðið næði ekki fram að ganga. Stefndi skilaði greinargerðum 20. janúar 1989, þar sem hann gerði nánari grein fyrir uppboðsheimildum og sundurliðaði kröfur sínar. Nokkuð skorti á, að uppboðsbeiðnirnar uppfylltu til fullnustu formkröfur 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987, þá er þær voru fyrst fram settar, en eftir að áfrýjandi hafði tekið til varna og stefndi hafði lagt fram greinargerð sína, var uppboðshaldara rétt að fara með beiðnirnar með þeim skýringum, sem þá voru fram komnar. Hann gat þá með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. laga um nauðungaruppboð krafið aðila um frekari skýringar og kveðið síðan upp úrskurði samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis um það, hvort uppboðsbeiðnirnar skyldu hafa framgang eða synjað skyldi uppboða á grundvelli þeirra. Með tilliti til þessa eru nú ekki efni til að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

II.

Málin vegna uppboðsbeiðnanna voru tekin hvort í sínu lagi til aðalflutnings 2. mars 1989, sbr. 112. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 17. gr. laga nr. 54/1988, sem gildir um nauðungaruppboð samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949. Voru þá lögð fram frekari skjöl og tekin skýrsla af sveitarstjóra Bíldudalshrepps í báðum málum. Var að loknum skýrslutökum leitað sátta, málin munnlega flutt og síðan tekin til úrskurðar. Samkvæmt endurritum af þessum þinghöldum er sveitarstjóri Bíldudalshrepps yfirheyrður sem vitni í báðum málunum. Er það í andstöðu við niðurlagsákvæði 115. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sem hér bar að fara eftir, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð. Síðar, þegar byggt er á framburði sveitarstjórans í úrskurði í máli nr. 90/1988, er vitnað til hans sem vitnaframburðar.

Málin eru síðan endurflutt 7. júní 1989, og er þá bókað, að það

sé gert, þar sem ekki hafi tekist að kveða upp úrskurði í þeim innan þriggja vikna frá dómtöku vegna anna dómarans. Ekki er getið lagaákvæða, sem heimila þetta, og ákvæði 120. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð, eru ekki uppfyllt, því að engra nýrra skýringa og upplýsinga er leitað.

Næst eru málin til meðferðar 18. desember 1989, og eru þá kveðnir upp úrskurðir í þeim báðum. Úrskurðir þessir eru ekki í hefðbundnu formi. Þess er getið í lok þinghaldanna, að uppkvaðning úrskurðanna hafi dregist vegna anna og aðstöðuleysis uppboðshaldara. Úrskurður í máli nr. 90/1988 var sá, að umbeðið uppboð skyldi ná fram að ganga, en í máli nr. 91/1988, að það skyldi sameinað hinu fyrra. Af forsendum síðari úrskurðarins verður þó að ráða, að ætlunin hafi verið, að uppboð samkvæmt þeirri beiðni skyldi einnig ná fram að ganga.

Eins og að framan er sagt, dróst uppsaga beggja úrskurðanna í meira en sex mánuði frá endurflutningi og meira en níu mánuði frá upphaflegum flutningi. Með þessum drætti á uppsögu úrskurðanna hefur uppboðshaldari brotið fyrirmæli 191. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að fella hina áfrýjuðu úrskurði úr gildi. Þeir hnökrar á málsmeðferðinni í og frá aðalflutningi 2. mars 1989, sem að framan eru raktir, þykja eiga að leiða til þess, að meðferð beggja uppboðsmálanna skuli ómerkt frá og með þeim degi og skylda eigi uppboðsrétt til að taka málin til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurða að nýju.

Þá ber þess að geta, að við auðkenningu beggja málanna í þinghöldum er umboðsmaður stefnda ranglega sagður uppboðsbeiðandi. Það athugast enn fremur, að eðlilegt er að halda meðferð samkvæmt 13. gr. laga um nauðungaruppboð á mótmælum gegn uppboðsbeiðni aðgreindri frá meðferð mótmæla við öðrum uppboðsbeiðnum og einnig sjálfri uppboðsmeðferð eignarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir eru felldir úr gildi.

Meðferð uppboðsbeiðna stefnda, sveitarsjóðs Bíldudalshrepps, frá 12. febrúar 1988 og 11. maí 1988 á að vera ómerk frá og með 2. mars 1989, og ber uppboðsrétti að taka beiðnirnar upp að nýju til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurða.

Hvor aðili beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 129/1989. **Íslandsbanki hf. og**
Guðmundur Jónsson hdl.
f.h. M. Flues Gmbh. & Co.
gegn
Þóru K. Sigurðardóttur,
uppboðshaldaranum í Hafnarfirði,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
bæjarstjóranum í Hafnarfirði
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar,
Róbert Árna Hreiðarssyni hdl. og
Byggingarsjóði verkamanna.

Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðild. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með tveimur stefnum hinn 10. apríl 1989. Þeir gera báðir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hnekkt og breytt á þann veg, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Hammabraut 10 í Hafnarfirði, þriðju hæð til hægri, þinglesinni eign Þóru K. Sigurðardóttur, skuli fara fram. Þá krefjast áfrýjendur sameiginlega málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er ekki sótt þing og engar kröfur gerðar, og er mál þetta skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 verður málið dæmt í Hæstarétti eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, hvernig áfrýjendur hafa lagt málið fyrir, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi Íslandsbanki hf. gerir þá grein fyrir aðild sinni, að á hluthafafundi í Útvegsbanka Íslands hf. hinn 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að breyta nafni félagsins þannig, að frá 1. janúar 1990 heiti það Íslandsbanki hf., og komi það nafn í stað hins fyrra nafns í málinu.

Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni. Ráða má af því veðbókarvottorði, sem fram var lagt í uppboðsrétti Hafnarfjarðar 14. mars 1989, og öðrum gögnum málsins, að eigi hafi verið stefnt til varna í Hæstarétti Flugleiðum hf. sem fimmta veðréttarhafa, Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem sjötta veðréttarhafa, en afturköllun á uppboðsbeiðni hennar var lögð fram 14. mars 1989, og Þórði Kristjánssyni sem sjöunda veðréttarhafa samkvæmt fjárnámi frá 6. febrúar 1989. Auk þess virðist hinn síðastnefndi ekki hafa fengið tilkynningu um fyrirhugaða þriðju sölu umræddrar fasteignar, svo sem þó var skylt samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987.

Með hliðsjón af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 14. mars 1989.

Þar sem fyrir liggur, að uppboðsþoli, Þóra Kolbrún Sigurðardóttir, var lögð inn á geðdeild Landspítalans 10. mars 1989 og hafði verið veik alllengi fyrir þann tíma, sbr. rskj. nr. 49, og ljóst er af þessu, að hún er ekki og hefur ekki um sinn verið fær um að sinna fjármálum sínum og gæta hagsmuna sinna vegna beiðna um nauðungaruppboð á eign sinni, er það álit uppboðsréttarins, að rétt sé að fella niður umbeðið uppboð. Rétturinn telur, að við þær aðstæður, sem uppboðsþoli býr nú við, væri uppboðið andstætt almennri réttarvitund og því til þess fallið að rýra virðingu almennings fyrir dómstólunum.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu um þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Hvammabraut 10, 3. hæð til hægri, þinglýstri eign Þóru K. Sigurðardóttur.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 360/1990. **Sigrún Edda Gunnarsdóttir**

gegn

Ara Ísberg.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigrún Edda Gunnarsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Ara Ísberg, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 363/1990. **Friðgeir Sörlason**

gegn

Byggingarfélaginu Ósi hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðgeir Sörlason, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 365/1990. **Halldóra Eyjólfsdóttir**
gegn
Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldóra Eyjólfsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 410/1990. **Valdimar Össurarson**
gegn
Eyrarsparisjóði.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Össurarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 174/1991. **Íslensk dreifing hf.**

gegn

Vörumerkjum hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Íslensk dreifing hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 385/1991. **Særún hf.**

gegn

Kristni Bjarnasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Særún hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Kristni Bjarnasyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 388/1991. **B.K. Verktakar hf.**

gegn

Íslandsbanka og

Guðmundi Kristjánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, B.K. Verktakar hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 1/1990. **Ómar Haffjörð Harðarson persónulega og f.h. einkafirma hans, Kauphóls**
(Valgeir Kristinsson hrl.),
gegn
Sukkervarefabrikken Perelly A/S
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Lausafjárkaup. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. desember 1989. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda, og verði stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 42.131,46 danskar krónur auk 51.100,23 danskra króna í vexti fyrir tímabilið 27. desember 1985 til 1. mars 1987 ásamt vöxtum, eins og mælt er um í héraðsdómi, frá þeim degi til greiðsludags, og verði vöxtum bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinni 1. mars 1988. Jafnframt verði málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er risið af viðskiptum aðila um sykur- og sælgætisvörur, sem stefndi framleiddi og áfrýjandi keypti af honum í heildsölukaupum til endursölu fyrir eigin reikning. Höfðu þeir stundað viðskiptin áfallalaust um nokkurt árabil, áður en til ágreinings kom vegna umfangsmikillar vörupöntunar, sem afgreidd var til áfrýjanda vorið 1985 í kjölfar nokkurra minni vörusendinga fyrr á árinu. Samkvæmt reikningi stefnda nr. 3854 frá 26. júní 1985 var þarna um að ræða 27 tegundir af sælgætisvörum, að heildarþyngd 16.365 kg með umbúðum, og var söluverð þeirra alls 331.845,60 danskar

krónur. Samkvæmt aðflutningsskýrslu frá áfrýjanda voru vörurnar keyptar fob. Álaborg.

Á það má fallast með héraðsdómara, að stefnda hafi verið heimilt að byggja kröfugerð í málinu á heildarviðskiptum aðila á því tímabili, er ágreiningur þeirra nær til, fremur en umræddum reikningi einum saman. Kröfulýsing í stefnu var ekki alls kostar skýr að þessu leyti, og greinargerð af hálfu stefnda var ekki lögð fram, þegar áfrýjandi tók til varna, eins og ástæða var til eftir atvikum.

Í málinu er það óumdeilt, að áfrýjandi hafi keypt vörur af stefnda fyrir samtals 498.288,40 danskar krónur á umræddu tímabili. Af þeim höfuðstól standi nú eftir 42.131,46 danskar krónur, þegar greiðslur áfrýjanda fram til 5. desember 1986 hafi verið dregnar frá honum. Þessar eftirstöðvar telur áfrýjandi sér óskylt að greiða vegna þess, að hann eigi inni umboðslaun eða vöruafslátt hjá stefnda, að fjárhæð 42.973,15 danskar krónur. Í héraði kvaðst hann myndu gagnstefna fyrir þessum umboðslaunum, en gerði það ekki og gerði ekki heldur skýra kröfu til skuldajafnaðar. Kemur þessi krafa því ekki til skoðunar hér fyrir dómi.

Auk umræddra eftirstöðva gerir stefndi kröfu um greiðslu á 79.248,60 dönskum krónum í vexti af viðskiptaskuld áfrýjanda fyrir tímabilið 27. desember 1985 til 1. mars 1987, fram til þess, að skuldin var lögð til innheimtu fyrir dómstólum. Kveður stefndi þetta vera vanskilavexti, er hann hafi reiknað eftir venju hjá fyrirtækinu og reglum í heimalandi sínu. Samkvæmt reikningsgögnum stefnda er fjárhæð þessara vaxta samtals 79.254,50 danskar krónur (en ekki 79.257,50 krónur, eins og staðhæft er í kröfubréfi hans og hinum áfrýjaða dómi), og er dómkrafa hans lítið eitt lægri en henni nemur vegna afmörkunar á stefnufjárhæð í málinu. Að auki gefa reikningsgögnin til kynna, að vextirnir nái lengra aftur en til 27. desember 1985, þar sem fyrsta vaxtafærsla var gerð í ágúst 1985 og hin næsta í desember s.á., væntanlega fyrir tímabilið september-desember 1985. Áfrýjandi hafnar allri skyldu til greiðslu vaxtanna og mótmælir því, að sér hafi verið gert kunnugt um vaxtafærslur á viðskiptareikningi sínum hjá stefnda, fyrr en til innheimtuaðgerða kom á árinu 1986.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að áfrýjanda hafi verið gefið bindandi fyrirheit um einkasölu fyrir stefnda í sambandi við

fyrrgreinda vörupöntun. Þá er ósannað, eins og greinir í héraðsdómi, að stefndi hafi átt hlut að því að setja vörurnar í tollvörugeymslu, enda þótt honum hafi verið tilkynnt þar um. Sú ráðstöfun og umfang pöntunarinnar gáfu að vísu til kynna, að áfrýjandi ætlaði sér lengri tíma til greiðslu á vörunum en þá 30 daga, er tilgreindir voru sem gjaldfrestur á vörureikningi stefnda. Á hinn bóginn hefur áfrýjandi ekki sannað, að stefndi hafi í raun samþykkt lengri greiðslufrest eða fallið frá vöxtum af kaupverðinu.

Að þessu athuguðu ber að fallast á það með stefnda, að hann eigi rétt á vöxtum af viðskiptaskuld áfrýjanda. Er eðlilegt eftir atvikum að miða upphafstíma vaxtanna við 27. desember 1985, eins og stefndi hefur krafist. Á hinn bóginn nær aðalkrafa hans í raun lengra aftur, sem fyrr segir. Jafnframt er ekki nægilega ljóst, hvaða vaxtafæti er beitt og hvernig endanlegum útreikningi kröfunnar er háttað að öðru leyti. Með tilliti til þess ber að hafna þeim vöxtum, sem aðalkrafa stefnda tekur til, og ákveða í þeirra stað vexti fyrir tímabilið 27. desember 1985 til 1. mars 1987 með hliðsjón af ákvörðunum Seðlabanka Íslands um dráttarvexti af skuld í dönskum krónum, sem um ræðir í varakröfu hans. Samkvæmt útreikningi stefnda nema þeir vextir samtals 51.100,23 dönskum krónum, og kveðst áfrýjandi ekki mótmæla þeirri tölu.

Í samræmi við þetta verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda samtals 93.231,69 danskar krónur (42.131,46 + 51.100,23) ásamt vöxtum á sama grundvelli og á er kveðið í hinum áfrýjaða dómi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við meðferð máls þessa í héraði er það að athuga, að málið var fyrst dómtekið 25. maí 1988 að loknum aðalflutningi og síðan tekið upp og endurflutt 13. desember s.á. og aftur tekið upp 18. maí 1989 og endurflutt og dómtekið 22. s.m., án þess að ný gögn kæmu fram nema við síðari endurupptökuna. Hefur þessi dráttur á dómsuppsögu ekki verið réttlættur, og er þessi málsmeðferð í andstöðu við 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ómar Haffjörð Harðarson, greiði stefnda, Sukkervarefabrikken Perelly A/S, Danmörku, 93.231,69

danskar krónur með ársvöxtum af 42.131,46 dönskum krónum sem nemur 9,3% frá 1. mars 1987 til 11. s.m., 9,5% frá þeim degi til 21. s.m. og 9,7% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri ársvöxtum en 9,7%.

Áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. maí 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., hefur Sukkervarefabrikken Perelly A/S, 9530 Stövring, Danmörku, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. maí 1987, á hendur Ómari Haffjörð Harðarsyni, nnr. 6895-3766, Brúarflöt 3, Garðabæ, persónulega og f.h. óskráðs einkafirma hans, Kaupháls, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð dkr. 121.380,66, með 9,3% ársvöxtum frá 1.3.1987 til 11.3.1987, með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.3.1987, með 9,6% ársvöxtum frá þeim degi til 11.4.1987 og með 9,7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málið var áður flutt 13/12 1988.

II.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum svo, að málsaðilar hafi átt í löngu viðskiptasambandi, þar sem stefnandi hafi selt stefnda ýmsar efnagerðar- og sykurvörur. Skuldin sé upphaflega til komin vegna kaupa stefnda á slíkum vörum, sbr. reikning nr. 3854, dags. 26.6.1985, samtals að fjárhæð dkr. 331.845,60.

Stefndi hafi innt af hendi nokkrar greiðslur, og hafi eftirstöðvarnar verið dkr. 121.380,66 1. mars 1987.

Eftir þingfestingu málsins fór fram talsverð gagnaöflun í máli þessu. Með bréfi hinna dönsku lögmanna stefnanda, Advokaterne í Vingaardshus, dags. 6. apríl 1988, sem lagt var fram 22. apríl s.á., eru heildarviðskipti aðila rakin og þess getið, að misskilnings hafi gætt í því uppgjöri, sem lögmanni stefnanda var sent í öndverðu, þar sem sagður höfuðstóll þar hafi

haft innifalda reiknaða vexti. Í samræmi við þessar upplýsingar lýsti lögmaður stefnanda því í munnlegum málflutningi, að málavaxtalýsing í stefnu væri ónákvæm að því leyti, að þar væri byggt á einum reikningi, nr. 3854. Málsókn byggðist hins vegar á heildarviðskiptum aðila. Heildarviðskipti aðila hafi numið dkr. 498.288,40. Á tímabilinu 6.6. 1985 til 30.6. 1985 hafi stefndi greitt dkr. 321.808,22 af ofangreindri fjárhæð, en á tímabilinu 1.7.1986 til 31.12. 1986 dkr. 134.348,72, alls dkr. 456.156,94. Stefndi skuldi því eftirstöðvar kaupverðs, sem nemi dkr. 42.131,46. Þá skuldi hann og uppfærða vexti, sem hér segir:

Fyrir tímabilið	27.12.'85 til 30.6.'86	dkr. 54.315,68
— —	1.7.'86 til 31.12.'86	dkr. 24.941,82
	Alls dkr.	79.257,50

Stefndi skuldi því alls dkr. 121.385,90, sem sé rúmum dkr. 5,00 hærra en krafist sé í málinu.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að aðilar hafi átt viðskipti vegna sælgætiskaupa um árabil, og hafi Kauphóll verið umboðsmaður stefnanda hér á landi. Samskipti aðila hafi gengið með ágætum, allt þar til stefndi hafi gert samning um kaup á stórri sælgætispöntun fyrir dkr. 331.345,60. Stefndi hafi gert samninginn um þessa pöntun með þeim áskilnaði, að hann fengi einkaumboð á vörum stefnanda á Íslandi. Samningurinn hafi verið einstaklega stór á mælikvarða stefnda, og hafi m.a. verið með í kaupunum vörur, sem óvíst væri, að seldust á Íslandi, en stefndi hafi þó tekið það á sig gegn því að fá einkaumboðsréttinn. Samningurinn hafi verið gerður, en þegar stefndi, Ómar, hafi verið kominn heim til Íslands, hafi hann haft samband við hr. Fjeltsten, eiganda Perelly-fyrirtækisins, og hafi þá legið fyrir, að hann var ekki reiðubúinn að veita stefnda einkaumboð að svo stöddu. Stefndi hafi þá gert stefnanda ljóst, að hann sendi vörurnar til Íslands á eigin ábyrgð, vörurnar færu í tollvörugeymslu, og stefndi myndi reyna að selja þær eftir getu. Þá hafi stefnandi heitið því að selja framleiðsluvörur sínar ekki öðrum innflytjendum á Íslandi, þótt stefndi fengi ekki einkaumboðsréttinn. Fljótlega eftir kaupin hafi stefndi orðið þess var, að aðrir buðu vörur frá stefnanda, og hafi það að sjálfsögðu gert stefnda erfitt fyrir við að selja þá stóru vörupöntun, sem hann hafi tekið að sér að selja fyrir stefnanda. Um hafi verið að ræða 32 URO-pallettur, en meðalsala á slíkri vöru sé um 5 pallettur á mánuði.

Stefndi hafi gert stefnanda ljóst, að stefnandi væri eigandi vörunnar, þar til hún væri seld, og sé vísað í því sambandi til reglna tollvörugeymslunnar í Hafnarfirði á dskj. nr. 5. Stefndi hafi svo greitt fyrir vöruna, eftir því sem hann leysti hana úr tollvörugeymslunni, og hafi þessi stóra pöntun alls

verið greidd með 36 greiðslum, og hafi lokagreiðslan verið greidd 5.12. 1986, sbr. dskj. 17, 18 og 19.

Að ósk stefnda var málið endurupptekið 10. maí sl., og var þá lagt fram af hálfu stefnda ljósrit af bréfi stefnanda til stefnda, dagsett 21. júní 1985, þar sem stefnandi lýsir því, að hann hafi ekki vitað, að tiltekin vörusending hafi verið í „Bonded Warehouse", og þess vegna hafi hann ekki áttað sig á innborgunum frá stefnda. Nú hafi það verið upplýst af hálfu stefnda, og væri þessi málsmeðferð samþykkt af hálfu stefnanda. Hér var ekki um að ræða þá stóru vörusendingu, sem mál þetta snýst einkum um. Við framlagningu skjals þessa var því af hálfu stefnanda mótmælt sem of seint fram komnu og því mótmælt, að á því yrði byggt í málinu.

Í munnlegum málflutningi var á því byggt af hálfu stefnanda, að stefndi skuldaði stefnanda höfuðstól, að fjárhæð dkr. 42.131,46, auk áfallinna dráttarvaxta vegna viðskiptanna skv. dönskum reglum, að fjárhæð dkr. 79.257,50. Heildarviðskipti aðila hafi numið dkr. 498.288,40, og þar af hafi stefndi greitt dkr. 456.156,94. Skuld stefnda við stefnanda nemi því dkr. 121.785,90, en hins vegar sé stefndi krafinn um dkr. 121.380,60. Verði ekki fallist á, að vextir, eins og í stefnu sé krafist, séu reiknaðir af stefnufjárhæð, þá sé rétt að reikna þá af dkr. 42.151,46 eða höfuðstól.

Þá hafi samningur aldrei komist á milli aðila um einkaumboð til handa stefnda, og sé því sala stefnanda á vörum til annarra aðila hér á landi ekki samningsbrot gagnvart stefnda.

Þá sé ekki um að ræða umboðssölu, þar sem ekkert samkomulag hafi verið milli stefnanda og tollvörugeymslu og ekkert hafi komið fram í málinu, að stefnandi hafi talist eigandi vörunnar, meðan hún var í tollvörugeymslu.

Þá sé réttur stefnda til umboðslauna ósannaður. Þá hafi tollyfirvöld verið blekkt, er stefndi náði út vörum undir því yfirskini, að hann væri búinn að greiða stefnanda tiltekið magn vara, sem voru í tollvörugeymslu, en hafði í raun lagt andvirði þeirra inn á eigin bankabók í Útvegsbanka Íslands.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skuld stefnda sé að fullu greidd. Þá eigi kröfur stefnanda um vexti ekki grundvöll í samningum aðila. Stefnandi beri fulla ábyrgð á því, hversu langan tíma tók að selja vörurnar, með því að selja öðrum sams konar vörur og stefndi var að selja á sama tíma, auk þess sem ill- og óseljanlegar vörur voru innan um, og stefndi vakti athygli stefnanda á því og á hans ábyrgð að geyma þær vörur hér á landi, þar sem ekki væri markaður fyrir þær. Stefndi hafi greitt kaupverð varanna með svokölluðum bréflegum yfirfærslum, en hluti andvirðis varanna, dkr. 42.373, hafi verið lagður á bók í Útvegsbanka Íslands, þar sem stefndi eigi 42.937,15 kr. í „kommission" eða vöruafslætti hjá stefnanda, og muni stefndi höfða gagnsókn til viðurkenningar á þeirri kröfu.

Af hálfu stefnda var ekki höfðað gagnsakarmál vegna þessarar fjárhæðar.

Í munnlegum málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnda, að einungis væri hægt að byggja kröfugerð í málinu á faktúru nr. 3854 eins og í stefnu, en ekki heildarviðskiptum aðila, sem gjörbreyti kröfugerð frá stefnu. Þá sé verið að krefjast vaxtavaxta. Eins og málið liggi fyrir, sé ekki grundvöllur fyrir viðurkenningu á höfuðstól kröfunnar, sem þýði, að stefnufjárhæðin, 121.380,66 kr., sé því sjálfkrafa niður fallin að öðru leyti en kr. 23.000, sem séu vextir. Þá séu vextir skv. dskj. nr. 3 of háir, vanreifaðir og órökstuddir.

Stefndi gaf skýrslu við aðalflutning málsins.

Niðurstaða dómsins.

Upplýst er í máli þessu, að stefndi hefur greitt stefnanda andvirði allra þeirra vara, sem hann hefur keypt af stefnanda, sem nam dkr. 498.288,40, að undanskildum 42.131,46 kr., sem svarar nokkurn veginn til þess, sem stefndi lagði inn á bók í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði, vegna umboðslauna, er hann taldi sig eiga rétt á. Vexti, sem stefnandi krefur stefnda um, að fjárhæð dkr. 79.257,50, hefur stefndi hins vegar ekki greitt stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vörur þær, sem geymdar voru í tollvörugeymslu í Hafnarfirði, hafi verið eign stefnanda og að stefndi hafi mátt greiða þær eftir því, sem þær seldust, og að stefnandi hafi samþykkt að hafa þennan hátt á. Þessu er með öllu mótmælt af hálfu stefnanda. Fram kemur í skjölum málsins, þ.e. bréfum stefnda til stefnanda, að stefndi hefur haldið því fram gagnvart stefnanda, að svo ætti að vera, en á hinn bóginn hefur ekki af hálfu stefnda verið sýnt fram á það, að stefnandi hafi fallist á þessi sjónarmið stefnda. Þvert á móti kemur fram í málsskjölum, að þessu hefur margsinnis verið mótmælt af hálfu stefnanda.

Dómurinn telur það hafa verið einhliða ákvörðun stefnda og á hans ábyrgð að geyma vörurnar í tollvörugeymslu og leysa þær út eftir hendinni án þess að greiða stefnanda andvirði hverrar sendingar í einu lagi eftir komu vörunnar, eins og tíðkast hafði í viðskiptum aðilanna.

Eins og áður er getið, mótmælti lögmaður stefnda því í munnlegum málflutningi, að kröfugerð stefnanda yrði byggð á heildarviðskiptum aðila, sbr. dskj. nr. 3854, eins og gert hafi verið í stefnu. Ljóst mátti vera við framlagningu dskj. 33 22. apríl 1988, að af hálfu stefnanda yrði í málflutningi byggt á heildarviðskiptum aðila, sbr. dskj. 33. Af hálfu stefnda voru hvorki gerðar athugasemdir við þá breytingu í þinghaldinu 22. apríl 1988 né í þinghaldi 29. apríl s.á., þar sem aðalflutningur var ákveðinn. Í ljósi þess, að fram til þess tíma hafði farið fram allýtarleg gagnaöflun til að varpa skýr-

ara ljósi á viðskipti aðila og að þessi breyting á grundvelli stefnukrafna leiddi ekki til hækkana þeirra og að þessari breytingu var fyrst mótmælt af hálfu stefnda í málflutningi, telur dómurinn breytinguna ekki brjóta í bága við ákvæði laga nr. 85 1936, heldur horfa til einföldunar málsins.

Af hálfu stefnda hefur rétti stefnanda til að vaxtareikna viðskiptaskuld stefnda á hverjum tíma ekki verið hrundið.

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða dómsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda dkr. 121.380,66 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, af dkr. 42.131,46 til greiðsludags.

Málskostnaður, er stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr., þ.m.t. söluskattur af málflutningsþóknun.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ómar Haffjörð Harðarson, greiði stefnanda, Sukkervarefabrikken Perelly A/S, dkr. 121.380,66 með 9,3% ársvöxtum af dkr. 42.131,46 frá 1.3.1987 til 11.3.1987, með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.3.1987, með 9,6% ársvöxtum frá þeim degi til 11.4.1987, með 9,7% ársvöxtum frá þeim degi til 14.4.1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri ársvöxtum en 9,7%. Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskatt af málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 5/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Gunnari Utley
(Sigurður Georgsson hrl.)
og
Úlfari Ólafssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1990 að ósk ákærðu. Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærðu og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þeirra þyngd. Þá er þess krafist, að hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Dómkröfur ákærðu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir, en til vara, að þeir hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa. Þá er af þeirra hálfu krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari hefur eigi krafist endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms um sýknu hinna ákærðu af ákæru um brot gegn 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og kemur sá þáttur ákærunnar því ekki til skoðunar í Hæstarétti.

Þótt orðalag ákærunnar um þátt ákærðu í nytjastuldi bifreiðarinnar X-3295 sé ekki alls kostar nákvæmt, fellur atferli þeirra að verknaðarlýsingu 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Ber því með hliðsjón af gögnum málsins að staðfesta sakarmat héraðsdómara.

Ný sakavottorð ákærðu hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Af þeim er ljóst, að þeir eiga sér báðir nokkuð langan sakaferil, einkum ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley. Með vísun til þessara gagna verður refsing ákærða Úlfars Ólafssonar tiltekin með hliðsjón af 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Sigurbjörns

Gunnars Utley verður ákvörðuð með hliðsjón af 5. tl. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga auk 78. gr. sömu laga, sem vísað er til í héraðsdómi. Þá verður refsing beggja tiltekin með hliðsjón af niðurlagsákvæði 70. gr. almennra hegningarlaga, þar sem sannað þykir, að þeir hafi unnið hinn refsiverða verknað í sameiningu og með öðrum. Að svo búnu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða Sigurbjörns Gunnars Utley ákveðst tveggja mánaða fangelsi.

Ákærðu skulu greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Ákærði Úlfar Olafsson greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóvember 1990.

Ár 1990, föstudaginn 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 643-651/1990: Ákæruvaldið gegn A, B, C, D, E, F, Sigurbirni Gunnari Utley, G og Úlfari Ólafssyni, sem tekið var til dóms 14. nóvember sl.

Mál þetta er höfðað með fimm ákærum, gefnum út af ríkissaksóknara. Hafa ákærurnar allar verið sameinaðar í eitt mál. Ákærðir eru A [...], B [...], C [...], D [...], E [...], F [...], Sigurbjörn Gunnar Utley, refsifangi á Litla-Hrauni, fæddur 26. júlí 1964 í Kópavogi, G [...] og Úlfar Ólafsson, refsifangi á Litla-Hrauni, fæddur 9. febrúar 1958 á Akureyri.

— — —

Þriðja ákæran er gefin út 18. júní sl. á hendur ákærðu C, D, F, Sigurbirni Gunnari, G og Úlfari ,,fyrir eftirtalin brot, framin á árinu 1990:

I.

Ákærðu C, F, Sigurbirni Gunnari, G og Úlfari er öllum gefið að sök að hafa þriðjudaginn 3. apríl, er ákærðu voru fangar í refsivist á vinnuhælinu að Litla-Hrauni, sammælst um að hjálpast að við að strjúka af vinnuhælinu, hist í klefa ákærða F um kl. 21.30 um kvöldið, lokað honum með hespu innan frá og farið út um gluggann, en áður hafði verið losað um rúðuna og rimla fyrir glugganum, og farið síðan í átt að Stokkseyri.

Enn fremur er þeim gefið að sök að hafa seinna um nóttina tekið bifreiðina X-3295 traustataki við húsið Eyjasel 8 á Stokkseyri, og ók ákærði Sigurjón henni án ökuréttinda með hina ákærðu sem farþega til Reykjavíkur, þar sem lögregla varð vör við bifreiðina um kl. 5.00 á Suðurlandsvegi skammt frá Rauðavatni og veitti ákærðu eftirför áleiðis að hesthúsunum í Víðidal, þar sem ákærðu yfirgáfu bifreiðina, en náðust allir strax nema ákærði G, sem gaf sig fram skömmu síðar.

Telst þetta varða við 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá telst nytjastuldur bifreiðarinnar varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20, 1956, svo og akstur ákærða G við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

— — —

Málavextir verða nú raktir eftir ákærunum, eins og þær eru taldar upp hér að framan, og fylgt kaflaskiptingu innan hverrar ákæru, þar sem það á við. Verður í lok umfjöllunar um hverja ákæru fyrir sig komist að niðurstöðu um sekt eða sýknu og færslu til refsiákvæða, þar sem það á við. Einnig verður komist að niðurstöðu um bótakröfur.

— — —

C. Ákæra, útgefin 18. júní 1990.

I.

— — —

Samkvæmt þessu verða ákærðu allir sýknaðir af ákærunni, hvað varðar brot gegn 110. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er með játningu Sigurjóns, að hann tók bifreiðina X-3295 í heimildarleysi á Stokkseyri og ók henni ökuréttindalaus til Reykjavíkur. Meðákærðu voru allir farþegar í henni. C og Sigurbjörn Gunnar hafa fyrir dómi viðurkennt, að þeim var ljóst, að bifreiðin hafði verið tekin að

ófrjálsu. Sigurjón bar við fyrstu dómsyfirheyrslu, að F hefði verið með sér við nytjastuldinn. Þessu neitaði F, kvaðst hafa farið með Sigurjóni til Stokkseyrar, en ekki verið með honum við tökuna. Við samprófun þeirra voru þeir sammála um, að Sigurjón hefði farið á undan F og tekið bifreiðina, komið síðan akandi til baka og tekið hann upp í. Hann hefði síðan tekið hina upp í við hesthúsið. Hann hefði ekki rætt nytjastuldinn sérstaklega við þá. Úlfar kvaðst enga hugmynd hafa haft um nytjastuldinn. Hann hefði verið ölvaður og muna eftir því, að Sigurjón hefði komið á bifreið, sem ákærðu settust upp í. Hann hefði spurt, hvaðan hún væri, og fengið þau svör, að Sigurjón hefði fengið hana að láni.

Svo sem rakið hefur verið, hefur Sigurjón viðurkennt nytjastuldinn. C og Sigurbjörn Gunnar hafa viðurkennt, að þeim hafi verið kunnugt um, hvernig hann var að bifreiðinni kominn. F, sem fór með Sigurjóni til Stokkseyrar, mátti vera fullljóst, hvernig hann var að bifreiðinni kominn, enda styðst það við framburð Sigurjóns fyrir dómi. Skiptir hér engu, þótt F kunni að hafa verið einhverjum húslengdum fyrir aftan Sigurjón, þegar hann tók bifreiðina, eins og þeir báru við samprófun. Úlfar var ásamt meðákærðu nýstrokinn úr fangelsi. Honum mátti vera það fullljóst, að enginn þeirra réð yfir bifreið, og ekki er trúlegt, að einhver hafi orðið til þess að lána þeim hana. Hann var farþegi í bifreiðinni til Reykjavíkur ásamt hinum.

Samkvæmt framanrituðu verða ákærðu allir sakfelldir fyrir nytjastuld, er varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, og Sigurjón auk þess fyrir réttindaleysi við akstur, er varðar við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt gögnum málsins er eigandi bifreiðarinnar X-3295 dánarbú Halldórs Árnasonar. Guðríður Erna Halldórsdóttir hefur fyrir hönd búsins krafist bóta vegna nytjastuldarins, að fjárhæð 11.823 kr. Sundurliðast krafan þannig, að 8.512 kr. er viðgerðarkostnaður samkvæmt framlögðum reikningi og 3.311 kr. er kostnaður við að sækja bifreiðina til Reykjavíkur, þ.e. akstur 140 kílómetrar á 23.65 kr. hver kílómetri. Sigurjón og C hafa samþykkt kröfuna, en hinir hafa hafnað henni. Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi C frávísunar á kröfunni, þar sem ekki kæmi fram, að Guðríður Erna hefði heimild til að gera kröfur fyrir hönd dánarbúsins.

Gögn málsins bera með sér, að Guðríður Erna var umráðamaður bifreiðarinnar. Hún hefur orðið fyrir tjóni vegna nytjastuldarins og lagt fram gögn kröfu sinni til stuðnings. Eru því ekki efni til að vísa kröfunni frá. Ákærðu hafa allir verið sakfelldir fyrir nytjastuld bifreiðarinnar og verða því dæmdir óskipt til að greiða bótakröfuna, eins og krafist er, enda er hún nægilega rökstudd.

— — —

Ákærði Sigurbjörn Gunnar hefur frá árinu 1983 verið dæmdur í rúmlega fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 15. maí sl., í eins mánaðar fangelsi fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi. Áður hafði hann hlotið skilorðsbundna dóma fyrir sams konar brot, og einnig hefur hann sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, fíkni- og hegningarlagabrot. Refsing hans nú verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg 45 daga fangelsi.

— — —

Ákærði Úlfar var dæmdur í tólf ára fangelsi fyrir manndráp árið 1978. Síðan þá hefur hann verið dæmdur í samtals þriggja og hálfs árs fangelsisvist fyrir hegningarlagabrot, síðast 31. maí 1989. Refsing hans nú er hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

— — —

Ákærði Úlfar greiði einn málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., 35.000 kr., að hálfu, en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Ákærðu B, E og G greiði einir óskipt 8.415 kr. í sakarkostnað.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

— — —

Ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley sæti fangelsi í 45 daga.

— — —

Ákærði Úlfar Ólafsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

— — —

Ákærðu C, F, Sigurbjörn Gunnar, G og Úlfar greiði óskipt Guðríði Ernu Halldórsdóttur kr. 11.823.

— — —

Ákærði Úlfar greiði einn málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 35.000, að hálfu, en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

— — —

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 55/1990. **Hreiðar Sigmarsson**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Sveini Kristjánssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1990 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 25. janúar s.á. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda verði hafnað og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Seyðisfjarðar 10. maí 1989 kl. 14.00. Þá var mætt af hálfu stefnda og lögð fram stefna, greinargerð og þrjú fylgiskjöl. Af hálfu áfrýjanda var ekki mætt, og var málið dómtekið að kröfu stefnda. Sama dag kl. 15.30 mætti áfrýjandi á bæjarþinginu og kvaðst hafa verið mættur kl. 14.00 á þingstað, en setið frammi og beðið þess að vera kallaður fyrir réttinn. Hann kvaðst mótmæla því, að málið hefði verið dómtekið á þeim forsendum, að hann væri ekki mættur. Haft var samband við lögmann stefnda, sem samþykkti að gefa áfrýjanda frest til 31. maí 1989 til framlagningar greinargerðar. Málið kom til meðferðar þann dag, og var þá bókað:

„Lögmaður stefnanda, Árni Halldórsson hrl., er mættur í réttinum.

Þá mætir í réttinum stefndi, Hreiðar Sigmarsson. Hann kvaðst hafa haft samband við Adolf Guðmundsson lögfræðing, sem ætlaði að taka að sér vörn í málinu fyrir sig. Árni Halldórsson hrl. kvaðst hafa talað við Adolf Guðmundsson lögfræðing, og hafi hann talað um, að kröfugerð í málinu væri rétt. Stefndi kveðst hafa mótmæli fram að færa, þar sem stefnandi hafi gefið upp allt aðrar tölur,

áður en hann hóf verkið, heldur en hafi orðið lokatölur. Dómari gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda, sem er ólöglærður.

Stefndi féllst á, að málið yrði dómtekið, eftir að dómari hafði tjáð honum, að hann gæti fengið lokafrest í viku til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu."

Dómur var síðan kveðinn upp í málinu 9. júní 1989 á grundvelli framlagðra skjala og skilríkja, eins og segir í dómsforsendum, og þar sem þau voru talin í samræmi við dómkröfur stefnanda í héraði, voru þær teknar til greina að öllu leyti.

Eins og að framan greinir, mótmælti áfrýjandi kröfum stefnda í þinghaldi 31. maí 1989. Hvorki kemur fram, að sátta hafi verið leitað né að fallið hafi verið frá að flytja málið munnlega. Skriflegur málflutningur var ekki ákveðinn. Meðferð héraðsdómara var þannig í andstöðu við ákvæði 109. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 54/1988. Ber þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins frá og með þinghaldi 31. maí 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með 31. maí 1989 eru felld úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Sveinn Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Hreiðari Sigmarssyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 9. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fyrir stefnda sjálfum á heimili hans að Botnahlíð 29, Seyðisfirði, miðvikudaginn 2. maí 1989, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 872.507 kr., með áföllnum dráttarvöxtum af stefnufjárhæðinni frá 1. júlí 1988 til greiðsludags, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti, reiknuðum á 12

mánaða fresti skv. 12. gr. laganna, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þar með 12% sérstakur söluskattur af málflutningsþóknun skv. II. kafla laga nr. 68/1987.

— — —

Stefndi sótti þing 10. maí sl., er málið var þingfest, og fékk frest til framlagningar greinargerðar til 31. maí 1989. Er málið var tekið fyrir 31. maí sl., mætti stefndi og féllst á dómtöku málsins á grundvelli framlagðra gagna án mótmæla. Málið er því dæmt á grundvelli framlagðra skjala og skilríkja, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 107.599 kr.

Dóminn kvað upp Lárus Bjarnason.

Dómsorð:

Stefndi, Hreiðar Sigmarsson verkstjóri, Botnahlíð 29, Seyðisfirði, kt. 070637-3329, greiði stefnanda, Sveini Kristjánssyni, 872.507 kr. með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum af stefnufjárhæðinni frá 1. júlí 1988 til greiðsludags, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti, reiknuðum á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laganna, og 107.599 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 431/1990. **Baldvin Ari Guðlaugsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Bergi Jónssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1990. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, jafnframt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda verði hafnað, en málskostnaður falli niður.

Héraðsdómari, sem taldi þörf sérkunnáttu í dómi, skipaði aðeins einn meðdómsmann til dómstarfa. Er það í andstöðu við 1. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, sem mælir fyrir um tvo meðdómsmenn. Samkvæmt ákvæðinu er þó heimilt, að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 23. ágúst 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 31. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 9. október 1989.

Sóknaraðili er Baldvin Ari Guðlaugsson, kt. 311265-5559, Kleifargerði 3, Akureyri.

Varnaraðili er Bergur Jónsson, kt. 171060-5169, Ketilsstöðum, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu og vangildisbóta, að fjárhæð 534.833 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð frá 22. september 1989 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, næst 22. september 1990, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Jafnframt er krafist viðurkenningar á riftun á kaupum hestsins Örvars, er stefndi keypti af stefnanda 16. júlí 1989.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef svo færi, að dómari gerði stefnda að þola riftun á kaupunum, verði stefnda einungis gert að greiða hluta söluverðsins, þar sem hesturinn hefur orðið fyrir áföllum, meðan hann var í vörslu stefnanda, sem hafa getað skemmt hann til frambúðar sem gæðing í A-flokki.

Þá krefst stefndi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

— — —

Dóm þennan kvað upp Inger L. Jónsdóttir aðalfulltrúi ásamt meðdómsmanninum Hákoni Hanssyni héraðsdýralækni.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómara.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Bergur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Baldvins Ara Guðlaugssonar.

Gagnstefndi, Baldvin Ari Guðlaugsson, greiði gagnstefnanda, Bergi Jónssyni, 39.073 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. maí 1990 til greiðsludags og málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem þykir hæfilega ákveðinn 261.456 kr.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 210/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Gunnari Utley
(Sigurður Georgsson hrl.).

Líkamsárás. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1991. Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærða og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þyngd.

Dómkröfur ákærða eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds í ákæru frá 17. maí 1990, en til vara, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa. Varðandi ákæru frá 15. október 1990 krefst ákærði þess, að hann hljóti vægustu refsingu, er lög framast leyfa. Loks er af hálfu ákærða krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Eins og gögnum málsins er háttað, verður að fallast á það með héraðsdómara, að það sé nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og honum er gefið að sök í ákæru frá 17. maí 1990. Ber þar meðal annars að hafa í huga greinargóðan framburð vitnisins Sigurðar Páls Sigurðssonar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara varðandi ákæru frá 15. október 1990 um brot ákærða gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Með vísun til þess ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Með framangreindum athugasemdum og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst sex mánaða fangelsi.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Ár 1991, föstudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 185/1991: Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Gunnari Utley, sem dómtekið var 21. mars 1991.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. maí 1990, á hendur ákærða, Sigurbirni Gunnari Utley, Hamrabergi 16 í Reykjavík, fæddum 25. júlí 1964, fnr. 367, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst 1989 á „Hallærisplani" á mótum Aðal- og Austurstrætis í Reykjavík slegið Magnús Valberg Óskarsson, fæddan 13. desember 1967, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að þrjár framtennur í efri kjálka brotnuðu, og varð að fjarlægja eina þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Þá er málið í öðru lagi höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 15. október 1990, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 26. janúar 1990 stolið sjónvarpstæki, myndbandstæki og ritvél í íbúð í Gaukshólum 2, Reykjavík".

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

I.

Fimmtudaginn 24. ágúst 1989 kom Magnús Valberg Óskarsson, kt. 131267-2909, til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði yfir því, að ráðist hefði verið á sig á svonefndu „Hallærisplani" í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst 1989 og hann sleginn í andlitið. Hefur hann skýrt frá því, að hann hafi gefið sig að stúlku þarna á planinu, en er hún hefði farið inn í bifreið, sem þarna stóð, hefði hann gengið að bifreiðinni. Hefði þá komið þar piltur að og gert sig líklegan til þess að stjaka sér frá. Kveðst Magnús Valberg hafa snúið sér að piltinum og ýtt honum frá sér. Hafi það engum togum skipt, að annar piltur, sem þarna var kominn, hafi slegið sig hnefahögg á munninn. Brotnaði hægri miðframtönn í efra gómi í Magnúsi Valberg, hluti af krónu vinstri miðframtannar brotnaði, og glerungur brotnaði úr vinstri hliðarframtönn. Magnús Valberg hefur ekki getað borið kennsl á árásarmanninn.

Sigurður Páll Sigurðsson, kunningi Magnúsar Valbergs, kveðst hafa séð, þegar Magnús Valberg var sleginn, og hafi það verið eftir hnippingar við pilt út af stúlku. Hafi pilturinn þá gengið til kunningja sinna þarna skammt frá og kvartað undan Magnúsi. Hafi einn piltur tekið sig út úr kunningjahópnum, gengið að Magnúsi og slegið hann krepptum hnefa í andlitið. Sigurður Páll hefur borið kennsl á ákærða við sakbendingu og sagt hann vera þann, sem slegið hafi Magnús Valberg.

Vitnið Erlendur Einarsson hefur kannast við að vera sá, sem lenti í hnippingum við Magnús Valberg út af stúlkunni. Hann hafi gengið frá eftir þær og viti ekki, hvað gerst hafi eftir það. Hann hafi aftur á móti frétt það seinna hjá einhverjum, að ákærði, sem hafi verið þarna á planinu, hafi slegið piltinn og brotið í honum tennur.

Vitnið Ásgeir Ásgeirsson hefur gefið svofelldar skýrslur í málinu hjá rannsóknarlögreglu: Skýrsla 24. október 1990 frá kl. 20.30 til 20.53.

„Aðspurt kveðst vitnið muna eftir að hafa verið statt á „Hallærisplaninu", þegar einhver átök áttu sér stað. Kveðst vitnið hafa farið í bæinn með kunningjum sínum, þeim Erlendi Einarssyni og Sigurbirni Utley.

Þeir hafi séð, hvar einhver átök áttu sér stað milli tveggja manna, og kveðst mætti þar þekkja annan aðilann, Magnús Óskarsson. Segir hann, að Erlendur hafi farið að skipta sér af átökum þessum og stjakaði þá Magnúsi í burtu. Aðspurður um, hvernig Erlendur hafi stjakað við Magnúsi, segir hann, að hann telji, að Erlendur hafi ýtt framan á bringuna á Magnúsi.

Þá segir mætti, að það hafi gerst, að Sigurbjörn Utley fór að skipta sér af átökunum, og kveðst hann hafa séð, er Sigurbjörn kýldi Magnús í andlitið. Við höggið, segir mætti, að Magnús hafi orðið blóðugur í andlitinu.

Hann kveðst fullyrða, að Erlendur hafi séð, hvað gerðist, vegna þess að hann stóð þar við hliðina.

Mætta er kynnt, hvað Erlendur ber í skýrslu sinni, dags. 5.9. 1989, um það atriði, þ.e., að hann hafi gengið í burtu frá Magnúsi, en síðar frétt, að Sigurbjörn Utley hefði slegið Magnús.

Mætti segir, að Erlendur hafi gjörla séð, hvað gerðist, þar sem þeir stóðu báðir í sömu fjarlægð frá Magnúsi, er Sigurbjörn sló hann með þessum afleiðingum.

Hann er spurður að því, hvort þeir Erlendur hafi rætt þetta atvik sín á milli, eftir að það hafði átt sér stað. Hann kveðst ekki muna það.

Aðspurður kveðst mætti hafa á þessum tíma umgengist Sigurbjörn Utley og hafa vitað á honum deili."

Skýrsla 5. nóvember 1990 kl. 15.07 til 15.40, sem vitnið gaf sjálfstætt og að eigin frumkvæði.

„Ég veit ekkert um þetta mál, sem ég var yfirheyrður um 24.10. sl., ég var bara að bulla og skýrði ekki rétt frá."

Sp.: Hvers vegna skýrðir þú rangt frá um daginn við yfirheyrslu?

Sv.: „Bara, ég veit það ekki."

Sp.: Varst þú þá ekki í bænum umræðu sinn með þeim, sem þú nafngreindir í skýrslu þinni 24.10. sl.?

Sv.: „Jú, jú, ég var í bænum, en ekki með þessum mönnum."

Sp.: Í skýrslu þinni 24.10. lýsir þú á nákvæman hátt átökum, sem þú sagðist þá hafa orðið vitni að. Áttu þessi átök sér ekki stað?

Sv.: „Nei."

Sp.: Hver er skýringin á þessum ranga framburði?

Sv.: „Bara, ég ætla ekki að fá Sibba brjálaðan á eftir mér."

Sp.: Er ástæðan fyrir því, að þú ert nú að breyta framburði þínum, sú að koma í veg fyrir, að þú fáir Sibba brjálaðan á eftir þér?

Sv.: „Já, já, þetta er bara rugl, að Sibbi hafi gert þetta."

Sp.: Eftir að þú gafst þína skýrslu hér um daginn, hefur þú þá rætt við Sigurbjörn, sem þú kallar Sibba og er kærður í málinu?

Sv.: „Nei, nei."

Þegar vitnið kom fyrir dóm, sagðist það hafa verið statt í miðbænum, þegar atburðir málsins urðu, en ekki á planinu. Hafi það því ekki séð, þegar Magnús Valberg var sleginn. Var það rækilega brýnt á vitnaábyrgðinni og spurt, af hverju það hefði skýrt frá í fyrstu skýrslu sinni eins og það gerði, og kvaðst það ekki vita það. Það hefði verið allsgáð, þegar það gerði það, en þunnt af drykkju daginn áður.

Eiríkur Hreinn Helgason rannsóknarlögreglumaður, sem tók skýrsluna af vitninu, hefur skýrt frá því, að erfitt hafi verið að fá Ásgeir til yfirheyrslu í fyrra sinnið, en þegar það hafi loks tekist, hafi Ásgeir gefið afdráttarlausa

skýrslu, og minnir vitnið, að hann hafi skýrt frá af sjálfsdáðum, enda hafi skýrslugerðin tekið stutta stund, eins og sjáist á skýrslunni. Í síðara skiptið hafi Ásgeir komið að eigin frumkvæði. Þeir Ásgeir hafi eitthvað spjallað saman, áður en hin eiginlega skýrslugerð hófst, og segist það þá hafa fengið það sterklega á tilfinninguna, að Ásgeir ætlaði að gefa ranga skýrslu. Segir vitnið, að það hafi skrifað orðrétt eftir honum, enda hafi því virst Ásgeir vera mjög ótrúverðugur í frásögn sinni. Hafi það skilið Ásgeir þannig, að hann væri einungis að breyta skýrslu sinni til að þóknast ákærða.

Önnur vitni eru ekki tiltæk.

Ákærði hefur neitað því að hafa slegið Magnús Valberg Óskarsson. Hann kannast þó við að hafa verið þarna á planinu þessa nótt. Kveðst hann hafa setið inni í bifreið og hafa orðið var við það, að ryskingar urðu rétt við bílinn. Hann hafi stigið út og séð einn eða tvo pilta vera blóðuga í framan. Hafi ryskingarnar verið á milli pilta úr Mosfellssveit og Breiðholti. Kveðst ákærði kannast við piltana úr Breiðholtinu, og muni einn þeirra hafa átt upptök að ryskingunum, og heiti sá Hermann. Viti hann ekki nánari deili á honum. Þá kveður ákærði pilt að nafni Erlend Einarsson hafa komið þarna við sögu. Segir ákærði, að sér hafi skilist seinna á unglingum, sem þarna voru, að Erlendur þessi hafi slegið Mosfellinginn, en hann kunni ekki að nafngreina vitni að því.

Niðurstaða.

Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa slegið Magnús Valberg Óskarsson. Aftur á móti hefur vitnið Sigurður Páll Sigurðsson borið kennsl á hann sem árásarmanninn. Þá hefur Ásgeir Ásgeirsson gefið greinargóða og trúverðuga skýrslu hjá rannsóknarlögreglu um það, að ákærði hafi slegið Magnús í andlitið, svo að blæddi úr. Ásgeir hefur svo dregið þessa skýrslu sína til baka og ekki gefið aðra viðhlítandi skýringu á því en að hann óttaðist reiði ákærða. Að þessu athuguðu þykir vera sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið Magnús Valberg í andlitið með þeim afleiðingum, sem greinir hér að framan. Hefur hann með þessu brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Örn Höskuldsson hrl. hefur gert svofellda fébótakröfu á hendur ákærða, dagsetta 9. nóvember 1990:

„Hér með leyfi ég mér f.h. Magnúsar V. Óskarssonar, Hlíðarási 8, Mosfellsbæ, að gera eftirfarandi skaðabótakröfu á hendur Sigurbirni G. Utley, en umbjóðandi minn varð fyrir líkamsárás af hálfu Sigurbjarnar þann 19. ágúst 1989.

Krafan er svohljóðandi:

Tannviðgerðir	kr.	115.525
Dráttarvextir	kr.	23.831
Miskabætur	kr.	100.000
	Kr.	239.356

Þess er krafist, að dæmd bótafjárhæð beri dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 14. gr. s.l. frá 9.11. 1990 til greiðsludags.

Miskabótakröfuna rökstyð ég með því, að um sársaukafullar afleiðingar árásarinnar var að ræða. Auk þess varð umbjóðandi minn að gangast undir aðgerðir á tönnum, og verður hann að búa við það, sem eftir er ævinnar, að hafa gervitönn í stað sinnar eigin. Er öruggt, að hann mun þurfa að láta skipta um tönn þessa a.m.k. tvisvar á ævinni."

Fjártjón er stutt reikningi, og miskabótakröfunni er í hóf stillt. Ber þannig að dæma ákærða til þess að greiða Magnúsi Valberg 215.525 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. ágúst 1989 að telja til greiðsludags.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ásamt öðrum farið inn í íbúð í Gaukshólum 2 og stolið þar sjónvarpstæki, myndbandstæki og ritvél. Hefur ákærði með þessu orðið brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Kjartan Margeirsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 35.000 krónur í bætur fyrir ritvél og skemmdir á sjónvarpi og hurð. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, en ákærði hefur samþykkt að greiða Kjartani 20.000 krónur. Ber að dæma hann til þess að greiða honum þá fjárhæð.

Refsing og sakarkostnaður.

Ákærði hefur til þessa hlotið sautján refsidóma fyrir hegningarlagabrot. Auk þess hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum. Refsing hans verður hegningarauki við tvo fangelsisdóma, 30 og 45 daga. Ákærði er sí-brotamaður, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði Magnúsi Valberg Óskarssyni 215.525 krónur ásamt

dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. ágúst 1989 að telja til greiðsludags.

Ákærði greiði Kjartani Margeirssyni 20.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 441/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann hans. Kæran er frá 30. október sl., en barst Hæstarétti 1. nóvember s.á. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í gögnum málsins segir, að varnaraðili sé samkvæmt vegabréfi ríkisborgari í Namibíu og beri nafnið Torbjörnen Gunnasson.

Varnaraðili er erlendur maður og án fasts heimilisfangs eða atvinnu, að því er séð verður af gögnum málsins. Hann hefur hér á landi verið undir lögreglurannsókn vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ríkissaksóknari hefur nú birt ákæru á hendur honum, þar sem hann er sakaður um hótelsvik, fjársvik og umboðssvik. Næsta þinghald í máli hans er fyrirhugað í dag. Þörf er á dvöl varnaraðila hér á landi vegna meðferðar málsins fyrir sakadómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namibískur ríkisborgari og fæddur 3. september 1965, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbanns, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00.

Í gær gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni. Í fyrsta kafla hennar er hann ákærður fyrir hótelsvik gagnvart Hótel Holti við Bergstaðastræti hér í borg, að fjárhæð 214.823 kr., og gagnvart Hótel Íslandi, Ármúla 9, einnig hér í borg, að fjárhæð 41.602 kr. Í öðrum kafla ákæru er hann ákærður fyrir fjársvik gagnvart heildsölufyrirtækinu Kristu sf., Kringlunni 8-12, Reykjavík, að fjárhæð 426.671 kr. Er háttsemi þessi talin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í þriðja kafla ákæru eru ákærða gefin að sök umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa misnotað greiðslukort sitt í staðgreiðsluviðskiptum, að fjárhæð 38.865 kr., en kortið hafði þá verið sett á svokallaðan vákortalista vegna misnotkunar ákærða.

Vegna rannsóknar mála þeirra, sem ákæra er reist á, hefur ákærði sætt farbanni frá 18. þ.m. Rennur það út kl. 16.00 í dag.

Með vísan til þess, er að framan er rakið, og skírskotun til 72. gr. laga nr. 74, 1974, og 15. gr. laga nr. 45, 1965, um eftirlit með útlendingum, telur dómurinn rétt til þess að tryggja nærveru ákærða við réttarhöld þau, sem fram undan eru í máli hans, að verða við kröfu ákæruvaldsins um áframhaldandi farbann, eins og hún er fram sett. Skal ákærði sæta farbanni með þeim skilmálum, sem greinir í úrskurðarorði.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist, að kostnaður af dvöl hans hérlendis verði greiddur úr ríkissjóði. Krafa þessi á sér enga lagastoð, og er henni vísað frá dómi.

Þá er þess og krafist af hálfu ákærða, að hann fái afhenta persónulega muni, sem RLR hefur nú í vörslum sínum, einkum skilríki.

Úrskurður hefur gengið um haldlagningu munanna, sem staðfestur hefur verið með dómi Hæstaréttar. Rétt þykir að láta áfram við svo búið sitja, og er kröfu þessari því hafnað.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, sem talinn er namibískur ríkisborgari og fæddur 3. september 1965, skal sæta áfram farbanni, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00. Hann skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi, og halda skal hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og mæta á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 til að tilkynna um veru sína.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 93/1989. **Jökull hf.**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
sjávarútvegsráðherra
f.h. sjávarútvegsráðuneytisins
og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Stjórnsýsla. Ógild stjórnarathöfn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins frá 7. ágúst 1987 í málinu nr. 59/1987 verði felldur úr gildi og ríkissjóði verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara krefjast þeir þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, á hvern hátt sjávarútvegsráðuneytið hefur eftirlit með því, að settum reglum um stjórnkerfi fiskveiða sé fylgt. Sérstakir eftirlitsmenn starfa á vegum ráðuneytisins og fylgjast með löndun á afla, eftir því sem tök eru á. Þá beinist eftirlit ráðuneytisins einnig að athugun á því, hvort framleiðslumagn fiskvinnslufyrirtækja sé í samræmi við hráefniskaup, sem þau og aflaseljendur hafa gefið Fiskifélagi Íslands skýrslur um, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987 og 12. gr. reglugerðar nr. 465/1985 um stjórn botnfisksveiða 1986. Þá greinir einnig frá því í dóminum, að umfangsmikil könnun hafi farið fram

í ársbyrjun 1987 á því, hvort samræmi væri milli framleiðslumagns og hráefniskaupa fiskvinnslufyrirtækja á árinu 1986, og var fyrirtæki áfrýjanda valið til athugunar. Taldi ráðuneytið, að verulegt misræmi væri milli framleiðslumagns áfrýjanda og hráefnismagns þess, sem áfrýjandi hafði haft til vinnslu á árinu 1986, samkvæmt þeim upplýsingum, sem áfrýjandi hafði sjálfur gefið Fiskifélagi Íslands um innvegið aflamagn og ráðstöfun þess. Samkvæmt heimild í lögum nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla kvað sjávarútvegsráðuneytið upp úrskurð þann, sem um er deilt í máli þessu, hinn 7. ágúst 1987.

II.

Meginmálsástæða áfrýjanda er sú, að lög nr. 32/1976 brjóti gegn ákvæðum 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sem kveður á um þrískiptingu ríkisvaldsins, og því beri að ógilda úrskurð ráðuneytisins. Telur hann, að með setningu laganna hafi löggjafarvaldið gengið lengra en stjórnarskráin heimili með því að framselja dómsvald í hendur framkvæmdarvaldinu. Með lögunum sé sjávarútvegsráðuneytinu ekki eingöngu falið dómsvald, heldur einnig rannsóknarvald og saksóknarvald um þau málefni, er lögin taka til. Þá telur hann lögin einnig brjóta gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var fyrir Ísland á árinu 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

Lög nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla eru um margt sérstök og eiga sér fáar hliðstæður í íslenskri löggjöf. Samkvæmt 3. gr. laganna úrskurðar sjávarútvegsráðuneytið, hvort um ólöglegan sjávarafla sé að ræða og í hve miklu magni. Heimilt er að áætla magnið eftir framkomnum gögnum, ef vafi leikur á um það. Ráðuneytið úrskurðar einnig, hvert vera skuli andvirði hins ólöglega afla, sem upptöku sætir. Í 3. mgr. 3. gr. er kveðið á um það, á hverju ráðuneytið skuli byggja ákvarðanir sínar. Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna. Af lögskýringargögnum má ráða, að þessi leið sé réttlætanleg vegna ríkrar nauðsynjar þess, að friðunarreglum sé framfylgt á sem skjótastan hátt.

Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki verið skilið á þann hátt, að löggjafanum sé óheimilt að fela stjórnvöldum úrskurðarvald á tilteknu sviði. Þótt sjávarútvegsráðuneytinu séu veittar mjög

víðtækar heimildir með lögum þessum til upptöku ólöglegs sjávarafla og ákvörðunar um andvirði hans, ber að hafa í huga, að úrskurðir ráðuneytisins verða bornir undir almenna dómstóla. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að lög nr. 32/1976 brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er ekki heldur fallist á það, að framangreind lög séu andstæð 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en sáttmálinn hefur ekki öðlast lagagildi hér á landi.

III.

Áfrýjandi heldur því fram, að ógilda beri úrskurð ráðuneytisins vegna þess, að hann sé gallaður að formi til. Hann sé órökstuddur og ekki hafi verið gætt réttra aðferða við rannsókn málsins, m.a. hafi ekkert samband verið haft við seljendur aflans, áður en úrskurðurinn var kveðinn upp.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/1976 skal ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla tekin með skriflegum úrskurði, og samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 232/1986 um upptöku ólöglegs sjávarafla skal úrskurðurinn vera rökstuddur. Úrskurðarorð hins umdeilda úrskurðar ráðuneytisins frá 7. ágúst 1987 er tekið upp í hinn áfrýjaða dóm, en hann er rökstuddur á eftirfarandi hátt:

„Mál nr. 59/1987.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 21. apríl 1987, þar sem óskað var eftir skýringum vegna misræmis á magni afurða, framleiddra á árinu 1986, og uppgefnum afla til Fiskifélags Íslands. Samkvæmt athugun ráðuneytisins vantar 120 lestir af þorski til þess að standa undir framleiðslu Jökuls hf. á árinu 1986.

Ráðuneytið hefur ekki beint neinar skýringar á þessu misræmi, og staðfesta upplýsingar í bréfi Jökuls hf., dags. 6. júlí 1987, að fyrri skýrslur til Fiskifélags Íslands hafi verið rangar.

Ráðuneytið telur, að misræmi þetta stafi af því, að Fiskifélagi Íslands hafi vísvitandi verið gefnar upp rangar upplýsingar í því skyni að fara í kringum reglur um þorskkvóta báta, sem leggja upp hjá Jökli hf. Sé því hér um ólöglegan afla að ræða, og beri að gera upptækar 120 lestir af óslægðum þorski hjá Jökli hf. vegna afla, sem tekinn var til vinnslu hjá fyrirtækinu árið 1986.

Ráðuneytið hefur ákveðið meðalverð til upptöku kr. 16,00 pr.

kíló miðað við þorskígildi. Andvirði hins ólöglega afla, sem til upptöku kemur, er því kr. 1.536.000.“

Í 1. til 4. tl. 1. gr. laga nr. 32/1976 er kveðið á um það, hvað sé ólöglegur sjávarafli. Ekki kemur fram í úrskurðinum, á hvaða ákvæði greinarinnar er byggt. Engin grein er gerð fyrir aflaheimildum (kvóta) þeirra báta, sem lögðu upp hjá áfrýjanda á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og hvort þær voru fullnýttar. Þá kemur ekki heldur fram, við hvaða aflamagn eða framleiðslumagn er miðað. Í 3. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um það, á hverju ráðuneytið skuli byggja ákvarðanir sínar. Þar segir m.a., að ráðuneytið skuli jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum sjávarafla, sem talinn er ólöglegur, kost á að gera grein fyrir sínu máli. Ekkert samband var haft við seljendur aflans, áður en úrskurður var kveðinn upp, og var ráðuneytinu þó kunnugt um nöfn tiltekinna báta, sem lögðu upp afla hjá áfrýjanda. Ráðuneytinu bar að fara eftir skýlausu orðalagi laganna og gefa seljendum aflans kost á að tala sínu máli, og nægir ekki, þótt það hafi verið gert eftir á við meðferð kærumálsins. Samkvæmt þessu var málsmeðferð ráðuneytisins um margt áfátt.

Sérstök þörf er á rökstuðningi stjórnsýsluákvarðana, þegar þær eru íþyngjandi og fela í sér refsikennd viðurlög. Eins og hér stendur á, þar sem ráðuneytinu er falið bæði rannsóknarvald og úrskurðarvald og um mikla hagsmuni er að ræða, er sérstök nauðsyn á vandaðri málsmeðferð, bæði um undirbúning og gagnaöflun svo og úrskurðinn sjálfan. Samkvæmt framansögðu fullnægir úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins 7. ágúst 1987 ekki þeim kröfum, sem gera verður til rökstuddra úrskurða í slíkum málum. Ber því að fella hann úr gildi svo og hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum meðdómendum.

Dómsorð:

Úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins, dagsettur 7. ágúst 1987, í málinu nr. 59/1987 er felldur úr gildi svo og hinn áfrýjaði dómur.

Stefndu, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jökli hf., 450.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., er höfðað með framlagningu gagna í dómi 14. apríl sl.

Sóknaraðili er Jökull h/f, Hellissandi.

Varnaraðilar eru sjávarútvegsráðherra f.h. sjávarútvegsráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að felldur verði úr gildi með dómi réttarins úrskurður sjávarútvegsráðuneytis, dags. 7. ágúst 1987, í málinu nr. 59/1987, en úrskurðarorð hljóðar svo:

„Samkvæmt lögum nr. 32, 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla og reglugerð sama efnis nr. 232, 6. maí 1986, eru 96,0 þorskígildi af afla þeim, sem Jökull hf. tók á móti til vinnslu á árinu 1986, gerð upptæk af sjávarútvegsráðuneytinu, og skal andvirði hins ólöglega afla, 1.536.000 kr., renna til fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Úrskurður þessi er hér með birtur Skúla Alexanderssyni f.h. Jökuls hf., Hellissandi.

Kærufrestur til sjávarútvegsráðuneytisins er 30 dagar frá dagsetningu úrskurðar. Sé andvirði ólöglegs sjávarafla ekki greitt innan 30 daga frá lokum kærufrests, reiknast vanskilavextir á skuldina í samræmi við 5. gr. laga nr. 58/1960 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför, hafi andvirði upptöku ekki verið greitt innan 60 daga frá lokum kærufrests."

Þá krefst sóknaraðili þess, að ríkissjóði verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og málskostnaðarreikningi, sem hann afhenti dóminum við flutning málsins. Þá krefst hann þess einnig, að vextir verði dæmdir af málskostnaði og að í dómi verði kveðið á um söluskatt á málflutningsþóknun.

Af hálfu varnaraðila eru þær kröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir.

Frá ársbyrjun 1984 hefur veiðum á helstu botnfiskstegundum við landið verið stjórnað með svonefndu kvótakerfi. Í árslok 1985 voru samþykkt lög nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga

skyldi sjávarútvegsráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða með reglugerð þann afla, sem veiða mátti úr helstu botnfiskstegundum við Ísland á komandi ári. Samkvæmt 2. gr. laganna má enginn stunda botnfisksveiðar nema að fengnum sérstökum leyfum. Ákvörðun um leyfilegan afla botnfisks árið 1986 var tekin í reglugerð nr. 465/1985 um stjórn botnfisksveiða 1986.

Sérstakir eftirlitsmenn hafa starfað á vegum sjávarútvegsráðuneytisins til þess að fylgjast með því, að settum reglum um stjórnkerfi fiskveiða sé fylgt. Fara þeir í veiðiferðir með fiskiskipum og fylgjast með löndun á afla, eftir því sem tök eru á. Því er haldið fram af varnaraðila, að eftirlitsmenn þessir hafi iðulega komist að sameiginlegum tilraunum skipstjórnarmanna og fiskvinnslufyrirtækja, er kaupa afla, til að skjóta undan afla eða láta skrá aflategundir ranglega. Til að hafa virkt eftirlit með því, að ekki sé farið í kringum reglur um fiskveiðikvóta báta með þessum hætti, hafi eftirlit ráðuneytisins einnig beinst að því að athuga, hvort framleiðslumagn fiskvinnslufyrirtækja á ákveðnu tímabili sé í samræmi við þau hráefniskaup, sem þau og aflaseljendur hafa gefið Fiskifélagi Íslands skýrslur um skv. 15. gr. l. nr. 97/1985 og 12. gr. reglugerðar nr. 465/1985 um stjórn botnfisksveiða 1986.

Í ársbyrjun 1987 fór fram umfangsmikil könnun á því, hvort samræmi væri milli framleiðslumagns og hráefniskaupa fiskvinnslufyrirtækja á árinu 1986. Sú könnun tók til fjölmargra fiskvinnslufyrirtækja. Fyrirtæki sóknaraðila var valið til athugunar, og komu þær skýringar fram í málinu, að annars vegar hefði eftirlitsmönnum ráðuneytisins borist til eyrna orðrómur um, að óvenjumikill ýsuafli væri hjá bátum þeim, er lönduðu hjá sóknaraðila, og hins vegar hafi það komið fram við athugun eftirlitsmanna í febrúar 1987 á afla tveggja báta, sem lögðu upp hjá sóknaraðila á árinu 1986, að afli var ranglega gefinn upp við vigtun. Annar þessara báta lagði afla sinn upp hjá sóknaraðila, er þetta gerðist.

Hafi ráðuneytið aflað sér gagna frá Fiskifélagi Íslands, útflytjendum á framleiðsluvörum stefnanda og hjá sóknaraðila sjálfum um framleiðslu hans á árinu 1986. Þá hafi verkstjóri sóknaraðila upplýst, að engar birgðir saltfisks hefðu verið til staðar í húsinu í upphafi árs 1986. Hins vegar hefðu saltfisksbirgðir í lok árs 1986 verið 8,9 tonn auk 3,2 tonna, er flutt hefðu verið út með Eldvík 5. janúar 1987. Við athugun ráðuneytisins kom í ljós, að allnokkuð var um það, að sóknaraðili seldi afurðir til fiskverslana innan lands, og fékk ráðuneytið gögn um þá sölu frá bókhaldara sóknaraðila.

Ráðuneytið taldi athugun þessa leiða í ljós, að verulegt misræmi væri milli framleiðslumagns fyrirtækisins á þorsk- og ýsuafurðum og þess hráefnismagns, sem fyrirtækið hafði haft til vinnslu á árinu 1986, samkvæmt

þeim upplýsingum, sem sóknaraðili hafði sjálfur gefið Fiskifélagi Íslands um innvegið aflamagn og ráðstöfun þess.

Hafði fyrirtækið þannig framleitt 408.258 kg af þorskafurðum, er skiptust í saltfisksframleiðslu 392.320 kg, frystar afurðir 7.711 kg og aðra vinnslu úr þorski, er nam 8.227 kg. Miðað við þá nýtingarstuðla, er ráðuneytið studdist við í athugunum sínum á fiskvinnslufyrirtækjum við Breiðafjörð, þurfi alls um 1238 tonn af óslægðum þorski til að standa undir þeirri framleiðslu, þar af 1187 tonn til saltfisksframleiðslunnar, en 21 tonn til frystingar og 30 tonn til annarrar vinnslu. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafi það haft alls 1118 tonn til ráðstöfunar, en að mati ráðuneytisins gat það þó vart verið meira en 1114 tonn, þar eð gögn hafi bent til, að með ráðstöfunarafla í þorski væru talin 4 tonn í ufsa og löngu, er framleidd voru á árinu 1986, án þess að það hráefni kæmi fram á vigtarskýrslum. Samkvæmt þessu taldi ráðuneytið, að vantaði a.m.k. 124 tonn af óslægðum þorski inn í húsið, til að það gæti staðið undir allri þorskframleiðslunni, og gerði það athugasemdir við það.

Ýsuframleiðsla sóknaraðila hafi verið 18.313 kg. Samkvæmt nýtingarstuðlum, er ráðuneytið studdist við, hafi þurft 42 tonn af óslægðri ýsu til að standa undir þeirri framleiðslu, en skv. gögnum fyrirtækisins hefði það haft til ráðstöfunar 69 tonn. Miðað við innveginn afla vantaði því framleiðslu úr 27 tonnum af ýsu, sem ráðuneytið gerði einnig athugasemd við.

Með bréfi ráðuneytisins 21. apríl 1987 sendi ráðuneytið sóknaraðila yfirlit yfir innveginn afla og ráðstöfun hans og niðurstöður út úr bakfærðri framleiðslu og óskaði eftir því, að fullnægjandi skýringar yrðu gefnar á athugasemdum ráðuneytisins. Jafnframt var sóknaraðila bent á, að allar frekari upplýsingar, er hann teldi sig þurfa á að halda í þessu sambandi, yrðu góðfúslega veittar.

Sóknaraðili lýsti því í bréfi 4. maí 1987, að fyrirtækið gerði aldrei skörp skil á milli tegunda innvegins afla. Jafnframt óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um reiknaða nýtingu einstakra afurða fyrirtækisins og hvaða upplýsingar ráðuneytið hefði um útflutning fyrirtækisins á vegum einstakra útflutningsaðila.

Þessari fyrirspurn svaraði varnaraðili með bréfi 14. maí 1987, þar sem ýtarlega var sundurliðuð nýting í 393.120 kg saltfisksframleiðslu og gefnir upp nýtingarstuðlar í annarri framleiðslu. Jafnframt var sóknaraðila gefinn kostur á að gera athugasemdir við nýtingarstuðlana og gert viðvart um, að ráðuneytið myndi grípa til aðgerða lögum samkvæmt eftir 1. júní 1987, kæmi ekkert fram af hálfu sóknaraðila, er skýrði misræmi það, sem ráðuneytið teldi vera á framleiðsluskýrslum og skýrslum um innveginn afla.

Sóknaraðili fékk síðan frekari frest til svara af sinni hálfu. Í framhaldi af því sendi sóknaraðili svo svör sín 6. júlí 1987. Sendi sóknaraðili yfirlits-

útskrift úr bókhaldi yfir keyptan afla og staðhæfði, að niðurstöður ráðuneytisins, hvað varðaði innveginn heildarafla, væru rangar. Segir varnaraðili um þetta, að sóknaraðili hafi ekki gefið frekari skýringar á misræmi milli framleiðslumagns og keypts afla né heldur hafi hann gert athugasemdir við eða gagnrýnt á rökstuddan hátt nýtingarstuðla þá, sem ráðuneytið studdist við í útreikningum sínum.

Sjávarútvegsráðuneytið kvað síðan upp úrskurð sinn 7. ágúst 1987 og komst að þeirri niðurstöðu, að 120 tonn af þorski vantaði til þess að standa undir framleiðslu hússins á árinu 1986 og að það teldi misræmi milli magns framleiddra afurða og uppgefins afla til Fiskifélags Íslands stafa af því, að Fiskifélaginu hefðu vísvitandi verið gefnar rangar upplýsingar í því skyni að fara í kringum reglur um þorskkvóta báta, sem lögðu upp afla sinn hjá sóknaraðila. Því væri um ólöglegan afla að ræða, og beri að gera upptækar 120 lestir af óslægðum þorski hjá sóknaraðila vegna afla, sem tekinn var í vinnslu hjá fyrirtækinu árið 1986. Ráðuneytið ákvað meðalverð til upptöku 16 krónur fyrir hvert kíló miðað við þorskígildi og gerði samkvæmt því upptæk 96 þorskígildi af þeim afla, sem stefnandi tók á móti til vinnslu á árinu 1986.

Sóknaraðili kærði úrskurð þennan í bréfi 3. september 1987. Í framhaldi af því fór fram frekari athugun í ráðuneytinu. Meðal annars óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá þeim útgerðaraðilum, sem vitað var um, að hefðu lagt upp hjá sóknaraðila 1986. Staðfestu þeir bréflega það, sem þeir höfðu tilkynnt Fiskifélagi Íslands, að undanskildum einum, sem sendi ljósrit af vigtarskýrslum.

Framhaldsrannsókn ráðuneytisins leiddi ekkert í ljós, sem það taldi geta skýrt misræmi milli framleiddra þorskafurða og móttekins afla, og af hálfu sóknaraðila hafi ekki heldur komið fram við kærumeðferðina neinar skýringar né rökstudd gagnrýni á nýtingarstuðla ráðuneytisins. Ráðuneytið taldi því engar forsendur til að fella niður eða lækka fyrri áætlun sína, og 24. nóvember 1987 úrskurðaði ráðuneytið um kæru sóknaraðila á þann veg, að úrskurður ráðuneytisins nr. 59/1987 frá 7. ágúst 1987 skyldi standa óraskaður.

Málsástæður og lagarök aðila.

Sóknaraðili telur lög nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla brjóta gegn því meginatriði í stjórnarskrá lýðveldisins nr. 33/1944, að dómsvaldið skuli vera hjá dómendum, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins.

Ljóst sé, að með setningu laganna hafi löggjafarvaldið gengið miklu lengra en stjórnarskráin heimili með því að framselja dómsvald í hendur framkvæmdarvaldinu. Enginn vafi leiki á því, að dómstólar hér á landi

geti metið, hvort lög að efni til séu andstæð stjórnarskránni, og komist dómstólar að þeirri niðurstöðu, að lög, annaðhvort að setningarhætti eða efni, séu í ósamræmi við stjórnarskrána, beri að virða þau að því leyti að vettugi.

Einnig megi benda á, að löggjafinn hafi ekki aðeins með setningu laganna framselt framkvæmdarvaldinu dómsvald í hendur, heldur sé sama framkvæmdarvaldshafa einnig með lögunum veitt rannsóknarvald og saksóknarvald varðandi þau málefni, er lögin fjalla um.

Þá telur sóknaraðili úrskurðinn gallaðan að formi til, og ekki hafi verið gætt réttra aðferða við rannsókn málsins, og því beri að fella úrskurðinn úr gildi af þeim ástæðum, ef ekki yrði fallist á fyrstu málsástæðuna.

Sóknaraðili telur úrskurðinn órökstuddan og bendir einnig á, að ekkert samband hafi verið haft við seljendur þess afla, er lagður var upp hjá stefnanda árið 1986, þrátt fyrir skýr ákvæði reglugerðar nr. 232 frá 6. maí 1986, sem kveði á um skyldu til þess að rökstyðja úrskurði ráðuneytisins, svo og að gefa bæði kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir máli sínu.

Enginn vafi leiki á úrskurðarvaldi dómstóla í þessu sambandi, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Verði á hvoruga þá málsástæðu fallist, sem hér að ofan eru taldar, telur sóknaraðili, að úrskurðinn beri að fella úr gildi, af því að hann sé efnislega rangur og eigi ekki við nein rök að styðjast. Ráðuneytið komist að niðurstöðum sínum með ágiskun, að því er varði nýtingarhlutfall þess afla, sem sóknaraðili keypti á árinu 1986, sem ekki fái staðist, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir öllum þeim fiski, sem sóknaraðili hafi keypt á umræddu ári, og hafi ráðuneytið enga sönnun lagt fram fyrir hinu gagnstæða, enda sé þar aðeins um tilbúnar forsendur að ræða, fjarri hinu sanna.

Í bréfi ráðuneytisins til sóknaraðila, dagsettu 14. maí 1987, komi fram þau nýtingarhlutföll, sem ráðuneytið noti til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að 96 þorskígildi vanti á uppgefinn afla sóknaraðila á árinu 1986.

Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu samanburð á reiknaðri nýtingu á keyptu hráefni 1986, annars vegar með tilliti til áætlaðs nýtingarhlutfalls sjávarútvegsráðuneytisins, sem fram kemur í bréfi þess frá 14. maí 1987, og hins vegar nýtingarhlutfall eins og sóknaraðili segir það hafa verið samkvæmt athugun, sem gerð hafi verið á vegum Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda 1984. Í fyrsta lagi sé rétt að vekja athygli á því, að sjávarútvegsráðuneytið geri ekki ráð fyrir því í áætlun sinni, að því er varðar saltfisksframleiðslu stefnanda á árinu 1986, að sóknaraðili hafi átt 7.276 kg af saltfiski 31. desember 1985, sem hefði svarað til 18.420 kg af óslægðum fiski, ef notað sé áætlað nýtingarhlutfall sjávarútvegsráðuneytisins, og

ætti því af þeim ástæðum þegar að draga 18,5 tonn frá ætluðum vantöldum afla að mati sjávarútvegsráðuneytisins.

Að öðru leyti telur sóknaraðili, að samanburður þessi leiði í ljós, að miðað við meðalnýtingu samkvæmt athugunum Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda hefði þurft 1.110.265 kg til saltfisksframleiðslunnar 1986.

Í málinu komi fram, að sóknaraðili hafi nýtt 1.111 tonn til saltfisksframleiðslu árið 1986.

Þá telur sóknaraðili það renna frekari stoðum undir þá fullyrðingu sína, að áætlanir sjávarútvegsráðuneytisins um nýtingu keypts afla 1986 í saltfisksframleiðslu séu út í bláinn og alrangar, að í framangreindri athugun sóknaraðila, þar sem verkun á tandurfiski á tímabilinu nóvember til desember 1987 var könnuð, hafi nýtingarhlutfall hjá sóknaraðila verið 43,66%, en sjávarútvegsráðuneytið geri ráð fyrir því, að hámarksnýting í tandurverkun sé 39,5%.

Sóknaraðili telur því ljóst, að sjávarútvegsráðuneytið búi sér til tölur um aflanýtingu, sem séu talsvert miklu lægri en sóknaraðila hefur tekist að ná, enda liggi frammi í málinu sundurliðun á öllum fiskkaupum sóknaraðila á árinu 1986, og hafi sjávarútvegsráðuneytið engum stoðum getað rennt undir þær fullyrðingar sínar, að þar sé rangt frá skýrt eða að meiri afli hafi verið keyptur á árinu 1986. Í gögnum málsins séu allir bátar tilgreindir, sem fiskur hafi verið keyptur af, en ráðuneytið hafi ekki haft samband við neinn útgerðaraðila þeirra skipa, áður en það kvað upp úrskurð sinn, svo sem áður er getið.

Þá heldur sóknaraðili því fram, svo sem fram hafi komið við yfirheyrslur í máli þessu, að fiskur sá, er hann keypti, hafi verið úrvalshráefni og ýmsar forsendur, sem ráðuneytið gefi sér um nýtingu, því beinlínis rangar, hvað sóknaraðila snertir. Nefnir hann þar einkum til, að nánast engin loðna hafi verið í fiski þeim, er hann keypti, loðna hafi gengið seint í Breiðafjörð á vetrarvertíð 1986, og enn fremur hafi fiskur verið veiddur, þar sem loðna var alls ekki. Sóknaraðili nefnir ýmis fleiri atriði í þessu sambandi, sem hann telur, að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til, er ráðuneytið ákvað nýtingarstuðla sína.

Ljóst sé að mati sóknaraðila, að honum hafi nýst aðkeypt hráefni á árinu 1986 talsvert betur en sjávarútvegsráðuneytið gerir ráð fyrir, og það hafi ekki fært neinar sönnur á, að sóknaraðili hafi fengið meiri afla en fram komi í skýrslum sóknaraðila, auk þess, að hann hafi látið fara fram sérstaka athugun á bókhaldi sínu, sem sýni, að ekkert bendi til þess, að sóknaraðili hafi fengið afla umfram það, sem reglur gera ráð fyrir.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að ekki verði byggt á þeirri málsástæðu stefnanda, að lög um upptöku ólöglegs sjávarafla nr. 32/1976 séu andstæð 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, þegar af þeirri ástæðu, að for-

svarsmaður sóknaraðila, Skúli Alexandersson, hafi tekið þátt í meðferð frumvarps þess, sem síðan varð að umræddum lögum, án þess að vekja þá máls á þeim sjónarmiðum, sem hann byggir á hér og nú um gildi laga þessara.

Sóknaraðili víki aðeins lauslega í málatilbúnaði sínum að því valdi, sem sjávarútvegsráðuneytinu sé veitt í 3. gr. laga nr. 32/1976, án þess að útlista sérstaklega, að hvaða leyti hann telji farið út fyrir ramma 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekki sé unnt að fallast á réttmæti þessarar málsástæðu. Vandséð sé, hvernig eftirlit sjávarútvegsráðuneytisins með því, að sjávarafli sé innan ramma þeirra veiðileyfa, er ráðuneytið veitir á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, geti falið í sér, að farið sé inn á verksvið dómstóla. Ekki verði heldur fallist á, að það vald, sem ráðuneytinu er veitt í 3. gr. laganna til að úrskurða, hvort um ólögmætan sjávarafla sé að ræða, magn hans og andvirði, og heimildir ráðuneytisins til að leggja þar til grundvallar áætlanir, brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar hafi aldrei verið skilin svo, að löggjafanum sé óheimilt að fela stjórnvöldum úrskurðarvald á tilteknu sviði, hvort sem um sé að tefla ágreiningsefni milli einstaklinga eða milli stjórnvalda og einstaklinga.

Bent er á, að upptaka ólögmæts sjávarafla er ekki háð því, að um refsiverðan verknað sé að tefla, svo sem skýrlega sé tekið fram í 2. gr. laga nr. 32/1976. Upptaka sjávarafla byggist á því, að enginn megi öðlast rétt yfir sjávarafla, sem veiðist andstætt þeim friðunarreglum, er gilda um þessa sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, og skuli andvirði slíks afla því undantekningarlaust skilað án tillits til saknæmis verknaðar í sérstakan sjóð, sem varið sé til fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum. Upptaka verði því ekki skilgreind sem refsiviðurlög. Úrskurðarvald ráðuneytisins byggist á gildum rökum um nauðsyn skjótrar afgreiðslu slíkra mála, og lögum samkvæmt sé heimilt að bera lögmæti ákvörðunar ráðuneytisins um upptöku afla undir almenna dómstóla, eins og hér sé gert. Hafi afli komið til við refsiverðan verknað og opinbert mál höfðað til refsingar, sé ráðgert, að í því tilviki sé heimilt skv. 4. gr. laganna að vísa úrskurði ráðuneytisins um upptöku afla til sakadóms. Hér sé hins vegar ekki höfðun opinbers máls á hendur sóknaraðila til að dreifa.

Þá telja varnaraðilar, að úrskurður ráðuneytisins frá 7. ágúst 1987 og svonefndur kæruúrskurður frá 20. nóvember s.á. séu báðir rökstuddir. Þar sé nægjanlega tilgreint, á hverju niðurstaða ráðuneytisins er byggð, bæði berum orðum og með vísan til gagna máls. Af hálfu sóknaraðila sé ekki heldur bent á nein þau atriði, er hann telji vanta í forsendur úrskurðar. Þá er því sérstaklega mótmælt, að það geti valdið ógildi úrskurðarins, að ekki var leitað álits seljenda afla, áður en úrskurður ráðuneytisins frá 7.

ágúst 1987 var kveðinn upp. Slíkt sé ekki fortakslaus lagaskylda skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1976. Slík skylda geti auk þess aldrei verið virk, nema vitað sé, af hvaða bát hinn ólöglegi afli sé kominn, en því sé ekki til að dreifa hér, og beindist úrskurðurinn því eingöngu að stefnanda. Auk þess hafi við kærumeðferð málsins verið leitað upplýsinga hjá þeim aflaseljendum, sem vitað var um, að höfðu lagt upp afla hjá sóknaraðila á árinu 1986, áður en ráðuneytið kvað upp kæruúrskurð í málinu 20. nóvember 1987.

Loks ber varnaraðili fyrir sig, að skv. 3. gr. laga nr. 32/1976 og 2. gr. reglugerðar nr. 232/1986 um upptöku ólöglegs sjávarafla skuli úrskurður ráðuneytisins um upptöku byggjast á upplýsingum veiðieftirlitsmanna og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla, sé ráðuneytinu heimilt að áætla það eftir tiltækum sönnunargögnum. Samkvæmt 4. gr. nefndra laga og reglugerðar innheimti ráðuneytið andvirði aflans hjá seljanda, eftir því sem við eigi hverju sinni.

Varnaraðili telur, að sú aðferð að bakreikna hráefnisþörf út frá þekktum staðreyndum um framleiðslumagn sé viðurkennd vinnubrögð hvarvetna á sviði eftirlitsstarfa. Til dæmis sé slíkum aðferðum beitt við skatteftirlit og hafi skattyfirvöld og dómstólar lagt slíka útreikninga til grundvallar álagningu og ákvörðun refsinga.

Forsendur þær, sem ráðuneytið byggi á í þessu efni, séu reistar á niðurstöðum hlutlausra rannsókna ýmissa aðila, svo sem Fiskifélags Íslands, og upplýsingum frá sölusamtökum í fiskiðnaði og enn fremur sérstökum athugunum, sem fram fóru á árinu 1987, er nýtingarstuðlar þeir, er ráðuneytið ber fyrir sig gagnvart sóknaraðila, voru útbúnir.

Þá hafi sérstakar athuganir leitt í ljós, að samandregin nýting sóknaraðila í saltfisksframleiðslu ætti að réttu lagi að vera í hæsta lagi 32,10%, en ekki 33,05%, eins og ráðuneytið reikni þó með, og sóknaraðili hafi því þurft a.m.k. 1222 tonn af þorski til framleiðslu sinnar í stað 1187 tonna.

Forsendur og niðurstaða.

Með lögum nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla var sjávarútvegsráðuneytinu falið úrskurðarvald um það, hvort um ólöglegan sjávarafla væri að ræða samkvæmt lögunum og í hve miklu magni. Jafnframt var ráðuneytinu heimiluð upptaka ólöglegs afla óháð því, hvort um refsiverðan verknað væri að ræða. Skal andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

Af lögskýringargögnum má ráða, að ætlun löggjafans hafi verið sú að finna hallkvæma og greiða leið til að bregðast við því, er ólöglegum sjávarafla væri landað. Verður ekki annað séð en löggjafinn hafi valið þann kost,

að flestum slíkum málum skyldi lokið með því, að afli yrði gerður upptækur, en refsimál ekki höfðað nema í sérstökum tilvikum.

Enda þótt sjávarútvegsráðuneytinu séu með lögum þessum veittar mjög víðtækar heimildir til upptöku ólöglegs sjávarafla og ákvörðunar um andvirði hans, eru úrskurðir ráðuneytisins í málum af þessu tagi ekki endanlegir, heldur verða þeir bornir undir almenna dómstóla, eins og hér hefur verið gert.

Verður því ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að með lögum nr. 32/1976 hafi átt sér stað slíkt framsal dómsvalds í hendur framkvæmdarvaldi, að brjóti í bága við stjórnskipunarlög ríkisins.

Ekki verður heldur talið, að sú tilhögun, að sjávarútvegsráðuneytið hafi í senn rannsóknar-, kæru- og úrskurðarvald og þannig málsmeðferð alla á einni hendi samkvæmt lögum þessum, sé andstæð stjórnskipunarlögum.

Þá verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins sé ógildanlegur, vegna þess að rökstuðning skorti fyrir niðurstöðu hans. Ljóst er af úrskurði þessum, hvers vegna ráðuneytið telur efni til að beita upptöku aflaverðmætis og á hverju niðurstaða er byggð. Þá verður ekki talið, eins og hér stendur á, að það eigi að leiða til ógildingar úrskurðarins frá 7. ágúst 1987, að ekki var leitað til seljenda afla, áður en hann var kveðinn upp. Ekki var vitað, hvaðan sá afli kom, sem ætla mátti, að hefði borist sóknaraðila andstætt heimildum til veiða. Þá kemur fram í gögnum málsins, að sóknaraðila gafst ærið tækifæri til andmæla við áætlunum ráðuneytisins og fyrirhugaðri upptöku afla.

Fram kemur í málinu, að af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins var leitað upplýsinga hjá fjölda aðila um, hver nýting afla væri, ýmist eftir því, hvar á landinu fiskur væri unninn eða með hvaða hætti. Eru þar nefnd til helstu sölusamtök framleiðenda sjávarafurða svo og einstök fyrirtæki, þar sem nýting var könnuð sérstaklega yfir ákveðið tímabil, — enn fremur víðtæk athugun Fiskifélags Íslands á nýtingu í saltfisksverkun frá árinu 1948. Þá var nýting afla í saltfisksverkun hjá tveimur stöðvum á Snæfellsnesi tekin til sérstakrar samanburðarathugunar við vinnslu sóknaraðila. Af öllum þessum gögnum má ráða, að nýtingarhlutfall það og aflamagn, sem ráðuneytið byggir á í úrskurði sínum, er áætlað með þeim hætti, að uppfyllir kröfur laga nr. 32/1976 og reglugerðar nr. 232 frá 1986, sbr. 3. grein laganna og 2. gr. reglugerðarinnar.

Enda þótt dómurinn líti svo á, að sönnunarbyrði um magn ætlaðs ólöglegs sjávarafla hvíli einvörðungu á sjávarútvegsráðuneytinu, þar sem það vill bera fyrir sig upptökuheimildir nefndra laga, má benda á, að ekki hafa komið fram skýringar í máli þessu, sem geri það sennilegt, að sóknaraðili hafi náð hærra nýtingarhlutfalli en ráðuneytið byggir á. Þvert á móti benda gögn málsins til hins gagnstæða, svo sem haldið hefur verið fram af varnaraðila.

Þá hefur sóknaraðili ekki andmælt verðlagningu á upptökuandvirði aflans tölulega, og eftir atvikum þykir mega fallast á forsendur ráðuneytisins um framleiðslumagn saltfisksafurða hjá sóknaraðila á árinu 1986.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, ber að sýkna varnaraðila af kröfu sóknaraðila um, að úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins frá 7. ágúst 1987 verði felldur úr gildi. Þá verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um, að varnaraðilar verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að sóknaraðili átti ekki greiða málskotsleið innan stjórnsýslukerfisins, þar sem vart verður litið á endurskoðun ráðuneytisins á úrskurði sínum sem stjórnlega kærumeðferð. Þykir því rétt, að varnaraðilar beri sjálfir kostnað sinn af máli þessu þrátt fyrir úrslit þess.

Mál þetta dæma Allan Vagn Magnússon, Eggert Óskarsson og Garðar Gíslason borgardómarar.

Dómurinn er fjölskipaður skv. heimild í 2. tl. 37. A. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Varnaraðilar, sjávarútvegsráðherra f.h. sjávarútvegsráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu sýknir af kröfum sóknaraðila, Jökuls h/f. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 215/1990. **Dráttarvélar hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Ingileifi Einarssyni
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök.

Fasteignasala. Þóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1990. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að greiðsla þóknunar til gagnáfrýjanda verði lækkuð frá því, sem á er kveðið í hinum áfrýjaða dómi, og vextir af henni einungis dæmdir frá dómsuppsögu í héraði, en málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. júní 1990. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 440.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 29. maí 1987 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og ýtarlega er rakið í hinum áfrýjaða dómi, komst á kaupsamningur við þriðja aðila fyrir milligöngu gagnáfrýjanda um lóð þá, er aðaláfrýjanda var úthlutað á árinu 1976 að Réttarhálsi 3 í Reykjavík. Gerðist þetta, án þess að rætt hefði verið um þóknun handa áfrýjanda vegna atbeina hans að samningsgerðinni. Eins og á stóð, var aðaláfrýjandi ekki frjáls að því að framselja réttindi sín að lóðinni, svo að framkvæmd á kaupsamningi þessum var alls kostar háð samþykki Reykjavíkurborgar við framsali þeirra, eins og fyrirvari var um gerður. Gátu viðbrögð af hálfu borgarinnar orðið þau að synja um samþykki við framsalinu og afturkalla lóðar-

úthlutuninn, eins og henni var heimilt. Ef afturköllun kæmi til, mátti við því búast, að endurgjald til aðaláfrýjanda vegna lóðarinnar yrði annað og minna en söluverð til framsalshafa, eins og raunin varð. Að öllu athuguðu verður að telja, að málsaðilum hafi báðum verið jafnljóst, hver staðan var í þessu efni.

Við þessar aðstæður gat gagnáfrýjandi ekki vænst þess án sérstaks áskilnaðar að fá þóknun fyrir starf sitt í formi venjulegra sölulauna á grundvelli kaupverðs samkvæmt samningnum, nema samningurinn kæmist í framkvæmd eftir efni sínu. Á hinn bóginn varð starfið ekki minna að umfangi en verið hefði við venjulega sölu, þegar frá eru talin skjalagerð og uppgjör í kjölfar kaupsamnings. Á gagnáfrýjandi rétt á sanngjarnri þóknun fyrir verk sitt, sbr. 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu.

Við ákvörðun á þessari þóknun gagnáfrýjanda ber að líta til fyrirhafnar hans af starfinu og þeirra hagsmuna, sem um var að tefla hjá aðaláfrýjanda. Í síðarnefnda tillitinu má hafa nokkra hliðsjón af þeirri endurgreiðslu, sem Reykjavíkurborg innti af hendi til aðaláfrýjanda við afturköllun lóðarúthlutunarinnar, enda átti aðaláfrýjandi ekki meiri hagsmuni vísa en henni nam. Að álitum telst þóknunin hæfilega ákveðin 180.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1987 til greiðsludags. Varðandi upphafstíma vaxtanna er til þess litið, að samskiptum málsaðila lauk ekki fyrr en reynt hafði verið að fá borgaryfirvöld til að breyta afstöðu sinni í málinu, og virðist gagnáfrýjandi þá fyrst hafa kallað eftir þóknun sér til handa.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Dráttarvélar hf., greiði gagnáfrýjanda, Ingileifi Einarssyni, 180.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1987 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ingileifi Einarssyni, kt. 280153-2069, Fagrabæ 4, Reykjavík, gegn Dráttarvélum hf., Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 5. júní 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 440.000 kr. ásamt [nánar tilteknum vöxtum svo og til greiðslu málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi lýsir málsástæðum og atvikum svo, að 31. ágúst 1976 hafi stefndi máls þessa, Dráttarvélar hf., fengið úthlutað lóðinni nr. 3 við Réttarháls við Reykjavík og gatnagerðargjöld verið greidd af lóðinni skv. reikningum, dags. 1982.

Í ársbyrjun 1987 hafi Halldór K. Halldórsson komið að máli við stefnanda, Ingileif Einarsson, löggiltan fasteignasala. Halldór K. Halldórsson sé umsjónarmaður eigna Sambands íslenskra samvinnufélaga og kom fram f.h. Dráttarvéla hf. gagnvart stefnanda í máli þessu. Óskað hafi verið eftir því við stefnanda, að hann sæi um sölumeðferð á lóðinni nr. 3 við Réttarháls í Reykjavík ásamt þeim framkvæmdum, sem á lóðinni hafi verið.

Stefnandi hafi lagt töluverða vinnu í þetta mál. Í upphafi hafi Guðjón Pálsson byggingameistari gert tilboð í eignina, en því tilboði hafi verið hafnað. Í byrjun maí 1987 hófust samningaumleitanir við byggingafélagið Tind hf., er leiddu til þess, að Tindur hf. gerði kauptilboð í lóðina ásamt framkvæmdum, dags. 21. maí 1987. Daginn eftir, 22. maí 1987, hafi Samband ísl. samvinnufélaga gert gagntilboð, og hafi Tindur hf. samþykkt gagntilboðið samdægurs. Samband ísl. samvinnufélaga f.h. Dráttarvéla og Tindur hf. hafi síðan undirritað kaupsamning um leigulóðina að Réttarhálsi 3 ásamt þeim framkvæmdum, sem á henni hafi verið, hinn 29.5. 1987.

Tekið hafi verið fram í kaupsamningi nánar, hvaða framkvæmdir höfðu verið gerðar á lóðinni, og hafi umsamið kaupverð verið 22.000.000 kr., er greiða skyldi með verðtryggðum veðskuldabréfum, bundnum lánskjaravísitölu 1662. Skuldina skyldi greiða með þrettán afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. maí 1988, og skyldi reikna 6% fasta vexti af veðskuldabréfunum allan lánstímann. Einnig hafi verið teknar fram nákvæmlega í kaupsamningi þessum þær veðtryggingar, er standa skyldu að baki útgefnum veðskuldabréfum.

Síðan segi í kaupsamningi, að kaupanda sé kunnugt um kvaðir þær, sem séu á hinni úthlutuðu lóð, og að samþykki borgarráðs þyrfti til sölu hennar. Ákveðið hafi verið skv. kaupsamningi, að sem fyrst yrði lögð fyrir borgarráð beiðni um sölu lóðarinnar og að afhending hennar færi fram, þegar borgarráð hefði samþykkt söluna. Skyldi gefa út áðurnefnd veðskuldabréf við afhendinguna, og myndi seljandi gefa út afsal, er kaupandi hefði fullnægt skuldbindingum sínum að þessu leyti.

Þennan sama dag, 29. maí 1987, hafi stefnandi útbúið fyrir Kjartan P. Kjartansson og skv. beiðni hans drög að bréfi til borgarráðs. Í bréfi þessu hafi þess verið farið á leit við borgarráð, að það heimilaði Sambandi íslenskra samvinnufélaga f.h. Dráttarvéla hf. að framselja til byggingafélagsins Tinds hf. byggingaframkvæmdir og leigulóðarréttindi á lóðinni nr. 3 við Réttarháls í Reykjavík. Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 9. júní 1987 hafi verið samþykkt að hafna ofangreindri beiðni og jafnframt að afturkalla úthlutun lóðarinnar nr. 3 við Réttarháls, og hafi sú ákvörðun verið tilkynnt Kjartani P. Kjartanssyni með bréfi, dags. 10. júní 1987. Farið hafi verið fram á, að borgarráð endurskoðaði afstöðu sína, og staðfesti byggingarrétt Dráttarvéla hf. á lóðinni, en þeirri beiðni hafi verið hafnað með bréfi frá Davíð Oddssyni borgarstjóra til Dráttarvéla hf., dags. 29. júlí 1987.

Ljóst hafi verið, að eigi gat orðið af efndum á þeim kaupsamningi, sem Dráttarvélar hf. og Tindur hf. hafi gert með sér 29. maí 1987.

Stefnandi máls þessa hafi strax farið þess á leit við Kjartan P. Kjartansson, að gerð yrði upp þóknun sín vegna aðstoðar við sölu á eigninni. Kröfu stefnanda hafi að fullu verið hafnað með bréfi 24. júní 1988. Hafi stefnandi þá séð sig knúinn til að leita sér lögfræðilegrar aðstoðar við innheimtu á kröfu sinni. Hafi lögmaður stefnanda sent Kjartani P. Kjartanssyni bréf, þar sem krafa stefnanda hafi verið ítrekuð og veittur frestur til að gera upp skuldina. Afrit bréfs þessa hafi einnig verið sent stefnda, Dráttarvélum hf. Þar eð stefnandi hafi eigi með þessum hætti fengið kröfu sína greidda, hafi hann höfðað mál þetta til innheimtu kröfunnar.

Stefnandi styður mál sitt aðallega því, að fyrir sitt tilstilli sem löggilts fasteignasala hafi verið gerður bindandi kaupsamningur milli stefnda og Tinds hf., Óumdeilt sé, að stefnandi hafi séð um umrædda samningsgerð. Því hafi hins vegar verið haldið fram, að raunveruleg sala þyrfti að fara fram, til þess að stefnandi ætti rétt til einhverrar þóknunar. Stefnandi máls þessa heldur því fram, að með því að undirrita kaupsamninginn 29. maí 1987, sem sé ljóslega bindandi samningur milli aðilanna, hafi stofnast réttur til sölulauna sér til handa. Í samningnum sé gert út um öll hugsanleg ágreiningsefni aðilanna, svo sem um kaupverð, greiðsluhætti og tryggingar fyrir greiðslum. Samning þennan hafi aðilar undirritað í votta viðurvist, og beri

samningurinn það skýrt með sér, að verið sé að ganga frá sölu lóðarinnar nr. 3 við Réttarháls ásamt tilgreindum framkvæmdum. Af þessu megi draga þá ályktun, að stefnandi hafi, þegar er kaupsamningur var undirritaður 28. maí 1987, séð um sölumeðferð lóðarinnar nr. 3 við Réttarháls fyrir stefnda, enda beri stefnandi enga ábyrgð á því, að lóðarhafa umræddrar lóðar hafi ekki tekist að efna kaupsamninginn við Tind hf. vegna aðgerða borgaryfirvalda.

Stefnandi hafi gert drög að bréfi, er falið hafi í sér beiðni til borgarráðs um framsal réttinda stefnda til Tinds h/f, og hafi enn fremur lagt töluverða vinnu í að afla gagna um meðferð svipaðra erinda og afgreiðslu hjá borgarráði. Þessi vinna hafi verið unnin í þágu stefnda og eftir beiðni hans. Stefnandi hafi á engan hátt getað ábyrgst afgreiðslu borgarráðs á erindi stefnda né beri hann neina ábyrgð á því, að borgaryfirvöld hafi ákveðið að afturkalla lóðarúthlutun stefnda, Dráttarvéla hf. Slíkar ráðstafanir séu eingöngu háðar ákvörðunum borgarráðs á grundvelli byggingarlöggjafar hverju sinni og standi ekki í raunverulegum tengslum við fyrirhugaða sölu lóðarinnar. Stefnanda hafi eigi heldur getað dulist, að afturköllun lóðarinnar gæti átt sér stað. Borgarráð Reykjavíkur hafi 23. ágúst 1985 tekið ákvörðun um að afturkalla úthlutun lóðarinnar nr. 3 við Réttarháls, og hafi stefnda verið tilkynnt ákvörðun þessi. Í september sama ár hafi þó verið ákveðið að falla frá þessari afturköllun, þar sem stefndi máls þessa hófst handa um einhverjar jarðvegsframkvæmdir á lóðinni. Stefnda hafi því verið fullljós réttarstaða sín að þessu leyti.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu ber fasteignasala sanngjörn þóknun fyrir vinnu sína. Fyrir vinnu, sem látin er í té, og fyrir aðstoð við kaup eða sölu getur þóknun orðið 2% af söluverði fasteignarinnar. Starf stefnanda í þágu stefnda við sölu umræddrar lóðar hafi krafist mikillar vinnu. Hér sé um verðmæta eign að ræða, og hafi langur aðdragandi verið að tilboði Tinds hf., sem síðan varð grundvöllur kaupsamnings. Stefnandi hafi einnig lagt vinnu í undirbúning erindis stefnda, Dráttarvéla hf., til borgarráðs.

Með þessum rökum styður stefnandi kröfu sína um 2% sölulaun af söluverði umræddrar lóðar, samtals 440.000 kr., og krefst að auki dráttarvaxta frá dags. kaupsamnings, svo sem nánar sé lýst í stefnu.

Fari svo, að þrátt fyrir ofangreind rök verði ekki talið, að stefnandi eigi rétt til eiginlegra sölulauna, krefst stefnandi þess engu að síður, að sér verði dæmd umstefnd þóknun úr hendi stefnda.

Óumdeilt sé, að stefnandi hafi innt af hendi töluverða vinnu í þágu stefnda. Það verði að teljast mjög ósanngjarnt, ef viðurkennt yrði, að stefndi ætti rétt á þessari vinnu stefnanda, án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir. Í 14. gr. laga nr. 34/1986 er ákvæði um þóknun fasteignasala.

Með gagnályktun frá 1. mgr. 14. gr. megi sjá, að fasteignasalar eiga rétt á þóknun fyrir starfa sinn með tilliti til þeirrar vinnu, er þeir láta í té. Í ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna er talað sérstaklega um þóknun við aðstoð við kaup og sölu og í því sambandi miðað við ákveðna prósentu af kaupverði eigna. Með samanburði á 1. og 2. gr. laga nr. 34/1986 megi sjá, að fasteignasala er heimilt að taka þóknun fyrir vinnu sína, enda þótt raunveruleg sala eigna fari ekki fram. Það tilvik, sem hér sé um að ræða, sé einnig sérstakt að því leyti til, að stefnandi hafi innt af hendi störf, sem að öllu leyti megi jafna til venjulegra starfa við frágang á sölu eigna. Þó að raunveruleg sala verði ekki talin hafa farið fram, hafi vinna stefnanda fyllilega verið sambærileg því vinnuframlagi, sem hann hefði innt af hendi í þágu stefnda, ef um raunverulega sölu hefði verið að ræða, og eigi stefnandi því rétt á sambærilegri þóknun.

Stefnandi styður kröfu sína við meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Vaxtakröfu sína styður stefnandi við III. kafla laga nr. 25/1987. Krafa um málskostnað byggist á 1. mgr. 177. gr. svo og 184. gr. laga nr. 85/1936. Um dráttarvexti á málskostnað vísar stefnandi á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti og málsástæður, að stefnandi, sem sé löggiltur fasteignasali, hafi tekið að sér að selja leigulóð stefnda að Réttarhálsi 3 hér í borg ásamt þeim framkvæmdum, sem stefndi hafi látið vinna á lóðinni, en þær voru þessar: Lokið hafi verið við að grafa grunn fyrir 1. áfanga og sprengja klöpp 0,65 m niður fyrir gólfkvóta (+ 67,00) grunnplötu. Þá hafi verið lokið við að skipta um jarðveg í lóðinni norðan við 1. áfanga og að Réttarhálsi og sprengja rásir fyrir lagnir í lóðinni norðan við fyrirhugað hús að götu.

Stefnandi hafi haft eignina í einkasölu. Honum hafi verið kunn öll málsatvik í sambandi við lóð þessa, að henni hafði verið úthlutað stefnda haustið 1976, að úthlutunin hafði verið afturkölluð 1985 og ástæða þess, að síðar hafði verið fallið frá afturkölluninni, sbr. 10. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu.

Stefnandi hafi fullyrt við stefnda, að þetta yrði í lagi og engin vandkvæði yrðu á því að fá heimild borgaryfirvalda til þess að selja lóðina ásamt þeim framkvæmdum, sem á henni voru. Hann hefði unnið að sams konar sölum áður.

Hafi stefndi treyst fullkomlega orðum stefnanda og afdráttarlausum yfirlýsingum hans, enda ekki ástæða til annars, og hafi hann farið að ráðum hans í einu og öllu. Það sé því alrangt, sem segi í greinargerð stefnanda,

að stefnda hafi ekki getað dulist, að afturköllun lóðarinnar gæti komið til greina. Í þessu sambandi vitni lögmaður stefnanda til afturköllunarinnar frá 1985 og staðhæfi, að stefnda hafi verið fullljós réttarstaða sín að þessu leyti.

Stefnandi máls þessa, sem hafði nákvæmlega sömu vitneskju og stefndi og sé auk þess sérfræðingur í viðskiptum sem þessum, taldi málið í svo óruggri höfn, að það væri nánast formsatriði að leggja það fyrir borgarráð til samþykktar.

Ef stefndi hefði haft minnstu ástæðu til að ætla, að hætta væri á því, að borgaryfirvöld afturkölluðu lóðarúthlutunina, hefði verið staðið öðruvísi að málum en gert hafi verið.

Eftir synjun borgarráðs hafi stefnandi lýst því í bréfi til Kjartans P. Kjartanssonar framkvæmdastjóra, að hann og aðrir fasteignasalar, sem hann hefði rætt við, teldu málsmeðferð borgarráðs á lóð SÍS að Réttarhálsi 3 vera einsdæmi.

Virðist látið að því liggja, að um valdníðslu hafi verið að ræða af hálfu borgaryfirvalda.

Máli sínu til stuðnings vitni stefnandi í fjögur dæmi um lóðir, sem seldar hafi verið með samþykki borgarráðs, og enn fremur í 4. gr. reglna um lóðaúthlutun í Reykjavík, sem samþykkt hafi verið í borgarráði 6. maí 1986. Í bréfi, sem stefndi hafi ritað borgarritara 21. október 1987, þar sem farið var fram á, að borgaryfirvöld endurskoðuðu afturköllun á lóðarúthlutuninni, hafi hann tilfært áðurgreind fjögur dæmi og 4. gr. reglna um lóðaúthlutun sem rökstuðning fyrir því, að borgaryfirvöld breyttu ákvörðun sinni.

Bréfi þessu hafi borgarritari svarað 2. nóvember 1987 og vísað til umsagnar lögfræði- og stjórnsýsludeildar, er fylgt hafi bréfi hans. Sé skemmst frá því að segja, að hinn tilfærði rökstuðningur, sem fenginn hafi verið frá stefnanda, hafi ekki staðist nánari skoðun, hvorki að því er varðaði hin tilgreindu fjögur dæmi né skilning á 4. gr. samþykktar um lóðaúthlutun.

Stefnanda átti að vera ljóst sem sérfróðum manni um fasteignaviðskipti, að með tilliti til þess, hve langt var um liðið, síðan lóðinni að Réttarhálsi 3 var úthlutað, hafi verið sérstök ástæða til þess að hyggja vel að öllum þáttum málsins og fara með gát. Þetta hafi stefnandi ekki gert. Þess í stað hafi hann drifið í því að ganga frá öllum samningum við væntanlega kaupendur, eins og málið væri klappað og klárt eða eins og málflutningur af hans hálfu bendi til, að eftir þessa skjalagerð gæti hann reiknað sér og innheimt hjá stefnda 2% þóknun af 22.000.000 kr. alveg án tillits til þess, hvernig málinu reiddi af í borgarráði. Stefnandi hafi ekki skeytt um, hve mikilvægt það gat verið, að framkvæmdir hefðu náð ákveðnu stigi, og ekki gert sér grein fyrir því, hvenær byggingaframkvæmdir teljist hafnar skv.

skilgreiningu laga, sbr. 4. gr., dskj. nr. 17, og 15. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

Borgarsjóður Reykjavíkur hafi endurgreitt stefnda gatnagerðargjöld skv. reglum borgarinnar um slíkar endurgreiðslur og kostnað vegna framkvæmda stefnda á lóðinni, samtals 6.783.430 kr., í mars 1988, og sundurliðast þessar greiðslur þannig:

Endurgreitt gatnagerðargjald	kr.	2.259.699,00
Vextir	kr.	151.713,58
Endurgreitt með skuldabréfi	kr.	2.413.369,00
Endurgreiddur kostnaður vegna framkvæmda	kr.	1.958.648,00
	Kr.	6.783.429,58

Samkvæmt framansögðu nemi mismunurinn á því, sem fengist hafi fyrir lóð stefnanda og boðið var í hana, um 15,2 milljónum króna.

Stefndi byggir á því, að í fasteignaviðskiptum hafi sú meginregla gilt um langan aldur, að takist ekki að selja eign, þá greiðist heldur engin sölulaun. Algengt sé, að seljendur fasteigna skrái eign sína til sölu hjá nokkrum fasteignasölum sem allir auglýsi eignina á sinn kostnað. Einungis þeir, sem takist að selja viðkomandi eign, fái greidd sölulaun.

Sala á lóð og lóðarframkvæmdum að Réttarhálsi 3 hafi verið háð samþykki borgaryfirvalda. Samningur kaupanda og seljanda um eignina hafi verið skilyrtur og ekki orðið virkur, fyrr en samþykki þriðja aðila, borgarráðs Reykjavíkur, hafi legið fyrir. Þetta hafi öllum aðilum verið ljóst. Með afturköllun borgarráðs hafi samningurinn fallið niður, og því hafi sölutilraun stefnanda orðið árangurslaus.

Það hafi verið í verkahring stefnanda sem fasteignasala, en ekki stefnda, að semja um sölulaun eða þóknun, ef hann vildi áskilja sér sérstaka þóknun fyrir árangurslausar sölutilraunir, sbr. nú 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987 um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala.

Stefnandi hafi notið þeirra forréttinda að fá eignina í einkasölu, og undir slíkum kringumstæðum sé venja að veita seljanda betri kjör.

Í frumvarpi til laga um fasteigna- og skipasölu, 14. gr. 2. málsliðar, hafi verið svofellt ákvæði: „Honum er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip.“ Þetta ákvæði frumvarpsins hafi hins vegar verið fellt út, og tali það sínu máli.

Lagaskýringum lögmanns stefnanda á 14. gr. laga nr. 34/1986 er mótmælt sem röngum, en skv. túlkun hans gildi einu, hvort sala fari raunverulega fram eða ekki. Stefnandi eigi rétt á sambærilegri þóknun í báðum tilvikum.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu stefnandi, Ingileifur Einars-

son, svo og vitnin Halldór Karl Halldórsson, forstöðumaður eignaumsjónar SÍS, og Þórólfur Halldórsson, lögmaður og löggiltur fasteignasali.

III.

Fyrir liggur, að stefnandi, sem er löggiltur fasteignasali, fékk lóð stefnda að Réttarhálsi 3, Reykjavík, til sölumeðferðar í ársbyrjun 1987 ásamt þeim framkvæmdum, sem á lóðinni voru. Um var að ræða leigulóð, að flatarmáli 13.253 fm, og var búið að grafa grunn vegna 1. áfanga byggingar og skipta um jarðveg í lóðinni þar norðan við. Lóð þessari hafði stefnda verið úthlutað 31. ágúst 1976. Af hálfu stefnda var þess óskað, að lóðin yrði ekki auglýst til sölu. Óumdeilt er, að fyrir tilstilli stefnanda gerði Tindur h/f, Hlégerði 7, Kópavogi, kauptilboð í lóð þessa ásamt þeim framkvæmdum, sem á henni voru, dags. 21. maí 1987, og á grundvelli þess tilboðs og gagntilboðs af hálfu stefnda, dags. 22. maí 1987, var gengið frá kaupsamningi milli aðila þar um, dags. 29. maí 1987.

Samkvæmt kaupsamningi þessum er umsamið kaupverð 22.000.000 kr. —tuttugu og tvær milljónir króna—. Í kaupsamningi þessum er tekið fram, að kaupanda sé kunnugt um kvaðir þær, sem séu á hinni úthlutuðu lóð, og að samþykki borgarráðs þurfi til sölu hennar. Þá er þar og kveðið á um, að afhending lóðarinnar fari fram, þegar borgarráð hafi samþykkt söluna, og að þá skuli gefin út veðskuldabréf fyrir kaupverðinu.

Af kaupum varð þó ekki milli aðila, þar sem beiðni stefnda um framsal lóðarinnar var hafnað og lóðarúthlutunin afturkölluð samkvæmt ákvörðun borgarráðs 9. júní 1987.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að fyrir milligöngu stefnanda komst á skuldbindandi kaupsamningur milli stefnda og Tinds h/f um lóðina að Réttarhálsi 3. Fyrir liggur, að stefnandi lagði fram vinnu til að koma þeirri samningsgerð á og annaðist alla skjalagerð í því sambandi. Fyrir atbeina sinn að þessu leyti ber honum þóknun úr hendi stefnda samkvæmt 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, enda ekki sérstaklega um þóknunina samið fyrir fram með aðilum. Ekki verður talið, að synjun borgarráðs á framsali lóðarinnar hafi hér nokkur áhrif á rétt stefnanda til þóknunar, um það var fyrirvari í kaupsamningi og samningsaðilum ljóst, að brugðið gat til beggja vona um afgreiðslu borgaryfirvalda á því erindi. Við ákvörðun þóknunar til stefnanda ber að líta til þess, að raunveruleg sala fór ekki fram og vinnuframlag hans því minna en ella hefði orðið. Þóknun til stefnanda samkvæmt 1. mgr. 14. gr. þykir hæfilega ákveðin 1% af kaupsamningsverði, 220.000 kr. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefn-

anda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 70.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts í samræmi við kröfugerð stefnanda. Málskostnaðarfjárhæðin skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Dráttarvélar h/f, greiði stefnanda, Ingileifi Einarssyni, 220.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. maí 1987 til greiðsludags og 70.000 kr. í málskostnað. Dráttarvöxtum skal bæta við þann höfuðstól, sem þeir reiknast af, í fyrsta sinn 29. maí 1988 og síðan árlega 25. maí. Málskostnaðarfjárhæðin ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 431/1991. **Lífeyrissjóður Austurlands**
gegn
Saltfangi hf.

Kærumál. Gjaldþrotabeiðni synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að synjunarúrskurði skiptaréttar Neskaupstaðar hinn 15. október 1991 verði hrundið og bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur eða gögn borist til Hæstaréttar, en héraðsdómari krafði varnaraðila hinn 23. október 1991 um greinargerð, sbr. 28. gr. laga nr. 75/1973.

Jón Finnbjörnsson, setuskiptaráðandi í Neskaupstað samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 28. ágúst 1991, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Hann er án forsendna og hljóðar svo: „Kröfu Lífeyrissjóðs Austurlands um gjaldþrotaskipti á búi Saltfangs hf. er hafnað."

Setuskiptaráðandi hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar. Þar segir svo m.a.:

„Málsatvik eru einföld og greind í skjölum málsins. Með bréfum, dags. 21. júní sl., krafðist Lífeyrissjóður Austurlands þess, að bú Saltfangs hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta með tilvísun til árangurslausra lögtaksgerða, er fram höfðu farið sama dag... Við báðar lögtaksgerðirnar er mættur af hálfu Saltfangs hf. Kristinn Guðmundsson, sem var á þeim tíma skráður í hlutafélagaskrá sem formaður stjórnar félagsins. Er bókað svo um framburð hans fyrir fógetaréttinum: „...lýsti því yfir, að eignir félagsins, fasteign og bátur, væru yfirveðsett, og gæti hann því ekki bent á neina eign

til lögtaks.“ Er síðan bókað, að fógeti lýsti gerðina árangurslausa. Upplýst er, að Saltfang hf. á fleiri eignir en fasteignir og bát. Ekkert er hins vegar að slíku vikið við lögtaksgerðina, og bein yfirlýsing um ógjaldfærni félagsins kemur þar eigi fram. Þá hefur verið upplýst, að hluthafar í félaginu gerðu með sér samkomulag 26. apríl sl. Þar er svo fyrir mælt, að Höskuldur Guðmundsson „taki frá og með 27. apríl 1991 alfarið (sic) við rekstri Saltfangs hf...“ Jafnframt segir þar: „Aðrir hluthafar munu ekki skipta sér af rekstri félagsins, og skulu þeir hluthafar hlutlausir um ákvarðanir er varða stjórn og stefnu fyrirtækisins.“ Þá fólst einnig í samkomulaginu skilyrt framsal Kristins Guðmundssonar á hlut sínum í félaginu til félagsins. Skiptaráðandi kannaði utan réttar skráningu í hlutafélagaskrá, og kom þar í ljós, að Kristinn og Skúli Aðalsteinsson tilkynntu úrsögn sína úr stjórn félagsins 22. júlí 1991. Að framangreindu athuguðu, einkum því, að Kristinn Guðmundsson sýnist hættur afskiptum af rekstri félagsins og að hann lýsir ekki fortakslaust yfir ógjaldfærni félagsins, sýndist skiptaráðanda eigi fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978, og bæri því að hafna kröfu gjaldþrotabeiðanda.“

Þegar setuskiptaráðandinn í Neskaupstað kvað upp hinn kærða úrskurð, lá fyrir honum skriflegt samkomulag hluthafa varnaraðila frá 26. apríl 1991, þar sem skýrlega kom fram, að Höskuldur Guðmundsson tæki þegar í stað við öllum rekstri félagsins og aðrir hluthafar myndu ekki skipta sér af honum og vera hlutlausir um ákvarðanir, er vörðuðu stjórn og stefnu fyrirtækisins. Höskuldur Guðmundsson ábyrgðist jafnframt að létta af öðrum hluthöfum tilteknum persónulegum ábyrgðarskuldbindingum, og samþykkti Kristinn Guðmundsson að framselja til félagsins hlutabréf sín í því án endurgjalds gegn staðfestingu fyrir afléttingu umræddra skuldbindinga. Ekki hefur verið upplýst, hvenær framangreindar tilfærslur áttu sér stað. Þegar mál þetta var fyrst tekið fyrir í skiptarétti Neskaupstaðar 27. september 1991, lýsti Höskuldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, því yfir, að fyrirtækið ætti fyrir skuldum, og krafðist hann þess, að mat færi fram á eignum félagsins. Þótt úrsögn Kristins Guðmundssonar úr stjórn varnaraðila hafi ekki verið tilkynnt hlutafélagaskrá fyrr en 21. júlí 1991, verður allt að einu að telja með hliðsjón af fyrrnefndu samkomu-

lagi, yfirlýsingu framkvæmdastjóra fyrir skiptarétti og tiltölulega lágri kröfufjárhæð sóknaraðila við fógetagerðina 21. júní sl., sem var 153.748,50 krónur, að setuskiptaráðandinn hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að yfirlýsing Kristins Guðmundssonar í fógetaréttinum gæfi ekki ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir varnaraðila, sbr. c-lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1991.

Nr. 94/1989. **Þrotabú Töggs h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Bíldshöfða 16 h/f
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. mars 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 14.021.034, per 31.12.1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 14.021.034, með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. maí 1989. Kröfur hans eru þær, að rift verði greiðslu Töggs h/f við gagnáfrýjanda, að fjárhæð 14.021.034 krónur miðað við 31.12.1986, skil verði á greiðslu samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978 og „að gagnáfrýjandi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign gagnáfrýjanda, en aðaláfrýjandi er skuldari að, við skipti á búi aðaláfrýjanda". Þess er krafist, að gagnáfrýjandi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda. Þá krefst gagnáfrýjandi

málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing skiptaráðandans í Kjósarsýslu frá 23. október 1991. Þar er frá því greint, að bú Ingvars Sveinssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu 14. mars 1990. „Engar eignir fundust í búinu, og var skiptum lokið 5. september 1990 með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978." Í skrá, sem fylgdi yfirlýsingunni, kemur fram, að 10 kröfum var lýst í þrotabúið, samtals að fjárhæð 18.021.612,65 krónur. Kröfunni, sem mál þetta fjallar um, að fjárhæð 14.021.034 krónur, var ekki lýst í þrotabúið.

Þá kemur fram í vottorði Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dagsettu 31. október 1991, að gagnáfrýjandi hafi á tímabilinu frá því í maí 1988 til febrúar 1991 greitt skuldir Töggs h/f, sem hvíldu á fasteigninni Bíldshöfða 16 í Reykjavík, með samtals 34.848.810 krónum. „Núvirði greiðslna (miðað við lánskjaravísitölu) afborgana og vaxta er kr. 39.625.951."

II.

Gagnáfrýjandi, það er stefndi í héraði, gerði meðal annars þá kröfu, „að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnanda, en stefndi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda".

Þessi kröfugerð stefnda í héraði er mjög villandi, þar eð umræddar veðskuldir hvíldu á fasteign stefnda í héraði, en ekki á fasteign stefnanda. Stefnandi var og skuldari veðskuldanna, en ekki stefndi í héraði.

Svo sem að ofan greinir, hefur gagnáfrýjandi leiðrétt þetta í kröfugerð fyrir Hæstarétti.

Í forsendum héraðsdóms er ekkert fjallað um ofangreinda kröfu stefnda í héraði. Verður því sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 31. janúar 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast, að við aðalflutning í héraði 9. nóvember 1988 og við munnlegan málflutning 31. janúar 1989 krafðist stefnandi vaxta

aðeins frá 1. desember 1987. Í héraðsdómi er kröfugerð stefnanda því ranglega lýst og vextir dæmdir frá 1. janúar 1987.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs h/f, nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 h/f, nnr. 1109-0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs h/f við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr. pr. 31.12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs h/f.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.021.034 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].
3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að rift verði greiðslu stefnanda við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., pr. 31.12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnanda, en stefndi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda.
2. Að stefndi verði að öðru leyti algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
3. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 9. nóvember 1988. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 31. janúar sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

III.

Fyrir liggur, sbr. tilvitnað bréf lögmanns stefnda til Töggs h/f, dags. 20. mars 1987, að Töggur h/f framseldi stefnda þá viðskiptamannakröfu, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Ráðstöfun þessi var gerð, meðan á greiðslustöðvun hjá Töggi h/f stóð, en heimild til greiðslustöðvunar var veitt 2. febrúar 1987. Frestdagur telst vera 30. janúar 1987, er beiðni um greiðslustöðvun var sett fram, sbr. 1. tl. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafa þessi er færð stefnda til eignar á árinu 1986, svo sem sést af framlögðum ársreikningum félaganna og bréfi Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987. Svo sem fram kemur í sóknargögnum, var tekin sú ákvörðun á skiptafundi í þrotabúi Töggs h/f 12. október 1987 að mótmæla þeirri ráðstöfun félagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar á Ingvar Sveinsson, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á kröfu þessari var Töggi h/f óheimil samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frestdag, verður talið, að riftunarkrafa stefnanda eigi sér stoð í 1. mgr. 59. gr. og eftir atvikum einnig í 61. gr. laganna, en verði ekki reist á ákvæðum 54. gr., eins og stefnandi gerir kröfu til. Að þessu virtu þykir mega fallast á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Stefndi hefur gert kröfu til þess, að sér verði heimilað að skila aftur greindri kröfu á grundvelli ákvæða 64. gr. laga 6/1978. Eftir atvikum þykir mega fallast á það í þeim mæli, sem unnt reynist.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn, eins og mál þetta er vaxið, 300.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu Töggs h/f við stefnda, Bíldshöfða 16 h/f, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31.12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Töggs h/f, 14.021.034 kr. með 27% ársvöxtum frá 1. janúar 1987 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxt-

um frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 1988.

Stefnda er heimilt að skila aftur riftri greiðslu í þeim mæli, sem unnt reynist.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1991.

Nr. 95/1989. **Þrotabú Töggs h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Bíldshöfða 16 h/f
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
og gagnsök.

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. mars 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 1.096.211, per 31.12.1986, sbr. bréf Bíldshöfða 16 hf., dags. 12. júní 1987, til Töggs hf.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 1.096.211, með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. maí 1989. Kröfur hans eru þær, að rift verði greiðslu Töggs h/f við gagnáfrýjanda, að fjárhæð 1.096.211 krónur miðað við 31.12.1986, skil verði á greiðslu samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978 og „að gagnáfrýjandi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna viðskiptaskuldar aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda við skipti á búi aðaláfrýjanda". Þess er krafist, að gagnáfrýjandi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Gagnáfrýjandi, það er stefndi í héraði, gerði meðal annars þá kröfu, „að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna viðskiptaskuldar stefnanda við stefnda við skipti á búi stefnanda".

Í forsendum héraðsdóms er ekkert fjallað um ofangreinda kröfu stefnda í héraði. Verður því sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 31. janúar 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast, að við aðalflutning í héraði 9. nóvember 1988 og við munnlegan málflutning 31. janúar 1989 krafðist stefnandi vaxta aðeins frá 1. desember 1987. Í héraðsdómi er kröfugerð stefnanda því ranglega lýst og vextir dæmdir frá 1. janúar 1987.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs h/f, nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 h/f, nnr. 1109-0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs h/f við stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr. pr. 31.12. 1986, sbr. bréf Bíldshöfða 16 h/f, dags. 12. júní 1987, til Töggs h/f.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.096.211 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að rift verði greiðslu stefnanda við stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr., pr. 31.12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og

að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna viðskiptaskuldar stefnanda við stefnda við skipti á búi stefnanda.

2. Að stefndi verði að öðru leyti algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

3. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 9. nóvember 1988. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 31. janúar sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

III.

Fyrir liggur, sbr. yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð, dags. 12. júní 1987, að Töggur h/f framseldi stefnda þær viðskiptamannakröfur, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Þegar ráðstöfun þessi var gerð, voru liðnir rúmir fjórir mánuðir frá frestdegi, og fjórum dögum síðar var bú Töggs h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfur þessar eru færðar stefnda til eignar í ársreikningi fyrir árið 1986, sbr. bréf Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987.

Í sóknargögnum kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Töggs h/f 12. október 1987 hafi sú ákvörðun verið tekin að mótmæla þeirri ráðstöfun félagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á viðskiptamannakröfum þessum var Töggi h/f óheimil samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frestdag, verður talið, að riftunarkrafa stefnanda eigi sér stoð í 1. mgr. 59. gr. og eftir atvikum einnig í 61. gr. laganna, en verði ekki reist á ákvæðum 54. gr., eins og stefnandi gerir kröfu til. Að þessu virtu þykir mega fallast á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Stefndi hefur gert kröfu til þess, að sér verði heimilað að skila aftur greindum kröfum á grundvelli ákvæða 64. gr. laga 6/1978. Eftir atvikum þykir mega fallast á það í þeim mæli, sem unnt reynist.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 210.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu Töggs h/f við stefnda, Bíldshöfða 16 h/f, að fjárhæð 1.096.211 kr., pr. 31.12. 1986, sbr. bréf stefnda, dags. 12. júní 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Töggs h/f, 1.096.211 kr. með 27% ársvöxtum frá 1. janúar 1987 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 1988.

Stefnda er heimilt að skila aftur riftri greiðslu í þeim mæli, sem unnt reynist.

Stefndi greiði stefnanda 210.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 488/1989. **Viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Sigrún Guðmundsdóttir hdl.)
gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni
(Óskar Magnússon hdl.).

Verðlagseftirlit. Auglýsingar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum er lýst í héraðsdómi, en við það er eftirfarandi að bæta:

Auglýsing viðskiptaráðuneytisins tók yfir hálfa síðu. Efst er fyrirsögn þvert yfir síðuna: Hver er munurinn á þessum myndum? Þar fyrir neðan er sama ljósmynd af fermingarstúlku birt tvisvar, og stendur 4000 kr. við aðra, en 8000 kr. við hina. Þá er texti í tveimur dálkum og fyrir honum fyrirsögn: Verðmunurinn. Þessi texti er svohljóðandi:

„Í 11. tölublaði Verðkönnunar VERÐLAGSSTOFNUNAR, sem gefin var út 18. mars, kemur fram ótrúlegur verðmunur á fermingarmyndatökum.

Á ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar kostar myndatakan 4000 kr., og er ekkert aukagjald, þótt hún fari fram á fermingardegi. Hjá Svipmyndum kostar fermingarmyndatakan 8000 kr. og aukagjald tekið, ef hún fer fram á fermingardegi, kr. 1000. Hér er verðmunurinn 4000 kr. eða 100%. - Það munar um minna.

VERÐLAGSSTOFNUN kannaði verðlagningu hjá ljósmyndastofum á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin náði til fermingarmynda,

stækkana og skilríkjamynda. Hjá Ljósmyndastofu Kópavogs kostar fermingarmyndatakan enn meira en áðurnefnt dæmi sýnir, og eru þá innifaldar tvær stækkanir (18x24 cm). Þetta sýnir okkur, að vissara er að hafa augun opin, þegar fólk ber saman verð hjá ljósmyndastofum.

Það er augljóst, að það borgar sig að gera verðsamanburð á milli ljósmyndastofa og sérstaklega nú, þegar fermingarnar eru skammt undan."

Til hliðar við þennan texta er mynd af auga. Ofan við segir: VERUM Á VERÐI, en neðan við : VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ.

II.

Auglýsing stefnda tók yfir eina dagblaðssíðu. Þar eru 9 myndir, sem ætla verður, að teknar hafi verið á ljósmyndastofu hans, auk myndar af auglýsingu ráðuneytisins, sem kross er settur yfir. Efst er með stóru letri: „VIÐ TÖKUM LJÓSMYNDIR ALVARLEGA." Til hliðar segir með minna letri: „Tökum bæði í lit og svart-hvítu." Næst koma þessi orð:

„Fáar myndatökur eru eins vandmeðfarnar og ljósmyndun á fólki. Í sérhverjum andlitsdrætti og í hverjum augnsvip er fólgin tjáning um sögu, hugsun og persónuleika einstaklingsins þetta augnablik, sem aldrei kemur aftur. Að nema þá tjáningu og festa á filmu, þegar hún rís hvað hæst, er vandasamt. Það krefst kunnáttu, þolinmæði og næmi að glíma við persónumyndir, ef góður árangur á að nást."

Á öðrum stað segir þessu næst:

„Hjá Svipmyndum er öll ljósmyndun tekin sem list. Fermingarmyndir eru þar engin undantekning. Ljósmyndir, sem teknar eru á tímamótum, fara víða og geymast lengi, - jafnvel í árhundruði (sic). Þess vegna tökum við ljósmyndun alvarlega, setjum gæðin ofar öllu og sættum okkur aðeins við það besta. Gerðu því ekki sömu mistökin og Viðskiptaráðuneytið gerir í auglýsingum sínum um síðustu helgi. Berðu ekki eingöngu saman verð - láttu gæðin skipta þig máli líka!"

Neðarlega á síðunni segir: „SVIPMYNDIR - PORTRET STUDIO - Hverfisgötu 18 - Sími 22690".

Enn neðar er texti við hlið myndarinnar af auglýsingu ráðuneytisins. Þar segir:

„Í þessari auglýsingu frá Viðskiptaráðuneytinu er hvergi minnst á gæði, alúð og vandvirkni hinna mismunandi ljósmyndastofa. Að auki er gefið í skyn að sú ljósmynd af fermingarbarni, sem notuð er í auglýsingunni, sé tekin á Svipmyndum. Viðkomandi ljósmynd uppfyllir ekki þær gæðakröfur, sem Svipmyndir gera til vinnu sinnar, og myndbirtingin er því til þess fallin að valda fyrirtækinu álitshnekki. Þessari auglýsingu hefur verið mótmælt og þess farið á leit að hún verði dæmd ómerk."

Í framanskráðum lýsingum er sumra leturbreytinga ógetið.

III.

Í hinni umdeildu auglýsingu frá viðskiptaráðuneytinu er gerður samanburður á verði á fermingarmyndum hjá ljósmyndastofum, en þess látið ógetið, að ekki hafi verið reynt að meta gæði þjónustunnar. Þá er sama mynd, sem tekin var vegna auglýsingarinnar, birt tvisvar og enn getið um mismunandi verð. Verður að skilja þetta á þann veg, að um sé að ræða þjónustu í sama gæðaflokki, hvort sem hið hærra gjald er tekið eða hið lægra. Þessi atriði eru andstæð 27. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en þar segir meðal annars, að í auglýsingum sé óheimilt að veita villandi upplýsingar, sem fallnar séu til að hafa áhrif á eftirspurn eftir þjónustu. Á stefndi rétt til bóta vegna þessa.

Eins og málflutningi aðila er háttað, kemur lækkun bótakröfu ekki til álita af réttarfarsástæðum. Verður því að meta, hvort auglýsing stefnda fari í þeim mæli fram úr eðlilegum viðbrögðum af hans hálfu, að taka beri sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Ljóst er, að aðeins ein eða tvær þeirra 9 mynda, sem eru í auglýsingu stefnda, eru af fermingarbörnum. Þá má fallast á það með áfrýjanda, að í textunum í auglýsingunni gæti ummæla, sem fremur eru almenn auglýsing fyrir stefnda en viðbrögð við því, sem frá ráðuneytinu kom. Þá er auglýsingin tvisvar sinnum stærri en auglýsing ráðuneytisins, en hins vegar birtist hún einu sinni, en ráðuneytisauglýsingin þrívegis. Á móti þessu kemur, að stefnda var rétt að lögum að bregðast við auglýsingu ráðuneytisins með því að leitast við að koma í veg fyrir fjártjón. Þegar öll atvik eru virt, þykir ekki vera unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað, sem dæmist eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, 135.000 krónur í málskostnað samtals fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurgeiri Sigurjónssyni ljósmyndara, með starfsstöð að Hverfisgötu 18, Reykjavík, gegn viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með stefnu, þingfestri 16. júní 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 226.557 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. júní 1988 til greiðsludags. Tekið verði fram í dómsorði um dráttarvextina, að þeim skuli bæta við þann höfuðstól, sem dráttarvextirnir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júní 1989. Þá er krafist úr hendi stefnda málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Í rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá upphaflegri kröfu sinni um dráttarvexti á málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 21. apríl sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 3. október sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af völdum auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, sem birtist í Morgunblaðinu 19. mars 1988 og einnig í öðrum blöðum.

Málsatvik eru þau, að 14. mars 1988 gerði Verðlagsstofnun verðkönnun hjá ljósmyndastofum á höfuðborgarsvæðinu. Tók sú könnun til fermingarmynda, stækkana og skilríkjamynda. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar fjölmiðlum með fréttatilkynningum 17. mars 1988 ásamt eintaki af 11. tbl. tímaritsins Verðkönnunar Verðlagsstofnunar. Fréttatilkynningar Verðlagsstofnunar og fréttir um niðurstöður verðkönnunarinnar birtust í útvarpi og sjónvarpi og í dagblöðum 17. til 19. mars 1988. Vegna þessarar

verðkönnunar lét viðskiptaráðuneytið útbúa sérstaka auglýsingu, sem birt var einu sinni í þremur blöðum, í Morgunblaðinu og Tímanum laugardaginn 19. mars og í Dagblaðinu mánudaginn 21. mars 1988. Var þar um að ræða hálfsíðuauglýsingu í lit með myndum og texta.

Stefnandi kærði viðskiptaráðuneytið til rannsóknarlögreglu ríkisins á þeim grundvelli, að myndbirting í auglýsingunni væri refsiverð fölsun. Þá birtist frá stefnanda heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu 22. mars 1988 með sýnishornum af ljósmyndum frá ljósmyndastofu hans, Svipmyndum. Kærumál stefnanda þótti ekki gefa tilefni til afskipta af hálfu ákæruvalds.

III.

Stefnandi, sem rekur ljósmyndastofu undir nafninu Svipmyndir, byggir á því, að hennar hafi verið getið í auglýsingunni með þeim hætti, að hann hafi talið sig bíða tjón af. Hafi hann því strax látið útbúa auglýsingu til að rétta hlut sinn, og hafi hún birst í Morgunblaðinu þriðjudaginn 22. mars 1988. Stefnandi krefst þess, að stefndi borgi sér allan kostnað af gerð og birtingu þessarar auglýsingar. Þess er getið, að Ljósmyndarafélag Íslands hafi leitað álits siðanefndar SÍA, Sambands íslenskra auglýsingastofa, á auglýsingu viðskiptaráðuneytisins. Niðurstaða nefndarinnar liggi fyrir í bréfi frá 29. mars 1988 til ráðuneytisins, þar sem auglýsingin sé talin brjóta í bága við ýmis ákvæði siðareglna um auglýsingar.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda eru reistar á því, að með fyrrgreindri auglýsingu hafi viðskiptaráðuneytið með ólögmætum og saknæmum hætti valdið honum tjóni í viðskiptum. Það styður stefnandi við eftirtalin atriði:

Í auglýsingu þeirri, sem stefndi lét útbúa, hafi verið birtar tvær eins myndir af sama fermingarbarninu undir fyrirsögninni: „Hver er munurinn á þessum myndum?" Við hvora mynd fyrir sig hafi verið verð, 4.000 kr. við aðra, en 8.000 kr. við hina. Neðan máls hafi síðan verið nafngreindar tvær ljósmyndastofur, sem tekið hafi þátt í verðkönnun Verðlagsstofnunar, þar sem fram hafi komið, að önnur taki fermingarmyndir fyrir 4.000 kr., en hin, Svipmyndir, sem er í eigu stefnanda, taki slíkar myndir fyrir 8.000 kr. Hitt sé svo sýnu verra, að hvergi í auglýsingunni komi fram, að neinn annar munur sé á fermingarmyndum frá hinum nafngreindu aðilum en verðið.

Verðlagsstofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 56/1978, hafi að undanförnu og í vaxandi mæli tekið að gera kannanir á verði ýmissar vöru og þjónustu og birta niðurstöðurnar opinberlega. Þessi starfsemi sé að sjálfsögðu mjög jákvæð og stuðli að því að auka verðskyn almennings og halda með þeim hætti niðri verði á margs konar vörum og þjónustu. Aðhaldið felist í því, að almenningur eigi að öðru jöfnu síður viðskipti við þá, sem setji upp hærra verð. Auglýsingum stefnda viðskiptaráðherra sé sýnilega

ætlað að auka á þessi áhrif og fylgja þeim eftir. Hitt sé svo jafnljóst, að við birtingu á niðurstöðum þessara kannana, svo áhrifamiklar sem þær séu, sé alveg nauðsynlegt að hafa skýra fyrirvara um atriði, sem kunni að réttlæta mismun á verði. Verðlagsstofnun sjálfri sé þessi nauðsyn ljós og taki fyrirvarana jafnan fram, er hún birti niðurstöður kannana. Þá beri og að líta til þess, að almenningur taki mikið mark á auglýsingum frá viðskiptaráðuneyti, gera verði meiri kröfur til auglýsinga frá þeim aðila en ýmsum öðrum.

Ólíkar vörutegundir og þjónustugreinar séu að sjálfsögðu misviðkvæmar fyrir verðsamanburði. Í þessu tilviki, sem hér um ræði, hafi verið gerður samanburður á verði þjónustu, sem hljóti að teljast vera mjög viðkvæm fyrir slíkum samanburði. Ljósmyndun sé viðurkennd listgrein og afrakstur vinnu hvers ljósmyndara sé nátengdur hæfileikum hans, vinnubrögðum, tækjabúnaði og aðstæðum á vinnustað. Af þessu leiði þó ekki, að óheimilt sé að gera og birta samanburð á verði slíkrar þjónustu, og þess sé ekki krafist, að ráðuneytið geri gæðamun á myndum frá þessum aðilum. Þetta tákni aðeins, að vanda þurfi til vinnubragða við slíkan samanburð og taka fram þá fyrirvara, sem hann sé háður. Sé það ekki gert, sé fyrir fram sýnt, að samanburðurinn verði mjög villandi. Viðskiptaráðuneytinu hefði í því tilfelli, sem hér um ræði, t.d. verið í lófa lagið að fá fermingarmyndir frá þeim, sem nefndir voru í auglýsingunni, og með því gefa neytendum (sic) kost á að gera raunverulegan samanburð, þar sem fleira komi við sögu en verðið. Mynd sú, sem þarna hafi verið gefið í skyn, að væri frá stefnanda, sé hins vegar í engu samræmi við gæði og þá tegund þjónustu, sem stefnandi telji sig láta í té.

Gera verði mjög strangar kröfur til framsetningar auglýsinga, sem feli í sér samanburð nafngreindra aðila, ekki síst þegar opinberir aðilar standi að auglýsingum. Þar sé um að ræða ríka hagsmuni annarra en auglýsandans sjálfs. Styðjist þetta við þá grundvallarreglu, sem fram komi í 27. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og siðareglur SÍA, sem byggjast á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins. Í niðurstöðu SÍA, sem áður hafi verið vitnað til, komi þessi sjónarmið einnig fram.

Viðskiptaráðuneytið hafi þarna verið að auglýsa verðkönnun Verðlagsstofnunar. Ráðuneytið hafi í raun gengið skrefi lengra en Verðlagsstofnun, því að eins og þessari auglýsingu hafi verið háttað, hafi það gert það á ólögmætan hátt með röngum, ófullnægjandi og villandi upplýsingum um samanburð á þeirri eiginlegu þjónustu, sem þessir aðilar veita.

Telur stefnandi, að stefndi beri óskoraða fébótaábyrgð gagnvart sér á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð.

Stefnukröfuna rökstyður stefnandi með því, að sér hafi verið full nauð-

syn að birta auglýsingu, sem sýndi og sannaði, hvers eðlis sín þjónusta sé. Stefnandi hafi með þessu verið að verjast af veikum mætti ólögmætri árás af hálfu viðskiptaráðuneytisins og þeim álitshnekki, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

1.	Kostnaður við gerð auglýsingar	kr.	104.898
2.	Birting í Morgunblaðinu 22. mars 1988	kr.	121.659
	Samtals	kr.	226.557

Stefnandi tekur fram, að tjón sitt nemi sjálfsagt miklu hærri fjárhæðum, þótt erfiðleikar séu á að staðreyna slíkt tjón. Þar sé átt við hið ómælda rekstrartjón, sem birting auglýsingar stefnda hafi valdið sér. Vegna sönnunarerfiðleika hafi hann kosið að krefja ekki um bætur vegna þessa.

IV.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti, að Verðlagsstofnun hafi um árabil gert samanburð á verði vöru og þjónustu. Hafi niðurstöður verðkannana verið birtar almenningi bæði í fréttabréfi stofnunarinnar, Verðkönnun Verðlagsstofnunar, og með fréttatilkynningum, er sendar hafi verið öllum fjölmiðlum. Kannanir Verðlagsstofnunar hafi ávallt takmarkast við beinan verðsamanburð, og í þeim sé því ekki lagt neitt mat á önnur atriði, s.s. gæði og þjónustu þeirra aðila, sem athugun taki til hverju sinni. Í fréttatilkynningum sínum undanfarin ár hafi stofnunin að jafnaði áréttað þessa staðreynd um eðli verðkannana, og sé allur almenningur vel upplýstur um það atriði.

Vegna tollalækkana um áramót 87/88 og fleiri atriða, sem snerta verð vöru og þjónustu, hafi verið ákveðið að hrinda í framkvæmd sérstöku átaki í verðlagsmálum, er falist hafi í því í fyrsta lagi, að verðkannanir Verðlagsstofnunar yrðu gerðar oftar á næstu mánuðum en verið hafði til þess tíma í því skyni að sporna gegn óeðlilegum verðhækkunum. Í annan stað hafi viðskiptaráðherra ákveðið að kynna verðkannanirnar enn frekar með því að láta gera auk fréttatilkynninga Verðlagsstofnunar sérstakar auglýsingar um hverja könnun, þar sem vakin yrði athygli á niðurstöðum þeirra, bæði almennt og í einstökum atriðum. Í febrúar og mars 1988 hafi farið fram átta verðkannanir, og hafi fyrsta auglýsingin birst 12. febrúar og hin síðasta í lok mars.

Stefndi vísar eindregið á bug þeim sjónarmiðum stefnanda, að auglýsing viðskiptaráðuneytisins, eins og hún var fram sett, hafi falið í sér með röngum, villandi og ófullnægjandi hætti samanburð á þjónustu þeirra aðila, er nafngreindir hafi verið í auglýsingunni. Sömuleiðis er því vísað á bug, að auglýsingin hafi valdið stefnanda bótaskyldu tjóni.

Samkvæmt 13. gr.laga nr. 56/1978 um verðlag o.fl. og 57. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. skuli Verðlagsstofnun í því skyni að örva verðskyn kaupenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Samkvæmt 58. gr. laga nr. 13/1979 skuli Verðlagsstofnun einnig gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum, eftir því sem kostur sé, og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

Umræddri auglýsingu viðskiptaráðuneytisins hafi eins og öðrum auglýsingum ráðuneytisins, er birtust í febrúar og mars 1988, verið ætlað að vekja athygli almennings á þeim mikla verðmun, sem þessi verðkönnun Verðlagsstofnunar hafi leitt í ljós, og þannig leitast við að örva verðsamkeppni og efla verðskyn kaupenda og hvetja þá til að sýna árvekni í verðlagsmálum. Auglýsingin taki að sjálfsögðu að efni og útliti mið af því, að hún er auglýsing og eðli máls samkvæmt ekki vettvangur ýtarlegrar greinargerðar um verðkönnunina. Auglýsingin þurfi að vera þannig úr garði gerð, að hún nái athygli lesandans og veki á hnitmiðaðan hátt áhuga hans á því málefni, sem þar sé til umfjöllunar.

Þegar virt séu lagaákvæði um verðkannanir Verðlagsstofnunar og sú lagaskylda að kynna þær almenningi, sé vandséð, að það geti falið í sér lögbrot af neinu tagi að auglýsa einan út af fyrir sig þann verðmun, sem slík könnun leiði í ljós, eins og gert hafi verið með auglýsingunni. Ekki sé unnt að fallast á, að lög standi til að gera kröfur til þess, að í slíkri auglýsingu og í verðkönnun Verðlagsstofnunar skuli gerður víðtækari samanburður, er taki til gæða og þjónustu þeirra aðila, sem þar séu tilgreindir, eða útlista skuli þær forsendur, sem þessir aðilar gefi sér fyrir verðlagningu sinni, s.s.hæfileika, vinnubrögð og tækjabúnað. Ekki verði séð, að nein sérsjónarmið gildi um verðkönnun á þjónustu ljósmyndastofa, sem er þjónusta iðnaðarmanna, og breyti engu þar um, þótt einstaka ljósmyndir kunni að falla undir listaverk í skilningi 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 að uppfylltum lagaskilyrðum um nýsköpun að formi eða efni.

Ekki fái staðist, að í auglýsingunni hefði átt að taka af skarið um, hvort einhver annar munur en verðmunur væri á fermingarmyndum frá annars vegar stefnanda og hins vegar ljósmyndastofu Jóns Sæmundssonar. Það sé lögum samkvæmt seljenda sjálfra, en ekki Verðlagsstofnunar, að sýna fram á þann mun, sem réttlæti hærra verð, sé hann á annað borð réttlætanlegur, og sýna kaupandanum fram á, að þjónusta og gæði séu í góðu samræmi við verð. Það sé síðan kaupandans og hans eins að leggja mat á það, hvernig til tekst hjá seljandanum, og ákveða, hvert hann fer með viðskipti sín. Það sé hins vegar ekki við ríkisvaldið að sakast, þó að kaupendur

samsinni ekki mati seljanda á sjálfum sér eða vilji ekki kaupa gæðamun því verði, sem upp sé sett, og hann missi við það viðskipti til keppinauta sinna. Þá sé ekki sjálfgefið, að hátt eða lágt verð tákni mismunandi gæði.

Stefndi bendir á, að hvergi í auglýsingunni, hvorki í fyrirsögnum né texta, sé gefið í skyn, að myndskreytingin stafi frá neinni þeirra þriggja ljósmyndastofa, sem nafngreindar séu í texta auglýsingarinnar, og því sé algerlega vísað á bug, að auglýsingin sé röng og villandi, þar sem hún feli í sér í reynd samanburð á eiginlegri þjónustu þeirra aðila, sem þar séu nafngreindir.

Myndskreytingin gegni því hlutverki að ná athygli lesandans og benda honum á verðmun á fermingarmyndum. Í fyrirsögn og texta auglýsingarinnar sé vakin athygli á þeim mikla verðmun, sem verðkönnun Verðlagsstofnunar hafi leitt í ljós, og tekin dæmi af verðlagningu á þremur ljósmyndastofum og í hvívetna farið þar rétt með staðreyndir. Auglýsingin fjalli um verðkönnun Verðlagsstofnunar, sem alkunn sé og felist beinlínis í orðinu, takmarkist við beinan verðsamanburð, en nái ekki til samanburðar á gæðum eða þjónustu. Því sé engan veginn réttmætt að halda því fram, að auglýsingin gefi í skyn, að myndskreyting í henni stafi frá stefnanda eða öðrum þeim ljósmyndastofum, sem nafngreindar séu í auglýsingunni, og hún feli í sér samanburð á þjónustu þeirra.

Staðhæfingum stefnanda um, að myndskreytingin sé slök að gæðum og fallin til að valda honum álitshnekki, sé eindregið vísað á bug. Mynd þessa hafi atvinnuljósmyndari tekið, og að mati þeirrar auglýsingastofu, er gert hafi auglýsinguna, fullnægi hún að öllu leyti þeim gæðakröfum, sem gera megi til fermingarljósmynda. Stefnandi rökstyðji ekki þessa fullyrðingu sína, og ekki verði séð, að framlögð fermingarmynd af hans hálfu skjóti þar stoðum undir.

Staðhæfingum stefnanda um rekstrartjón, sem engum gögnum séu studdar, sé mótmælt sem ósönnuðum. Því sé og mótmælt, að stefnanda hafi verið full nauðsyn að birta auglýsingu sína.

Er auglýsing viðskiptaráðuneytisins birtist í Morgunblaðinu, Tímanum og Dagblaðinu, höfðu verðkönnun Verðlagsstofnunar verið gerð ýtarleg skil í öllum fjölmiðlum. Í þeirri fjölmiðlaumfjöllun hafi margsinnis komið fram, að í verðkönnun Verðlagsstofnunar væri ekki lagt mat á gæði og þjónustu.

Þegar þetta sé virt og sú staðreynd, að allur almenningur sé vel upplýstur um eðli verðkannana, megi ljóst vera, að kröfugerð stefnanda á hendur stefnda sé ærið langsótt. Það sé hvorki sannað né heldur sé það sennilegt, að auglýsingin hafi í saknæmum atriðum valdið stefnanda bótaskyldu tjóni. Birting heilsíðuauglýsingar í Morgunblaðinu í þeim tilgangi að koma á framfæri leiðréttingu á meintum villandi atriðum í auglýsingu viðskiptaráðuneytis hafi verið algjörlega óþörf, eins og málum var háttað.

Augljóst sé, eins og auglýsingin sé úr garði gerð, að tilgangur með birtingu hennar sé fráleitt sá að koma á framfæri nauðsynlegum leiðréttingum í viðurkvæmilegum búningi.

Auglýsing þessi sé umfram allt almenn auglýsing fyrir ljósmyndastofuna, þar sem leitast sé við með vafasömum hætti að réttlæta hátt verð með því að gefa í skyn, að allar ljósmyndir, sem þar séu teknar, hafi listrænt gildi. Í auglýsingunni séu svo höfð uppi svigurmæli um, að það séu mistök hjá æðstu yfirvöldum verðlagsmála, viðskiptaráðuneyti, að bera eingöngu saman verð, og þau ummæli síðan áréttuð með heimildarlausri birtingu auglýsingar ráðuneytisins í svart/hvítu, ósmekklega yfirstrikaðri með eldrauðum krossi. Eins og auglýsingin sé úr garði gerð, geti, hvað sem öðru líði, engan veginn talist eðlilegt eða réttmætt að gera stefnda að greiða stefnanda kostnað af gerð hennar og birtingu.

Þess var ekki óskað, að fram færu skýrslutökur fyrir dómi í máli þessu.

V.

Stefnandi, sem rekur ljósmyndastofuna Svipmyndir, reisir dómkröfur sínar á því, svo sem fram er komið, að stefndi sé bótaskyldur vegna þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir með birtingu auglýsingar viðskiptaráðuneytisins.

Auglýsing þessi birtist m.a. í Morgunblaðinu 19. mars 1988, og hefur sú auglýsing verið lögð fram í málinu. Er þar um að ræða hálfsíðuauglýsingu í lit með myndum og texta. Í auglýsingunni er sama fermingarmyndin birt tvisvar, en mismunandi fjárhæðir tilgreindar við myndirnar, annars vegar 4.000 kr., en hins vegar 8.000 kr. Fyrir ofan myndirnar er skráð stóru og áberandi letri: „Hver er munurinn á þessum myndum?" Fyrir neðan myndirnar er skráð með sama letri: „Verðmunurinn."

Neðan máls í auglýsingunni er tekið fram, að í 11. tölublaði Verðkönnunar Verðlagsstofnunar, sem gefið hafi verið út 18. mars, komi fram ótrúlegur verðmunur á fermingarmyndatökum. Síðar segir svo feitletrað: „Á ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar kostar myndatakan 4000 kr., og er ekkert aukagjald, þótt hún fari fram á fermingardegi. Hjá Svipmyndum kostar fermingarmyndatakan 8000 kr. og aukagjald tekið, ef hún fer fram á fermingardegi, 1000 kr. Hér er verðmunurinn 4000 kr. eða 100%. — Það munar um minna."

Í auglýsingu þessari er enginn fyrirvari um það, að ekki sé lagt mat á gæði og þjónustu, svo sem jafnan er tekið fram í verðkönnunum Verðlagsstofnunar.

Svo sem gerð þessarar auglýsingar og framsetningu var háttað samkvæmt framansögðu, er sterklega gefið í skyn, að eini munurinn á fermingarmyndatökum hjá tilgreindum ljósmyndastofum sé verðmunurinn, enda

engir fyrirvarar um annað í auglýsingunni. Þótt áréttað sé í auglýsingunni, að hún fjalli um verðkönnun Verðlagsstofnunar, verður ekki talið, að sú tilvísun ein út af fyrir sig feli í sér fullnægjandi fyrirvara um það, að eingöngu sé um verðsamanburð að ræða. Þá er auglýsing þessi ónákvæm og villandi að því leyti, að gefið er í skyn, að myndirnar tvær, sem birtar eru, stafi frá þeim ljósmyndastofum, sem samanburðurinn tekur til. Svo er þó ekki raunin, um er að ræða eina og sömu ljósmyndina, sem ótiltekinn ljósmyndari hefur tekið.

Samkvæmt framlögðu áliti siðanefndar SÍA, Sambands íslenskra auglýsingastofa, er auglýsing þessi talin brjóta í bága við 4. gr. siðareglna um auglýsingar, er segir, að auglýsingar skuli ekki innihalda staðhæfingar eða myndir, sem líklegar séu til að villa um fyrir kaupendum, beint eða óbeint, með því að gefa eitthvað í skyn, halda eftir nauðsynlegum upplýsingum eða með því að nota tvíræða framsetningu eða ýkjur.

Þegar litið er til þess, sem einnig kemur fram í áliti siðanefndar SÍA, hversu samanburður í auglýsingum er vandmeðfarinn, og hér er um að ræða þjónustugrein, ljósmyndun, þar sem slíkur samanburður verður að teljast sérlega vandasamur, þá bar viðskiptaráðuneyti að vanda mjög til auglýsingar sinnar og hafa í henni ótvíræða fyrirvara um það, að ekki væri lagt mat á gæði og þjónustu, heldur eingöngu um beinan verðsamanburð að ræða.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af ákvæðum 27. gr. laga nr. 56/1978 verður talið, að framsetning greindrar auglýsingar hafi verið ólögmæt gagnvart stefnanda og til þess fallin að valda honum tjóni í viðskiptum. Ber því að fallast á það með stefnanda, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart honum vegna þessa.

Bótakröfu sína miðar stefnandi við útlagðan kostnað vegna þeirrar auglýsingar, sem hann lét sjálfur birta. Þeirri fjárkröfu hefur ekki verið andmælt tölulega, en hins vegar er staðhæfingum stefnanda um rekstrartjón mótmælt sem ósönnuðum.

Ef litið er til þess, hversu örðugt það er stefnanda að sýna fram á rekstrartjón sitt vegna auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, og að þau viðbrögð stefnanda að birta auglýsingu til andsvara voru eðlileg, eins og á stóð, þykir eftir atvikum mega fallast á, að þessi kostnaðarfjárhæð sé lögð til grundvallar bótum til stefnanda, enda engin krafa um það gerð, að lægri fjárhæð verði dæmd að álitum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 226.557 kr. og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem miðað við höfuðstólskröfu telst hæfilega ákveðinn 75.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.
Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, 226.557 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. júní 1988 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti. Dráttarvöxtum skal bætt við höfustól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júní 1989.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 418/1988. **Guðmundur Lárusson**
f.h. Bátasmiðju Guðmundar
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Ragnari Björnssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Kaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1988. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að fjárnámsgerð, sem fram fór til tryggingar kröfum stefnda, verði felld niður. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og áfrýjuð fjárnámsgerð verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Lögð hefur verið fram skýrsla, sem áfrýjandi gaf á bæjarþingi Hafnarfjarðar eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990 tóku gildi 8. janúar 1988. Telja verður nægilega fram komið, að smíði bátsins fyrir stefnda hafi þá ekki verið hafin. Stuttu síðar óskaði stefndi eftir því, að samningurinn um smíðina yrði felldur úr gildi, og er ljóst, að í því fólst yfirlýsing um, að hann myndi ekki standa við skyldur sínar eftir samningnum. Þess er að gæta, að samkvæmt skýrslu áfrýjanda var bátur með smíðanúmeri því, sem var á pöntun stefnda, seldur öðrum, og hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi haft kostnað af pöntuninni. Þegar af þeirri ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Lárusson, greiði stefnda, Ragnari Björnssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. september 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1988.

Stefnandi er Ragnar Björnsson, nnr. 7158-6529, Grundarbraut 13, Ólafsvík, en stefndi Guðmundur Lárusson, nnr. 3090-1223, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, vegna óskráðs einkafirma hans, Bátasmiðju Guðmundar, Eyrartröð 13, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 80.000 kr. með 42% ársvöxtum frá 16.9.'87 til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12.'87, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1.'88, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá er þess krafist, að stefnanda verði heimilað að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16.9.1988. Í málflutningi gerði stefnandi þær breytingar á kröfugerð, að frá 1. janúar 1988 og til greiðsludags reiknist dráttarvextir skv. lögum nr. 25/1987.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðilar eru sammála um málavexti. Stefnandi pantaði 8,3 tonna plastbát hjá stefnda, sem rekur fyrirtækið Bátasmiðju Guðmundar. Fyrirtækið er óskráð einkafirma stefnda. Stefnandi gerði pöntunina 16. september 1987, og átti að afhenda bátinn fullsmíðaðan í september 1988. Aðilar gerðu með sér samning af þessu tilefni 16. september 1987, og ber hann yfirskriftina PÖNTUN. Segir þar, að þann dag hafi stefnandi „staðfest pöntun sína á Sóma 900" með greiðslu 100.000 króna.

Með bréfi, dagsettu 11. febrúar 1988, rifti stefnandi kaupum á þeirri forsendu, að ljóst væri eftir gildistöku laga nr. 3 frá 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, að enginn rekstrargrundvöllur yrði fyrir bátinn. Forsendur væru brostnar fyrir kaupunum vegna atvika, sem stefnandi ætti ekki sök á. Þá gerði stefnandi kröfu um, að stefndi endurgreiddi 80.000 kr. af 100.000 kr. innágreiðslu, sem greidd var við pöntun.

Stefndi svaraði bréfi stefnanda 12. febrúar 1988 og hafnaði endurgreiðslukröfu stefnanda. Jafnframt skoraði stefndi á stefnanda að mæta

til að undirrita kaupsamning innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Að öðrum kosti yrði litið svo á, að samningur aðila frá 16. september 1987 væri niður fallinn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst hafi verið eftir gildistöku laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, að báturinn fengi engin veiðileyfi. Rekstrargrundvöllur bátsins hefði brostið, og bæri stefnandi enga ábyrgð á því. Stefnandi reisir því kröfu sína á reglum um brostnar forsendur. Þá heldur stefnandi því fram, að greiðsla á 100.000 kr. hafi verið innágreiðsla, en ekki eins konar trygging fyrir efndum samningsins af hálfu stefnanda.

Stefndi reisir málatilbúnað sinn einnig á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986. Það hlyti að teljast ósanngjarnt að bera samninginn fyrir sig.

Í málflutningi hélt stefnandi því fram, að tjón stefnda vegna riftunar samningsins væri ósannað og gæti ekki verið meira en 20.000 kr., sem stefnandi byði fram.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því að benda á, að stefnandi hafi einhliða rift gerðum samningi vegna atvika, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Stefndi hafi boðið stefnanda að breyta samningi þannig, að stefnandi fengi minni bát í stað þess, sem stefnandi pantaði. Var því hafnað af stefnanda. Af þessu leiði, að stefnanda beri að bæta stefnda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir. Hann eigi eftir reglum um efndabætur að verða eins settur fjárhagslega og samningurinn hefði verið efndur af stefnanda. Stefndi heldur því fram, að tjón sitt hafi orðið meira en upphæð stefnukröfu. Ef efnahagsreikningur fyrirtækisins sé skoðaður, megi sjá, að 10% hagnaður hafi orðið á hverjum bát á árinu 1987. Því megi áætla, miðað við kaupverð bátsins, 1.660.000 kr., að hagnaður stefnda hefði orðið 166.000 kr. að viðbættum 2% sölulaunum, kr. 33.320. Tap stefnda sé því varlega áætlað 199.320 krónur.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að aldrei hafi reynt á, hvort veiðileyfi fengist fyrir bátinn. Í 10. gr., G-lið, laga nr. 3/1988 sé gert ráð fyrir, að bátur, sem bindandi samningur hafi verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laganna, eigi kost á veðleyfum. Að vísu eru þau skilyrði, að smíði þeirra (sic) sé sannanlega hafin fyrir 31. desember 1987 eða a.m.k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 10. júlí 1988. Aldrei hafi reynt á, hvort ekki mætti fullnægja þessum skilyrðum laganna, þar sem stefnandi rifti kaupum einhliða.

Í þriðja lagi sé til þess að líta, að báturinn hefði verið í fullu verðgildi, þótt veðleyfi fengist ekki. Stefnandi hefði þá þurft að kaupa veiðileyfi.

Samkvæmt framansögðu er því hafnað af hálfu stefnda, að reglur um brostnar forsendur eða 36. gr. samningalaga eigi við í þessu máli. Grund-

vallarregla íslensks réttar sé, að samninga skuli halda. Menn verði sjálfir að bera áhættuna af því, að forsendur fyrir samningsgerð þeirra bresti.

Niðurstöður.

Með lögum nr. 3/1988 frá 8. janúar sl. um stjórn fiskveiða 1988-1990, 10. gr., eru settar veiðitakmarkanir á báta minni en 10 brl. Skv. A-lið 10. gr. eru botnfisksveiðar báta 6 brl. og stærri háðar sérstökum veiðileyfum. Undantekning er gerð í G-lið 10. gr. fyrir báta, sem byrjað var að smíða fyrir gildistöku laganna, eða a.m.k. þriðjungur kaupverðs hafi sannanlega verið greiddur fyrir 31. desember 1987.

Ljóst er, að stefnandi gat hvorugt þessara skilyrða uppfyllt, þar sem smíði bátsins var ekki hafin 8. janúar 1988 og aðeins 100.000 kr. greiddar inn á kaupin.

Telja verður, að það hafi verið veruleg forsenda og ákvörðunarástæða fyrir kaupunum af hálfu stefnanda, að hann fengi veiðileyfi fyrir bátinn, sem fullbúinn kostar u.þ.b. 2.600.000 kr. til 3.000.000. Verður því á það fallist, að framangreindar lagabreytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um fiskveiðar báta undir 10 brl., séu svo veigamiklar, að forsendur hafi brostið fyrir kaupunum. Stefnanda var því heimilt að rifta kaupunum.

Stefnandi greiddi stefnda 100.000 kr., er hann pantaði bátinn 16. september 1987. Samkvæmt ofansögðu féll samningur aðila úr gildi, þar sem verulegar forsendur brustu fyrir efndum hans. Af því leiðir, að stefndi verður að endurgreiða stefnanda það, sem stefnandi hafði greitt. Verða því kröfur stefnanda um greiðslu 80.000 kr. teknar til greina. Stefnandi sendi stefnda riftunarbréf 11. febrúar sl. Í því bréfi hafði stefnandi fyrst uppi endurgreiðslu- og dráttarvaxtakröfu. Verða því dráttarvextir dæmdir frá 11. mars 1988, sbr. 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vextir ákvarðast skv. 10. gr. sömu laga. Krafa stefnanda um, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, verður tekin til greina, með þeim breytingum þó, að það verði í fyrsta sinn 11. mars 1989.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Ragnari Björnssyni, Grundarbraut 13, Ólafsvík, 80.000 kr. með dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. mars 1988 til greiðsludags. Vöxtum, sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 11. mars 1988, skal bætt við hana á tólf mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 11. mars 1989, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 2. desember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 2.12., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 103 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið 1768/1988: Ragnar Björnsson gegn Guðmundi Lárussyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, og nr. 2, dóm, nr. 3, birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Klemenz Eggertsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir 80.000 kr. með drv. skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 11.3.1988 til greiðsludags, kr. 2.025 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Theódór Bogason.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Álfaskeiði nr. 103, Hafnarf. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og tilkynnir gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 416/1991. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Byggingarfélagi Ísafjarðar hf. og
Húsnæðisstofnun ríkisins f.h.
Byggingarsjóðs ríkisins.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. september 1991, sem barst dóminum 18. október. Kæruheimild er í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Kærð er synjun þinglýsingardómarans á Ísafirði á að afmá úr veðmálabókum embættisins þinglýsingu á skjölum merktum 538/1991 og 547/1991.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, „að þinglýsing þinglýsingardómarans á Ísafirði á skjölum nr. 538/1991, yfirlýsingu, útgefinni 18. júlí 1991 af Byggingarfélagi Ísafjarðar, og nr. 547/1991, samningi um framkvæmdalán, undirrituðum 9. febrúar 1989 af Katrínu Atladóttur f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins sem lánveitanda og Pétri Jónssyni f.h. Byggingarfélags Ísafjarðar sem lántakanda, á allar íbúðir að Pollgötu 4 á Ísafirði, þinglesnar eignir kæranda, en skjölunum var þinglýst á eignirnar þann 24. júlí 1991, verði afmáðar úr þinglýsingarbók.“ Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

I.

Þinglýsingardómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir, dagsettar 14. október 1991. Þar segir meðal annars:

„Hinn 14. febrúar 1989 var þinglýst fyrsta skjalinu, er varðaði fasteignina Pollgötu 4, Ísafirði, skjalið var merkt nr. 168/1989 og var staðfesting byggingarfulltrúans á Ísafirði um, að framkvæmdir væru hafnar við byggingu verslunar- og fjölbýlishúss á lóðinni að Pollgötu 4, Ísafirði. Sama dag var þinglýst skjali nr. 169/1989: yfirlýsingu Guðmundar Þórðarsonar um, að óheimilt væri að veðsetja,

selja eða leigja án samþykkis Húsnæðisstofnunar ríkisins íbúðirnar að Pollgötu 4, Ísafirði, þar sem þær væru byggðar samkvæmt lögum nr. 54/1986, sbr. reglugerð nr. 321/1987. Sama gilti um byggingarefni og annað efni, sem nota skyldi við byggingu fasteignarinnar.

Hinn 29. desember 1989 var þinglýst grunnleigusamningi milli bæjarstjórnar Ísafjarðar og Guðmundar Þórðarsonar um lóðina að Pollgötu 4, Ísafirði. Skjalið var merkt nr. 977/1989. Þann 25. janúar 1990 var þinglýst yfirlýsingu frá byggingarfulltrúanum á Ísafirði, þar sem tilgreindur var eignarhluti hverrar íbúðar og verslunar í fasteigninni.

Byggingarfélag Ísafjarðar hf., Ísafirði, óskaði eftir því 19. júlí 1991, að þinglýst yrði verksamningi milli Byggingarfélags Ísafjarðar hf. annars vegar og Guðmundar Þórðarsonar hins vegar um byggingu verslunar- og fjölbýlishúss að Pollgötu 4 á Ísafirði. Skjalið var móttekið til þinglýsingar 19. júlí 1991 og innfært í veðmálabók 22. júlí 1991 og merkt nr. 537/1991. Sama dag, þ.e. 19. júlí 1991, var móttekið til þinglýsingar skjal merkt nr. 538/1991: yfirlýsing stjórnar Byggingarfélags Ísafjarðar hf., dags. 18. júlí 1991, þar sem stjórn félagsins samþykkti þinglýsingu á framkvæmdalánasamningi félagsins og Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna íbúðabyggingar að Pollgötu 4, Ísafirði.

Þann 23. júlí 1991 var síðan móttekið til þinglýsingar skjal merkt nr. 547/1991: framkvæmdalánasamningur milli Byggingarfélags Ísafjarðar og Húsnæðisstofnunar ríkisins f.h. Byggingarsjóðs ríkisins. Skjalið var innfært í veðmálabók embættisins 24. júlí 1991 og fært inn á 1. veðrétt í íbúðunum að Pollgötu 4, Ísafirði."

Rök þinglýsingardómarans fyrir úrlausn sinni eru þessi:

„Við þinglýsingu skjala nr. 538 og 547/1991 var á það að líta, að þinglýst hafði verið þann 22. júlí 1991 á fasteignina Pollgötu 4, Ísafirði, verksamningi milli Byggingarfélags Ísafjarðar hf. og Guðmundar Þórðarsonar, dags. 9. febrúar 1989, skjal merkt nr. 537/1991.

Samkvæmt 1. gr. verksamningsins tók verktakinn, Guðmundur Þórðarson, að sér að byggja 10 íbúðir fyrir verkkaupa, Byggingarfélag Ísafjarðar hf., í fjölbýlishúsi við Pollinn á Ísafirði. Í 4. gr. samningsins er fjallað um fjármögnun byggingarinnar. Þar er ráð

fyrir því gert, að verkkaupi fái framkvæmdalán frá Húsnæðisstofnun ríkisins og þær fjárhæðir gangi til verktaka. Samkvæmt 6. gr. verksamningsins skulu íbúðirnar og meðfylgjandi sameign verða eign verkkaupa, Byggingarfélags Ísafjarðar hf., jafnskjótt og verkinu miðar áfram, og sama gildir um efni, sem flutt er á byggingarstað og ætlað er til byggingar viðkomandi íbúða. Með vísan til þessa ákvæðis samningsins var fallist á að þinglýsa á fasteignina Pollgötu 4, Ísafirði, skjölum nr. 538, 547/1991, enda ekki séð, að slíkt væri í ósamræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 39/1978.

Samkvæmt framansögðu gat undirritaður ekki fallist á kröfu kæranda máls þessa, er hann setti fram í bréfi, dags. 8. ágúst sl., um leiðréttingu samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978. Kröfu hans um að afmá úr veðmálabókum embættisins þinglýsingu á skjölum nr. 538 og 547/1991 var því hafnað."

II.

Sóknaraðili færir þær ástæður fyrir kröfu sinni, að útgefendur skjala nr. 538 og 547/1991 hafi samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. sömu laga, brostið heimild til að veðsetja íbúðirnar að Pollgötu 4 á Ísafirði. Vísar hann einkum til þess, að samkvæmt 7. gr. verksamningsins hafi verkkaupi þá fyrst átt að fá afsal frá verktaka að íbúðunum, er verkinu hefði verið skilað og fullnaðarúttekt farið fram og fullnaðargreiðsla fyrir verkið innt af hendi.

III.

Með fyrrgreindum verksamningi frá 9. febrúar 1989 tók sóknaraðili að sér sem verktaki að byggja fyrir varnaraðilann Byggingarfélag Ísafjarðar hf. sem verkkaupa allar íbúðir í fyrirhuguðu húsi nr. 4 við Pollgötu á Ísafirði, 10 að tölu, en verslunarhúsnæði á neðstu hæð var undanskilið samningnum. Í 6. gr. samningsins var svo á kveðið, að íbúðirnar og meðfylgjandi sameign í húsinu yrðu eign verkkaupans, jafnóðum og verkinu miðaði fram, og skyldi hið sama gilda um efni til íbúðanna, sem flutt hefði verið á byggingarstað. Varnaraðilanum var rétt að láta þinglýsa verksamningi þessum. Í 4. gr. verksamningsins er því lýst, að við það sé miðað um greiðslur fyrir verkið, að verkkaupi fái framkvæmdalán frá

Húsnæðisstofnun ríksins samkvæmt reglum stofnunarinnar fyrir 85% af verkkostnaði við íbúðirnar, og gangi þær fjárhæðir án ástæðulausrar tafar til verktaka á hverjum tíma. Sé stefnt að því, að framkvæmdalán greiðist eftir því, sem verkinu miði.

Ljóst er, að hér er átt við það lán, sem fjallað er um á hinu umdeilda skjali nr. 547/1991, en það var út gefið 9. febrúar 1989, sama dag og verksamningurinn. Samkvæmt ákvæðum lánssamningsins átti lánið að njóta veðréttar í eign verkkaupa í íbúðunum að Pollgötu 4, jafnóðum og hún yrði til á grundvelli verksamningsins, þ.e. í byggingarefni og byggðum hlutum íbúðanna. Til verndar þessu veði gaf sóknaraðili út yfirlýsingu sína nr. 169/1989, sem fyrr var getið.

Í yfirlýsingu þeirri frá 18. júlí 1991, sem Byggingarfélag Ísafjarðar hefur nú látið þinglýsa ásamt lánssamningnum, er staðhæft, að byggingin að Pollgötu 4 sé nú orðin að húsi á lokastigi framkvæmda, og hefur sóknaraðili ekki haldið fram, að sú staðhæfing sé röng.

Það er ljóst af fyrrgreindum ákvæðum verksamningsins og öðru efni hans, að hann bar í sér heimild handa verkkaupa til að láta þinglýsa skjölum, sem til þess væru fallin að tryggja umsaminn veðrétt fyrir framkvæmdaláninu. Úrlausn þinglýsingardómarans er því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn er staðfest.

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 382/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Stefáni Hafþóri Krüger
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst sl. að ósk ákærða.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Hafþór Krüger, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 26. maí 1991.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með tveimur ákærum, dagsettum 3. júní 1991 og 3. júlí s.á., á hendur Stefáni Hafþóri Krüger, Skólagerði 34, Kópavogi, fæddum 19. desember 1966, en málin hafa verið sameinuð og verða dæmd í einu lagi.

Í fyrri ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „tvisvar á árinu 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni X-371, svo sem hér er rakið:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 13. janúar frá miðbæ Reykjavíkur að Borgarspítalanum og þaðan skömmu síðar áleiðis niður í miðbæ á ný og á þeirri leið svo óvarlega á mótum Bústaðavegar og Hringbrautar, að bifreiðin lenti þar utan vegar og rakst á ljósastaur.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 22. nóvember stuttan spöl aftur á bak við veitingastaðinn Smiðjukaffi við Smiðjuveg í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og liður 1 auk þess við 1. mgr. 4. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Í ákæru frá 3. júlí sl. er ákærða gefið að sök að hafa ekið „fjórum sinnum á árinu 1991 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt eftirtöldum bifreiðum, svo sem hér segir:

1. Laugardaginn 9. mars bifreiðinni R-180 frá Rauðarárstíg í Reykjavík að Miklubraut við Kringlumýrarbraut, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

2. Laugardaginn 13. apríl bifreiðinni X-4672 frá heimili sínu að Kópavogsbraut, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

3. Aðfaranótt föstudagsins 24. maí bifreiðinni X-4672 úr Breiðholti í Reykjavík að Engihjalla 17 í Kópavogi, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

4. Aðfaranótt sunnudagsins 26. maí bifreiðinni R-62949 frá heimili sínu að bensínstöð Olís við Hamraborg, þar sem lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

I.

Sunnudaginn 13. janúar 1991 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á gatnamótum Hringbrautar og Bústaðavegar. Bifreið hafði verið ekið Bústaðaveg til norðurs með vinstri beygju vestur Hringbraut, og í beygjunni hafði ökumaður misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleið-

ingum, að bifreiðin kastaðist út fyrir götuna og á ljósastaur. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, og lagði nokkurn áfengisþef frá vitum hans.

Ákærði var færður fyrir aðalvarðstjóra til skýrslutöku, og síðan var hann færður til blóðtöku, en samkvæmt niðurstöðu rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 2,59‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að vera við áfengisneyslu kvöldið fyrir slysið, og hafi hann verið orðinn „allkenndur", er hann ákvað að aka vinkonu sinni frá miðbæ Reykjavíkur á slysadeild Borgarspítalans. Meðan vinkona ákærða naut aðhlynningar þar, hafi hann setið við áfengisneyslu úti í bifreiðinni. Ætlunin hafi síðan verið að fara niður í miðbæ Reykjavíkur, en sú ferð hafi endað með framangreindum hætti.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Einnig viðurkenndi hann að hafa misst stjórn á bifreiðinni, vegna þess að hann ók of hratt í beygjunni.

II.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1990 var lögreglan í Kópavogi við eftirlit og veitti þá bifreiðinni X-371 athygli, þar sem henni var lítillega „bakkað" frá anddyri veitingastaðarins Smiðjukaffis, en var síðan stöðvuð þarna á staðnum. Hafði annar lögreglumaðurinn tal af ökumanni, sem var ákærði í máli þessu, og færði hann síðan yfir í lögreglubifreiðina, þar sem grunur lék á því, að ökumaður væri undir áhrifum áfengis.

Ákærði var síðan færður á lögreglustöð fyrir varðstjóra, sem tók af honum skýrslu. Að lokinni skýrslutöku var ákærði færður til blóðtöku, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 1,61‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að drekka nokkra áfenga bjóra, og hafi hann verið að drekka síðasta bjórinn undir stýri bifreiðarinnar, er lögreglan kom á staðinn. Kvaðst ákærði ekki hafa ekið bifreiðinni þarna á bifreiðastæðinu, heldur aðeins gangsett bifreiðina til þess að fá hita frá miðstöð hennar. Þó geti verið, að bifreiðin hafi runnið aftur á bak, en hún hafi ekki verið í gangi, er lögreglumennirnir komu að honum.

Ákærði kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann gangsetti bifreiðina X-371 þarna á staðnum.

III.

Laugardaginn 9. mars sl. stöðvaði lögreglan akstur bifreiðarinnar R-18071 á Miklubraut. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu. Hann viðurkenndi að hafa drukkið áfengi, og kvaðst hann koma frá Rauðarár-

stíg. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Tekið var blóðsýni úr ákærða, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 2,65‰. Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni umræddan dag undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt.

IV.

Að morgni laugardagsins 13. apríl sl. veitti lögreglan bifreiðinni X-4672 athygli, þar sem henni var ekið norður Urðarbraut og austur Borgarholtsbraut. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar á Kópavogsbraut. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, og var hann áberandi ölvaður. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Í skýrslunni kemur fram, að ákærði játaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Blóðsýni var tekið úr ákærða, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði 1,95‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni heiman frá sér á Kópavogsbraut, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn, og var hann þá undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt.

V.

Aðfaranótt föstudagsins 24. maí sl. stöðvaði lögreglan akstur bifreiðarinnar X-4672 móts við Engihjalla 17. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði í máli þessu, og var talsverður áfengisþefur af honum. Hann viðurkenndi að hafa neytt áfengis fyrr um nóttina. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Þá var tekið úr ákærða blóðsýni, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknar mældist magn alkólhóls í blóði 1,76‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni úr Breiðholti að Engihjalla 17 undir áhrifum áfengis umrædda nótt og sviptur ökuréttindum ævilangt.

VI.

Aðfaranótt sunnudagsins 26. maí sl. veitti lögreglan ákærða athygli á bensínstöð Olís við Hamraborg, þar sem hann stóð við bifreiðina R-62949, og virtist hann vera mjög ölvaður. Tveir piltar, sem þarna voru, skýrðu lögreglunni frá því, að ákærði hefði skömmu áður ekið bifreiðinni að bensínstöðinni, en þeir voru farþegar hjá honum. Í framsæti bifreiðarinnar sat þriðji farþeginn, og skýrði hann lögreglunni frá því, að ákærði hefði ekið bifreiðinni skömmu áður heiman frá sér að bensínstöðinni.

Ákærði var færður á lögreglustöð, en þar neitaði hann að svara spurningum aðstoðarvarðstjóra. Ákærða er lýst svo, að hann hafi sýnilega verið

mjög ölvaður, þrætugjarn og nokkuð æstur, rjóður í andliti og augu rauð.

Tekið var blóðsýni úr ákærða, og samkvæmt rannsókn mældist magn alkóhóls í blóði yfir 3‰. Hann var vistaður í fangageymslu lögreglunnar, þar til skýrsla var tekin af honum undir kvöld sama dag. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, en mundi ekki atburði, eftir að hann fór heiman frá sér um morguninn, þar til hann vaknaði í fangageymslu.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt heiman frá sér að bensínstöðinni.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða, lögregluskýrslum, niðurstöðum alkóhólrannsókna og öðrum gögnum þykir háttsemi ákærða, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, sönnuð og réttilega heimfærð til refsilagaákvæða. Í 1. tl. ákæru á dskj. nr. 11 er bifreiðin R-18071 ranglega tilgreind R-180, og í ákæru á dskj. nr. 2 er brot ákærða frá 13. janúar talið framið á árinu 1990, en á að vera 1991. Hlýtur þar að vera um misritun að ræða, sem hvorki varðar frávísun né sýknu, enda hefur vörnum ekki verið áfátt vegna þessa, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1983 6/7 Sátt: 5.600 kr. sekt fyrir brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 27. gr. umfl.

1983 15/11 Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2., sbr. 3. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1984 17/9 Sátt, 1.600 kr. sekt fyrir brot g. 49. og 50. gr. umfl.

1984 28/11 Dómur: Fangelsi 45 daga, skb. 2 ár, fyrir brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1985 9/5. Dómur: 15.000 kr. sekt fyrir brot g. 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umfl., og 21. gr. áfl. Sviptur ökul. 15 mán. frá 19.3. '85.

1986 11/6 Sátt: 12.000 kr. sekt fyrir brot g. 27. gr. umfl.

1986 18/6 Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 ár frá 19.6. '86.

1988 9/6 Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot g. 1.mgr. 257. gr. alm. hgl.

1989 19/5 Dómur: Fangelsi 5 mán. fyrir brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45., 1. mgr. 48. gr. umfl., 157. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. Sviptur ökul. ævilangt frá 23.6. '89.

1991 26/5 Dómur: Fangelsi 10 mán. fyrir brot g. 3. mgr. 5., 1. mgr. 37., 1., sbr. 3. mgr. 45., og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26.5. '91.

Refsingu ákærða ber að ákveða í einu lagi samkvæmt 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsing verður ákveðin sem hegningarauki, þar sem brot ákærða eru öll framin, áður en dómur sakadóms Kópavogs var kveðinn upp 26. maí 1991. Þykir refsing samkvæmt þessu hæfilega ákveðin fyrir brotin, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði var með ofangreindum dómi sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26. maí 1991, og þykir rétt, að það ákvæði haldist óbreytt.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán H. Krüger, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 26. maí 1991 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvember 1991.

Nr. 49/1990. **Þórður Óskarsson hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Gunnari Maríussyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
og gagnsök

Vinnusamningur. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1990. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 134.440 krónur ásamt dráttarvöxtum á ári, sem nemi 24% frá 1. mars 1989 til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á. og 38,4% frá þeim degi til 6. júní s.á., og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með sameiginlegri yfirlýsingu 30. október 1990 hafa málsaðilar staðfest, að sú skuld aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda, sem viðurkennd var með hinum áfrýjaða dómi, sé að fullu upp gerð, þ.á m. vextir og málskostnaður í héraði vegna þess þáttar málsins. Eigi þeir ekki annað óútkljáð en kröfu gagnáfrýjanda um laun fyrir sex vikur til viðbótar þeim sex, sem hin viðurkennda skuld tekur til, þ.e. tímabilið 15. janúar til 28. febrúar 1989. Kröfugerð aðila fyrir Hæstarétti sé við þetta miðuð, og deili þeir ekki um fjárhæð launanna.

Í máli þessu er það ágreiningslaust, að gagnáfrýjanda hafi verið boðið að halda stöðu sinni sem stýrimaður á fiskveiðiskipinu Sólfara, AK-170, eftir að nýr eigandi tæki við skipinu af aðaláfrýjanda um miðjan desember 1989. Hann kaus sjálfur að hafna því boði.

Í 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er kveðið á um heimild skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skip er selt öðrum innlendum útgerðarmanni, og um rétt hans til kaups í

sex vikur, nema venjulegur uppsagnarfrestur sé skemmri en því nemur. Telja verður, að lagaákvæðum þessum verði beitt eftir orðum sínum, eins og hér stendur á. Ber því að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu í málinu, svo sem það liggur nú fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þórður Óskarsson hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Maríussonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað af Gunnari Maríussyni, kt. 070963-2139, Vallargötu 34, Sandgerði, með stefnu, birtri 8. maí 1989, á hendur Þórði Óskarssyni hf., kt. 420369-2209, Krókatúni 15, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 367.910 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af umdeildum kröfulið, 134.440 kr., vegna launa í sex vikna umframuppsagnarfresti og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts skv. 18. gr. l. nr. 1/1988.

Við munnlegan málflutning lýstu aðilar yfir því, að ekki væri ágreiningur um, að stefndi ætti óuppgerðar við stefnanda launagreiðslur vegna nóvember 1988, 99.030 kr., auk launa í sex vikna uppsagnarfresti, 134.440 kr., samtals 233.470 kr., sem stefnda beri að greiða stefnanda. Ágreiningur standi hins vegar um laun fyrir sex vikna viðbótaruppsagnarfrest, 134.440 kr.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 19. september 1988 réð hann sig 1. stýrimann á Sólfara, AK-170, sem stefndi átti og gerði út.

Um mánaðamót nóvember/desember 1988 hafi honum borist bréf, dags. 29. nóvember 1988, þar sem honum var tilkynnt, að báturinn hefði verið seldur. Jafnframt hafi honum verið tilkynnt, að honum stæði til boða að halda stöðu sinni á bátnum hjá nýjum eiganda, og hafi það síðar verið staðfest með skeyti, dags. 13. desember 1988. Í bréfi stefnda hafi einnig verið tekið fram, hver réttur stefnanda væri að áliti stefnda.

Stefnandi hafi hafnað stöðu hjá hinum nýja eiganda skipsins og jafnframt tilkynnt stefnda, að hann teldi sig eiga laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda hefði hann ekki sagt starfi sínu lausu og vildi raunar ekki gera það. Hins vegar hefði stefndi rift ráðningarsamningnum með því að selja skipið.

Stefndi hafi ekki greitt stefnanda kaup í uppsagnarfresti, ekki heldur þann tíma, sem hann telji þó sjálfur, að honum beri skylda til. Enn fremur hafi stefndi ekki gert upp við stefnanda kaup fyrir nóvember 1988. Sé þar um að ræða samtals 233.470 kr., um það bil 63% hinnar umstefndu fjárhæðar. Hins vegar hafi stefnanda borist launamiði 1989 vegna launa 1988 frá stefnda, og auk þess hafi borist innborgun á laun vegna nóvember 1988, að fjárhæð 110.000 kr.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Kröfu um greiðslu launainneignar vegna nóvember 1988 kveður stefnandi reista á ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985 og kjarasamningi LÍÚ og FFSÍ.

Krafan um greiðslu kaups í þriggja mánaða uppsagnarfresti er reist á 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem kveði á um, að uppsagnarfrestur yfirmanna (stýrimanns) sé þrír mánuðir. Stefnandi hafi verið ráðinn ótímabundinni ráðningu í tiltekið skiprúm, og við sölu skipsins hafi ráðningarsamningur hans og stefnda rofnað með þeim hætti, að stefnanda beri fullt kaup á uppsagnartímanum, þ.e. í 3 mánuði. Óumdeilt sé í þessu sambandi, að stefnandi eigi fullt kaup óháð launum annars staðar frá á uppsagnartímanum.

— — —

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður það hafa komið skýrt fram í bréfi því, sem hann sendi stefnanda 29. nóvember 1988, að honum stæði til boða áframhaldandi starf hjá kaupanda skipsins. Í bréfinu séu 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 raktar orðrétt og jafnframt skorað á stefnanda að skýra frá því, hvort hann vilji starfa áfram á skipinu. Með símskeyti hafi kaupandi skipsins staðfest það. Sé í skeytinu sérstaklega skorað á stefnanda að skýra frá því, hvort hann vilji halda áfram á skipinu eða ekki. Sé honum gefinn 48 klst. frestur til að svara, ella sé litið svo á, að hann vilji ekki

þiggja starfið og sé hættur á skipinu. Hafi með skeyti þessu verið (sic) að þvinga stefnanda til að tjá sig einhvern tíma um það, hvað hann ætlaði sér að gera.

Sama dag og stefnanda barst skeytið hafi hann gefið svar sitt með bréfi, dags. 13. desember 1988. Sé svar stefnanda fólgið í því, að hann hafni því að starfa áfram á skipinu hjá kaupanda þess og tilkynni jafnframt, að hann muni ekki segja upp starfi 1. stýrimanns hjá stefnda, m.ö.o., að hann muni hvorki halda áfram á skipinu né hætta.

Þegar þessi afstaða stefnanda lá fyrir, hafi kaupandi skipsins ráðið annan stýrimann í stað stefnanda, og hafi hann nú greitt stefnanda kaup í sex vikur, eins og 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga segi, en stefnandi telji sig eiga rétt á kaupi í þrjá mánuði, og deili aðilar um það, hvort stefnandi eigi rétt á launum í þrjá mánuði eða sex vikur.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi atriðum:

Í 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. l. nr. 35/1985 séu skýr ákvæði um það, hvernig fari um rétt skipverja til kaups, þegar skip sé selt innlendum útgerðarmanni, en ákvæði þessi hljóði svo:

„Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.

Eigi skipverji rétt á lausn úr skiprúmi af þessum sökum, á hann rétt til kaups í sex vikur, nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Innan þess tíma ber skipverja að vinna venjuleg skipsstörf, uns skipið er afhent hinum nýja eiganda. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga því aðeins við, að skipið sé afhent hinum nýja eiganda, áður en ráðningu hefði lokið fyrir uppsögn."

Þar sem stefnandi hafi hafnað boði um áframhaldandi starf á skipinu, rift ráðningarsamningi sínum vegna sölunnar, hafi honum borið réttur til kaups í sex vikur skv. 2. og 3. mgr. 22. gr. l. nr. 35/1985, sbr. og dóm Hæstaréttar í málinu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf. Í greinargerð sinni var því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hefði greitt stefnanda þessi laun í sex vikna uppsagnarfresti, en undir rekstri málsins var það leiðrétt og sá hluti kröfunnar viðurkenndur auk launa fyrir nóvember, eins og að framan greinir. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda fyrir laun í sex vikna umframuppsagnarfresti, enda liggi ljóst fyrir í máli þessu, að stefnandi rifti ráðningarsamningi sínum sjálfur, en honum hafi ekki einhliða verið sagt upp störfum af stefnda, sem hafi verið tilvikið í fyrrgreindu hæstaréttarmáli. Leggi stefnandi sérstaka áherslu á þetta atriði.

— — —

III.

Niðurstaða.

Málavextir í máli þessu eru í sjálfu sér óumdeildir. Stefnandi fékk tilkynningu um sölu skipsins og afhendingartíma þess með bréfi, dagsettu 29. nóvember 1988, þar sem skorað er á hann með vísan til 2. og 3. mgr. 22. gr. l. nr. 35/1985 að skýra frá því, hvort hann vilji starfa áfram á skipinu eða ekki. Þetta var síðan staðfest með símskeyti kaupanda skipsins 13. desember s.á. Sama dag svaraði stefnandi bréfi stefnda, þar sem hann hafnaði áframhaldandi störfum á skipinu. Þrátt fyrir það að stefnandi segi jafnframt í bréfinu, að hann muni ekki segja upp stöðu sinni á skipinu, verður að líta svo á, að með því að hafna áframhaldandi störfum á því jafngildi það uppsögn.

Ágreiningur er með aðilum um túlkun á 2. og 3. mgr. 22. gr. l. nr. 35/1985, en ákvæði þetta felur í sér nýmæli, sem ekki var í eldri lögum. Lagagrein þessari er skipað í II. kafla 3 í lögunum, en um þann kafla segir svo í greinargerð með frumvarpi til laganna, að byggt sé á sömu grundvallarreglum og í sjómannalögum frá 1963, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem feli í sér kjarabætur handa sjómönnum.

Þrátt fyrir það að gert sé ráð fyrir því í greinargerð, að þær breytingar og nýmæli, sem sé að finna í kaflanum, feli í sér kjarabætur handa sjómönnum, verður ekki af orðalagi frumvarpsins ráðið, að allar breytingar eða öll nýmæli skuli fela í sér kjarabætur.

Framangreind lagagrein felur í sér rétt skipverja til þess að krefjast lausnar úr skiprúmi, sé skipið selt öðrum innlendum aðila, og á hann þá rétt á sex vikna uppsagnarfresti. Kjósi hann á hinn bóginn að halda áfram störfum á skipinu, verður honum ekki sagt upp með skemmri uppsagnarfresti en þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 85/1935 (sic). Er ákvæðið í lögunum skýrt að þessu leyti.

Eins og að framan greinir, ber að líta svo á, að stefnandi hafi nýtt sér heimild sína skv. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga til að segja sig lausan úr skiprúmi, og ber stefnda því að greiða honum laun í sex vikna uppsagnarfresti, sbr. 3. mgr. s.l. (sic). Ekki er ágreiningur um það með aðilum, að kaup fyrir þann tíma er ógreitt. Þá er viðurkennt af hálfu stefnda, að hann skuldi stefnanda enn fremur laun fyrir nóvembermánuð. Samtals nema þær greiðslur 233.470 kr., og er ekki ágreiningur um þá fjárhæð. Vaxtakröfur eru óumdeildar.

Ber stefnda því að greiða stefnanda framangreindar 233.470 kr. ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber stefnda að greiða stefnanda 77.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur.

Sigíður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Óskarsson hf., Krókatúni 15, Akranesi, greiði stefnanda, Gunnari Maríussyni, Vallargötu 34, Sandgerði, 233.470 kr. ásamt 24% dráttarvöxtum á ári af 99.030 kr. frá 1. desember 1988 til 1. janúar 1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári af 188.657 kr. frá þeim degi til 1. febrúar s.á., af 233.470 kr. frá þeim degi til 1. mars s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. maí s.á., með 38,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 6. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda 77.000 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. nóvember 1991.

Nr. 31/1989. **Steinar hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1989. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði talið heimilt að skila þeim varningi, sem hann er talinn hafa þegið fyrir atbeina stefnda til lúkningar á skuldum við hann. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að dómkröfur stefnda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um uppgjör á skuldum, er stofnuðust á árinu 1987 vegna úttekta á hljómplötum og geisladiskum hjá áfrýjanda, sem rekur hljómplötu- og myndbandaútgáfu í Kópavogi. Áfrýjandi heldur því fram, að þessi viðskipti hafi hann átt við Nesco-Laugaveg hf., en ekki Nesco-framleiðslufélag hf., en þessi fyrirtæki eru sögð hafa verið að mestum hluta í eigu sömu aðila. Áfrýjandi reisir málatilbúnað sinn á því, að til greiðslu á framangreindum úttektum hafi hann átt að fá frá viðsemjanda sínum ýmiss konar hljómtæki til nota í verslunum sínum. Fram er komið, að enginn skriflegur samningur um viðskipti af þessu tagi var gerður milli aðila. Óumdeilt er, að áfrýjandi fékk ekki hljómtæki í hendur vegna þessara viðskipta framan af árinu 1987 og Nesco-framleiðslufélag hf. samþykkti í ágústmánuði það ár þrjá víxla til endurgjalds á útteknum vörum frá áfrýjanda. Þá er ekki ágreiningur um það, að dagana 2., 7. og 16. desember 1987 fékk áfrýjandi þau hljómtæki, sem um er fjallað í málinu, og að þau áttu að vera greiðsla vegna hluta

framangreindra skulda, er víxlunum þremur var ætlað að tryggja greiðslu á.

Gögn málsins þykja bera það ótvírætt með sér, að þau viðskipti, sem fram fóru í desember 1987 og krafist er riftunar á, hafi farið fram milli áfrýjanda og Nesco-framleiðslufélags hf. Það kemur m.a. fram á handrituðum úttektarseðlum og uppgjörsblöðum frá Guðmundi Arnaldssyni, starfsmanni Nesco-framleiðslufélags hf. á þessum tíma, og reikningsyfirlitum áfrýjanda sjálfs, þar sem nafnnúmer Nesco-framleiðslufélags hf. er jafnan tilgreint við nafn skuldara, sem einungis er skráð Nesco, Laugavegi 10, 101 Reykjavík. Þá þykir ljóst, að hin umdeilda greiðsla til áfrýjanda hafi verið af þeim varningi, sem Nesco-framleiðslufélag hf. átti að fá frá Nesco-Laugavegi hf. samkvæmt samningi þessara aðila 24. júlí 1987 og skriflegu uppgjöri þeirra í milli 3. desember s.á. Á það verður að fallast með héraðsdómara, að þáttur Nesco-Laugavegar hf. í þessum lögskiptum skipti ekki máli gagnvart áfrýjanda.

Slíkur varningur, sem áfrýjandi fékk frá Nesco-framleiðslufélagi hf. í desember 1987, verður að jafnaði ekki talinn venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum af því tagi, sem hér um ræðir, né heldur eðlilegt endurgjald til greiðslu á víxlum. Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna, að þannig hafi háttað til í þeim tilteknu viðskiptum, er þetta mál fjallar um.

Ákvæði 64. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 koma hér eigi til álita þegar af þeirri ástæðu, að af hálfu áfrýjanda hefur engin gagnaöflun farið fram til styrktar varakröfu hans. Þá eru ekki efni til þess að fallast á þrautavarakröfu áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. mgr. 54. gr. og 62. gr. gjaldþrotalaga ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steinar hf., greiði stefnda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 60.000 krónur málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. janúar 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 16. janúar sl., hefur þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf., kt. 480481-0469, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. september 1988, á hendur hljómplötuútgáfunni Steinum hf., kt. 491275-0819, Nýbýlavegi 4, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að rift verði með dómi greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, að fjárhæð 180.029 kr., sem fram fór dagana 2. júlí og 16. desember 1987 með afhendingu á 6 stk. Xenon-CDH-03, 1 stk. Schneider-M-2250 m/Xenon-CDH-03, Nesco-HCD-SOF, 2 stk. Orion-NE14-PAR og Xenon-NE-VHF-2B,

2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 180.029 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. aðallega, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda,

2. til vara, að stefnda verði talið heimilt að skila varningi þeim, er stefndi er talinn hafa þegið fyrir atbeina stefnanda til lúkningar skuldum við stefnda,

3. til þrautavara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

4. Af hálfu stefnda er þess krafist, að stefnanda málsins verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi í aðal-, vara- eða þrautavarakröfu og að málskostnaður beri dráttarvexti, samanber vaxtalög nr. 25/1987, að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með úrskurði, upp kveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags hf., nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988, og hafi kröfulýsingarfresti lokið 29. mars 1988. Fyrsti skiptafundur í þrotabúinu hafi verið haldinn 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjóra til að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags hf., teldi hann grundvöll riftunar samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Í lok júní 1988 hafi skiptastjóri fengið í hendur gögn frá fyrrverandi forsvarsmanni hins gjaldþrota félags, sem sýni, að hið gjaldþrota félag greiddi

í desember 1987 hluta skulda sinna með vörum. Alls hafi verið um að ræða vörur að verðmæti 2.553.709 kr. miðað við útsöluverð, og muni alls sextán aðilar hafa fengið vörur sem greiðslu á kröfum sínum.

Með bréfi, dagsettu 4. júlí 1988, hafi skiptastjóri þrotabúsins tilkynnt um riftun á þessum greiðslum. Hafi jafnframt verið gerð krafa um skil á andvirði hinna seldu muna, eins og það hafi verið á greiðsludegi, ásamt dráttarvöxtum til endurgreiðsludags. Hinn 29. ágúst 1988 hafi skiptastjóri breytt kröfugerð sinni á þann veg, að fallist hafi verið á að taka við endurgreiðslunni sem höfuðstól auk innlánsvaxta Landsbanka Íslands frá frestdegi til greiðsludags. Áskilinn hafi verið réttur til þess að krefja um dráttarvexti og kostnað, yrði ekki orðið við kröfunni innan viku frá dagsetningu bréfsins. Þegar stefna þessi hafi verið gefin út, hafi verið gengið frá máli sjö aðila, en hinir níu hafa ekki fallist á riftunina með því að endurgreiða samkvæmt kröfu búsins.

Stefndi sé meðal þeirra, er ekki hafi orðið við kröfu stefnanda. Hann hafi dagana 2., 7. og 16. desember 1987 tekið við vörum að útsöluverði 180.029 kr., en það hafi verið 6 stk. Xenon-CDH-03 (1 stk. á 10.653 kr.) á 63.918 kr., 1 stk. Schneider-M-2250 m/Xenon-CDH-03 á 28.676 kr., 1 stk. Nesco-HCD-SOF á 14.003 kr., 2 stk. Orion-NE14-PAR (1 stk. á 15.343 kr.) á 30.686 kr. og Xenon-NE-VHF-2B (1 stk. á 21.373 kr.)á 42.746 kr. Tækin hafi verið notuð til greiðslu skuldar, sem talin hafi verið jafngilda stefnufjárhæð málsins.

3.0.

Stefnandi segir málsástæður vera þær, að á þeim tíma, sem greiðslan hafi farið fram, muni hið síðar gjaldþrota félag hafa selt allan rekstur og nánast allar eignir sínar og verið hætt starfsemi. Félagið hafi skuldað hundruð milljóna króna, og hafi vitneskja um það verið almenn, m.a. vegna frétta í fjölmiðlum. Forsvarsmönnum hins gjaldþrota félags og stefnanda hljóti að hafa verið kunnugt um eða hafa mátt vera kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot félagsins.

Það sé mat stefnanda, að greiðsla skuldarinnar hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Þetta hafi stefnda verið ljóst eða mátt vera ljóst. Stefnukrafan nemur útsöluverði hinna afhentu tækja á afhendingardegi.

Ef stefndi krefjist þess, muni stefnandi viðurkenna sem almenna kröfu á kröfuskrá þrotabúsins fjárhæð jafna höfuðstól endurgreiðslunnar með vöxtum til 6. janúar 1988.

Vaxtakrafan sé um almenna innlánsvexti Landsbanka Íslands frá greiðsludegi til 1. ágúst 1988, en um dráttarvexti frá þeim degi til greiðslu-

dags. Gjalddagi endurgreiðslunnar hafi ekki verið síðar en við móttöku riftunarbréfs skiptastjóra frá 4. júlí 1988 og réttur til dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 25/1987 fyrir hendi frá þeim degi. Umboð skiptastjóra til málshöfðunar sé byggt á 1. tl. 91. gr. laga 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga, og á skiptafundi í þrotabúinu 29. apríl 1988 hafi jafnframt verið samþykkt heimild til skiptastjóra til málshöfðunarinnar.

Krafan um riftun á greiðslu skuldarinnar sé reist á 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. laga 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga, og 1. tl. 51. gr. laga nr. 6/1978. Málskostnaðarkrafan styðjist við 177. gr. laga 85/1936 og 21. gr. laga 54/1978.

4.0.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að hann, sem reki hljómplötu- og myndbandaútgáfu í Kópavogi, hafi um árabil átt viðskipti við verslunina Nesco að Laugavegi 10, Reykjavík. Það muni hafa komið til vitundar fyrirsvarsmanna stefnda í kjölfar gjaldþrots Nesco-framleiðslufélags hf., að starfrækt hafi verið nokkur hlutafélög í Reykjavík, sem auðkennd hafi verið með Nesco-nafninu í mismunandi samböndum, en rekin og í eigu sömu aðila. Stefndi hafi kosið í viðskiptum sínum að tilgreina viðsemjanda sinn í þessu sambandi sem Nesco, án þess að gerð hafi verið frekari grein fyrir, hvaða félag ætti í rauninni í hlut, og hafi þessi háttur á auðkenni í bókhaldi stefnda viðgengist allar götur frá upphafi, án þess að athugasemdir hafi komið fram af hálfu viðsemjanda stefnda. Vilji stefndi taka fram, að í dag sé félagið Nesco hf. skráð hjá hlutafélagaskrá sem starfandi hlutafélag í Reykjavík.

Viðskipti stefnda og Nesco hafi jafnan tengst verslun stefnda með hljómplötur á þann veg, að Nesco-verslunin að Laugavegi 10, Reykjavík, hafi keypt í reikning hjá stefnda hljómplötur eða hljómsnældur. Í staðinn hafi stefndi tekið út í reikningi ýmis hljómtæki, sem Nesco verslaði með á Laugavegi 10 í Reykjavík, en stefndi hafi rekið meðal annars fjölmargar hljómplötuverslanir í Reykjavík og nágrenni og þurft jafnan eðli málsins samkvæmt að hafa á að skipa nýjum og fullkomnum hljómflutningstækjum í verslunum. Jafnan hafi því verið um að ræða vöruskipti á milli félaganna að þessu leyti.

Á árinu 1987 hafi Nesco, Laugavegi 10, ákveðið að bjóða kaupendum sérstök kjör við kaup á nýjum hljómtækjum í verslun félagsins, þar með töldum geisladiskum svokölluðum, sem hafi verið að ryðja sér til rúms á íslenskum markaði, m.a. fyrir frumkvæði Nesco, sem hafi látið framleiða slík tæki fyrir sig í Asíu. Hafi kjörin verið þau, að kaupendur slíkra tækja hjá Nesco skyldu eiga kost á endurgjaldslausri úttekt á geisladiskum (hljómplötum eða hljómsnældum) í verslunum stefnda. Hafði svo um samist með Nesco og stefnda, að greiðslur fyrir nefnda geisladiska (hljómplötur og

snældur) skyldu vera geislaspilarar og tilheyrandi hljómtæki. Hafi stefndi séð fram á, að slík vöruskipti yrðu honum hagstæðari en ella, þar sem unnt myndi vera að búa hljómplötuverslanir stefnda slíkum nýjum hljómtækjum fyrr og með minni tilkostnaði. Að loknum þeim tíma, sem samstarf aðilanna skyldi vara að þessu leyti, hafi svo brugðið við, að Nesco hafi eigi getað afhent umsamin hljómtæki utan einn geislaspilara. Hafi því verið á það ráð brugðið, að Nesco-Manufacturing hf. samþykkti víxil fyrir skuldinni, er greiða skyldi á umsömdum gjalddaga, 10. október 1987, með viðeigandi hljómtækjum.

Ekki hafi orðið af umsaminni afhendingu tækja til stefnda af hálfu Nesco-Manufacturing hf., og hafi orðið að ráði, að stefndi keypti gegn gjaldfresti umrædd tæki af félagi, sem þá hafi nýlega verið stofnað um rekstur verslunarinnar að Laugavegi 10 og beri heitið Nesco-Laugavegur hf., enda hefðu fyrirsvarsmenn þess félags (hinir sömu og Nesco-Manufacturing hf.) lýst yfir eindregnum vilja til samstarfs við stefnda á sama grunni sem verið hafði við önnur Nesco-félög. Hafi starfsmenn stefnda móttekið umrædd tæki af Nesco-Laugavegi hf. 2. desember 1987, 7. desember 1987 og 16. desember 1987.

Hafi stefndi gert ráð fyrir, að unnt yrði að semja svo um við Nesco-Laugaveg hf., að framtíðarúttektir hjá stefnda gengju á móti þessari úttekt stefnda ellegar að Nesco-framleiðslufélag hf. greiddi Nesco-Laugavegi hf., sem tæpast yrði tiltökumál miðað við fyrri viðskiptatengsl, enda eigendur að félögunum hinir sömu.

Hafi stefnda eigi verið kunnugt um slíkan samning um greiðslu skuldarinnar, er ljóst hafi orðið í janúar 1988, að Nesco-framleiðslufélag hf. yrði tekið til opinberra skipta sem gjaldþrota. Hafi stefndi því gert allt eins ráð fyrir að þurfa að greiða hinu nýja Nesco-félagi (Laugavegi hf.) andvirði umræddra vöruúttekta.

Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en með bréfi Gests Jónssonar hrl., dagsettu 4. júlí 1988, að fullyrt hafi verið af hálfu stefnanda, að forsvarsmenn hins gjaldþrota félags „hafa greitt yður skuld skömmu fyrir gjaldþrotið", eins og sagt hafi verið í innheimtubréfi lögmannsins, og stefnda hafi verið gefinn kostur á að greiða 229.897 kr. til þrotabús Nesco-framleiðslufélags hf. þá þegar, ella yrði stefndi sóttur til greiðslu með málsókn.

Að vonum hafi stefnda þótt efni bréfs þessa vera framandi og óaðgengilegt, enda svo farið, að skiptastjóri í þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf. hafi lækkað kröfur sínar í málinu. Þrátt fyrir það hafi stefndi eigi fallist á lagarök skiptastjóra fyrir ólögmæti viðtöku umræddra hljómtækja úr hendi Nesco-Laugavegar hf.

Eftir þingfestingu máls þessa hafi stefnda borist afrit skjals, sem dagsett sé 3. desember 1988 og beri yfirskriftina Uppgjör. Samkvæmt þessu skjali

hafi Nesco-Laugavegur hf. skuldbundið sig til þess að afhenda Nesco-framleiðslufélagi hf. „varning", enda myndi hið síðara félag áður greiða Nesco-Laugavegi hf. að fullu svonefnd skyndilán, áður en til afhendingar tækjanna kæmi. Skyndilán þessi hafi aldrei verið greidd, og hafi því uppgjörssamningur þessi aldrei verið virkur, sbr. yfirlýsingu Nesco-Laugavegar hf. Hin umdeildu tæki hafi því verið eign Nesco-Laugavegar hf., er þau hafi verið seld með eignarréttarfyrirvara til stefnda.

5.0.

Stefndi segir, að stefnandi málsins reisi riftunarkröfu sína, að því er virðist, á þeirri málsástæðu, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi greitt skuld við stefnda með óvenjulegum greiðslueyri og stefnda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að „greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa". Stefndi segir þessa málsástæðu vera ranga, og færir hann eftirgreind rök fyrir aðalkröfu um sýknu:

1. Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi aldrei eignast hin umdeildu hljómtæki, heldur hafi eigandi þeirra, Nesco-Laugavegur hf., ráðstafað þeim með sölu til stefnda. Hafi starfsmenn stefnda móttekið umræddar vörur hjá Nesco-Laugavegi hf. og stefndi skuldbundið sig að greiða því félagi andvirði varanna með kvittun fyrir móttöku þeirra.

Því fullyrðir stefndi, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi eigi greitt skuld við stefnda með afhendingu umræddra tækja. Sé því mótmælt staðhæfingum stefnanda þess efnis, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi greitt Nesco-Laugavegi hf. andvirði varanna. Á framlögðu dómskjali sé reikningur, út gefinn af Nesco-Laugavegi hf., til Nesco-Manufacturing hf. vegna stefnda. Gögn til sönnunar því, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi greitt Nesco-Laugavegi hf. andvirði varanna, sé ekki að finna í skjölum málsins. Ástæða þess sé einfaldlega sú, að greiðsla hafi ekki farið fram, þar sem eigi varð úr efndum af hálfu hins gjaldþrota félags á fyrirhuguðum uppgjörssamningi milli stefnanda og Nesco-Laugavegar hf. Skuli bent á, að Nesco-Laugavegur hf. hafi ekki gert kröfur í þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. vegna skulda hins síðarnefnda, sem hafi verið talsverðar. Sýkna beri því stefnda af kröfu stefnanda á grundvelli 45. gr. laga nr. 85/1936.

2. Teljist afhending varanna hafa verið til greiðslu á skuld við stefnda, sé ljóst, að meginskilyrði þess, að riftun komi til álita í máli þessu, séu eigi fyrir hendi.

Í fyrsta lagi hafi hið gjaldþrota félag ekki greitt Nesco-Laugavegi hf. andvirði varanna. Sé stefnandi því eins settur og greiðsla þessi hafi eigi farið fram. Hið sama gildi um aðra kröfuhafa í bú stefnanda. Afhending tækjanna hafi því eigi haft hin minnstu áhrif á möguleika þeirra til fullnustu

krafna sinna af eignum stefnanda. Þar sem stefnandi og kröfuhafar hans hafi eigi skaðast við umrædda ráðstöfun, séu eigi tilefni til riftunar á gerningi þessum.

Í öðru lagi hafi stefnandi eigi fengið framselda kröfu Nesco-Laugavegar hf. á hendur stefnda, og eigi stefnandi því af þeirri ástæðu ekki aðild að málsókn til efnda á greiðslu umræddra tækja.

Þá vill stefndi taka fram, að honum hafi eigi verið ljóst, að Nesco-framleiðslufélag hf. væri senn gjaldþrota í árslok 1987, enda stefnda ókunnugt um fjármál félagsins að því marki, að stefnda væri unnt að meta, hvort félagið yrði gjaldþrota eða ekki. Fullyrðingar stefnanda þess efnis séu því rangar.

3. Af hálfu stefnda sé mótmælt málsástæðu stefnanda þess efnis, að afhending tækjanna til stefnda teljist óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi l. nr. 6/1978. Þessi háttur á greiðslu sé eigi óalgengur í viðskiptum stefnda og annarra aðila, sem reka hliðstæðan rekstur og stefnandi hafði með höndum.

Skuld Nesco-framleiðslufélags hf., sem hér um ræðir, skyldi félagið endurgreiða með afhendingu geislaspilara og tilheyrandi hljómtækja samkvæmt upphaflegum samningi þar um. Því geti umsaminn greiðslumáti eigi talist óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi laga nr. 6/1978. Slíkur greiðslumáti hafi verið eðlilegur með tilliti til starfsemi Nesco-framleiðslufélags hf. og fyllilega í þágu starfsemi stefnda. Hafi umfang tækjanna verið í samræmi við hana, og hafi þau öll farið til notkunar í verslunum stefnda til kynningar á söluvöru hans. Allar fullyrðingar stefnanda þess efnis, að afhending tækjanna til stefnda samkvæmt upphaflegum samningi þar um teljist óvenjulegur greiðslueyrir, séu alrangar. Því beri að hafna kröfum stefnanda um riftun.

Skal nú vikið að málsástæðum stefnda fyrir varakröfu hans. Hann segir, að teljist hann í máli þessu hafa þegið greiðslu úr hendi stefnanda, sem sé riftanleg á grundvelli ákvæða laga 6/1978, sé þess krafist, að hann fái að skila stefnanda umræddum hljómtækjum án frekari kostnaðar. Vísar stefndi að þessu leyti til 64. gr. laga nr. 6/1978 og heldur því fram, að verðmæti þau, sem hér um ræði, séu í eðlilegu ástandi miðað við notkun og aldur. Því verði þeim að nýju skilað stefnanda í eðlilegu ástandi. Af þeim sökum verði eigi gerð krafa til peningagreiðslu úr hendi stefnda samhliða afhendingu tækjanna, enda hvorki gerð um það krafa af hálfu stefnanda né sýnt fram á það af hálfu stefnanda, hver sú greiðsla ætti að vera.

Slík málsástæða af hálfu stefnanda væri enda of seint fram komin, sbr. 4. tölulið 110. gr. laga nr. 85/1936, og kemur eigi til álita við úrlausn málsins, sbr. 113. gr. sömu laga. Þá bendir stefndi einnig á, að óeðlilegt sé að gera honum að greiða gjald vegna afnota eða verðrýrnunar hljómtækj-

anna, teldist um slíkt að ræða, þar sem hvorki hafi verið til að dreifa ásetningi né gáleysi af hálfu stefnda í því skyni að hagnast umfram aðra lánardrottna Nesco-framleiðslufélags hf. með móttöku tækjanna úr verslun Nesco-Laugavegar hf. Í ljósi alls þessa geti stefnandi eigi krafist annars en tækjunum verði skilað stefnanda.

Ef eigi verður talið unnt að taka til greina aðal- eða varakröfu stefnda í málinu, krefst stefndi til þrautavara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Bendir stefndi á, að tilgangur stefnanda með málsókn þessari hafi verið sá, að þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. færi skaðlaust frá greiðslu skuldar til stefnda. Því verði að miða við þá fjárhæð, sem Nesco-Laugavegur hf. hafi greitt við útleysingu tækjanna og Nesco-framleiðslufélag hf. hljóti að hafa greitt Nesco-Laugavegi hf., en stefnandi hafi að minnsta kosti eigi greitt hærri fjárhæð vegna hinna umdeildu tækja. Sé ljóst, að sú fjárhæð hafi að minnsta kosti verið helmingi lægri en sú fjárhæð, sem miðað var við í viðskiptum stefnda og Nesco-Laugavegar hf.

Stefndi tekur fram í þessu sambandi, að á þeim tíma, sem afhending tækjanna hafi farið fram, hafi verslunin að Laugavegi verið komin úr höndum Nesco-framleiðslufélags hf. og félagið „selt allan rekstur og nánast allar eignir sínar og var hætt starfsemi". Hefði Nesco-framleiðslufélag hf. haft hin umdeildu tæki í sínum fórum, sé ljóst, að félagið hafi ekki haft möguleika til þess að selja tæki til heildsölu eða smásölu með tilheyrandi álagningu og arði af sölunni. Það verð, sem þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. hefði getað vænst, hafi án efa ekki verið hærra en numið hafi útleysingarverði tækjanna og líklega allmiklu lægra en því nemur.

Þá mótmælir stefndi upphafstíma vaxta samkvæmt stefnu. Bendir stefndi á, að stefnanda beri eigi að fá vexti af kröfum sínum fyrr en í fyrsta lagi frá 29. september 1988, en bréf skiptaforstjóra sé dagsett 29. ágúst 1988 og innihaldi lægri kröfufjárhæð en geti í riftunarbréfi hans, dagsettu 4. júlí 1988. Gjalddagi kröfu stefnanda hafi í fyrsta lagi verið einum mánuði eftir framsetningu endanlegrar kröfufjárhæðar, og því eigi framangreint tímamark við í máli þessu. Vísi stefndi til 9. gr. 2. mgr. laga nr. 25/1987 til stuðnings þessari málsástæðu.

Enn fremur mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda, þar sem réttarheimildir skorti til töku almennra dráttarvaxta af skaðabótakröfum. Beri í því efni að miða við meðaltalsvexti af óbundnum innlánsreikningum, samanber almenna dómvenju þar um.

6.0.

Svo sem sjá má af framlögðu samkomulagi, dagsettu 24. júlí 1987, gerðu Nesco-framleiðslufélag hf. og Nesco-Laugavegur hf. með sér samkomulag um kaup á vörubirgðum innanlandsdeildar Nesco-framleiðslufélags hf.,

eins og þær munu hafa verið samkvæmt vörutalningu 1. ágúst 1987. Skyldi selja þær á kostnaðarverði, og skyldi nánara samkomulag um kaupverð og aðra skilmála vörubirgðanna gert eftir vörutalninguna. Í viðbótarsamkomulagi, dagsettu 16. nóvember 1987, var svo kveðið á, að samið yrði um endanlegt kaupverð fyrir 1. desember 1987. Uppgjör á vörubirgðum þessum fór svo fram 3. desember 1987. Umsamið kaupverð vörubirgðanna var ákveðið að smásöluverðmæti 2.500.000 kr. Skyldi Nesco-Laugavegur hf. greiða kaupverð vörubirgðanna með varningi að smásöluverðmæti 2.500.000 kr., sem stefnandi fengi afhentan á tímabilinu 1. til 23. desember 1987.

Sérstakt ákvæði var þó í uppgjöri þessu, svohljóðandi: „3. Nesco-Laugavegur hf. gerir það að skilyrði fyrir fullnustu samningsliðar nr. 2., að Nesco-Manufacturing hf. geri á sama tíma og um leið upp skyndilánaskuldir sínar við Nesco-Laugaveg hf., enda voru skyndilánin veitt sem innáborgun á óuppgerð lager-kaup af hálfu Nesco-Laugavegar hf. Hinn 3.12.'87 eru skyndilánaskuldir 1.164.428 kr., sbr. yfirlit."

Stefndi fullyrðir, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi aldrei endurgreitt skyndilán þessi, og því hafi Nesco-Laugavegur hf. greitt hinar keyptu vörubirgðir með skyndilánum þessum. Afhending varnings, svo sem til stóð, hafi því ekki verið greiðsla fyrir hinar keyptu vörubirgðir, þar sem þær hafi þegar verið greiddar með skyndilánunum. Greiðsla samkvæmt skyndilánunum hafi numið hærri fjárhæð en útleysingarverð vörubirgðanna. Hinn afhenti varningur, sem um er deilt í máli þessu, hafi því verið seldur stefnda beint og milliliðalaust af Nesco-Laugavegi hf. Nesco-framleiðslufélag hafi aldrei greitt neitt fyrir varning þennan.

Af skjölum málsins má einnig ráða, að af hálfu Nesco-Laugavegar hf. hafi í desember 1987 verið afgreiddur varningur til hinna ýmsu kröfuhafa stefnanda. Var heildarfjárhæð reikninga, gerðra vegna þessarar afhendingar, 2.553.709 kr., en með veittum afslætti urðu eftirstöðvarnar 2.229.179. kr. Krafa sú, er mál þetta snýst um, var ein þessara afhendinga á varningi.

Ekki fer á milli mála, að markmið greinds uppgjörs á keyptum vörubirgðum var það, að þær yrðu greiddar með varningi, sem afhenda skyldi kröfuhöfum stefnanda. Var orðalag greinds uppgjörs efnislega í þá átt, þótt áðurgreindur fyrirvari væri gerður af hálfu Nesco-Laugavegar hf. Í þessu sambandi ber að líta til þess, að reikningur sá, er gerður var vegna afhendingar varningsins, var gerður á „Nesco-Manufacturing hf. v/Steina hf....". Samkvæmt reikningsyfirliti, sem fyrir liggur í málinu, úr bókhaldi stefnda, er tilgreint Nesco, Laugavegi 10, 101 Reykjavík, en við númer viðskiptamanns er tilgreint nafnnúmer Nesco-framleiðslufélags hf. Liggur því ljóst fyrir, að ætlun aðila hafi verið þessi, a.m.k. ef áðurgreindur fyrirvari

yrði efndur af Nesco-framleiðslufélagi hf. Spurning er því, hvort vanefndir á fyrirvara þessum hafi breytt eðli þessara greiðslna, svo sem stefndi heldur fram.

Um tilkomu svonefndra skyndilána og greiðslur þeirra er margt óupplýst, en ljóst er þó, að þau eiga að hafa verið komin til, áður en greint uppgjör fór fram. Engar kvittanir eða skjöl, sem sýna tilvist þessara skyndilána að öðru leyti eða greiðslur þeirra, liggja fyrir í málinu, en sönnunarbyrði fyrir skuld þessari hlýtur að hvíla á stefnda. Verður í þessu sambandi að líta til þess, hversu aðilar eru nákomnir, Nesco-framleiðslufélag hf. og Nesco-Laugavegur hf., en forsvarsmenn beggja félaga voru að nokkru leyti sömu menn. Vanefndir á greiðslu skyndilánanna hefðu e.t.v. getað losað Nesco-Laugaveg hf. undan þeirri skyldu sinni að greiða með varningnum. Áðurnefndar greiðslur á varningi fóru þó samt sem áður fram í raun. Þær virðast hafa farið fram með þeirri vitund, að verið væri að greiða skuldir Nesco-framleiðslufélags hf., enda segir svo m.a. í svari Nesco-Laugavegar hf., dags. 17. nóvember 1988, við fyrirspurn lögmanns stefnda: „Í góðri trú um, að Nesco-Manufacturing hf. myndi standa við uppgjörssamkomulagið, afhenti Nesco-Laugavegur hf. alls 16 lánardrottnum Nesco-Manufacturing hf. tæki í nóvember/desember 1987 skv. 2. grein þess." Þar sem svo var staðið að málum, telur dómurinn eðlilegra að líta fremur á þær greiðslur sem endurgjald fyrir vörubirgðirnar en skyndilánin. Ekki verður því fallist á þá málsástæðu, að vanefndir Nesco-framleiðslufélags hf. á greiðslu nefndra skyndilána hafi breytt eðli greiðslnanna á varningnum. Hafi verið um skuld að ræða vegna greindra skyndilána, verður að líta á hana sem sjálfstæða kröfu á hendur Nesco-framleiðslufélagi hf.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki fram hjá því horft, að greindar vörubirgðir í eigu Nesco-framleiðslufélags hf. hurfu úr búinu til Nesco-Laugavegar hf. og andvirði þeirra hafnaði hjá kröfuhöfum búsins, en greiðsla sú, er mál þetta snýst um, virðist hafa verið hluti af heildaruppgjöri við ýmsa lánardrottna.

Verður því næst að líta til þess, hvort greiðslur þessar hafi verið riftanlegar á grundvelli 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga og 1. tölulið 51. gr. laganna, svo sem stefnandi heldur fram, en í stefnu segir hann svo orðrétt: „Það er mat stefnanda, að greiðsla skuldarinnar hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Um þetta hafi stefnda verið ljóst eða mátt vera ljóst."

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er heimiluð riftun á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, m.a., ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Er regla þessi hlutlæg riftunarregla. Ljóst er, að um er að ræða

greiðslu skuldar, sem var til komin, áður en afhending umrædds varnings fór fram. Þegar svara skal því, hvort greiðslueyririnn hafi verið óvenjulegur í þessu sambandi, verður að gæta að því, hvort aðilar hafi í upphafi lagt til grundvallar, að notaður yrði umræddur varningur til greiðslu skuldarinnar.

Stefndi fullyrðir, að þessi háttur á greiðslu sé eigi óalgengur í viðskiptum stefnda og annarra aðila, sem reka hliðstæðan rekstur og stefnandi hafi haft með höndum. Skuld Nesco-framleiðslufélags hf., sem hér um ræðir, skyldi félagið endurgreiða með afhendingu geislaspilara og hljómtækja samkvæmt upphaflegum samningi þar um. Því geti umsaminn greiðslumáti eigi talist óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi gjaldþrotalaga. Slíkur greiðslumáti hafi verið eðlilegur með tilliti til starfsemi Nesco-framleiðslufélags hf. og fyllilega í þágu starfsemi stefnda. Hafi umfang tækjanna verið í samræmi við hana, og hafi þau öll farið til notkunar í verslunum stefnda til kynningar á söluvöru hans.

Ekki hefur verið lagður fram í málinu sá upphaflegi samningur um afhendingu geislaspilara og hljómtækja, sem stefndi fullyrðir, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi verið bundið við, enda mun hann ekki hafa verið gerður skriflega. Gerir það sönnun um tilvist hans eða tilvistarleysi erfiða. Fyrir samningsgerð þessa munu vöruskipti ekki hafa farið fram milli stefnda og Nesco-framleiðslufélags hf. Samkvæmt framlögðu viðskiptayfirliti stefnda yfir tímabilið 1. janúar til 30. september 1987 kemur fram, að bókaðar eru úttektir á hljómplötum, en alltaf skuldfært með víxlum. Afhending varnings til greiðslu á víxlum verður að öllu jöfnu ekki talin venjulegur greiðslueyrir. Þótt ekki sé dregið í efa, að umrædd tæki hafi komið stefnda að notum, hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á, að þessi greiðslumáti hafi verið ríkt venja eða vafalaus innan þessarar starfsgreinar eða í viðskiptum aðila. Greiðsla á skuldinni með öðrum greiðslueyri en krafan samkvæmt efni sínu hljóðaði á verður að teljast óvenjulegur greiðslueyrir í þessu sambandi. Með hliðsjón af þessu og þar sem áðurgreindur samningur stefnda og Nesco-framleiðslufélags hf. mun hafa verið munnlegur og um annað en peninga, verður að telja, að stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir tilvist hans og að greiðsla varningsins hafi farið fram eftir ákvæðum samningsins og verið þannig venjuleg eftir atvikum. Þegar framangreint er virt, verður ekki fallist á, að stefnda hafi tekist sú sönnun.

Með tilvísun til þessa verður þegar af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, að fallast á heimild stefnanda til riftunar. Aðild Nesco-Laugavegar hf. að þessum lögskiptum þykir, eins og áður er greint frá, ekki hafa áhrif á riftunarheimildina, þar sem tilgangurinn var að greiða skuld stefnanda.

Skal því næst vikið að endurgreiðslukröfum málsaðila.

7.0.

Rétt er fyrst að víkja að þeirri varakröfu stefnda, að honum verði talið heimilt að skila varningi þeim, er stefndi er talinn hafa þegið fyrir atbeina stefnanda til lúkningar skuldum við stefnda. Með stoð í 64. gr. gjaldþrotalaga er báðum málsaðilum heimilt að krefjast þess, að greiðslum skuli skila í þeim mæli, sem þær eru ennþá til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta, en verðrýrnun þeirra verði þá jöfnuð með peningagreiðslum.

Niðurstaða dóms þessa um riftun liggur ekki fyrir fyrr en löngu eftir, að ráðstöfun var gerð. Ekki hefur verið lagt fram neitt greiðslutilboð af hálfu stefnda vegna verðmætisrýrnunar. Mat á verðmætisrýrnun gæti verið mjög umdeilanlegt, og engin gögn hafa verið lögð fram af aðilum um það, hver verðmætisrýrnun hafi getað verið frá umræddri ráðstöfun til riftunardags. Í þessu tilviki verður að telja slíka gagnaöflun forsendu þess, að ákvæðinu verði beitt. Verður því ekki fallist á þessa varakröfu stefnda.

Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína m.a. á 62. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og ef hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Því verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á riftunardegi. Telja verður tjón búsins verðmæti greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, auk vaxta, og virðast báðir málsaðilar vera þeirrar skoðunar, að miða beri við þá fjárhæð. Ágreiningur er þó milli málsaðila annars vegar um það, hvað telja beri verðmæti greiðslu á ráðstöfunardegi, um upphafstíma vaxta og vaxtahæð.

Stefnandi miðar kröfu sína við útsöluverð varningsins, eins og reikningur fyrir hann hljóðar á, en stefndi telur, að miða eigi við þá fjárhæð, sem Nesco-Laugavegur hf. hafi greitt við útleysingu „tækjanna og Nesco-framleiðslufélag hf. hljóti að hafa greitt Nesco-Laugavegi hf., en stefnandi hafi að minnsta kosti ekki greitt hærri fjárhæð vegna umdeildra tækja. Sé ljóst, að sú fjárhæð hafi að minnsta kosti verið helmingi lægri en sú fjárhæð, sem miðað var við í viðskiptum stefnda og Nesco-Laugavegar hf.“, eins og segir í greinargerð stefnda. Telur stefndi, að Nesco-framleiðslufélag hf. hefði, eins og mál voru komin og á stóð, ekki haft möguleika til þess að selja tækin í heildsölu eða smásölu með tilheyrandi álagningu og arði af sölunni, heldur jafnvel lægra verði en útleysingarverði nam.

Dómurinn getur ekki á þessar röksemdir stefnda fallist. Samkvæmt uppgjöri aðila var kaupverð vörubirgðanna 2.500.000 kr. að smásöluverðmæti, og þær átti að greiða með varningi að smásöluverði sömu fjárhæðar.

Reyndin varð sú í þessu máli, sem hér er dæmt, að um var að ræða heildsölu án söluskatts. Telur dómurinn, að verð það, sem notað var af aðilum í viðskiptum þeirra, sé tjónsverðið, enda var um að ræða samning um verðmæti vörunnar á þessum tíma. Er því eftir atvikum óþarft að dæma um aðra möguleika stefnanda.

Bótarétti fylgir jafnan vaxtaréttur frá þeim degi, er hið skaðabótaskylda atvik varð. Fallast verður því á með stefnanda, að krafan beri vexti frá ráðstöfunardegi. Enn fremur ber að fallast á vaxtahæð, en þó beri krafan ekki dráttarvexti fyrr en 4. ágúst 1988, þ.e. mánuð frá dagsetningu riftunarbréfs, sbr. 9. og 15. gr. laga nr. 25/1987.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 60.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, Steina hf., að fjárhæð 180.029 kr., sem fram fór dagana 2., 7. og 16. desember 1987 með afhendingu á 6 stykkjum Xenon-CDH-03, 1 stykki Schneider-M-2250 m/Xenon-CDH-03, Nesco-HCD-SOF, 2 stk. Orion-NE14-PAR og Xenon-NE-VHF-2B, er rift.

Stefndi, Steinar hf., greiði stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 180.029 kr. með 22% ársvöxtum frá 16. desember 1987 til 11. febrúar 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 4. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. nóvember 1991.

Nr. 273/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Finnboga Helga Karlsssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 3. maí sl.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Finnbogi Helgi Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 17. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. apríl sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 14. desember 1990, „á hendur Finnboga Helga Karlssyni, Engihjalla 3, Kópavogi, kt. 010168-3849, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni GO-195 frá bænum Stokkhólma í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu til Sauðárkróks og skömmu síðar áleiðis að Stokkhólma að nýju, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Skagfirðingabrautar og Sauðárkróksbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 16. september 1990 kl. 1.13 veittu lögreglumenn í umferðareftirliti á Skagfirðingabraut austan Túnahverfis athygli bifreiðinni GO-195, þar sem henni var ekið til suðurs. Voru ökumanni gefin stöðvunarmerki, en hann sinnti þeim ekki fyrr en á gatnamótum Skagfirðingabrautar og Sauðárkróksbrautar. Vegna áfengisþefs, sem lagði frá vitum ökumanns, er reyndist vera ákærði í máli þessu, var hann fluttur á lögreglustöð fyrir varðstjóra.

Ákærða var tekið blóð kl. 1.30, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,7‰.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að vera sviptur ökuréttindum. Hann kvaðst dveljast þessa dagana í Stokkhólma, Akrahreppi. Í gær hefði hann verið í smalamennsku og komið að Stokkhólma um kl. 21.00. Hefði hann þá verið orðinn þreyttur eftir at dagsins og einnig aðeins verið undir áhrifum áfengis, en ekki nennt að fara að sofa. Hefði hann því tekið bifreið systur sinnar og ekið til Sauðárkróks. Sér hefði ekki verið hleypt inn á Hótel Mælifell, þar sem hann var enn í reiðfötum, og hefði hann verið lagður af stað til baka fram í Stokkhólma, er lögreglan stöðvaði sig.

Hann hefði ekki neytt neins áfengis, eftir að smalamennskunni lauk, og það áfengismagn, sem hefði verið í sér, hefði því aðeins verið eftirstöðvar eftir áfengisneysluna í gær. Hann hefði drukkið ,,landa'', einn og einn sopa í smalamennskunni.

Hann verði að viðurkenna, að hann hafi fundið til lítils háttar áfengisáhrifa, er hann fór frá Stokkhólma um kl. 23.00 í gærkvöld, en hann hafi samt talið sig fullfæran um að aka.

Við yfirheyrslu fyrir dómi 17. apríl sl. skýrði ákærði efnislega frá á sama veg. Hann kvaðst síðast hafa neytt áfengis í Stafnsrétt á laugardeginum. Hann hefði verið búinn að vera í viku í göngum, og hefði hann staupað sig öðru hverju alla vikuna. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en fundið til ,,þynnkuáhrifa''.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum

er að sök gefin í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Í ákæru segir, að brotið sé framið sunnudaginn 16. ágúst 1990, en 16. ágúst þetta ár bar upp á fimmtudag. Af öðrum gögnum málsins verður ráðið, að atvik þessi urðu mánuði síðar, þ.e. aðfaranótt 16. september. Villa þessi í ákæru þykir eigi koma að sök, sbr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Sakavottorð ákærða, dagsett 7. desember 1990, tilgreinir sex dómsáttir og sex refsidóma og skilorðsbundna ákærufrestun f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Hefur ákærði þar af fimm sinnum sætt refsingum fyrir ölvunarakstur og fimm sinnum fyrir að aka sviptur ökuréttindum. Þá hefur hann sætt refsingum fyrir skjalafals og auðgunarbrot. Hefur honum verið dæmd óskilorðsbundin refsivist í samanlagt tólf mánuði. Með dómi, upp kveðnum 10.3. '89 var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt, og með dómi, upp kveðnum 20.2 '90, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá þeim degi.

Honum var 21. júlí 1990 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsivistar, 180 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að hafa hliðsjón af sakaferli hans. Þá hefur hann með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er hann hlaut 21. júlí 1990 á eftirstöðvum refsingar, 180 dögum. Ber því að ákvarða ákærða refsingu nú með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 3. mgr. (sic) laga nr. 16, 1976, og 7. gr. laga nr. 22, 1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, ber að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr. ásamt virðisaukaskatti.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Helgi Karlsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði skal ævilangt sviptur ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánsson hdl., 25.000 kr., ásamt virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 14. nóvember 1991.

Nr. 241/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steini Jakobi Ólasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Brot í opinberu starfi. Lögreglumenn. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi í starfi sínu sem lögreglumaður í Reykjavík aðfaranótt 27. desember 1990 beitt Sigurð Kaldal Sævarsson harðræði, er leiddi til þeirra meiðsla hans, sem lýst er í ákæru málsins. Voru aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til. Varðar atferli hans við 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ekki þykja hér efni til að beita einnig 132. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, var ákærði með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 24. janúar 1991 leystur frá störfum sem lögreglumaður frá þeim degi að telja, „þar til öðruvísi verður ákveðið". Með hliðsjón af þessu og því, að ákærði hefur ekki áður sætt kæru eða refsingu, þykir rétt að skilorðsbinda refsingu hans, svo sem nánar greinir í dómsorði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Einnig verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Steinn Jakob Ólason, sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 232/1991: Ákæruvaldið gegn Steini Jakobi Ólasyni, sem tekið var til dóms 16. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. mars sl., gegn ákærða, „Steini Jakobi Ólasyni, fyrrverandi lögreglumanni, Baughúsum 48, Reykjavík, kennitala 010358-4429, fyrir brot í opinberu starfi og líkamsmeiðingar með því að hafa aðfaranótt 27. desember 1990 gerst offari í starfi, er hann ásamt fleiri lögreglumönnum hafði afskipti af hópi manna á mótum Frakkastígs og Bergþórugötu í Reykjavík, m.a. Sigurði Kaldal Sævarssyni, kt. 210668-3559, sem hafði ekki sinnt fyrirmælum lögreglumanna á vettvangi, og þá hrakið Sigurð á undan sér niður Frakkastíg að Kárastíg og þar tekið hann kverkataki og/eða hálstaki, svo að Sigurður missti meðvitund, dregið hann meðvitundarlausan til baka í átt að lögreglubifreið, sem stóð við Frakkastíg á móts við hús nr. 1 við Bergþórugötu, og er hann átti skammt ófarið að bifreiðinni, sleppt takinu á Sigurði, svo að andlit hans skall í götuna með þeim afleiðingum, að hann bólgnaði og skrámaðist í andliti, hlaut ½ cm sár á vinstri augabrún, fjögur dökkrauðleit, skálæg, samsíða för framan á hálsi og alls sjö tennur í efri og neðri gómi brotnuðu, og þurfti strax sama dag að fjarlægja eina þeirra (efri forjaxl hægra megin).

Telst þetta varða við 132. gr. og 1. mgr. 218. gr., — til vara 219. gr. —, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist".

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudags 27. desember sl. var lögregla þrívegis kvödd að Bergþórugötu 1 vegna hávaða og ölvunar í mjög fjölmennu samkvæmi, er þar var haldið á efri hæð og risi.

Samkvæmt skýrslum lögreglunnar í Reykjavík, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, fóru lögreglumenn tvívegis á vettvang, í fyrra sinnið kl. 3.47, en hið síðara kl. 4.55. Þeir Björn Gíslason og Einar Matthías Þórarinsson fóru í bæði skiptin á vettvang samkvæmt boði varðstjóra. Höfðu þeir tal af húsráðendum í fyrra skiptið, en í hið síðara kom til aðgerða, svo sem síðar er lýst. Voru þeir á lögreglufólksbifreið, sem þeir lögðu við síðari komuna á Bergþórugötu. Í síðara skiptið fór enn fremur á vettvang áhöfnin á stórri lögreglubifreið, þeir Árni Ólafsson, Ásgeir Þór Ásgeirsson og Aðalbjörn Jón Sverrisson. Komu þeir á staðinn í sama mund og Einar og Björn. Þá komu einnig á vettvang í annarri lögreglufólksbifreið ákærði, Steinn Jakob, ásamt þeim Maríu Pálsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur og Runólfi Þórhallssyni, en sú áhöfn var send á vettvang vegna beiðni um aðstoð frá þeim, sem þar voru fyrir. Loks kom Guðbergur Már Guðnason til aðstoðar á vettvang í stórri lögreglubifreið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna, en þau hafa öll verið yfirheyrð fyrir lögreglu eða rannsóknarlögreglu svo og fyrir dómi að undanskildum vitnunum Helenu Jónsdóttur, Björgu Jónsdóttur og Agli R. Guðjohnsen, en þau komu fyrst fyrir við meðferð málsins.

Vitnið Sigurður Kaldal háskólanemi kveðst hafa farið á skemmtistað fyrr um kvöldið og drukkið um þrjú glös af áfengisblöndu. Hann hafi því ekki verið ölvaður. Hann hafi gengið heim til sín að Kárastíg 3, en útidyrnar snúi að Frakkastíg. Þetta sé eini nothæfi inngangurinn í húsið. Inngangur sé þó frá Kárastíg, en hann sé ónýtur og aldrei notaður. Þegar hann kom þarna að, hafi annar húsráðenda að Bergþórugötu 1 boðið sér í samkvæmi þar. Talsvert hafi verið þar af fólki og hávaði frá hljómlist. Lögreglan hafi komið tvisvar á staðinn. Hann hafi setið í rólegheitum og einskis áfengis neytt. Í síðara skiptið, sem lögreglan kom, hafi gestum verið vísað út í samráði við húsráðendur. Hann hafi ekkert skipt sér af því og farið út ásamt öðrum. Var hann samferða vinkonu sinni, Birnu Pálínu Einarsdóttur, og fóru þau út úr húsinu norðan frá og stóðu þar fyrir utan. Hinum megin við götuna gegnt þeim inngangi hafi staðið lögreglubifreið, en enginn hafði þá verið settur inn í hana. Einhver strákur hafi verið með glósur við þá lögreglumennina, og var hann settur inn í bifreiðina.

Hann segir, að hann hafi staðið skammt frá gangstéttinni úti á götu fyrir framan umrædda útgöngu. Hann hafi fylgst með því, að a.m.k. fjórir menn voru handteknir og settir inn í lögreglubifreiðina, m. a. hafi menn verið með blótsyrði í garð lögreglumannanna. Sjálfur hafi hann ekkert haft sig í frammi. Neitaði hann því, að hann hefði truflað störf lögreglumanna á vettvangi, og mótmælti því, að hann hefði vísað því fólki, sem lögreglan hafði afskipti af, inn á lóð að Kárastíg 3. Vel geti verið, að hann hafi sagt við ofangreindar lögreglukonur, að hann þekkti vel rétt sinn og gæti gengið

þá leið heim til sín, sem hann vildi sjálfur, en um þessar mundir hafi hann verið á námskeiði í lögfræði. Hann hafi hugsanlega viðhaft þessi ummæli við ákærða, á meðan hann ýtti sér norður Frakkastíginn. Lögreglumennirnir hafi haft í nógu að snúast á vettvangi og átt fullt í fangi með ástandið, enda hafi síðar komið fleiri lögreglubifreiðar á vettvang. Hann kveðst hafa staðið þarna dágóða stund án þess að hafa sig í frammi, og hafi lögreglumenn m.a. handtekið menn, sem voru á lóðinni við Kárastíg 3. Hann hafi ætlað heim á leið og gengið áleiðis frá þeim stað, er hann stóð á, og hugðist ganga aftan við lögreglubifreiðina, sem staðsett var eins og myndir tæknideildar sýni, en dyrnar að heimili sínu séu þarna beint á móti, svo sem sjáist á myndunum. Sér hafi virst sem lögreglumenn við bifreiðina hafi verið að búa sig undir brottför, a.m.k. hafi afturhurðin verið lokuð eða alveg að stöfum. Eitthvað af fólki hafi enn verið á vettvangi, og virtist honum það vera að fara. Honum fannst lögreglumennirnir handtaka fólk af litlu tilefni og ákvað því að hinkra, þar sem hann ætlaði ekki að blanda sér í þetta og vildi vera öruggur að komast fram hjá lögreglubifreiðinni og heim, enda hafi hann verið í próflestri og ætlað að vakna snemma næsta morgun. Hann hafi ekki veitt því athygli, að handtökur stæðu enn yfir. Því hafi hann gengið skemmstu leið yfir götuna, en þá verið stöðvaður af lögreglukonu, sem bannaði honum að fara aftur fyrir lögreglubifreiðina og sagði, að hann gæti gengið fram fyrir hana. Hann hafi spurt, hvers vegna hann mætti ekki fara þessa leið, og þessar viðræður farið fram í góðu. Lögreglukonurnar hafi oft, á meðan á þessum viðræðum stóð, beðið sig að sinna þessu. Þá hafi ákærði komið þarna að og spurt sig, hvort hann skildi ekki, hvað lögreglukonurnar ættu við. Því hafi sér ekki gefist ráðrúm til að ganga fram fyrir bifreiðina, málin hafi verið á umræðustigi, er ákærða bar að, þ.e., hann hafi beðið um skýringu, hvers vegna hann mætti ekki fara þessa leið. Ákærði, sem honum virtist þá strax vera orðinn æstur, hafi þá ýtt höndunum á brjóstkassa hans og ýtt honum þannig marga metra norður vestari gangstéttina á Frakkstígnum að barkaríinu. Kveðst hann hafa sagt ákærða, að hann ætti heima að Kárastíg 3, en ákærði ekki sinnt því.

Skyndilega hafi ákærði gripið sig kverkataki með annarri hendi og hert að, svo að hann náði vart andanum, og hafi það verið mjög sárt. Hann kveðst hafa reynt að losa sig með því að taka annarri eða báðum höndum um hönd ákærða, en þá hafi ákærði snúið honum við og tekið sig hálstaki, þ.e. sett mót framhandleggjar og upphandleggjar að hálsi sér og hert að. Kveðst hann hafa misst við þetta andann og ekki rankað við sér fyrr en á lögreglustöðinni.

Sigurður minnist þess hvorki, að hann hafi skollið með andlitið í götuna, né þess, að hann hafi rætt við lögreglumenn á leiðinni á lögreglustöðina,

en hann hafi orðið þess var, að hann var með brotnar tennur og aðra áverka, er hann rankaði við sér á lögreglustöðinni. Lögreglumenn þeir, sem fóru með sig fyrir varðstjóra, hafi skýrt varðstjóranum frá því, að hann hefði dottið, og annar þeirra sagt, að hann hefði runnið á sleipum skóm. Hann hafi beðið lögreglumennina og varðstjórann um að fá að fara á slysadeildina. Er honum var kynntur framburður ofangreinds varðstjóra varðandi þetta atriði, kvaðst hann vera þess fullviss, að hann hefði nefnt þetta við varðstjórann. Eftir að hann hafði verið í geymslu um nokkurt skeið, hefði hann verið færður á slysadeild og í framhaldi af því í skoðun til tannlæknis.

Er Sigurður var yfirheyrður um þetta atriði hjá lögreglu, kvaðst hann hafa verið leiddur fyrir varðstjóra, eftir að lögreglumenn þeir, sem komu með sig, höfðu skipað sér að þvo blóðið af andlitinu. Lögreglumennirnir hefðu skýrt varðstjóranum svo frá, að hann hefði dottið, og í framhaldi af því hefði hann verið færður í fangageymslu og þar í fangaklefa. Hann hefði margsinnis óskað eftir, að hann yrði færður á slysadeild, þar sem hann væri með brotnar tennur, en því ekki verið sinnt. Blóð hefði lekið úr auganu vinstra megin, munni, nefi og undir höku. Að u.þ.b. klukkustund liðinni hefði það verið gert.

Sigurður segir, að unnusta sín, Helena Jónsdóttir, hafi komið á slysadeildina og sýnt sér, að hann hefði fingraför eða rauða bletti á hálsinum. Hann hefði litið í spegil og séð þetta og spurt hjúkrunarkonuna á staðnum, hvort þetta kæmi fram í skýrslunni, og hún svarað því játandi. Við skoðun á slysadeild hefði komið í ljós, að hann var með áverka á vinstri kinn og undir höku, skurður á vinstri augnkrók var límdur saman og fimm tennur hefðu brotnað, en síðar um morguninn hefði sér verið vísað til tannlæknis. Hefði grunur leikið á, að hann væri kjálkabrotinn, en við myndatöku hefði komið í ljós, að svo var ekki.

Sigurður segir, að Egill Jakob Guðjohnsen tannlæknir hafi skoðað sig samdægurs og eftir það hafi hann einu sinni farið til hans, en fái bráðlega tíma hjá honum. Sjö tennur hafi brotnað í sér, og hafi ein verið fjarlægð strax.

Vitnið Birna Pálína Einarsdóttir var einnig í samkvæminu. Kveður hún almenna ölvun hafa verið, en hún hafi ekki neytt áfengis. Er lögreglumenn vísuðu fólkinu út, hefði hún orðið samferða Sigurði Kaldal, og voru þau með þeim síðustu út. Hún hefði staðið við hlið Sigurði fyrir framan hliðið við útganginn á Bergþórugötu 1, sem snýr að Frakkastíg. Sigurður hefði verið rólegur og yfirvegaður, á meðan þau stóðu þarna, og hún ekki merkt, að hann væri undir áfengisáhrifum. Þau hefðu rætt um það að blandast ekki í þessi læti, því að lögreglan hefði beitt talsverðri hörku og handtekið menn. Þau hefðu staðið þarna og ekkert aðhafst, en fylgst með því, er

lögreglumenn handtóku fólk, sumt af litlu tilefni. Fyrst hefði piltur verið handtekinn, sem var með læti, og síðan annar. Fólk hefði staðið fyrir utan Bergþórugötu 1 og fylgst með, og einnig hefði fólk verið á lóðinni við Kárastíg 3. Tveir aðrir hefðu verið handteknir og settir í lögreglubifreið, sem stóð gegnt þeim hinum megin við götuna, og kveðst vitnið telja, að hún hafi staðið á svipaðan veg og sú lögreglubifreið, sem sýnd er á myndum tæknideildar. Þau hefðu síðan fært sig út á götuna, þar sem ástandið var farið að róast, nær lögreglubifreiðinni, en ekkert aðhafst frekar. Sigurður Kaldal hefði ekkert haft sig í frammi á vettvangi, hvorki sent lögreglumönnunum glósur né sýnt af sér aðra dónalega háttsemi. Henni er bent á framburð vitna um það, að Sigurður hafi reynt að æsa upp viðstadda með því að segja þeim að fara yfir á lóðina við Kárastíg 3, en vitnið kveðst ekki hafa heyrt þetta. Hún hafi síðan kvatt Sigurð og gengið upp Frakkastíg, en Sigurður Kaldal hafi gengið áleiðis heim til sín, og hafi hún ekki séð meira til hans.

Vitnið Alfreð Jóhannes Alfreðsson háskólanemi kveðst hafa verið í próflestri umrætt sinn að Bergþórugötu 1 og því allsgáður. Hann hafi verið í herbergi á annarri hæð, sem snýr í vestur út að Frakkastíg. Hann hafi ætlað að hvíla sig, en upp úr kl. 2.00 hafi fólk tekið að streyma að húsinu. Hafi hann grunað Þorfinn Þorfinnsson, sem hefur íbúðina með sér, um að hafa boðið fólki heim að loknum dansleik. Um kl. 3.00 hafi húsið verið orðið fullt af hávaðasömu og ölvuðu fólki. Hann hafi að mestu haldið sig í herbergi sínu. Lögreglumenn hafi tvívegis komið á staðinn vegna kvartana um hávaða. Þeim húsráðendum hafi verið sagt að rýma íbúðina, en illa hafi gengið að koma fólkinu út, og hafi lögreglumennirnir að lokum rýmt húsnæðið. Fyrir utan hafi verið margt fólk og einhverjar stimpingar, enda margir ósáttir við það, hvernig lögreglumenn stóðu að því að leysa upp samkvæmið. Úr glugganum á ofangreindu herbergi hafi hann séð vel yfir vettvang og fylgst með handtökum lögreglumannanna, og hafi þeir fært a.m.k. tvo hinna handteknu inn í lögreglubifreið, sem stóð gegnt húsinu hinum megin á götunni. Bifreiðinni hafi verið lagt hinum megin við götuna á þann veg, sem myndir tæknideildar sýni. Sér hafi virst um fjöldahandtökur að ræða. Hann hafi staðið við gluggann dágóða stund. Er hann kom auga á Sigurð Kaldal, hafi lögreglumaður dregið hann upp Frakkastíginn. Er hér var komið sögu, hafi aðgerðum lögreglu virst lokið. Lögreglumennirnir, sem voru um 7 - 8, hafi flestir staðið við eða fyrir aftan umrædda lögreglubifreið, þ.á m. tvær lögreglukonur. Búið hafi verið að loka afturdyrum hennar. Er honum var bent á framburð vitna um þetta atriði, einkanlega lögreglumannanna, ítrekaði hann, að hann hefði ekki séð þá handtaka menn, eftir að hann kom auga á Sigurð. Hann segir, að umræddur lögreglumaður hafi haldið aftan í hálsmálið á flík Sigurðar, þannig,

að hendur og fætur drógust eftir götunni, fæturnir hafi dregist eftir götunni ca. frá hnjám. Að sínu mati hafi ekki farið á milli mála, að Sigurður hafi verið algjörlega meðvitundarlaus. Hann hafi verið gersamlega hreyfingarlaus, andlit og hár hafi lafað niður, enginn vafi sé á, að Sigurður hafi verið án meðvitundar allan þann tíma, sem hann sá hann, uns hann var settur inn í lögreglubifreiðina.

Alfreð Jóhannes segir, að hann hafi séð til ferða lögreglumannsins með Sigurð í þessu taki nokkurn spöl frá lögreglubifreiðinni, ca. frá umferðarmerkinu, bannmerkinu við stöðvun, sem getur að líta á myndum tæknideildar af vettvangi. Lögreglumaðurinn hafi haldið Sigurði í þessum tökum frá þeim stað, uns hann átti skammt ófarið að lögreglubifreiðinni. Þá hafi hann staldrað þar við um stund með Sigurð í þessu taki, en síðan skyndilega sleppt takinu með þeim afleiðingum, að Sigurður skall af afli með andlitið í götuna. Sigurður hafi fallið máttlaus með andlitið beint niður í götuna, og af því og skellinum, sem hann heyrði, hafi hann ályktað, að Sigurður hefði dottið beint á ennið, en vera kunni, að hann hafi dottið annars staðar á andlitið, þar sem hann sá ekki nákvæmlega, hvernig andlitið kom niður á götuna. Höggið hafi verið svo mikið, að hann hafi heyrt skellinn, þar sem hann stóð við gluggann, þótt hann væri lokaður, en einfalt gler sé í glugganum. Nokkrum lögreglumannanna, sem þarna stóðu, hafi sýnilega brugðið mjög. Hafi hann merkt það af látbragði þeirra, m.a. hafi tveir þeirra snúið sér undan. Sigurður hafi legið í þessu ástandi hreyfingarlaus þó nokkra stund og lögreglumennirnir staðið þannig yfir honum aðgerðalausir, en síðan hafi einhverjir þeirra ýtt með fótunum við honum eins og til að kanna, hvort hann væri með meðvitund. Sig hafi mest langað til að fara út og koma mannninum til aðstoðar vegna aðgerðaleysis lögreglumannanna, en ekki þorað það, þar sem hann vildi ekki lenda í vandræðum. Lögreglumennirnir hafi ekki virst vita, hvað næst skyldi til bragðs taka. Kveðst Alfreð Jóhannes hafa búist við sjúkrabifreið á staðinn, þar sem Sigurður hlyti að hafa stórslasast við þessa meðferð. Þess í stað hafi nokkrir lögreglumannanna tekið undir handleggi og fótleggi Sigurði og kastað honum þannig inn í stóra lögreglubifreið, sem þá var komin á vettvang, og hafi hann heyrt skellinn, er Sigurður lenti á gólfi lögreglubifreiðarinnar. Hann segir, að þessi lögreglubifreið hafi snúið með framenda niður Frakkstíg, og hafi verið nokkrir metrar milli lögreglubifreiðanna.

Vitnið Þorfinnur Þorfinnsson matreiðslumaður segir, að þessa nótt hafi hann boðið heim fólki í samkvæmi að Bergþórugötu 1, en þar leigi hann íbúð ásamt Alfreð Jóhanni Alfreðssyni. Þegar líða tók á samkvæmið, hefði verið þar talsverð ölvun og um 50-60 manns. Hann hefði verið nær allsgáður, neytt lítils háttar áfengis fyrr um kvöldið, úr einu eða tveimur glösum. Hann hefði fljótlega hætt að drekka, þar sem hann átti að fara

til vinnu næsta dag. Lögreglumenn hefðu tvívegis komið á staðinn vegna hávaða. Í fyrra skiptið hefði verið lækkað í hljómtækjum, en í hið síðara hefðu þeir rekið fólkið út, um 15-20 manns. Það hefði safnast saman fyrir utan húsið. Hann segir, að hann hafi, er hann kom út, staðið fyrir utan húsið á horni Frakkastígs og Bergþórugötu. Lögreglubifreið hefði staðið hinum megin á götunni á Frakkastígnum uppi á gangstétt gegnt þeim stað, er hann stóð á. Lögreglubifreiðin hefði staðið á sama stað og lögreglubifreiðin á myndum tæknideildar af vettvangi. Handtökur hefðu staðið yfir, og voru lögreglumenn og þeir, sem höfðu verið á Bergþórugötu 1 m.a., í handalögmálum á auða svæðinu við Kárastíg 3. Einhverjir hefðu hlaupið á brott, en lögreglumennirnir enn verið að handtaka menn og færa í lögreglubifreiðina, en mestu ólætin hefðu verið liðin hjá og svo virst sem aðgerðum lögreglu væri u.þ.b. að ljúka. Hann hefði séð, er Sigurður Kaldal, sem stóð hjá sér, gekk yfir götuna og ætlaði að ganga aftur fyrir lögreglubifreiðina og heim til sín, en lögreglukona hefði stöðvað hann. Þorfinnur vissi ekki, hvort búið var að loka afturdyrum lögreglubifreiðarinnar, þegar hér var komið sögu. Hann hefði ekki heyrt, hvað þeim fór á milli, en séð Sigurð benda heim til sín. Í þessu hefði borið að lögreglumann, sem stöðvaði Sigurð, og hefði hann ekki reynt að komast fram hjá lögreglumanninum. Hann hefði ekki heyrt, hvað þeim fór á milli, en lögreglumaðurinn hefði ýtt á brjóst Sigurði og farið þannig með hann talsverða leið niður Frakkastíginn, um það bil að þeim stað, sem bakaríið er. Þessu næst kveðst hann hafa séð, að lögreglumaðurinn, sem enn sneri baki í vitnið, tók Sigurð taki, eins og beitt er við hálstak, en hann kveðst ekki vera viss um, að hann hafi tekið utan um háls Sigurði eða annars staðar, þar sem hann sneri baki í vitnið.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu kvaðst Þorfinnur hafa séð í framhaldi af því, að lögreglumaðurinn ýtti á brjóst Sigurði, að sá fyrrnefndi var kominn með Sigurð í hálstak, þ.e. tók utan um háls hans aftan frá. Við meðferð málsins kveðst hann hafa talið, að lögreglumaðurinn hafi tekið þessu taki utan um háls Sigurði, þar sem hann féll þegar hreyfingarlaus í götuna, eftir að hann var tekinn þessu taki, og af því ályktað, að lögreglumaðurinn hefði „svæft hann" með hálstaki. Eftir þetta hefði lögreglumaðurinn dregið Sigurð, sem eftir öllum ummerkjum virtist gersamlega meðvitundarlaus, í átt að lögreglubifreiðinni; hann hefði haldið með annarri hendi í hálsmál Sigurðar aftan frá, og fætur og hendur hefðu lafað niður með síðunum og höfuðið lafað niður. Þegar lögreglumaðurinn var kominn að lögreglubifreiðinni, en þar stóð þá hópur lögreglumanna, hefði hann haldið honum smástund í þessu sama taki, og var Sigurður enn alveg máttlaus, að því er virtist. Skyndilega hefði hann sleppt takinu, og við það hefði Sigurður dottið beint á andlitið í götuna, og hefði hann heyrt smellinn við höggið

þangað, sem hann stóð. Af smellinum virtist honum sem hann hefði lent á kjálkunum, því að tennurnar virtust skella saman. Hann hefði aldrei borið fyrir sig hendurnar í fallinu, enda máttlaus. Í framhaldi af þessu hefðu einhverjir lögreglumannanna potað fótunum í Sigurð, og hefði hann enn legið hreyfingarlaus. Í beinu framhaldi af því hefðu þeir tekið í hendur hans og fætur, og hefði andlitið enn snúið niður, og þannig hefðu þeir fleygt honum inn í lögreglubifreið, sem þarna hefði nýlega komið að. Þessari lögreglubifreið hefði verið ekið næstum samsíða hinni lögreglubifreiðinni. Báðar lögreglubifreiðarnar hefðu snúið í sömu akstursstefnu, en lögreglubifreið þeirri, sem síðar kom, hefði verið ekið aftur á bak, skáhallt, að þeirri, sem var uppi á gangstéttinni, svo að framendi hinnar fyrrgreindu sneri í átt að gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs.

Þorfinnur kveður það rangt, að Sigurður hafi verið með meðvitund, er lögreglumennirnir stumruðu yfir honum eftir fallið, og hann hafi gengið studdur að lögreglubifreiðinni. Hið rétta sé, að honum hafi verið hent á ofangreindan veg inn í lögreglubifreiðina í sama ástandi og hann hefur fyrr lýst.

Vitnið Sigurður Ragnarsson var einnig í þessari teiti. Kveðst hann hafa neytt áfengis og verið undir áhrifum, en þó ekki ölvaður. Hann hafi verið búinn að drekka nokkur glös af áfengi á um 5-6 tímum, en áður en hann yfirgaf samkvæmið, hefði hann ekkert áfengi drukkið í um tvo tíma. Hann kveðst hafa staðið við horn hússins Bergþórugötu 1 á gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs. Lögreglumenn voru að handtaka fólk, sem hafði verið vísað úr samkvæminu, og minntist hann þess, að einn hafði verið færður í stóra lögreglubifreið, sem stóð hinum megin við götuna. Hefði bifreiðin staðið á þann veg, sem sýnt er á myndum tæknideildar. Hann hefði þá séð, hvar lögreglumaður kom með mann, sem hann dró upp eftir götunni áleiðis að afturenda lögreglubifreiðarinnar. Sýndist vitninu, að lögreglumaðurinn héldi undir manninn, en maðurinn dró eftir sér fætur og hendur, og sneri andlitið niður að götunni. Virtist maðurinn gersamlega meðvitundarlaus. Merkti vitnið það af því, að hann var alveg máttlaus, og því, sem á eftir fór. Lögreglumaðurinn hefði haldið manninum tiltölulega hátt, því að hinn fyrrnefndi hefði ekki beygt sig. Hann hefði ekki séð nákvæmlega, hvernig lögreglumaðurinn hélt manninum, en telur, að hann hafi haldið undir bringu honum, eins og gegnum handarkrika, og búkurinn vísað niður. Er lögreglumaðurinn átti um 1½ metra eftir að lögreglubifreiðinni, en vitnið man ekki, hvort afturdyrnar voru þá opnar, hefði lögreglumaðurinn skyndilega sleppt takinu á manninum. Maðurinn hefði þá enn verið gersamlega máttlaus og ekki borið hendurnar fyrir sig í fallinu. Skellurinn hefði verið svo mikill og hvellur, að hann hefði heyrst þangað, sem vitnið stóð. Maðurinn hefði fallið beint niður á andlitið, en nánar,

hvar á andlitinu hann lenti, getur vitnið ekki lýst. Maðurinn hefði legið hreyfingarlaus á götunni eða gangstéttinni, þar sem hann féll, og í beinu framhaldi af því hefði hann verið færður inn í ofangreinda lögreglubifreið. Hann kveðst ekki hafa séð, hvernig hann var færður inn í bifreiðina, þar sem hurðirnar hafi verið opnar og þær byrgt sér sýn. Lögreglubifreiðin hefði verið sömu gerðar og um það bil á sama stað og sú, sem sést á myndum tæknideildar. Taldi hann ekki, að önnur lögreglubifreið hefði komið á staðinn. Á meðan á þessu stóð, hefði vinkona sín, Steinunn Rósa, staðið við hlið sér og séð það, sem fram fór. Þau hefðu rætt atburðinn og báðum verið brugðið.

Um svipað leyti kveðst vitnið hafa séð lögregluna koma út með mann í handjárnum, og var hann færður í aðra lögreglubifreið. Þetta hafi allt gerst mjög snöggt og þessi handtaka sennilega átt sér stað, eftir að hann sá ofangreindan mann, sem var dreginn, færðan í aðra lögreglubifreið.

Sigurður kveðst ekki hafa séð manninn, sem var dreginn að lögreglubifreiðinni, á tali við lögreglumennina, áður en ofangreindir atburðir gerðust. Hann hafi ekki orðið var við hann á vettvangi, fyrr en hann sá hann í ofangreindum tökum lögreglumannsins.

Vitnið Steinunn Rósa Sturludóttir var einnig í hópi samkvæmisgesta. Hún segir, að flestir þeirra hafi verið drukknir. Hún kveðst hafa þekkt annan húsráðenda, Þorfinn Þorfinnsson, en hinn húsráðandann hafi hún ekki þekkt, og geti hún ekki borið, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða ekki.

Hún kveðst hafa neytt áfengis, og er hún kom út úr húsinu, hefði hún verið undir nokkrum áfengisáhrifum. Hún hefði drukkið um kvöldið, farið út að borða og drukkið léttvín með matnum og seinna um kvöldið drukkið um 4 glös af sterku áfengi, blönduðu í gosi. Hún segir, að er hún hafi komið út úr húsinu um hliðið, hafi hún gengið upp að horni Frakkastígs og Bergþórugötu 1. Talsverður fjöldi fólks hafi verið þarna fyrir utan og flestir drukknir. Gegnt Bergþórugötu 1 á Frakkastígnum hafi staðið stór lögreglubifreið, og segir hún, að henni hafi verið lagt á svipaðan hátt og myndir tæknideildar sýna. Lögreglukona hafi staðið við bifreiðina og gætt þess, að fólk færi þar ekki fram hjá. Æsingur hafi verið í fólkinu, þar sem samkvæmið hafði verið leyst upp. Flestir hafi staðið við ofangreint hlið. Við hlið sér hafi staðið Sigurður Ragnarsson, og hafi hann skyndilega bent sér á mann, sem var í tökum lögreglumannanna, og sagt eitthvað á þá leið: „En hvað þetta er ógeðslegt." Hún getur ekki lýst nánar, í hvaða tökum maðurinn var eða hvort einn eða fleiri lögreglumenn héldu honum, en þarna fyrir aftan lögreglubifreiðina hafi verið talsvert margir lögreglumenn. Skyndilega hafi manninum verið hent beint á andlitið í götuna. Hann hafi verið alveg máttlaus og ekki borið hendur fyrir sig í fallinu. Við fallið

hafi hún heyrt „ógeðslegt“ hljóð, mikinn smell. Hún segir, að í framhaldi af þessu hafi manninum verið hent eins og heypoka inn í ofangreinda lögreglubifreið, sem var opin að aftanverðu. Hún minnist þess ekki, að önnur lögreglubifreið hafi komið á staðinn og verið lagt nálægt lögreglubifreiðinni, hún muni ekki betur en manninum hafi verið kastað inn í lögreglubifreiðina, sem stóð á vettvangi. Við nánari athugun minnir hana, að hún hafi séð í gegnum afturrúðu bifreiðarinnar, þegar manninum var hent inn í hana á umræddan hátt.

Vitnið Arnar Jónsson bjó um þetta leyti á neðri hæð að Bergþórugötu 1. Hann kveðst hafa hringt þrívegis í lögreglu umrædda nótt vegna ölvunar og óláta á efri hæð hússins. Er lögreglumennirnir komu í síðasta skiptið, hafi verið talsvert af fólki utan dyra með ölvunarlæti og ógnanir og svívirðingar í garð lögreglumannanna. Kveðst Arnar hafa verið allsgáður umrætt sinn. Sér hafi virst Alfreð Alfreðsson það einnig, enda hafi Alfreð verið einn heima, áður en samkvæmisgestir komu á staðinn. Hins vegar hafi hinn húsráðandinn, Þorfinnur, verið undir áfengisáhrifum.

Arnar kveðst hafa staðið við nyrðri gluggann á vesturgafli hússins, sem viti út að Frakkastíg. Hann hafi séð lögreglubifreið standa á svipaðan veg og sýnt er á myndum af vettvangi. Kveðst hann hafa séð yfir á lóðina við Kárastíg 3. Einhver úr hópi þeirra, sem komnir voru út úr húsinu, hefði sagt eitthvað í þeim dúr: „Þeir eru bara þrír, en við sjö, af hverju ráðumst við ekki á þá?“-- og hafi þar verið átt við lögreglumennina. Skömmu eftir þetta hefði hann séð, að lögreglumaður hélt manni, sem hann seinna þekkti sem Sigurð Kaldal, en þeir séu báðir nemendur í H.Í., í tökum, og hefði lögreglumaðurinn haldið í hálsmál Sigurðar. Hinn fyrrnefndi hefði virst vera að fylgjast með einhverju norðar í götunni, því að þangað hefði hann litið í þann mund, sem hann sleppti takinu á Sigurði. Sigurður hefði virst vera máttlaus og andlitið vísað niður, er lögreglumaðurinn sleppti takinu. Segir vitnið, að Sigurður hljóti að hafa lent á andlitinu í fallinu. Hann hafi heyrt skell, er hann féll í götuna. Hann kveðst ekki geta um það borið, hvort lögreglumaðurinn hafi sleppt takinu eða misst það. Hann segist ekki hafa verið í aðstöðu til að sjá, hvort Sigurður rankaði við sér eftir fallið, þar sem aðra lögreglubifreið hafi borið að, en henni hafi verið ekið norður Frakkastíginn og stöðvuð nokkurn veginn samsíða hinni á götunni. Í þá lögreglubifreið hafi Sigurður verið færður. Kveðst hann ekki hafa séð, hvort hann var studdur eða honum haldið í átt að lögreglubifreiðinni. Þegar að lögreglubifreiðinni kom, hafi hann verið færður frekar harkalega inn í hana, en með hvaða hætti, geti hann ekki borið, en tveir lögreglumenn hafi haldið í hann. Hann telur, að Sigurður hafi þó ekki verið færður mjög harkalega í bifreiðina, en hins vegar hafi hann ekki verið settur þangað með varfærni. Í framhaldi af þessu hafi lögreglukona farið á eftir Sigurði inn í lögreglubifreiðina og henni ekið á brott.

Lögreglumenn þeir, sem fóru á vettvang, hafa allir verið yfirheyrðir. Ber þeim í öllum meginatriðum saman um það, af hvaða tilefni þeir voru kallaðir á vettvang umrætt sinn, á hvaða bifreiðum þeir komu, hvernig þeim var lagt á vettvangi, svo og, með hverjum þeir komu á vettvang, svo sem lýst hefur verið að framan. Verður nú rakinn framburður þeirra.

María Pálsdóttir lögreglumaður kveðst hafa staðið fyrir aftan lögreglubifreiðina, sem stóð á Frakkastígnum gegnt Bergþórugötu 1. Nokkrir menn höfðu þegar verið handteknir og færðir í bifreiðina. Verið var að handtaka tvo menn, þegar Sigurður Kaldal kom gangandi og hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Sagðist hann vera á leið heim til sín og benti þangað. Verið gæti, að annar hina handteknu hafi verið kominn inn í bifreiðina, en aðgerðum hafi ekki verið lokið, þegar Sigurður hugðist ganga aftur fyrir hana.

Þar sem handtökur voru yfirstandandi, kveðst hún hafa vísað Sigurði fram fyrir bifreiðina, en hann hafi ekki sinnt því. Sigurður hafi ekki sýnt af sér ókurteisi eða aðra háttsemi, sem olli því, að hún vísaði honum frá, hún hafi eingöngu gert það til þess, að hann færi ekki þarna í gegn, þar sem handtökur stóðu yfir. Hún hafi ekki heldur orðið þess vör, að Sigurður hefði sig í frammi, áður en hún hafði tal af honum, enda hafi hún verið nýkomin á vettvang. Í framhaldi af þessu hafi hún heyrt ákærða segja við Sigurð, hvort hann hefði ekki heyrt, hvað vitnið sagði við hann. Áður en ákærði sagði þetta, sneri Sigurður sér við og frá vitninu, og taldi hún, að hann væri á leið í burtu. Eftir að hún heyrði spurningu ákærða, varð hún ekki vör við ákærða og Sigurð, fyrr en hún leit skömmu síðar niður að horni Frakkastígs og Kárastígs, og voru þeir þá í einhverjum viðræðum þar. Hún varð ekki vör við átök eða að ákærði hefði tekið Sigurð tökum, enda hefði hún ekki haldið áfram að fylgjast með þeim, eftir að hún sá þá á horninu í viðræðum. Hið næsta, sem vitnið sá, var, að ákærði dró Sigurð eftir götunni með því að halda annarri hendi í hálsmálið á jakka Sigurðar. Námu hné hans við götu, og drógust fætur eftir götunni, og hendur löfðu niður. Henni virtist Sigurður meðvitundarlaus, þar sem hann var algjörlega hreyfingarlaus. Er ákærði kom með hann að lögreglubifreiðinni í þessum tökum, hefði hann annaðhvort sleppt eða misst tök á honum, svo að hann datt máttlaus niður með andlitið í götuna. Sér hefði brugðið við þetta. Hún kveðst ekki hafa séð nákvæmlega, hvar á andlitið hann kom niður, enda hefði hún ekki kannað meiðsli hans. Hún segir, að aðfarir ákærða, er hann kom með Sigurð í átt að lögreglubifreiðinni á þann hátt, sem hún hefur lýst hér að framan, hafi ekki verið eðlilegar aðfarir við handtöku. Hún segir, að þessu næst hafi ákærði og Ásgeir reist Sigurð á fætur og hann gengið sjálfur, studdur af þeim, í lögreglubifreiðina, þar sem Runólfur tók við honum. Runólfur hefði verið annaðhvort við aftur-

enda bifreiðarinnar eða uppi í henni. Það sé því alrangt, að Sigurði hafi verið fleygt inn í bifreiðina. Á leiðinni í bifreiðinni hafi Sigurður sagt, að hann væri með þrjár brotnar tennur. Sigurður hafi verið hruflaður í andliti, og blætt hafi úr munni hans. Hafi hann greinilega ekki vitað, hvernig hann fékk áverkana, en sagt eitthvað á þá leið, að hann hlyti að hafa verið barinn. María segir, að afskiptum sínum af málinu hafi lokið, er Sigurður var færður inn á lögreglustöðina, en hún hafi ekki fært hann fyrir varðstjóra.

María kveðst ekki hafa orðið þess vör, að lögreglumennirnir hafi rætt um það sín á milli á vettvangi, hvað gerðist.

María kannast við að hafa orðið vitni að því, að lögreglumenn hafi í starfi sínu við erfiðar aðstæður beitt svokölluðu hengingartaki við handtöku, en í þeim tilvikum hafi menn vankast, en ekki misst meðvitund.

Kristína Sigurðardóttir lögreglumaður segir, að margt manna hafi verið á vettvangi og talsverður æsingur fyrir utan Bergþórugötu 1. Menn hafi látið ófriðlega, og hafi nokkrir ólátaseggir verið handteknir. Stóð hún ásamt Maríu fyrir aftan lögreglubifreiðina, er Sigurður Kaldal kom þar að og hugðist ryðjast aftur fyrir bifreiðina, en María sagt honum að fara aðra leið, þar sem verið var að handtaka nokkra menn og færa í lögreglubifreiðina. Sigurður hefði ætlað heim til sín og hann bent þangað. Aðgerðum hefði verið lokið, er Sigurður hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Hún varð þess ekki vör, að Sigurður hefði sig í frammi, áður en þetta var, en hún hefði verið að fylgjast með öðru. Fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins bar vitnið hins vegar, að Sigurður hefði verið að æsa fólk upp og segja því að koma inn á lóðina hjá sér, því að þar gæti lögreglan ekki handtekið það. Treysti vitnið sér ekki við meðferð málsins til að staðfesta þennan framburð sinn.

Hið næsta, sem hún sá, var, að ákærði ýtti á brjóstkassa Sigurði með annarri hendi. Ekki heyrði hún, hvort ákærði ávarpaði Sigurð áður, enda var hún að sinna öðru. Hið næsta, sem hún sá, var, að ákærði kom gangandi upp Frakkastíginn í átt að lögreglubifreiðinni með Sigurð í tökum, þ.e., ákærði hefði haldið annarri hendi í hálskraga Sigurðar og dregið hann eftir götunni. Hendur og fætur hafi lafað niður og fæturnir dregist eftir götunni fyrir neðan hné. Hún minnist þess ekki, hvernig höfuð hans var, en hann hafi verið, að því er henni virtist, máttlaus, en kveðst ekki geta fullyrt, hvort hann hafi verið meðvitundarlaus. Þegar ákærði átti nokkra metra ófarna að lögreglubifreiðinni, hefði hann misst takið eða sleppt því á manninum, sem enn var máttlaus, með þeim afleiðingum, að hann féll með andlitið í götuna, svo að skall í. Hefði hann ekki borið fyrir sig hendur í fallinu og fallið á vinstri kinn. Vitnið segir, að sér hafi brugðið við þetta. Þær aðferðir, sem hún sá ákærða beita, er hann kom með manninn á ofangreindan hátt að lögreglubifreiðinni, hefðu ekki verið eðlilegar miðað við

þær aðferðir, sem viðhafðar séu við handtöku. Í framhaldi af þessu hefði maðurinn legið örskamma stund í götunni, en þá hefðu ákærði, Runólfur og Ásgeir komið og hjálpað manninum á fætur og komið honum inn í lögreglubifreið, sem þá var nýkomin á staðinn. Sú lögreglubifreið hefði verið sömu gerðar og ofangreind lögreglubifreið og henni verið lagt á götuna mjög nálægt hinni fyrrnefndu. Lögreglubifreiðinni, sem hann var færður í, hefði verið ekið aftur á bak niður Frakkastíg og staðnæmst skammt frá hinni fyrri. Ákærði og Ásgeir hefðu stutt manninn að lögreglubifreiðinni, en örstuttu seinna hefði hann setið aftur í bifreiðinni með Maríu og Runólfi. Hún kveðst ekki hafa séð, er hann var færður upp í bifreiðina, en telur fullvíst, að honum hafi ekki verið kastað inn í hana; ef svo hefði verið, hefði hún orðið þess vör. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekki rætt þennan atburð á vettvangi.

Kristína kannast við að hafa orðið þess vör í starfi sínu, að við handtöku væru menn svæfðir með hálstaki, en hálstak þetta væri stundum notað, án þess að menn væru svæfðir, og væri það þá gert, ef menn væru mjög erfiðir og æstir.

Björn Gíslason lögreglumaður segir, að nokkrir hafi verið handteknir á vettvangi. Þeir (sic) hafi kallað á aðstoð, þar sem margt var um manninn á vettvangi, og nokkrir verið handteknir, en síðar hafi sú aðstoð verið afþökkuð, þar sem þeir höfðu vald á ástandinu. Hann segir, að u.þ.b., sem handtökum hafi verið að ljúka, hafi hann farið yfir í lögreglubifreiðina, sem hann kom á, en komið aftur að Frakkastígnum og þá séð ákærða í nokkurri fjarlægð koma upp Frakkastíg með mann í tökum. Hann hafi séð þennan mann fyrr úti á götunni, en ekki orðið þess var, að hann áreitti lögreglumennina. Ákærði hafi haldið manninum þannig, að fætur drógust eftir götunni og hendur voru máttlausar. Hann hafi haldið yfir háls mannsins í föt hans og þannig dregið hann með annarri eða báðum höndum eftir götunni. Brjóst mannsins og andlit hafi snúið fram. Maðurinn virtist rænulaus eða rænulítill. Brá vitninu við þetta, spretti úr spori og kallaði til ákærða að gæta að manninum, þar sem vitnið vissi ekki, hvort ákærði gerði sér grein fyrir ástandi hans, en vitnið veit ekki, hvort ákærði heyrði til sín. Hann hefði ekki náð að koma að ákærða, því að áður en til þess kom, er ákærði átti örfáa metra eftir að lögreglubifreiðinni, hefði ákærði sleppt takinu á manninum, sem við það féll á andlitið í götuna, en þar sem vitnið var skammt frá, kveðst það ekki hafa séð nánar, hvar á andlitið maðurinn kom niður, en heyrst hefði dynkur við fallið. Eftir fallið lá maðurinn hreyfingarlaus, en nærstaddir lögreglumenn brugðu þegar við og reistu hann við og studdu inn í lögreglubifreið, sömu gerðar og að ofan greinir, sem þá var nýlega komin á Frakkastíginn. Þeirri bifreið hafi verið ekið frá Bergþórugötu inn á Frakkastíg fram hjá fyrrgreindri lögreglubifreið, þar sem

hún var stöðvuð, og var maðurinn færður varfærnislega inn í hana. Hann kvað það rangt, að manninum hefði beinlínis verið kastað inn í bifreiðina.

Björn segir, að Einar Matthías hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi, en veit ekki, hver tók ákvörðun um að handtaka manninn og færa á lögreglustöðina. Margir óreyndir lögreglumenn hafi verið á vettvangi, og það tíðkist ekki, að sá, sem stjórni aðgerðum á vettvangi, sé hinn eini, sem taki ákvörðun um handtöku.

Hann kveðst kannast við, að stundum sé beitt svokölluðu hengingartaki við handtöku á erfiðum mönnum, sem ekkert verður við ráðið, en það sé ekki gert í þeim tilgangi að svæfa þá, heldur til að ráða betur við þá.

Árni Ólafsson lögregluflokksstjóri kveðst hafa verið bifreiðarstjóri á lögreglubifreið, sem hann lagði gegnt húsinu Bergþórugötu 1 við vestari gangstéttarbrún Frakkastígs umrætt sinn. Staðfesti vitnið fyrir dóminum, að það hefði lagt bifreið sömu gerðar á svipaðan hátt, er vettvangur var ljósmyndaður við sviðsetningu tæknideildar RLR. Það segir, að lokið hafi verið handtöku nokkurra manna og þeir verið færðir í ofangreinda bifreið. Menn hafi látið ófriðlega á vettvangi, og minnist það sérstaklega, að Sigurður Kaldal hafði sig í frammi; hann hafi t.d. staðið á lóðinni milli Frakkastígs og Kárastígs 3 og hvatt menn til að fara inn á þá lóð, þar sem hann hefði umráð hennar. Hann hafi aðallega haft sig í frammi í orði, þó ekki umfram aðra.

Árni kveðst sjálfur hafa staðið skáhallt aftan við afturhorn lögreglubifreiðarinnar, þegar hann sá ákærða út undan sér til hliðar, og sá hann á bakhluta hans eða skáhallt á hlið hans. Stóð hann rétt við lögreglubifreiðina og hélt manni í tökum við hægri hlið eða framan við sig. Um leið og hann sá ákærða með manninn, sá hann, að maðurinn féll í götuna beint á andlitið, og taldi hann sig hafa heyrt smell. Hann sá ekki, í hvaða tökum ákærði hélt manninum, þetta hefði gerst svo snöggt. Hann hefði séð ákærða í sama mund og maðurinn féll í götuna. Maðurinn hafi verið tiltölulega láréttur. Nærstaddir lögreglumenn hafi strax hugað að manninum, en Árni kveðst ekki hafa verið einn þeirra og geti því ekki borið um, hvort maðurinn bar áverka. Strax eftir að hann sá manninn falla í götuna, hefði hann farið að sinna öðru og geti því ekki um það borið, hvort hann var strax reistur við, en atburðir hafi gerst hratt, og sé óhugsandi, að maðurinn hafi legið þarna í einhverjar mínútur, áður en lögreglumennirnir sinntu honum, þar sem svo stuttur tími leið, frá því að hann sá manninn detta og þar til hann sá hann studdan stuttan spöl milli tveggja lögreglumanna að lögreglubifreiðinni. Árni kveðst ekki heldur hafa séð, þegar hann var færður inn í lögreglubifreiðina, en hann hafi verið færður í bifreið sömu gerðar og þá, sem hann ók á vettvang. Minnir hann, að fyrrgreindri bifreið hafi verið ekið norður Frakkastíg og hún stöðvuð rétt fyrir aftan hina síðar-

nefndu. Hann kveðst ekki hafa séð Sigurð Kaldal aftur fyrr en á lögreglustöðinni, en þar hafi hann heyrt hann tala um, að hann væri með brotnar tennur eða tönn, og sá, að hann var með skrámur í andliti. Árni kveðst ekki hafa verið einn þeirra lögreglumanna, sem færði Sigurð fyrir varðstjóra. Hann hefði ekki haft önnur afskipti af honum.

Árni segir, að þeir lögreglumennirnir hafi ekkert rætt um það, hvað hafi getað valdið því, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna.

Hann kannast ekki við, að lögreglumenn noti við störf sín svokallað hengingartak.

Einar Matthías Þórarinsson lögregluflokksstjóri kveðst hafa farið inn í húsið Bergþórugötu 1 og vísað fólki út og tekið ákvörðun um, að sex menn voru handteknir og færðir í lögreglubifreið þá, sem lagt var gegnt húsinu á Frakkastíg. Fólkið hafi allt verið meira eða minna ölvað, þar á meðal Alfreð Alfreðsson, annar húsráðenda. Fyrir utan hafi sumt af því fólki, sem vísað var út, safnast saman og verið með háreysti, og hafi hann vegna þessa ástands séð ástæðu til að kalla á aðstoð. Sigurður Kaldal hafi verið í þeim hópi, er stóð fyrir utan, og hafi hann truflað störf þeirra í orði, verið með ýmsar athugasemdir og þvælst fyrir þeim við handtökurnar. Hafi Sigurður m.a. sent sér tóninn, og hafi hann margbeðið Sigurð að fara af vettvangi. Aðrir hafi þó verið verri en hann, og kveðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að handtaka hann, þótt það væri á mörkunum. Ekki hafi hann orðið þess var, að Sigurður væri á tali við lögreglukonur á vettvangi.

Einar Matthías kveðst fyrst hafa orðið var við ákærða, er hann var í þann mund að ljúka við framangreinda handtöku. Voru þeir u.þ.b. að setja síðasta manninn inn í lögreglubifreiðina, er hann leit um öxl og sá ákærða örfáa metra aftan við lögreglubifreiðina, en hann vissi ekki, að ákærði var á vettvangi. Hann hafi séð, að ákærði hélt aftan í hálsmálið á manni, og sýndist honum á svip mannsins og öðru, að hann væri rænulaus eða rænulítill, enda lá hann á hnjánum með hendurnar máttlausar með hliðunum, þegar ákærði hélt honum á ofangreindan hátt. Einar Matthías kveðst ekki muna, hvernig höfuð mannsins var, enda hafi þetta borið mjög snöggt að. Hann hafi dottið beint á andlitið í götuna eða gangstéttina næstum í sömu andrá og hann leit sjálfur um öxl. Því hafi hann ekki séð nánari aðdraganda þess, að ákærði kom með manninn að lögreglubifreiðinni. Hann segir, að annaðhvort hafi ákærði misst eða sleppt takinu, hann geti ekki borið nánar um, með hvaða hætti þetta gerðist. Þeim lögreglumönnunum hafi brugðið talsvert við þetta og hikað eitthvað, en mjög fljótlega hafi lögreglumenn komið manninum til hjálpar.

Hann kvaðst ekki hafa kannað meiðsli mannsins, þar sem hann fór að sinna öðru á vettvangi, en órói hafi enn verið á staðnum, og því hafi hann

ekki séð ástæðu til að huga að manninum, þar sem a.m.k. 3-4 lögreglumenn voru yfir manninum og þeir séð um hann. Um þetta leyti hafi borið að aðra lögreglubifreið, sem ók niður Frakkastíginn og stöðvaðist á móts við hina lögreglubifreiðina, svo að afturdyr bifreiðanna sneru saman. Hann kveðst hafa séð, er 2-3 lögreglumenn hjálpuðu manninum að rísa upp og gengu með hann í átt að þeirri bifreið, sem nýkomin var, sömu gerðar og sú, sem fyrir var á vettvangi. Hann hafi ekki fylgst nákvæmlega með, er maðurinn var settur inn í bifreiðina, enda ekkert athugavert séð við það. Telur Einar Matthías, að hann hefði orðið þess var, ef manninum hefði verið hent inn í lögreglubifreiðina. Hann kveðst engin afskipti hafa haft af manninum, eftir að hann kom niður á lögreglustöð.

Einar Matthías ber, að ákærði hafi óskað eftir því við sig, að einhver annar en hann sæi um að skrifa skýrslu um málið. Kveðst hann hafa sagt ákærða, að það yrði hann að gera, þar sem vitnið vissi ekki um aðdraganda málsins.

Þá segir Einar Matthías, að þeir lögreglumennirnir hafi ekkert rætt um það, hvað hafi getað valdið því, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna.

Hann kannast við, að í erfiðum tilvikum sé beitt svokölluðu hengingartaki, svo að menn geti misst meðvitund stutta stund. Tak þetta sé m.a. notað í júdó, en vitnið kveðst hafa æft júdó um margra ára skeið.

Ásgeir Þór Ásgeirsson lögreglumaður segir, að eftir að þeir höfðu handtekið menn, sem voru inni í húsinu og voru komnir út, hafi þar verið mikil háreysti og ölvun, enda menn ekki sáttir við, að samkvæmið var leyst upp. Nokkrir þessara manna hafi verið handteknir og færðir í lögreglubifreið þá, sem vitnið kom í á vettvang. Henni hafi verið lagt á Frakkastíginn gegnt Bergþórugötu 1 á svipuðum stað og myndir tæknideildar sýni.

Ásgeir Þór kveðst hafa staðið fyrir aftan bifreiðina og litið niður Frakkastíg, er hann sá ákærða með mann í tökum niður undir gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs. Ákærði hafi haldið með hvorri hendi í axlir mannsins og haldið honum þannig uppi í mittishæð við hægri hlið sína. Svo virtist sem maðurinn væri máttlaus, því að hann hefði dregið fætur máttlausa og þeir verið bognir um hné, hendur lafað máttlausar og andlitið vísað niður. Er ákærði var kominn með manninn í þessum tökum um 2-3 metra frá lögreglubifreiðinni, hefði maðurinn fallið máttlaus og andlitið skollið í gangstéttina. Þegar maðurinn féll með andlitið í gangstéttina, hefði hann fyrst skollið niður, þá lyfst upp aftur og skollið að nýju í gangstéttina. Kveðst hann hafa stumrað yfir manninum og séð, að hann var blóðugur um munnvikin. Þetta hafi gerst mjög snöggt og sér brugðið mjög. Hann hafi ekki veitt því athygli, hvort maðurinn hafði frekari áverka, enda að hans mati ekki aðstæður til þess að kanna þá á vettvangi. Hann hafi strax

stumrað yfir manninum, sem var með meðvitund og sagði eitthvað, en hvað, man Ásgeir Þór ekki. Hann hafi verið færður yfir í lögreglubifreið, sem þarna bar að. Henni hafi verið ekið niður Frakkastíg og lagt rétt fyrir neðan fyrrgreinda bifreið. Maðurinn hafi verið færður í bifreiðina. Ekki hafi þótt ástæða til að færa hann á slysadeild strax af vettvangi, þar sem hann var með meðvitund og virtist í fljótu bragði ekki með aðra áverka. Ákærði og vitnið hafi stutt manninn að lögreglubifreiðinni. Runólfur hafi farið inn í lögreglubifreiðina að aftanverðu og tekið á móti manninum. Þegar þeir voru komnir að lögreglubifreiðinni með manninn, hefði Árni kallað á vitnið og sagt, að hann væri að fara. Því hefði vitnið sleppt hendi mannsins, en María stutt hann þeim megin, sem vitnið studdi hann, og hefði hann verið færður þannig í lögreglubifreiðina. Það séu því ósannindi, að honum hafi verið kastað upp í bifreiðina.

Ásgeir Þór kvað þá lögreglumennina ekki hafa rætt ástæðu þess, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna. Hann kannast við, að í erfiðum tilvikum og sjálfsvörn sé beitt svokölluðu hengingartaki, svo að menn geti misst meðvitund stutta stund, þótt sjaldnast sé gengið svo langt með notkun taksins.

Aðalbjörn Jón Sverrisson lögreglumaður lýsir komunni á vettvang á sama veg og félagar hans. Ölvun hafi verið almenn og menn m.a. verið að æsa hver annan upp í að ráðast á þá lögreglumennina. Þarna fyrir utan hafi a.m.k. tveir menn verið handteknir og færðir í lögreglubifreiðina, og hafi hann aðstoðað við þær handtökur. Síðan hafi fleiri menn verið handteknir, og hafi hann verið í lögreglubifreiðinni og gætt þeirra og því lítið getað fylgst með því, sem gerðist síðar. Hann hafi engin afskipti haft af Sigurði Kaldal og geti ekki borið um aðdraganda að málinu né frekari afskipti ákærða af honum.

Hann kannaðist við, að í sjálfsvörn eða ef menn væru snarvitlausir, væri beitt svokölluðu hengingartaki, svo að menn gætu misst meðvitund stutta stund, þótt að jafnaði væri ekki gengið svo langt með notkun taksins, þar sem menn gæfust nánast undantekningarlaust upp, áður en til þess kæmi. Kveðst hann kannast við þetta tak, þar sem hann hafi æft júdó, og sé slíkt tak kennt nákvæmlega, en í lögregluskólanum sé kennt, að þetta hálstak megi alls ekki nota nema í algjörri nauðvörn, enda engin ástæða til að beita því nema í slíkum tilvikum.

Runólfur Þórhallsson lögreglumaður kveðst hafa komið á vettvang í Volvo-fólksbifreið 202 ásamt ákærða og tveimur lögreglukonum. Talsvert hafi verið af ölvuðu fólki á vettvangi, og á staðnum hafi einnig verið stór lögreglubifreið, en henni var lagt á Frakkastíg gegnt húsinu Bergþórugötu 1, að hluta uppi á gangstétt. Henni hafi verið lagt á svipuðum stað og sýnt er á myndum tæknideildar. Lokið var að handtaka eitthvað af fólki og

setja í lögreglubifreiðina. Björn hafi komið með einn mann, sem hann handtók inni í húsinu, og sett í lögreglubifreiðina, og kveðst Runólfur einnig hafa handtekið mann, sem ætlaði að hindra þá í starfi, fært hann í lögreglubifreiðina og lokað afturdyrunum að því loknu. Kveðst hann telja, að þetta hafi verið síðasti maðurinn, sem var handtekinn, að undanskildum Sigurði Kaldal. Er hann hafði lokað afturdyrunum og stóð fyrir aftan lögreglubifreiðina, sneri hann sér við og sá þá, um tvo metra frá, hvar ákærði var með mann í tökum. Hélt hann í kraga hans með annarri eða báðum höndum. Maðurinn hefði verið máttlaus, fætur lafað niður og hné numið rétt við götuna. Hendur hafi lafað niður, en hvort andlitið vísaði líka niður, man hann ekki. Í því, er hann leit við og sá ákærða með manninn í þessum tökum, hefði ákærði misst manninn, en hann kvaðst ekki geta um það borið, hvort ákærði sleppti manninum eða missti hann. Maðurinn hefði dottið máttlaus á andlitið án þess að bera fyrir sig hendur. Höggið hefði verið talsvert og dynkur heyrst við það. Kveður Runólfur sér hafa brugðið mjög við þetta og snúið sér undan, þar sem hann vissi ekki, hvað hann ætti til bragðs að taka. Síðan leit hann við skömmu síðar og sá þá, hvar ákærði og Ásgeir stumruðu yfir manninum og reistu hann við. Á þessu stigi hefði hann ekki séð áverka á manninum, þar sem hann hefði ekki kannað þá, því að maðurinn var í höndum ákærða og Ásgeirs. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekkert rætt um það, hvað olli því, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna. Maðurinn hefði verið færður í sams konar lögreglubifreið, sem bar að í sama mund. Veifaði hann í bifreiðina og gaf ökumanninum merki um að koma til sín. Þessari lögreglubifreið hefði verið ekið niður Frakkastíg og hún stöðvuð rétt fyrir neðan bifreiðina, sem stóð á Frakkastíg gegnt Bergþórugötu 1. Ákærði og Ásgeir hafi haldið við manninn og fært hann að lögreglubifreiðinni. Kveðst Runólfur hafa staðið aftan við bifreiðina og aðstoðað við að setja manninn upp í hana. Við kynningu á framburði vitna kvað hann það vel geta verið, að hann hefði þá verið kominn upp í lögreglubifreiðina og tekið þar á móti manninum, en hann muni ekki, hvort hann var þá kominn upp í bifreiðina. Maðurinn hefði verið færður varfærnislega upp í bifreiðina og settur vinstra megin í hana. Kveðst hann minnast þess sérstaklega, að farið hafi verið varlega með manninn, er hann var settur upp í bifreiðina, þar sem hann vissi, að hann datt, en vissi ekki, hvort hann hefði skaðast. Settist hann við hlið mannsins, en María settist á móti þeim hægra megin. Á leiðinni spurði maðurinn, hvort hann hefði verið sleginn, og minntist eitthvað á tennur sínar. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins bar Runólfur, að maðurinn hefði sagt, að hann væri með brotnar tennur. Við meðferð málsins kveðst hann ekki muna þetta, hann hafi munað þetta betur við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglu, og þar hafi hann skýrt satt frá.

Hann kveðst hafa orðið þess var, að maðurinn var með skurð ofan við vinstri augabrún og rispaður í andliti og að blóð hefði vætlað úr munnvikum hans. Minnist hann þess, að hann hafi skoðað upp í manninn og hann verið með eina brotna tönn.

Runólfur segir, að hann hafi farið með manninn út í horn, er komið var niður á lögreglustöð, þar sem hinir handteknu voru leiddir fyrir varðstjóra, og var beðið þess, að maðurinn yrði leiddur fyrir varðstjóra. Hann hafi beðið um að fá að fara á salerni að þvo sér, og kveðst Runólfur hafa vísað honum þangað. Kannast hann ekki við, að hann hafi skipað honum að þvo sér, enda tíðkist slíkt ekki. Hann kveðst ekki hafa haft frekari afskipti af manninum. Ákærði hafi farið með hann fyrir varðstjóra, en hvort fleiri lögreglumenn fóru með hann þangað, kveðst hann ekki vita. Hann hafi sjálfur aðeins litið inn, meðan varðstjóri var að ræða við manninn, og heyrt á tal þeirra, að þeir voru að ræða ástæðu handtökunnar, en hann hafi stansað þar örstutt.

Runólfur kannast við, að í algjörri nauðvörn og þegar menn séu orðnir mjög æstir, sé beitt svokölluðu hengingartaki, svo að menn geti misst meðvitund, þótt almennt sé ekki gengið svo langt með notkun taksins. Í júdókennslu í lögregluskólanum sé lögreglumönnum kennt svokallað fastatak á hálsi, og sá kennari hafi ekki bannað lögreglumönnum að nota þetta tak. Hins vegar hafi kennari í lögreglufræðum, sem kenni handtökuaðferðir og sjálfsvarnartækni, bannað þeim að nota slíkt tak, en vitnið kveðst ekki vita til þess, að skriflegar reglur séu til um þetta.

Guðbergur Már Guðnason lögreglumaður segir, að umrætt sinn hafi hann komið til aðstoðar á stórri lögreglubifreið. Hafi hann verið einn og ekið bifreiðinni norður Frakkastíg. Hann segir aðspurður, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið aftur á bak, heldur áfram norður Frakkastíg. Í því, er hann kom á vettvang, hefði verið veifað í sig til merkis um að stansa. Lögreglubifreið sömu gerðar og hann kom á hefði verið lagt vestan við Frakkastíg gegnt Bergþórugötu 1, á svipaðan veg og myndir tæknideildar sýni. Hann ók bifreiðinni aðeins niður fyrir fyrrnefnda bifreið, um 2-3 metrar hefðu verið á milli þeirra, enda hefði staðið til að flytja mann yfir í bifreiðina, en lögreglumennirnir, sem gáfu honum merki, voru fyrir aftan fyrrgreinda lögreglubifreið. Hann hefði séð, er maðurinn gekk að bifreið þeirri, sem hann kom á, og var studdur af lögreglumönnum inn í hana. Það sé alrangt, að honum hafi verið hent inn í bifreiðina, hann hafi fylgst með, er maðurinn fór studdur inn í hana. Á heimleið voru með honum í bifreiðinni auk mannsins tveir lögreglumenn, María og Rögnvaldur. Á leiðinni hefði maðurinn minnst á það, að hann væri með brotnar tennur. Hann hefði verið ruglaður og bersýnilega ekki gert sér grein fyrir, hvað gerst hafði, og spurt, hvort hann hefði verið sleginn.

Guðbergur Már kveðst ekki kannast við, að við handtökur beiti lögreglumenn svokölluðu hengingartaki á menn í því skyni að draga úr þeim mátt.

Sigurður Sigurgeirsson lögregluvarðstjóri segir, að um 15-20 mínútum fyrir 6.00 umræddan morgun hafi nokkrir lögreglumenn komið með 6-8 manns, sem höfðu verið handteknir í eða við Bergþórugötu 1. Að venju hefðu þeir skýrt munnlega frá ástæðu handtökunnar varðandi þessa menn, sem hefði verið ölvun og áflog, mótþrói og hindrun í starfi. Sigurður Kaldal hefði verið einn þessara manna. Kveðst vitnið hafa ákveðið geymslu á öllum framangreindum mönnum af þessum ástæðum. Ákærði hefði skýrt sér frá því, að Sigurður hefði skriðið eða reynt að skríða upp í lögreglubifreið, en verið náð út úr bifreiðinni, þá hefði hann viljað fara aftur eða fram fyrir bifreiðina, vitnið man ekki hvort, og ekki sinnt fyrirmælum lögreglumanna á vettvangi um að fara ekki þá leið, sem hann vildi. Sigurður hefði verið lítillega undir áhrifum áfengis, en þó rólegastur, viðræðuhæfastur og þægilegastur af þessum mönnum. En af framangreindum ástæðum, sem lögreglumennirnir gáfu, hefði verið ákveðin geymsla á honum eins og hinum. Vitnið segir, að Sigurður Kaldal hafi talað um, að hann hefði dottið, en í viðræðum þeirra hefði hann aldrei sagt, að það væri af völdum lögreglumannanna. Hann hefði heldur aldrei í sinni viðurvist óskað eftir að fara á slysadeild, en einvörðungu óskað eftir því að fara heim, en aldrei minnst á slysadeildina. Sigurður hefði aldrei nefnt það í sín eyru, að hann væri með brotnar tennur, enda hefði vitninu ekkert fundist óeðlilegt við hann, hvorki í útliti né tali. Vitnið hefði ekki orðið þess vart, að Sigurður ætti í erfiðleikum með mál. Hins vegar kveðst það hafa beðið viðtakandi varðstjóra, sem kom á vaktina kl. 6.00, í sama mund og vitnið lauk viðtali við Sigurð, að líta eftir honum, þar sem hann hefði talað um, að hann hefði dottið. Það hefði ekkert athugavert séð við Sigurð, á meðan það hafði afskipti honum. Lítils háttar storkið blóð hefði verið á vörum hans, sem ekki sé óalgengt, þegar menn eru leiddir fyrir varðstjóra, eftir að þeir hafi verið handteknir af svipuðum ástæðum.

Vitnið segir Sigurð hafa sagt, að ákærði hafi elt sig niður Frakkastíg að Kárastíg og sótt sig þangað og farið með sig til baka og hann þá dottið við lögreglubifreiðina, en ekki minnst á, af hvaða orsökum. Hann hafi engan ásakað í þessu sambandi og ekki nefnt, að hann hafi misst meðvitund.

Helena Jónsdóttir, dansari og unnusta Sigurðar Kaldals, var yfirheyrð við meðferð málsins. Hún kveður Sigurð hafa hringt í sig af slysadeild umræddan morgun og skýrt sér í fáum dráttum frá því, sem gerst hefði. Hún hafi strax farið upp á slysadeild og mætt honum frammi í biðstofu fyrir slasaða, þar sem hann beið myndatöku. Hún fór síðan með honum í myndatökuna og að henni lokinni í skoðun hjá lækni. Fleiri læknar hefðu

haft afskipti af Sigurði, bæði kandídatar og aðstoðarlæknar. Þegar hún hitti Sigurð, sá hún, að hann hafði þrjú til fjögur kringlótt för á hálsinum, öðrum hvorum megin við barkakýlið. Voru förin, sem voru rauðfjólublá, eins og deplar. Þessi för hefðu horfið um sólarhring síðar, og þau hefðu ekki komið út sem marblettir. Spurði hún konu, lækni á deildinni, hvort þessi för á hálsi Sigurðar yrðu ekki færð í læknisvottorð, og hefði hún játað því. Kveðst hún telja, að lýsing í læknisvottorði á förum framan á hálsi Sigurðar vinstra megin eigi við þessi för.

Björg Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur við slysadeild Borgarspítalans, var yfirheyrð við meðferð málsins. Kveðst hún minnast þess að hafa haft afskipti af Sigurði Kaldal umrætt sinn. Hún hafi fyrst séð hann á annarri sárastofunni, þar sem fyrsta skoðun fer fram. Hún kveðst ekki muna eftir, hvernig þeir áverkar voru, sem hann bar, en hún minnist þess sérstaklega, að hann hafi verið fámáll og lítið munað eftir því, hvernig hann fékk áverkana. Hún hafi engin samskipti haft við aðstandendur hans og minnist þess eingöngu, að hann hafi komið í fylgd lögreglumanna. Við lestur úr læknisvottorði minnist hún þess, að Sigurður hafi verið með brotna tönn og áverkana á augabrún, svo og, að hann hafi átt erfitt með að opna munninn og átt erfitt um mál. Hún minnist þess ekki, hvort Sigurður var undir áfengisáhrifum.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 6. og 15. janúar, 27. febrúar svo og fyrir dómi.

Ákærði hefur borið, að er hann kom á vettvang, hafi verið þar fyrir fjöldi lögreglumanna, og hafi Einar Matthías Þórarinsson lögregluflokksstjóri stjórnað aðgerðum. Kveðst ákærði fyrst hafa orðið var við Sigurð Kaldal, er Sigurður stóð á gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs og gekk niður Frakkastíg og hugðist ganga aftur fyrir lögreglubifreið, er stóð gegnt Bergþórugötu 1. Lögreglubifreiðin hafi staðið á mjög svipuðum stað og myndir tæknideildar sýni. Hafi tvær lögreglukonur, er stóðu fyrir aftan bifreiðina, beðið hann að fara fram fyrir hana, þar sem handtökur stóðu enn yfir. Ýmist hafi menn verið komnir inn í lögreglubifreiðina eða í þann mund verið að setja þá inn í hana. Mótmælir hann því, að aðgerðum hafi verið lokið og búið hafi verið að loka afturdyrum lögreglubifreiðarinnar, er Sigurður hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Hann segir, að Sigurður hafi ekki hlýtt fyrirmælum lögreglukvennanna. Hann hafi bent heim til sín að Kárastíg 3 og sagst vera að fara heim. Sigurður hafi verið sjáanlega ölvaður og hefði, að sínu mati, orðið til trafala, ef hann hefði gengið aftur fyrir lögreglubifreiðina, þá leið, sem hann vildi upphaflega fara heim til sín. Því hafi honum verið vísað frá þeim stað. Kveðst ákærði hafa ítrekað frávísun sína, en hann ekki sinnt því. Þá hafi hann reynt að stöðva Sigurð með því að setja lófa hægri handar á brjóst hans, en Sigurður hafi ekki

sinnt þessu, heldur reynt að komast fram hjá sér og sagt, að hann væri að fara heim til sín og hefði fullan rétt á að fara þá leið, sem hann vildi. Kveðst ákærði hafa sagt honum, að það mætti hann, en hann yrði að fara aðra leið, þ.e. fram fyrir lögreglubifreiðina. Gekk þetta þannig nokkra stund, að Sigurður reyndi að komast fram fyrir ákærða, en ákærði varnaði honum þess með því að ýta á brjóst hans. Er þeir voru komnir að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs, kveðst ákærði hafa sagt við Sigurð, að nú gæti hann farið heim til sín frá þeim gatnamótum, en Sigurður hafi búið að Kárastíg 3, en það hafi hann ekki viljað. Kvaddi hann þar Sigurð og sneri sér við, en þá kallaði Sigurður æstur á eftir honum og sagðist mega fara heim þá leið, sem hann vildi. Sneri ákærði sér þá við og sá þá, að Sigurður reiddi upp hægri hönd með krepptum hnefa og gerði sig líklegan til að slá ákærða. Greip ákærði með vinstri hendi aftan í vinstri öxl Sigurðar og togaði hann að hægri hlið sér og tók jafnframt með hægri hendi í hægri öxl honum. Hugðist hann færa Sigurð að ofangreindri lögreglubifreið. Þá hefði Sigurður greinilega ætlað að gera sér erfitt fyrirmeð því að gera sig máttlausan, og hefði hann dregið hann þannig við hlið sér upp að lögreglubifreiðinni í þessum tökum.

Ákærði neitar með öllu, að hann hafi tekið Sigurð Kaldal hálstaki eða svokölluðu hengingartaki, áður en hann dró hann á ofangreindan hátt að lögreglubifreiðinni. Hann hefði ekki orðið þess var, að Sigurður væri án meðvitundar, á meðan hann dró hann að lögreglubifreiðinni, og ekkert athugavert séð við ástand hans. Er Sigurður var á hnjánum við hlið hans, er hann nálgaðist lögreglubifreiðina, hefði hann séð, að búið var að loka afturdyrum hennar. Þar sem Sigurður veitti ekki mótspyrnu, kveðst hann hafa afráðið að sleppa honum við handtöku, enda var ekki pláss fyrir hann í ofangreindri bifreið. Er hér var komið sögu, fannst ákærða, að Sigurður væri á hnjánum, og afréð hann því að sleppa takinu á honum, þar sem hann hélt, að hann yrði kyrr á hnjánum við það, að hann sleppti takinu. Hins vegar hefði Sigurður skollið með andlitið í götuna, er hann sleppti honum, og hefði sér brugðið mjög við það. Hann kveðst telja, að Sigurður hafi lent á vinstri kjálka fremur en beint á andlit við fallið.

Ákærði kveðst ekki kunna aðrar skýringar en hann hefur þegar gefið á þeim framburði vitna, að Sigurður hafi að þeirra mati verið án meðvitundar, er hann dró hann á framangreindan hátt í átt að lögreglubifreiðinni, hendur hans hafi lafað meðfram síðum, andlit snúið niður og hann ekki borið hendur fyrir sig í fallinu.

Ákærði segir, að þeir Ásgeir Þór hafi stumrað yfir Sigurði. Sigurður hafi litið upp og hrækt og sagt, að hann væri með brotna tönn, litið upp á ný og hrækt, og þá hafi verið blóðlitur á munnvatni hans. Kveðst ákærði hafa beðið hann að liggja kyrran, uns lögreglubifreið bæri að. Í ljósi þess,

sem orðið var, hafi hann talið eðlilegt að handtaka Sigurð og færa hann fyrir varðstjóra. Hann hafi ekki séð ástæðu til þess að fara með hann heim til sín eða flytja hann á slysadeild. Að sínu mati hafi verið eðlilegra, eins og á stóð, að færa hann fyrir varðstjóra. Ákærði segir, að skömmu síðar hafi lögreglubifreið borið að og Sigurður verið færður í hana á þann veg, að ákærði og Ásgeir studdu hann að bifreiðinni, þar sem Runólfur tók á móti honum, en hann var kominn inn í bifreiðina, áður en Sigurður var færður inn í hana.

Ákærði segir, að hann hafi á þeirri stundu, er hann ýtti við Sigurði og leikurinn barst í átt að Kárastígnum, ekki séð ástæðu til að heimila honum að fara heim til sín fram hjá lögreglubifreiðinni, enda hafi það verið viðkvæmt svæði og málin þróast á þessa lund. Þá segir hann, að það hafi ekki verið af neinni tilgreindri ástæðu, sem hann kom lögreglukonunum til aðstoðar, er Sigurður þverskallaðist við banni þeirra. Sigurður hafi gengið fram hjá þeim og hann hafi verið nærstaddur og séð ástæðu til að aðstoða þær. Sigurður hafi verið orðinn þreytandi, en ákærði kveðst fullkomlega hafa haft vald á skapi sínu og oft átt í höggi við erfiðari og æstari menn en Sigurð.

Ákærði segir, að hann hafi ekki séð ástæðu til þess að ganga á brott og láta Sigurð afskiptalausan, eftir að hann hafði kvatt hann á gatnamótum Kárastígs og Frakkastígs, þar sem Sigurður hafi gert sig líklegan til að slá sig og ákærði hafi hugsað það eitt að koma í veg fyrir það. Hann hafi á þessu stigi ekki heldur séð ástæðu til að kalla á félaga sína til aðstoðar, þar sem atburðarásin hafi verið hröð og engin átök orðið. Hann hafi ekki heldur vitað þá, að félagar sínir voru u.þ.b. að ljúka við handtökurnar, og bjóst ekki við, að framvinda málsins yrði á þennan veg.

Ákærði segir, að Einar Matthías Þórarinsson lögregluflokksstjóri hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi. Hann hafi ekki gefið ákærða skipun um að handtaka Sigurð Kaldal, það hafi hann sjálfur ákveðið að gera.

Ákærði kveðst hafa rætt stuttlega við Sigurð Sigurgeirsson varðstjóra, er hann kom á lögreglustöðina, og skýrt honum frá því, sem gerst hafði. Hafi Sigurður Kaldal engum mótmælum hreyft og viðurkennt, að hann hefði átt að sinna fyrirmælum lögreglu. Sigurður hafi tjáð varðstjóranum, að hann væri með eina brotna tönn.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð slysa- og bæklunardeildar Borgarspítalans, dags. 14. janúar sl., undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni lækni, en þar segir m.a. svo:

„Þ. 27/12 1990 kl. 6.46 fluttu lögreglumenn á slysadeildina mannn, er kvaðst vera fyrrgreindur Sigurður. Hann skýrði svo frá, að stuttu áður hefðu lögreglumenn ráðist á sig utan húss og tekið sig hálstaki, svo að hann missti meðvitund. Atvikum er ekki nánar lýst. Sigurður kvartaði einkanlega

um verki hæ. megin í neðri kjálka. Þá kvartaði hann um eymsli í tönnum víða. Hann kvaðst hafa á tilfinningunni, að jaxl hæ. megin í neðri kjálka svo og jaxlar vi. megin í efri kjálka væru brotnir.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Ca. ½ cm langt sár var á vi. augabrún. Fleiðurflekkur var á höku. Veruleg eymsli virtust hæ. megin á neðri kjálka og einhver eymsli vi. megin. Fjögur dökkrauðleit, skálæg för voru framan á hálsi vi. megin, hvert þessara fara um 3-4 cm á lengd og u.þ.b. 1 cm á breidd. Förin voru samsíða. Við blasti, að brotið var af krónu II. tannar í neðri góm hæ. megin við miðlínu (dens 2). Tannáverkar voru að öðru leyti ekki nánar kannaðir, enda gat sjúkl. ekki opnað munninn öllu meira en 1-2 cm vegna eymsla og rétt þótti, að tannlæknir framkvæmdi þá rannsókn.

Eymslin á kjálkanum og sársaukinn við að opna munninn þóttu geta bent á brot á kjálkanum, og var sjúkl. því látinn bíða á slysadeildinni, þar til færi gafst á að taka röntgenmyndir af neðri kjálkanum. Þetta var gert um kl. 8.30. Ekki sáust brot á kjálkabeininu á þessum myndum. Sérstakar myndir voru teknar af tönnunum, en þó sést á myndunum, að fyrrgreind tönn í neðri góm er brotin.

Litla sárið á augabrúninni var límt saman með þar til gerðu límí.

Sjúkl. var ráðlagt síðan að leita til vakthafandi tannlæknis til rannsóknar og meðferðar á tannáverkunum. Ekki þótti þörf á, að hann kæmi til eftirlits á slysadeildina, en honum var þó bent á, að hann gæti leitað þangað, ef frekari einkenni kæmu í ljós.“

Þá liggur enn fremur frammi bréf Egils R. Guðjohnsens tannlæknis, dags. 7. sama mánaðar, en í því segir:

„Sigurður kom til mín fimmtudaginn 27.12. '90. Hann var þá mjög bólginn í andliti og svo aumur í kjálkaliðum (sérstaklega hægra megin), að hann átti í erfiðleikum með að opna munninn. Hann var þó svo kvalinn í 5+ (efri forjaxl) hægra megin, sem var klofinn (brotinn) upp eftir rót, að ég ákvað að fjarlægja hann strax (enda ónýtur eftir höggið). Við svo búið var ákveðið að bíða fram yfir áramót og láta bólgur og eymsli ganga niður.

Sigurður kom til mín aftur 3.1. '91. Ég tók af honum röntgenmyndir og skoðaði tennur klínískt. Í ljós kom, að hann var með alls sjö brotnar tennur (ein fjarlægð áður) og að minnsta kosti ein með sprungum. Sjúklingur er enn aumur í hægri kjálkalið.

Það, sem gera þarf:

1. brú 6+5+4+
2. gera við 7+ (fylling)
3. +6 heilkróna
4. +7 partkróna
5. 6÷ heilkróna

6. 3 ÷ viðgerð (fylling)
7. 2 ÷ heilkróna, rótfylling, stiftisuppbygging.

Þ.e., tvær af þessum sjö tönnum má gera við með fyllingum, hinar þurfa gull- og postulínsvinnu.

Kostnaðaráætlun 200-250 þúsund.

Þess ber að geta, þegar tönn verður fyrir höggi (að maður tali nú ekki um brot), að miklar líkur eru á, að slík tönn rótdrepist.

Þetta getur komið fram mánuðum, jafnvel árum síðar. Slík tönn þyrfti þá rótfyllingu og stiftisuppbyggingu og nýja krónu.

Aðspurður um, hvort áverkar Sigurðar hafi getað orðið til við það, að hann dytti í götuna, tel ég það mjög ólíklegt.

Áverkar á andliti voru þess eðlis, að engu líkara var en Sigurður hefði runnið til eftir höggið með andlitið þétt við eitthvað, því að rispur voru í andliti. Flestar þeirra brotnu tanna, sem um ræðir, hafa sömu brotastefnu, þ.e., hafi Sigurður bitið saman og fengið mjög þungt högg vinstra megin á neðri kjálka, gæti það útskýrt brot allra tanna hvorum megin efri kjálka (4) og tveggja hægra megin í neðri kjálka. Eftir stendur hliðarframtönn í neðri gómi, sem að öllum líkindum hefur brotnað við högg framan á neðri kjálka. Að mínu áliti hafa tannbrot Sigurðar orsakast a.m.k. af tveimur aðskildum höggum.

Það skal taka fram, að venjuleg ending á krónu og brúarsmíði getur verið 10 - 20 ár, og fer það eftir hirðu viðkomandi, svo að ljóst þykir, að Sigurður þurfi nýja smíði a.m.k. einu sinni á lífsleiðinni."

Egill R. Guðjohnsen tannlæknir kom fyrir dóminn við meðferð málsins og staðfesti efni bréfsins. Segir hann, að merkið + í framangreindu bréfi merki efri góm, en ÷ neðri góm. Sé horft framan í viðkomandi sjúkling, sé merkið sett aftan við, ef um er að ræða hægri hlið, en framan við, ef um er að ræða vinstri hlið. Hann kveðst hafa skoðað Sigurð Kaldal síðdegis 27. desember sl. Hann hafi verið bólginn í andliti, annað auga bólgið og hann skrámaður í andliti. Hann hafi ekki skoðað hann að öðru leyti og geti því ekki borið um aðra áverka. Að öðru leyti lýsir Egill ástandi tanna Sigurðar á sama veg og fram kemur í framangreindu bréfi. Hann segir, að Sigurður hafi fengið bráðabirgðafyllingar hjá tannlækni sínum eftir þetta, áður en hann kom til sín á ný 3. janúar sl., er hann röntgenmyndaði tennur Sigurðar, en það hafi hann ekki getað við fyrstu skoðun, þar sem Sigurður gat ekki opnað munninn. Höfuðhögglína brotanna komi frá vinstri, og hljóti maðurinn því að hafa fengið höggið á vinstri kjálka. Höggið hafi komið í samanbiti, svo að Sigurður hljóti að hafa verið með tennurnar bitnar saman, þegar hann fékk höggið. Ósennilegt sé, að tönn 2 ÷, sbr. 7. lið í bréfi vitnisins, hafi brotnað við það högg, sem hann hefur lýst hér að framan, þó að slíkt sé mögulegt. Telur hann því líklegra, að

sú tönn hafi brotnað við annað högg en hinar sex tennurnar. Ekki hafi verið vafi á því, að þessi brot hafi verið ný. Hann kveðst hafa merkt við þær tennur, sem brotnar voru, á afsteypu þeirri, sem hann gerði, eftir að bráðabirgðafyllingar voru settar til að loka tönnunum. Stærstu brotin fjögur, þ.e. tennur +6, +7, 6÷ og 2÷, hafi verið alveg ný brot, upp undir dagsgömul. Tönn 5+ hafi án vafa verið nýbrotin, spurningar um klukkustundir, frá því að hún brotnaði, er vitnið skoðaði Sigurð. Brotin í tönnum 7+ og 3÷ hafi hins vegar hugsanlega getað verið eldri en sólarhringsgömul, en þau hafi fylgt brotalínunni.

Egill segir, að höfuðreglan sé sú, að viðgerðar tennur, svo að ekki sé talað um rótfylltar tennur, séu brothættari en aðrar. Að því er Sigurð varði, hafi við skoðun vitnisins komið í ljós, að tennur 6÷ og 6+ hafi verið mikið viðgerðar, tönn +7 hafi verið lítið fyllt, 2÷ og 3÷ hafi verið alveg heilar og 5+, en hin síðastgreinda hafi farið verst, hún hafi klofnað. Það hafi þurft rosahögg til, að tönn 5+ brotnaði á þann hátt, sem hún gerði.

Hann segir, að mjög stutt bil sé milli hvíldarstöðu milli tanna og samanbits og ekki sé útilokað, þótt höggið hafi komið í samanbiti, að maðurinn hafi verið í fallinu rænulítill, þar sem bilið sé svo stutt á milli samanbits og hvíldarstöðu.

Þá segir Egill, að eins og horfi við í dag, sé kostnaðaráætlun vegna viðgerða á tönnunum í liðum 1-7 á bilinu 200-250 þúsund, en vísar einnig til þess, sem segir í bréfinu um það, sem síðar kunni að koma upp með tennur, sem brotna, þ.e. mánuðum eða árum seinna séu miklar líkur á, að slíkar tennur rótdrepist.

Hinn 8. janúar sl. tók tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins ljósmyndir af vettvangi á milli Frakkastígs og Kárastígs. Er vettvangurinn ljósmyndaður frá öllum þeim sjónarhornum, sem hér skipta máli. Við myndatökuna lagði Árni Ólafsson lögreglubifreið, sömu stærðar og gerðar og hann ók á vettvang aðfaranótt 27. desember sl., á Frakkastíg gegnt húsinu nr. 1 við Bergþórugötu. Kvaðst Árni hafa lagt bifreiðinni við sviðsetninguna á svipaðan veg og umrædda nótt.

Einnig liggur frammi í málinu svæðisteikning, en á henni sjást m.a. gatnamót þeirra gatna, sem hér koma við sögu, ásamt nálægum húsum.

Ríkissaksóknari leitaði umsagnar dómsmálaráðuneytis vegna máls þessa, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. l. nr. 74/1974.

Í bréfi ráðuneytisins til ríkissaksóknara, dags. 28. janúar sl., segir m.a., að ekki sýnist óeðlilegt, að ákærði sæti saksókn vegna máls þessa.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 24. janúar sl., var ákærða vikið frá störfum um stundarsakir.

Ekki hefur verið lögð fram skaðabótakrafa í máli þessu.

Niðurstöður.

Í máli þessu er óumdeilt, að Sigurður Kaldal hlýddi ekki ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að fara aðra leið en hann hugðist, svo sem skýlaus skylda hans var, eins og hér stóð á, enda var aðgerðum ekki að fullu lokið á vettvangi. Fram er komið, að Sigurður gerði þeim lögreglumönnum ljóst, að hann væri á leið heim til sín, en sú leið, sem hann hugðist ganga, aftur fyrir lögreglubifreiðina, var stysta leiðin. Ákærði ýtti Sigurði frá lögreglubifreiðinni að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs, og verður að leggja þann framburð hans til grundvallar, að Sigurður hafi setið við sinn keip og reynt að komast fram hjá honum, þrátt fyrir það að ákærði reyndi að varna honum þess. Verður þessi háttsemi ákærða talinn eðlilegur þáttur í störfum hans á vettvangi, þótt deila megi um, hvort ákærði, sem er reyndur lögreglumaður, hafi ekki getað tekið til annarra ráða.

Ákærði hefur borið, að er hann hafði kvatt Sigurð Kaldal við gatnamót Frakkastígs og Kárastígs, sagt honum, að nú gæti hann farið heim til sín, og snúið við honum baki, hafi Sigurður kallað æstur á eftir sér. Hann hafi því snúið sér við og þá séð Sigurð, sem gerði sig líklegan til að slá sig, með reiddan hnefa á lofti. Því hafi hann snúið sér við, gripið með vinstri hendi aftan í vinstri öxl Sigurði og togað hann að hægri hlið sér og jafnframt tekið með þeirri hægri í hægri öxl honum. Sigurður hafi þá gert sig máttlausan, greinilega ætlað að gera sér það erfitt að færa hann í átt að lögreglubifreiðinni.

Sigurður Kaldal hefur hins vegar borið, að eftir að ákærði, sem frá upphafi hafi virst æstur, hrakti sig niður að gatnamótunum, hafi ákærði skyndilega gripið sig kverkataki með annarri hendi og hert að, svo að hann náði vart andanum. Hann hafi þá reynt að losa takið með því að grípa um hönd ákærða, en þá hafi ákærði snúið honum við og tekið hann hálstaki og hert að. Við þetta hafi hann misst andann og ekki rankað við sér, fyrr en komið var með hann á lögreglustöðina.

Vitnið Þorfinnur Þorfinnsson, sem stóð fyrir utan Bergþórugötu 1 og sá ákærða og Sigurð á leið þeirra að ofangreindu götuhorni, hefur borið, að í framhaldi af því, að ákærði ýtti á brjóst Sigurðar allt að gatnamótunum, hafi hann séð ákærða taka Sigurð taki, eins og beitt er við hálstak, en vitnið treystir sér ekki til að fullyrða, að ákærði hafi tekið hann þessu taki um hálsinn, þar sem ákærði sneri baki í vitnið, en hann hafi tekið Sigurð þessu taki um hálsinn eða á öðrum stað. Vitnið kveðst hins vegar hafa ályktað sem svo, að ákærði hafi tekið hann þessu taki um hálsinn og „svæft" hann með því, þar sem Sigurður féll þegar hreyfingarlaus í götuna, og í framhaldi af því hafi ákærði dregið hann, eftir öllum ummerkjum, gersamlega máttlausan að lögreglubifreiðinni.

Í læknisvottorði segir m.a., að framan á hálsi Sigurðar hafi verið fjögur

dökkrauðleit, skálæg, samsíða för. Hefur unnusta Sigurðar, Helena Jónsdóttir, enn fremur borið, að er hún hitti Sigurð á slysadeildinni þennan sama morgun, hafi hann verið með 3-4 rauðfjólublá, kringlótt för, eins og depla, öðrum hvorum megin við barkakýlið. Förin hafi horfið á næsta sólarhring og ekki skilið eftir sig marbletti. Á mynd þeirri, sem tekin var af Sigurði á lögreglustöðinni daginn eftir, greinast þessi för hins vegar ekki, svo að séð verði.

Þótt sterkar líkur hafi verið að því leiddar, að ákærði hafi tekið Sigurð hálstaki eða kverkataki, þykir samkvæmt framansögðu ekki vera komin fram lögfull sönnun þess.

Samkvæmt framburði ákærða og fjölda vitna, svo sem rækilega hefur verið rakið hér að framan, er ljóst, að ákærði dró Sigurð þessu næst þó nokkurn spöl frá gatnamótunum að lögreglubifreið þeirri, sem stóð á Frakkastíg gegnt húsinu nr. 1 við Bergþórugötu, og er hann átti örfáa metra eftir að bifreiðinni, sleppti hann takinu. Hafa fjölmörg vitnanna lýst því, að þá hafi Sigurður virst rænulítill eða rænulaus, hann hafi dregið á eftir sér fætur og hendur, höfuð hans lafað niður og hann virst gersamlega máttlaus. Kemur þessi lýsing heim og saman við þann framburð Sigurðar, að hann hafi misst meðvitund og ekki gert sér grein fyrir því, hvernig hann hlaut áverkana, en það síðastgreinda fær stoð í framburði þeirra þriggja lögreglumanna, sem voru í lögreglubifreiðinni, er Sigurði var ekið af vettvangi. Ákærði hefur hins vegar haldið því fram, að Sigurður hafi ætlað að gera sér erfitt um vik og því gert sig þungan. Hafi hann ekki orðið þess var, að Sigurður væri án meðvitundar þá leið, sem hann dró hann að bifreiðinni, og hann hafi ekkert athugavert séð við ástand hans.

Af framburði ákærða og Sigurðar, sem fær stoð í framburði vitnisins Þorfinns Þorfinnssonar, er ljóst, að ekki kom til átaka á milli ákærða og Sigurðar. Þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að það hafi verið fyrir tilverknað hans, að Sigurður varð rænulaus eða rænulítill, enda er upplýst, að ekki var öðrum til að dreifa en ákærða og hann var með Sigurð í tökum, á meðan hann dró hann í átt að lögreglubifreiðinni. Hlaut ákærða að vera ljóst, hvernig komið var fyrir Sigurði, á meðan hann dró hann í þessu ástandi að lögreglubifreiðinni, enda kom í ljós, að Sigurður gerði ekki tilraun til að bera fyrir sig hendurnar í fallinu. Þrátt fyrir það sleppti ákærði takinu á honum, svo að Sigurður skall með andlitið í götuna.

Þrjú þeirra vitna, sem fyrir dóminn komu, þau Þorfinnur Þorfinnsson, Alfreð Jóhann Alfreðsson og Steinunn Rósa Sturludóttir, báru, að lögreglumenn þeir, sem færðu Sigurð í lögreglubifreiðina, sem flutti hann af vettvangi, hefðu fleygt honum harkalega inn í bifreiðina. Þá hefur vitnið Arnar Jónsson borið, að hann hafi verið færður frekar harkalega í bifreiðina. Steinunn Rósa ber hins vegar, að Sigurður hafi verið færður í lögreglu-

bifreið þá, sem stóð gegnt Bergþórugötu 1, en upplýst er, að ákærði (sic) var færður yfir í aðra lögreglubifreið, sem kom á vettvang í þann mund, er Sigurður féll í götuna.

Fimm lögreglumannanna, sem voru að störfum á vettvangi, sáu, er Sigurður var settur í bifreiðina, og hafa allir borið, að hann hafi verið færður þangað með eðlilegum hætti án nokkurrar hörku. Aðrir tveir sáu, er Sigurður var studdur að bifreiðinni, og urðu ekki varir við neitt óeðlilegt við flutning ákærða (sic) í bifreiðina, þótt þeir hafi ekki fylgst með honum sérstaklega. Er ljóst, að lögreglumennirnir, sem voru í eða aftan við lögreglubifreiðarnar tvær, sem lagt var samhliða, voru í betri aðstöðu til að bera um þetta en a.m.k. tvö framangreindra vitna, Þorfinnur og Steinunn Rósa, sem stóðu við húsið á horni Bergþórugötu og Frakkastígs, enda minnti Steinunni Rósu, að hún hefði séð þetta í gegnum rúðu lögreglubifreiðarinnar. Verður ekki byggt á því, að ákærði (sic) hafi hlotið áverka við flutninginn í lögreglubifreiðina, enda ósannað með vísan til þess, sem að framan er rakið.

Af framburði vitna er ljóst, að höggið, sem Sigurður fékk við það að skella með andlitið í götuna, var mjög mikið, og fær það stoð í framburði Egils R. Guðjohnsens tannlæknis, sem skoðaði Sigurð samdægurs, en hann hefur borið, að mjög þungt högg vinstra megin á neðri kjálka gæti útskýrt brot sex tanna af sjö, en hún hafi að öllum líkindum brotnað við högg framan á neðri kjálka. Þá er ljóst, að blóð vætlaði úr munni Sigurðar þegar eftir fallið, svo og, að þegar á leiðinni á lögreglustöðina kvartaði ákærði um brotnar tennur og var mjög fljótlega færður undir læknishendur.

Ef litið er til þess, sem að framan getur, og framburðar vitnisins Kristínu, sem borið hefur, að Sigurður hafi fallið á andlitið og komið niður á vinstri kinn, svo og vitnisins Ásgeirs Þórs, sem bar, að Sigurður hefði fyrst skollið með andlitið í gangstéttina, þá lyfst upp aftur og skollið á ný, svo og annars, sem fram hefur komið í málinu, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að Sigurður hafi hlotið áverka þá, sem lýst er í ákæru, af völdum ákærða, er hann sleppti taki á honum í framangreindu ástandi, sem ákærði átti sök á. Varðar verknaður hans við 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga. Þykja ákvæði 132. gr. sömu laga ekki eiga hér við.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fram að þessu ekki sætt refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, þrátt fyrir það að Sigurður Kaldal sinnti ekki boðum lögreglu, að hann sýndi í engu af sér háttsemi, sem kallaði á svo harkaleg viðbrögð ákærða, enda var ákærða í lófa lagið að leysa málin á annan veg, t.d. með því að kalla á aðstoð félag sinna, sem voru margir á vettvangi og höfðu að mestu lokið störfum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða varðhald.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Steinn Jakob Ólason, sæti þriggja mánaða varðhaldi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Föstudaginn 15. nóvember 1991.

Nr. 283/1990. **Úlfar Magnússon**
(Kristján Ólafsson hdl.)
gegn
Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra
(Ólafur Garðarsson hdl.).

Lífeyrissjóður. Leigubifreiðastjórar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. júlí 1990. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að viðbættum virðisaukaskatti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra var staðfest af fjármálaráðuneytinu 9. maí 1979.

Áfrýjandi greiddi lífeyrisiðgjöld til stefnda frá júlí 1980 til loka þess árs, svo og fyrir allt árið 1981 og frá og með janúar 1982 til og með október 1982. Frá þeim tíma hefur hann hvorki greitt lífeyrisiðgjöld til stefnda né annarra lífeyrissjóða.

Iðgjaldaskuldin, sem krafist er greiðslu á í málinu, nær yfir tímabilið frá 1. janúar 1983 til 1. júlí 1986. Gögn málsins gefa ekki til kynna, að fjárhagsstaða stefnda hafi á þeim tíma verið veik, svo að sérstök ástæða hafi verið til að efast um möguleika hans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum.

Af hinum nýju gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, má ráða, að fjárhagsstaða stefnda nú sé erfið og svo hafi verið um nokkurt skeið, svo að nú sé svo komið, að verulega séu skertir möguleikar hans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Fram kemur í gögnum málsins, að auk áfrýjanda

skuldi 38 sjóðfélagar iðgjöld margra ára. Er fullyrt af hálfu stefnda, að lífeyrissjóðurinn myndi styrkjast verulega, ef þær skuldir yrðu greiddar.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til að fjalla í þessu máli um réttarstöðu áfrýjanda gagnvart stefnda með hliðsjón af fjárhagsstöðu og greiðslugetu stefnda nú, heldur á þeim tíma, er til fjárkröfu stefnda í málinu stofnaðist.

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að vextir verða ekki teknir til greina af dæmdum málskostnaði í héraði.

Með 21. gr. laga nr. 54/1988 var nýtt ákvæði, um heimild til að dæma vexti af málskostnaði, tekið inn í 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í 28. gr. laga nr. 54/1988 segir, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1988 og skuli gilda um öll mál, sem þingfest eru eftir þann tíma. Mál, sem þingfest eru fyrir þann tíma, skuli fara eftir eldri lögum. Mál það, sem hér er fjallað um, var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 9. desember 1986. Verða vextir af dæmdum málskostnaði í héraði því ekki teknir til greina.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var þingfest 9. desember 1986. Hinn 31. mars 1987 skilaði stefndi greinargerð, og málið fór þá „til yfirborgardómara til úthlutunar". Málið var síðan ekki tekið fyrir, svo að séð verði, fyrr en 22. nóvember 1989 og var þá frestað til aðalflutnings, sem fram fór 27. mars 1990. Dómur var því næst kveðinn upp 23. apríl 1990. Engin skýring hefur verið gefin á þessum mikla drætti á málinu, sem ber að átelja.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdum málskostnaði eru ekki teknir til greina.

Áfrýjandi, Úlfar Magnússon, greiði stefnda, Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

1809

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. mars sl., höfðaði Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, nnr. 6088-8744, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Úlfari Magnússyni, Blönduhlíð 33, Reykjavík, nnr. 8964-0946, með stefnu, birtri 21. nóvember 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 64.939,20 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar bæði að höfuðstól og vöxtum. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að stefnanda verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómsins ekki lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að árið 1971 hafi Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra verið stofnaður fyrir tilstuðlan stéttarfélags leigubílstjóra, Bifreiðastjórafélagsins Frama, og Trausta, félags sendibílstjóra. Upphaflega hafi sjóðurinn verið frjáls lífeyrissjóður án skylduaðildar. Með lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda hafi öllum launþegum og atvinnurekendum verið gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Eftir að lög þessi hafi tekið gildi 9. júní 1980, hafi Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra ekki verið frjáls sjóður, heldur skyldusjóður.

Fljótlega eftir gildistöku laganna hafi stefnandi kynnt þau fyrir þeim leigubílstjórum, sem ekki hafi verið aðilar að sjóðnum. Ekki hafi þeir allir viljað greiða iðgjöld í sjóðinn, þótt flestir þeirra hafi gert það. Stefndi hafi ekki greitt iðgjöld til stefnanda frá 1. janúar 1983 til 1. júlí 1986 þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefnandi heldur fram þeirri málsástæðu, að samkvæmt skylduaðild að lífeyrissjóðnum beri sjóðnum að tryggja, að allir þeir aðilar, sem í sjóðnum eigi að vera, greiði tilskilin iðgjöld. Þessa skyldu beri hann gagnvart bifreiðastjórunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Þá styður stefnandi mál sitt þeim rökum, að samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga nr. 55/1980 beri fjármálaráðuneyti að úrskurða, rísi ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Þetta hafi fjármálaráðuneytið gert 22. júní 1983, en í úrskurðinum segi m.a.:

„Sjálfseignarleigu- og sendibifreiðastjórar skulu greiða lífeyrisiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra."

Stefndi sé sjálfseignarleigubifreiðarstjóri og aðili að stéttarfélagi. Með sama hætti og stefndi eigi rétt á því að vera félagi í Lífeyrissjóði leigu-

bifreiðastjóra samkvæmt lögum nr. 55/1980 hvíli sú skylda einnig á honum svo og til þess að greiða iðgjöld til sjóðsins. Sömu skyldu leggi framangreindur úrskurður fjármálaráðuneytisins honum á herðar. Í því sambandi beri þess að gæta, að löggjafinn hafi heimild til þess að kveða á um það, hvernig úrskurða skuli ágreining, og það hafi hann í þessu tilviki gert með því að leggja úrskurðarvaldið til fjármálaráðuneytisins.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að skylda stefnda til aðildar að Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra feli í sér brot á 67., 69. og 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi lýsir á eftirfarandi hátt, hvernig iðgjöld til lífeyrissjóðsins eru fundin og hvernig krafa stefnanda er sundurliðuð:

„Iðgjöld til sjóðsins eru reiknuð af þeim ökutaxta, sem í gildi er á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðastjóra er samansettur af ýmsum kostnaðarliðum, sem viðurkenndir eru nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða, sem viðurkenningar nýtur, er laun bifreiðarstjórans. Launin eru þannig fundin, að tekið er mið af launum bifreiðastjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan er bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag er hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekandagreiðslu í lífeyrissjóð 6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilissjóðsgjaldi 0,25% og ýmislegt annað 3,75%. Atvinnubílstjóri tekur því á móti 6% atvinnurekandagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur á bifreiðarstjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins er gert ráð fyrir, að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjald til sjóðsins. Sjóðurinn reiknar mánaðarlega út skv. framansögðu iðgjöld til sjóðsins.

Samtals er iðgjaldaskuld stefnda frá 1.1.1983 til 1.7.1986 41.245,00 kr., sbr. dómskjal nr. 3, auk uppsafnaðra vaxta, 23.694,20 kr., sbr. dómskjal nr. 3. Þar eru reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á tólf mánaða fresti.

Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig, að 41.245,00 kr. eru vangreidd iðgjöld frá 1.1.1983 til 1.7.1986, 23.694,20 kr. eru vextir til 1.3.1986, samtals 64.939,20.“

Í greinargerð stefnda kemur fram, að stefndi er sjálfstæður leigubílstjóri, og er það skilgreint á þann veg, að hann stundi leiguakstur með fólk á eigin bifreið. Stefndi sé félagi í Bifreiðastjórafélaginu Frama, sem sé atvinnufélag eða starfsréttindafélag slíkra bifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni. Þetta félag sé ekki stéttarfélag í merkingu laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem félagar þess séu sjálfstæðir atvinnurekendur. Félagið sé ekki lengur aðili Alþýðusambands Íslands. Launþegar í röðum bifreiðastjóra hafi með sér félag, Bifreiðastjórafélagið Sleipni.

Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra hafi ávallt verið umdeildur í þeirra hópi, og þeir, sem honum séu andvígir, telji hann ekki eiga raunhæfan starfsgrundvöll og geti því ekki tryggt félögum eðlilegan og öruggan lífeyri til jafns við það, sem gerist meðal launþega í landinu. Skylduaðild að sjóðnum feli í sér óeðlilega og ólöglega mismunun gagnvart leigubifreiðastjórum og skerði persónufrelsi þeirra.

Stefndi mótmælir því eindregið, að sér sé skylt að eiga aðild að Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra eða greiða iðgjöld til sjóðsins yfirleitt eða fyrir það tímabil, sem stefnandi miðar kröfur sínar við.

Stefndi telur það háð ákvörðunarrétti hans sjálfs, hvort hann gerist aðili að lífeyrissjóðnum eða ekki. Hann hafi ekki gerst aðili að sjóðnum og hafni því að vera það.

Stefndi hafnar því, að úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 22. júlí 1983 hafi gildi gagnvart sér eða gildi yfirleitt. Hann hafi enga aðild átt að meðferð þess máls, sem úrskurðað var. Úrskurðurinn hafi ekki annað en álitsgildi og sé ekki bindandi úrlausn um það, í hvaða lífeyrissjóð eða lífeyrissjóði hann megi kjósa að greiða, enda hafi dómstólar endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

Stefndi heldur því fram, að ákvæði laga nr. 55/1980 hafi ekki stjórnskipulegt gildi og fari í bága við 67., 69. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og aðrar grundvallarreglur hennar um persónufrelsi og friðhelgi eignarréttinda, verði lögin skilin á þann veg, að honum sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði, hvort sem hann vilji eða ekki. Þetta sé enn ljósara, ef lögin skyldi menn til þess að vera í tilteknum lífeyrissjóði, sem þeir hafi ekki kosið sér.

Þá telur stefndi, að samkvæmt þessum skilningi myndu lög nr. 55/1980 fara í bága við alþjóðleg mannréttindaákvæði, er skylt sé að virða á Íslandi, og vísar þar einkum til 11. gr. sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Samkvæmt 11. gr. sáttmálans sé ætlast til þess, að menn séu ekki skyldaðir til að gerast félagar í tilteknum samtökum gegn eigin vilja.

Þá telur stefndi, að rétt sé að skilja lög nr. 55/1980 á þann veg, að þeim sé ætlað að tryggja öllum starfandi mönnum rétt til þess að gerast aðilar að lífeyrissjóðum, en ekki leysa úr því, í hvaða sjóði þeir eigi að vera. Lögin séu ekki sérstaklega gerð til þess að tryggja hagsmuni einstakra lífeyrissjóða eða vera grundvöllur að togstreitu þeirra á milli um aðild einstakra manna. Að öðrum kosti væru þau komin út fyrir mörk stjórnskipulegs gildis að því leyti.

Ekki geti verið gilt að stjórnskipunarlögum að fela fjármálaráðuneytinu úrskurðarvald um það, hvort stefndi skuli vera í sjóði stefnanda eða ekki.

Til þess að geta haft uppi kröfur um aðild og iðgjöld á hendur stefnda

verði stefnandi að sýna fram á, að hann fullnægi þeim kröfum, sem almennt verði að gera til lífeyrissjóða, til þess að þeir geti notið réttinda og gripið til aðgerða á grundvelli laga eins og laga nr. 55/1980.

Stefndi mótmælir því eindregið, að stefnandi sé fær um að standa við eðlilegar lífeyrisskuldbindingar til sjóðfélaga. Ef skylda ætti stefnda til þess að greiða lífeyrisiðgjöld til ótrausts og vanmegnugs lífeyrissjóðs, þegar aðrir landsmenn geti gengið að ábyrgum og sterkum sjóðum, væri í því fólgin ótvíræð og ólögleg mismunun. Fullyrðingar stefnda um þetta standi óhaggaðar, þar sem stefnandi hafi ekki upplýst neitt um stöðu og greiðslugetu Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra. Jafnvel þótt fjármálaráðuneytið kunni að hafa eftirlitsskyldu með sjóðnum, breyti það því ekki, að stefndi geti krafist þess, að sýnt sé fram á getu sjóðsins til þess að greiða lífeyri. Á milli stefnanda og stefnda séu þær gagnkvæmu skyldur, að geti stefnandi krafið stefnda um greiðslur, geti stefndi krafið stefnanda um upplýsingar um greiðslugetu. Það, að stefnandi hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni, leiði til, að sýkna beri stefnda. Með lögum nr. 55/1980 sé verið að svipta menn eign, án þess að nokkuð komi í staðinn.

Ökugjald sé einu tekjur venjulegra leigubifreiðastjóra. Samkvæmt reglugerð stefnanda séu iðgjöld á því byggð, að þeir eigi kost á mótframlagi til viðbótar tilteknum eigin iðgjaldshluta, hliðstætt því, sem gerist í vinnu og kjarasamningum launþega. Þessu sé ekki þannig farið í reynd, þar sem bifreiðastjórarnir séu ekki sjálfráðir um ákvörðun ökutaxtans, heldur hafi hann sætt viðtækum afskiptum með verðstöðvunum og verðlagsaðgerðum á undanförnum árum, og megi búast við slíku áfram. Í beitingu iðgjaldsreglnanna felist óeðlileg þvingun, sem ekki fái staðist að lögum.

Stefndi sé ekki aðili að öðrum lífeyrissjóði. Það veiti stefnanda ekki aukinn rétt til þess að krefjast aðildar af honum eða iðgjalda.

Stefndi rökstyður varakröfu sína um lækkun stefnukröfu á þann veg, að á tímabilinu frá september 1983 til nóvember 1984 hafi engin hækkun orðið á ökutaxta leigubílstjóra. Hins vegar hafi iðgjald til stefnanda tvívegis hækkað á þessu tímabili, sem fái því ekki staðist. Sá munur, sem hér um ræðir, nemur 330,00 kr. af höfuðstólskröfu.

Stefnandi bendir hins vegar á, að iðgjöldin séu ekki reiknuð af ökutaxtanum öllum, heldur einungis launalið hans samkvæmt gr. 9.1. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra. Launaliðir geti hækkað, en aðrir þættir ökutaxtans lækkað og ökutaxtinn því haldist óbreyttur. Þetta sé skýringin á því, hvers vegna iðgjöldin hafi hækkað á framangreindu tímabili, enda þótt ökutaxtinn hafi haldist óbreyttur.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að grundvöllur sé til þess, að stefnandi geti krafist vanskilavaxta eða vaxtavaxta. Hins vegar er af hálfu stefnda

ekki mótmælt út af fyrir sig upphafstíma, sem útreikningur stefnanda á vöxtum er miðaður við.

Forsendur dómsins.

Í 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er kveðið á um það, að öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu.

Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra starfar ekki samkvæmt sérstökum lögum. Í greinargerð stefnda kemur fram, að fjármálaráðuneytið hafi staðfest reglugerð lífeyrissjóðsins í maí 1979. Sú staðfesting liggur ekki frammi í málinu, en ráð þykir mega gera fyrir því, að þessu formskilyrði hafi verið fullnægt.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að ákvæði laga nr. 55/1980 fari í bága við stjórnarskrána, einkum 67., 69. og 73. gr., séu þau skilin á þann veg, að stefnda sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði, hvað sem hans eigin vilja líði.

Með lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra var gert skylt að greiða eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem voru í Alþýðusambandi Íslands, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sama gilti um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teldust þau til verkalýðsfélaga. Þá var og kveðið á í lögunum um almenn eftirlaun til aldraðra, sem ekki áttu aðild að framangreindum stéttarfélögum. Lögum nr. 97/1979 var fjórvegis breytt, síðast með lögum nr. 2/1985, en þá voru lögin endurútgefin með áorðnum breytingum.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum nr. 97/1979 voru fjármagnaðar af atvinnuleysistryggingasjóði að þremur fjórðu hlutum, en ríkissjóði að einum fjórða.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar þessum lífeyrisgreiðslum, og þótt maður gangi úr lífeyrissjóði og afsali sér réttindum, þá skulu greiðslur, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, engu að síður dragast frá með sama hætti.

Ákvæðum um fjármögnun kostnaðar við eftirlaunagreiðslur var breytt með lögum nr. 2/1985 þannig, að hún dreifist nú á fleiri hendur, þar á meðal þeirra lífeyrissjóða, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda kemur fram, að skapast hafi ákveðið

misræmi, þ.e., að þeir, sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóði, öðlist réttindi til eftirlauna án greiðslu, en þau lífeyrisréttindi, sem menn hafi aflað sér með greiðslum, skerði að sama skapi hinn almenna rétt til eftirlauna.

Í greinargerðinni segir orðrétt:

„Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt, að þegar verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar, sem hér er gerð tillaga um, er því að tryggja, að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna, sem felst í lögunum um eftirlaun aldraðra ..... Með frumvarpi þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum."

Telja verður, að sú ótvíræða skylda, sem launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er lögð á herðar með lögum nr. 55/1980, að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, sé hvorki brot á 69. né 73. gr. stjórnarskrárinnar, eins og þær hafa verið skýrðar í íslenskum rétti. Ber þar m.a. tvennt til. Lagaskyldan er ótvíræð og yfirlýstur tilgangur laganna m.a. sá að leggja á menn skyldur, til þess að réttindanautn byggist á sem jöfnustum forsendum. Verður ekki betur séð en lögin eigi að stuðla að því, að þeim tilgangi verði náð.

Enda þótt Ísland hafi fullgilt Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis og viðauka við hann, hefur samningur þessi ekki lagagildi á Íslandi, og verður því ekki byggt á honum sem réttarheimild fyrir íslenskum dómstólum. Af hálfu stefnda er vitnað til 11. gr. samningsins og því haldið fram, að lög nr. 55/1980 fari í bága við þá grein. Ekki verður séð, að þessi grein samningsins veiti víðtækari vernd en 73. grein íslensku stjórnarskrárinnar, og því engin nauðsyn að skýra stjórnarskrárgreinina með sérstakri hliðsjón af 11. gr. mannréttindasáttmálans.

Þeir lífeyrissjóðir, sem í landinu starfa, eru eflaust misjafnlega í stakk búnir til þess að standa við skuldbindingar sínar og staða þeirra misgóð frá einum tíma til annars. Ekkert það þykir hafa verið leitt í ljós í þessu máli, sem telja verður, að gefi sérstaka ástæðu til að ætla, að Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra sé mun verr í stakk búinn til að standa við skuldbindingar sínar en ýmsir aðrir lífeyrissjóðir kunna að vera, og verður ekki fallist á það, eins og atvikum málsins er háttað, að stefnanda beri sérstaklega að upplýsa þetta, en sýkna skuli stefnda að öðrum kosti. Þótt svo kynni að vera nú, að stefnandi ætti í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar, hefur ekkert verið leitt í ljós um, að hann geti það ekki eða muni ekki geta síðar meir, og verður ekki talið, að sú lagaskylda að greiða iðgjöld til sjóðsins brjóti gegn 67. grein stjórnarskrárinnar.

Að framan er komist að þeirri niðurstöðu, að stefnda beri skylda til þess að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki geti verið heimilt að stjórnlögum að fela fjármálaráðuneytinu úrskurðarvald um það, hvort stefndi skuli vera í sjóði stefnanda eða ekki.

Í 3. gr. laga nr. 55/1980 er kveðið á um, að tryggingarskyldan skuli innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum, eftir því sem kostur sé. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að lífeyrissjóði, skuli hann velja sér lífeyrissjóð eftir því, sem reglur einstakra sjóða leyfi. Sé tryggingarskyldunni ekki fullnægt með þessum hætti, skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til þess lífeyrissjóðs, sem úrskurðaraðili, þ.e. fjármálaráðuneytið, vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

Eins og að framan er rakið, úrskurðaði fjármálaráðuneytið 22. júlí 1983, að sjálfseignarleigu- og sendibifreiðastjórar skyldu greiða lífeyrisiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra. Þessi úrskurður var kveðinn upp á grundvelli gildrar lagaheimildar og ekkert annað leitt í ljós en hann sé að öllu leyti innan valdmarka fjármálaráðuneytisins. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að úrskurðurinn sé óbindandi fyrir hann, heldur ber að leggja úrskurðinn til grundvallar um þá skyldu stefnda að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfu stefnanda um, að stefndi greiði iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.

Að framan er lýst tölulegum ágreiningi aðila um fjárhæð höfuðstóls kröfu stefnanda, en stefndi telur, að iðgjöld hafi ekki átt að hækka á tímabilinu frá því í september 1983 fram til nóvember 1984, þar sem á þeim tíma hafi engin hækkun orðið á ökutaxta leigubifreiðastjóra.

Samkvæmt grein 9.1. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra skulu iðgjöld til sjóðsins vera 10% af launa- og orlofsþáttum ökutaxta. Fallast verður á þá skýringu stefnanda, að þessir þættir ökutaxtans geti breyst til hækkunar, án þess að taxtinn sjálfur hækki, þar sem aðrir þættir geti breyst til lækkunar á sama tíma. Þess ber og að gæta, að hækkun verður á ökutaxta 16. september 1983 og á iðgjaldi stefnda í október s.á., og sýnist það vera í eðlilegu samhengi, en samkvæmt útreikningum stefnanda virðist það vera svo, að hækkun ökutaxta leiðir ekki til hækkunar iðgjalda sama mánaðar, heldur mánaðarins næsta á eftir. Þegar til þessa er litið og ýtarlegra útreikninga, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, þykir mega leggja þá til grundvallar dómi í málinu, en stefndi hefur ekki sýnt fram á með nægilega gildum rökum, að ósamræmi sé á milli þeirra og heimilda stefnanda til álagningar iðgjalda á sjóðfélaga.

Stefndi heldur því fram, að ekki séu efni til þess, að dráttarvextir séu dæmdir af iðgjaldaskuld stefnda, og mótmælir því, að vaxta-

vextir séu dæmdir. Stefndi mótmælir hins vegar ekki upphafstíma vaxta.

Dráttarvextir verða dæmdir af kröfu stefnanda samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987 og gr. 9.5. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra.

Kröfu stefnanda um, að dæmdir verði vaxtavextir, ber að taka til greina samkvæmt dómvenju og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Lögmaður stefnanda lýsti yfir við munnlegan flutning málsins, að stefnandi væri ekki virðisaukaskattsskyldur. Enn fremur lýsti lögmaðurinn yfir, að hann notaði svokallaða afhendingarreglu við skattskil af verkefnum, sem hann hefði unnið að beggja vegna áramóta 1989/1990. Með þetta í huga og atvik málsins þykir málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, hæfilega ákveðinn 55.000,00 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Úlfar Magnússon, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra, 64.939,20 kr., með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 58.439,20 kr. frá 1. mars 1986 til 1. apríl s.á., af 59.739,20 kr. frá þeim degi til 1. maí s.á., af 61.039,20 kr. frá þeim degi til 1. júní s.á., af 62.339,20 kr. frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 63.639,20 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 64.939,00 kr. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabankans, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1987.

Stefndi greiði stefnanda 55.000,00 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðurinn dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabankans, sbr. og vaxtalög nr. 25/1987 og 21. gr. laga nr. 54/1988, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags. Áfallnir vextir á málskostnað bætast við höfuðstól hans á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. maí 1991.

Mánudaginn 18. nóvember 1991.

Nr. 432/1991. **Ómar Antonsson**

gegn

hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði.

Kærumál. Matsmál. Hafnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september sl., sem hingað barst 28. október sl. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 26. ágúst sl., en sóknaraðili fékk vitneskju um hann 6. september sl. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér tildæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Aðila greinir á um, hvort varnaraðili hafi lögmæta eignarnámsheimild að því landi, sem hann hefur óskað mats á. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms eiga þau lög við um mál þetta að öðru leyti en því, sem sérstaklega er öðruvísi mælt fyrir í hafnalögum nr. 69/1984. Varnaraðili hefur óskað mats samkvæmt 21. gr. hafnalaga, sem kveður á um skyldu landeiganda til að láta af hendi mannvirki og land til hafnargerðar. Aðila greinir ekki á um, að hleðsla grjótvarnargarðs á Suðurfjörutanga, sem er tilefni matsbeiðni varnaraðila, miði að því að tryggja öryggi hafnarinnar í Hornafirði. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um framkvæmd eignarnáms ber matsmönnum að skoða lagaheimild til eignarnámsins, en aðilar geta samkvæmt 17. gr. sömu laga borið ágreining út af lögmæti eignarnáms undir reglulegan héraðsdóm á hvaða stigi málsmeðferðar, sem hafa vill. Ekki eru þó efni til að fjalla í þessu matsmáli um efnisrétt aðila, og ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 26. ágúst 1991.

Hinn 19. júní 1991 barst embættinu beiðni Sveins Sveinssonar hdl. fyrir hönd Hafnar, þar sem óskað var eftir dómkvaðningu matsmanna á grundvelli 21. gr. hafnalaga nr. 69, 1984, svo að fram megi fara eignarnám á landsvæði við innsiglinguna í Hornafjarðarósi. Í beiðninni kemur fram, að reisa á nokkurn hluta varnargarðs í landi jarðarinnar Horns í Nesjahreppi, sem bæjarfélagið Höfn á að einum þriðja í óskiptri sameign með Ómari Antonssyni bifreiðarstjóra, Hlíðartúni 15 á Höfn. Í beiðninni kemur fram, að bæjarfélagið Höfn hafi heimilað byggingu varnargarðsins, en ekki hafi náðst samkomulag við Ómar Antonsson um byggingu garðsins í landi Horns.

Við fyrirtekt málsins 12. ágúst 1991 lýsti lögmaður matsbeiðanda yfir, að hann legði fram matsbeiðnina í nafni hafnarsjóðs Hafnar, en ekki bæjarsjóðs Hafnar, eins og hann hafði ritað í matsbeiðninni.

Lögmaður Ómars Antonssonar, landeiganda á Horni, Gestur Jónsson hrl., mætti við fyrirtekt málsins og krafðist þess, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna yrði hafnað, og einnig krafðist hann málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Í greinargerð lögmannsins kemur fram, að í reglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 65/1970, með síðari breytingum komi fram, hver séu mörk hafnarinnar, og höfnin því að langmestu leyti í landi jarðarinnar Horns, sbr. 1. og 5. gr. reglugerðarinnar. Þá bendir lögmaðurinn á 7., 8. og 21. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, og telur, að með samanburði á þeim lagagreinum megi ráða, að skylt sé eigendum hafna að eignast allt það land, sem sé innan hafnarinnar, og sé því matsbeiðnin byggð á ólögmætum sjónarmiðum. Lögmaður bendir einnig á 2. tl. 25. gr. laga nr. 69, 1984, máli sínu til stuðnings, en þar kemur fram, að skilyrði til þess að fá ríkisstyrk til hafnaframkvæmda sé, að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarhald á viðkomandi svæði, sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi, sem fram fer við höfnina. Í greinargerðinni rekur lögmaður stuttlega, hvernig hafnarsjóður hefur setið yfir hlut skjólstæðings síns frá öndverðu. Þannig hafi hafnarsjóður ekki greitt Ómari Antonssyni neitt fyrir afnot af landi hans, en hann á a.m.k. ⅔ hluta Hornslands. Þá hafi hafnarsjóður dælt jarðefnum úr ósnum og nýtt þau án þess að greiða fyrir og án þess að hafa samráð við Ómar og án samþykkis hans. Samningar hafi ekki náðst um kaup matsbeiðanda á landi Ómars innan hafnarsvæðisins, og það sé ekki fyrr en nú, þegar matsbeiðandi er tilneyddur að ná eignarhaldi á landi undir grjótvarnargarð á Suðurfjörutanga,

að hann sýni tilburði til þess að eignast landið, en matsbeiðandi mun ekki fá ríkisstyrk til framkvæmdanna, nema hann sé eigandi landsins. Samkvæmt matsbeiðninni ætli matsbeiðandi að ná eignarhaldi á lítilli sneið af því landi sameiganda síns, Ómars Antonssonar, sem hann nýtir undir höfn, og sé því ljóst, að matsbeiðandi ætli að halda áfram heimildarlausum notum hafnarinnar að öðru leyti án endurgjalds, og sé því ljóst, að matsbeiðnin sé reist á ólögmætum sjónarmiðum, og beri að hafna henni.

Í greinargerð lögmanns gerðarbeiðanda, Sveins Sveinssonar hdl., kemur fram, að hann telur, að engan veginn sé hægt að túlka 8. gr. hafnalaga á þann hátt, að öll hafnasvæði skuli vera í eigu sveitarfélaga. Vísar lögmaðurinn til þess, að eignaraðild að höfnum hafi víðar en á Höfn verið með þeim hætti, að aðrir en sveitarfélög eigi svæði þau, sem falli undir hafnarsvæði.

Þá vísar lögmaðurinn til skilnings Hafnamálaskrifstofu og samgönguráðuneytis á þessu atriði.

Ekki verður fallist á þá skoðun lögmanns landeiganda, að matsbeiðnin sé byggð á ólögmætum sjónarmiðum. Þar sem matsbeiðandi hyggst takmarka eignarnámið við það land, sem þarf til byggingar varnargarðs, ætti það ekki óhjákvæmilega að verða til þess, að landeigandi verði fyrir auknum eða áframhaldandi óþægindum, eins og lögmaður hans heldur fram.

Ekki er fallist á þá skoðun lögmanns landeiganda, að 8. gr. l. nr. 69/1984 komi í veg fyrir, að beiðni um skipun matsmanna verði tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að hafna þeirri kröfu lögmanns landeiganda, Gests Jónssonar, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna verði hafnað. Málskostnaður fellur niður.

Úrskurðarorð:

Beiðni hafnarsjóðs Hafnar um, að dómkvaddir verði matsmenn á grundvelli 21. gr. hafnalaga nr. 69/1984, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1991.

Nr. 437/1991. **Ragnar Svafarsson**

gegn

Elísabetu Beck Svafarsdóttur.

Kærumál. Gagnaöflun í skiptamáli. Dómarar. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. október sl. með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 17. október 1991 verði felldur úr gildi. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Frá öðrum aðilum að búskiptunum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Skiptaráðandi í málinu, Gréta Baldursdóttir, settur borgarfógeti, hefur gert grein fyrir forsendum hins kærða úrskurðar, í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 238. gr. sömu laga.

Hinn kærði úrskurður var án forsendna og hljóðar svo:

„Skiptaráðandi fellst á þá kröfu að gefa Tómasi Gunnarssyni hrl. heimild til að kanna bankaviðskipti Sigurðar Svafars Steindórssonar, kt. 080215-4799, síðustu sex árin."

I.

Faðir málsaðila, Sigurður Svafar Steindórsson, f. 8. febrúar 1915, til heimilis að Torfufelli 32 í Reykjavík, andaðist hinn 15. ágúst 1991. Við andlátið sat hann í óskiptu búi eftir síðari eiginkonu sína, móður sóknaraðila, samkvæmt leyfi frá 24. janúar 1984. Erfingjar Sigurðar Svafars eru fjögur uppkomin börn hans.

Með bréfi, sem barst skiptaráðanda 2. september sl., fór varnaraðili þess á leit, að dánarbú föður síns yrði tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur. Haldið var þing í dómsal réttarins 17. október sl. til að byrja uppskrift á búinu. Voru þar taldar fram

eignir þess, þ.e. fasteignin Torfufell 32, bifreið, innbú og innstæður í Búnaðarbanka Íslands. Fært var og til bókar, að ekki væri kunnugt um neinar skuldir. Málsaðilar voru bæði viðstödd þetta þinghald, og var Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður mættur ásamt varnaraðila, en Kristín Norðfjörð héraðsdómslögmaður með sóknaraðila.

Í þinghaldinu fór lögmaður varnaraðila þess á leit fyrir hennar hönd, að skiptaráðandi kannaði bankaviðskipti hins látna síðustu sex árin, en lögmaður sóknaraðila andmælti þeirri ráðstöfun. Kvað skiptaráðandi þá upp hinn kærða úrskurð.

II.

Um forsendur að hinum kærða úrskurði segir svo í athugasemdum skiptaráðanda:

„Í þinghaldi þessu fór Tómas Gunnarsson hrl. þess á leit, að skiptaráðandi kannaði bankaviðskipti hins látna síðustu sex árin. Án þess að það væri sérstaklega bókað, kvaðst skiptaráðandi ekki telja efni standa til að verða við þessari beiðni. Fóru í kjölfarið fram umræður um þessa kröfu, sem voru ekki heldur bókaðar sérstaklega, og lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni, að ef Tómas Gunnarsson hrl. teldi sig þurfa á slíkum gögnum að halda, kæmi til greina að veita honum heimild skiptaráðanda til að óska sjálfur eftir gögnum um bankaviðskipti hins látna undanfarin sex ár hjá viðkomandi bankastofnunum. Þessu mótmælti Kristín Norðfjörð hdl. Tómas Gunnarsson hrl. krafðist úrskurðar réttarins um að hann fengi slíka heimild og Kristín Norðfjörð hdl. krafðist þess að þeirri kröfu yrði hafnað og lýstu báðir lögmennirnir viðhorfum sínum til þessa ágreiningsefnis áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, en aðrir erfingjar létu þetta ágreiningsefni ekki til sín taka.

Tómas Gunnarsson hrl. kvað gagnaöflun þessa nauðsynlega umbjóðanda sínum til stuðnings kröfugerð, sem hann hygðist setja fram við skipti á dánarbúinu. Kristín Norðfjörð hdl. kvaðst telja að engin lagastoð væri fyrir veitingu slíkrar heimildar sem auk þess væri skiptameðferð í dánarbúinu óviðkomandi.

Skiptaráðandi hefur við opinber skipti dánarbús aðgang að upplýsingum um fjármál látins manns. Um það má m.a. vísa til 19. gr. laga nr. 83/1984. Krafan um að skiptaráðandi kannaði bankaviðskipti Sigurðar Svafars Steindórssonar sl. sex ár var ekki rök-

studd með þeim hætti í umræddu þinghaldi, að skiptaráðandi teldi sér skylt að verða við henni. Hins vegar þykir ekki útilokað að könnun slíkra atriða geti skipt máli fyrir hagsmuni einhvers eða einhverra erfingja og getur það þá í engu skaðað hagsmuni búsins að skiptaráðandi veiti þeim heimild til að óska eftir gögnum í nafni dánarbúsins. Samkvæmt þessu er fallist á kröfugerð Tómasar Gunnarssonar hrl.“

III.

Sóknaraðili telur, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi fyrir þá sök, að lagaheimild skorti til að heimila einstökum erfingja eða lögmanni hans að kanna málefni á borð við bankaviðskipti hins látna, auk þess sem í því felist röskun á friðhelgi og persónulegum hagsmunum. Jafnframt hafi skiptaráðandi látið í ljós í fyrrgreindu þinghaldi, að ekki væri slík nauðsyn á hinni umræddu könnun, að ástæða væri fyrir hann sjálfan að hlutast til um hana. Verði og ekki séð, að könnunin geti skipt máli fyrir búið eða aðra erfingja en varnaraðila.

Kröfu sína um staðfestingu úrskurðarins byggir varnaraðili á því, að skiptaráðanda sé rétt og skylt að afla sem bestra heimilda um eignir og skuldir dánarbús. Varnaraðili sé meðal erfingja og eigi rétt til upplýsinga um mögulega eign sína og skuldir í búinu. Hafi skiptaréttur ekki heimild til að meina henni að kanna bankaviðskipti hins látna í þessu skyni eða fela lögmanni sínum að vinna að könnun þeirra.

IV.

Í lögum nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum, félagsbúum o.fl. er á því byggt, að skiptaráðandi hafi forræði á dánarbúi, sem tekið er til opinberra skipta. Beri honum að framkvæma öll þau störf, er lúta að meðferð búsins, eins og segir í 30. gr. laganna. Samkvæmt 32. gr. laganna er skiptaráðanda heimilt að neyta aðstoðar annarra við þau störf í þágu búsins, sem hann er ekki að lögum skyldur til að gegna, svo sem við rannsókn á bókum og skjölum og annað, sem þar er getið.

Skiptaráðandi þarf að uppfylla sömu kröfur um hlutleysi og sjálfstæði og dómarar almennt. Þeir, sem hann fær sér til aðstoðar með heimild í 32. gr. skiptalaga, verða að uppfylla sömu kröfur, eftir

því sem aðstæður krefjast, svo að málsmeðferðin sé sanngjörn. Þar af leiðir, að lögmaður erfingja getur ekki gegn mótmælum annarra erfingja verið dómara til aðstoðar eftir fyrrgreindu lagaákvæði. Um annan lagagrundvöll til að veita lögmanni varnaraðila hina umdeildu heimild er ekki að ræða. Beinn réttur hans til að krefja lánastofnanir um upplýsingar fyrir umbjóðanda sinn án umboðs frá skiptaráðanda er ekki til úrskurðar í þessu kærumáli.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1991.

Nr. 81/1989. **Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1989 og gerir þær dómkröfur, að við opinber skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. verði viðurkennd sem forgangskrafa, en til vara sem almenn krafa, skaðabótakrafa að fjárhæð 1.949.415 krónur ásamt vöxtum frá 22. nóvember 1985 til greiðsludags, eins og nánar var gerð grein fyrir við munnlegan flutning málsins. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara, að sök verði skipt, bótakrafa áfrýjanda lækkuð, málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður og bótakröfu áfrýjanda skipað í flokk almennra krafna í þrotabú stefnda.

Kröfugerð áfrýjanda í málinu er á því reist, að slysið, sem málið fjallar um, hafi orðið með þeim atvikum, að varðað hafi eigendur Verslunarinnar Víðis sf. fébótaábyrgð að lögum. Í hinum áfrýjaða úrskurði eru raktar málsástæður áfrýjanda og rök fyrir fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Í forsendum úrskurðarins er aftur á móti ekkert fjallað um lagaskilyrði fyrir bótaábyrgð á slysinu á grundvelli þeirra upplýsinga, sem í málinu nýtur um atvik að því, og með hliðsjón af málsástæðum áfrýjanda og rökum, sbr. j-lið 1. mgr. 193. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981. Er þetta svo verulegur galli á málsmeðferð, að eigi verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 12. desember 1988 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð frá og með 12. desember 1988 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 28. desember 1988.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. desember 1988.

Sóknaraðili, Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir, Skipasundi 85, Reykjavík, gerir þær kröfur, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, verði viðurkennd sem forgangskrafa krafa sín, að fjárhæð 1.949.415,00 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað].

Varnaraðili, þrotabú Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, gerir þá aðalkröfu, að hann verði „sýknaður" af öllum kröfum sóknaraðila og sér „tildæmdur" málskostnaður úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaður hæstu lögleyfða dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Til vara krefst varnaraðili þess, að kröfur sóknaraðila verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður, jafnframt því sem synjað verði um viðurkenningu forgangsréttar skaðabótakröfu sóknaraðila við skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 22. apríl 1988, var bú Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs voru bú eigenda félagsins, Eiríks Sigurðssonar, Rytuhólum 2, Reykjavík, Matthíasar Sigurðssonar, Rytuhólum 11, Reykjavík, og Vigdísar Eiríksdóttur, Austurgerði 9, Reykjavík, einnig tekin til gjaldþrotaskipta. Innkallanir til skuldheimtumanna þessara búa birtust fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 25. maí 1988.

Sóknaraðili lýsti í öll þessi þrotabú kröfu þeirri, sem er til úrlausnar í máli þessu. Vegna ágreinings við bústjóra þrotabúanna um kröfuna var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um hana milli sóknaraðila og þrotabús Verslunarinnar Víðis sf., en jafnframt bókað undir rekstri þess, að niðurstaða í því skyldi vera bindandi fyrir þrotabú eigenda félagsins.

Af hálfu sóknaraðila er kröfum hennar lýst svo, að um sé að ræða skaða-

bótakröfur vegna tjóns hennar af völdum slyss, er hún hafi orðið fyrir, þegar hún var að versla í Versluninni Víði að Austurstræti 17 í Reykjavík 22. nóvember 1985, og hafi hún slasast verulega, einkum á hægri hendi...

— — —

Niðurstaða.

Sóknaraðili hefur gefið munnlega skýrslu hér fyrir rétti svo og nokkur vitni. Samkvæmt frásögn sóknaraðila og vitnisins Ágústu Hólm Jónsdóttur, sem starfaði í Versluninni Víði á umræddum tíma, voru atvik að slysinu með þeim hætti, að sóknaraðili hafði verið að versla í versluninni og hafði lokið innkaupum sínum. Í stað þess að fara þá út úr versluninni aftur hélt hún með innkaupapoka sína aftur inn eftir versluninni og ætlaði að fá að fara um bakdyr inn í vinnustað sinn, sem var í sama húsi. Er hún var komin inn að kjötborði innarlega í versluninni og hugðist fara þar inn fyrir, hrasaði hún af einhverri ástæðu með þeim afleiðingum, sem greinir í málinu. Vitnið Ágústa Hólm Jónsdóttir hjálpaði sóknaraðila síðan inn á vinnustað hennar, og þaðan var hún síðan flutt í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans.

Í máli þessu hefur sóknaraðili reist kröfur sínar á því, að hún hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í versluninni, þegar hún var þar að versla. Samkvæmt skýrslu sóknaraðila fyrir réttinum er þessi kröfugerð ekki rétt, þar sem sóknaraðili hafði lokið innkaupum sínum í versluninni og var á leið til vinnustaðar síns í sama húsi, er slysið varð. Hafði sóknaraðili því við lok innkaupanna ákveðið að fá að nýta möguleika til að komast til vinnustaðar síns með því að fá að fara um tiltekinn hluta af starfsstöð verslunarinnar, sem annars var ekki ætlaður viðskiptamönnum verslunarinnar. Eins og kröfulýsing sóknaraðila í búið er fram sett og málsreifun öll af hennar hálfu, þykir ekki fært að reisa úrlausn í máli þessu á öðrum grunni en lagður var með kröfulýsingunni. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eru ekki efni til að taka kröfur sóknaraðila í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir mega láta hvorn aðila bera sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1991.

Nr. 354/1989. **Hreppsnefnd Skorradalshrepps**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Margréti Þ. Johnson,
Sofíu L. Thors Wendler,
Ragnheiði Hafstein og
Katrínu Kristjönu Thors
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Verkamannafélaginu Dagsbrún
(Atli Gíslason hrl.).

Forkaupsréttur. Jarðalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1989 og gerir svofelldar dómkröfur:

„Að kaupsamningur, dagsettur 12. júlí 1988, og afsal, dags. 11. apríl 1989, þar sem stefndu, Margrét, Soffía, Ragnheiður og Katrín, selja og afsala stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún „sumarhúsi í landi Hvamms í Skorradalshreppi ásamt eignarlandi, sem er 17,5 ha. að stærð skv. vottorði Landmælinga Íslands, dags. 7. þ.m., svo og öllu, sem fylgir og fylgja ber," verði dæmd ógild og að stefndu, Margréti, Soffíu, Ragnheiði og Katrínu, verði dæmt skylt að afsala áfrýjanda greindri fasteign fyrir kr. 11.400.000,- með þeim greiðsluskilmálum sem greinir í kaupsamningnum frá 12. júlí 1988. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ in solidum úr hendi allra stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar í héraði verði bætt við málflutningsþóknun, 12% sérstökum söluskatti, en 24,5% virðisaukaskatti við málflutningsþóknun í Hæstarétti. Málskostnaður að viðbættum skatti verði dæmdur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags."

Stefndu, Margrét Þ. Johnson, Sofía L. Thors Wendel, Ragn-

heiður Hafstein og Katrín Kristjana Thors, gera eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða umbj. m. málskostnað allan fyrir Hæstarétti að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti. Þá er þess krafist, að málskostnaður fyrir Hæstarétti beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu að telja til greiðsludags.

Til vara gera umbj. m. þær dómkröfur, að fái áfrýjandi aðalkröfu sinni um afsal framgengt, verði umbj. m. dæmt skylt að gefa út afsal fyrir hinni umstefndu fasteign, sumarhúsi í landi Hvamms ásamt tilheyrandi landi, til áfrýjanda gegn greiðslu á kr. 11.400.000,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 7.400.000,- frá 12. júlí 1988 til 10. október 1988, en af kr. 8.750.000,- frá þ.d. til 10. janúar 1989, en af kr. 10.100.000,- frá þ.d. til 10. apríl 1989, en af kr. 11.400.000,- frá þ.d. til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti eftir gjalddaga hennar, þ.e. í fyrsta sinn 12. júlí 1989, 10. október 1989, 10. janúar 1990 og 10. apríl 1990. Jafnframt er krafist málskostnaðar alls í héraði og fyrir Hæstarétti skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti. Málskostnaður fyrir Hæstarétti beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Að lokum er þess krafist undir varakröfunni, að umbj. m. verði veitt dómsviðurkenning á því gagnvart áfrýjanda, að honum beri að greiða skatta og skyldur af hinni seldu eign frá afhendingardegi 12. júlí 1988."

Stefnda, Verkamannafélagið Dagsbrún, gerir svohljóðandi dómkröfur:

„Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða umbjóðanda mínum málskostnað fyrir Hæstarétti með 24,5% virðisaukaskatti. Þá er þess krafist, að málskostnaður fyrir Hæstarétti beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara, verði fallist á efniskröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eru gerðar þessar kröfur:

1. Að áfrýjandi greiði umbjóðanda mínum, Verkamannafélaginu

Dagsbrún, eftirtaldar fjárhæðir, samtals 11.400.000 kr., auk dráttarvaxta og málskostnaðar sem hér greinir:

a) 7.400.000 kr. með 52,8% ársvöxtum frá 12/7 1988 til 1/8 1988, en frá þeim degi með 56,4% ársvöxtum til 1/9 1988, en f.þ.d. með 49,2% ársvöxtum til 1/10 1988, en f.þ.d. með 33,6% ársvöxtum til 1/11 1988, en f.þ.d. með 27,6% ársvöxtum til 1/12 1988, en f.þ.d. með 24% ársvöxtum til 6/12 1988, en f.þ.d. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga 25/1987 til greiðsludags.

b) 1.350.000 kr. með 33,6% ársvöxtum frá 10/10 1988 til 1/11 1988, en f.þ.d. með 27,6% ársvöxtum til 1/12 1988, en f.þ.d. með 24% ársvöxtum til 6/12 1988, en f.þ.d. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 til greiðsludags.

c) 1.350.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10/1 1989 til greiðsludags.

d) 1.300.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10/4 1989 til greiðsludags.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með því, að dráttarvextir leggist í öllum ofangreindum kröfuliðum við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti þannig:

Í staflið a) í fyrsta sinn þann 12/7 1989.

Í staflið b) í fyrsta sinn þann 10/10 1989.

Í staflið c) í fyrsta sinn þann 10/1 1990.

Í staflið d) í fyrsta sinn þann 10/4 1990.

Loks er krafist staðfestingar á tildæmdum málskostnaði í héraði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar með 24,5% virðisaukaskatti og að málskostnaður fyrir Hæstarétti beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að áfrýjanda beri að greiða umbj. m. allan kostnað samkvæmt töluliðum 11 og 13 í kaupsamningi umbj. m. og meðstefndu dags. 12. júlí 1988, sem fallið hefur til eftir undirritunardag samningsins.“

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Á árinu 1944 eignaðist Haukur Thors, forstjóri í Reykjavík, jörðina Hvamm í Skorradal í Borgarfirði. Á því ári var girt 26 hektara

landspilda úr landi jarðarinnar til friðunar og skógræktar og byggður þar sumarbústaður. Síðar var þjóðvegur, sem nú liggur um Skorradal, lagður um land þetta og skipti því í tvær spildur, og voru þær báðar girtar. Sú spildan, sem er ofan vegar, er talin 8,5 hektarar, en spildan neðan vegar 17,5 hektarar. Nefndur sumarbústaður er á þeirri landspildu. Er það sú eign, er mál þetta fjallar um. Hún er sérskráð í fasteignabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu svo og hjá Fasteignamati ríkisins og metin sérstaklega. Jörðin var í leiguábúð til 1957, en var að undanskildum áðurnefndum landspildum leigð Skógrækt ríkisins með samningi 1958, sem endurnýjaður var 1964 og 1970. Hefur Skógrækt ríkisins síðan stundað skógrækt á þeim hluta jarðarinnar, sem hún hefur til umráða. Hinn 21. mars 1955 afhenti Haukur Thors og eiginkona hans, Sofía Thors, dætrum sínum, stefndu í málinu, jörðina sem fyrirframgreiðslu upp í arf.

Ágúst Árnason skógarvörður hefur í vottorði 8. nóvember 1991 greint svo frá, að samkvæmt gróðurkorti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1977 í mælikvarða 1:20.000 mælist heildarstærð lands jarðarinnar Hvamms 407 hektarar.

II.

Í 1. mgr. 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er kveðið svo á, að skylt sé að tilkynna sveitarstjórn og jarðanefnd fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign, sbr. 1. mgr. 3. gr., svo og að afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er rétt að synja samþykkis, telji sveitarstjórn og jarðanefnd fyrirhugaða ráðstöfun fasteignar andstæða hagsmunum sveitarfélagsins.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. nefndra laga, sbr. 3. gr. laga nr. 90/1984, þarf eigi að leita samþykkis vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum á landi, sem tekið hefur verið úr landbúnaðarnotum.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 90/1984, má ekki taka land, sem við gildistöku þeirra var nýtt til landbúnaðar, til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra að fullnægðum tilteknum skilyrðum.

Ljóst er samkvæmt því, er áður sagði, að umrædd 17,5 hektara landspilda hafði ekki verið nýtt til landbúnaðar í áratugi fyrir gildistöku jarðalaga, enda verður sú skógrækt, sem þar var stunduð, eigi

talin landbúnaður í hefðbundinni merkingu þess hugtaks. Af því leiðir samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, að ekki var skylt að lögum að afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til sölu á eigninni.

Áfrýjanda var boðinn forkaupsréttur að eigninni í samræmi við ákvæði 1. mgr. 32. gr. jarðalaga, svo sem rakið er í héraðsdómi. Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps 3. ágúst 1988 var m.a. eftirfarandi skráð í fundargerð:

„Með því að hreppsnefnd synjar ofangreindri ráðstöfun (sic), eru ekki efni til þess að hún taki afstöðu til forkaupsréttar skv. IV. kafla jarðalaga enda verður að telja að skilyrði forkaupsréttar sé að ráðstöfun hafi verið samþykkt."

Með úrskurði landbúnaðarráðuneytisins 26. september 1988 var synjun hreppsnefndar felld úr gildi svo og synjun jarðanefndar. Með símskeyti 3. október 1988 tilkynnti hreppsnefndin umboðsmönnum stefndu, að hún hefði ákveðið að neyta forkaupsréttar að hinni seldu eign.

Í 1. mgr. 32. gr. jarðalaga er svofellt ákvæði: „Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna, frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til kaupa."

Þegar áfrýjandi tilkynnti stefndu, að hann hygðist neyta forkaupsréttar, var liðið langt á þriðja mánuð, frá því að honum barst forkaupsréttartilboðið. Var þá fallinn niður réttur áfrýjanda til að kaupa eignina samkvæmt hinu afdráttarlausa ákvæði í 1. mgr. 32. gr. jarðalaganna.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Vextir af málskostnaði verða ekki teknir til greina.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Skorradalshrepps, greiði stefndu, Margréti Þ. Johnson, Sofíu L. Thors Wendler, Ragnheiði

Hafstein og Katrínu Kristjönu Thors, sameiginlega 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og stefnda Verkamannafélaginu Dagsbrún, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Þórs Vilhjálmssonar.

Í jarðalögum nr. 65/1976 er kafli um jarðanefndir, þar sem segir meðal annars, að fá skuli samþykki bæði jarðanefndar og sveitarstjórnar til sölu fasteigna. Rétt er að synja um samþykkið, ef sveitarstjórn og jarðanefnd telja, að ráðstöfunin sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins. Samþykkis þarf ekki að leita, ef selja á sumarbústaði á landi, sem tekið hefur verið úr landbúnaðarnotum, eins og segir í 3. mgr. 10. gr. jarðalaga. Með aðalreglu 6. gr. er sveitarstjórnum og jarðanefndum veitt sérstakt og sérstætt vald.

Í lögunum er einnig kafli um forkaupsrétt, og er sveitarstjórn þar veittur slíkur réttur, þó ekki án undantekninga. Þessi réttur var til staðar fyrir setningu jarðalaga.

Ef erindi berst, þar sem óskað er samþykkis á sölu samkvæmt framanskráðu, skal afgreiða það innan 30 daga. Ákvörðun má skjóta til landbúnaðarráðuneytis innan mánaðar, og er því skylt að kveða upp úrskurð innan fjögurra vikna, sbr. 17. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna, sbr. 32. gr. laganna.

Með bréfi lögmanns, sem þá starfaði fyrir stefndu, Margréti, Sofíu, Ragnheiði og Katrínu, var áfrýjanda boðinn forkaupsréttur að hinni umdeildu eign hinn 12. júlí 1988. Þá sagði í bréfinu: „Vilji hreppsnefndin ekki neyta forkaupsréttar, óskast kaupsamningurinn endursendur með áritun um það. Enn fremur er þá óskað eftir samþykki hennar til sölunnar, sbr. 6. gr.“ jarðalaga.

Áfrýjandi synjaði um samþykki til sölu, og hið sama gerði jarðanefnd. Á fundi áfrýjanda 3. ágúst 1988 var m.a. bókað: „Með því að hreppsnefnd synjar ofangreindri ráðstöfun, eru ekki efni til þess að hún taki afstöðu til forkaupsréttar skv. IV. kafla jarðalaga enda

verður að telja að skilyrði forkaupsréttar sé að ráðstöfun hafi verið samþykkt.“

Úr því þarf að skera, hvort skýra beri reglu 32. gr. jarðalaga um frest sveitarstjórnar til að neyta forkaupsréttar þannig, að sá frestur hefjist, þegar fyrir liggur úrskurður landbúnaðarráðuneytisins á grundvelli 17. gr. laganna. Í 32. gr. segir, eins og fyrr greinir: „Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð.“ Ef þetta ákvæði er skýrt eftir orðanna hljóðan, þarf sveitarstjórn, sem telur fyrirhugaða sölu andstæða hagsmunum sveitarfélags, að taka annan kost af tveimur: að synja um samþykki til sölunnar eða neyta forkaupsréttar. Í 8. gr. laganna segir að vísu, að seljandi geti gert kröfu til þess, að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi eignina, ef sveitarstjórn og/eða jarðanefnd neita að samþykkja sölu og ráðherra staðfestir þá ákvörðun. Verðið skal þá ákveða með samningi eða með mati. Þetta ákvæði 8. gr. leiðir ekki til þess, að aðilar verði eins settir og ef forkaupsréttar er neytt.

Ljóst er, að það er tilgangur jarðalaga að veita sveitarstjórn sterka aðstöðu til að hafa áhrif á byggðarþróun. Þeim tilgangi er betur þjónað, ef hún á þess kost að neyta forkaupsréttar, eftir að fyrir liggur afstaða landbúnaðarráðuneytisins til ágreinings vegna 6. gr. jarðalaga. Á móti kemur, að lenging frests í allt að 3 mánuði getur verið andstæð hagsmunum seljanda.

Úrslit máls þessa velta að okkar áliti á því, hvort frestreglur jarðalaga, sem fyrr er lýst, eru tengdar svo mikilvægum hagsmunum seljanda eignar, að ekki megi, eins og hér stendur á, koma fram því, sem lögin þó leggja megináherslu á, að áfrýjandi geti neytt forkaupsréttar. Þeir hagsmunir, sem tengdir eru frestreglunum, eru að vísu verulegir, en þó yrðu frestir eigi nema allt að 3 mánuðum. Við teljum, að skýra beri jarðalög sem heild og með tilliti til tilgangs þeirra. Að öllu þessu virtu álítum við, að taka beri kröfu áfrýjanda um forkaupsrétt til greina. Þar sem meiri hluti Hæstaréttar hafnar kröfum áfrýjanda, eru ekki efni til, að við tökum nánar afstöðu til þeirra.

Málflutningur lögmanna aðila svo og atkvæði meiri hluta dómara gefa tilefni til að taka fram það, er nú skal greina:

Það skiptir að okkar áliti engu um úrslit þessa máls, hvort skylt

var eða óþarft að leita samþykkis áfrýjanda til margnefndrar sölu 1988. Í málinu var samþykkis leitað með tilvísun til laga, og það erindi var afgreitt af stjórnvöldum á þeirri forsendu, að rétt væri að staðið. Í þessu máli er ekki sérstaklega krafist ógildingar á úrskurði landbúnaðarráðuneytis 26. september 1988, sem var seljendum í hag, og verður að byggja dóm í málinu á því, að eftir það hafi byrjað frestur til að taka boði um forkaupsrétt. Ekki verða úrslit málsins heldur látin ráðast af afstöðu til þess, hvort það fái staðist eftir stjórnarskrá lýðveldisins að veita sveitarstjórnum og jarðanefndum synjunarvald, eins og gert er í jarðalögum. Í málinu er aðeins deilt um upphaf frests til að neyta forkaupsréttar við tilteknar aðstæður, sem í þessu sambandi verða lagðar til grundvallar.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi þess 6. júlí sl., er höfðað hér fyrir réttinum með stefnu, út gefinni 23. nóvember sl., af hreppsnefnd Skorradalshrepps á hendur Margréti Þ. Johnson, kt. 281121-2359, Kjarrvegi 15, Reykjavík, Sofíu L.Thors Wendler, Finkenweg 8, Dietzenbach, Hexenberg, Þýskalandi, Ragnheiði Hafstein, kt. 230720-4879, Miðleiti 7, Reykjavík, Katrínu Kristjönu Thors, kt. 100329-4419, Reynimel 60, Reykjavík, og Verkamanafélaginu Dagsbrún, kt. 500169-4949, Lindargötu 9, Reykjavík.

Dómkröfur aðila:

Dómkröfur stefnanda eru, að kaupsamningur, dags. 12. júlí 1988, þar sem stefndu, Margrét, Sofía, Ragnheiður og Katrín, selja stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, ,,sumarhús í landi Hvamms í Skorradalshreppi ásamt eignarlandi, sem er 17,5 ha. að stærð skv. vottorði Landmælinga Íslands, dags. 7. þ.m. (les: þess mánaðar), svo og öllu, sem fylgir og fylgja ber", verði dæmdur ógildur og að stefndu, Margréti, Sofíu, Ragnheiði og Katrínu, verði dæmt skylt að afsala stefnanda ofangreindri fasteign fyrir 11.400.000,00 kr. með þeim greiðsluskilmálum, er greinir í kaupsamningnum frá 12. júlí 1988. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi allra stefndu in solidum auk dráttarvaxta af málskostnaði skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu, Margrétar, Sofíu, Ragnheiðar og Katrínar, eru, að þær verði sýknaðar af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða allan málskostnað þeirra, þ.m.t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ eða framlögðum reikningi.

Varakrafa framangreindra stefndu er, að fái stefnandi aðalkröfu sinni um afsal framgengt, verði þeim dæmt skylt að gefa út afsal fyrir Hvammi (les umstefndri fasteign) gegn greiðslu á 11.400.000,00 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 7.400.000,00 kr. frá 12. júlí 1988 til 10. október 1988, af 8.750.000,00 kr. frá þeim degi til 10. janúar 1989, af 10.100.000,00 kr. frá þeim degi til 10. apríl 1989, en af 11.400.000,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast framangreindar stefndu dómsviðurkenningar á því, að stefnanda beri að greiða skatta og skyldur af hinni seldu eign frá afhendingardegi, 12. júlí 1988. Loks krefjast framangreindar stefndu málskostnaðar v/varakrafna með sama hætti og v/aðalkröfu.

Dómkröfur stefnda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eru, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða því málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í samræmi við málskostnaðarreikning, er lagður var fram við aðalflutning málsins, og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Við flutning málsins lagði stefnda, Verkamannafélagið Dagsbrún, fram varakröfu þess efnis:

1. Að yrði forkaupsréttur stefnanda viðurkenndur, krefðist það greiðslu stefnanda til þess á samtals 11.400.000,00 kr. með dráttarvöxtum þannig: [...].

Loks væri krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og að málskostnaður bæri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

2. Að viðurkennt yrði með dómi, að stefnanda bæri að greiða sér allan kostnað samkvæmt töluliðum 11 og 13 í kaupsamningi sínum og meðstefndu, dags. 12. júlí 1988, sem fallið hefði til eftir undirritunardag samningsins.

Enn fremur væri áskilinn réttur til að krefja stefnanda um allan viðhaldskostnað, endurbætur og annan útlagðan kostnað stefnda vegna hinnar umþrættu eignar, er fallið hefði til eftir afhendingardag hennar, og til að höfða sjálfstætt mál til innheimtu þeirrar kröfu.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dags. 12. júlí 1988, seldu stefndu, Margrét, Sofía, Ragnheiður og Katrín, hér eftir nefndar stefndu, eigendur Hvamms, stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, hér eftir nefnt stefnda, Dagsbrún, sumarhús og 17,5 ha. spildu úr landi jarðarinnar Hvamms í Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Tilkynnt var um söluna til hreppsnefndar Skorradalshrepps og jarðanefndar Borgarfjarðarsýslu með bréfum, dags.

12. júní (les: júlí), og óskað eftir samþykki þeirra til sölunnar jafnframt því, sem hreppsnefndinni var boðinn forkaupsréttur að eigninni, allt í samræmi við gildandi ákvæði jarðalaga nr. 65/1976.

Stefnandi synjaði um samþykki til þeirrar ráðstöfunar eignarinnar, er fólst í kaupsamningnum, með vísan til 2. mgr. 6. gr. jarðalaga á fundi sínum 3. ágúst og tilkynnti Axel Kristjánssyni hrl., þáverandi umboðsmanni stefndu, eigenda Hvamms, og stefnda, Dagsbrúnar, um þá afstöðu í bréfum, dags. s.d.

Í endurriti úr fundargerð stefnanda, er fylgdi bréfinu (sic), kom fram, að stefnanda þættu vegna synjunarinnar ekki efni til að taka afstöðu til forkaupsréttartilboðsins, en eigendunum væri boðið upp á viðræður um ráðstöfun jarðarinnar.

Jarðanefnd synjaði einnig samþykkis til ráðstöfunar skv. kaupsamningnum með vísan til þess, að nefndin teldi hana óæskilega, á fundi 8. ágúst og tilkynnti það Axel Kristjánssyni hrl. í bréfi, dags. s.d.

Stefndu kærðu sameiginlega ákvarðanir stefnanda og jarðanefndar með bréfi, dags. 26. ágúst, til landbúnaðarráðherra með heimild í 17. gr. jarðalaga, en sendu allt að einu kaupsamninginn til þinglýsingar með bréfi, dags. 25. ágúst.

Stefnandi mótmælti þinglýsingu samningsins með bréfi, dags. 5. september.

Vegna þess að við afgreiðslu málsins hjá stefnanda og jarðanefnd kom fram, að hagsmunir Skógræktar ríkisins hefðu átt þátt í að móta afstöðu þessara aðila, sendi lögmaður stefnda, Dagsbrúnar, í bréfi, dags. 7. september, skógræktarstjóra fyrirspurn um afstöðu skógræktarinnar til málsins. Í svarbréfi skógræktarstjóra, dags. 15. september, kom fram, að kaupin snertu skógræktina einkum með þeim hætti, að unnið væri að því sameiginlega af fulltrúa landeigenda og fulltrúa hennar að kanna verðgrundvöll vegna hugsanlegra kaupa skógræktarinnar á því landi, er hún hefði sem stæði og fram til ársins 1999 á leigu úr landi jarðarinnar Hvamms. Yrði verð það, er gjalda ætti við hinni umþrættu spildu, lagt til grundvallar í þeim viðskiptum, þýddi það, að það yrði skógræktinni ofviða að eignast leigulandið.

Synjað var um þinglýsingu kaupsamningsins með úrskurði þinglýsingardóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 12. september, með vísan til 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. jarðalaga.

Stefnda Dagsbrún kærði þá synjun til Hæstaréttar í bréfi, dags. 14. september, með heimild í 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Landbúnaðarráðherra felldi með úrskurði, dags. 26. september, ákvarðanir stefnanda og jarðanefndar úr gildi með þeim ummælum, að mat ráðuneytisins væri, að ráðstöfun eignarinnar væri ekki andstæð hagsmunum sveitarfélagsins.

Að uppkveðnum úrskurði landbúnaðarráðherra ákvað hreppsnefndin á fundi 2. október að neyta forkaupsréttar að eigninni, er hún taldi, að hefði orðið virkur við úrskurðinn, og tilkynnti það stefnda, Dagsbrún, og Axel Kristjánssyni hrl. f. h. stefndu, eigenda Hvamms, með símskeytum, dags. 3. október.

Í framhaldi af úrskurði ráðuneytisins féll stefnda, Dagsbrún, í bréfi til Hæstaréttar Íslands, dags. 4. október, frá kæru sinni til Hæstaréttar á úrskurði þinglýsingardóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um synjun á þinglýsingu samningsins.

Í símtali 4. október ákváðu aðilar málsins að halda fund til að freista þess að ná sáttum um kaupin, og var samkomulag milli aðila, að ekki skyldi aðhafst í málinu þar til að afloknum þeim fundi. Fundurinn var haldinn 18. október, án þess að sættir yrðu.

Í framhaldi af símskeytunum 3. október bauð stefnandi í bréfi til Axels Kristjánssonar hrl. f. h. stefndu, eigenda Hvamms, dags. 19. s.m., fram greiðslu á tveimur fyrstu afborgunum skv. kaupsamningnum frá 12. júlí. Lögmaðurinn neitaði að taka við framboðinni greiðslu stefnanda, þar sem hann hefði ekki til þess umboð, og ítrekaði stefnandi því greiðsluframboð sitt við stefndu, eigendur Hvamms, sjálfar í bréfi, dags. 25. október. Þær stefndu töldu sér ekki fært að taka við hinni framboðnu greiðslu, þar sem enn væri óútkljáð deilan um forkaupsrétt stefnanda, og tilkynntu það í bréfi, dags. s. d.

Stefnda, Dagsbrún, vildi ekki una því, að stefnandi gæti, svo að gilt væri, fyrst að uppkveðnum úrskurði landbúnaðarráðherra tekið afstöðu til forkaupsréttartilboðsins frá 12. júlí. Taldi það hann hafa glatað forkaupsrétti sínum, þar sem frestur sá, er honum væri fenginn í jarðalögum, væri útrunninn. Um þetta tilkynnti stefnda, Dagsbrún, stefnanda í bréfi, dags. 19. október. Sendi það við svo búið samninginn til þinglýsingar að nýju með bréfi, dags. 31. október.

Stefnandi mótmælti þinglýsingu samningsins með bréfi, dags. 23. nóvember, og upplýsti, að hann hygðist fá skorið úr forkaupsréttarþrætunni fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, áður en langt um liði.

Þegar ljóst var, að stefnandi hefði í hyggju að höfða almennt einkamál til ógildingar samningsins, afturkallaði stefnda, Dagsbrún, beiðni sína um þinglýsingu samningsins í símtali við þinglýsingarfulltrúa sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. desember.

Lagarök aðila fyrir dómkröfum.

Lagarök stefnanda eru þau, að jarðalög geri ráð fyrir tvenns konar aðild sveitarstjórnar að samningum um sölu fasteignaréttinda, annars vegar með þeim hætti, að samþykki hennar þurfi til, að ráðstöfun sé heimil, sbr. 6.-9.

gr. laganna, hins vegar, að hún njóti forkaupsréttar að réttindunum, sbr. IV. kafla laganna. Telur stefnandi, að skilja beri tilvitnuð ákvæði þannig, að því aðeins reyni á forkaupsréttarákvæðin, að fyrir liggi samþykki til ráðstöfunar. Synji sveitarstjórn um samþykki til ráðstöfunar, eigi eigandi þess kost, sbr. 8. gr. laganna, að losna við eign þá, er hann vill láta af hendi, með því að krefjast þess, að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi. Sveitarstjórn hljóti jafnan að geta synjað um ráðstöfun, án þess að svo verði litið á, að hún hafi glatað forkaupsrétti sínum, fari svo, að synjunin sæti kæru til ráðherra og hann felli synjun úr gildi. Synjun sveitarstjórnar sé ákvörðun, er hún beri fulla ábyrgð á, og fyrir rétti eigandans sé séð með ákvæði 8. gr. Nægilegt sé, þegar þannig standi á, að forkaupsréttarins sé neytt, eftir að úrskurður liggur fyrir.

Eigandi verði ekki bundinn af kaupsamningi, fyrr en samþykki liggi fyrir, og fyrr verði forkaupsréttur ekki virkur.

Lagarök stefndu, eigenda Hvamms, eru þau, að vegna þess að stefnandi hafi vanrækt að taka afstöðu til forkaupsréttartilboðs, sem hafi fullnægt skilyrðum 32. gr. jarðalaga, innan þess frests, er lögin tilgreina, hafi forkaupsréttur hans fallið niður.

Stefnandi hafi átt þriggja kosta völ: að ganga inn í samning aðila, sbr. 32. gr. laganna, að óska mats skv. 34. gr. og taka afstöðu til forkaupsréttar á grundvelli þess eða að synja um samþykki, ef gilt kynni að reynast, og láta þá ráðast, hvort seljendur neyttu heimildar 8. gr. Forkaupsréttarákvæði jarðalaga séu undantekningarreglur, sem sæta verði þröngri skýringu á þann veg, að ef um undantekningu frá þeim eigi að geta verið að ræða, þurfi hún að eiga skýra lagastoð. Þá lagastoð sé ekki að finna. Þegar stefnandi valdi þá leið að synja um samþykki á ráðstöfun skv. kaupsamningnum, hafi hann afsalað sér rétti til að ganga inn í kaupin. Jarðalögin gefi honum ekki kost á að gera hvort tveggja, að reyna fyrst að banna söluna, en ganga inn í kaupin, ef bannið reyndist ólöglegt. Í framhaldi þar af hafna stefndu því, að forkaupsrétturinn hafi orðið óvirkur, meðan málið var til afgreiðslu í landbúnaðarráðuneytinu.

Þá styðja stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að jafnvel þótt stefnandi teldist eiga forkaupsrétt skv. jarðalögum, séu það ekki rök til, að dæma megi kaupsamninginn ógildan. Um sé að ræða skilyrtan kaupsamning, er hafi réttaráhrif án tillits til þess, hvort skilyrði forkaupsréttar séu fyrir hendi. Séu þau það og sé forkaupsréttar neytt, komi skilyrðið fram og valdi því, að samningurinn verði óskuldbindandi fyrir aðilana. Sé samningurinn allt að einu ógildanlegur, stofni hann ekki til neins réttar fyrir stefnanda, enda sé forkaupsréttur skv. jarðalögum háður því, að á hafi komist bindandi samningur.

Stefndu halda því fram, að stjórnvald geti ekki unnið rétt með töku ólög-

mætra ákvarðana, og gildi það ekki aðeins á sviði stjórnarfarsréttar, heldur og samningsréttar á einkaréttarsviði.

Stefndu halda fram, að ekki sé verið að taka hið selda land úr landbúnaðarnotum, þar sem það hafi það ekki verið í tæplega hálfa öld. Þá sé ekki verið að skipta landi jarðarinnar með sölu spildunnar, þar sem hún sé sjálfstæð fasteign skv. lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, lögum nr. 64/1976, ábúðarlögum, og lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Þá minna stefndu á, að forkaupsrétti skv. jarðalögum verði ekki beitt nema í samræmi við tilgang þeirra, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að það hafi vakað fyrir honum.

Loks byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi staðið ranglega að framkvæmd ákvörðunar sinnar um að ganga inn í kaupsamning aðila, þar sem hann hafi ekki boðið fram greiðslu skv. honum á fullnægjandi hátt.

Varakröfu sína styðja stefndu, eigendur Hvamms, þeim rökum, að þær eigi að vera eins vel settar fjárhagslega, hvort sem stefnandi fái kröfum sínum framgengt eða ekki.

Málskostnaðarkrafa stefndu er studd þeim rökum, að undirrót málarekstrar þessa sé hin ólögmæta ákvörðun stefnanda, og því beri honum að halda þeim skaðlausum af honum.

Lagarök stefnda, Dagsbrúnar, fyrir sýknukröfu eru í flestum atriðum svipuð eða hin sömu og rök stefndu, eigenda Hvamms, þó að undanskildum rökum fyrir varakröfu og málskostnaðarkröfu, en að viðbættum þeim, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að synjun á samþykki hafi verið andstæð tilgangi jarðalaga og beinum ákvæðum 3. mgr. 10. gr. þeirra og salan gengi ekki gegn hagsmunum sveitarfélagsins.

Þá telur stefnda, að synjun stefnanda á samþykki og forkaupsréttarkrafa hans brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Afskipti stefnanda af máli þessu falli engan veginn að lögskipuðu hlutverki þess (sic), og loks sé jafnréttisregla stjórnarfarsréttar brotin á stefnda, þar sem það sitji ekki við sama borð og aðrir kaupendur eða leigutakar jarða eða landspildna í hreppnum. Séu því meinuð afnot af landi í Skorradalshreppi undir sumarbústaði, en einkaaðilar hafi fengið afnot af landi í sama tilgangi. Með ákvæði 12. gr. jarðalaga sé þvert á móti stefnt að því að auðvelda stéttarfélögum eins og stefnda kaup á landi til rekstrar orlofshúsa.

Þá telur stefnda, að kröfugerð stefnanda um að fá að ganga inn í samning, sem jafnframt sé krafist ógildingardóms á, sé markleysa.

Að öðru leyti vísar stefnda, Dagsbrún, til rökstuðnings fyrir kröfum stefndu, eigenda Hvamms, er það gerir að sínum, framlagðra gagna í mál-

inu, þinglýsingalaga nr. 39/1978, laga um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, ábúðarlaga nr. 64/1976, landskiptalaga nr. 46/1941 og laga um landamerki nr. 41/1919, að því er varðar málskostnaðarkröfu, til XII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, og til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Að lokum er vísað til meginreglna stjórnskipunarréttar, stjórnarfarsréttar, eignarréttar, samningaréttar og kröfuréttar.

Varakrafa stefnda, Dagsbrúnar, er án sérstaks rökstuðnings nema að því leyti, sem það vísar til framlagðra gagna í málinu og gerir rökstuðning fyrir kröfum stefndu, eigenda Hvamms, að sínum.

Niðurstöður.

Í máli þessu er skv. framansögðu óumdeilt, að stefnandi átti forkaupsrétt að eigninni „sumarhús í landi Hvamms í Skorradalshreppi ásamt eignarlandi, sem er 17,5 ha. að stærð", þegar eigendur hennar ákváðu að selja hana sl. sumar. Deilt er um það, hvort stefnandi eigi enn þann rétt, þ.e., hvort honum hafi verið rétt að lögum að synja um samþykki til sölu eignarinnar án þess að taka um leið afstöðu til þess, hvort hann neytti forkaupsréttar að eigninni, kæmi það fram, að synjunin, eftir málskot til æðra stjórnvalds, er lögin gera ráð fyrir, reyndist ólögmæt og salan heimil.

Með ákvæðum jarðalaga er sveitarstjórn fenginn íhlutunarréttur við aðilaskipti að eignarréttindum yfir fasteignum í viðkomandi sveitarfélagi. Með 1. mgr. 6. gr. er svo boðið, að tilkynna skuli sveitarstjórn og jarðanefnd fyrirhuguð aðilaskipti að fasteignum með þeim hætti, er gr. tiltekur, og jafnframt, að afla þurfi samþykkis þeirra til aðilaskiptanna. Boð þetta ásamt 2. mgr. sömu gr. um, að telji sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélags, sé þeim rétt að synja um áformaða ráðstöfun, er í samræmi við tilgang jarðalaga, eins og honum er lýst í 1. gr. laganna. Svo er einnig um 1. mgr. 30. gr., en þar er viðkomandi sveitarstjórn fenginn forkaupsréttur að fasteignaréttindum, er jarðalögin taka til.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til jarðalaga kemur fram, að með lögunum sé ætlun löggjafans að fá byggðarlögum meira áhrifavald um ráðstafanir, er raskað geti búsetuaðstöðu fólks á dreifbýlissvæðum og valdið óeðlilegri verðhækkun lands þar. Á síðari tímum hafi eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi og valdið því, að bændum reynist æ erfiðara að kaupa jarðir, og hið sama eigi við um sveitarfélög. Afleiðingin hafi orðið sú, að búseta hafi lagst niður á mörgum vildisbújörðum.

Beiting framangreindra íhlutunarheimilda er skv. ákvæðum jarðalaga háð tilteknum skilyrðum. Þannig segir orðrétt í tilv. 2. mgr. 6. gr. laganna,

að sveitarstjórn og jarðanefnd sé rétt að synja um áformaða ráðstöfun, telji þær, að hún sé „andstæð hagsmunum sveitarfélagsins".

Annað skilyrði er, að sveitarstjórn, hyggist hún neyta forkaupsréttar skv. 30. gr., svo að gilt sé, svari forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna, frá því er henni barst tilboð, sbr. 4. ml. 1. mgr. 32. gr. laganna.

Stefnandi tilgreindi á sínum tíma sem rök fyrir synjun á að samþykkja ráðstöfun skv. hinum umstefnda kaupsamningi, að hann áliti ráðstöfunina ganga gegn hagsmunum Skorradalshrepps. Líta verður svo á, að með því hafi hann talið sig vera að framfylgja einmitt tilvitnuðum tilgangi jarðalaganna, því að ekki verður ráðið af lögunum né lögskýringargögnum, að löggjafinn hafi með þeim ætlað að vernda aðra hagsmuni sveitarfélags en þá, er greinir í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til þeirra og áður voru raktir.

Hins vegar þykir ekki hjá því komist að hafa í huga, að þetta hagsmunamat stefnanda sætti endurskoðun og var úrskurðað ógilt af æðra stjórnvaldi, er hefur yfirboðunarvald gagnvart stefnanda sem stjórnvaldi og að því er varðar málefni jarðalaga og ákvarðanir stefnanda um þau, skv. sérstakri settri lagaheimild í 17. gr. jarðalaga.

Með tilliti til þess, að ákvæði jarðalaga, þau er að framan eru rakin, um íhlutunarrétt sveitarstjórnar við aðilaskipti að eignarréttindum fela í sér takmörkun á þeim heimildum, sem eigendur fasteigna almennt hafa og lögverndar njóta, þykir rétt að fallast á það með stefndu, að túlkun ákvæðanna og beiting stefnanda á heimildum skv. þeim sæti þröngri skýringu á þann hátt, að hann öðlist ekki meiri rétt en ákvæði laganna fá honum með ótvíræðum hætti.

Þegar stefnandi ákvað að synja um samþykki til ráðstöfunar skv. kaupsamningi þeim, er fyrir hann var lagður, mátti honum vera ljóst, að stefndu myndu nýta sér málskotsheimild 8. gr. jarðalaga og að ekki væri loku fyrir það skotið, að sjónarmiðum hans, er lágu til grundvallar synjuninni, yrði hnekkt við meðferð málsins hjá æðra stjórnvaldi.

Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda, að honum hafi verið rétt að treysta því, eins og ráðið verður af framkomu hans, að hann hafi gert, að málskot frestaði þeim tímamörkum, er honum voru í lögum sett til að taka afstöðu til forkaupsréttartilboðs, er fullnægði skilyrðum 32. gr. jarðalaga.

Með því að taka til greina ógildingarkröfu stefnanda með rökstuðningi hans væri verið að rýmka frest þann, sem stefnandi hafði lögum samkvæmt til að svara forkaupsréttartilboðinu, en til þess brestur lagastoð.

Með vísan til þess, er að framan greinir, er synjað um að taka til greina dómkröfur stefnanda í máli þessu.

Eftir þeim úrslitum ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 350.000,00 kr. til hvors stefndu um sig.

Dómsorð:

Stefndu, Margrét Þ. Johnson, Sofía L. Thors Wendler, Ragnheiður Hafstein, Katrín Kristjana Thors og Verkamannafélagið Dagsbrún, skulu vera sýkn af röfum stefnanda, hreppsnefndar Skorradalshrepps.

Stefnandi greiði stefndu, Margréti, Sofíu, Ragnheiði og Katrínu, samtals 350.000,00 kr. í málskostnað og stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, 350,000,00 kr. í málskostnað.

Tildæmdar málskostnaðarfjárhæðir beri dráttarvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 447/1991. **Hafrún Hermannsdóttir**

gegn

Guðrúnu Hönnu Scheving.

Kærumál. Útburður. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. október 1991. Kæruheimild er 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kröfum er lýst svo í greinargerð lögmanns sóknaraðila:

„1. Aðalkröfur: Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og honum hrundið og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

2. Varakröfur: Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og honum hrundið og að hr. fltr. bæjarfógetans í Keflavík, Árna Hauki Björnssyni, verði gert að víkja sæti í málinu sem fógeti og dómari.

3. Málskostnaður: Í öllum tilvikum verði kæranda tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður úr hendi gagnaðila, auk 24,5% virðisaukask., sbr. lög nr. 50/1988, en kærandi, sem er húsmóðir, er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.“

Hinn kærði úrskurður varðar fógetaréttarmál, þar sem krafist var útburðar á sóknaraðila og ónafngreindum börnum hennar. Kæra og greinargerð eru þó í nafni sóknaraðila eins, og er hún ein aðili hér fyrir dómi.

Borist hafa athugasemdir, sem eiginmaður varnaraðila hefur ritað fyrir hennar hönd. Verður að skilja þær svo, að þess sé krafist, að kröfum sóknaraðila sé hafnað.

Aðalkrafa sóknaraðila er á því byggð, að því er í greinargerð lögmanns hennar segir, að fógeti hafi ekki tekið til greina beiðni um frest til munnlegs flutnings útburðarmálsins, sem fram hafi verið sett 28. október sl. Í fógetabók var skráð, eftir að hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, að málinu væri frestað í einn dag til

aðalflutnings. Af honum varð ekki vegna kærunnar, sem hér er til meðferðar.

Um réttarfar í fógetaréttinum bar að fara eftir lögum um aðför nr. 19/1887. Fór fógeti rétt að hinn 28. október, sbr. 3. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 41. gr. laganna.

Varakrafa sóknaraðila er rökstudd með því, að hjá bæjarfógeta í Keflavík hafi ekki verið farið rétt að við meðferð gjaldþrotamáls sóknaraðila, og hafi hún nú hafist handa af því tilefni. Er þó ekki fram komið, að ágreiningur út af þessu atriði leiði til þess, að bæjarfógeti og þar með sá fulltrúi hans, sem fór með útburðarmálið, þurfi að víkja sæti í því.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 161/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Marinó Guðbrandssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi 6. mars 1991. Hann krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsingar og sviptingar ökuréttinda svo og þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað fyrir báðum dómum.

Verjandi ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hann þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkisssjóði.

Héraðsdómari tók skýrslu fyrir dómi af ákærða og 12 vitnum, áður en hann tók afstöðu til þess, hvort sannað teldist, að ákærði hefði ekið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 2. janúar 1989. Þegar litið er til þessa og annarra gagna málsins, eru ekki efni til að hnekkja í Hæstarétti niðurstöðu héraðsdómara, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 3. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dóm-

ur í sakadómsmálinu nr. 1/1991: Ákæruvaldið gegn Jóni Marinó Guðbrandssyni, sem tekið var til dóms 19. desember síðastliðinn.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí 1990, á hendur ákærða, Jóni Marinó Guðbrandssyni verkamanni, Fiskakvísl 28, Reykjavík, kt. 220854-7369, „fyrir að aka að morgni mánudagsins 2. janúar 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í-2737 frá Ísafirði áleiðis til Bolungarvíkur og svo óvarlega eftir Djúpvegi um Óshlíð, að bifreiðin lenti út af veginum og valt ofan í fjöru.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 2. janúar 1989 var ákærði á leið frá Ísafirði til Bolungarvíkur í bifreiðinni Í-2737. Er hann ók um Óshlíð, missti hann stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún fór út af þjóðveginum í námunda við innri vegskálann af tveimur, sem þar eru.

Um morguninn var Guðmundur Páll Jónsson, lögreglumaður á Ísafirði, á leið til vinnu sinnar frá Bolungarvík, er hann veitti athygli hjólförum, sem lágu út af snævi þöktum veginum á fyrrgreindum stað. Þar sem skyggni var slæmt, hélt lögreglumaðurinn rakleitt til Ísafjarðar og tilkynnti um óhappið kl. 6.57. Fór hann síðan á staðinn í lögreglubifreið. Við athugun á vettvangi kom í ljós, að bifreiðin Í-2737 hafði oltið niður hlíðina og stóð á hjólunum í fjörunni neðan við þjóðveginn. Sat ákærði meðvitundarlítill í aftursæti bifreiðarinnar. Megnan áfengisþef lagði frá vitum hans. Er lögreglumaðurinn hafði hlúð að ákærða, kallaði hann eftir aðstoð sjúkra- og björgunarliðs, sem sá um að draga ákærða upp hlíðina í sjúkrabörum. Var hann síðan fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Lögreglunni í Bolungarvík var því næst tilkynnt um óhappið, og gerði hún ráðstafanir til að fjarlægja bifreiðina af vettvangi.

Við læknisrannsókn sama morgun kom í ljós, að ákærði hafði hlotið beinbrot á báðum fótleggjum rétt neðan við hné auk minni háttar áverka. Kl. 9.15 var honum tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni þessu reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,18‰.

Guðmundur Páll Jónsson hefur staðfest framangreind lögregluverk sín

við rannsókn og meðferð málsins. Þá hefur vitnið borið, að það hafi þegar á vettvangi grunað ákærða um ölvun við akstur án þess þó að minnast á það við hann. Ekki varð vitnið vart við neitt áfengi inni í bifreiðinni, en tók fram, að það hefði ekki leitað sérstaklega að áfengi, hvorki í bifreiðinni né fyrir utan hana. Vitnið leitaði hins vegar að hugsanlegum farþegum í fjörunni og áleit, að það hlyti þá að hafa séð áfengisflösku eða -flöskur, ef þær hefðu legið fyrir utan bifreiðina, þar sem nýfallinn snjór var yfir öllu. Aðspurt kvað vitnið einhver glerbrot hafa verið í fjörunni og veitti því athygli, að rúður voru brotnar í bifreiðinni. Vitnið kvaðst að öðru leyti ekki hafa annast rannsókn á vettvangi og vísaði til Hlyns Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns, sem komið hefði á staðinn. Vitnið gat þess og, að óhappið hefði orðið í umdæmi lögreglunnar í Bolungarvík og því hefði lögreglan þar annast brottflutning bifreiðar ákærða.

Hlynur Snorrason hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi komið á vettvang um það leyti, sem verið var að leggja ákærða á sjúkrabörur. Beið vitnið síðan í u.þ.b. eina klukkustund eftir dagsbirtu, en tók þá ljósmyndir af vettvangi, auk þess sem það leit inn í bifreið ákærða og skoðaði næsta nágrenni við hana. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa gert sérstaka leit að áfengi, en minntist þess að hafa séð glerbrot úr rúðum og ljósum bifreiðarinnar á vettvangi. Vitnið kannaðist loks við framlagðar ljósmyndir í málinu.

Verður nú vikið að framburði ákærða við rannsókn og meðferð málsins, en síðan rakinn framburður annarra vitna.

Ákærði kom til yfirheyrslu vegna málsins hjá lögreglunni í Bolungarvík 22. febrúar 1989. Ekki verður séð, að lögreglan hafi gætt viðeigandi réttarfarsákvæða gagnvart honum, áður en yfirheyrslan hófst. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði að kvöldi 1. janúar (í skýrslunni segir 2. janúar) farið frá Bolungarvík til Ísafjarðar, þar sem hann heimsótti kunningja sinn, Björn Brynjólfsson. Er ákærði var á leið heim aftur um kl. 4 um nóttina og ók um Óshlíð, hefði bifreið sín runnið til á veginum með þeim afleiðingum, að hún lenti út af við innri vegskálann og valt ofan í fjöru. Ákærði kvaðst lítið hafa getað hreyft sig eftir veltuna, enda fótbrotinn og leið miklar kvalir af þeim sökum. Greip hann því til áfengispela, sem hann átti í bifreiðinni, og steypti úr honum í sig. Ákærði tók sérstaklega fram, að hann hefði tapað úri sínu í veltunni og vissi því ekki, hve lengi hann beið í fjörunni, áður en lögreglan kom á vettvang. Mundi hann óljóst eftir því, er hún kom á staðinn.

Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi að kvöldi sunnudags. 1. janúar 1989 heimsótt fyrrnefndan Björn Brynjólfsson og þeir setið að spjalli heima hjá Birni fram yfir miðnætti. Um kl. 1 hefðu þeir ákveðið að fara á veitingastaðinn Staupastein, sem stendur við Ísafjarðarbotn. Tóku

þeir sér far með leigubifreið, þar sem ákærði vildi ekki eiga á hættu, að bifreið sín yrði skemmd fyrir utan staðinn. Er inn kom, hefði ákærði hitt aðra kunningja sína og orðið viðskila við Björn. Meðal þeirra hefði verið Flosi Arnórsson, sem legið hefði fram á borð og sofið ölvunarsvefni. Reyndi ákærði með litlum árangri að vekja hann til lífsins. Um kl. 2.30 kveðst ákærði hafa farið út af veitingastaðnum og gengið áleiðis til Ísafjarðar, þar sem hann hugðist ná í bifreið sína og aka heim til Bolungarvíkur. Á leiðinni hafi hann hitt fjóra pilta í bifreið, sem buðu honum með sér í samkvæmi að Túngötu 17. Eftir skamma viðdvöl þar sótti ákærði bifreiðina og lagði af stað til Bolungarvíkur. Er hann kom að innri vegskálanum í Óshlíð, fannst honum vera steinn á veginum, og því sveigði hann bifreiðinni frá með þeim afleiðingum, að hún rann til á hálum veginum og valt u.þ.b. 50 metra ofan í fjöru. Ákærði kveðst hafa rankað við sér í aftursæti bifreiðarinnar og þá viljað drífa sig upp á veg. En er hann gat ekki stigið í fæturna, hefði það runnið upp fyrir sér, að hann væri fótbrotinn. Þar sem ákærða kenndi sárlega til í fótleggjunum og var orðinn hræddur þarna í fjörunni, teygði hann sig í óátekinn vodkapela, sem hann átti í hanskahólfi bifreiðarinnar, og drakk hann til fulls. Var ákærði nýbúinn að henda pelanum út um glugga bifreiðarinnar, er lögreglan kom að honum. Fullyrti hann, að þetta hefði verið eina áfengisneysla sín umrætt kvöld og nótt.

Vitnið Björn Brynjólfsson, kt. 170755-5589, hefur staðfest frásögn ákærða um heimsókn hans til vitnisins að kvöldi nýársdags 1989 og ferð þeirra í Staupastein um miðnæturbil. Kveðst vitnið hafa dvalist þar skamma stund og á þeim tíma ekki orðið vart við neina áfengisneyslu af hálfu ákærða. Vitnið fullyrti, að þeir félagar hefðu ekki neytt áfengis á heimili vitnisins fyrr um kvöldið.

Egill Gunnarsson, kt. 240263-4849, ók bifreið þeirri, sem ákærði þá far með í samkvæmið að Túngötu 17. Vitnið gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu í apríl 1989. Þá skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið að „rúnta" að loknum dansleik í Staupasteini ásamt Ásbergi Magnúsi Einarssyni, Haraldi Úlfarssyni og Birni Kristjánssyni, er þeir óku fram á ákærða. Var hann þá augsýnilega undir áhrifum áfengis. Ákærði hefði farið með þeim í samkvæmið, sem var fjölmennt og áfengi þar haft um hönd. Einhvern tíma um nóttina hefði Ásberg svo beðið vitnið að aka Haraldi út í Bolungarvík, en hann var þá við það að sofna. Var síðan ákveðið, að vitnið sækti hina í samkvæmið og æki þeim til síns heima. Þegar það kom aftur á staðinn, hefðu Ásberg og Björn þegar sest inn í bifreiðina, en ákærði, sem var orðinn áberandi drukkinn, verið með „fylliríisrövl" og ekki viljað fara með hinum. Hafði hann á orði, að hann gæti vel séð um sig sjálfur. Eftir nokkurt þóf hefði verið ákveðið að skilja ákærða eftir,

en vitnið ekið hinum heim. Minnti vitnið, að það hefði farið að sofa milli kl. 5 og 6 um nóttina. Um hádegi hefði það svo frétt af óhappi ákærða.

Á dómþingi 11. október sl. mundi vitnið lítið eftir málsatvikum, en kannaðist við að hafa verið í Staupasteini umrætt sinn og farið þaðan ásamt Ásbergi, Haraldi og Birni í bifreið, sem vitnið ók. Fór hópurinn m.a. í samkvæmið að Túngötu 17, en þar dvaldist vitnið aðeins skamma stund. Mundi vitnið ekki, hvort ákærði hefði verið í samkvæminu, en fullyrti, að hann hefði einhvern tíma um nóttina verið farþegi í bifreiðinni, annaðhvort fyrir eða eftir samkvæmið. Fannst vitninu hann þá vera ölvaður, en gat ómögulega útskýrt, í hverju ölvunareinkennin voru fólgin. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt leggja frá ákærða, en að mati þess hefði hann sem og aðrir farþegar í bifreiðinni verið undir áfhrifum áfengis. Ekki minntist vitnið þess að hafa séð ákærða neyta áfengis um nóttina.

Vitnið Ásberg Magnús Einarsson, kt. 110867-4929, var yfirheyrt af lögreglu í apríl 1989. Vitnið kvaðst hafa verið í Staupasteini umrædda nótt ásamt Agli Gunnarssyni og Haraldi Úlfarssyni. Eftir dansleik hefðu þeir farið að „rúnta" um bæinn ásamt fjórða manni, sem vitnið mundi ekki, hver væri. Óku þeir fram á ákærða og buðu honum upp í bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki hafa getað greint nein merki ölvunar á ákærða, en aðrir í bifreiðinni, utan ökumaður, hefðu verið undir áhrifum áfengis. Þá varð vitnið ekki vart við neina áfengisneyslu hjá ákærða, hvorki í bifreiðinni né í samkvæminu að Túngötu 17. Þar dvaldist vitnið rúma klukkustund, en um þrjúleytið hefði Egill ekið því heim. Hefði hann áður „skutlað" Haraldi til Bolungarvíkur. Þegar vitnið hvarf úr samkvæminu, kvaðst það hafa boðið ákærða far, en hann afþakkað og sagst myndu fá sér leigubifreið til Bolungarvíkur. Vissi vitnið þá ekki, að bifreið ákærða væri á Ísafirði. Frétti vitnið það næst, að ákærði hefði orðið fyrir óhappi í Óshlíð.

Vitnið kom fyrir dóm vegna málsins 11. október sl. og skýrði þá frá málsatvikum á sama veg. Vitninu var síðan kynntur framburður Egils Gunnarssonar um það, að ákærði hefði verið bersýnilega undir áhrifum áfengis, er hann settist inn í umrædda bifreið. Kvaðst vitnið ekkert skilja í þessum ummælum, en tók fram, að Egill væri „mjög uppstökkur maður og fljótur að dæma fólk hart". Kvað vitnið síðan ákærða hafa verið alveg eins og hann á að sér umrædda nótt, en vitnið þekki ákærða, þar sem þeir hefðu verið saman til sjós.

Björn Kristjánsson, kt. 030550-2429, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kannaðist við að hafa farið í Staupastein að kvöldi nýársdags 1989 ásamt Agli, Ásbergi og Haraldi Úlfarssyni. Hins vegar mundi vitnið ekkert eftir atvikum umræddsnótt og nætur sökum mikillar ölvunar.

Vitnið Haraldur Úlfarsson, kt. 240662-4429, skýrði frá því fyrir dómi sama dag, að það hefði greint sinn hitt ákærða að loknum nýársdansleik

í Staupasteini. Fékk ákærði þá far með vitninu, Ásbergi, Birni og Agli inn til Ísafjarðar. Fljótlega eftir að ákærði settist inn í bifreiðina, hefði hann farið að halda því fram, að hann væri óvelkominn í bifreiðinni og þeir félagar sér andsnúnir. Út af þessu svo og „allri hegðun" ákærða hefði vitnið dregið þá ályktun, að hann væri ölvaður. Sjálft dró vitnið ekki dul á það, að það hefði verið ofurölvi umrædda nótt, en treysti sér engu að síður til að fullyrða, að ákærði hefði einnig verið ölvaður. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð ákærða neyta áfengis og sá ekkert í fari hans, sem benti til áfengisneyslu, svo sem vot eða rauð augu, þvöglulegan málróm eða reikult göngulag. Vitnið gat ekkert borið um ferðir ákærða í samkvæminu á Túngötu og kvaðst síðast hafa séð hann, er vitnið bað Egil að aka sér heim. Frétti það síðan af óhappi ákærða daginn eftir.

Ólafur Jónasson, kt. 150667-5269, var greint sinn húsráðandi að Túngötu 17. Gaf vitnið skýrslu hjá lögreglu vegna þessa máls í maí 1989. Þá skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið með samkvæmi umrædda nótt og ákærði og félagar hans frá Bolungarvík verið meðal gesta. Félagarnir hefðu fljótlega farið heim, en ákærði viljað vera áfram. Vitnið kvað ákærða hafa verið „dauðadrukkinn" í samkvæminu og fullyrti, að það hefði séð hann neyta þar áfengis. Það hefði þó verið í litlum mæli, þar sem lítið áfengi var til og ákærði hafði sjálfur ekkert meðferðis. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið undir áhrifum áfengis, en taldi sig þó muna vel eftir málsatvikum, sérstaklega hve áberandi ölvaður ákærði hefði verið, þegar hann fór úr samkvæminu um kl. 6 að morgni, að því er vitnið minnti.

Á dómþingi 11. október sl. skýrði vitnið svo frá, að það hefði umrætt sinn verið í Staupasteini ásamt Flosa Arnórssyni, Þóri Hálfdanarsyni og fleiri kunningjum sínum. Að dansleik loknum hefði verið ákveðið að fara í samkvæmi heim til vitnisins, og var ákærða boðið þangað. Í samkvæminu hefði drykkju verið fram haldið, og mundi vitnið eftir að hafa séð ákærða bergja þar á einhverjum dökkleitum vökva, sem það taldi vera áfengi, enda hefði ákærði verið bersýnilega ölvaður. Dró vitnið ályktun þessa af því, að ákærði var „kátur og glaður og kjaftaði mikið og var ekki með fullkomið jafnvægisskyn". Aðspurt dró vitnið ekki dul á það, að það hefði sjálft verið ofurölvi í samkvæminu, en þó ekki svo, að skert hefði minni sitt. Tók vitnið sérstaklega fram, að umrædd nótt hefði verið sér sérstaklega minnisstæð sökum þess, að það hefði verið kallað til skýrslutöku hjá lögreglu. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hverjir gestir sínir voru umrædda nótt, en benti á, að það hefði nafngreint þá flesta í skýrslu sinni hjá lögreglu. Þó leiðrétti vitnið fyrir dómi, að Unnsteinn nokkur Halldórsson hefði ekki verið þeirra á meðal, og kvað þetta vera misminni af sinni hálfu, en Unnsteinn, Flosi og Þórir væru mikið saman og hefðu allir komið heim til vitnisins. Þá tók vitnið fram þessu til frekari skýringar, að það

hefði oft verið ölvað á umræddu tímabili. Aðspurt kvað vitnið Flosa hafa verið ölvaðan í Staupasteini umrædda nótt, en minntist þess ekki, að hann hefði sofnað þar ölvunarsvefni, sem hann ætti þó vanda til, þegar hann fengi sér í glas. Þá mundi vitnið ekki til þess, að Flosi hefði sofnað í samkvæminu. Loks mundi vitnið ekki, hvenær ákærði fór úr samkvæminu, en hann hefði farið, áður en því lauk. Ekki mundi vitnið, hvenær samkvæminu lauk, en taldi ekki ólíklegt, að það hefði staðið fram undir hádegi á mánudeginum.

Þórir Hálfdanarson, kt. 110361-2549, gaf skýrslu hjá lögreglu í maí 1989. Vitnið kvaðst þekkja ákærða, þar sem þeir hefðu verið saman til sjós. Kvaðst vitnið hafa hitt ákærða í Staupasteini skömmu eftir miðnætti 2. janúar. Var hann þá ekki „sjáanlega ölvaður", að því er vitnið minnti. Vitnið hefði síðan hitt ákærða aftur í samkvæminu að Túngötu 17. Aðspurt um það, hvort ákærði hefði þá verið ölvaður, kvaðst vitnið „reikna með því", að svo hefði verið, en tók fram, að það hefði sjálft verið undir áhrifum áfengis og ekki verið að fylgjast sérstaklega með ákærða. Tók vitnið og fram í þessu sambandi, að sér fyndist lítið sjá á ákærða, þótt hann væri búinn að neyta áfengis. Vitnið áleit, að ákærði hefði horfið úr samkvæminu um kl. 5 um morguninn.

Á dómþingi 11. október sl. kvaðst vitnið muna óljóst eftir umræddu kvöldi og nótt, þar sem það hefði verið ofurölvi. Vitnið mundi þó eftir að hafa hitt ákærða í Staupasteini, en hann hefði sest þar við borð hjá vitninu og Flosa Arnórssyni og pantað sér kaffi. Vitnið hefði þá verið byrjað að neyta áfengis og Flosi þegar orðinn ofurölvi, en til þess hætti honum oft að sögn vitnisins. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði farið með því í samkvæmið, og tók sérstaklega fram, að allt hefði verið orðið „þokukennt", þegar þar var komið sögu. Vitnið skýrði þau ummæli sín hjá lögreglu, að það hefði „reiknað með því", að ákærði væri ölvaður, á þann veg, að flestallir samkvæmisgesta hefðu verið ölvaðir og vitnið af því einu dregið þá ályktun, að ákærði væri það einnig. Kvaðst vitnið ekki hafa fylgst með ákærða í samkvæminu og varð þess ekki vart, að hann neytti áfengis. Vitnið kvaðst hafa haldið úr samkvæminu milli kl. 6 og 7 og flestir gestanna þá verið farnir. Kvað vitnið fyrri tímasetningu sína um brottför ákærða vera ágiskun eina.

Flosi Arnórsson, kt. 060262-7219, gaf skýrslu hjá lögreglu í maí 1989. Kvaðst vitnið þekkja ákærða vel, en þeir hefðu verið saman til sjós. Mundi vitnið eftir því að hafa hitt ákærða inni á Staupasteini umrædda nótt. Kvað það ákærða hafa neytt þar áfengis og verið „áberandi ölvaður". Var hann „glaður og reifur þarna á staðnum". Sjálft kvaðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis, en gat þó fullyrt, að svo hefði einnig verið farið um ákærða. Vitnið mundi eftir að hafa farið í samkvæmið að Túngötu 17,

en gat ekki borið um, hverjir hefðu verið þar, þar sem vitnið sofnaði ölvunarsvefni og vaknaði ekki fyrr en kl. 11 um morguninn. Seinna frétti það svo af óhappi ákærða í Óshlíð og grunaði þá strax, að ákærði hefði verið ölvaður við aksturinn, miðað við það ástand, sem hann var í inni á veitingastaðnum.

Vitnið kom fyrir dóm vegna málsins í nóvembermánuði síðastliðnum. Kvaðst það lítið muna eftir umræddu nýárskvöldi. Vitnið mundi þó eftir að hafa verið inni á Staupasteini, er ákærði kom inn, og settust þeir saman til borðs. Þar hefðu þeir pantað sér kaffi og vitnið jafnframt viskí. Hins vegar hefði vitnið ekki séð ákærða neyta áfengis við borðið og minntist þess ekki, að hann hefði borið nein merki áfengisneyslu. Mundi vitnið svo næst eftir sér, er það vaknaði í heimahúsi morguninn eftir. Vitnið gaf þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu um ölvun ákærða, að það hlyti annaðhvort að hafa verið illa fyrir kallað eða í tímaþröng, er það gaf umrædda skýrslu, og skýrt frá því, sem það taldi lögregluna vilja heyra. Jafnframt hefði vitninu verið tjáð, að framburður þess skipti ekki máli. Ítrekaði vitnið síðan framburð sinn fyrir dómi. Vitninu var því næst kynntur framburður ákærða um ölvunarástand þess, og kvað vitnið það geta verið rétt, að það hefði sofið ölvunarsvefni inni á Staupasteini, þar sem það myndi vel eftir stígvélum þeim, sem ákærði var í, og hlyti það að stafa af því, að vitnið hefði legið fram á borðið og horft niður á gólf veitingastaðarins.

Brynjólfur Lárusson, kt. 030953-4799, kom að eigin frumkvæði til skýrslugjafar hjá lögreglu í maí 1989, en hann var þá starfandi lögreglumaður á Ísafirði. Vitnið kvaðst hafa komið í Staupastein um kl. 1 umrædda nótt til að hlýða á kunningja sinn leika fyrir dansi. Rúmri hálfri klukkustund síðar hefði vitnið veitt ákærða athygli, en þeir hefðu eitt sinn verið saman á togara. Fylgdist það með ákærða um stund, og kvað það ekki hafa „leynt sér á tilburðum hans og hegðan, að hann var undir áhrifum áfengis".

Fyrir dómi hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi umrætt sinn verið í Staupasteini og veitt ákærða athygli, þar sem hann stóð einn við borð í veitingahúsinu. Þangað hefði honum verið færður dökkleitur drykkur, sem vitnið minnti þó ekki að hafa séð ákærða neyta. Engu að síður fannst því ekki leyna sér, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, og dró þá ályktun af hegðun hans, en „sláttur var á honum og hann alls ekki eins og hann á að sér „edrú"". Ekki ræddi vitnið við ákærða inni á staðnum. Sjálft kvaðst vitnið ekki hafa verið við áfengisneyslu greint sinn og algerlega án áhrifa þess.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, hefður ákærði staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki hafið áfengisneyslu umrædda nótt fyrr en eftir, að bifreið

hans fór út af veginum í Óshlíð og valt niður snarbratta hlíðina, uns hún staðnæmdist í fjöruborðinu. Upplýst er, að ákærði hlaut við veltuna brot á báðum fótleggjum auk minni háttar áverka. Kveður hann miklar kvalir í fótum svo og ótta við að vera aleinn í fjörunni hafa orðið til þess, að hann greip til óátekins vodkapela, sem hann átti í bifreiðinni, og steypti úr honum í sig. Er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir framburði ákærða um þessa áfengisneyslu, enda leitaði lögreglan ekki að áfengisumbúðum í eða við bifreiðina, þótt hana grunaði þegar í upphafi rannsóknar, að ákærði hefði verið undir áhrifum áfengis, er umrætt óhapp varð. Óvíst er, hve lengi ákærði beið í fjörunni, áður en aðstoð barst, en ljóst er, að hann hefur haft nægilegt ráðrúm til að ljúka úr pelanum. Samkvæmt þessu þykir ekki unnt að hafna framburði ákærða um áfengisneyslu eftir óhappið og að hún hafi verið í þeim mæli, sem hann hefur borið.

Kemur þá til álita, hvort ákærði hafi verið búinn að neyta annars áfengis fyrr um kvöldið, áður en hann lagði upp í hina örlagaríku ferð til Bolungarvíkur. Vitnið Björn Brynjólfsson, sem var með ákærða fram yfir miðnætti, hefur fullyrt, að hvorugur þeirra hafi neytt áfengis fram að þeim tíma, er farið var í Staupastein. Er þetta í samræmi við framburð ákærða. Meiri vafi er um það, hvort ákærði hafi neytt áfengis inni á veitingastaðnum og í samkvæminu að Túngötu 17, enda er framburður flestra vitna, sem sáu til ákærða á þessum stöðum, reikull og mótsagnakenndur. Eitt er þó sammerkt í skýrslum vitnanna fyrir dómi, að ekkert þeirra sá ákærða neyta áfengis um nóttina. Vitnin Brynjólfur Lárusson, Egill Gunnarsson, Haraldur Úlfarsson, Ólafur Jónasson, Þórir Hálfdanarson og Flosi Arnórsson hafa hins vegar öll látið að því liggja, að ákærði hafi verið ölvaður, án þess þó að nokkurt þeirra hafi getað lýst því berum orðum, í hverju ölvunarástand hans var fólgið. Brynjólfur Lárusson kveðst hafa fylgst með ákærða úr fjarlægð inni á Staupasteini, og hafi ekki leynt sér „á tilburðum hans og hegðan, að hann var undir áhrifum áfengis". Þannig hafi verið „sláttur .... á honum og hann alls ekki eins og hann á að sér „edrú"". Ákærði kveðst ekkert þekkja til þessa vitnis. Egill Gunnarsson, sem tók ákærða upp í bifreið sína eftir dansleikinn í Staupasteini, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi litið svo á, að allir farþegar bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis. Haraldur Úlfarsson, sem var einn farþeganna, hefur fullyrt fyrir dómi, að ákærði hafi verið ölvaður, er hann settist inn í bifreiðina, og dregur þá ályktun af „allri hegðun" ákærða. Sjálfur kveðst Haraldur hafa verið ofurölvi greint sinn. Ólafur Jónasson kveður ákærða hafa verið bersýnilega ölvaðan í samkvæminu, en ákærði var að sögn Ólafs „kátur og glaður og kjaftaði mikið og var ekki með fullkomið jafnvægisskyn". Fram er komið, að Ólafur, sem var sjálfur ofurölvi, var

ekki málkunnugur ákærða á þessum tíma. Þórir Hálfdanarson kveðst „reikna með því", að ákærði hafi verið ölvaður, þótt vitnið minnist þess ekki að hafa séð það á honum. Ályktun þessa dragi Þórir af því einu, að flestir samkvæmisgestanna voru ölvaðir, þ. á m. hann sjálfur, sem var ofurölvi. Flosi Arnórsson sagði við lögreglurannsókn málsins, að ákærði hefði neytt áfengis inni á veitingastaðnum og verið „áberandi ölvaður". Er vitnið kom fyrir dóm, kvað það fyrri framburð sinn vera markleysu og minntist þess ekki að hafa séð ákærða neyta áfengis. Þá hefði ákærði ekki heldur borið nein merki áfengisneyslu, að því er vitnið minnti. Þetta vitni var að eigin sögn sem og flestra annarra ofurölvi greint sinn.

Með vísan til ofanritaðs og skírskotan til sakargagna að öðru leyti þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi verið búinn að neyta áfengis, áður en bifreið hans fór út af veginum í Óshlíð. Þá er ósannað, að ákærði hafi átt sök á því, að bifreiðin fór út af veginum, enda láðist að rannsaka hana eftir óhappið og því ógerlegt að segja til um orsakir slyssins. Ekki liggur heldur fyrir í málinu vettvangsuppdráttur eða skýrar ljósmyndir, sem sýni, hvernig óhappið bar að höndum, en ekkert í framburði ákærða veitir vísbendingu um sök af hans hálfu. Ber því samkvæmt 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að sýkna ákærða af ákæru í málinu.

Sakarkostnaður

Samkvæmt þessum úrslitum greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. útlagður kostnaður verjandans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., skv. framlögðum reikningum, og málsvarnarlaun hans, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Marinó Guðbrandsson, er sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 340/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Markúsi Alexanderssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Tolllagabrot. Áfengislöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. ágúst sl. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og þess, að ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Brot ákærða í máli þessu var að fullu upplýst og viðurkennt innan fárra daga, frá því að varningur sá, er hann hugðist skjóta undan tollmeðferð, kom með skipi til landsins í maímánuði 1988. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess, að hann hafi reynt að koma sér undan málsókn á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Þegar málið var sent sakadómi í janúarmánuði 1991, hefði sök ákærða verið fyrnd, ef fara ætti um hana að þeim reglum, sem almennt gilda og byggðar eru að meginstefnu á saknæmi brots, sbr. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 2. mgr. 81. gr. er að finna sérstaka reglu um fyrningu, er tekur til brota af þessu tagi og lögfest var sem nýmæli, þegar IX. kafla hegningarlaganna var breytt með lögum nr. 20/1981. Var breytingin til þess gerð að lengja fyrningarfrest með tilliti til þeirra örðugleika, sem tíðum væru á því að ljóstra upp um þessi brot. Þrátt fyrir þessi lagasjónarmið ber að beita ákvæðinu gagnvart ákærða í málinu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann, en átelja verður þá verulegu töf, sem varð á málinu í höndum ákæruvalds.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Markús Alexandersson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1991.

Ár 1991, föstudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 330/1991: Ákæruvaldið gegn Markúsi Alexanderssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. júní sl., á hendur ákærða, „Markúsi Alexanderssyni stýrimanni, Fremristekk 1, Reykjavík, kennitala 310839-4269 (sic), fyrir að hafa við komu ms. Hauks til Reykjavíkur frá útlöndum 13. maí 1988 smyglað hingað til lands 720 dósum af bjór, sem tollverðir fundu í skipinu eftir komu þess til hafnar í umrætt skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 720 dósum af bjór samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55, 1987, 34. gr. laga nr. 82, 1969, og 8. gr. laga nr. 63, 1969".

Kennitala ákærða hefur misritast í ákæruskjali. Samkvæmt gögnum málsins er kennitala hans 010734-7469.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. maí 1988 fann tollgæsla Íslands m.a. 720 33 cl dósir af Heineken-bjór í ms. Hauki, sem kom frá Helsinki til Reykjavíkur 13. maí 1988. Ákærði var yfirheyrður hjá tollgæslunni 24. maí 1988 og viðurkenndi að hafa keypt bjórinn af skipshöndlara í Finnlandi og ætlað að smygla honum í land í Reykjavík.

Málið virðist síðan liggja niðri um hríð, en með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 16. janúar sl., er sakadómi Reykjavíkur sent málið, þar sem heimilað er, að máli ákærða og fimm annarra verði lokið með dómsátt.

Hinn 24. maí sl. var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, sektargreiðslu og upptöku til ríkissjóðs á ofangreindum bjór. Ákærði viðurkenndi brot sitt og samþykkti upptökukröfuna, en hafnaði dómsátt að öðru leyti. Kvað ákærði sök í máli þessu fyrnda og vísaði til hæstaréttardóms, upp kveðins 13. júní 1990, í málinu nr. 76/1990.

Ákærði hefur fyrir dómi í dag ítrekað þessa afstöðu sína.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnast tolllagabrot á fimm árum. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, var framið 13. maí 1988, og er sök ákærða því ófyrnd samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 33 daga.

Með vísan til þeirra lagaákvæða, er í ákæru greinir, ber að fallast á upptökukröfu ákæruvaldsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 10.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Markús Alexandersson, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 33 daga.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 720 bjórdósum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 10.000 kr.

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 454/1991. **Gerpir sf.**

gegn

Kristjáni Wendel.

Kærumál. Frestur veittur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. október 1991 samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur frá 15. október 1991 í bæjarþingsmálinu nr. 993/1990, Gerpir sf. gegn Kristjáni Wendel. Úrskurðurinn er án forsendna, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Málinu er frestað til 3. febrúar 1992."

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að aðalflutningur málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skuli ákveðinn án tafar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurður bæjarþings verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Héraðsdómarinn, Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, hefur sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir hinum kærða úrskurði, og segir hann þar meðal annars:

„Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 17. september 1991, var bæjarþingsmálinu frestað til 15. október 1991, og segir í forsendum dómsins: „Rétt er að ákveða Kristjáni Wendel frest til 15. október nk. til að leggja fram yfirmatsbeiðni eða gagnkröfu í málinu". Stefndi lagði fram yfirmatsbeiðni í þinghaldi 15. október 1991, og voru fjórir matsmenn, þeir Björn Björnsson húsasmíðameistari, Bárður Daníelsson verkfræðingur og arkitekt, Vífill Oddsson verkfræðingur og Þorsteinn Helgason prófessor, dómkvaddir til að framkvæma yfirmat í samræmi við framlagða yfirmatsbeiðni.

Af hálfu stefnanda voru gerðar athugasemdir við yfirmatsbeiðnina, matsspurningar, forsendur matsins og andlag þess. Ekki var þess þó krafist, að synjað yrði um dómkvaðningu matsmanna.

Dómari málsins hefur margboðist til að leiðbeina stefnda, sem er ólöglærður, m.a. um frágang yfirmatsbeiðni. Stefndi hefur aðeins að litlu leyti nýtt sér þau boð. Stefndi ber ábyrgð á málatilbúnaði sínum, og þótti yfirmatsbeiðnin ekki svo gölluð, að synja bæri um dómkvaðningu samkvæmt henni, án kröfu.

Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 17. september sl. þykir rétt, að stefnda gefist ekki aðeins ráðrúm til að leggja fram yfirmatsbeiðni, heldur einnig hæfilegur frestur til að afla yfirmatsins. Eins og yfirmatsbeiðni er úr garði gerð, fer ekki hjá því, að störf matsmanna verði vandasöm og tímafrek, og þótti ekki rétt að sníða matsmönnunum þrengri tímamörk en til 3. febrúar 1992 til að ljúka yfirmatinu. Verða aðilar boðaðir til þinghalds í málinu þann dag til framlagningar yfirmatsgerðar."

Frávísunarkröfu sína kveðst varnaraðili byggja á því, að þegar hafi verið dæmt í Hæstarétti, þ.e. með dóminum 17. september sl., er fyrr getur, að hann skuli fá hæfilegan frest til að leggja fram yfirmat. Á þetta verður ekki fallist.

Lögmaður sóknaraðila hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann telur, að með yfirmatsbeiðni varnaraðila sé ekki nema að litlu leyti verið að afla gagna um meinta galla á íbúð þeirri, sem mál þetta snýst um. Fái matsbeiðnin ekki samrýmst grundvallarreglum laga, sbr. meginákvæði 66. - 69. gr., sbr. 136. og 137. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Sé dómkvaðningin ekki gild. Þá hafi varnaraðili þegar fengið nóga fresti til að koma að vörnum í málinu.

Hér fyrir dómi er deilt um það, hvort varnaraðili skuli fá frest til að leggja fram yfirmatsgerð í bæjarþingsmáli. Dómkvaðning fór fram 15. fyrra mánaðar, og eru ekki efni til, að í þessu kærumáli verði fjallað um einstök atriði í matsbeiðni eða gildi dómkvaðningarinnar, sem ekki hefur verið kærð sérstaklega. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Föstudaginn 22. nóvember 1991.

Nr. 452/1991. **Sigurjón Ragnarsson**

gegn

Pétri Þór Sigurðssyni.

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 8. apríl sl. skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð frá 26. mars sl. í fógetaréttarmálinu nr. A 1729/1991: Pétur Þór Sigurðsson gegn Sigurjóni Ragnarssyni. Kveður hann kæruheimild vera í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt bréfi hans 9. sama mánaðar krefst hann þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Kæran er móttekin í Hæstarétti 12. nóvember sl.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili segist ekki geta fellt sig við aðgerðir fjárnámsbeiðanda og fógetafulltrúans, sem framkvæmdi fjárnámið. Umboðsmaður sinn hafi verið búinn að tilkynna fógetaréttinum, að hann þyrfti að koma að vörnum við fjárnámið, en það hafi engu að síður farið fram. Vottar við fjárnámsgerðina hafi ekki ritað í fógetabókina eigin hendi, heldur hafi verið notaðir stimplar með nöfnun þeirra að þeim fornspurðum. Með þessu hafi fógetafulltrúinn gert á hluta sinn.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að þurft hafi að boða gerðarþola til fyrirtökunnar í fógetarétti Reykjavíkur, sem hafi verið framhald fjárnáms, sem hófst í Garðakaupstað á heimili gerðarþola að honum viðstöddum en þar hafi engar efnisvarnir komið fram. Þá mótmælir varnaraðili staðhæfingum sóknaraðila um, að áritun votta hafi verið ábótavant.

Krafa sóknaraðila lýtur að því, að hið kærða fjárnám verði fellt úr gildi. Samkvæmt c-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 verður þeirri kröfu ekki skotið til Hæstaréttar með kæru. Sóknaraðili kvartar að vísu undan aðgerðum fógetafulltrúans, sem fjár-

námið framkvæmdi, en gerir engar kröfur á hendur honum þess vegna. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Í bréfi borgarfógeta, sem fylgdi kæru sóknaraðila til Hæstaréttar, kemur fram, að fógetafulltrúi sá, sem framkvæmdi fjárnámið, hafi látið af störfum í byrjun ágúst sl. Í ljós hafi komið, að kæran til Hæstaréttar var þá enn óafgreidd. Dráttur á afgreiðslu kærunnar fyrir og eftir þann tíma hefur ekki verið réttlættur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 22. nóvember 1991.

Nr. 456/1991. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Gunnari Bolla Gunnarssyni og
Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Tryggingarfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. nóvember sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir skiptaráðanda að taka bú Gunnars Bolla Gunnarssonar til gjaldþrotaskipta gegn 12.000 króna tryggingu eða annarri hæfilegri tryggingu að mati réttarins, enda beri skiptabeiðandi ábyrgð á skiptakostnaði, eftir því sem hann fellur til.

Varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerðir.

Ágreiningur kom upp um lögmæti þess, að skiptaráðandi krafði sóknaraðila um 150.000 króna tryggingu, þegar fyrir lá að taka ákvörðun um kröfu bankans um, að bú varnaraðilans Gunnars Bolla yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Í hinum kærða úrskurði er lýst aðdraganda þess, að krafist var þessarar tryggingar, en til 1. september sl. var krafist 12.000 króna tryggingar af sams konar tilefni. Ekki þykir rétt, eins og á stendur, að hagga við niðurstöðu fógeta í máli þessu, en hún á stoð í 21. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Telja verður það meginreglu um tryggingu frá gerðarbeiðanda vegna kostnaðar af gjaldþrotameðferð samkvæmt 21. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að skiptaráðanda beri að ákveða nauðsyn og

fjárhæð tryggingarinnar með hliðsjón af aðstæðum í hverju máli, þótt honum sé að sjálfsögðu rétt að líta til almennra kostnaðar- og verklagssjónarmiða í því efni.

Um málavexti varðandi þá gjaldþrotabeiðni sóknaraðila, sem hér er til meðferðar, gefa gögn málsins aðeins til kynna, að skuldunautur sóknaraðila sé 28 ára karlmaður, búsettur í Breiðholtshverfi í Reykjavík, að skuld hans við gerðarbeiðanda hafi numið 250.000 krónum að höfuðstól, þegar honum var stefnt fyrir dóm 30. nóvember 1990, og ekki minnkað síðan, og loks, að skuldunauturinn hafi lýst sig eignalausan, þegar fjárnám var reynt á heimili hans 27. maí 1991 að honum viðstöddum. Eru þannig takmörkuð efni til að fjalla um fjárhæð hæfilegrar tryggingar hér fyrir dómi. Á hinn bóginn má ráða af hinum kærða úrskurði, að skiptaráðandi hafi ekki ákvarðað tryggginguna með sérstakri hliðsjón af aðstæðum í málinu, heldur einungis af almennum sjónarmiðum, sem sóknaraðili deilir á. Tel ég þetta eiga að ráða úrslitum málsins, þannig að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og skiptaráðanda boðið að taka álitaefnið til meðferðar að nýju. Ekki er ástæða til að dæma sóknaraðila kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 31. október 1991.

Íslandsbanki hf., Reykjavík, kt. 421289-1669, krafðist þess með bréfi, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík 28. júní 1991, að bú Gunnars Bolla Gunnarssonar, kt. 250263-7919, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Bréfinu fylgdi endurrit árangurslausrar aðfarargerðar, sem fram fór hjá Gunnari Bolla 16. maí 1991.

Krafa þessi var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 25. september 1991. Ekki var sótt þing af hálfu Gunnars Bolla Gunnarssonar. Að ósk skiptabeiðanda var málinu þá frestað til 25. október. Er málið var þá tekið fyrir, var ekki heldur sótt þing af hálfu Gunnars Bolla, en lögmaður skiptabeiðanda krafðist þess, að beiðni um töku búsins til gjaldþrotaskipta yrði tekin til úrskurðar. Skiptaráðandi krafði hann þá um tryggingu vegna væntanlegs kostnaðar af meðferð búsins, 150.000,00 kr. Lögmaður skiptabeiðanda mótmælti því, að hann þyrfti að greiða svo háa tryggingarfjárhæð vegna þessa, og krafðist úrskurðar um þau mótmæli sín. Lagði hann fram sérstaka greinargerð, þar sem boðin er fram trygging, að fjárhæð 12.000,00 kr., og andmæli gegn ákvörðun hærri fjárhæðar rökstudd. Síðar sama dag var málefni þetta tekið til úrskurðar.

Í greinargerð skiptabeiðanda segir m.a.:

„Skiptabeiðandi mótmælir þeirri ákvörðun skiptaráðandans í Reykjavík, sem fram kemur í bréfi hans til Lögmannafélags Íslands, birtu að hluta í fréttabréfi LMFÍ, 2. tbl. 1991, út gefnu í ágúst sl. Ákvörðun skiptaráðanda felur í sér að krefja þá, er knýja fram gjaldþrotaskipti við embættið, um tryggingu, sem nemur 150.000,00 kr., frá og með 1. september 1991. Segir skiptaráðandi í sama bréfi, að bústjórar til bráðabirgða muni verða ráðnir að öllum búum, sem tekin verði til skipta eftir nefnt tímamark.

Bú það, sem hér um ræðir, er mjög lítið, og litlar líkur eru á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði. Er því með vísan til 86. gr. laga nr. 6/1978 þarflaust að ráða bústjóra til bráðabirgða og ekki til annars fallið en að auka á kostnað lánardrottins. Segir í lagagreininni, að skiptaráðandi eigi í slíkum tilvikum sjálfur að taka að sér bústjórn.

Lög nr. 21/1991 taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Að sönnu er í 187. gr. laganna bráðabirgðaákvæði, er fjallar um þau þrotabú, sem til skipta verða 1. júní 1992. Ekki er fyrir séð, að bú þetta verði þá til skipta. Ákvæði 3. mgr. 187. gr., sem skiptaráðandi virðist í tilvitnuðu bréfi reisa ákvörðun sína að hluta til á, fjalla um ráðstafanir vegna þeirra búa, sem til skipta eru 1. júní 1992 og skiptaráðandi fer sjálfur með.

Samkvæmt ofangreindu verður ekki séð, að heimild hafi verið til að hækka tryggingu úr 12.000,00 kr. í 150.000,00 kr. 1. september 1991. Ekki var lögmönnum tilkynnt þessi rúmlega tólffalda hækkun á tryggingu með neinum fyrirvara. Ekki er kunnugt um, að önnur embætti hafi hækkað trygginguna. Um er að ræða gífurlega fjármuni, sem skiptabeiðendur, svo sem bankar, sjóðir og opinberir aðilar þyrftu að leggja út og fengju eftir atvikum endurgreidda löngu síðar.

Á það er bent, að skiptabeiðandi ber eftir sem áður að sjálfsögðu ábyrgð á skiptakostnaði skv. gjaldþrotaskiptalögum."

Bréf það, sem sóknaraðili vísar til, er ekki meðal skjala máls þessa. Ástæða þykir þó til að taka hér fram, að skiptaráðandinn í Reykjavík hefur haft þann hátt á að kunngera lögmönnum breytingar á lagaframkvæmd eins og þá, sem hér um ræðir, að tilkynna slíkt með bréfi til Lögmannafélags Íslands og óska eftir, að félagið láti efni bréfsins berast til félagsmanna sinna. Svo var einnig gert að þessu sinni, og var tilkynningin send félaginu 6. ágúst 1991.

Lagaákvæði um meðferð krafna um gjaldþrotaskipti eru í III. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. 21. gr. laganna er í þessum kafla og hljóðar svo:

„Skiptaráðandinn getur krafið lánardrottin um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta, áður en hann kveður upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Sé trygging ekki sett, skal líta svo á, að krafa um gjaldþrotaskiptin hafi verið afturkölluð."

Í 86. gr. laganna, sem er í þeim kafla, er fjallar um upphafsráðstafanir, segir m.a.:

„Skiptaráðandi tekur ákvörðun um ráðningu bústjóra til bráðabirgða, eftir að hafa ráðfært sig við þá kröfuhafa, sem þegar næst til. Álíti hann ekki nauðsynlegt að ráða bústjóra til bráðabirgða, t.d. vegna þess, að búið er lítið eða litlar líkur á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði, tekur hann sjálfur að sér bráðabirgðabústjórn."

Lögmaður skiptabeiðanda virðist skýra þetta ákvæði svo, að skiptaráðanda sé skylt að fara með bú, ef ekki verði séð, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði af meðferð bústjóra. Á þennan skilning verður ekki fallist. Af orðalaginu: „álíti hann ekki nauðsynlegt", er ljóst, að skiptaráðandi verður sjálfur að meta, hvort nauðsyn beri til að ráða bústjóra til bráðabirgða að búi. Við það mat verður að líta til fleiri atvika en þeirra, sem nefnd eru í lagaákvæðinu sjálfu, og kemur það augljóslega fram í hinum tilvitnaða texta. Samráð við kröfuhafa getur ekki átt sér stað fyrr en eftir, að búið hefur verið tekið til skipta, því að fyrr eru kröfuhafar ekki þekktir. Samráðið lýtur þess vegna ekki að því, hvort bústjóri verði ráðinn að búinu, heldur miklu frekar að því, hvern skuli ráða og hvað skuli aðhafst að öðru leyti um meðferð á búinu.

Eitt þeirra atriða, sem hér hlýtur að koma til skoðunar, er sú staðreynd, að 1. júlí 1992 taka gildi lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Samkvæmt þeim lögum skal meðferð þrotabúa í öllum tilvikum falin skiptastjórum. Í þessum lögum eru ákvæði til bráðabirgða, sem hljóta að hafa áhrif á ákvörðun skiptaráðanda um það, hvort hann nú skuli taka að sér skiptameðferð þrotabúa að öllu leyti, eins og skiptabeiðandi krefst í þessu tilviki. Í 3. mgr. 187. gr. laga nr. 21/1991 segir:

„Nú er þrotabú til skipta þann 1. júní 1992, sem skiptaráðandi fer sjálfur með, ekki þykir víst, að skiptunum verði lokið, áður en lög þessi taka gildi, og ekki sýnt, að þrotabúið eigi eignir, sem nægja fyrir kostnaði af skiptum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hafi trygging ekki verið sett fyrir skiptakostnaði að hætti eldri laga, sem verður talin nægja eftir fyrirmælum þessara laga, skal skiptaráðandi, hvort sem kröfulýsingarfresti er lokið eða ekki, krefja þann, sem krafðist gjaldþrotaskiptanna, um tryggingu fyrir kostnaði af áframhaldandi skiptum, en fáist hann ekki til að setja tryggingu innan skamms frests, skal skiptaráðandi halda skiptafund til að gefa öðrum lánardrottnum kost á því. Fáist engin trygging sett, skal skiptum lokið eftir 120. gr. eldri laga ekki síðar en 30. júní 1992, hvort sem kröfulýsingarfresti er þá lokið eða ekki, en fé búsins, sem skiptaráðandi kann að hafa í vörslum sínum, skal þá greitt í ríkissjóð. ..."

Fleiri atriði koma hér til álita. Mjög mikill fjöldi þrotabúa, sem skiptaráðendur annast að öllu leyti, er nú til meðferðar hjá skiptarétti Reykja-

víkur. Meðferð slíkra mála tekur mislangan tíma, og reynslan sýnir, að í því efni skiptir ekki öllu máli, hvort miklar eignir eða litlar séu til skipta. Þótt skiptabeiðandi telji líklegt, að skiptameðferð búsins megi ljúka fyrir 1. júní 1992, ræður það engum úrslitum um það álitaefni, sem hér er til úrlausnar.

Fjárhæð tryggingar er ekki ákveðin með lögum, heldur er hún ákveðin í hverju einstöku tilviki. Þótt sá háttur hafi verið á hafður að tilkynna breytingar á lagaframkvæmd á þessu sviði með áðurgreindum hætti, er þar ekki um neina lagaskyldu að ræða. Verður ekki ráðið af gjaldþrotalögum nr. 6/1978, að skylt sé að tilkynna í einstökum tilvikum með löngum fyrirvara, hverju skiptabeiðendur megi búast við í þessum efnum. Skiptir því ekki máli, með hvaða hætti skiptabeiðandi hefur fengið vitneskju um það, hvort hann þurfi að leggja út tryggingarfé vegna umræddrar gjaldþrotaskiptabeiðni sinnar, eða um fjárhæð hennar.

Skiptaráðandi hefur við meðferð á beiðni skiptabeiðanda ákveðið, að verði búið tekið til gjaldþrotaskipta, skuli ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu. Þessi ákvörðun er í fullu samræmi við ákvæði 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og er sú tryggingarfjárhæð, sem skiptaráðandi hefur krafist, ekki óhæfilega há. Er niðurstaða úrskurðar þessa sú, að skiptabeiðandi skuli við meðferð kröfu sinnar um gjaldþrotaskipti á búi Gunnars Bolla Gunnarssonar setja 150.000 króna tryggingu fyrir skiptakostnaði.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Áður en fram verður haldið meðferð kröfu skiptabeiðanda, Íslandsbanka hf., um, að bú Gunnars Bolla Gunnarssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta, skal skiptabeiðandi setja tryggingu fyrir skiptakostnaði, 150.000,00 kr.

Föstudaginn 22. nóvember 1991.

Nr. 175/1990. **Guðmundur Þórðarson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
ríkissjóði Íslands og
rannsóknarlögreglu ríkisins
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabótamál. Hald. Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér skuld, að fjárhæð 150.000 krónur, með dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, sem nemi 3,75% frá 21. janúar 1986 til 1. mars s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 12. maí s.á., með ársvöxtum, sem nemi 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á. og 33,6% frá þeim degi til þingfestingardags í héraði, 10. nóvember 1988, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Megi leggja vexti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. janúar 1987. Þá verði stefndu gert á sama hátt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara þess, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi máls þessa er héraðsdómslögmaður og hefur haft skrifstofu í Kópavogi, þar sem hann stundar innheimtustörf ásamt öðrum lögmannsstörfum. Í málinu er deilt um afleiðingar þess, að stefnda rannsóknarlögregla ríkisins lagði 5. nóvember 1986 hald á víxil, að fjárhæð 150.000 krónur, sem áfrýjandi hafði þá undir höndum, og afhenti hann 14. sama mánaðar Arnóri Vikari Arnórssyni, sem talinn var upphaflegur eigandi víxilsins. Gerði rannsóknarlögreglan þá ráðstöfun vegna þess, að samþykkjandi víxilsins var talinn hafa greitt víxilskuldina til þessa eiganda nokkru eftir gjalddaga, 21. janúar 1986, án þess að fá víxilinn í hendur. Var víxillinn enn í vörslum Arnórs Vikars 18. febrúar 1986, þegar rannsóknarlögreglan lagði hald á hann ásamt fleiri skjölum vegna rannsóknar á kærumáli á hendur Arnóri Vikari og bróður hans, Sumarliða Óskari Arnórssyni. Þegar rannsóknarlögreglan sleppti haldi á víxlinum 17. október 1986, var hann afhentur Sumarliða Óskari ásamt fleiri gögnum í þeirri trú, að ekki skipti máli, hvor bræðranna tæki við skjalinu. Í stað þess að koma víxlinum til samþykkjanda seldi Sumarliði Óskar hann í hendur Sjónvarpsbúðinni hf. í Reykjavík fljótlega eftir viðtökuna. Frá þeim aðila fékk áfrýjandi víxilinn afhentan síðar í sama mánuði sem greiðslu upp í skuldakröfu á hendur fyrirtækinu.

Í málinu liggja frammi ljósrit af framhlið hins umdeilda víxils, og er meginmál hans eins og lýst er í héraðsdómi. Á bakhlið víxilsins kveður áfrýjandi ekki annað hafa verið ritað en eyðuframsal útgefanda, og hafi hann engin merki borið um greiðslu víxilskuldarinnar.

Samkvæmt kvittun áfrýjanda til Sjónvarpsbúðarinnar, dagsettri 30. október 1986, tók hann við víxlinum ásamt fimm skuldabréfum. Voru það skuldabréf viðskiptavina vegna kaupa á vörum hjá fyrirtækinu, og var eitt þeirra um sex vikna gamalt, en hin fjögur frá árinu 1985. Um þau ber kvittunin með sér, að fyrirtækið hafði leyst þau til sín vegna vanskila greiðenda, alllöngu áður en þau voru afhent áfrýjanda. Samanlögð fjárhæð þessara skjala er miklum mun lægri en fjárhæð skuldakröfunnar, sem áfrýjandi var að innheimta.

Af efni kvittunarinnar og öðrum gögnum málsins má ráða, að áfrýjandi hafi tekið við öllum skjölunum á þeim grundvelli, að þau

yrðu ekki metin sem endanleg greiðsla á móti skuldakröfunni nema að því marki, sem andvirði þeirra kæmi til skila við innheimtu í höndum hans. Hefur hann og efnislega staðfest þetta í aðilaskýrslu í málinu.

Þegar stefnda rannsóknarlögregla ríkisins lagði hald á víxilinn hjá áfrýjanda, var það gert með svofelldri yfirlýsingu:

„Komið hefur í ljós, að Sumarliði Óskar Arnórsson ... hefur notað í viðskiptum víxil að fjárhæð kr. 150.000,00 með gjalddaga 21.01. 1986, samþykktan til greiðslu af Bárði Jóhannessyni en útgefinn af Ósk Auðunsdóttur. - Víxill þessi er nú í vörslu Guðmundar Þórðarsonar hdl., en með heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974 leggur rannsóknarlögregla ríkisins hald á ofangreindan víxil."

Yfirlýsingu þessa verður að skilja á þann veg, að í henni sé höfðað til nýrrar rannsóknar á hendur Sumarliða Óskari, sem tengd væri víxlinum. Á það má fallast með stefndu, að haldlagningin hafi verið lögmæt að formi. Jafnframt er nægilega fram komið, að samþykkjandi víxilsins og rannsóknarlögreglumenn höfðu tjáð áfrýjanda, áður en víxillinn var af honum tekinn, að víxilskuldin hefði verið greidd fyrr á árinu. Hefur áfrýjandi ekki vefengt þetta eða hitt, að greiðslan hafi átt sér stað. Hins vegar bar yfirlýsingin ekki með sér, að áfrýjandi mætti vænta þess, að víxillinn yrði afhentur öðrum, og ekki verður talið, að honum hafi verið nauðsyn að gera fyrirvara þar að lútandi. Er ósannað gegn mótmælum hans, að hann hafi gengist undir að verða endanlega sviptur víxlinum.

Af gögnum málsins er það helst að ráða, að lítil eða engin rannsókn hafi farið fram á máli Sumarliða Óskars eftir töku víxilsins, heldur hafi aðgerðir rannsóknarlögreglunnar aðallega beinst að því að koma víxlinum í hendur bróður hans, sem hafði krafist þess ásamt lögmanni sínum, að séð yrði fyrir réttum skilum á þeim gögnum úr máli bræðranna, sem lögreglan hafði afhent Sumarliða Óskari í október. Þessi málsmeðferð rannsóknarlögreglunnar var ekki í samræmi við heimildir hennar gagnvart áfrýjanda og ólögmæt að því leyti. Var hún þannig til þess fallin að baka stefndu skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda, eins og hann heldur fram.

Kemur þá til álita, hvort áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að víxlinum var ráðstafað eins og fyrr er rakið. Þrátt fyrir handhöfn á víxlinum gat áfrýjandi ekki vænst þess eftir þá meðferð

hans, sem á undan var gengin, að ná endanlegri greiðslu samkvæmt hljóðan hans úr höndum samþykkjanda eða útgefanda. Bótakröfu sína byggir áfrýjandi og fyrst og fremst á því, að honum hafi verið meinað að krefja Sjónvarpsbúðina um að leysa til sín víxilinn og greiða samsvarandi hluta fyrrnefndrar skuldakröfu með öðrum hætti. Sömuleiðis hafi viðbrögð rannsóknarlögreglu í málinu hindrað það, að hann eða Sjónvarpsbúðin gæti fylgt fram kröfurétti á hendur Sumarliða Óskari Arnórssyni.

Um Sjónvarpsbúðina hefur áfrýjandi sjálfur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi átt í greiðsluerfiðleikum allan þann tíma, sem hér skiptir máli, og verið hætt verslunarstarfsemi, löngu áður en það var úrskurðað gjaldþrota 18. ágúst 1988. Við gjaldþrotið hafi fyrirtækið reynst eignalaust, og hafi áfrýjanda ekki þótt það fyrirhafnarinnar virði að lýsa kröfu í búið. Ljóst er, eins og fyrr greinir, að greiðsla fyrirtækisins til áfrýjanda 30. október 1986 var aðallega fólgin í afhendingu á vanskilakröfum. Hefur áfrýjandi ekki leitt líkur að því, að fyrirtækið hafi átt annan gjaldmiðil en víxilinn um þær mundir til að greiða skuldakröfu hans. Hann hefur og ekkert upplýst um það, hvort honum hafi tekist að innheimta skuldakröfuna að öðru leyti.

Um skipti Sjónvarpsbúðarinnar og Sumarliða Óskars er ekkert upplýst í málinu umfram það, að hann hafi afhent fyrirtækinu víxilinn upp í viðskiptaskuld. Það atferli hans, sem mál þetta er risið af, bendir í þá átt, að hann hafi ekki verið borgunarmaður fyrir víxlinum á þeim tíma. Hann var úrskurðaður gjaldþrota 20. október 1987, án þess að áfrýjandi lýsti kröfu á hendur honum, og reyndist bú hans eignalaust.

Að öllu athuguðu verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki fært á það nægilegar sönnur, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni af völdum þess, að stefnda rannsóknarlögregla ríkisins svipti hann umráðum yfir hinum umdeilda víxli. Á þetta við þrátt fyrir þá tregðu, sem á því varð hjá rannsóknarlögreglunni að veita áfrýjanda skýr svör um afdrif víxilsins.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að stefndu verði sýknuð af kröfum áfrýjanda. Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. janúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Guðmundi Þórðarsyni, Hamraborg 12, Kópavogi, á hendur fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, f.h. ríkissjóðs Íslands, dómsmálaráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, Brekkuseli 22, Reykjavík, og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Boga Nilssyni, Giljalandi 21, Reykjavík, báðum fyrir hönd rannsóknarlögreglu ríkisins, Auðbrekku 6, Kópavogi.

I.

Dómkröfur.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 150.000,00 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Kröfur stefndu eru þessar:

Aðalkrafa: að málinu verði vísað frá dómi.

Fyrsta varakrafa: að stefndu verði alsýknaðir af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa: að stefndu verði að svo stöddu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Þriðja varakrafa: að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

Hinn 28. febrúar 1989 var kveðinn upp á bæjarþinginu dómur varðandi frávísunarkröfu stefndu. Var málinu þá vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, að fjárhæð 17.000,00 kr. Dómurinn var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar frá 17. apríl s.á. og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

II.

1. Málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í október 1986 hafi hann tekið víxil, að fjárhæð 150.000,00 kr., upp í kröfu, sem hann kveðst hafa átt á verslun í Reykjavík. Krafa þessi hafi verið samkvæmt tveimur skuldabréfum, en

verslunin hafi átt í nokkrum greiðsluerfiðleikum á þessum tíma. Víxillinn hafi verið út gefinn í Reykjavík 6. desember 1985 af Ósk Auðunsdóttur, Hamrahlíð 37, Reykjavík, og framseldur eyðuframsali og samþykktur til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands 21. janúar 1986 af Bárði Jóhannessyni, s.st. Stefnandi kveðst 31. október 1986 hafa sent innheimtubréf samkvæmt víxlinum, en daginn eftir hafi samþykkjandi víxilsins komið ásamt eiginkonu sinni, sem var útgefandi á víxlinum, til sín, og hafi þau sagt, að þau væru þegar búin að greiða þennan víxil. Ekki hafi víxillinn þó borið nein merki þess, að hann væri greiddur. Sama dag hafi rannsóknarlögreglumaður frá rannsóknarlögreglu ríkisins hringt til sín og spurt, hvort stefnandi hefði þennan víxil undir höndum. Er stefnandi játaði því, hafi lögreglan sagt, að hald yrði lagt á víxilinn vegna rannsóknar á máli. Síðan hafi komið maður frá lögreglunni, tekið víxilinn og kvittað fyrir móttöku á honum. Lögreglan hafi talið, að víxillinn væri þegar greiddur, og vegna rannsóknar á því máli hafi hald verið lagt á víxilinn. Ekki hafi komið fram, hvort lögreglan myndi skila víxlinum aftur að rannsókn lokinni.

Með bréfi, dags. 20. nóvember 1986, fór stefnandi þess á leit við rannsóknarlögreglu ríkisins, að hún afhenti víxilinn eða greiddi hann samkvæmt innheimtubréfi, dags. 31. október 1986, til víxilskuldara. Þá hefur stefnandi einnig lagt fram afrit af bréfi sínu til sama, dags. 20. janúar 1987, þar sem ítrekuð er beiðnin samkvæmt framangreindu bréfi. Í svarbréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 27. janúar 1987, er ástæða fyrir haldlagningu víxilsins sögð sú, „að aðili sá, sem móttók víxilinn hjá RLR, reyndist ekki hafa til þess heimild, auk þess sem víxillinn hefur verið greiddur þeim, er hafði víxilinn undir höndum í upphafi, er RLR lagði hald á hann".

Stefnandi ritaði rannsóknarlögreglu ríkisins enn bréf, dags. 29. október 1987, þar sem gerð er sú krafa, að hann fái víxilinn afhentan, ef unnt er, en ella, að greiðsla verði innt af hendi. Í svarbréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, sem dagsett er 30. nóvember 1987, kom fram, að hald hefði verið lagt á umræddan víxil „þann 18. febrúar 1986, þegar fram fór rannsókn á kærumálum á hendur Sumarliða Óskari og Arnóri Vikari Arnórssonum". Sumarliða hafi síðar verið afhentur víxillinn, en um haustið 1986 hafi Arnór upplýst, að hann hafi átt víxilinn, sem hefði verið greiddur á gjalddaga. Sumarliði hafi þrátt fyrir það notað víxilinn í viðskiptum án þess að hafa heimild til að ráðstafa honum á nokkurn hátt.

Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna aðgerða af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vegna mistaka hennar hafi umræddur víxill farið í umferð, en stefnandi kveðst hafa tekið við víxlinum grandalaus sem greiðslu upp í skuld verslunar, sbr. kvittun á dskj. nr. 10. Verslunin hafi orðið gjaldþrota á þeim tíma, sem víxillinn var í vörslum rannsóknarlögreglu ríkisins. Stefnandi kveðst því hvorki geta snúið sér til verslunarinn-

ar né til þess aðila, sem ranglega fékk víxilinn í hendur, þar sem hann sé einnig gjaldþrota. Stefnandi sitji því uppi með þann skaða, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þessa.

2.

Stefndu lýsa málavöxtum svo, að í febrúar 1986 hafi farið fram rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna kærumála á hendur bræðrunum Sumarliða Óskari Arnórssyni og Arnóri Vikari Arnórssyni vegna ætlaðra svika þeirra í meðferð skuldabréfa og víxla, sem þeir höfðu aflað í viðskiptum við ýmsa aðila. Við rannsókn málsins og í yfirheyrslum hafi komið fram, að þessi viðskipti hafi bræðurnir stundað saman, staðið að þeim ýmist báðir eða annar fyrir báða. Jafnframt hafi komið fram, að yfirleitt hafi Sumarliði haft frumkvæðið og komið fram fyrir hönd bræðranna. Húsleit hafi verið gerð í starfsstöð þeirra að Kárastíg 1 í Reykjavík og lagt hald á fjölda víxla, ávísana, skuldabréfa og annarra gagna. Í tengslum við rannsóknina hafi verið lagt hald á víxil þann, sem mál þetta snýst um. Það hafi tekið rannsóknarlögregluna tíma að afmarka kæruefni, og að því loknu hafi verið leitast við að afhenda bræðrunum öll þau gögn, sem ekki lutu beinlínis að því. Þar á meðal hafi verið umræddur víxill, og hafi Sumarliða verið afhentur hann ásamt fleiri gögnum 17. október 1986, þegar hann kom til RLR þeirra erinda að fá afhent öll þau gögn, sem ekki vörðuðu kæruefnið. Vegna þess, sem fram hafði komið undir rannsókn málsins um sameiginleg viðskipti og fjárhag bræðranna, hafi Sumarliða verið afhentur m.a. umræddur víxill að hans ósk.

Í framhaldi af innheimtubréfi stefnanda frá 31. október 1986 til Bárðar Jóhannessonar hafi Arnór leitað til rannsóknarlögreglu ríkisins og upplýst, að umræddur víxill væri til innheimtu hjá stefnanda. Arnór hafi jafnframt upplýst, að víxilinn hafi hann sjálfur átt og um það hafi Sumarliða, bróður sínum, verið fullkunnugt. Víxillinn hafi verið greiddur á gjalddaga, 21. janúar 1986, og því væri stefnandi að innheimta víxil, sem þegar hefði verið greiddur. Arnór hafi kært málið til rannsóknarlögreglunnar og krafist opinberrar rannsóknar vegna þeirrar háttsemi Sumarliða að misnota víxilinn í viðskiptum. Rannsóknarlögreglumaður hafi farið á fund stefnanda og gert honum grein fyrir málavöxtum. Hald hafi verið lagt á víxilinn án mótmæla eða fyrirvara af stefnanda hálfu. Víxillinn hafi síðan verið afhentur Arnóri 14. nóvember 1986.

III.

Lagarök aðila.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi ekki haft lagaheimild til að leggja hald á umræddan víxil. Því beri

henni samkvæmt culpa-reglunni að bæta stefnanda allt það tjón, er hann varð fyrir vegna þessa. Tjónið telur stefnandi vera andvirði víxilsins ásamt vöxtum, en víxilinn hafi hann tekið sem greiðslu upp í skuld og gefið kvittun fyrir. Hann hafi ekki getað gert þá kröfu á skuldarann, að hann leysti víxilinn til sín að nýju, þar sem lögreglan lagði hald á víxilinn, en nokkru síðar hafi skuldarinn orðið gjaldþrota.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi reist á því, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann eigi sakaraðild að málinu, og er í því sambandi vísað til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi verið réttur handhafi víxilsins með óslitinni framsalsröð. Í gögnum málsins komi fram misræmi um það, hvort stefnandi er sjálfur eigandi víxilsins eða einhver annar.

Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu stefndu, að engin mistök hafi orðið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í meðferð víxilsins. Hún beri enga ábyrgð á því, að víxillinn komst í umferð vegna aðgerða Sumarliða Arnórssonar. Þar að auki hafi meint tjón stefnanda engan veginn verið sennileg afleiðing þess, að rannsóknarlögreglan afhenti Sumarliða víxilinn. Rannsóknarlögreglan hafi lagt hald á víxilinn með stoð í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en stefnandi hafi afhent rannsóknarlögreglunni umræddan víxil án nokkurs fyrirvara, hvorki um bætur né að hann fengi víxilinn afhentan aftur. Því er mótmælt af hálfu stefndu, að það varði þá ábyrgð, að rannsóknarlögreglan afhenti Arnóri Arnórssyni víxilinn, eftir að hún lagði hald á víxilinn hjá stefnanda. Stefnandi hafi ekki fyrr en eftir þá afhendingu farið fram á, að hann fengi víxilinn aftur í hendur. Hann hafi ekki heldur leitað til dómstóla til að fá úr því skorið, hvort heimilt hafi verið að leggja hald á víxilinn. Mál hafi ekki verið höfðað, fyrr en liðið var hátt á annað ár, frá því að hald var lagt á víxilinn. Slíkt tómlæti hljóti að varða sýknu.

Í þriðja lagi er því mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki öðlast rétt samkvæmt víxlinum með óslitinni framsalsröð við gerning inter vivos, þar sem Sumarliði hafi aldrei fengið víxilinn framseldan. Stefnandi hafi annaðhvort verið grandsamur varðandi víxilinn eða a.m.k. sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, er hann tók við honum, þar sem gjalddagi hafi þá verið löngu liðinn.

Sýknukrafa að svo stöddu er reist á því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni. Hann hafi ekki látið reyna á það, hvort innheimta mætti skuldina hjá Sjónvarpsbúðinni, sem greiddi umrædda skuld með víxlinum, eða Sumarliða, sem kom hinum greidda víxli í umferð.

Krafa stefndu um lækkun dómkrafna stefnanda er reist á því, að stefnanda hafi borið að takmarka tjónið. Hann hafi ekki haldið rétti sínum til

haga, en víxilréttur hafi fyrnst á hendur útgefanda og ábyrgðarmönnum.

Stefndu mótmæla vaxtakröfum stefnanda og gera kröfu um, að vextir verði ekki dæmdir frá fyrri tíma en dómsuppkvaðningardegi. Dráttur sá, sem orðið hafi á málinu, sé algerlega á ábyrgð stefnanda.

IV.

Niðurstöður.

Í máli þessu hafa ekki komið fram haldbær rök fyrir því, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi haft lögmætar ástæður til að leggja hald á víxil þann, sem lýst er hér að framan og hún sótti í hendur stefnanda málsins í nóvember 1986, en engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvort eða hvernig rannsóknarlögreglan beitti haldlagningu í þágu rannsóknar á refsiverðri háttsemi. Þá verður að telja sannað með vísan til þess, sem fram hefur komið í málinu, að stefnandi hafi verið eigandi víxilsins, þegar lögreglan lagði hald á hann, og er stefnandi því réttur sóknaraðili málsins.

Telja verður mótmæli stefndu gegn bótakröfu stefnanda reista á því, að tjón stefnanda verði ekki rakið til aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Stefndu hafa bent á ýmsar aðrar ástæður, sem gætu legið að baki hinu meinta tjóni stefnanda, svo sem þá, að víxillinn hafi verið misnotaður af þriðja aðila. Ekki liggi fyrir, hvort stefnandi hafi átt réttmæta kröfu samkvæmt víxlinum. Þá hafi stefnandi ekki gert um það fyrirvara í tæka tíð við rannsóknarlögreglu ríkisins, að það skipti stefnanda máli að fá víxilinn aftur í hendur, en eins og fram hefur komið, tók hann við víxlinum sem greiðslu upp í skuld. Þykir því ljóst, að tjón stefnanda er ekki óhjákvæmilega til komið vegna þess, að lögreglan lagði hald á víxilinn.

Með vísan til þessa þykir stefnandi verða að bera hallann af því, að ósannað er, að tjón stefnanda, eins og hann hefur lýst því, verði rakið til aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 3. október sl.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissjóður Íslands og rannsóknarlögregla ríkisins, skulu sýkn vera af kröfum stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1991.

Nr. 242/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Kötlu Sigurgeirsdóttur
(Jóhann Þórðarson hrl.).

Fjársvik. Skilorð. Sönnun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1991 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu.

I.

Rannsókn vegna sakargifta í ákæru frá 18. júní 1990 er verulega ábótavant. Engin skýrsla var tekin af Eiríki Helgasyni, eiganda þess tékkheftis, sem ákærða er talin hafa falsað tékka úr, og engra gagna nýtur í málinu um rithönd hans. Rannsókn fór ekki fram á rithendi Ídu Harðardóttur, svo sem eðlilegt mátti þó teljast með hliðsjón af ætlaðri þátttöku hennar í meðferð tékkanna og óljósum framburði hennar og ákærðu. Aðeins í einu tilviki af sex voru skýrslur teknar af viðtakendum þeirra tékka, er þessi ákæra tekur til.

Með hliðsjón af framangreindum annmörkum rannsóknarinnar, reikulum framburði ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi og framburði vitna fyrir dómi verður ekki talið, að ákæruvaldinu hafi tekist að færa fram alveg óyggjandi sönnun um sök ákærðu, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærðu af sakargiftum um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa gefið út þá þrjá tékka, sem lýst er í ákæru frá 23. júlí 1990. Hún vissi þá, að bankareikningi hennar hafði verið lokað rúmlega hálfu ári áður að hennar

eigin ósk. Skýringar ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi um notkun tékkanna sem tryggingu og eftirfarandi óheimila notkun annarra á tveimur þeirra þykja svo órökstuddar og fjarri lagi, að þær verða eigi lagðar til grundvallar í málinu. Ber því að sakfella ákærðu fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þar sem ákærða er sýknuð af refsikröfu í ákæru frá 18. júní 1990, verður ekki dæmt um þær bótakröfur, sem fram voru settar vegna sakargifta í þeirri ákæru, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að hvorugur aðila óskaði þess, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, kæmu til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Stendur því óhögguð úrlausn héraðsdómara um skaðabætur vegna sakarefnis í ákæru frá 23. júlí 1990, sbr. 147. gr. laga um meðferð opinberra mála.

IV.

Nýtt sakavottorð ákærðu hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Þar kemur fram, að 18. apríl 1991 gekkst ákærða undir dómsátt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð um sama efni nr. 16/1986. Ber því að tiltaka refsingu ákærðu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga auk 77. gr. sömu laga, eins og í héraðsdómi greinir.

Með framangreindum athugasemdum og hliðsjón af persónulegum högum ákærðu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði sakarkostnað í héraði, eins og hann var ákveðinn í héraðsdómi.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða að hálfu á móti ríkissjóði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að með hliðsjón af andlegu ástandi ákærðu, sem svipt var sjálfræði með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1989, hefði verið rétt að skipa henni réttargæslumann við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram fóru dagana

8., 17. og 30. janúar 1990, sbr. 5. mgr. 80. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærða, Katla Sigurgeirsdóttir, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur.

Ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði sakarkostnað í héraði, eins og hann er ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi

Ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. maí 1991.

Ár 1991, mánudaginn 6. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 231/1991: Ákæruvaldið gegn Kötlu Sigurgeirsdóttur, sem tekið var til dóms 16. f.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 18. júní 1990 og 23. júlí 1990, á hendur ákærðu, Kötlu Sigurgeirsdóttur, atvinnulausri, til lögheimilis að Marargötu 7, Reykjavík, með dvalarstað að Snekkjuvogi 21, sama stað, kt. 140858-5449.

Með fyrri ákæru er kveðið á um málshöfðun á hendur ákærðu „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í nóvember 1989 í Reykjavík eftirtalda sex tékka, sem ákærða falsaði á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Austurstræti 19, Reykjavík, með nafni útgefanda, Eiríkur Helgason, og reikningsnúmeri 3426, en ákærða fékk síðan vinkonu sína, Ídu Harðardóttur, til að framselja tékkana og koma í verð fyrir sig, alla nema einn, sem ákærða framseldi sjálf. Tékkarnir eru allir dagsettir 6. nóvember og til handhafa nema einn:

1. Nr. 4303255, 8.000 kr. Notaður í Bókahöllinni, Glæsibæ, Álfheimum 74.

2. Nr. 4303256, 7.000 kr. Notaður í versluninni Útilífi, Glæsibæ.

3. Nr. 4303258, 8.000 kr. Notaður í matvöruversluninni í Glæsibæ.

4. Nr. 4303259, 8.000 kr. Notaður á einni af bensínstöðvum Olíufélagsins hf.

5. Nr. 4303260, 7.000 kr. Framseldur af ákærðu og notaður í verslun Hans Petersens hf., Glæsibæ.

6. Nr. 4303262, 15.000 kr., til Pósts og síma. Notaður í einu af póstútibúunum til að símsenda peninga norður á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Með síðari ákæru er málið höfðað á hendur ákærðu „fyrir tékkasvik með því að hafa gefið út til handhafa eftirtalda þrjá tékka á reikning sinn nr. 402 í Landsbanka Íslands, útibúinu á Raufarhöfn, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og notað tékkana í september 1989 til vörukaupa með eftirgreindum hætti í Reykjavík:

1. Nr. 0192503, 2.000 kr., dagsettur 11. september 1989. Notaður í Kjörbúðinni Laugarási við Norðurbrún.

2. Nr. 0192504, 3.000 kr., dagsettur 15. ágúst 1989. Notaður í einni af verslunum Nestis hf.

3. Nr. 0192511, 2.000 kr., dagsettur 20. september 1989. Notaður í fyrrnefndri kjörbúð.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Dómarinn tók við máli þessu 19. mars síðastliðinn, en fram að þeim tíma hafði hann engin afskipti af því.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 18. júní 1990.

Mánudaginn 6. nóvember 1989 kom Páll Hauksson, kt. 200248-4309, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) og kærði þjófnað á seðlaveski sínu og tékkhefti kunningja síns, Eiríks Helgasonar, kt. 250627-3949. Páll kvað stuldinn hafa verið framinn aðfaranótt sunnudagsins 5. s.m., er hann var gestkomandi á heimili Eiríks að Laugarásvegi 73 hér í borg, en þá nótt hefðu tvær konur komið heim til Eiríks og haft þar stutta viðdvöl. Morguninn eftir hefði síðan komið í ljós, að framangreindra verðmæta var saknað. Páll kvaðst hafa grennslast fyrir um konurnar og komist að því, að þær heita Ída og Katla, og búi hin síðarnefnda að Vesturgötu 22.

Ákærðu var kynnt ofangreind kæra við yfirheyrslu hjá RLR 8. janúar

1990. Kvaðst hún ekkert geta tjáð sig um málið, þar sem hún myndi ekki eftir ætlaðri heimsókn að Laugarásvegi 73. Ákærðu voru því sýnd ljósrit tékka þeirra, sem lýst er í 1.-4. og 6. tl., og frumrit tékkans í 5. tl. ákæruskjals. Aðspurð kannaðist hún síðan við rithönd sína á tékkunum og játaði fölsun þeirra allra. Hins vegar sagðist ákærða ekki vita, hvernig tékkhefti Eiríks hefði borist sér í hendur, og mundi ekkert nánar eftir notkun tékkanna. Tók ákærða fram af þessu tilefni, að hún hefði á umræddum tíma verið „mikið undir áhrifum fíkniefna", og væri minni sitt skert af þeim sökum. Ákærða kvaðst vera reiðubúin að endurgreiða helming tékkafjárhæðanna til móts við Ídu Harðardóttur.

Ída Harðardóttir var yfirheyrð hjá RLR 12. s.m. vegna ætlaðrar aðildar að málinu. Hún kvaðst muna eftir því að hafa farið ásamt ákærðu að Laugarásvegi 73 einhvern tíma að morgni dags í nóvember 1989, en neitaði að hafa stolið þar nokkrum hlut. Hvort ákærða hefði stolið einhverju, vissi Ída ekki, þar sem hún hefði lítið fylgst með ferðum ákærðu þar inni. Nokkrum dögum síðar hefði ákærða svo hringt til Ídu og beðið hana að skipta fyrir sig tékkum. Minnti Ídu, að ákærða hefði sagt, að tékkarnir væru í lagi, en hún gæti bara ekki skipt þeim, þar sem hún hefði engin persónuskilríki. Þær stöllur hefðu síðan farið saman í verslunarmiðstöðina Glæsibæ, þar sem Ída skipti nokkrum tékkum.

Ídu voru því næst sýnd ljósrit tékka í 1.-4. og 6. tl. ákæruskjals og hún beðin að tjá sig um hvern einstakan þeirra. Neitaði hún allri aðild að fölsun tékkanna, en viðurkenndi að hafa selt þá og kvaðst hafa verið í góðri trú. Ekki mundi hún, hvað keypt var fyrir tékkann í 1. tl., en kvað það hafa verið eitthvert lítilræði, sem hún fékk að halda sjálf, en afganginn af peningunum hefði hún afhent ákærðu. Fyrir tékkann í 2. tl. keypti Ída barnasundföt, að andvirði um 1000 krónur, en afganginn hefði ákærða fengið í hendur. Tékkann í 3. tl. sagðist Ída hafa notað til matvörukaupa, en einhvern afgang hefði hún fengið í reiðufé, sem ákærða tók til sín. Tékkinn í 4. tl., sagði Ída, að hefði verið notaður til að kaupa bensín á bifreið ákærðu, sem fengið hefði afganginn af andvirði tékkans. Loks hefði Ída notað tékkann í 6. tl. til að símsenda peninga fyrir ákærðu til einhvers manns á Akureyri.

Ákærða var kvödd að nýju til yfirheyrslu 17. janúar s.á. og var þá kynntur framburður Ídu Harðardóttur. Ákærða mótmælti ekki framburðinum, en kvaðst enn ekkert geta borið um málsatvik sökum minnisleysis.

Hér fyrir dómi hefur ákærða borið, að hún muni ekkert eftir ætlaðri heimsókn að Laugarásvegi 73, en taldi þó ekki ólíklegt, að hún hefði farið þangað umrætt sinn. Jafnframt sagði ákærða það geta verið rithönd sína á framangreindum sex tékkum, en eins gæti verið, að einhver hefði stælt rithöndina. Að öðru leyti kvaðst hún ekkert geta tjáð sig um málsatvik,

þar sem nóvembermánuður 1989 væri „algerlega dauður" fyrir henni. Er borin var undir ákærðu játning hennar hjá RLR, kvaðst hún á þeim tíma, er skýrslan var tekin, hafa verið fárveik af gulu, og eins hefði hún verið á einhverjum lyfjum. Kvaðst ákærða ekki muna frekar eftir nefndri yfirheyrslu, en staðfesti nafnritun sína á viðkomandi skýrslu.

Vegna framburðar ákærðu um veikindi og lyfjanotkun voru rannsóknarlögreglumennirnir Lúðvík Jóhannes Eiðsson, Óskar Sigurðsson og Egill Bjarnason kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra sem og annarra vitna, sem komið hafa fyrir dóm vegna málsins.

Vitnið Lúðvík Eiðsson staðfesti, að það hefði annast báðar yfirheyrslurnar hjá RLR og ákærða skýrt þar frá málsatvikum í samræmi við efni skýrslnanna beggja. Hefði hún svo lesið skýrslurnar yfir í lok yfirheyrslu og því næst staðfest þær með nafnritun sinni. Aðspurt kvaðst vitnið hafa sótt ákærðu til yfirheyrslu, í fyrra skiptið á geðdeild Landspítalans og í síðara skiptið á Vífilsstaðaspítala. Virtist ákærða vera meðvituð um stað og stund, og minntist vitnið þess ekki, að hún hefði verið í óeðlilegu ástandi, en gat þess jafnframt, að það þekkti hana ekki fyrir.

Vitnið Óskar Sigurðsson staðfesti, að það hefði vottað fyrri framburðarskýrslu ákærðu, og minntist ekki neins óeðlilegs í fari ákærðu, er hún undirritaði skýrsluna. Vitnið Egill Bjarnason tók í sama strang, en það staðfesti undirritun ákærðu á síðari framburðarskýrslunni. Hvorugt vitnanna minntist þess, að ákærða hefði haft í frammi athugasemdir við undirritunina.

Ída Harðardóttir gaf skýrslu vitnis fyrir dómi. Kvaðst hún lítið muna eftir málsatvikum, en kannaðist við framsalsnafnritun sína á tékkum í 1.-4. og 6. tl. ákæru, en ítrekaði jafnframt, að hún hefði selt þá alla í góðri trú. Vitnið sagðist ekki vita, hvort það hefði fengið tékkana frá ákærðu, og kvað minni sitt frá þessum tíma vera svo skert sökum fíkniefnaneyslu, að það gæti ekkert borið um málsatvik. Vitnið staðfesti hins vegar skýrslu þá, er það gaf við lögreglurannsókn málsins, og kvað þar rétt eftir sér haft. Þó gat vitnið þess, að það hefði aldrei séð ákærðu útfylla umrædda tékka, og vissi ekki, hvernig þeir væru til komnir.

Vitnið Helga Jónína Steinsdóttir, verslunarstjóri hjá Hans Petersen í Glæsibæ, skýrði svo frá, að það hefði verið statt í versluninni, er tékka þeim, sem lýst er í 5. tl. ákæru, var þar skipt. Jónína Pálmadóttir afgreiðslustúlka hefði á greindum tíma verið frammi í verslun við störf og komið með tékkann inn á kaffistofu og spurt vitnið, hvort óhætt væri að veita tékkanum viðtöku. Vitnið minnti fastlega, að búið hefði verið að rita framsal á tékkann og það hefði verið í samræmi við persónuskilríki með mynd, sem seljandi tékkans afhenti. Jónína hefði ekki getið um annað en

að myndin í skilríkjunum væri af þeim, sem væri að selja tékkann, og kannaðist vitnið við ákærðu af þeirri mynd, en þær hefðu áður verið saman í skóla. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð ákærðu frammi í verslun. Það hefði síðan samþykkt kaup á tékkanum, en vissi ekki, hvað keypt var fyrir hann.

Vitnið Jónína Sigrún Pálmadóttir kvað sig minna, að það hefði tekið við ofangreindum tékka í verslun Hans Petersens skömmu fyrir jól 1989, og hefði kona nokkur, á að giska 35 ára gömul, notað hann til kaupa á tveimur myndavélum. Þar sem konan framvísaði gömlum persónuskilríkjum með mynd, sem vitnið var í vafa um, hvort væri af notandanum, hefði það farið með skilríkin inn í bakherbergi og spurt verslunarstjórann, Helgu Jónínu Steinsdóttur, hvort það mætti taka við tékkanum sem greiðslu. Helga hefði kannast við myndina í skilríkjunum og sagt, að það væri í lagi að taka við tékka frá viðkomandi konu. Minnti vitnið, að Helga hefði síðan gægst fram í verslunina og staðfest, að notandi tékkans væri sama kona og myndin væri af.

Í rekstri málsins hefur farið fram rithandarrannsókn og samanburður á rithandarsýnum ákærðu við rithönd á þeim tékkum, sem í ákæru greinir. Rannsóknina annaðist Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður, en samkvæmt gögnum málsins hefur hann hlotið víðtæka menntun og starfsreynslu í skjalarannsóknum. Í niðurstöðum Haralds, sem hann hefur staðfest fyrir dómi og beinast aðallega að rannsókn á tékkum í 1.-5. tl., segir m.a. svo:

„Það er niðurstaða undirritaðs, að yfirgnæfandi líkur séu á því, að Katla Sigurgeirsdóttir, kt. 140858-5449, hafi fyllt út umrædda tékka... Þar sem ekki er að finna í gögnum málsins frumrit, heldur ljósrit, af tékka nr. 4303262, sem stílaður er á Póst og síma, að fjárhæð 15.000,00 kr., er ekki tekin afstaða til hans með afgerandi niðurstöðu. Þar sem sá tékki er hins vegar tilgreindur í ákæruskjali, lætur undirritaður það álit sitt í ljós, að ekki sé annað að sjá á ljósriti þessu en útfylling hans sé í fullkomnu skriftarlegu samræmi við útfyllingu þeirra tékka, sem hér er fjallað um og tilgreindir eru hér að framan."

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, hefur vitnið Ída Harðardóttir borið fyrir dómi, að ákærða hafi hringt til vitnisins í nóvember 1989 og beðið það að selja fyrir sig tékka þá, sem lýst er í 1.-4. og 6. tl. ákæruskjals. Segist vitnið ekki hafa séð ákærðu útfylla tékkana, en saman hafi þær farið í verslunarmiðstöðina Glæsibæ, þar sem vitnið framseldi umrædda tékka og notaði í viðskiptum „í góðri trú", svo að notuð séu orð vitnisins. Ákærða hefur borið fyrir sig algert minnisleysi um málsatvik, en kannaðist þó við nafnritun sína á framhlið tékkanna fimm við yfirheyrslur hjá RLR og játaði fölsun

þeirra allra. Hér fyrir dómi hefur hún hins vegar hvorki viljað játa ætluð brot né neita og borið fyrir sig, að hún hafi verið veik af gulu og undir áhrifum lyfja, er hún var yfirheyrð hjá RLR. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður þessa fullyrðingu ákærðu, og bendir framburður vitna frekar til hins gagnstæða. Þá hefur ákærða ekki vefengt framburð Ídu Harðardóttur og niðurstöðu fyrirliggjandi rithandarrannsóknar, sem hvort tveggja þykir veita veigamikla vísbendingu um sök ákærðu. Þegar framangreind atriði eru öll virt í heild, þykir nægilega sannað, að ákærða hafi gefið út ofangreinda tékka í nafni Eiríks Helgasonar og notað þá í viðskiptum á þann hátt, er í ákæru greinir. Varðar þessi háttsemi við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er og sannað með vísan til ofanritaðs, sem stoð fær í framburði vitnanna Helgu Jónínu Steinsdóttur og Jónínu Sigrúnar Pálmadóttur, að ákærða hafi gefið út og notað í viðskiptum tékka þann, sem lýst er í 5. tl. ákæru. Þykir hún einnig með þeirri háttsemi uppvís að broti gegn 1.mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirgreindir aðilar hafa lagt fram skaðabótakröfur í málinu vegna hinna fölsuðu tékka, sem allir eru ógreiddir:

Verslunin Útilíf hf. og Olíufélagið hf. hafa krafist endurgreiðslu á höfuðstól tékka í 2. og 4. tl. ákæru, en þar sem fram er komið, að ákærða var ekki ein um notkun þessara tékka, ber að vísa kröfunum frá dómi með skírskotun til 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 54, 1988.

Þá hefur Klemenz Eggertsson hdl., Garðatorgi 5, Garðakaupstað, krafist þess f.h. Hans Petersens hf., að útgefandi tékkans í 5. tl. ákæru verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkans, 7.000 krónur, ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékkans til greiðsludags. Tékkinn var sýndur í banka 7. nóvember 1989. Þrátt fyrir mótmæli ákærðu þykir rétt að taka kröfu þessa til greina og dæma hana til að greiða höfuðstól tékkans ásamt dráttarvöxtum skv. 15. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 7. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 23. júlí 1990.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu RLR, dagsettri 6. október 1989, var þann dag haft samband við útibú Landsbanka Íslands á Raufarhöfn og óskað eftir upplýsingum um það, hver væri eigandi tékkheftis, er hefði að geyma eyðublöð nr. 192501-25, en þá voru RLR farnir að berast falsaðir tékkar úr heftinu. Í ljós kom, að ákærða hafði fengið umrætt tékkhefti út á reikning sinn þar við bankann, en reikningnum síðan verið lokað í janúar 1989, án þess að heftinu væri skilað.

Einn framangreindra tékka er sá, sem lýst er í 2. tl. ákæru, en 27. septem-

ber s.á. hafði Nesti hf. sent RLR tékkann með þeirri orðsendingu, að hann hefði verið notaður í einni af verslunum Nestis sem greiðsla fyrir vörur. Við sýningu í banka hefði síðan ekki reynst vera næg innstæða á þessum tékkareikningi og eigandi hans, ákærða, ekki sinnt tilmælum um að greiða fjárhæð tékkans. Lagði félagið því fram kæru á hendur henni og krafðist auk þess skaðabóta.

Næst gerðist það í málinu 29. janúar 1990, að fyrirsvarsmaður Kjörbúðarinnar Laugaráss lagði fram kæru á hendur þeim aðila, sem framvísað hafði í versluninni tékkum þeim, sem lýst er í 1. og 3. tl. ákæru, og krafðist jafnframt endurgreiðslu á höfuðstól tékkanna ásamt vöxtum. Í kæru vegna fyrri tékkans segir, að hann hafi verið notaður til vörukaupa 11. september 1989, en ekki væri vitað, hver notandinn væri, né heldur, hver starfsmanna verslunarinnar hefði tekið við tékkanum. Í kæru vegna síðari tékkans segir, að honum hafi verið veitt viðtaka 20. s.m., en ekki lægju fyrir nánari upplýsingar um notkun hans.

Ákærða kom til skýrslugjafar hjá RLR vegna málsins 30. janúar 1990. Hún skýrði svo frá, að hún hefði í janúar 1989 haft samband við útibú Landsbankans á Raufarhöfn og óskað eftir, að tékkareikningi sínum yrði lokað. Sendi hún útibúinu síðan tékkhefti það, sem hún var með í notkun, ásamt meðfylgjandi bankakorti, en áttaði sig ekki á því, að hún ætti annað ónotað hefti í fórum sínum, þ.e. hefti það, sem umræddir tékkar væru úr. Mörgum mánuðum síðar hefði hún svo uppgötvað, að hún hafði þetta hefti undir höndum, og ætlað þá í fyrstu að senda heftið norður, en einhverra hluta vegna hefði það þó farist fyrir. Í ágúst taldi ákærða, að hún hefði svo farið að nota tékka úr þessu hefti, þrátt fyrir það að hún vissi, að reikningnum hefði verið lokað. Hún kvaðst að jafnaði hafa hagað notkuninni á þann hátt, að hún samdi um það við viðtakendur tékkanna, að þeir geymdu þá sem tryggingu, en síðan hefði hún komið aftur og leyst tékkana til sín. Kvaðst ákærða hafa gert þetta nokkrum sinnum, en einhverjir tékkanna hefðu engu að síður verið innleystir. Í stað þess að rífa tékkana, eftir að hún hefði leyst þá til sín, setti ákærða þá niður í skúffu á þáverandi heimili sínu, og kvaðst hún vera þess fullviss, að einhverjir þeirra fjölmörgu aðila, sem komu á heimilið á þessum tíma, hefðu tekið suma tékkana og sett þá aftur í umferð.

Ákærðu voru sýnd frumrit tékkanna þriggja, sem lýst er í ákæruskjali, og kannaðist hún við að hafa útfyllt þá að öllu leyti. Hins vegar treysti hún sér ekki til að fullyrða, hvort hún hefði notað tékkana sjálf á þeim stöðum, er í ákæru greinir. Tékkann í 1. tl. sagði hún geta verið einn þeirra, sem hún leysti aftur til sín og hefði síðan verið notaður að nýju. Af þeim sökum hafnaði hún algerlega bótakröfu vegna þess tékka. Ákærða taldi hins vegar líklegt, að hún hefði notað tékkann í 2. tl. sjálf, en síðan látið

undir höfuð leggjast að leysa hann til sín. Féllst hún því á bótakröfu vegna umræddS tékka. Ákærða kannaðist síðan ekkert við notkun tékkans í 3. tl. og hélt því fram, að þar væri á ferð einn þeirra tékka, sem hún hefði sett ofan í skúffu, en einhver annar notað í viðskiptum að nýju. Mótmælti hún því bótakröfu vegna tékkans.

Er ákærðu var birt ákæra í málinu, hreyfði hún ekki sérstökum mótmælum við efni hennar og viðurkenndi útgáfu tékkanna þriggja. Ekki minntist hún þess að hafa beðið viðtakendur tékkanna að geyma þá, en taldi þó, að hún hefði notað einhvern tékka úr heftinu á þennan hátt, og minnti, að það hefði verið í verslun Nestis í Kópavogi. Eftir að ákærða hafði lesið yfir framburðarskýrslu sína hjá RLR, kvað hún þetta rifjast betur upp fyrir sér og skýrði síðan frá málsatvikum í samræmi við þá skýrslu. Aðspurð kvaðst ákærða hafa notað nokkra tékka úr umræddu hefti í söluturnum við Vesturgötu, og einum tékka varði hún til bensínkaupa hjá Nesti í Fossvogi. Kvaðst hún í öllum tilvikum hafa dagsett tékkana fram í tímann og viðtakendur þeirra lofað að geyma þá í nokkra daga. Ákærða kvaðst ekkert geta sagt til um, hvort einhverjir þessara tékka væru hinir sömu og í ákæru greinir. Hins vegar kvað hún tékkann í 2. tl. geta verið þann, sem hún notaði til bensínkaupanna, en fullyrti, að hún hefði aldrei komið í Kjörbúðina Laugarás, og því hafi hún ekki getað notað þar tékkana, sem lýst er í 1. og 3. tl. ákæru. Ákærða gat þess sérstaklega, að hún hefði ekki gefið neina tékka út í sviksamlegum tilgangi og ætlun sín aldrei verið sú að blekkja neinn í lögskiptum. Framlögðum bótakröfum hafnaði hún með öllu.

Umboðsmenn tékkaeigendanna komu fyrir dóm vegna málsins, Jónas Magnús Guðmundsson f.h. Nestis hf. og Jóhann Stefánsson f.h. Kjörbúðarinnar Laugaráss. Hvorugur þessara aðila gat upplýst frekar um notkun tékkanna. Vitnið Jónas aftók ekki, að einhver starfsmanna Nestis í Fossvogi hefði tekið til geymslu tékka þann, sem í 2. tl. greinir, en tékkinn hefði þá verið sendur skrifstofu Nestis, og þangað hefði notandinn þurft að koma til að leysa hann til sín. Mundi vitnið ekki til þess, að svo hefði verið gert. Vitnið Jóhann kvað ólíklegt, að starfsfólk Laugaráss hefði tekið við tékkunum í 1. og 3. tl. til geymslu, þar sem slíkt væri ólöglegt, en kvað þetta þó stöku sinnum hafa verið gert fyrir reglulega viðskiptavini. Vitnið kvað notkunardag tékkanna vera óljósan, þrátt fyrir það að annað kæmi fram í kærum til RLR, enda hefði þar eingöngu verið um ályktun vitnisins að ræða.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærða viðurkennt að hafa gefið út þá þrjá tékka, sem lýst er í ákæru, þrátt fyrir það að hún vissi, að engin

innstæða væri á reikningi sínum og honum hefði verið lokað rúmlega hálfu ári áður. Tékkana kvaðst hún hafa dagsett fram í tímann og viðtakendur þeirra lofað að geyma þá í nokkra daga sem tryggingu, en síðan hefði ákærða ætlað að leysa tékkana til sín gegn greiðslu í reiðfé. Ekki mundi ákærða, hvar hún notaði tékkana, en taldi þó líklegt, að hún hefði notað tékka þann, sem lýst er í 2. tl. ákæruskjals, til bensínkaupa hjá Nesti í Fossvogi og að þann tékka hefði farist fyrir hjá sér að leysa til sín og hann því verið innleystur í banka. Hina tékkana hefði hún hins vegar fengið aftur og varðveitt á heimili sínu, þar sem þeir hlytu síðar að hafa verið teknir ófrjálsri hendi og notaðir í viðskiptum að nýju í Kjörbúðinni Laugarási, en þangað, fullyrðir ákærða, að hún hafi aldrei komið.

Eins og sakargögnum er farið í málinu, þykir verða að leggja ofangreindan framburð ákærðu til grundvallar og telja ósannað, að hún hafi staðið þannig að útgáfu tékkanna þriggja, að varði við 248. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna hana af því broti. Með útgáfu tékkanna hefur hún hins vegar gerst brotleg við 1. mgr. 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977, og þykir mega ákveða henni refsingu fyrir þá háttsemi með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, enda hefur verjanda ákærðu verið bent á þetta við meðferð málsins og gefinn kostur á að reifa málið með þetta í huga.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu ber að vísa bótakröfum vegna tékka í 1. og 3. tl. frá dómi, en dæma ákærðu til að greiða Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur vegna tékkans í 2. tl., enda telur dómurinn sannað, að ákærða hafi sjálf notað þar í viðskiptum umræddan tékka, og er krafa félagsins sanngjörn og nægilega rökstudd.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu gekkst hún árið 1979 undir dómsátt fyrir of hraðan akstur, en hefur annars ekki orðið uppvís að refsiverðri háttsemi, svo að vitað sé.

Refsing.

Ákærða hefur með framangreindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 73. gr. tékkalaga. Þykir refsingin með hliðsjón af framansögðu og 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði. Þar sem ákærða hefur ekki áður hlotið refsidóm fyrir sams konar eða samkynja brot, þykir þó mega ákveða að fresta fullnustu refsingarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan. Vísast nánar til dæmdra krafna í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Katla Sigurgeirsdóttir, sæti fangelsi tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði Klemenz Eggertssyni hdl. f.h. Hans Petersens hf. 7.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 7. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærða greiði Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 60.000 krónur.

Mánudaginn 25. nóvember 1991.

Nr. 322/1989. **Halla Grétarsdóttir**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sveini Elfari Lárussyni,
Sigurði Sveinssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök.

Bifreiðar. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 1.900.000 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar með 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. sama mánaðar, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 26. maí 1988 og með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember sama ár reiknast 27,2% ársvextir. Hún krefst þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bifreið gagnáfrýjanda Sigurðar Sveinssonar, R 15030, var á þeim

tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að aðilar máls þessa sömdu um fjárhagslegt uppgjör vegna örorku aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjendur undu því, að andlitslýti aðaláfrýjanda væru metin til varanlegrar örorku, og er örorkumatið ekki til álita í málinu að því leyti. Samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjenda og málflutningi er ekki vefengt, að aðaláfrýjanda beri miskabætur til viðbótar þeim örorkubótum, sem um var samið, heldur er einungis deilt um fjárhæð þeirra.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Gagnáfrýjendur, Sveinn Elfar Lárusson, Sigurður Sveinsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt aðaláfrýjanda, Höllu Grétarsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. janúar 1989, af Höllu Grétarsdóttur, kt. 040369-4579, Kleppsvegi 20, Reykjavík, á hendur Sveini Elfari Lárussyni, kt. 210662-4569, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurði Sveinssyni, kt. 160536-4709, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., kt. 580269-1339, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík. Vegna sameiningar stefnda Sjóvátryggingafélags Íslands hf. við Almennar tryggingar hf. í Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur hið nýja félag tekið við aðild málsins vegna hins stefnda tryggingafélags.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 1.900.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði aðeins gert að greiða

stefnanda hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður umstefnda kröfu vera miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón, er stefnandi varð fyrir í umferðarslysi 1. febrúar 1987 á mótum Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar í Reykjavík. Stefnandi hefði verið farþegi í framsæti bifreiðarinnar R-5056, og hefði henni verið ekið norður Kringlumýrarbraut og áfram á grænu ljósi yfir gatnamót við Suðurlandsbraut. Bifreiðinni R-15030 hefði verið ekið suður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Suðurlandsbrautar, eins og hún ætlaði áfram suður eftir Kringlumýrarbrautinni, en bifreiðin beygði á gatnamótum austur Suðurlandsbraut í veg fyrir bifreiðina, sem stefnandi var farþegi í, svo að harður árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar R-15030 hefði verið stefndi Sveinn Elfar Lárusson, en eigandi stefndi Sigurður Sveinsson. Stefnandi hefði slasast alvarlega. Hefði höfuð hennar rekist í framrúðu, og hefði hún verið mikið skorin á enni með 8 cm skurð frá vinstra efra augnaloki skálægt upp á við til hægri upp á mitt enni, sem náði gegnum vöðvalög, ásamt fleiri stórum skurðum á enni. Stefnandi hefði einnig haft talsvert hruflsár á vinstri hendi og glerbrot í skurði við baugfingur. Stefnandi hefði verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í sjúkrabifreið kl. 3.16 1.2. 1987, þar sem gert hefði verið að sárum hennar.

Stefnandi hefði leitað til Ólafs Einarssonar, lýtalæknis við Landspítala, 1. apríl 1987 til að fá lagfærð ör, er hún bar eftir slysið. Hefði hún þá verið með allljótt ör vinstra megin á enni og annað, sem náði niður í vinstri augabrún, svo að rof var í augabrúninni og bogadregin útlína hennar skaraðist, — að auki minni ör víðar á enninu og eitt lítið á höku. Hefði læknirinn ákveðið að bíða með aðgerð, er framkvæmd hefði verið 17. desember 1987. Hinn 26. apríl 1988 hefði verið fengin ljósmynd af andliti, sem sýni endanlegt útlit og árangur. Niðurstaða og álit læknisins sé svohljóðandi: „Sjúklingur mun hafa lent í bílslysi hinn 2. febrúar 1987 og fengið við það áverka víðsvegar á andlit. Einkanlega hlaut hún allslæm ör á mitt enni vinstra megin sem og í augabrúnina. Augabrúnin hefur verið lagfærð með skurðaðgerð. Meðfylgjandi ljósmyndir sýna glögglega endanlegt útlit og lýti af örunum."

Stefnandi hefði farið í örorkumat til Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis 20.9. 1988, og skilaði læknirinn örorkumati, dags. 28.9. 1988. Örorka stefnanda vegna öranna á enni, augabrún og breyting á útliti vinstra auga

sé þar metin til varanlegrar örorku. Örorka hennar vegna slyssins sé því sem hér segir:

Frá slysinu í ½ mánuð 100%.

Síðan varanleg örorka 10%.

Örorkuútreikningur vegna framangreindrar örorku stefnanda hefði verið gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni, dags. 1. nóvember 1988, og hefði honum reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr.	18.400
" varanlegrar "		"	1.120.600
	Samtals	kr.	1.139.000

Örorkutjón stefnanda hefði fengist uppgert hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. með samkomulagi 14. nóvember 1988 með vöxtum og kostnaði, 985.318 kr., en hins vegar hefði ekki náðst samkomulag um fjárhæð miskabóta og bætur fyrir lýti og allt óbeint tjón, og sé mál þetta því höfðað.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 um fébótaábyrgð og vátryggingu, einkum 1. mgr. 67. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 69. gr. og 1. og 2. mgr. 74. gr. Enn fremur vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar og til 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til laga um vátryggingu nr. 20/1954.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ekki ágreining um bótaskyldu, heldur einungis um fjárhæð miskabóta. Þegar sé búið að greiða útlagðan kostnað, 35.040 kr., sbr. dskj. nr. 27, en skv. dskj. nr. 28 sjáist, að þessi fjárhæð sé hluti bótagreiðslunnar á dskj. nr. 29.

Kröfu um „miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón" er mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við íslenskar dómvenjur. Stefndu leggja áherslu á, að læknar meti miska ætíð sem hluta þeirrar örorku, sem þeir meti. Sé sérstök ástæða til þess að vekja athygli á orðum Jónasar Hallgrímssonar læknis á dskj. nr. 21, en þar segi í niðurstöðum hans, en (sic) þar meti hann stefnanda til varanlegrar örorku vegna „öranna á enni, augabrún og breyting (sic) á útliti vinstra auga". Sé ljóst, að hlutur miska sé stór og hafi því verið bættur. Sé vísað til ritgerðar Páls Sigurðssonar, þáverandi tryggingayfirlæknis, um örorkumat í Tímariti lögfræðinga árið 1972, bls. 37-50.

Um fjárhæð miskabóta vísa stefndu til Hrd. 1985, bls. 655.

Stefndu mótmæla vaxtakröfu, bæði vaxtafæti, útreikningsaðferð og upphafstíma. Við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu virðist eðlilegt að

reikna vexti eins og um fjárhagstjón sé að ræða, ef miskinn er reiknaður á verðlagi slysdags. Sé miski hins vegar reiknaður á verðlagi við uppsögu dóms, sem virðist á margan hátt eðlilegra, þar sem meta verði miskann af mörgu, er gerist eftir slysdag, m.a. áhrifum slyss á hugarfar hins slasaða, hvernig meiðslin voru, hvort læknisaðgerðir og sjúkdómslega hafi verið sársaukafullar og hvort hinn slasaði beri lýti eftir, þá ætti ekki að dæma vexti nema frá lokum aðfararfrests eða uppsögu dóms, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hafi notið fullrar verðtryggingar.

Þá halda stefndu því fram, að það sé gegn dómvenju að dæma dráttarvexti af skaðabótakröfum nema í fyrsta lagi eftir, að dómur er genginn.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er eingöngu deilt um fjárhæð miskabóta vegna slyss þess, er stefnandi varð fyrir. Enginn ágreiningur er um bótaskyldu.

Þegar fyrir lá, hverjir varanlegir áverkar stefnanda myndu verða eftir slysið, var stefnandi metinn 10% varanlegur öryrki vegna öranna, sem hún hlaut í andliti. Samkvæmt niðurstöðu örorkumatsins virðist mega fallast á það með lögmanni stefndu, að örorkan sé að verulegu leyti byggð á miska þeim, sem stefnandi varð fyrir, en bendi ekki til þess, að aflahæfi stefnanda hafi skerst vegna þeirra. Af hálfu stefndu er þess krafist, að miskabætur verði lækkaðar, m.a. með tilliti til þessa. Því hefur verið andmælt af hálfu stefnanda.

Aðilar sömdu um uppgjör utan réttar samkvæmt örorkutjónsútreikningi, sem reistur var á framangreindu örorkumati. Var í því uppgjöri tekið tillit til skattfrelsis bótanna, og fór uppgjörið fram eins og um bætur vegna fjárhagslegs tjóns hefði verið að ræða. Á skaðabótakvittun, sem lögð hefur verið fram í málinu og rituð er á eyðublað frá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., er svohljóðandi áritun: „Greitt vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, vaxta, innheimtulauna og kostnaðar vegna málsins. Eftir er að greiða skaðabætur vegna miska." Kvittunin er undirrituð af lögmanni stefnanda vegna stefnanda, og á hana er síðan ritað: „Samþ. O.B.". Samkvæmt kvittun þessari virðist ljóst, að aðilar voru eingöngu að semja um fjárhagslegt tjón stefnanda, og voru miskabætur undanskildar. Þrátt fyrir þær ályktanir, sem draga má af örorkumatinu um áhrif miska á þá niðurstöðu, verður að líta svo á, að aðilum hafi verið frjálst að semja sem þeir gerðu, og er ekki á það fallist, að stefndu geti nú krafist þess, að einhver óviss hluti þessarar fjárhæðar verði metinn til miska. Þá ber og að líta til þess, að stefndu krefjast ekki sýknu, þótt miski kynni að vera fullbættur að mati dómara með ofangreindri fjárhæð. Er ekki ljóst, við hvað beri að miða slíkan umframmiska. Af þessum sökum þykir verða að

líta fram hjá framangreindum örorkubótum og meta miskann án tillits til þess, hverjar bætur stefnandi er búinn að fá vegna meints fjárhagslegs tjóns.

Með tilliti til áverka stefnanda og varanlegra afleiðinga þeirra svo og með vísan til sjúkrasögu hennar eftir slysið þykja hæfilegar miskabætur henni til handa ákveðnar 240.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess, að vextir leggjast á bæturnar frá slysdegi, en vextir ákvarðast eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda 74.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Ber málskostnaður vexti eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinn Elfar Lárusson, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurður Sveinsson, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði in solidum stefnanda, Höllu Grétarsdóttur, Kleppsvegi 20, Reykjavík, 240.000 kr. ásamt 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 26. maí 1988, en með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember s.á. dæmast 27,2% ársvextir. Leggjast vextir á höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá greiði stefndu stefnanda 74.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvember 1991.

Nr. 323/1989. **Anna Björk Jónsdóttir**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sveini Elfari Lárussyni,
Sigurði Sveinssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök.

Bifreiðar. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 2.000.000 króna eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar með 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. sama mánaðar, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 26. maí 1988 og með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember sama ár reiknast 27,2% ársvextir. Hún krefst þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bifreið gagnáfrýjanda Sigurðar Sveinssonar, R 15030, var á þeim

tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að aðilar máls þessa sömdu um fjárhagslegt uppgjör vegna örorku aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjendur undu því, að andlitslýti aðaláfrýjanda væru metin til varanlegrar örorku, og er örorkumatið ekki til álita í málinu að því leyti. Samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjenda og málflutningi er ekki vefengt, að aðaláfrýjanda beri miskabætur til viðbótar þeim örorkubótum, sem um var samið, heldur er einungis deilt um fjárhæð þeirra.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Gagnáfrýjendur, Sveinn Elfar Lárusson, Sigurður Sveinsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt aðaláfrýjanda, Önnu Björk Jónsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. janúar 1989, af Önnu Björk Jónsdóttur, kt. 250269-3909, Selvogsgrunni 9, Reykjavík, á hendur Sveini Elfari Lárussyni, kt. 210662-4569, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurði Sveinssyni, kt. 160536-4709, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., kt. 580269-1339, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík. Vegna sameiningar stefnda Sjóvátryggingafélags Íslands hf. við Almennar tryggingar hf. í Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur hið nýja félag tekið við aðild málsins vegna hins stefnda tryggingafélags.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 2.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði aðeins gert að greiða stefnanda hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður umstefnda kröfu vera miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón, er stefnandi varð fyrir í umferðarslysi 1. febrúar 1987 á mótum Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar í Reykjavík. Stefnandi hefði verið ökumaður bifreiðarinnar R-5056, og hefði hún ekið norður Kringlumýrarbraut og ætlað áfram á grænu ljósi yfir gatnamót við Suðurlandsbraut. Bifreiðinni R-15030 hefði verið ekið suður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Suðurlandsbrautar, eins og hún ætlaði áfram suður eftir Kringlumýrarbrautinni, en bifreiðin beygði á gatnamótum austur Suðurlandsbraut í veg fyrir bifreið stefnanda, svo að harður árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar R-15030 hefði verið stefndi Sveinn Elfar Lárusson, en eigandi stefndi Sigurður Sveinsson. Stefnandi hefði slasast alvarlega. Hefði höfuð hennar rekist í framrúðu, og hefði hún verið mikið skorin í andliti af völdum glerbrota og nokkrar glerflísar í hægra auga. Margir þverlægir skurðir hefðu verið á enni og einnig skurðir á vinstri kinn og skurður yfir nefi. Sár hefði verið á hornhimnum beggja augna. Þá hefði verið stór skurður og djúpur neðan við hægri hnéskel. Hefði stefnandi verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í sjúkrabifreið kl. 3.19 1.2.1987, þar sem gert hefði verið að sárum hennar, og síðar sama dag, kl. 13.30, lagður bráðainnlögn á augndeild Landakotsspítala, þar sem hún gekkst undir aðgerð í svæfingu. Í ljós hefði komið djúpur flipaskurður utarlega í hægri hornhimnu, sem náði niður í gegnum 9/10 af þykkt hornhimnunnar, en þó hvergi alveg í gegn. Mikið af glermylsnu hefði verið í sárinu. Auk þess hefðu verið grunnir skurðir þvert yfir hornhimnu „centralt" og einnig grunnar rispur utan til á hornhimnu, sem gengu út í hvítu, og hefðu þeir skurðir einnig verið með glermylsnu í. Á vinstra auga hefði verið rifa í slímhúð, ofan til á auganu, og þegar slímhúðinni var lyft frá, hefði komið í ljós djúpur flipaskurður í hvítu, sem náði þó hvergi alveg í gegn. Flipinn hefði verið saumaður við aftur og slímhúðin sömuleiðis. Vinstra auga hefði einnig verið marið innvortis, aðallega ofan og utan til. Hefði stefnandi auk þess verið með mjög mikið mar í augnlokum og skurði, sem voru hreinsaðir og saumaðir.

Stefnanda hefði heilsast vel, og hefði hún farið heim 7.2.'87.

Stefnandi hefði leitað til Ólafs Einarssonar, lýtalæknis við Landspítalann, 8. apríl 1987 til að fá lagfærð ör, er hún bar eftir slysið, einkum í andliti. Hefði hún verið með rauðleit ör, allmörg, á við og dreif á enninu miðju og einnig fyrir ofan vinstri augabrún, alveg upp undir hársvörð, sömuleiðis litla örmyndun með fyrirferðaraukningu við hægri, miðlæga augnkrókinn. Hefði læknirinn ákveðið að bíða með aðgerð, er framkvæmd var 17. desember 1987. Hefði þetta gróið vel, og voru saumar teknir 23.

desember 1987. Hinn 25. apríl 1988 hefði verið fengin ljósmynd af andliti, sem sýni endanlegt útlit og árangur, og einnig við sama tækifæri fengin ljósmynd af örinu neðan við hægri hnéskel. Höfðu þá örin á enninu sem og fyrirferðaraukningin eitthvað skánað við aðgerðina, en læknirinn hefði talið frekari aðgerðir ekki myndu bæta útlitið, svo að nokkru næmi, þótt hugsanlegt væri að taka upp örið undir hnéskelinni. Niðurstaða og álit læknisins sé svohljóðandi: „Sj. hefur, eftir að hafa lent í bílslysi hinn 2. febrúar 1987, hlotið varanleg ör í andliti, einkanlega á enni og nefrót, sem og langt ör, um 7-8 cm langt og 7-8 mm breitt, undir hægri hnéskel. Hin varanlegu mein eru einungis í formi lýta, engin hreyfihömlun eða lömun hefur orðið og „andlits-mikik“ (sic) er eðlileg. Meðfylgjandi ljósmyndir sýna glögglega endanlegt útlit og lýti af örunum.“

Samkvæmt vottorði Guðmundar J. Guðjónssonar, læknis við bæklunarskurðdeild Landspítalans, 18.8.1988, hefði stefnandi komið inn á bæklunarskurðdeild Landspítalans 29.3.1988 og þá verið talinn með slitinn liðþófa innanvert í vinstra hné. Hefði verið gerð á henni aðgerð 30.3.1988 og komið í ljós, að svo var, liðþófinn var skemmdur. Hefði það verið staðfest með speglun á liðnum. Í framhaldi af því hefði liðþófinn verið tekinn, og er stefnandi útskrifaðist 1.4., hefði hún verið með saumana í sér og gróandi sára sinna. Telji læknirinn þetta liðþófaslit afleiðingu slyssins 1.2.1987, enda hefði hún ekki hlotið neinn áverka á hné í önnur skipti. Hefði hún fengið rifu á liðþófann í slysinu, og síðan hefði rifa þessi smátt og smátt stækkað, en við komu hefði hún verið með hálfgildings-læsingar á fætinum. Niðurstaða læknisins sé: „Ég tel, að hér sé um að ræða liðþófaslit, sem gert var við og kom vegna slyss, sem sjúkl. lenti í í febrúar 1987. Liðþófinn var tekinn í aðgerð 30.3.1988. Það er verra að hafa ekki liðþófa, það er meiri hætta á slitgigt í hnénu, að talið er. Þetta er eins og „stuðdempari“ þarna í hnénu. Hún stundar íþróttir og er í jazzballett, þannig að þetta getur verið dálítið bagalegt fyrir hana.“

Stefnandi hefði farið í örorkumat til Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis 8.8.1988, og skilaði læknirinn örorkumati, dags. 13.9.1988. Örorka stefnanda vegna öranna í andlitinu sé þar metin 5% og vegna varanlegra skemmda í vinstra hné 10%, samtals 15%. Örorka hennar vegna slyssins sé því sem hér segi:

Frá slysinu í 1 mánuð 100%.
Síðan varanleg örorka 15%.

Örorkuútreikningur vegna framangreindrar örorku stefnanda hefði verið gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni, dags. 5. október 1988, og hefði honum reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	35.000
Vegna varanlegrar örorku	—	1.645.800
Samtals	kr.	1.680.800

Örorkutjón stefnanda hefði fengist uppgert hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. með samkomulagi 14. nóvember 1988 með vöxtum og kostnaði, 1.464.141 kr., en hins vegar hefði ekki náðst samkomulag um fjárhæð miskabóta og bætur fyrir lýti og allt óbeint tjón, og sé mál þetta því höfðað.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 um fébótaábyrgð og vátryggingu, einkum 1. mgr. 67. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 69. gr. og 1. og 2. mgr. 74. gr. Enn fremur vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar og til 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til laga um vátryggingu nr. 20/1954.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ekki ágreining um bótaskyldu, heldur einungis um fjárhæð miskabóta. Þegar sé búið að greiða útlagðan kostnað, 35.040 kr., sbr. dskj. nr. 42, en skv. dskj. nr. 45 sjáist, að þessi fjárhæð sé hluti bótagreiðslunnar á dskj. nr. 44.

Kröfu um „miskabætur og bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum og fyrir allt óbeint tjón" er mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við íslenskar dómvenjur. Stefndu leggja áherslu á, að læknar meti miska ætíð sem hluta þeirrar örorku, sem þeir meti. Sé sérstök ástæða til þess að vekja athygli á orðum Jónasar Hallgrímssonar læknis á dskj. nr. 37, sem þar segi í niðurstöðum hans, en þar meti hann stefnanda til varanlegrar örorku vegna öranna í andliti á 5%. Sé ljóst, að hlutur miska sé stór og hafi því verið bættur. Sé vísað til ritgerðar Páls Sigurðssonar, þáverandi tryggingayfirlæknis, um örorkumat í Tímariti lögfræðinga árið 1972, bls. 37-50.

Um fjárhæð miskabóta vísa stefndu til Hrd. 1985, bls. 655.

Stefndu mótmæla vaxtakröfu, bæði vaxtafæti, útreikningsaðferð og upphafstíma. Við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu virðist eðlilegt að reikna vexti eins og um fjárhagstjón sé að ræða, ef miskinn er reiknaður á verðlagi slysdags. Sé miski hins vegar reiknaður á verðlagi við uppsögu dóms, sem virðist á margan hátt eðlilegra, þar sem meta verði miskann af mörgu, er gerist eftir slysdag, m.a. áhrifum slyss á hugarfar hins slasaða, hvernig meiðslin voru, hvort læknisaðgerðir og sjúkdómslega hafi verið sársaukafullar og hvort hinn slasaði beri lýti eftir, þá ætti ekki að dæma vexti nema

frá lokum aðfararfrests eða uppsögu dóms, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hafi notið fullrar verðtryggingar.

Þá halda stefndu því fram, að það sé gegn dómvenju að dæma dráttarvexti af skaðabótakröfum nema í fyrsta lagi eftir, að dómur er genginn.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er eingöngu deilt um fjárhæð miskabóta vegna slyss þess, er stefnandi varð fyrir. Enginn ágreiningur er um bótaskyldu.

Þegar fyrir lá, hverjir varanlegir áverkar stefnanda myndu verða eftir slysið, var stefnandi metinn 10% varanlegur öryrki vegna skemmda í vinstra hné og 5% varanlegur öryrki vegna öranna, sem hún hlaut í andliti. Samkvæmt niðurstöðu örorkumatsins virðist mega fallast á það með lögmanni stefndu, að örorkan vegna andlitsmeiðslanna sé að verulegu leyti byggð á miska þeim, sem stefnandi varð fyrir, en bendi ekki til þess, að aflahæfi stefnanda hafi skerst vegna þeirra. Af hálfu stefndu er þess krafist, að miskabætur verði lækkaðar, m.a. með tilliti til þess, að stór hluti miska hafi þegar verið bættur með örorkutjónsuppgjörinu. Því hefur verið andmælt af hálfu stefnanda.

Aðilar sömdu um uppgjör utan réttar samkvæmt örorkutjónsútreikningi, sem reistur var á framangreindu örorkumati. Var í því uppgjöri tekið tillit til skattfrelsis bótanna, og fór uppgjörið fram eins og um bætur vegna fjárhagslegs tjóns hefði verið að ræða. Á skaðabótakvittun, sem lögð hefur verið fram í málinu og rituð er á eyðublað frá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., er svohljóðandi áritun: „Greitt tímabundin og varanleg örorka, vextir, innheimtulaun (sic) og kostnaður. Eftir er að greiða skaðabætur vegna miska." Kvittunin er undirrituð af lögmanni stefnanda vegna stefnanda, og á hana er síðan ritað: „Samþ. O.B.". Samkvæmt kvittun þessari virðist ljóst, að aðilar voru eingöngu að semja um fjárhagslegt tjón stefnanda, og voru miskabætur undanskildar. Þrátt fyrir þær ályktanir, sem draga má af örorkumatinu um áhrif miska á þá niðurstöðu, verður að líta svo á, að aðilum hafi verið frjálst að semja sem þeir gerðu, og er ekki á það fallist, að stefndu geti nú krafist þess, að einhver óviss hluti þessarar fjárhæðar verði metinn til miska. Þá ber og að líta til þess, að stefndu krefjast ekki sýknu, þótt miski kynni að vera fullbættur að mati dómara með ofangreindri fjárhæð. Er ekki ljóst, við hvað beri að miða slíkan umframmiska. Af þessum sökum þykir verða að líta fram hjá framangreindum örorkubótum og meta miskann án tillits til þess, hverjar bætur stefnandi er búinn að fá vegna meints fjárhagslegs tjóns.

Með tilliti til áverka stefnanda og varanlegra afleiðinga þeirra svo og með vísan til sjúkrasögu hennar eftir slysið þykja hæfilegar miskabætur henni

til handa ákveðnar 300.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess, að vextir leggjast á bæturnar frá slysdegi, en vextir ákvarðast eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda 84.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Ber málskostnaður vexti eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinn Elfar Lárusson, Heimahaga 5, Selfossi, Sigurður Sveinsson, Súluhólum 2, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum stefnanda, Önnu Björk Jónsdóttur, Selvogsgrunni 9, Reykjavík, 300.000 kr. ásamt 10% ársvöxtum frá 2. febrúar 1987 til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana frá þeim degi til 25. maí 1988, en með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að tímabilið 1. nóvember 1988 til 1. desember s.á. dæmast 27,2% ársvextir. Leggjast vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1988. Þá greiði stefndu stefnanda 84.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. nóvember 1991.

Nr. 457/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorgeiri Jónssyni
og Ólafi Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilum var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember sl. kynnt kæra ríkissaksóknara. Taka þeir undir kröfur ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins er eftirfarandi grein gerð fyrir málavöxtum:

„Aðfaranótt laugardagsins 23. febrúar sl. stöðvaði lögreglan í Njarðvík akstur bifreiðarinnar G-27697, sem ekið var norður Njarðarbraut þar í bæ með allt að 136 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Ökumaður bar einkenni ölvunar og viðurkenndi að hafa neytt áfengis skömmu áður. Hann kvaðst heita Þorgeir Jónsson, til heimilis að Rauðagerði 49, Reykjavík, og undirritaði því nafni skýrslu varðstjóra og vottorð um, að honum hefði verið kunngerð ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Blóðsýni úr ökumanni var sent til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í sýninu 2,13‰. Þann 3. apríl sl. var ökumaður yfirheyrður um meint ölvunar- og hraðakstursbrot í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Gekkst hann við greindum brotum og undirritaði lögregluskýrslu með nafninu Þorgeir Jónsson. Málið var því næst sent sakadómi Reykjavíkur, þar sem maðurinn gekkst undir hina kærðu dómsátt. Var honum með sáttinni gert að sæta 42.000 króna sekt og sviptingu ökuréttinda í 14 mánuði. Þann 31. október sl. kom bróðir nefnds Þorgeirs, Ólafur Jónsson, einnig til heimilis að

Rauðagerði 49, Reykjavík, á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík og viðurkenndi að hann, en ekki Þorgeir, hefði verið ökumaður bifreiðarinnar G-27697, er lögreglan stöðvaði akstur hennar í Njarðvík í ofangreint sinn. Ólafur kvaðst hins vegar hafa gefið upp nafn Þorgeirs bróður síns, og undirritað skýrslur því nafni hjá lögreglunni í Njarðvík og lögreglunni í Reykjavík. Hann hefði einnig mætt í sakadómi Reykjavíkur, kveðist vera Þorgeir og ritað undir dómsátt með nafni hans. Ólafur mætti í sakadómi Reykjavíkur þann 12. þ.m. og viðurkenndi brot sitt. Þorgeir gaf skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 11. þ.m. og fyrir sakadómi daginn eftir og kvaðst saklaus af greindu broti. Því liggur fyrir að með hinni kærðu dómsátt hefur saklaus maður verið látinn undirgangast greiðslu sektar og sæta sviptingu ökuréttinda."

Ólafur Jónsson hefur gengist við því að hafa gefið upp nafn Þorgeirs, bróður síns, við rannsókn máls þessa hjá lögreglu og við dómsáttarmeðferð þess fyrir sakadómi Reykjavíkur og óskað þess, að málið verði leiðrétt gagnvart Þorgeiri. Málsatvik þykja að fullu upplýst. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 342/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ólafi Hvanndal
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí sl. að ósk ákærða.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ólafur Hvanndal, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1991.

Ár 1991, mánudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 344/1991: Ákæruvaldið gegn Ólafi Hvanndal, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. þ.m., á hendur Ólafi Hvanndal, Austurbergi 38, Reykjavík, kt. 270162-3719, ,,fyrir að aka laugardaginn 9. mars 1991 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreið-

inni MA-661 frá heimili sínu að Faxafeni og á þeirri leið vestur Suðurlandsbraut og inn í Skeiðarvog, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvitum fyrir aksturstefnu hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir:

— — —

Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að laugardaginn 9. mars sl. hafi hann ekið bifreiðinni MA-661, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá heimili sínu að Faxafeni. Jafnframt viðurkenndi hann, að á þeirri leið hefði hann ekið vestur Suðurlandsbraut og inn á Skeiðarvog, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvitum fyrir akstursstefnu hans.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir: [Ákærði hefur sætt sex refsidómum, m.a. 4 sinnum fyrir ölvunarakstur, og hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt síðan 1985.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir hún með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Hvanndal, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

1905

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 348/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur án ökuréttinda. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1991 að ósk ákærða. Af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar á sakfellingu og ökuleyfissviptingu, en að refsing verði þyngd og staðfest verði, að hún komi til viðbótar óafplánuðum 697 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausn, veittri frá 4. ágúst 1989.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og sýknu af kröfu um ökuleyfissviptingu. Komi til varðhalds, er þess krafist, að skilorð reynslulausnar standi óbreytt og varðhaldið verði skilorðsbundið.

Með hliðsjón af forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Er þá litið til þess, að þegar brot það, sem hér er til meðferðar, er dæmt með eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausn 4. ágúst 1989, vegur það fremur lítið, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt er til þess litið, að með héraðsdóminum er ökuleyfissvipting áréttuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði. Það athugast að samkvæmt gögnum málsins hefur ferðakostnaður verjanda ákærða í héraði verið lagður við málsvarnarlaun hans í héraðsdómi í stað þess að ákveða eingöngu málsvarnarlaunin. Málsvarnarlaunin eru þannig í raun 30.000 krónur án virðisaukaskatts, og ber að staðfesta það.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Magnús Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ.m., er höfðað hér fyrir sakdóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. desember 1990, á hendur Magnúsi Einarssyni, Sólhlíð 26, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjalinu gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum, eins og hér greinir:

„Fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævinlangt bifreiðinni R-2031 frá Keisaranum við Laugaveg í Reykjavík að Njálsgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

Að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að grunur léki á, að ökumaður bifreiðarinnar R-2031, sem væri að aka af stað frá veitingastaðnum Keisaranum, Laugavegi 116, væri ölvaður. Lögreglumenn, sem tilkynninguna höfðu fengið, veittu bifreiðinni þegar í stað eftirför vestur Laugaveg og suður Vitastíg og vestur Njálsgötu, þar sem ökumaður stöðvaði bifreiðina við hús nr. 27. Ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, viðurkenndi strax við frumyfirheyrslu hjá lögreglu að hafa ekið nefndri bifreið undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa. Við frekari meðferð málsins, bæði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumanni í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og eins hér fyrir dómi, hefur ákærði afdráttarlaust viðurkennt brot sitt, en eins og síðar greinir, hefur ákærði nokkrum sinnum verið sviptur ökuréttindum og nú síðast með dómi sakadóms Kjósarsýslu, Hafnarfirði, 22. janúar 1988 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hefur ákærði

viðurkennt að hafa gert sér fulla grein fyrir því, þegar akstur hófst, að hann var réttindalaus.

Við frumrannsókn var læknir fenginn til að taka blóð úr ákærða til ákvörðunar á alkóhólmagni, og reyndist samkvæmt vottorði frá rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði sýnið innihalda 2,60‰ af alkóhólmagni.

Með játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum máls þessa telst sannað, að ákærði, Magnús Einarsson, hafi gerst sekur um brot á umferðarlögum með því að aka að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-2031 frá veitingastaðnum Keisaranum, Reykjavík, að Njálsgötu. Háttsemi ákærða er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, og er hún þar réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði, Magnús Einarsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 6. desember 1948, og hefur samkvæmt nýju sakavottorði 19 sinnum allt frá árinu 1966 með dómsátt sæst á sektarrefsingu, í flestum tilfellum vegna ölvunar á almannafæri, en að öðru leyti vegna minni háttar hegningarlagabrota og brota á fíkniefnalöggjöf. Ákærði hefur 19 sinnum allt frá árinu 1967 verið dæmdur til fangelsisrefsingar, í öllum tilfellum fyrir brot á almennum hegningarlögum að undanskildum einum dómi fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Allt frá árinu 1968 hefur ákærði níu sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur, og í fimm tilfellum var einnig um réttindalausan akstur að ræða, en alls hefur ákærði gerst sjö sinnum sekur um réttindalausan akstur.

Af framangreindu sést, að afbrotaferill ákærða er langur og nær allt til ársins 1989. Þótt ferill ákærða að þessu leyti sé hér að framan saman dreginn, þykir rétt að tilgreina hér sérstaklega síðustu þrjú ár afbrotaferilsins:

1986 3/5 Fíkniefnadómur. Sátt: 6.500 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65,1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1986 18/12 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mán. f. brot g. 231. og 244. gr. alm. hgl.

1986 22/12 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 8 mán., hegningarauki, f. brot g. 244. og 245. gr. alm. hgl.

1987 3/4 Fíkniefnadómur. Sátt: 9.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1987 7/5 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 30 daga f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt.

1987 31/8 Fíkniefnadómur. Dómur: Fangelsi 2 ár og 4 mán., 10.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65,1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1987 4/12 Dómur Hæstaréttar varðandi, dómana uppkveðna 18.12.'86 og 22.12.'86: 18 mán. fangelsi.

1988 22/1 Kjósars., Hafnarfjörður. Dómur: Fangelsi 15 daga f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt.

1988 14/7 Sakadómur, Rvík. Dómur: Ekki gerð sérstök refsing f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1988 17/10 Dómur Hæstaréttar, að því er varðar dóm frá 31.8.'87: Fangelsi 2 ár og 4 mán. og 65.000 kr. sekt.

1989 4/8 Fangelsismálastofnun ríkisins. Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 697 dögum."

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er honum var veitt 4. ágúst 1989 á eftirstöðvum refsingar, 697 daga fangelsi. Ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. gr. laga 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., en þau þykja hæfilega ákveðin 39.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi tvö ár.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., 39.000 krónur.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 463/1991. **Garðskagi hf.**

gegn

Íslandsbanka hf. o.fl.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru 13. nóvember sl. skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Gullbringusýslu frá 17. október sl., en hann kveðst hafa móttekið hann 1. nóvember sl. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Hér er ekki til úrlausnar, hvort uppboð á eignum sóknaraðila á yfirleitt að fara fram eða ekki. Fyrri afskipti uppboðshaldara af málsefni í embættisnafni leiða yfirleitt ekki til þess, að hann þurfi að víkja sæti í máli, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. uppboðslaga nr. 57/1949. Sóknaraðili hefur ekki bent á neinar gildar ástæður, sem leiða ættu til annarrar niðurstöðu í því tilviki, sem hér er til álita. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega 25.000 krónur í kærumálskostnað, en þeir sækja þing saman.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Garðskagi hf., greiði varnaraðilum, Íslandsbanka hf. o.fl., sameiginlega 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 17. október 1991.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. september sl., hefur sóknaraðili, Garðskagi hf., krafist þess, að hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti, og auk þess hefur hann krafist málskostnaðar úr hendi allra varnaraðila, svo sem nánar getur í greinargerð hans.

Varnaraðilar, sem sótt hafa þing í málinu, eru Byggðastofnun, Íslandsbanki hf., Lífeyrissjóður Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Sæplast hf. og Fiskveiðasjóður Íslands. Af hálfu þeirra eru þær kröfur gerðar, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað.

Eigi þykja vera efni til að greina ýtarlega málavexti, að því er varðar aðgerðir réttarins til að koma fram nauðungarsölu á eign sóknaraðila að kröfu margra uppboðsbeiðenda. Rekstur sérstaks uppboðsréttarmáls hófst í lok árs 1989 að kröfu sóknaraðila máls þessa. Áður en því lyki með uppkveðnum úrskurði um ágreiningsefni, hóf uppboðshaldarinn uppboðið af sjálfsdáðum í þinghaldi 17. janúar 1990. Að liðnum áfrýjunarfresti hóf hann síðan uppboðsgerðir að nýju á grundvelli uppboðsbeiðna, sem höfðu ekki verið afturkallaðar.

Málsástæður sóknaraðila eru að mestu reistar á fyrri afskiptum af meðferð uppboðshaldara á því uppboðsréttarmáli, sem hann hóf ex officio. Telur sóknaraðili, að slík afskipti samræmist ekki því, að hann úrskurði um það ágreiningsefni, sem felist í þeirri kröfu hans, að uppboðið verði fellt niður. Uppboðshaldari yrði að öðrum kosti að dæma um eigin gjörðir og taka afstöðu til þess, hvort hann hefði staðið rétt að málum. Einnig telur varnaraðili, að vanhæfi hins reglulega uppboðshaldara sé í því fólgið, að hann hafi hafið nýjar uppboðsaðgerðir á grundvelli eldri uppboðsbeiðna, er beri það ekki með sér að hafa verið endurnýjaðar formlega. Uppboðshaldari hafi því tekið að sér réttarvörslu fyrir uppboðsbeiðendur. Slík afskipti dómsvalds fyrir annan aðila máls samrýmist ekki grundvallarreglu réttarfarslaga, að dómari skuli gæta fyllsta hlutleysis við meðferð mála og í engu draga taum annars aðilans.

Varnaraðilar telja, að hér sé fjallað um nýtt uppboðsmál og athafnir í eldra málinu komi nú ekki til álita. Sóknaraðila hafi borið að vísa málinu til Hæstaréttar, ef hann sætti sig ekki við úrskurð um niðurfellingu eldra uppboðsmálsins. Uppboðsbeiðendur hafi átt rétt á því, að uppboðið hafi verið auglýst á grundvelli fyrirliggjandi beiðna, og ekki hafi verið þörf á endurnýjun þeirra. Varnaraðilar telja, að um engar þær ástæður sé að ræða, er geri hinn reglulega uppboðshaldara vanhæfan til þess að fjalla um kröfur aðila í þessu nýja uppboðsmáli. Að minnsta kosti eigi ákvæði 36. gr. einkamálalaga ekki við hér. Er þess því krafist, að reglulegur

uppboðshaldari fari áfram með mál þetta, svo að ekki komi til frekari tafa.

Það er álit réttarins, að þær málsástæður, er sóknaraðili máls þessa færir fyrir kröfu sinni, að hinn reglulegi uppboðshaldari víki sæti í málinu, séu ekki þess eðlis, að þær verði teknar til greina, enda sé ekki unnt að heimfæra þær undir 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eða að sönnur séu að öðru leyti fram komnar um réttmæti þeirra.

Þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Eysteinsson sýslumaður kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hinn reglulegi uppboðshaldari Gullbringusýslu, Jón Eysteinsson sýslumaður, víkur ekki sæti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. nóvember 1991.

Nr. 277/1988. **Þrotabú Þorsteins Ingasonar og Ingi Tryggvason**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.).

Víxilmál. Fjárnám. Gjaldmiðill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Jafnframt verði hin áfrýjaða fjárnámsgerð felld úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þessar: „1. Að málinu verði vísað frá Hæstarétti, hvað varðar Inga Tryggvason. 2. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti. 3. Að umbjóðanda mínum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Hæstaréttar".

I.

Kröfu sína um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, að því er varðar áfrýjandann Inga Tryggvason, byggir stefndi á því, að áfrýjunarleyfi taki aðeins til þrotabús Þorsteins Ingasonar.

Í áðurgreindu áfrýjunarleyfi, sem liggur frammi í málinu, greinir glögglega, að dómsmálaráðherra „veiti hér með Inga Tryggvasyni og Ásmundi S. Jóhannssyni, héraðsdómslögmanni, fyrir hönd þrotabús Þorsteins Ingasonar, leyfi til þess að mega áfrýja til Hæstaréttar" máli því, sem hér er um fjallað.

Verður krafa stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti, að

því er varðar áfrýjandann Inga Tryggvason, því ekki tekin til greina.

II.

Af hálfu áfrýjenda er á það bent, að Þorsteinn Ingason hafi verið í viðskiptum við stefnda. Hafi hann afhent stefnda þrjá óútfyllta tryggingarvíxla til tryggingar viðskiptum sínum við stefnda. Hafi Þorsteinn gefið víxlana út persónulega, en samþykkt tvo víxlana í nafni einkafyrirtækis síns, Stokkfisks, en einn víxilinn hafi hann samþykkt f.h. Stokkfisks h/f. Allir hafi víxlarnir verið út gefnir 28. nóvember 1984. Hins vegar hafi stefndi látið setja 28. apríl 1987 sem gjalddaga á alla víxlana og látið skrá fjárhæðir í SDR.

Með úrskurði, upp kveðnum 22. apríl 1988, var bú Þorsteins Ingasonar tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi í þrotabúinu 4. ágúst 1988 var samþykkt að áfrýja til Hæstaréttar héraðsdómi og fjárnámsgerð.

III.

Lögmaður áfrýjenda ritaði Seðlabanka Íslands bréf, þar sem óskað var upplýsinga um SDR. Í svarbréfi bankans 14. nóvember 1991 segir m.a. svo:

„SDR er reikningseining, sem á íslensku hefur verið nefnd sérstök dráttarréttindi. Hún á upptök sín í stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er sjóðnum t.d. fengin heimild til úthlutunar sérstakra dráttarréttinda til aðildarríkja, sem eru þátttakendur í hinum sérstaka dráttarreikningi sjóðsins. ...

Ekki er kleift að gefa tæmandi lýsingu á því með hvaða hætti SDR sé notað í viðskiptum eða hvernig eigi að nota það. Aðeins skal bent á að fyrir utan notkun þess í samskiptum aðildarríkja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við sjóðinn þá hefur umrædd reikningseining t.d. verið notuð hér á landi af viðskiptabönkum og sparisjóðum sem viðmiðun í gengisbundnum inn- og útlánum, sbr. reglugerð viðskiptaráðuneytis, nr. 540/1988, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU. Auk þess skráir Seðlabankinn kaup- og sölugengi SDR reglulega í gengistöflu sinni, sbr. meðfylgjandi sýnishorn.“

Lögmaður stefnda óskaði einnig eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Í svarbréfi bankans 20. nóvember 1991 segir m.a. svo:

„SDR er reiknað út á grundvelli eftirtalinna fimm gjaldmiðla og nú með því vægi sem tilgreint er:

USD	42,85%
DEM	19,43%
YEN	17,26%
FRF	10,17%
GBP	10,29%
	100,00%

Það er ljóst að notkun reikningseininganna SDR og ECU í skuldbindingum bæði hér á landi og erlendis hefur aukist mjög á undanförnum árum, enda hafa reikningseiningar þessar verið skráðar hjá seðlabönkum eða á peningamarkaði með sama hætti og erlendir gjaldmiðlar ríkja.

Þannig hefur Seðlabanki Íslands um töluvert skeið skráð bæði SDR og ECU með sama hætti og erlenda gjaldmiðla ríkja til notkunar í viðskiptum hér á landi.

Þó að SDR sé ekki gjaldmiðill í eiginlegum skilningi þess orðs, þá hefur þessi reikningseining þó verið talin hliðstæð mælieining í viðskiptum og erlendir gjaldmiðlar, enda skuldbindingum í öðrum verðmæli en krónum, til greiðslu hér á landi, yfirleitt verið breytt í íslenskar krónur á greiðsludegi, enda krónan lögeyrir hér á landi.“

IV.

Af hálfu áfrýjenda er krafan um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi studd þeim rökum, að umrædd skjöl séu ekki víxlar í merkingu 2. töluliðar 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, þar sem fjárhæðir þeirra allra séu tilgreindar í SDR. Í 2. tölulið 1. gr. víxillaganna segi aftur á móti, að víxill skuli hljóða upp á „ákveðna upphæð peninga“, þ.e. slegna mynt. SDR sé ekki mynt heldur hugtak svipað og t.d. landaurar, byggingarvísitala eða lánskjaravísitala. Þá er því haldið fram, að á tveimur víxlum sé samþykkjandi og útgefandi sá sami, en slíkt sé andstætt 3. gr. víxillaga.

Af framangreindu leiði, að stefndi hafi ekki mátt höfða málið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Héraðsdómari hafi átt að taka afstöðu til þessa ex officio. Það hafi hann ekki gert og beri því að ómerkja héraðs-

dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Af þessu leiði, að fella beri hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Af hálfu stefnda er á það lögð áhersla, að stefndu í héraði hafi látið mæta á bæjarþingi Reykjavíkur, þegar málið var þar til meðferðar. Þeir hafi þá haft öll tækifæri til að koma að vörnum í málinu. Það hafi þeir ekki gert. Hafi þeir því fyrirgert öllum rétti til varna. Verði ekki á þetta fallist, er því haldið fram með vísan til 41. gr. víxillaga nr. 93/1933, bréfa Seðlabankans og venju, að heimilt hafi verið að tiltaka fjárhæðir í SDR. Aðrar varnir áfrýjenda séu haldlausar, og beri því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

V.

Það er skilyrði þess, að mál verði rekið að hætti víxilmála, að það sé risið af víxli, og skulu dómstólar sjálfkrafa gæta þess, sbr. 207. gr. laga nr. 85/1936. Er því rétt að taka vörn áfrýjenda til efnismeðferðar.

Þegar virt eru ákvæði 2. töluliðar 1. gr. víxillaga, 41. gr. sömu laga, reglugerð nr. 540/1988 um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU og gögn málsins að öðru leyti, ber að líta svo á, að skrásetning fjárhæða í umræddum skjölum með reikningseiningunni SDR megi öldungis jafna til þess, að fjárhæðirnar séu skráðar í erlendri mynt. Uppfylla skjölin því að þessu leyti ákvæði 2. töluliðar 1. gr. víxillaganna. Með því að skjölin fullnægja að öðru leyti formskilyrðum víxillaga og þeim er nægjanlega lýst í héraðsstefnu, verður að telja, að mál þetta hafi verið höfðað til greiðslu víxils og það hafi réttilega sætt meðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

VI.

Hinn 13. janúar 1988 var í fógetarétti Reykjavíkur og síðar sama dag í fógetarétti Strandasýslu gert fjárnám hjá Þorsteini Ingasyni í hlutabréfaeign hans í Hólmadrangi h/f.

Engir þeir ágallar eru á fjárnáminu, sem leiða eiga til ógildingar þess. Þá eru ekki efni til þess, að fjárnámið verði fellt úr gildi á grundvelli ákvæða gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnám eiga að vera óröskuð.

Áfrýjendur, þrotabú Þorsteins Ingasonar og Ingi Tryggvason, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu, út gefinni 30. september 1987 og birtri 6. október 1987, af Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, nnr. 1489-2958, gegn Þorsteini Ingasyni, nnr. 9744-2479, Kárhóli, Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu, og Inga Tryggvasyni, nnr. 4573-1960, Laugateigi 48, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 8.689.669,18 kr., ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 28. apríl 1987 til 1. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá síðasttalda deginum til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, þar á meðal löghaldskostnaðar. Einnig er krafist staðfestingar á löghaldsgerð, er hófst 24. september 1987 í fógetarétti Suður-Þingeyjarsýslu, hjá stefnda Þorsteini Ingasyni í eignarhluta hans í hlutafélaginu Hólmadrangi hf.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt fjórum framlögðum víxlum, samtals að fjárhæð SDR. 172.851,00:

1) Víxli að fjárhæð SDR 108.452, samþ. af Þorsteini Ingasyni f.h. Stokkfisks, Laugum, út gefnum af Þorsteini Ingasyni, ábektum af útgefanda og Inga Tryggvasyni.

2) Víxli að fjárhæð SDR 42,733, samþ. af Þorsteini Ingasyni f.h. Stokkfisks, Laugum, út gefnum af Þorsteini Ingasyni, ábektum af útgefanda og Inga Tryggvasyni.

3) Víxli að fjárhæð SDR 21.666, samþ. af Þorsteini Ingasyni f.h. Stokkfisks, Laugum, út gefnum af Þorsteini Ingasyni, ábektum af útgefanda og Inga Tryggvasyni með árituninni: Án afsagnar.

Víxlarnir séu allir út gefnir 28. nóvember 1984, og sé gjalddagi þeirra allra 28. apríl 1987. Greiðslustaður þeirra sé Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík. Víxlarnir séu allir með árituninni: Án afsagnar.

Stefnandi kveður, að víxilfjárhæðirnar séu í gjaldmiðlum sérstökum dráttarréttindum (Special Drawing Rights), skammstafað SDR. Á gjalddaga þeirra 28. apríl 1987 hafi kaupgengi 1 SDR jafnt og ísl. krónum (sic) 50.2726. Víxilfjárhæðirnar samanlagðar hafi því borið að greiða

með 8.689.669,18 íslenskum krónum, það er stefnufjárhæðina í máli þessu.

Stefnandi kveður, að 24. september 1987 hafi að kröfu stefnanda verið lýst yfir löghaldi í fógetarétti Suður-Þingeyjarsýslu til tryggingar skuldinni. Gert hafi verið löghald í eignarhluta Þorsteins Ingasonar í hlutafélaginu Hólmadrangi hf.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 93/1933 og 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Einnig vísar stefnandi til laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949.

Stefndi hefur sótt þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu. Þar sem lögvörnum er eigi haldið uppi, verður málið dæmt samkvæmt skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir dæmast ársvextir frá 6. maí 1987, eins og greinir í dómsorði. Hinn 24. september 1987 var lýst yfir löghaldi í eignarhluta stefnda Þorsteins Ingasonar í hlutafélaginu Hólmadrangi, Hólmavík, upphaflega 43%, GKR. 21.500.000, og lét stefnandi gefa út stefnu á hendur stefnda Þorsteini innan viku frá þeirri gerð í samræmi við 20. gr. laga 18/1949. Líta ber því svo á, að löghald hafi með þeirri yfirlýsingu verið framkvæmt, enda þótt í endurriti úr fógetaréttarbók Þingeyjarsýslu komi fram, að gerðinni hafi og verið frestað til framhalds, þar sem eignirnar sé að finna. Í skjölum málsins kemur og fram, að löghaldsmál þetta hafi verið endurupptekið í fógetarétti Strandasýslu 8. október 1987, þar sem formanni hlutafélagsins Hólmadrangs hf. er tilkynnt um löghaldið. Ber því að staðfesta löghald það, sem framkvæmt var í eignarhluta stefnanda Þorsteins Ingasonar í hlutafélaginu Hólmadrangi, Hólmavík, 24. september 1987.

Málskostnaður ákveðst 537.000 kr., þar með talinn löghaldskostnaður og söluskattur.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist sökum mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Staðfest er löghald, er framkvæmt var 24. september 1987 í eignarhluta stefnda Þorsteins Ingasonar í eignarhluta hans (sic) í Hólmadrangi hf.

Stefndu, Þorsteinn Ingason og Ingi Tryggvason, greiði in solidum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, 8.689.669,18 kr. ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 28. apríl 1987 til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til

1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 537.000 kr. í málskostnað, þar með talinn löghaldskostnaður og söluskattur, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóvember 1991.

Nr, 278/1988. **Þrotabú Þorteins Ingasonar**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Sparisjóði Suður-Þingeyinga
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Dómsátt. Frávísun frá Hæstarétti. Fjárnám. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. ágúst 1988 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómkröfur hans eru þær, ,,að hin áfrýjaða dómsátt verði úr gildi felld og hin áfrýjaða fógetagerð ómerkt. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar".

Dómkröfur stefnda eru þær, ,,að hin áfrýjaða dómsátt verði staðfest og hin áfrýjaða fógetagerð standi óhögguð. Jafnframt er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti".

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að á árinu 1990 hafi Sparisjóður Reykdæla hætt sjálfstæðri starfsemi og verið sameinaður Sparisjóði Kinnunga og Sparisjóði Aðaldæla. Á árinu 1990 hafi þeir sameinast í nýjan sparisjóð undir heitinu Sparisjóður Suður-Þingeyinga, sem tekið hafi við aðild málsins.

I.

Þorsteinn Ingason, Kárhóli í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, átti bankaviðskipti við Sparisjóð Reykdæla og stofnaði til skuldar við sparisjóðinn. Hinn 2. febrúar 1988 lagði lögmaður sparisjóðsins fram löghaldsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur. Gerðarþoli, Þorsteinn Ingason, mætti sjálfur í réttinum, og viðurkenndi hann kröfu sparisjóðsins eins og hún var sett fram. Í fógetaréttinum varð síðan með aðilum svofelld sátt:

„Gerðarþoli Þorsteinn Ingason, nnr. 9744-2479, lofar að greiða gerðarbeiðanda, Sparisjóði Reykdæla, kr. 2.445.595,19, auk vaxta og kostnaðar, kr. 2.117.479,20, til 1.2.1988 og hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 192.220,00, þ.m.t. sölusk. Þannig: allt þ. 2.2.1988.

Sátt þessi er aðfararhæf.“

Hinn 3. febrúar 1988 mætti lögmaður Sparisjóðs Reykdæla aftur í fógetarétti Reykjavíkur og krafðist nú fjárnáms til tryggingar á skuld Þorsteins Ingasonar samkvæmt ofangreindri dómsátt. Þorsteinn mætti sjálfur. Fógeti færði því næst til bókar:

„Gerðarþoli er sjálfur mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt, en bendir á til fjárnáms fiskverkunarhús í landi Hóla og Lauta í Reykjadal. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því, þar sem ofangreindar fasteignir séu mikið veðsettar, en krefst fjárnáms í lausafé og bendir á hlutafé gerðarþola í Hólmadrangi hf. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í hlutabréfaeign gerðarþola í Hólmadrangi hf., en bréfin eru talin vera í vörslu sýslumannsins í Strandasýslu á Hólmavík.“

Áður hefði Búnaðarbanki Íslands gert fjárnám í hlutabréfunum, og voru þau seld á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Strandasýslu 9. febrúar 1988. Uppboðskaupandi var Búnaðarbanki Íslands, sem fékk bréfin sem ófullnægður veðhafi. Engin greiðsla kom í hlut Sparisjóðs Reykdæla.

Bú Þorsteins Ingasonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 22. apríl 1988. Á skiptafundi í þrotabúinu 4. ágúst 1988 var samþykkt að áfrýja „dómsátt og fjárnámi Sparisjóðs Reykdæla gegn Þorsteini Ingasyni“.

II.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að nauðsynlegt hafi verið að áfrýja dómsáttinni til ógildingar, þar sem hún hafi verið gerð innan sex mánaða, áður en bú Þorsteins var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 58. gr., sé fullnustugerð í eigum þrotamanns svo skömmu fyrir frestdag ekki bindandi fyrir búið. Þá hafi dómsáttin verið gerð með þeim hætti, að hún geti ekki talist bindandi fyrir búið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skuld Þorsteins við Sparisjóðs Reykdæla hafi verið til komin vegna yfirdráttar á tékka-

reikningi hans, innstæðulausra ávísana og gjaldfallins skuldabréfs, sem hann hafi borið ábyrgð á. Hvorki hafi vafi leikið á um greiðsluskyldu hans né fjárhæð skuldarinnar og því ekkert óeðlilegt við það, að gerð var dómsátt, er málið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Þá sé engin lagastoð fyrir framkominni kröfu um að fella sáttina úr gildi.

III.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981, segir, að höfða megi dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti. Hvorki Þorsteinn Ingason né áfrýjandi hafa farið þessa leið. Eigi verður talið, að skilyrði hafi verið til þess samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga að áfrýja sátt þessari. Ber samkvæmt framansögðu að vísa kröfu áfrýjanda um ógildingu á dómsáttinni frá Hæstarétti.

IV.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á nokkra galla á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð. Eigi verður talið, að ákvæði 58. gr. gjaldþrotalaga eða önnur ákvæði VIII. kafla laganna skjóti stoðum undir þá kröfu áfrýjanda, að ómerkja beri fjárnámsgerðina. Á hún því að vera óröskuð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, þrotabú Þorsteins Ingasonar, greiði stefnda, Sparisjóði Suður-Þingeyinga, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 29. nóvember 1991.

Nr. 279/1988. **Þrotabú Þorsteins Ingasonar**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.)
og Sparisjóði Suður-Þingeyinga
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjun. Áfrýjunarleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hið áfrýjaða uppboð verði úr gildi fellt. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að dómsathafnir í héraði, þær sem áfrýjað er, verði staðfestar, en í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefndi Sparisjóður Suður-Þingeyinga krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið áfrýjaða nauðungaruppboð standi óhaggað. Jafnframt er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu sparisjóðsins, að á árinu 1990 hefði Sparisjóður Reykdæla hætt sjálfstæðri starfsemi og verið sameinaður Sparisjóði Kinnunga og Sparisjóði Aðaldæla. Á árinu 1990 hefðu þeir sameinast í nýjan sparisjóð undir heitinu Sparisjóður Suður-Þingeyinga, sem tekið hefði við aðild málsins.

I.

Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 277/1988 og nr. 278/1988, sem dæmd voru í dag, er lýst viðskiptum Þorsteins Ingasonar, Kárhóli

í Reykdælahreppi, við Búnaðarbanka Íslands og Sparisjóð Reykdæla. Þar er einnig gerð grein fyrir fjárnámum, sem Búnaðarbanki Íslands og Sparisjóður Reykdæla gerðu í hlutabréfum Þorsteins í Hólmadrangi h/f.

Með bréfi, dagsettu 13. janúar 1988, óskaði stefndi Búnaðarbanki Íslands þess, að nauðungaruppboð færi fram á hlutabréfum þeim, sem fjárnám var gert í sama dag. Sparisjóður Reykdæla óskaði eftir nauðungaruppboði á hlutafjáreigninni með bréfi 4. febrúar 1988.

Nauðungaruppboð fór því næst fram í uppboðsrétti Strandasýslu 9. febrúar 1988. Var þá meðal annars fært til bókar:

„Uppboðið hefur verið auglýst í dagblöðum, Morgunblaðinu og Dagblaðinu Vísi, svo og með uppfestum auglýsingum í héraðinu. ...

Uppboðshaldari las upp uppboðsskilmála.

Fyrir uppboðsbeiðanda Búnaðarbanka Íslands er mættur Þorvaldur Einarsson yfirlögfræðingur.

Uppboðsþoli er ekki mættur og enginn fyrir hans hönd.

Fyrir hönd uppboðsbeiðanda Sparisjóðs Reykdæla mætir Már Ólafsson.

Fór uppboðið þá fram.

Lögmaður Búnaðarbanka Íslands vill láta bóka, að gerðarþoli, Þorsteinn Ingason, hafi óskað eftir því, að öll hlutabréfin verði boðin upp í einu lagi.

Stjórnarformaður Hólmadrangs hf. er mættur og upplýsir, að félagið hafi ekkert við uppboðssölu þessara hlutabréfa að athuga.

Búnaðarbanki Íslands bauð kr. 3.000.000,- og krefst úthlutunar sem ófullnægður veðhafi.

Engin frekari boð bárust.

Voru Búnaðarbanka Íslands slegin bréfin fyrir kr. 3.000.000,-."

Bú Þorsteins Ingasonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 22. apríl 1988. Á skiptafundi í þrotabúinu 4. ágúst 1988 var samþykkt að áfrýja ofangreindu nauðungaruppboði.

II.

Áfrýjandi hefur áfrýjað uppboðsmáli þessu til Hæstaréttar sem sjálfstæðu máli.

Með bréfi 8. ágúst 1988 synjaði dómsmálaráðuneytið beiðni lögmanns áfrýjanda um leyfi til áfrýjunar málsins með þeim rökum, „að lagaskilyrði skorti til veitingar áfrýjunarleyfis þessa, þar sem

að liðnum þiggja mánaða fresti frá dómsathöfn geti dómsmálaráðherra ekki veitt slíkt leyfi, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Í 2. mgr. nefndrar lagagreinar, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt, er hinn venjulegi áfrýjunarfrestur í uppboðsmálum 4 vikur, en dómsmálaráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til áfrýjunar innan þriggja mánaða frá lokum dómsathafnar. Ákvæði þetta verður að skoðast sem tæmandi talning í þeim undantekningum frá hinum venjulega áfrýjunarfresti í uppboðsmálum, og eiga því hvorki ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt um veitingu leyfis innan sex mánaða né ákvæði 4. mgr. sömu gr. um veitingu leyfis innan tveggja ára, ef ríkar ástæður eru til, við.

Með vísun til framanritaðs brestur ráðuneytið lagaheimild til þess að veita umbeðið leyfi til áfrýjunar í ofangreindu uppboðsmáli."

Samkvæmt framanskráðu og þar sem ekki eru skilyrði til áfrýjunar málsins samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sem áfrýjandi vitnar til, ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, þrotabú Þorsteins Ingasonar, greiði stefndu, Búnaðarbanka Íslands og Sparisjóði Suður-Þingeyinga, 40.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 481/1990. **Jakob Böðvarsson,**
Helga Þ. Jakobsdóttir og
Sveinn Hannesson
gegn
Steingrími Snorrasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jakob Böðvarsson, Helga Þ. Jakobsdóttir og Sveinn Hannesson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 102/1991. **Garðar Bergendal**
gegn
Valtý Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Garðar Bergendal, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 218/1991. **Svanhildur Guðmundsdóttir**

gegn

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Ásdísi Magnúsdóttur,
Geirlaugu Ólafsdóttur,
Skýrsluvélum ríkisins og
Reykjavíkurborgar,
Tómasi Gísla Guðnasyni og
Sveini Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Svanhildur Guðmundsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 402/1991. **Stefán Þengilsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands,
Akureyrarbæ,
Byggðasjóði,
Íslandsbanka hf.,
Iðnlánasjóði og
Eyfjörð hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 429/1991. **Borgarholt hf.**

gegn

tollstjóranum í Reykjavík,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Sparisjóði vélstjóra,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Max hf. og
Ísól hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Borgholt hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 185/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Borgþóri Gústafssyni
(Páll A. Pálsson hrl.),
Jónasi Birgi Magnússyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Val Benjamín Bragasyni
(Örn Clausen hrl.).

248. gr. alm. hgl. Fjársvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1991 að ósk ákærðu og einnig af hálfu ákæruvaldsins, að því er þá varðar, til þyngingar á refsingu. Fjórði maður, X, sem sakfelldur var í héraðsdómi, hefur ekki óskað áfrýjunar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing þeirra þyngd. Ákærði Borgþór Gústafsson krefst þess, að refsing sín verði milduð og gæsluvarðhaldsvist metin henni til frádráttar. Ákærðu Jónas Birgir Magnússon og Valur Benjamín Bragason krefjast aðallega sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð og refsivist skilorðsbundin.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds og ákærða Borgþórs, að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabótakröfu í málinu. Kemur það ákvæði því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Í hinum áfrýjaða dómi er greinargóð lýsing á málavöxtum, að því er varðar þann lið ákærunnar, sem beint var gegn ákærða Borgþóri og X sameiginlega, enda hafði hinn síðarnefndi krafist

sýknu. Varðandi aðra ákæruliði er málavaxtalýsing stuttorð og einkum byggð á vísan til verknaðarlýsingar í ákæruskjali og játninga ákærðu fyrir dómi. Skortir nokkuð á, að hún sé nógu ýtarleg.

Í máli þessu er ákærða Borgþóri gefið að sök að hafa svikið út vörur í einni rafbúnaðarverslun og fimm byggingarvöruverslunum í Reykjavík og Kópavogi í alls átta ferðum þangað dagana 18. og 19. janúar, 16., 22. og 23. febrúar og 5. mars 1990. Skýrslur ákærða fyrir lögreglu gefa til kynna, að hann hafi á þessum tíma verið djúpt sokkinn í óreglu, er byrjað hafi skömmu eftir að honum var veitt reynslulausn 16. desember 1989 undan hluta af 15 mánaða refsivist samkvæmt fimm dómum sakadóms Reykjavíkur árin 1988 og 1989. Kveður hann atferli sitt tengt þeirri óreglu og til þess framið að afla reiðufjár vegna kostnaðar af henni. Ákærði var handtekinn 17. mars 1990 í kjölfar kæru frá einni verslananna, og sat hann í gæsluvarðhaldi til 23. s.m.

Svik ákærða Borgþórs voru í því fólgin, að hann gerði kaup á vörum í eigin nafni gegn því að greiða fyrir þær með skuldabréfi til nokkurra mánaða, er hann gaf út sjálfur án þess að ætla sér að greiða skuldina og vitandi um, að hann hefði ekki getu til þess. Í síðasttöldu ferðinni var það þó Sæmundur Þór, sem taldist kaupandi að vörunni og gaf út skuldabréf hennar vegna. Í einni versluninni fékk ákærði og vöruna afhenta gegn loforði um að koma aftur og ganga frá greiðslu.

Á útsöluverði til ákærðu nam verðmæti þeirrar vöru, sem málið tekur til, samtals 955.528 krónum, þegar frá eru taldar samtals 32.000 krónur, sem greiddar voru á staðnum í tveimur ferðanna. Við ráðstöfun á vörunum til annarra öfluðust um 310.000 - 360.000 krónur í reiðufé, eftir því sem ráða má af skýrslum ákærðu. Er þá frá talin sú verslunarferð, sem ákærði Jónas Birgir stóð að, en vörur úr henni ætlaði hann til eigin nota.

Ákærði Borgþór játaði greiðlega skipti sín við verslanirnar, þegar rannsókn hófst á málinu. Upplýsingar frá honum og öðrum ákærðu um ráðstöfun á vörunum leiddu og til þess, að unnt var að hafa upp á mestum hluta þeirra. Ákærði Valur Benjamín hefur sjálfur greitt upp eitt af skuldabréfum Borgþórs, eins og um getur í héraðsdómi. Meiri hlutinn af þeim vörum, er ákærði Jónas Birgir tók við,

var enn í geymslu á hans vegum, þegar hald var lagt á þær 28. mars 1991, og var unnt að skila þeim aftur í hlutaðeigandi verslun. Í öðrum tilvikum hafa verslanirnar fengið tjón sitt bætt með skilum á vörunum eða með greiðslum frá þeim, er tóku við vörunum til nota, þegar frá er talið það raftæki, sem skaðabótakrafan í málinu tekur til.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt þær sakir, sem á hann eru bornar í ákæru, og eru brot hans réttilega talin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sýknukrafa ákærða Vals Benjamíns er á því byggð, að hann hafi einungis viðurkennt þann verknað, sem lýst er í liðum 1 og 2 í III. kafla ákæruskjals. Hins vegar geti hin samandregna verknaðarlýsing og skilgreining í inngangi ákæruskjalsins ekki átt við sig, og sé verknaður sinn ranglega talinn til fjársvika samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Varði hann fremur við 254. gr. eða 4. mgr. 22. gr. laganna, en ekki verði sakfellt samkvæmt þeim ákvæðum, eins og ákæru sé háttað. Gögn málsins gefa til kynna, að ákærði Borgþór hafi mjög reitt sig á atbeina ákærða Vals Benjamíns við framkvæmd þeirra tveggja brota, sem þeim eru sameiginlega gefin að sök. Í öðru tilvikinu hafði ákærði Valur Benjamín útvegað kaupanda fyrir fram að þeirri vöru, sem út var tekin, og í hinu tilvikinu fór hann með ákærða Borgþóri í hlutaðeigandi verslun og lét flytja vöruna heim til sín auk þess að vinna þar að sölu á henni. Verður að telja hann beinan þátttakanda í þeim fjársvikum, er framin voru, þannig að brot hans varði við 248. gr. laganna.

Sýknukrafa ákærða Jónasar Birgis er reist á svipuðum sjónarmiðum. Ekki er upplýst, að félagsskapur hans við ákærða Borgþór hafi náð lengra, svo að máli skipti, en til þeirrar verslunarferðar, sem þeir fóru í sameiningu. Á hinn bóginn var ferðin skipulögð með hagsmuni ákærða Jónasar Birgis fyrir augum, og réð hann því, hvaða vörur voru keyptar. Verður hann því einnig talinn brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór á að baki nær samfelldan brotaferil í hartnær áratug, einkum á sviði auðgunar- og umferðarlagabrota. Ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 72. gr., 255. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar er rétt að líta til þess, að hann hefur á árinu 1990 afplánað að fullu alla refsivist,

sem fyrrnefnd reynslulausn náði til, svo og 30 daga refsivist samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1990, sem til er vitnað í héraðsdómi. Þá ber og að líta til þriggja dóma sakadóms frá árinu 1991, þar sem honum er gerð samtals 6 mánaða refsivist fyrir brot gegn umferðarlögum og 30 daga refsivist fyrir auðgunarbrot samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans í máli þessu voru framin af eindregnum ásetningi og ollu talsverðu umróti, en voru auðveld í framkvæmd, og tjón af þeim varð minna en á horfðist í byrjun. Að öllu athuguðu telst refsing hans í málinu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuðir.

Ákærði Jónas Birgir á að baki nokkur auðgunar- og umferðarlagabrot, sem framin voru, meðan hann var um eða innan við tvítugsaldur. Hefur hann ekki verið sakfelldur fyrir lögbrot síðan á árinu 1984, en hann er nú tæpra 27 ára að aldri. Brot hans í máli þessu er einskorðað við þá verslunarferð, sem fyrr greinir. Tjón af því varð óverulegt, þar sem unnt var að skila mestum hluta vörunnar. Refsing hans telst hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði, en rétt þykir með hliðsjón af fyrrgreindum atvikum að fresta fullnustu hennar 3 ár, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Vals Benjamíns er einnig hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 6 mánuði. Með tilliti til þeirra atvika, sem um getur í héraðsdómi, þykir mega fresta fullnustu hennar að hluta, eins og þar er á kveðið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði verjendum sínum málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, 45.000 krónur til hvers þeirra.

Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði Borgþór að 2/3 hlutum og hvor hinna ákærðu að 1/6 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Borgþór Gústafsson sæti fangelsi 12 mánuði. Frá refsingunni dregst 6 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Jónas Birgir Magnússon sæti fangelsi 4 mánuði, en

fullnustu þeirrar refsingar er frestað, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu 3 mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði Smith & Norland hf. 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Jónas Birgir greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Borgþór greiði 2/3 hluta annars áfrýjunarkostnaðar, en hvor hinna ákærðu 1/6 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. febrúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 1. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 44-47/1991: Ákæruvaldið gegn Borgþóri Gústafssyni, Jónasi Birgi Magnússyni, X og Val Benjamín Magnússyni, sem dómtekið var 22. janúar 1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. október 1990, á hendur ákærðu „fyrir fjársvik með því að hafa tímabilið janúar-mars 1990 tekið út vörur í ýmsum verslunum í Reykjavík, nema annar

staður sé nefndur, án þess að hafa í hyggju eða möguleika á að greiða fyrir þær í raun og fyrir fram búnir að afla sér kaupenda að vörunum eða ákveðnir í að selja þær öðrum og ná þannig rekstrarfé, en fyrir vörurnar létu þeir af hendi verðlaus skuldabréf, sem þeir gáfu út sjálfir, í flestum tilvikum ákærði Borgþór, en án annarrar raunverulegrar ábyrgðar, þar sem ákærðu, sem undirrituðu, eru eignalausir menn.

I.

Ákærða Borgþóri er einum gefið að sök að hafa með framangreindum hætti svikið út vörur, sem hér greinir nánar:

1) Hinn 18. janúar hjá Smith og Norland, Nóatúni 4, frystiskáp fyrir 62.900 kr. Innborgun ákærða var 12.000 kr., og var kaupsamningur með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, sem ákærði undirritaði, að fjárhæð 52.277 kr., þegar kostnaði hafði verið bætt við. Ákærði hafði aflað sér kaupanda að skápnum fyrir fram og seldi strax fyrir 25.000 kr. að eigin sögn. (RLR 2357-90.)

2) Hinn 16. febrúar hjá Hústré, Ármúla 38, gólfefni fyrir 84.000 kr. Ákærði gaf út skuldabréf, að fjárhæð 87.108 kr. með kostnaði. Á bréfið skrifaði einnig bróðir hans, Gústaf Gústafsson, sem ábyrgðarmaður, en hann er eins og ákærði ekki borgunarmaður fyrir skuldinni. Ákærði seldi strax vöruna Grétari Karli Þorsteinssyni, fyrir 38.000 kr. (RLR 2360-90.)

3) Hinn 23. febrúar hjá Eldhúshorninu, Suðurlandsbraut 20, gólfefni fyrir 165.475 kr. Ákærði gaf út skuldabréf, að fjárhæð 170.108 kr. með kostnaði. Ákærði hafði fyrir fram aflað sér kaupanda og seldi strax ásamt vöru, sem nefnd verður í næsta tölulið, fyrir samtals 100.000 kr. (RLR 2362-90.)

4) Sama dag hjá Smiðjubúðinni, verslun Ofnasmiðjunnar hf., við Háteigsveg, gólfefni fyrir 72.886 kr. Engin peningagreiðsla og ekkert skuldabréf var útbúið við afhendingu vörunnar, sem ákærði seldi strax, samanber næsta tölulið hér á undan. (RLR 2363-90.)

II.

Ákærðu Borgþóri og Val Benjamín er gefið að sök að hafa í félagi með framangeindum hætti svikið út vörur sem hér greinir:

1) Hinn 19. janúar hjá Metró, Álfabakka 16, gólfefni og verkfæri fyrir samtals 203.771 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaupsamning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, að fjárhæð 209.992 kr. með kostnaði. Ákærði Valur tók vöruna heim til sín og útvegaði strax kaupanda, sem greiddi 90.000 - 100.000 krónur, sem skiptust milli ákærðu. (RLR 2358-90.)

2) Hinn 22. febrúar hjá Bústofni, Smiðjuvegi 6, Kópavogi, hurðir, „gerefti" og fataskáp fyrir 99.889 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaup-

samning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, að fjárhæð 83.089 kr., þegar bætt hafði verið við kostnaði, 3.200 kr., og dregin frá peningagreiðsla, 20.000 kr. Ákærði Valur Benjamín hafði kaupanda fyrir fram, Grétar Karl Þorsteinsson, og greiddi hann ákærðu fyrir vöruna 45.000 kr., en 20.000 kr. af þeim fóru til verslunarinnar sem innborgun, og nutu ákærðu þess saman, sem eftir var. (RLR 2361-90.)

III.

Ákærðu Borgþóri og Jónasi Birgi er gefið að sök að hafa 19. janúar hjá Metró, Álfabakka 16, í félagi með framangreindum hætti svikið út ýmsar vörur, loftplötur, baðker, vask o.fl., fyrir alls 81.167 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaupsamning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf sömu fjárhæðar, en vöruna hreppti ákærði Jónas Birgir alla, þar sem hann stóð í húsbyggingu og hugðist greiða ákærða Borgþóri sinn hlut með áfengi síðar. (RLR 2358-90.)

IV.

Ákærðu Borgþóri og X er gefið að sök að hafa 5. mars hjá Eldhúshorninu, Suðurlandsbraut 20, í félagi með framangreindum hætti svikið út gólfefni fyrir samtals 217.440 kr. Ákærði X gaf út skuldabréf, að fjárhæð 223.528 kr. með kostnaði. Ákærði Borgþór hafði gengist í að afla kaupenda fyrir fram, en þeir urðu tveir og greiddu ákærðu samtals 75.000 kr., annar 40.000 kr. og hinn 35.000 kr., og nutu ákærðu fjárins saman. (RLR 2365-90.)

Teljast framangreindir verknaðir ákærðu allra varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar svo og ákærði Borgþór til greiðslu skaðabóta".

Málavextir.

1.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Smith & Norland hf. frystiskáp, að verðmæti 62.900 krónur. Greiddi ákærði 12.000 krónur inn á skápinn, en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði skápinn strax fyrir 25.000 krónur.

Ákærði hefur með þessu brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu fyrirtækisins ber að dæma ákærða til þess að greiða því 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

2.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Hústré gólfefni, ,,parket'', að andvirði 84.000 krónur. Greiddi ákærði fyrir efnið með skuldabréfi, að fjárhæð 87.108 krónur, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði efnið strax fyrir 38.000 krónur.

Ákærði hefur með þessu orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

3.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Eldhúshorninu gólfefni, ,,Tarket'', undirlag, lím og gólflista, að andvirði 165.475 krónur. Greiddi ákærði fyrir efnið með skuldabréfi, að fjárhæð 170.108 krónur, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði efnið strax langt undir kaupverði.

Ákærði hefur með þessu orðið brotlegur við 248. gr.almennra hegningarlaga.

4.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa haft sviksamlega út úr Smiðjubúðinni, verslun Ofnasmiðjunnar hf., gólfefni, að andvirði 72.886 krónur. Ákærði greiddi hvorki fyrir efnið né ætlaði hann sér það, og seldi hann það strax langt undir kostnaðarverði.

Ákærði hefur með þessu orðið sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

5.

Ákærðu Borgþór og Valur Benjamín hafa viðurkennt að hafa í félagi og sviksamlega haft af versluninni Metró gólfefni og verkfæri, að andvirði 203.771 krónu. Ákærði Borgþór greiddi fyrir varninginn með skuldabréfi, að fjárhæð 209.992 krónur, sem ekki stóð til að greiða, en ákærði Valur seldi varninginn strax fyrir 90-100.000 krónur, sem ákærðu skiptu með sér.

Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

6.

Ákærðu Borgþór og Valur Benjamín hafa viðurkennt að hafa haft í félagi og sviksamlega af versluninni Bústofni hurðir, ,,gerefti'' og fataskáp, alls að andvirði 99.889 krónur. Greiddu ákærðu 20.000 krónur út í hönd, en Borgþór gaf út skuldabréf fyrir eftistöðvunum, að fjárhæð 83.089 krónur, sem ekki stóð til að greiða. Ákærði Valur Benjamín útvegaði

kaupanda, sem keypti varninginn fyrir 45.000 krónur. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Valur Benjamín hefur greitt upp skuldabréfið.

7.

Ákærðu Borgþór og Jónas Birgir hafa viðurkennt að hafa í félagi og sviksamlega haft af versluninni Metró vörur, þ. á m. loftplötur, baðker og vask, fyrir andvirði 81.167 króna. Ákærði Borgþór gaf út skuldabréf fyrir andvirði varningsins, sem ekki stóð til að greiða, en Jónas Birgir tók við vörunum og notaði í eigin þágu.

Ákærðu hafa með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

8.

Ákærði Borgþór hefur játað sök í málinu og skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að meðákærði X hafi frétt af fjársvikum sínum úr verslunum og sagst vilja vera með í þessu. Sjálfur kveðst ákærði hafa verið farinn að óttast, að nafn sitt væri orðið of þekkt af þessu og því hefði orðið úr, að X héldi þessu áfram í eigin nafni, en ákærði sæi um að selja varninginn. X hefði hringt í verslunina Eldhúshornið samkvæmt ábendingu sinni og pantað 50 fermetra af „parketi". X hefði svo farið í verslunina og gengið frá kaupunum og gefið út skuldabréf. Þeir hefðu svo látið Eðvarð Kristjánsson bifreiðarstjóra, sem ákærði hefur oft skipt við, flytja efnið í geymslu á Kleppsvegi 60 hjá konu, sem Ída heiti. Ákærði kveðst hafa verið búinn að útvega kaupanda að helmingnum af efninu á Kleppsvegi 60, og hafi hann fengið Eðvarð til þess að aka því til kaupandans, en þeir X hafi sjálfir borið gólflistana þangað. Hafi þeir þrír borið efnið inn í hjólageymslu hússins að beiðni kaupandans, sem hafi greitt þeim 40.000 krónur með tveimur tékkum, 19.000 og 20.000 krónur og 1.000 króna seðli. Hafi þeir skipt þessu með sér og X þegið 20.000 króna tékkann, en greitt sér 5-6.000 krónur til baka. Þeir hafi svo selt afganginn af efninu um kvöldið fyrir 35.000 krónur. Hafi kaupandinn sótt efnið á Kleppsveg 60.

Ákærði hefur sagt hér fyrir dómi, að X hafi sagst geta borgað þetta, þegar til kæmi, því að hann væri að fara á sjóinn. Ákærði segir, að fyrir sér hafi einungis vakað að afla fjár til að geta haldið áfram að drekka. Ákærði segir, að X hafi verið tregur til þess að kaupa þetta efni og talað um, að hann gæti bara borgað þetta sjálfur. Hafi hann sagt, að hann væri hræddur um, að þetta gætu annars verið fjársvik. Ákærði segist hafa farið í símann og pantað efni á nafn X, og hafi X svo farið og sótt það. Ekki hafi þeir X neitt rætt um, hvort eða hvernig þeir skyldu gera upp sín á milli.

Ákærði X hefur neitað sök í málinu. Hefur hann skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi hitt meðákærða Borgþór heima hjá Ídu

Harðardóttur á Kleppsvegi 60. Hafi Borgþór beðið sig að gefa út skuldabréf fyrir sig, og kveðst ákærði hafa fallist á það. Hafi Borgþór talað um, að hann ætlaði að kaupa gólfefni fyrir bróður sinn, og kveðst ekki hafa spurt út í þetta. Skömmu síðar hafi Borgþór hringt í verslunina og pantað gólfefnið. Ákærði, sem kveðst hafa verið mjög ölvaður, kveðst svo hafa farið með kunningja Borgþórs í greiðabíl að versluninni, gefið út um 200.000 króna skuldabréf fyrir efninu og flutt það í greiðabílnum til Ídu og komið því fyrir í kjallarageymslu hennar.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið neina greiðslu hjá Borgþóri fyrir þetta, heldur hafi hann gert þetta í greiðaskyni og gegn því, að Borgþór gerði sér síðar greiða á móti. Þá hefur ákærði sagt, að bróðir Borgþórs, sem ákærði veit ekki deili á, hafi átt að greiða bréfið. Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis heima hjá sér að morgni dags, þegar Borgþór hafi hringt í sig og beðið sig að finna sig heima hjá Ídu Harðardóttur á Kleppsvegi 60. Ákærði kveðst hafa tekið leigubíl þangað, enda hefði Borgþór talað um að borga bílinn. Borgþór hafi svo beðið sig að gefa út skuldabréf fyrir sig til þess að kaupa fyrir gólfefni fyrir bróður sinn. Hafi hann talað um, að þetta væru 70.000 krónur. Ákærði kveðst hafa fallist á þetta, enda hefði Borgþór sagst myndu borga þetta. Kveðst ákærði ekkert hafa spurt nánar út í það. Borgþór hafi þá hringt í verslunina og pantað gólfefnið. Ákærði kveðst hafa setið þarna að drykkju í um sex tíma með Borgþóri og hafa verið orðinn nokkuð ölvaður. Kveðst hann svo hafa farið um kl. 16 með sama leigubílsstjóra í greiðabíl að versluninni, farið þar inn og gefið út skuldabréf, „löglegt skuldabréf", eins og hann orðar það, að fjárhæð rúmlega 200.000 krónur. Þeir bílstjórinn hafi svo flutt efnið heim til Ídu, og hafi þeir Borgþór og bílstjórinn tekið efnið inn í húsið.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið neina greiðslu fyrir þetta hjá Borgþóri. Kveðst hann hafa gert þetta í greiðaskyni við Borgþór, enda hefði Borgþór sagst vera á svörtum lista, en hann hafi ekkert spurt Borgþór út í það. Ákærði segist ekki hafa vitað, hvort Borgþór eða bróðir hans ætluðu að borga bréfið. Ákærði kveðst ekkert hafa hugsað út í það, að hann þyrfti ef til vill að greiða bréfið, ef Borgþór eða bróðir hans hefðu ekki staðið við sitt. Ákærði tekur fram, að hann hefði borgað bréfið, ef eftir því hefði verið leitað við sig, en hann hefði aldrei verið krafinn um greiðslu.

Meðal gagna málsins er ljósrit af umræddu skuldabréfi, að fjárhæð 223.528 krónur, og hefur ákærði X kannast við það. Þá er upplýst, að efni það, sem ákærði tók út í versluninni, var 50 m² af „Tarket", jafnstórt undirlag, 35 m gólflistar og 1 lítri af lími, alls að verðmæti 217.440 krónur.

Telja verður þrátt fyrir neitun ákærða X, eins og allt er í pottinn búið, að báðir ákærðu hafi staðið sviksamlega að því að taka út gólfefnið úr

versluninni Eldhúshorninu, enda verður að telja ótrúverðugar viðbárur ákærða X, sem er síbrotamaður með stopular atvinnutekjur. Fram er komið hjá honum, að hann ætlaði sér ekki að greiða af skuldabréfinu og að honum hefur hlotið að vera ljóst, að meðákærði ætlaði sér það ekki heldur. Hafa þeir með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði Borgþór hefur til þessa hlotið 13 varðhalds- og fangelsisdóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Auk þess hefur hann fjórum sinnum verið sektaður fyrir ýmisleg brot. Þykir refsing hans, sem er hegningarauki við 30 daga fangelsisdóm, hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Er þá höfð hliðsjón af því, að ákærði hefur greiðlega játað brot sín. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í sex daga.

Ákærði Jónas Birgir hefur til þessa verið dæmdur fjórum sinnum fyrir hegningarlagabrot, síðast 1984. Þá er þess að geta, að ákærði var sektaður og sviptur ökuréttindum fyrir ölvunarakstur í mars 1990. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

Kærði X hefur til þessa verið dæmdur 13 sinnum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum fyrir ýmisleg brot. Þykir refsing ákærða, sem er hegningarauki við sex mánaða fangelsisdóm, vera hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði Valur Benjamín hefur til þessa hlotið fjóra skilorðsdóma fyrir hegningarlagabrot, síðast 1987. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði. Rétt þykir, þar sem hann hefur ekki rofið tveggja ára skilorð síðasta dóms og auk þess bætt að hluta fyrir brot sitt, að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað í þessum hlutföllum: ákærði Borgþór að 5/8 hlutum, en hver hinna að 1/8 hluta.

Dómsorð:

Ákærði Borgþór Gústafsson sæti fangelsi 15 mánuði. Frá refsingunni dregst sex daga gæsluvarðhald.

Ákærði Jónas Birgir Magnússon sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu þriggja mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði Smith & Norland hf. 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Borgþór greiði 5/8 hluta annars sakarkostnaðar, en hver hinna 1/8 hluta.

Þriðjudaginn 3. desember 1991.

Nr. 194/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birnu Jóhannsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl sl. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar, og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Leggja verður framburð ákærðu og vitna þeirra, sem með henni voru í bifreiðinni til grundvallar dómi í máli þessu. Samkvæmt honum sat ákærða í framsæti bifreiðarinnar farþega megin og teygði sig þaðan í stjórntæki hennar, setti hana í D, þ.e. áfram, og lét hana þannig síga inn á stæðið, sem hún hafði verið í, en bifreiðin var sjálfskipt. Í 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga segir: „Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis". Verður að fallast á það með ákæruvaldinu, að háttsemi ákærðu falli undir greint ákvæði, og taka kröfu þess um sakfellingu til greina.

Ákærða hafði fyrir brot þetta þrisvar gengist undir sátt vegna brota á umferðarlögum, þar af einu sinni vegna ölvunar við akstur. Með hliðsjón af því þykir henni hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt í ríkissjóð. Sektin greiðist fyrir 10. febrúar næstkomandi, en ella sæti ákærða í hennar stað 10 daga varðhaldi. Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr. og upphaf 3. mgr. sömu greinar,

verður ekki hjá því komist að svipta hana ökuleyfi tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Jóhannsdóttir, greiði 35.000 króna sekt í ríkissjóð. Greiðist sektin ekki fyrir 10. febrúar 1992, sæti ákærða í hennar stað 10 daga varðhaldi.

Ákærða er svipt ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkisjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 134/1991: Ákæruvaldið gegn Birnu Jóhannsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. febrúar 1991, á hendur ákærðu, Birnu Jóhannsdóttur, Strandaseli 7, Reykjavík, kt. 290866-5109, „fyrir að aka aðfaranótt laugardags 28. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-38207 stuttan spöl á bifreiðastæði við veitingastaðinn Glaumbar við Hafnarstræti í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Málsatvik.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dóminum 4. þ.m. og vísaði ákærunni á bug að því leyti, að hún kvaðst ekki hafa talið sig hafa ekið bifreiðinni R-38207 aðfaranótt 28. júlí sl., svo sem í ákærunni greinir.

Ákærða kvaðst hafa verið stödd á Glaumbar framangreint kvöld ásamt Unni Birgisdóttur, vinkonu sinni, og Viðari, kunningja sínum, starfsmanni á Glaumbar. Ákærða kvaðst eftir lokun Glaumbars hafa sest út í bifreið sína ásamt Unni og Hafsteini, yfirdyraverði á Glaumbar, og hefðu þau beðið eftir Viðari, sem hefði ætlað að aka bifreið ákærðu, en sá hefði haft bifreiðina til umráða. Ákærða kvaðst hafa sest í framsæti bifreiðarinnar farþega megin, en Unnur hefði sest undir stýri og Hafsteinn setið í aftursæti. Ákærða staðfesti framburð sinn, er gefinn var hjá lögreglu, þess efnis, að Unnur hefði látið öllum illum látum í bifreiðinni og margsinnis gangsett bifreiðina. Ákærða og Hafsteinn hefðu reynt að hafa hemil á Unni, sem síðar hefði sett bifreiðina í afturábakgír og rekist á kyrrstæða bifreið fyrir aftan. Fyrir dóminum bar ákærða, að hún hefði, strax og áreksturinn varð, rekið Unni út úr bifreiðinni, og kvaðst ákærða hafa teygt sig í stjórntæki bifreiðarinnar, þaðan sem ákærða sat í farþegasætinu, og látið bifreiðina í D, þ.e. áfram, og þannig látið bifreiðina síga áfram inn í stæðið, er hún var í, en ákærða kvað bifreiðina vera sjálfskipta. Ákærða kvað lögregluna hafa komið að nánast í sama mund.

Fjórir lögregluþjónar komu á vettvang framangreinda nótt, og voru þeir allir yfirheyrðir sem vitni fyrir dóminum 4. mars sl. Enginn þeirra kvaðst hafa séð ákærðu sitja undir stýri bifreiðarinnar á þeim tíma, er í ákærunni greinir. Tveir lögreglumannanna voru sumarafleysingamenn, en hinir tveir, er enn gegna lögreglumannsstarfanum, lýstu báðir yfir, að ekki væri loku fyrir það skotið, að ákærða hefði teygt sig yfir í stjórntæki bifreiðarinnar, svo sem ákærða hefur borið fyrir dóminum, og þannig rennt bifreiðinni inn á bifreiðastæðið. Ekki var gerður vettvangsuppdráttur, en lögregluþjónarnir lýstu því, að bifreið ákærðu hefði verið ekið frá 1,5 metra og upp í 2-3 metra, og eitt vitnanna kvað ekki hafa verið unnt að bakka bifreiðinni út úr stæðinu vegna bifreiðarinnar, er var fyrir aftan.

Vitnið Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson verkstjóri, Kóngsbakka 1 hér í borg, kom fyrir dóminn 4. þ.m. Hafsteinn bar í öllu efnislega á sama veg og ákærða, svo sem rakið var að framan. Hafsteinn kvaðst þess fullviss, að ákærða hefði aldrei í umrætt sinn sest undir stýri bifreiðarinnar, heldur teygt sig í stjórntækin, svo sem ákærða lýsti sjálf, eftir að Unnur hafði bakkað á bifreiðina, er var kyrrstæð fyrir aftan.

Vitnið Unnur Birgisdóttir aðstoðarstúlka var yfirheyrt fyrir dóminum í dag. Unnur bar efnislega á sama veg og ákærða um atburði aðfaranætur 28. júlí sl. Unnur kvaðst hafa sett bifreiðina í bakkgír í einhverjum fíflagangi með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á kyrrstæða bifreið fyrir aftan, en áður höfðu bæði ákærða og Hafsteinn Pétursson skammað sig fyrir að gangsetja bifreiðina. Unnur kvaðst hafa bakkað u.þ.b. hálfa bíllengd, og ekki hefði verið unnt að komast út úr bifreiðastæðinu, án þess

að bifreiðin, er lagt hafði verið fyrir aftan, yrði færð úr stað. Unnur kvað ákærðu hafa teygt sig í stjórntæki bifreiðarinnar og komið bifreiðinni aftur í fyrri stöðu á bílastæðinu, en Unnur mundi ekki, hvort hún fór út úr bifreiðinni, áður en henni var komið fyrir á stæðinu aftur, eða hvort hún fór út úr bifreiðinni, eftir að bifreiðin var komin á fyrri stað, en lögreglan hefði komið í sama mund að sögn Unnar. Unnar kvað fólkið í bifreiðinni, hafa beðið eftir Viðari, barþjóni í Glaumbar, er hún bakkaði bifreiðinni, svo sem áður er lýst, en Viðar hefði ætlað að aka bifreiðinni.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað, að ákærða settist aldrei undir stýri bifreiðarinnar R-38207 á þeim tíma, er í ákæru greinir. Ekki er unnt að átta sig á staðháttum við Glaumbar, þar sem lögregla gerði ekki vettvangsuppdrátt, en ljóst er af gögnum málsins, að Unnur Birgisdóttir bakkaði bifreiðinni stuttan spöl, frá 1,5 metra og upp í u.þ.b. hálfa bíllengd, svo sem vitni hafa borið. Þá verður ekki annað ráðið af vitnaframburði en að ekki hafi verið unnt að aka bifreiðinni burt, án þess að bifreiðin, er lagt hafði verið fyrir aftan, yrði færð úr stað. Líklegast er, að Unnur hafi verið farin úr bifreiðinni, er ákærða teygði sig í stjórntækin, en það er þó engan veginn öruggt, sbr. framburð Unnar að þessu leyti. Dómurinn telur ekki unnt að meta háttsemi ákærðu svo, að um eiginlegan akstur í skilningi umferðarlaga hafi verið að ræða, svo sem í ákæru greinir. Ekki eru löglíkur fyrir því, að fyrir ákærðu hafi vakað að aka bifreiðinni, enda ljóst, svo sem rakið var, að ekki var unnt að aka bifreiðinni út úr bifreiðastæðinu nema færa bifreið, er lagt hafði verið fyrir aftan, og ógerlegt var fyrir ákærðu að aka bifreiðinni í skilningi umferðarlaga, þaðan sem ákærða sat í farþegasæti bifreiðarinnar. Það að teygja sig í stjórntækin og bregðast við á þann hátt, er ákærða gerði, voru nánast ósjálfráð viðbrögð og að mati dómsins eðlileg viðbrögð miðað við það, að Unnur Birgisdóttir hafði áður bakkað á.

Ákærða er því með vísan til alls ofanritaðs sýknuð af þeirri háttsemi, er henni er gefin að sök í ákæru, og greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. 30.000 kr. í málsvarnarlaun til verjanda ákærðu, Kristjáns Stefánssonar hdl.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Jóhannsdóttir, er sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður, þ.m.t. 30.000 kr. í málsvarnarlaun til Kristjáns Stefánssonar hdl., greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 3. desember 1991.

Nr. 359/1988. **Benedikt Steinþórsson**

gegn

Helga Þór Jónssyni persónulega og f.h. einkafirma hans, Vélaleigu Helga Jónssonar, og þrotabúi Helga Þórs Jónssonar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Læknaráð. Skriflega flutt mál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1988. Gerir hann þær kröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 2.000.000 króna með vöxtum frá 12. ágúst 1985 til greiðsludags, eins og nánar var gerð grein fyrir í skriflegum málflutningi. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Helga Þórs Jónssonar persónulega og f.h. Vélaleigu Helga Jónssonar var sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn féll niður, án þess að kröfur væru gerðar.

Bú stefnda Helga Þórs Jónssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu 30. nóvember 1988. Lýsti áfrýjandi kröfu sinni í búið hinn 28. febrúar 1989. Ekki hefur verið sótt þing í Hæstarétti af hálfu þrotabúsins, en með bréfi skiptaráðandans í Árnessýslu 19. nóvember 1991 var því lýst yfir, að sökum eignaleysis þrotabúsins yrði ekki sótt þing í málinu.

Áfrýjandi krefst þess með vísan til 3. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að dómur í máli þessu „bindi Helga Þór Jónsson persónulega sem og þrotabú hans".

Málið hefur verið flutt skriflega fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, brotnaði vinstri hnéskel áfrýjanda í slysi hinn 12. ágúst 1985 á vinnustað hans, er hann starfaði hjá Vélaleigu Helga Jónssonar. Hinn 28. september sama ár varð

áfrýjandi aftur fyrir því, að sama hnéskel brotnaði á öðrum stað og fyrra brot aflagaðist. Var hann þá við innheimtustörf og hrasaði í stiga í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Af hálfu stefnda í héraði var viðurkennd bótaskylda vegna fyrra slyssins, en því hins vegar vísað á bug, að hann bæri bótaábyrgð á síðara slysinu.

Í stefnu áfrýjanda í héraði er einungis lýst slysi því, er varð 12. ágúst 1985. Í greinargerð hans er síðara slyssins getið, þar sem orðrétt er tekið upp úr læknisvottorði. Að öðru leyti er málið ekki reifað í sóknarskjölum í héraði með hliðsjón af því, að um tvö slys var að ræða með u.þ.b. eins og hálfs mánaðar millibili. Skortir hér mjög á skýrleik í málatilbúnaði, sbr. d-lið 88. gr. og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 54/1988.

Niðurstaða héraðsdómara um sýknu stefnda Helga Þórs Jónssonar af kröfum áfrýjanda er á því reist, að áfrýjandi hafi einungis byggt kröfur sínar á örorkumati, sem taki mið af örorku eftir hið síðara slys hinn 28. september 1985. Taldi dómarinn ekki sannað í málinu, að meiðsl þau, er áfrýjandi hlaut í því slysi, væru sennileg afleiðing fyrra slyssins hinn 12. ágúst 1985. Hafði læknaráð ályktað, að síðara slysið hefði aukið örorku áfrýjanda, en taldi sér ekki unnt að segja til um, hversu mikið.

Eins og málið lá fyrir héraðsdómaranum, brast upplýsingar um atriði, sem máli skiptu við úrlausn þess. Var dómaranum því rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að beina því til áfrýjanda að afla frekari gagna og þá einkum sérstaks mats á líklegri örorku áfrýjanda af hvoru slysinu fyrir sig eða vísa málinu frá ella. Í stað þessa var málið dæmt án fullnægjandi málflutnings. Með allt ofangreint í huga þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja til sérfróða meðdómendur í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. september 1986, af Benedikt Steinþórssyni, nafnnr. 0998-9943, Austurgötu 47, Hafnarfirði, gegn Helga Jónssyni, nafnnr. 3971-8359, Borgarheiði 12, Hveragerði, persónulega og fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Vélaleigu Helga Jónssonar, nafnnr. 9175-3189, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara, að stefnufjárhæð verði verulega lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að í ágústmánuði 1985 vann stefnandi í þjónustu stefnda á hafnarsvæði Straumsvíkur, þar sem stefnandi rak verktakastarfsemi. Hinn 12. ágúst 1985 slasaðist stefnandi við vinnu sína. Tildrög slyssins voru þau, að stefnandi stóð uppi á vinnupalli, sem var um það bil þrír metrar á hæð, með sérstaka sandblástursslöngu og var að sandblása stálgrind undir hafnarbandi. Við verkið var stefnandi í sérstökum búningi og hafði á höfði ferskloftshjálm, sem tengdur var slöngu með aðflutningi fersks lofts. Stefndi lýsti atvikum þannig fyrir dómi, að er hann kom að, þar sem stefnandi var að vinna, sá hann, að lyftari stóð við pallinn, þar sem stefnandi var að vinna, og var lyftarinn undir sandgusunni, sem kom frá tæki því, er stefnandi var að vinna við. Stefndi fór upp í lyftarann og hugðist fjarlægja hann frá vinnupallinum. Slöngurnar, sem stefnandi var að vinna með, höfðu flækst í lyftaranum, og er lyftaranum var bakkað, dróst stefnandi með slöngunum út af pallinum og féll niður á steypt planið. Að sögn stefnanda hafnaði hann á grúfu og hlaut áverka á nefi og vinstra hné. Hefði hann verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem komið hefði í ljós við læknisskoðun brot á vinstri hnéskel. Hann hefði verið settur í spelkur og verið í þeim í fjórar vikur. Þá hefði hann losnað við spelkurnar og honum tjáð, að brotið væri í lagi, það væri gróið saman og að meiðslin ættu að jafna sig, og hann verið útskrifaður af spítalanum.

Hinn 28. september 1985 hrasaði stefnandi í stiga fjölbýlishúss í Breiðholti. Stefnandi hefur lýst því atviki svo, að hann hafi verið að fara niður stiga, en stigið framarlega á eitt þrepið með hægra fæti, svo að hann settist í stigann þannig, að hné hefði bognað og smollið í því. Hann hefði komist

heim við illan leik og síðan á sjúkrahús. Þar hefði hann verið sendur í myndatöku og þá komið í ljós, að hnéð var þríbrotið. Tveimur eða þremur dögum síðar hefði hann verið lagður inn á Landspítala og gerður á sér uppskurður. Hann hefði verið sex vikur í gifsi eftir þetta og síðan farið í sjúkraþjálfun.

Afleiðingum þessa lýsir stefnandi svo, að vinstra hné sitt þoli ekkert álag, hann megi ekkert reyna á fótinn. Þetta hái sér við vinnu, þar sem hann þoli ekkert vinnuálag og eigi erfitt með að bera þunga hluti, sem hann þurfi oft að gera við vinnu sína. Hafi hann oft misst úr vinnu af þessum sökum. Áhugamál sín, knattspyrnu og hestamennsku, geti hann ekki lengur stundað vegna þeirra meiðsla, er hann hlaut á hné.

— — —

Niðurstaða.

Fram hefur komið í málinu, að stefnandi varð fyrir slysi við vinnu sína hjá stefnda 12. ágúst 1985 og hlaut við það brot á vinstri hnéskel. Hinn 28. september s.á. hrasaði stefnandi í stiga og hlaut við það nýtt brot á sömu hnéskel, og eldra brot aflagaðist. Eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að beint orsakasamband sé milli þessara atburða og síðara slysið sé bein afleiðing hins fyrra.

Þá hefur og komið fram, að áður en hið síðara slys varð, var allri læknismeðferð vegna fyrra slyssins lokið, og hafði stefnanda verið tjáð, að brot á hnéskel væri gróið saman og meiðslin ættu að jafna sig. Hafði stefnandi hafið nám í skóla, og á kvöldin aðstoðaði hann eiginkonu sína við innheimtustörf og var við þau störf, er hann hrasaði í stiga í fjölbýlishúsi í Breiðholti og hlaut við það meiðsl, eins og áður er lýst.

Stefnandi reisir kröfur sínar á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, er mat örorku stefnanda 4. febrúar 1987. Samkvæmt örorkumatinu er örorka stefnanda metin eftir síðara slysið, en upphafstími örorkunnar miðaður við fyrra slysið, 12. ágúst 1985.

Sé litið til framburðar stefnanda fyrir dómi um aðdraganda slyssins, sem hann varð fyrir í septembermánuði 1985, þykir upplýst, að orsök þess, að stefnandi hrasar í stiga, hafi verið sú, að stefnandi stígur ógætilega niður á eitt þrepið með hægra fæti, sem veldur því, að hann hrasar með þeim afleiðingum, sem áður er lýst, og að þarna hafi því verið um óhappatilvik að ræða, sem stefnanda einum verði um kennt. Verður að leggja framburð stefnanda til grundvallar um málsatvik, enda þótt hann stangist á við ályktun þá, er kemur fram í vottorði Hjalta Á. Björnssonar læknis um sennilega orsök slyssins.

Þrátt fyrir það að afleiðingar þessa slyss hafi orðið alvarlegri en ella, þar sem vinstri hnéskel stefnanda hafði áður brotnað, og ósennilegt, að

síðara áfallið, sem stefnandi varð fyrir, hefði leitt til nokkurrar örorku, ef hnéð hefði ekki verið veikt fyrir vegna nýlegs brots, sbr. álykun læknaráðs frá 6. október 1987, þykir ekki sýnt fram á í málinu, að meiðsl þau, er stefnandi hlaut, er hann hrasaði í september 1985, séu sennileg afleiðing af slysi því, er hann varð fyrir í ágúst 1985 við vinnu sína hjá stefnda. Gegn andmælum stefnda verður bótaábyrgð því ekki lögð á stefnda vegna afleiðinga síðara slyssins.

Svo sem áður er rakið, var óskað umsagnar læknaráðs um það, hvort óhapp það, er stefnandi varð fyrir í september 1985, hefði aukið á örorku hans, og ef svo væri, þá hve mikið frá þeirri, er hann hlaut við slysið 12. ágúst 1985. Var ályktun læknaráðs sú varðandi þetta atriði, að slysið í september hefði aukið á örorku hans, en ekki hægt að segja til um, hversu mikið. Þar sem stefnandi reisir kröfur sínar eingöngu á örorkumati, er tekur mið af örorku stefnanda eftir síðara slysið, þykir með vísan til ályktunar læknaráðs hér á undan svo og þess, sem áður er rakið, verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Þór Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Benedikts Steinþórssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Benedikt Steinþórsson, greiði stefnda, Helga Þór Jónssyni, 80.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. desember 1991.

Nr. 40/1989. **Guðmundur Rúnar Rúnarsson,**
Kolbrún Fjóla Guðjónsdóttir og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Hreini Magnússyni og
Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og gagnsök.

Bifreiðar. Örorka. Skaðabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1989. Þeir gera eftirfarandi kröfur:

„A. Gagnvart Hreini Magnússyni:

Aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndu verði sýknuð gegn greiðslu á kr. 1.180.734 með 17% ársvöxtum af kr. 880.734 frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí sama ár, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, með 9% ársvöxtum af kr. 1.180.734 frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara önnur lægri fjárhæð en í hinum áfrýjaða dómi með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

B. Gagnvart Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur:

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur."

Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 13. febrúar 1989 og gera svofelldar dómkröfur:

„I. Kröfur Hreins Magnússonar:

1. Aðallega, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða umbj.m. skaðabætur að fjárhæð kr. 6.033.287,- með 17% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. september 1989, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

2. Til vara, að dæmd verði önnu lægri fjárhæð að mati réttarins, þó hærri en dæmd var í héraði, með sömu vöxtum og tilgreindir eru skv. 1. tl. í kröfugerð þessari.

3. Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, með þeirri breytingu þó, að frá 1. september 1988 verði dæmdir hæstu dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. september 1989, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

4. Að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða umbj.m.

málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í öllum tilvikum að mati réttarins.

II. Kröfur Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur:

1. Að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða umbj.m. kr. 1.500.000,- með 19% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. febrúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum skv. 10. gr. og 11. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til 1. júní s.á., með 32,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 18. janúar 1986, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

2. Að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða umbj.m. málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins."

Bifreið aðaláfrýjanda Kolbrúnar Fjólu Guðjónsdóttur, Y-8582, var á þeim tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., en það félag hefur sameinast Almennum tryggingum hf. í Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem hefur tekið við aðild málsins.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Sveins Más Gunnars-

sonar læknis, dagsett 26. nóvember 1991. Enn fremur hefur verið lagður fram nýr örorkuútreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dagsettur 27. nóvember 1991.

I.

Í vottorði Bjarna Hannessonar yfirlæknis 2. apríl 1985 segir á þessa leið um meiðsli Hreins Magnússonar:

„Við komu á slysadeild er sjúklingur djúpt meðvitundarlaus. Sjúklingur andaði illa þannig að bæta þurfti loftveg með því að setja slöngu niður í barka sjúklings. Tennur voru brotnar og vitin voru full af blóði. ... Rtg-myndir af höfði og hálsliðum voru eðlilegar. Sjúklingur var síðan settur í öndunarvél og fluttur á gjörgæsludeild. Næsta dag var sjúkl. síðan tekinn úr öndunarvél og hann komst til meðvitundar og hann útskrifast af gjörgæsludeild þann 31.10.'84. Ástand sjúklings fór síðan smábatnandi og hann fór að tjá sig, en var mjög ruglaður og illa áttaður (sic), en sjúklingur átti mjög erfitt með gang vegna óstöðugleika og fyrrnefndra lamana (sic). Hann fluttist síðan á endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg þann 19.11.'84. Sjúklingur útskrifast þaðan 08.03.'85. Við brottför þaðan kom í ljós að sjúklingur hafði náð sér vel líkamlega en taugasálfræðilegt mat sýndi að sjúklingur var skertur andlega. Sjónsviðsmæling leiddi í ljós að sjúkl. var með skert sjónsvið til vi. Við útskrift var sjúkl. að sögn kunnugra mun hægari í hreyfingu og reikull í spori en hafði þó fulla fótavist. Hann átti erfitt með lestur vegna skerðingar á sjónsviði. Minni var lélegt einkum skammtímaminni, hann var illa áttaður (sic) á stað og stund en var þó farinn að rata innanhúss og milli kunnugra staða svo sem heimilis og vinnustaðar. Sjúklingur hafði ekki innsýn inn í sín veikindi. Áverkar sjúklings voru því 1) heilamar (cerebral contusion) með áðurnefndum andlegum einkennum og sjónsviðsskerðingu og skertri hreyfigetu 2) skurðir á höfði og andliti og mar á brjósthol og hæ. síðu."

Í vottorði Guðnýjar Daníelsdóttur, sérfræðings í endurhæfingalækningum, 12. mars 1985 segir m.a. svo:

„SAMANTEKT: Hreinn hefur verið í iðjuþjálfun daglega (2-4x á dag) sl. 4 mánuði. Líkamlega hefur Hreinn náð sér að mestu leyti, utan að hreyfingar hans eru allar mun hægari. Einnig hefur hann

verulega sjónsviðsskerðingu. Enn er ábótavant ýmsu sem varðar andlegt ástand hans s.s. minni, áttun, skipulagning, framkvæmdafærni, andlegt úthald og raunsæi."

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur framkvæmdi sálfræðilega rannsókn á Hreini Magnússyni. Í greinargerð hans 16. ágúst 1985 segir m.a.:

„Niðurstöður:

Hreinn Magnússon reyndist við athugun vera verulega greindarskertur, og bar skerðingin þess öll merki að stafa af vefrænum truflunum á miðtaugakerfi. Greindarvísitala mældist 65 og má ætla að hún hafi fallið frá meðalgreind 90 niður á vanvitastig. Skerðing er mest áberandi á minni og er það mikil að hún hefur áhrif á alla aðra greindarþætti. Einnig komu fram truflanir á skynjun, sem einkum birtast sem skortur á hæfileika til að ná samhengi og öðlast yfirsýn. Erfitt er að spá hve mikilla framfara má vænta, en miðað við hve skerðingin er mikil og almenn og hefur haft í för með sér persónuleikabreytingar, virðast mér horfur vera fremur slæmar."

Hinn 7. september 1985 mat Björn Önundarson læknir örorku Hreins Magnússonar af völdum umrædds slyss. Í örorkumatinu segir m.a.:

„Svo sem að framan greinir varð slasaði fyrir gífurlegum höfuðáverka í nefndu slysi. Hann var meðvitundarlaus í um tvær vikur, en lamanir (sic), sem hann hafði orðið fyrir, hafa nú gengið til baka (sic) að mestu leyti. Þannig virðist sem líkamlegur styrkur sé nokkuð sæmilegur hjá slasaða og ekki að efa að hann á eftir að ná því sem á hann vantar fullkomlega á komandi tíð.

Hin andlega skerðing, sem slasaði hefur orðið fyrir, er svo mikil, að hann er nú talinn á vanvitastigi. Áður er talið að þessi maður hafi verið sæmilega gefinn, eða að minnsta kosti ekki langt neðan meðallags.

Bæði nær- og fjarminni er nú verulega skert. Illmögulegt er að halda uppi samræðum við slasaða, þar sem hann heldur ekki þræði og virðist ekki hafa minni til atburða, sem nýlega hafa skeð hvað þá þeirra atburða sem eldri eru í tímanum. Þá telja aðstandendur að slasaði sé mjög ör í skapi og hafi þannig orðið fyrir verulegum skapgerðarbreytingum, þar sem þessi maður var áður lokaður og

fáskiptinn. Þá hefur slasaði orðið fyrir verulegri sjónsviðsskerðingu til vinstri og er ekki líklegt að sú sjónsviðsskerðing gangi til baka. Það eitt mun valda honum miklum erfiðleikum, t.d. ef hugsanlegt yrði að hann gæti ekið bíl síðar meir mundi sú sjónsviðsskerðing sem þarna er um að ræða trúlega útiloka hann frá því þó að aðrir þættir sem til ökumennskunnar þarf væru nægilega góðir. Þannig hefur slasaði orðið fyrir geysilegum vefrænum miðtaugakerfisskaða sem veldur mikilli greindarskerðingu og það svo að greindarvísitala sýnir aðeins 65 Q, sem bendir til þess að greind sé nú aðeins á vanvitastigi. Skerðingin samkvæmt sálfræðiprófi Gylfa Ásmundssonar sálfræðings er mest áberandi hvað minni varðar og er það mikil að hún hefur áhrif á alla aðra greindarþætti slasaða. Þá koma fram truflanir á skynjun, sem einkum birtast sem skortur á hæfileika til að ná samhengi og öðlast yfirsýn. Enn skal nefnt, að slasaði virðist eiga í erfiðleikum með að velja rétt orð yfir þær hugsanir, sem hann vill tjá sig um.

Ávallt er erfitt að meta örorku eftir mikinn skaða á miðtaugakerfi. Hér virðist þó raunar svo mikill skaði hafa skeð, að greind sýnist nú vera aðeins á vanvitastigi (65 Q), þannig að lítil von virðist vera til þess að einkenni gangi að nokkru marki til baka. Vafalaust má telja, að þessi maður verði ófær til allra starfa hér eftir, meiri spurning er hvort hann verði fær um að sinna athöfnum daglegs lífs. Hugsanlegt er, að með þjálfun, bæði líkamlegri og andlegri, mætti stuðla að því að slasaði næði þeim þroska að hann gæti sinnt athöfnum daglegs lífs, en naumast verður um meiri framför að ræða.

Þannig er um að ræða tæplega 29 ára gamlan verkamann, sem í nefndu slysi hefur orðið fyrir gífurlegum skaða á miðtaugakerfi sínu. Greind er nú á vanvitastigi og ekki líklegt að úr því rætist. Þannig verður að telja, að þessi maður muni aldrei verða vinnufær að nýju, en hugsanlega fær um að sinna athöfnum daglegs lífs.

Þó að ekki sé lengra frá liðið að áðurnefnt slys átti sér stað þykir nú ekki ástæða til að draga örorkumat öllu lengur og þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin, sem hér segir:

Frá slysdegi talið í átta mánuði..... 100%
Varanleg ..... 75%.“

Í fyrrnefndu vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknis frá 26. nóvember sl. segir:

„... Hreinn var á Reykjalundi í viðamikilli þjálfun og vinnuprófun þar sem kom í ljós að hann vissi hvernig gera átti verkin en átti mjög erfitt með að koma því í framkvæmd, skipulagningu allri var mjög ábótavant svo og frumkvæði, framkvæmd og færni. Einnig truflaði alla vinnu með Hrein, hversu óraunsær hann var á eigin getu.

Að lokinni endurhæfingu á Reykjalundi var Hreinn síðan útskrifaður og stóð þá til að hann mundi reyna sig aftur við sömu vinnu og hann hafði áður haft, tiltölulega einföld „rútínuvinna" við að skipta um púströr á bílum en það mun hafa komið mjög fljótt í ljós að þetta gekk alls ekki upp og hann réð ekki við vinnuna. Þegar þetta síðan ekki gekk þá varð ekki meira að gert. Hreinn hafðist ekki að, leitaði sér ekki frekari hjálpar og dróst inn í mynstur aðgerðarleysis ...

Ég sá Hrein á nýjan leik í september '90, þá kom hann til viðræðna út af örorku. Það var þá ljóst að Hreinn lifði dauflegu og ömurlegu lífi, var mest inni við, hafði lítil samskipti við annað fólk, og ofan á allt annað þá hafði hann einnig síðustu árin verið nokkuð slæmur í mjóbaki. ...

Við athuganir virðist bæði minni, abstrakthugsun og skipulag vera minnkað á mjög svipaðan hátt og reyndist vera árið 1986. Hreinn á erfitt með allt frumkvæði og á mjög erfitt með að eiga við vandamál sem upp koma og erfitt með að skipuleggja viðbrögð við þeim. Í framhaldinu er ætlunin að Hreinn verði á Reykjalundi um nokkurn tíma og reynt verði nú að endurhæfa hann með tilliti til þess að hann gæti mögulega komist til einhverrar vinnu á verndduðum vinnustað eða hvort á einhvern annan máta væri hægt að brjóta upp hið ömurlega líf sem Hreinn hefur lifað nú mörg undanfarin ár. ...

Svo langt er nú liðið frá slysinu að hér má fyrir löngu telja að um varanlegt ástand sé að ræða og að þau vandamál sem hér hefur verið lýst og sem eru orsökuð af þeim heilaskaða sem Hreinn varð fyrir við slysið munu hafa áhrif á líf hans um alla framtíð."

II.

Í örorkuútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, sem dagsettur er 29. ágúst 1988 og lagður var fram í héraði, er tekjuáætlun

annars vegar byggð á launum Hreins Magnússonar 1981-1983 og hins vegar á launum hans 1981-1984, en á þessu tímabili voru laun Hreins hæst 1984, en lægst 1983. Miðað við þennan tekjugrundvöll og tekjutap í samræmi við örorkumat nemur höfuðstóll tapaðra vinnutekna á slysdegi 4.743.863 krónum á grundvelli launa 1981-1983, ef reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum til útreikningsdags 29. ágúst 1988, en 5.201.507 krónum, ef reiknað er með einföldum vöxtum til sama tíma. Á grundvelli launa 1981-1984 eru hliðstæðar fjárhæðir 5.022.543 krónur og 5.506.748 krónur. Atvinnutjón vegna tímabundinnar örorku nemur 180.507 krónum miðað við laun 1981-1983, en 191.111 krónum miðað við laun 1981-1984.

Í nefndum örorkuútreikningi er einnig reiknað út verðmæti örorkulífeyris, sem Hreinn Magnússon nýtur hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir slysið, svo og óskertrar tekjutryggingar. Verðmæti örorkulífeyris nemur 1.020.018 krónum á slysdegi, ef reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum til útreikningsdags, en 1.120.379 krónum, sé reiknað með einföldum vöxtum á sama tímabili. Verðmæti óskertrar tekjutryggingar nemur 1.796.664 krónum miðað við fyrrnefndu vaxtaforsendurnar, en 1.975.246 krónum miðað við þær síðarnefndu.

Útreikningar þessir eru miðaðir við töflur um starfsorkulíkur, samræmdar dánarlíkum íslenskra karla 1976-1980. Frá slysdegi til útreikningsdags er reiknað með almennum innlánsvöxtum, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til frambúðar.

Hinn nýi öorkuútreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings, sem fyrr var getið og lagður er fram af hálfu aðaláfrýjenda, er margþættari en sá, sem frá greinir hér að framan. Verðmæti höfuðstóls öorkutjóns miðað við laun 1981-1983 nemur samkvæmt hinum nýja útreikningi 7.183.478 krónum, en 7.605.484 krónum miðað við laun 1981-1984. Verðmæti örorkulífeyris nemur 1.416.265 krónum og verðmæti tekjutryggingar 2.588.357 krónum. Allir þessir þættir útreikningsins miðast við einfalda, almenna innlánsvexti frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vexti og vaxtavexti eftir þann tíma.

Í hinum nýja örorkuútreikningi kemur fram, að Hreinn Magnússon nýtur eftir slysið örorkulífeyris frá Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar. Er reiknað út verðmæti þess lífeyris og stuðst við upplýsingar frá lífeyrissjóðnum. Nemur það, miðað við greiðslur til 70

ára aldurs, 3.576.436 krónum á slysdegi. Reiknað er með einföldum, almennum innlánsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vöxtum og vaxtavöxtum eftir þann tíma. Í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins 15. nóvember 1988 greinir frá því, að lífeyrisgreiðslur, sem Hreinn fær frá lífeyrissjóðnum, skerði tekjutrygginguna, sem hann nýtur hjá stofnuninni. Ekki liggur fyrir útreikningur á því, hverju sú skerðing nemi í heild.

Að lokum er í hinum nýja örorkuútreikningi reiknað út verðmæti þeirra greiðslna á slysdegi, sem Hreinn Magnússon hefur fengið frá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. vegna slyssins. Nemur það 501.029 krónum.

III.

Krafa aðaláfrýjandans Hreins Magnússonar sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón og varanlega örorku samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens 29. ágúst 1988	kr.	5.697.859
2. Miskabætur	—	2.000.000
Til frádráttar:		
Verðmæti greiðslna upp í tjónið	—	501.029
Laun og sjúkradagpeningar	—	43.164
Verðmæti örorkulífeyris	—	1.120.379

Um 1.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir tjón Hreins Magnússonar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 2.500.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til verðmætis bóta, sem hann nýtur frá Tryggingastofnun ríkisins, höfð hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, svo og litið til verðmætis lífeyris, er hann fær úr lífeyrissjóði. Jafnframt hefur verið dregið frá verðmæti greiðslna frá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. á sínum tíma svo og laun og sjúkradagpeningar.

Um 2.

Með vísan til sjúkrasögu Hreins Magnússonar samkvæmt þeim gögnum, sem að framan eru rakin, og afleiðinga þeirra meiðsla,

sem hann varð fyrir í umræddu slysi, þykir tjón hans samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 800.000 krónur. Er þá tekið tillit til þess, að bæturnar bera vexti í rúm sjö ár, svo og til verðbótaþáttar vaxta.

Krafa áfrýjandans Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur.

Krafist er bóta fyrir umönnun og miska. Hreinn Magnússon var 27 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi, og bjó þá á heimili móður sinnar. Hefur hann búið þar, eftir að sjúkrahússlegu og endurhæfingu á Grensásdeild Borgarspítala lauk, þegar liðið var á sjötta mánuð frá slysinu. Samkvæmt læknisgögnum var hann þá orðinn sæmilega á sig kominn líkamlega og sjálfbjarga. Eins og atvikum er háttað, eru ekki lagaskilyrði til þess að taka kröfu þessa til greina, og ber að sýkna aðaláfrýjendur af henni. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður í þessum þætti málsins.

IV.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt skaðabætur að fjárhæð 3.300.000 krónur (2.500.000 + 800.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir, þó svo, að krafa um vaxtavexti af dæmdum höfuðstól verður ekki tekin til greina, en hún kom fyrst fram við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 800.000 krónur. Er þar með talinn kostnaður við gagnaöflun. Hvorki er tekið tillit til söluskatts né virðisaukaskatts.

Það er aðfinnsluvert, að í héraðsdómi eru læknisfræðilegum gögnum og örorkuútreikningi lítt gerð skil.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Kolbrún Fjóla Guðjónsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjandans Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt 3.300.000 krónur með ársvöxtum eins og hér segir: 17%

frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, 19% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 9,5% frá þeim degi til 1.mars 1987, 10% frá þeim degi til 1.maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1.desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 29. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað af Hreini Magnússyni, Yrsufelli 1, Reykjavík, nnr. 4374-4658, og Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur, Yrsufelli 1, Reykjavík, nnr. 6098-9494, með stefnu, birtri 22. apríl 1986, og framhaldsstefnu, þingfestri 19. júní 1987, á hendur Guðmundi Rúnari Rúnarssyni, Öldugötu 54, Reykjavík, nnr. 3100-1153, Kolbrúnu Fjólu Guðjónsdóttur, Reynigrund 29, Kópavogi, nnr. 5658-3564, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.

Endanlegar dómkröfur stefnandans Hreins eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 7.148.352 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Endanlegar dómkröfur stefnandans Lilju Sigríðar eru þær, að stefndu verði gert að greiða sér in solidum 1.500.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda gegn greiðslu á 1.071.763 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnenda:

Málsatvik kveða stefnendur vera þau, að stefnandinn Hreinn hafi verið gangandi vegfarandi á Kringlumýrarbraut gegnt Bólstaðarhlíð 20. október 1984, er bifreiðinni Y-8582 var ekið á hann. Eigandi ökutækisins hafi verið stefnda, Kolbrún Fjóla Guðlaugsdóttir, en ökumaður stefndi, Guðmundur Rúnar Rúnarsson. Bifreiðin hafi verið í ábyrgðartryggingu Sjóvátryggingafélags Íslands hf. Stefnandi hafi orðið fyrir miklum áverkum, einkum höfuðáverkum. Hafi hann þegar eftir slysið verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og gert þar að meiðslum hans og hann vistaður um sinn. Eftir það hafi hann verið til meðferðar á Grensásdeild, endurhæfingardeild Borgarspítalans í Reykjavík, í um fjóra mánuði. Afleiðingar slyssins hafi verið hinar alvarlegustu, og segi í örorkumati, að varanleg (sic) örorka stefnanda sé frá slysdegi talið í sex mánuði 100%, en varanleg örorka 75%, og sé slík örorka á það háu stigi, að greind stefnanda sé nú á vanvitastigi.

Endanlegar dómkröfur stefnandans Hreins byggist á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings, dags. 29. ágúst 1988, og sundurliðist þannig:

a) Örorkutjón:		
Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr.	191.111
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	"	5.506.748
b) Miskabótakrafa	kr.	2.000.000
Reikningur Bjarna Hannessonar læknis	"	440
Reikningur Björns Önundarsonar	"	5.530
Reikningur Tengsla sf.	"	10.000
Reikningur Guðjóns Hansens	"	6.715
Reikningur Guðjóns Hansens	"	4.400
Reikningur Guðjóns Hansens	"	4.950
Reikningur Guðjóns Hansens	"	12.858
Reikningur Sigrúnar Júlíusd.	"	15.600
	Samtals kr.	7.758.352

Kröfur stefnandans Lilju Sigríðar:

Bætur fyrir umönnun og miska	kr.	1.500.000

Frá kröfum stefnandans Hreins dragist innborganir Sjóvá, samtals 610.000 kr.

Málsástæður sínar kveða stefnendur vera þær, að stefnandinn Hreinn eigi ótvíræðan bótarétt í máli þessu, bæði vegna orkutaps, sem reiknað hafi verið út af tryggingastærðfræðingi og byggt á örorkumati tryggingayfirlæknis, auk þess sem hann telji sig eiga rétt á miskabótum. Móðir stefnandans, Lilja Sigríður, sem hafi orðið að annast hann í löngu og erfiðu veikindastríði, telji sig eiga rétt á bótum fyrir umönnun sína svo og miskabótum.

Varðandi lagarök vísi stefnendur til 67. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga og meginreglna íslensks skaðabótaréttar. Stefnendur reisi málsókn sína á lögregluskýrslu, skýrslu um umferðarslys, enn fremur á örorkumati tryggingayfirlæknis og örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings, enn fremur á fylgiskjölum, sem tengist máli þessu, svo sem reikningum.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ekki vera ágreining um skaðabótaskyldu, heldur um fjárhæð tjóns. Í aprílmánuði 1986 hafi stefnanda Hreini verið gert sáttatilboð um greiðslu á 1.681.763 kr., sem fram kemur á dskj. nr. 16, en því hafi verið hafnað. Honum hafi hins vegar verið greitt upp í tjónið skv. kvittunum á dskj. nr. 17 - 21.

Kröfugerð stefnenda er allsendis mótmælt.

1) Stefnendur byggi á örorkumati eftir Björn Önundarson lækni á dskj. nr. 5. Læknirinn telji stefnandann Hrein hafa verið 100% öryrkja frá slysdegi í átta mánuði, en síðan 75% öryrkja varanlega.

Af hálfu stefndu er fallist á örorkumatið sem rétt og enn fremur á örorkutjónsútreikninga á dskj. nr. 33, og ágreiningslaust er með aðilum, að beita eigi útreikningum með einföldum vöxtum, svo að ekki er ágreiningur með aðilum um niðurstöðutöluna á dskj. nr. 33, 5.697.859 kr.

2) Því er mótmælt af hálfu stefndu, að í líkindareikningum Guðjóns Hansens felist sönnun um tjón, þó að þvílíkir útreikningar séu hafðir til hliðsjónar við uppgjör bóta fyrir líkamstjón. Jafnan verði að hafa í huga, að um áætlun sé að ræða og annað ekki. Niðurstöðurnar séu hafðar til hliðsjónar til að komast að niðurstöðu um ætlað tjón. Því beri ekki aðeins að líta á ætlaðar tapaðar vinnutekjur, heldur beri einnig að líta til þess, sem stefnandinn fái í þeirra stað og útreikningar nái til, þ.e. verðmætis örorkulífeyris og tekjutryggingar, en ætlað verðmæti þessara greiðslna eigi að sjálfsögðu að koma til frádráttar ætluðu verðmæti tapaðra tekna. Þannig hafi verið farið að í tilboði því, sem stefnandanum Hreini var gert. Miðað við áætlanir Guðjóns Hansens á dskj. nr. 33 sé verðmæti tapaðra tekna

ætlað	kr.	5.697.859
Frá sé dregið ætlað verðmæti örorkulífeyris	kr.	1.120.379
og ætlað verðmæti tekjutryggingar	kr.	1.975.246
Þá fáist brúttó áætlunartala	kr.	2.602.234.

Þessa fjárhæð beri að lækka vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis. Í stefnu beitti stefnandi 25% lækkun, en við munnlegan málflutning kvað hann u.þ.b. 40% vera nær lagi vegna staðgreiðslukerfis skatta. Þá hafi stefnandi fengið laun, 22.923 kr., og dagpeninga frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, 20.241 kr., sem hvort tveggja komi til frádráttar.

Þar sem talið hafi verið, að efni stæðu til hárrar greiðslu miskabóta, hafi verið boðnar 300.000 kr.

Miðað hafi verið við það, að greiðslur upp í tjónið kæmu til frádráttar þessari fjárhæð, og séu dómkröfur við það miðaðar. Eðlilegt sé, að greiðslur dragist frá höfuðstól, eftir því sem þær fóru fram, og að vextir verði reiknaðir í samræmi við það. Fjárhæð miskabóta hafi verið áætluð á verðlagi þess tíma, er tilboðið var gert, og séu því ekki efni til að leggja á þá fjárhæð vexti nema frá þingfestingartíma málsins.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu sérstaklega hækkun krafna, þar sem framangreindir útreikningar sýni, að skv. dskj. nr. 16 hafi stefndu boðið fram réttar greiðslur.

3) Miskabótakröfu stefnandans Hreins er andmælt sem allt of hárri og haldið fast við, að miskabætur til hans hafi verið hæfilega metnar 300.000 kr. í framangreindu tilboði. Þá er þess krafist, komi til þess, að miskabætur verði ákveðnar á verðlagi þess tíma, er dómur gengur, að vextir verði ekki dæmdir af þeim nema frá dómsuppsögudegi.

4) Því er andmælt, að kostnaðarreikningar þeir, sem greinir í b-lið krafna stefnandans Hreins, verði teknir til greina nema sem hluti málskostnaðar, en þeim er ekki mótmælt tölulega né heldur greiðsluskyldu.

5) Kröfum stefnandans Lilju Sigríðar er eindregið mótmælt. Hún sé móðir stefnandans Hreins, og sé út af fyrir sig ekki dregið í efa, að hún hafi veitt honum umönnun. En til hvers eigi að bæta honum tekjumissi, ef hann eigi ekki síðan sjálfur að standa undir eigin framfærslu og umönnun? Virðist eðlilegt, að hún beindi þessum kröfum að syni sínum, enda væri tjónið tvíbætt að öðrum kosti. Þá sé þessi krafa engum gögnum studd. Sérstaklega sé því mótmælt, að þessi stefnandi eigi rétt til miskabóta.

6) Ágreiningur þessa máls sé umfram allt um það, hvort verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar eigi að koma til frádráttar við áætlun tjóns. Stefndu haldi því fram, að um þetta hafi myndast venja, og byggi á því. Jafnframt sé minnt á, að skaðabótum sé ætlað að gera tjónþola jafnsettan fjárhagslega og verið hefði, ef tjónsatvik hefði ekki orðið. Ef tjón-

þoli fengi bætt verðmæti fjárhagstjóns, þar sem litið væri til tapaðra tekna einna án þess að líta til þess, sem í staðinn kæmi, yrði hann því betur settur fjárhagslega eftir en áður sem næmi verðmæti þeirra bóta, er í staðinn kæmu, þ.e. örorkulífeyris og tekjutryggingar.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnenda, og hélt hann því fram við munnlegan málflutning, að vexti bæri að reikna út skv. dómi Hæstaréttar frá 1. júní 1988: Kjartan Ingimarsson o.fl. gegn Hjalta Þórarinssyni. Sérstaklega mótmælir stefndi kröfu um, að vextir leggist við höfuðstól á ársfresti. Í því sambandi bendir hann á, að við líkindareikninga þá, sem fyrir liggi, muni notaðir einfaldir vextir.

Við munnlegan málflutning var lýst yfir því af hálfu stefnanda, að ágreiningslaust væri með aðilum, að grunnörorkulífeyri bæri að draga frá bótum, þannig, að hafa beri hliðsjón af þeim greiðslum við niðurstöðu dómsins, enda þótt stefnandi héldi fast við stefnufjárhæðina, sbr. 59. gr. l. nr. 67/1971.

Þá kvað lögmaður stefndu við munnlegan málflutning, að draga bæri lífeyrisbætur frá bótagreiðslum.

Lögmaður stefnenda mótmælti því og kvað það fráleitt, þar sem greiðslur úr lífeyrissjóði skertu tekjutryggingu, en jafnframt væri gerð krafa um skerðingu bóta vegna tekjutryggingar.

III.

Niðurstaða.

Dómkröfur stefnenda eru tvíþættar. Annars vegar er krafa stefnandans Hreins, en hins vegar krafa stefnandans Lilju Sigríðar. Verður fyrst fjallað um kröfu stefnandans Hreins.

Enginn ágreiningur er í máli þessu um bótaskyldu stefndu við þennan stefnanda. Þá eru aðilar sammála um, að við útreikning bóta skuli leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings á dskj. nr. 33, þar sem reiknað er með einföldum vöxtum, en verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku reiknast samtals 5.697.859 kr. Frá þeirri fjárhæð dragast innborganir stefnda, 610.000 kr. Þá er enn fremur ágreiningslaust, að grunnörorkulífeyrir stefnanda skuli koma til lækkunar bóta.

Enn fremur ber að kröfu stefndu samkvæmt áratugalangri dómvenju að lækka bætur vegna skattfrelsis þeirra og eingreiðsluhagræðis. Einn þáttur eingreiðsluhagræðisins er sá, að bæturnar skerða ekki framtíðartekjutrygginguna bótaþega, eins og verða kynni, ef um jafnar mánaðarlegar greiðslur væri að ræða. Aðrir þættir hafa hins vegar áhrif á tekjutrygginguna til lækkunar, svo sem bætur stefnanda úr lífeyrissjóði. Þá myndu atvinnutekjur hafa áhrif á tekjutrygginguna til lækkunar eða niðurfalls.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins á dskj. nr. 37 nýtur stefnandi nú skertrar tekjutryggingar. Hvort eða að hve miklu leyti stefnandi mun njóta tekjutryggingar framvegis, er því ekki ljóst. Verður því ekki fallist á þá kröfu stefndu að skerða bætur stefnanda vegna tekjutryggingar frekar en gert er vegna eingreiðsluhagræðisins.

Við ákvörðun um lækkun vegna skattfrelsis bótanna ber að hafa í huga, að verulegur hluti bóta stefnanda hefði lent innan skattfrelsismarka.

Við munnlegan málflutning kom fram sú krafa af hálfu stefndu, að lækka bæri bætur til handa stefnanda vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Var þessari kröfu mótmælt af hálfu stefnda sem fráleitri.

Þegar bætur til tjónþola eru ákvarðaðar, ber að hafa í huga, að þeim er ætlað að gera hann fjárhagslega sem líkast settan því, að tjónið hefði ekki orðið. Þegar virt er, hvort greiðslur stefnanda úr lífeyrissjóði skuli hafa áhrif til lækkunar, verður ekki hjá því komist að líta jafnframt til þess þáttar, hver áhrif skerðing lífeyrisréttinda, sem stefnandi verður fyrir, þegar aflahæfi hans fellur niður, verða, svo að unnt verði að meta, hvort þessar greiðslur geri hann betur settan en ella hefði verið. Þar sem þessi krafa kom, eins og áður greinir, fyrst fram við munnlegan málflutning og engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um framtíðaráhrif þessa þáttar á tekjur stefnanda, og því ósannað, að þær geri stefnanda betur settan en ella hefði verið, þá er ekki fallist á lækkun bótagreiðslna til stefnanda af þessum sökum gegn andmælum stefnanda.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, þykja bætur til handa stefnanda Hreini samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar 3.100.000 kr.

Krafa þessa stefnanda um miskabætur er 2.000.000 kr., og er henni mótmælt sem of hárri af hálfu stefndu.

Þegar virt eru meiðsl stefnanda og afleiðingar þeirra, þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákveðnar 700.000 kr., en við ákvörðun miskabóta er höfð hliðsjón af því, að vextir leggjast á þá fjárhæð frá slysdegi.

Ekki er ágreiningur um fjárhæðir eða greiðsluskyldu reikninga vegna útlagðs kostnaðar, sem stefnandi Hreinn krefur stefndu um. Hins vegar má fallast á það með stefndu, að kröfuliðir þessir falla undir málskostnað.

Vextir á bótagreiðslur til handa stefnanda ákvarðast eins og greinir í dómsorði, og er þá haft í huga, að vaxtakrafa stefnanda er óljós frá 1. september 1988.

Krafa stefnandans Lilju er 1.500.000 kr. bætur fyrir umönnun og miska.

Gegn andmælum stefndu þykir ekki unnt að taka kröfulið þennan til greina, enda standa lagarök ekki til þess að dæma þessum stefnanda miskabætur. Þá hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu stefndu gagnvart þessum stefnanda vegna umönnunar meðstefnanda.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu til að greiða stefnandan-

um Hreini málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 520.000 kr., og er þar með talinn útlagður kostnaður skv. kröfugerð stefnanda og söluskattur lögum samkvæmt.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Öldugötu 54, Reykjavík, Kolbrún Fjóla Guðjónsdóttir, Reynigrund 29, Kópavogi, og Sjóvátryggingafélag Íslands hf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur, Yrsufelli 1, Reykjavík.

Stefndu, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Kolbrún Fjóla Guðjónsdóttir og Sjóvátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum stefnanda Hreini Magnússyni, Yrsufelli 1, Reykjavík, 3.800.000 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 520.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. desember 1991.

Nr. 226/1990. **Lífeyrissjóður sjómanna**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
(Jóhann Níelsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Lífeyrissjóðsframlag. Lögveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí s.á. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér „utan skuldaraðar 367.300 kr. með 45% ársdráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á. til 31. mars 1986, með 27% ársdráttarvöxtum frá 1. apríl 1986 til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum frá 1. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með ársdráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986, en síðan ár hvert". Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Öllum starfsmönnum Hafskips hf. var sagt upp störfum 30. nóvember 1985, en skipafélagið var lýst gjaldþrota 6. desember s.á. Af hálfu bústjóra þrotabúsins var ákveðið, að sjómennirnir ynnu fram til 31. desember 1985, og segir í héraðsgreinargerð bústjóranna, að kaupskip þau, sem greinir í málinu, hafi þá enn verið í eigu búsins. Var sjómönnunum tilkynnt, að eftir 31. desember yrði ekki um frekari vinnu að ræða í þágu þess. Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda um 6% mótframlag launagreiðanda til sjóðsins af launum yfirmanna skipanna á uppsagnarfresti. Krafan er sótt sem lögveðskrafa, sbr. 10. gr. laga nr. 49/1974 um lífeyrissjóð sjómanna, og þess krafist, að hún komi til greiðslu utan skuldaraðar. Hefur stefndi greitt mótframlagið fyrir þann tíma, sem sjómennirnir unnu, en neitar greiðslu fyrir tímabilið frá 31. desember 1985 til

6. mars 1986. Ekki er tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina. Ágreiningur varð með bústjórum og yfirmönnum skipanna vegna launa á þessum tíma, en með dómi Hæstaréttar, H.1988,518, var þrotabúið skyldað til greiðslu þeirra og ráðningarslitin talin fara eftir 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 27. gr. sömu laga. Við uppgjör búsins til yfirmannanna voru iðgjöld þeirra greidd ásamt launum til stéttarfélaga þeirra, sem síðan greiddu iðgjöldin til áfrýjanda. Var þetta gert, þótt í 5. mgr. 10. gr. laga 49/1974 segi, að launagreiðandi skuli halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt iðgjaldahluta sínum beint til sjóðsins, þ.e. áfrýjanda.

Þegar skip stefnda voru seld í desember 1985, lá fyrir, að af söluverði þeirra varð að greiða ýmsar veðkröfur. Það uppgjör hvíldi á bústjórum þrotabúsins. Fyrir liggur, að yfirmennirnir áttu laun út uppsagnarfrestinn. Þykir sama eiga við um mótframlag atvinnurekanda í Lífeyrissjóð sjómanna. Þessu mótframlagi fylgdi lögveðsréttur í skipunum, og bar því bústjórum að gera það upp við áfrýjanda, þegar ljóst varð af kröfugerð yfirmannanna, hverju það nam. Það leiðir þegar af kröfugerð yfirmannanna, að lögveðsrétturinn er ekki fallinn niður, því að sú kröfugerð kom fram innan kröfulýsingarfrests. Kröfur áfrýjanda eru því teknar til greina. Upphafstíma vaxta er ekki sérstaklega mótmælt, og eru vextir dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, þrotabú Hafskips, greiði áfrýjanda, Lífeyrissjóði sjómanna, sem lögveðskröfu 367.300 krónur með 45% ársdráttarvöxtum frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á. til 31. mars s.á., með 27% ársdráttarvöxtum frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum frá 1. mars s.á til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Að mínu áliti ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 21. febrúar 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. þessa mánaðar.

Sóknaraðili, Lífeyrissjóður sjómanna, kennit. 460673-0119, Laugavegi 114, Reykjavík, krefst þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér utan skuldaraðar 367.300 kr. með 45% ársdráttarvöxtum (3,75% á mánuði) frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, með 33% ársdráttarvöxtum (2,75% á mánuði) frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, með 27% ársdráttarvöxtum (2,25% á mánuði) frá 1. apríl 1986 til 28. febrúar 1987, með 30% ársdráttarvöxtum (2,5% á mánuði) frá 1. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með ársdráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingu.

Sóknaraðili krefst þess, að dæmt verði, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. desember 1986, en síðan 6. desember ár hvert.

Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Krefst hann þess, að dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila skuli bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar í máli þessu og til greiðsludags að viðbættum 12% söluskatti vegna þess málskostnaðar, er til féll fyrir 1. janúar 1990 samkvæmt framlögðum reikningum, en gerir kröfu um greiðslu virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, er fellur eftir fyrrgreint tímamark, sbr. lög nr. 50/1988.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði algerlega hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til þess að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða söluskatt á þóknun fyrir lögfræðiþjónustu, sem innt var hendi fyrir árslok 1989, og virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu, sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1990. Enn fremur krefst hann þess, að úrskurðað verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá og með 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar í málinu.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Hafskips hf., Reykjavík, sem á sínum tíma rak umfangsmikla kaupskipaútgerð, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar

Reykjavíkur, upp kveðnum 6. desember 1985. Á skiptafundi í þrotabúi félagsins 29. júní 1989 var tekið til meðferðar frumvarp að úthlutunargerð úr búinu, sem þá hafði legið frammi lögmæltan tíma í skrifstofu skiptaráðanda til athugunar fyrir kröfuhafa og aðra, sem hagsmuna áttu að gæta. Lögmaður sóknaraðila mótmælti frumvarpinu og krafðist þess, að því yrði breytt þannig, að sóknaraðili fengi greidd utan skuldaraðar lífeyrissjóðsiðgjöld vegna iðgjaldahluta launagreiðanda af uppsagnarlaunum skipstjóra og stýrimanna, sem séu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna, fyrir tímabilið 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum í málinu, að þegar Hafskip hf. varð gjaldþrota 6. desember 1985, hafi sóknaraðili átt iðgjaldakröfu á félagið vegna sjómanna á skipum félagsins, byggða á skilagreinum starfsmanna félagsins sjálfs til sóknaraðila. Kröfu þessa hafi sóknaraðili fengið greidda utan skuldaraðar, þar sem iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna njóti sjóveðsréttar í hlutaðeigandi skipum. Jafnframt kveður sóknaraðili bústjóra þrotabúsins hafa gert upp að fullu iðgjöld vegna skipverja, er störfuðu hjá Hafskipi hf., fyrir tímabilið frá 6. desember 1985 til 31. sama mánaðar. Hins vegar hafi engar greiðslur borist vegna iðgjaldahluta launagreiðanda af uppsagnarlaunum skipstjóra og stýrimanna, sem séu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna, fyrir tímabilið 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra, sem í flestum tilvikum hafi verið til 6. mars 1986. Bústjórar þrotabús Hafskips hf. hafi ekki heldur skilað skilagreinum vegna iðgjalda af uppsagnarlaunum.

Sóknaraðili kveður sér hafa borist 23. maí 1986 fyrir milligöngu Skipstjórafélags Íslands uppgjör frá varnaraðila vegna átta skipstjóra, sem starfað höfðu hjá hinu gjaldþrota félagi. Greiðsla þessi hafi numið 56.231,10 kr., og var þar aðeins um að ræða 4% iðgjaldahluta skipstjóranna sjálfra. Hinn 9. október 1987 hafi sóknaraðila fyrir milligöngu Stýrimannafélags Íslands borist sams konar uppgjör vegna átján stýrimanna, sem starfað höfðu hjá Hafskipi hf., og nam greiðsla með því uppgjöri 57.154,58 kr. Loks hafi sóknaraðila borist fyrir milligöngu Vélstjórafélags Íslands 13. nóvember 1987 hliðstætt uppgjör vegna 31 vélstjóra, sem starfað hefði hjá Hafskipi hf., og var greiðsla með því uppgjöri 131.481 kr. Í engu þessara tilvika hafi sóknaraðila borist 6% mótframlag vinnuveitanda til sjóðsins.

Kröfur sóknaraðila eru á því byggðar, að öll ófyrnd iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna njóti lögveðsréttar í hlutaðeigandi skipum. Vísar hann til 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Af reglum 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 leiði, að ekki hafi þurft að lýsa í þrotabú Hafskips hf. kröfum vegna lífeyrissjóðsiðgjalda, sem ófyrnt sjóveð hafi verið fyrir við upphaf gjaldþrotaskipta á búi Hafskips hf., og alls ekki vegna iðgjaldakrafna, er

gjaldfellu, þegar skipstjórum og yfirmönnum, er njóti sérstakra uppsagnarlauna, var sagt upp störfum. Ljóst sé af aðgerðum bústjórnar þrotabús Hafskips hf., að hún hafi í upphafi einnig haft þennan skilning á málunum, því að með bréfi, dagsettu 19. febrúar 1986, hafi þrotabú Hafskips hf. greitt Lífeyrissjóði sjómanna lífeyrissjóðsiðgjöld, að fjárhæð 608.900 kr., vegna skipverja, er starfað höfðu hjá Hafskipi hf. tímabilið 6. desember 1985 til 31. sama mánaðar, sem forgangskröfu samkvæmt 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 úr þrotabúinu sóknaraðili því óskiljanlegt, að bústjórnin vilji nú ekki greiða full lífeyrissjóðsiðgjöld af lög- og samningsbundnum uppsagnarlaunum skipstjóra og yfirmanna, sem störfuðu hjá Hafskipi hf. frá 1. janúar 1986 til loka uppsagnarfrests þeirra, sbr. 43. gr. og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Sóknaraðili byggir á því, að þrotabú Hafskips hf. hafi tekið við öllum réttindum og skyldum Hafskips hf., m.a. þeirri skyldu launagreiðanda að halda iðgjöldum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna eftir af launum þeirra og að greiða þau ásamt iðgjaldahluta launagreiðanda, þ.e. þrotabúsins, beint til Lífeyrissjóðs sjómanna innan tveggja vikna frá útborgun launanna, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Þessari lögboðnu skyldu bústjórnar þrotabúsins hafi kröfulýsingar einstakra skipstjóra og yfirmanna á hendur þrotabúinu í engu breytt, þar sem Lífeyrissjóður sjómanna hafi forræði á innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda til sjóðsins, en ekki einstakir sjóðfélagar eða stéttarfélög þeirra.

Krafa sóknaraðila um dráttarvexti er reist á ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 83. gr. laga nr. 3/1878.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar sóknaraðili til 12. kafla laga nr. 85/1936.

Af hálfu varnaraðila er gerð sú grein fyrir málsatvikum, að við upphaf skiptameðferðar á búi Hafskips hf. 6. desember 1985 hafi það legið fyrir, að félagið hafi með bréfum 30. nóvember 1985 sagt öllum starfsmönnum upp störfum, en meðal starfsmanna hafi verið sjómenn á fjórum kaupskipum, sem félagið átti. Bústjórn þrotabús Hafskips hf. hafi ákveðið að efna ráðningarsamninga sjómanna fram til 31. desember 1985, enda hafi umrædd kaupskip þá enn verið í eigu þrotabúsins. Umræddir sjómenn hafi því verið launamenn hjá þrotabúinu til 31. desember 1985, og hafi laun þeirra verið gerð upp, eins og lög standi til, þ.m.t. iðgjöld til lífeyrissjóða.

Skip þrotabúsins hafi verið seld Hf. Eimskipafélagi Íslands með samningi 6. janúar 1986. Þau kaup hafi verið afráðin nokkru fyrr og því verið ákveðið að hafa umrædda sjómenn ekki áfram í þjónustu þrotabúsins frá 1. janúar 1986. Sjómennirnir hafi vegna þessa lýst í þrotabúið kröfum um bætur, sem jafngiltu launum í uppsagnarfresti, og hafi þær kröfur borist

fyrir lok kröfulýsingarfrests í búið, en hann rann út 15. maí 1986. Hvorki sjómennirnir né sóknaraðili máls þessa hafi lýst kröfum um bætur, sem jafngiltu framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, þ.e. 6%. Sóknaraðili hafi þó lýst kröfum í búið vegna iðgjaldaskuldar, sem stofnast hafði fyrir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta, bæði vegna iðgjaldahluta sjómanna og mótframlags vinnuveitanda.

Varnaraðili telur ekki vera um tölulegan ágreining að ræða um kröfu sóknaraðila, heldur varði ágreiningur þeirra aðeins það álitaefni, hvort greiða beri sóknaraðila hin umkröfðu iðgjöld utan skuldaraðar eða ekki.

Varnaraðili heldur því fram, að reglur sjómannalaga um rétt sjómanna til launa og bóta út tiltekinn uppsagnarfrest, sbr. 25. gr. og 45. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 35/1985, veiti sjómönnum rétt til bóta, sem jafngildi launum í uppsagnarfresti. Bætur þessar séu svonefndar meðalhófsbætur, og þurfi sjómenn aðrir en skipstjórar ekki að sæta frádrætti vegna innunninna launa annars staðar frá á umræddu tímabili. Hvergi sé í þessum lögum né öðrum lögum getið um, að réttur til bóta, sem jafngildi framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, stofnist á þessum tíma, hvorki til handa sjómanni né lífeyrissjóði. Sú krafa, sem sóknaraðili hafi nú uppi, hafi því aldrei stofnast.

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila, að lögveð hafi stofnast í skipum félagsins, enda hafi öll skip, sem félagið átti og komust í eigu þrotabús þess, verið seld á þeim tíma, sem kröfur sóknaraðila eigi að hafa stofnast. Sóknaraðili hafi heldur enga tilraun gert til að sýna fram á, hvernig krafa hans eigi að hafa fallið á einstök skip sem lögveðskrafa.

Varnaraðili reisir enn fremur kröfu sína í málinu á því, að komist rétturinn að því, að sóknaraðili hafi átt réttmæta kröfu, sem lögveðsréttar hafi notið í umræddum skipum, þá sé sá réttur fyrir löngu niður fallinn fyrir fyrningu. Vísar varnaraðili í því sambandi til 201. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sem hann telur eiga hér við. Geti sóknaraðili nú, 3½ ári eftir stofnun krafnanna, engar kröfur reist á þeim lögveðsrétti, sem upphaflega kunni að hafa fylgt kröfum hans.

Varnaraðili telur einnig, að sóknaraðili hafi vegna tómlætis glatað rétti til að hafa uppi kröfur þessar gagnvart búinu, þar sem hann hafi ekki lýst þeim í búið fyrir lok kröfulýsingarfrests. Honum hafi verið kunnugt um kröfugrundvöllinn fyrir a.m.k. 3½ ári og getað gert reka að því að tryggja hagsmuni sína með kröfulýsingu. Slíkt hafi átt að vera honum auðvelt, jafnvel þó að honum hafi ekki verið orðin endanleg fjárhæð kröfunnar kunn á þeim tíma. Þar sem sóknaraðila hafi borið að lýsa hinni meintu kröfu sinni í búið, en hann ekki gert það, geti hann ekki fengið fullnustu hennar af eignum búsins.

Krafa varnaraðila um málskostnað er studd við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og krafa hans um vexti

á málskostnað byggist á 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 og 135. gr. gjaldþrotalaga.

Krafa sóknaraðila í máli þessu er eingöngu reist á því, að hann hafi átt rétt til greiðslu utan skuldaraðar, þar sem um sé að ræða kröfur, sem sjóveðsréttur í „hlutaðeigandi skipum" fylgi.

Svo sem að framan var greint, snýst ágreiningur í máli þessu um mótframlag vinnuveitanda til sóknaraðila vegna krafna, sem lýst hafði verið í þrotabú Hafskips hf. vegna tiltekinna sjómanna, sem voru félagsmenn í Lífeyrissjóði sjómanna, og höfðu kröfur þessar fengist greiddar af eignum búsins. Stéttarfélög viðkomandi launþega höfðu annast lýsingu krafnanna í búið fyrir þeirra hönd, og önnuðust þau uppgjör umræddra iðgjalda til sóknaraðila án afskipta fyrirsvarsmanna þrotabúsins. Þær greiðslur bárust sóknaraðila í þrennu lagi, þ.e. 23. maí 1986, 9. október 1987 og 13. nóvember 1987.

Ljóst þykir, að í síðasta lagi við móttöku þessara greiðslna hafi sóknaraðili fengið vitneskju um tilvist þessara krafna og uppgjör þeirra við viðkomandi launþega. Hann gerði þó ekki reka að öflun viðurkenningar á sjóveðsréttindum vegna mótframlags vinnuveitanda út af þessum greiðslum fyrr en á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 29. júní 1989, er frumvarp til úthlutunargerðar úr búinu var tekið til meðferðar. Var þá liðið meira en eitt ár, frá því að sóknaraðili hafði fengið vitneskju um þau atvik, er hann reisir kröfur sínar í málinu á, og ætlaður sjóveðsréttur vegna krafna hans því fyrndur samkvæmt 201. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr. að meðtöldum söluskatti og virðisaukaskatti. Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Lífeyrissjóðs sjómanna, í máli þessu er hafnað. Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., 90.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. desember 1991.

Nr. 140/1989. **Þrotabú Hafskips hf.**
(Hafþór Ingi Jónsson hdl.)
gegn
Ragnari Kjartanssyni
(Jón Magnússon hrl.),
Ólafi Baldri Ólafssyni,
Sveini R. Eyjólfssyni,
Bjarna V. Magnússyni,
Finnboga Kjeld,
Guðlaugi Bergmann,
Gunnari Þór Ólafssyni
(Guðmundur Pétursson hdl.),
Hilmari Fenger
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.),
Jóni Helga Guðmundssyni,
Jóni Snorrasyni,
Jónatan Einarssyni,
Páli G. Jónssyni,
Pétri Björnssyni,
Víði Finnbogasyni
(Guðmundur Pétursson hdl.),
Björgólfi Guðmundssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.) **og**
Davíð Scheving Thorsteinssyni
(Jón G. Zoëga hrl.)
og
Björgólfur Guðmundsson
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
og
Ólafur Baldur Ólafsson,
Sveinn R. Eyjólfsson,
Bjarni V. Magnússon,
Finnbogi Kjeld,
Guðlaugur Bergmann,
Gunnar Þór Ólafsson,

1974

Jón Helgi Guðmundsson,
Jón Snorrason,
Jónatan Einarsson,
Páll G. Jónsson,
Pétur Björnsson og
Víðir Finnbogason
gegn
þrotabúi Hafskips hf.

Hlutafélög. Gjaldþrotaskipti. Skaðabótakrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1989. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„Að stefndu Ragnari Kjartanssyni, Ólafi Baldri Ólafssyni, Sveini R. Eyjólfssyni, Bjarna V. Magnússyni, Guðlaugi Bergmann, Gunnari Þór Ólafssyni, Hilmari Fenger, Jóni Helga Guðmundssyni, Jóni Snorrasyni, Jónatan Einarssyni, Páli G. Jónssyni, Pétri Björnssyni, Víði Finnbogasyni og Björgólfi Guðmundssyni verði gert að greiða aðaláfrýjanda in solidum skaðabætur, að fjárhæð 5.079.440 kr., með vöxtum eins og síðar greinir, en stefnda Davíð Scheving Thorsteinssyni verði in solidum ásamt öllum meðstefndu að undanskildum Finnboga Kjeld gert að greiða aðaláfrýjanda 2.019.940 kr. með vöxtum eins og síðar greinir, en stefnda Finnboga Kjeld verði in solidum ásamt öllum meðstefndu að undanskildum Davíð Scheving Thorsteinssyni gert að greiða aðaláfrýjanda 3.059.500 kr. með vöxtum eins og síðar greinir.

Þess er krafist, að stefnufjárhæðir beri vexti sem hér segir: Með 22% ársvöxtum frá 6. des. 1985 til 28. febr. 1986, með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% ársvöxtum frá 21. febr. 1987 til 30. apríl 1987, 12% ársvöxtum frá 1. maí 1987 til 5. maí 1987, 10,3% ársvöxtum frá 6. maí 1987 til þingfestingar málsins í héraði, - þ.e. 26.

maí 1987, - en með hæstu innlánsvöxtum hjá bönkum og sparisjóðum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess jafnframt krafist, að dæmt verði, að vextir, sem falla á eftir 26. maí 1987, leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 26. maí 1988 og síðan árlega þann dag." Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Björgólfur Guðmundsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1989. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Vísað verði frá dómi þeim hluta kröfu aðaláfrýjanda, er lýtur að því, að gagnáfrýjandi Björgólfur verði dæmdur óskipt með öðrum aðalstefndum til að greiða aðaláfrýjanda 3.059.500 kr.

2. Gagnáfrýjandi Björgólfur verði sýknaður af þeim hluta stefnukröfunnar, sem lýtur að því, að hann verði dæmdur til að greiða óskipt með öðrum aðalstefndum 2.019.940 kr.

3. Verði ekki fallist á frávísunarkröfuna, er þess krafist, að gagnáfrýjandi Björgólfur verði einnig sýknaður af kröfunni um greiðslu á 3.059.500 kr.

4. Aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda Björgólfi málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt viðmiðunargjaldskrá LMFÍ, að viðbættum 12% sérstökum söluskatti af þóknun fyrir flutning málsins í héraði og 24,5% virðisaukaskatti af þóknun fyrir flutning málsins í Hæstarétti."

Gagnáfrýjendur Ólafur Baldur Ólafsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Bjarni V. Magnússon, Finnbogi Kjeld, Guðlaugur Bergmann, Gunnar Þór Ólafsson, Jón Helgi Guðmundsson, Jón Snorrason, Jónatan Einarsson, Páll G. Jónsson, Pétur Björnsson og Víðir Finnbogason skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1989. Þeir gera þær dómkröfur, að vísað verði frá héraðsdómi þeim hluta kröfu aðaláfrýjanda er varðar greiðslu 3.059.500 króna ásamt vöxtum. Þeir krefjast sýknu af hinum hluta kröfu aðaláfrýjanda, þ.e. um greiðslu 2.019.904 króna ásamt vöxtum, svo og sýknu af allri kröfunni, ef frávísunarkrafan nær ekki fram að ganga. Þá krefjast þeir málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjanda í héraði að viðbættum 12% sérstökum söluskatti af málflutningsþóknun og í

Hæstarétti að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndu Ragnar Kjartansson, Hilmar Fenger og Davíð Scheving Thorsteinsson krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

I.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að aldrei hafi verið tekin lögmæt ákvörðun í þrotabúinu um höfðun máls vegna þess hluta stefnukröfu, sem lýtur að því, að hlutafé félagsins hafi verið ranglega tilgreint í tilkynningu til Hlutafélagaskrár. Samkvæmt 1. mgr. 133. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 skal ákvörðun um, að félag hafi uppi skaðabótakröfu, tekin á hluthafafundi. Gagnáfrýjendur telja eðlilegt að skilja ákvæðið á þann veg, að eftir að bú hlutafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, sé það eingöngu á valdi skiptafundar að taka þessa ákvörðun. Á skiptafundi, sem haldinn var í þrotabúi Hafskips hf. 20. júní 1986, hafi aðeins verið tekin ákvörðun um að innheimta kröfu vegna mismunandi grunnvísitölu skuldabréfanna, en ekki vegna hlutabréfanna. Heimild til slíkrar ákvörðunar felist ekki heldur í almennri heimild til innheimtu krafna, sem skiptastjórum var veitt.

Aðaláfrýjandi telur frávísunarkröfuna ekki eiga við rök að styðjast. Úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1988, sem hafnaði frávísunarkröfum stefndu í héraði, hafi ekki verið áfrýjað, svo sem nauðsynlegt hafi verið, ef taka átti álitaefni hans til sjálfstæðrar endurskoðunar. Þá telur aðaláfrýjandi, að skiptastjórar hafi lögum samkvæmt haft heimild til málshöfðunar, auk þess sem skiptafundur hafi veitt þeim almenna heimild til innheimtu krafna þrotabúsins.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu ekki framangreindum úrskurði héraðsdómara, er þeir gagnáfrýjuðu héraðsdómi. Frávísunarkrafa þeirra er samkvæmt framangreindu reist á ástæðum, sem sjálfkrafa leiða til frávísunar málsins, ef réttar eru. Koma þær því eigi að síður til álita hér fyrir dómi.

Samkvæmt 91. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eru heimildir skiptastjóra á vegum þrotabús það rúmar, að telja verður, að skipta-

stjórum í þrotabúi Hafskips hf. hafi verið heimilt að höfða mál til innheimtu hlutafjárkröfunnar án þess að leita sérstakrar heimildar skiptafundar, enda hafði skiptafundur ekki tekið gagnstæða ákvörðun. Þá ber og að hafa í huga eftirlitshlutverk skiptaráðanda, sbr. 105. gr. gjaldþrotalaga, en hann hreyfði engum athugasemdum við málshöfðun þessari. Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til að vísa umræddri kröfu frá dómi.

II.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er í máli þessu deilt um það, hvort fyrrverandi stjórnarmenn og forstjóri Hafskips hf. séu skaðabótaskyldir gagnvart þrotabúi Hafskips hf. vegna hlutafjárútboðs félagsins og tilkynningar til Hlutafélagaskrár á árinu 1985. Krafa aðaláfrýjanda er tvíþætt: 1. Annars vegar er krafist bóta, 2.019.940 króna, vegna tjóns, sem leiddi af ætluðum mistökum við útgáfu skuldabréfa. 2. Hins vegar er krafist bóta, 3.059.500 króna, vegna tilkynningar til hlutafjárskrár um hlutafé í Hafskipi hf.

1. Að því er varðar fyrri þáttinn, vísitölu skuldabréfanna, er fallist á rökstuðning og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um það, að aðalstefndu hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem verði metin þeim til sakar. Skilyrðum 132. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 er því ekki fullnægt, og ber að sýkna þá stefndu, sem þessi hluti kröfunnar beinist að. Samkvæmt því eru ekki efni til að taka afstöðu til þess, hvort aðaláfrýjandi hafi sýnt fram á, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna mismunandi vísitölu skuldabréfanna.

2. Að því er varðar síðari þátt kröfugerðar aðaláfrýjanda, er því lýst í héraðsdómi, að í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem er dagsett 20. júní 1985, hafi stefndu oftalið hlutafé félagsins um 3.059.500 krónur. Fallist er á það álit héraðsdómara, að aðalstefndu hafi borið að ganga úr skugga um það, hve mikið hlutafé hafði safnast, áður en tilkynning var send til Hlutafélagaskrár. Bar þeim í tilkynningunni að geta um hlutföll hlutafjárloforða og greidds hlutafjárauka, sbr. 2. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga. Þykir ekki unnt að byggja á 46. grein hlutafélagalaga, sbr. 12. gr. samþykkta félagsins, sem heimilar félaginu að eiga sjálft allt að 10% hlutafjár, þar sem ósannað er, að tekin hafi verið sérstök ákvörðun þess efnis. Þá hafa stefndu ekki gætt þess að halda áskriftarskrá, svo sem skylt

er samkvæmt 32. gr. laganna. Framangreind atriði verður að meta stefndu til gáleysis í skilningi 132. gr. hlutafélagalaga, sbr. 52. gr. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur hins vegar ekki verið í ljós leitt, að stefndu hafi, miðað við aðstæður Hafskips hf. á þessum tíma, staðið óeðlilega að innheimtu hlutafjáraukans og það valdið félaginu tjóni. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að félagið eða einstakir viðskiptamenn þess hafi beðið tjón vegna framangreindrar tilkynningar til Hlutafélagaskrár frá þeim tíma, er hún var birt í Lögbirtingablaði 21. ágúst 1985, þar til félagið var úrskurðað gjaldþrota 6. desember 1985. Samkvæmt því ber að sýkna af þessari kröfu þá stefndu, sem hún beinist gegn.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Hrafns Bragasonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómara um kaflana I. og II. 1. í dómi þeirra.

Það er megineinkenni hlutafélaga, að enginn einn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Margvíslegar reglur eru í lögum nr. 32/1978 til að vernda hagsmuni lánardrottna hlutafélaga. Þar á meðal eru reglur í 3. kafla um greiðslu hlutafjár og í 5. kafla um hækkun hlutafjár. Á hluthafafundi í Hafskipi hf. 9. febrúar 1985 var samþykkt að bjóða út nýtt hlutafé, að upphæð 80 milljónir króna. Frestur til áskriftar var ekki settur, eins og vera bar eftir 30. gr. hlutafélagalaga. Áskriftarskrá með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 32. gr. laganna, var ekki haldin. Í fundargerð aðalfundar 7. júní 1985 lýsti stjórnarformaður yfir, að nýju hlutabréfin hefðu selst upp á skömmum tíma. Í auglýsingu, dagsettri 20. júní 1985, sem birtist í Lögbirtingablaði 21. ágúst 1985, sagði, hverjir voru kjörnir í stjórn á aðalfundinum og hverjir hefðu prókúruumboð. Í lok auglýsingarinnar sagði: „Arður var ekki greiddur og ekki gefin út jöfnunarhlutabréf. Upphæð hlutafjár er kr. 95.637.761.“

Með þessum athugasemdum erum við samþykkir meiri hlutanum um, að stefndu í aðalsök hafi sýnt af sér gáleysi í merkingu 132. gr. hlutafélagalaga varðandi tilkynninguna til Hlutafélagaskrár. Við teljum einnig, að upplýsingar á aðalfundi leiði til sömu niðurstöðu.

Ágreiningslaust er í málinu, að 3.059.500 krónur vantaði upp á, að hlutaféð, að upphæð 80 milljónir króna, hefði selst og að heildarhlutaféð, sem nefnt var í auglýsingunni í Lögbirtingablaði, var oftalið um þessa upphæð.

Lánardrottar Hafskips hf. máttu á því byggja, að upplýsingar félagsformanns og félagsstjórnar væru réttar og að 3.059.500 krónum meira en var í raun hefði verið greitt til félagsins sem nýtt hlutafé. Við gjaldþrotaskipti á búi félagsins kom sem þessu nemur minna til skipta en búast mátti við, og hafa lánardrottnar borið það tjón. Eftir 132. gr. hlutafjárlaga ber að dæma stjórnarmenn og forstjóra, sem ábyrgð bera á hinum röngu upplýsingum, til að greiða þrotabúinu fébætur, sbr. 52. gr. og 147. gr. hlutafélagalaga, þar sem þeir ýmist undirrituðu tilkynninguna eða létu ógert að leiðrétta það, sem fram kom á aðalfundi. Ber þeim því að okkar áliti að greiða áfrýjanda það, er á vantaði, 3.059.500 krónur, en í máli þessu koma bústjórar þrotabúsins fram fyrir kröfuhafa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. febrúar 1989, höfðaði þrotabú Hafskips hf., nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ragnari Kjartanssyni, nnr. 7173-8167, Vogalandi 11, Reykjavík, Ólafi Baldri Ólafssyni, nnr. 6779-3919, Heiðarbrún 13, Keflavík, Sveini R. Eyjólfssyni, nnr. 8737-4254, Kvisthaga 12, Reykjavík, Bjarna V. Magnússyni, nnr. 1225-4024, Ægisíðu 46, Reykjavík, Finnboga Kjeld, nnr. 2324-7690, Hjarðarhaga 17, Reykjavík, Guðlaugi Bergmann, nnr. 2980-1924, Sólbraut 3, Seltjarnarnesi, Gunnari Þór Ólafssyni, nnr. 3378-2071, Eikjuvogi 13, Reykjavík, Hilmari Fenger, nnr. 4119-5851, Hofsvallagötu 49, Reykjavík, Jóni Helga Guðmundssyni, nnr. 5135-6764, Mávanesi 20, Garðabæ, Jóni Snorrasyni, nnr. 5187-3912, Stigahlíð 76, Reykjavík, Jónatan Einarssyni, nnr. 5278-3135, Völusteinsstræti 36, Bolungarvík, Páli G. Jónssyni, nnr. 7015-4102, Vesturbrún 26, Reykjavík, Pétri Björnssyni, nnr. 7083-8583, Mávanesi 6, Garðabæ, Víði Finnbogasyni, nnr. 9190-1013, Blikanesi 11, Garðabæ, Björgólfi Guðmundssyni, nnr. 1284-5111, Hagamel 53, Reykjavík, og Davíð Scheving Thorsteinssyni, Mávanesi 7, Garðabæ, með stefnu, birtri 15., 16., 18. og 19. maí 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu Ragnari Kjartanssyni, Ólafi Baldri Ólafssyni, Sveini R. Eyjólfssyni, Bjarna V. Magnússyni, Guðlaugi Bergmann, Gunnari Þór Ólafssyni, Hilmari Fenger, Jóni Helga Guðmundssyni, Jóni Snorrasyni, Jónatan Einarssyni, Páli G. Jónssyni, Pétri Björnssyni, Víði Finnbogasyni og Björgólfi Guðmundssyni verði dæmt að greiða stefnanda in solidum skaðabætur, að fjárhæð 5.079.440 kr., með vöxtum eins og síðar greinir, en stefnda Davíð Scheving Thorsteinssyni verði in solidum með þeim, sem að framan greinir, dæmt að greiða stefnanda 2.019.940 kr. með vöxtum eins og síðar greinir, en stefnda Finnboga Kjeld verði dæmt að greiða stefnanda 3.059.500 kr. in solidum með öllum öðrum stefndu nema Davíð Scheving Thorsteinssyni með vöxtum eins og síðar greinir.

Stefnandi krefst þess, að allar ofangreindar fjárhæðir beri 22% ársvexti frá 6. desember 1985 til 28. febrúar 1986, 13% ársvexti frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% ársvexti frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% ársvexti frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% ársvexti frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% ársvexti frá 1. maí 1987 til 5. maí 1987, 10,3% ársvexti frá 6. maí 1987 til þingfestingardags, þ.e. 26. maí 1987, og hæstu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að dæmt verði, að vextir, sem á falla eftir 26. maí 1987, leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. maí 1988 og síðan árlega þann dag.

Stefnandi krefst þess og, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 542.082 kr. í málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða sér málskostnað.

Stefndi Björgólfur Guðmundsson gerði í upphafi þá varakröfu, að hann yrði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnanda, en féll frá kröfu þessari við munnlegan flutning málsins.

Stefndu Bjarni V. Magnússon, Guðlaugur Bergmann, Gunnar Þór Ólafsson, Jón Helgi Guðmundsson, Jón Snorrason, Jónatan Einarsson, Ólafur B. Ólafsson, Páll G. Jónsson, Pétur Björnsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Víðir Finnbogason og Finnbogi Kjeld gera þá dómkröfu, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér 1.053.636 kr. í málskostnað.

Stefndi Davíð Scheving Thorsteinsson gerir þá kröfu, að sér verði dæmdar 1.053.636 kr. í málskostnað.

Aðrir stefndu gerðu þær dómkröfur, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu gerðu kröfu til þess, að málinu yrði vísað frá dómi ýmist að

öllu leyti eða hluta. Með úrskurði, kveðnum upp 21. mars 1988, hafnaði dómurinn þeim kröfum.

I.

Bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 6. desember 1985. Aðalfundur félagsins á árinu 1985 var haldinn 7. júní. Allir stefndu að Finnboga Kjeld og Björgólfi Guðmundssyni undanskildum voru í stjórn félagsins frá aðalfundi árið 1984 til aðalfundar árið 1985. Allir stefndu að undanskildum Davíð Scheving Thorsteinssyni og Björgólfi Guðmundssyni voru í stjórn félagsins frá aðalfundi árið 1985, þar til félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Stefndi Björgólfur Guðmundsson var framkvæmdastjóri félagsins á þessum tíma og stefndi Ragnar Kjartansson formaður stjórnar þess.

Á því tímabili, sem hér um ræðir, átti Hafskip hf. í ýmiss konar rekstrarerfiðleikum. Á fundi stjórnar félagsins, sem haldinn var 20. desember 1984, skýrði formaður stjórnarinnar frá því, að eigið fé félagsins yrði neikvætt um u.þ.b. 60 milljónir króna miðað við 31.12. 1984 og að þrotið væri veðhæfi gagnvart viðskiptabanka félagsins, sem var Útvegsbanki Íslands. Formaðurinn lagði til með hliðsjón af alvarlegri þróun efnahagsmála, versnandi stöðu félagsins og ýmsum blikum, sem á lofti væru, að sérstaklega kjörinni stjórnarnefnd yrði falin á milli stjórnarfunda athugun á ákveðnum möguleikum, þ. á m. þeim að auka hlutafé. Tillagan var samþykkt samhljóða og í nefndina kjörnir stefndu Ragnar Kjartansson, Sveinn R. Eyjólfsson, Ólafur B. Ólafsson, Davíð Scheving Thorsteinsson, Hilmar Fenger og Björgólfur Guðmundsson.

Á stjórnarfundi í félaginu, sem haldinn var 8. janúar 1985, var samþykkt samhljóða svohljóðandi tillaga formanns stjórnar:

„Lögð verði fyrir hluthafafund í janúar tillaga um nýtt hlutafjárútboð, að upphæð 80 milljónir króna."

Á fundi stjórnar, sem haldinn var 1. febrúar 1985,. var eftirfarandi bókað:

„Lögð fram tillaga stjórnar félagsins til hluthafafundar, sem boðaður hefur verið hinn 9. febrúar nk. Er hér um að ræða útboð á nýju hlutafé, að upphæð 80 milljónir króna. Tillagan var samþykkt samhljóða, en gerð var athugasemd um vexti hinna væntanlegu bréfa. Verður það mál athugað nánar."

Á hluthafafundinum, sem haldinn var 9. febrúar 1985, var lögð fram svofelld tillaga stjórnar félagsins til fundarins, og var hún samþykkt einróma:

„Fundurinn samþykkir að bjóða út nýtt hlutafé, að upphæð 80 milljónir króna. Núverandi hluthafar eiga skv. 5. gr. samþykkta félagsins forkaupsrétt að hlutabréfum í samræmi við núverandi hlutabréfaeign til 9. apríl nk., en þá er stjórn félagsins heimilt að selja eftirstöðvar öðrum.

Hlutabréfin eru boðin til sölu gegn verðtryggðum vaxtalausum sjálfsskuldarábyrgðarbréfum, sem taka mið af lánskjaravísitölu, með fimm jöfnum afborgunum, hinni fyrstu 1. september 1986 og síðan árlega."

Hlutafé samkvæmt hlutafjárútboðinu var selt fyrir samtals 76.940.500 kr.

Með skuldabréfum voru greiddar 74.214.000 kr. Mismunurinn, hlutafé að fjárhæð 2.726.500 kr., var greitt með eftirtöldum hætti:

Staðgreiddar voru 145.500 kr. Til greiðslu af kaupi starfsfólks áttu að koma 586.000 kr., og 1.995.000 kr. voru greiddar með afslætti af flutningsgjöldum, með gámagrindum og með færslu í viðskiptareikning.

Skuldabréfin, sem hlutaféð var greitt með, voru fjölmörg talsins, en þau voru gefin út í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst árið 1985. Greiðsla samkvæmt skuldabréfunum var verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu, og var grunnvísitalan sú vísitala, sem í gildi var þann mánuð, þá er skuldabréfin voru gefin út.

Skuldabréfin voru nær jafnóðum afhent Útvegsbanka Íslands sem trygging fyrir greiðslu skulda Hafskips hf. við bankann samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það hafi verið mistök að miða grunnvísitöluna við vísitölu útgáfumánaðar, því að í öllum skuldabréfunum hafi átt að miða við vísitölu febrúarmánaðar, 1050 stig. Af þessum mistökum hafi leitt, að skuldabréfin séu verðminni sem nemi fjárhæðinni 2.400.246 kr. Þó hafi tjón þetta verið minnkað í 2.019.940 kr. með þeim ráðstöfunum stefndu Ragnars og Björgólfs að breyta í skuldabréfum, sem þeir höfðu gefið út til greiðslu á hlutafé, úr júlívísitölu í febrúarvísitölu. Því séu 2.019.940 kr. það tjón stefnanda, sem leitt hafi af þessum mistökum, og tjónið beri öllum stefndu að bæta stefnanda in solidum að Finnboga Kjeld undanskildum.

Eins og fyrr segir, var aðalfundur Hafskips hf. árið 1985 haldinn 7. júní. Í fundargerð aðalfundarins er undir liðnum skýrsla stjórnarformanns ritað eftirfarandi:

„Ákveðið var að stofna til hlutafjárútboðs á hluthafafundi 9. febr. sl., og seldist það (sic) upp á skömmum tíma."

Í tilkynningu stjórnar Hafskips hr. til Hlutafélagaskrár, sem dagsett er 20. júní 1985, segir, að upphæð hlutafjár sé 95.637.761 kr.

Undir þessa tilkynningu rita Ragnar Kjartansson, Ólafur B. Ólafsson, Páll G. Jónsson, Hilmar Fenger, Jón Helgi Guðmundsson, Finnbogi Kjeld, Gunnar Þór Ólafsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Bjarni V. Magnússon og Jón Snorrason.

Tilkynningin birtist í 110. tbl. Lögbirtingablaðsins 1985, sem út kom 21. ágúst.

Fyrir hlutafjáraukninguna mun hlutafé Hafskips hf. hafa verið 15.637.761 kr.

Stefnandi segir, að þar sem nýtt hlutafé hafi selst fyrir 76.940.500 kr., en ekki 80.000.000 kr., hafi hlutafé Hafskips hf. verið oftalið um 3.059.500 kr. Kröfuhafar og viðskiptamenn félagsins hafi mátt treysta því, að uppgefin fjárhæð hlutafjár hafi verið rétt, en við gjaldþrot félagsins hafi verið 3.059.500 kr. minna úr að spila til handa kröfuhöfum í þrotabúið. Þeir hafi því orðið fyrir tjóni, sem nemi þessari fjárhæð, og stefndu að Davíð Scheving Thorsteinssyni undanskildum hafi borið ábyrgð á því, að tilkynning um fjárhæð hlutafjár væri rétt, og beri þeim að bæta þrotabúinu þetta tjón.

Hefur nú kröfum stefnanda og helsta rökstuðningi hans verið lýst.

II.

Stefndi Ragnar Kjartansson, stjórnarformaður Hafskips hf., tilkynnti hluthöfum í félaginu um samþykkt hluthafafundarins með bréfi, dags. 12. febr. 1985. Hluthöfum er þar boðið að neyta forkaupsréttar og greint frá því, að á skrifstofu félagsins muni Ragnheiður Ágústsdóttir annast framkvæmd hlutafjársölunnar og ásamt forsvarsaðilum félagsins veita þær upplýsingar, sem hluthafar kynnu að leita eftir vegna hlutafjáraukningarinnar.

Stefndi Ragnar Kjartansson gaf 30. desember 1985 svohljóðandi skriflega yfirlýsingu, sem er á dskj. nr. 7:

„Í niðurlagi tillögu stjórnar Hafskips hf., sem samþykkt var um aukningu hlutafjár 9. febrúar 1985, sagði svo:

„Hlutabréfin eru boðin til sölu gegn verðtryggðum vaxtalausum sjálfsskuldarábyrgðarbréfum, sem taka mið af lánskjaravísitölu, með fimm jöfnum afborgunum, hinni fyrstu 1. september 1986 og síðan árlega."

Nú hafa komið í ljós mistök, er urðu við útgáfu bréfanna, en þau bera átta mismunandi lánskjaravísitölustig, sem hefur ráðist af undirritunardegi (1050 stig - 1204 stig).

Sá skilningur var hins vegar í upphafi, að bréfin miðuðust öll við lánskjaravísitölu, er gilti, þegar tillagan var samþykkt í febrúar, 1050 stig, eins og reyndar fyrstu bréfin segja til um.

Þetta staðfestist hér með."

Í ódagsettu bréfi lögmanns stefnda Ragnars Kjartanssonar til lögmanns stefnanda segir m.a. þetta:

„Í þriðja lagi er á það bent, að umbjóðandi minn annaðist ekki um frágang bréfanna og tók ekki ákvörðun um það, hvernig þau voru. Mál þetta er honum því algerlega óviðkomandi. Bent er á, að það var skilningur umbjóðanda míns, að miðað skyldi við lánskjaravísitölu 1050 stig við útgáfu bréfanna, en eins og að framan greinir, var það eingöngu persónuleg

skoðun hans. Í samræmi við það fór hann fram á það við þá aðila, sem gengu frá bréfunum, að þau yrðu útbúin miðað við lánskjaravísitölu 1050 stig. Frekari afskipti hafði hann ekki af málinu."

Í bréfi lögmanns stefnda Björgólfs til lögmanns stefnanda, dags. 25. ágúst 1986, segir m.a. þetta:

„Þá bendi ég á, eins og bréfið ber með sér, voru (sic) í desember 1985 leiðrétt mistökin í sambandi við vísitöluna og þar tekið fram, að miðað var við grunnvísitöluna 1050 stig, eins og hún var í febrúar 1985. Annars var þetta með vísitöluna á reiki, vegna þess að aðalatriðið var að selja þessi hlutabréf, og því var ekki óeðlilegt að miða við vísitölu þess mánaðar, þegar bréfin voru gefin út."

Stefndu Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson rituðu 28. desember 1985 svohljóðandi yfirlýsingu á skuldabréf, út gefin 9. júlí 1985, sem þeir greiddu með fyrir hlutafjárkaup:

„Skuldabréf þetta, sem er gefið út vegna hlutafjáraukningar í Hafskipi hf., er háð lánskjaravísitölu í febrúar 1985 (1050 stig), sbr. ákvörðun stjórnar félagsins um hlutafjárútboð, en vegna mistaka við gerð skuldabréfsins var tekin upp gildandi vísitala á útgáfudegi."

Fyrir dóminn komu stefndu Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Ólafur Baldur Ólafsson og Finnbogi Kjeld, einnig vitnin Ragnheiður Ágústsdóttir, Árni Árnason og Sigurþór Charles Guðmundsson, fyrrv. starfsmenn hjá Hafskipi hf., Helgi Magnússon, fyrrverandi löggiltur endurskoðandi Hafskips hf., og Axel Kristjánsson, fyrrverandi aðallögfræðingur og aðstoðarbankastjóri í Útvegsbanka Íslands.

Í skriflegri aðilaskýrslu sinni sagði stefndi Ragnar Kjartansson m.a. þetta um hlutafjárútboðið:

„Stjórn félagsins fól síðan skömmu eftir hluthafafundinn starfsmönnum félagsins að annast um framkvæmd hlutafjárútboðsins skv. samþykkt hluthafafundarins frá því 9. febrúar 1985....

Ég fól síðan Ragnheiði Ágústsdóttur, starfsmanni félagsins, að annast um tæknilega framkvæmd hlutafjárútboðsins, en hún hafði með hluthafaskrána að gera. Ég fól Páli Braga Kristjónssyni að fylgjast með útboðinu og vera Ragnheiði til trausts og halds, eftir því sem hann kæmi því við. Páll hætti störfum í lok febrúar og tjáði mér, skömmu áður en hann hætti, að framkvæmd hlutafjárútboðsins væri í mjög góðum höndum hjá Ragnheiði. Ragnheiður sneri sér síðan með þau álitamál, sem upp komu, til Sigurþórs Charlesar Guðmundssonar, aðalbókara félagsins, og spurði hann álits, eftir því sem henni þótti þurfa. Ekki var rætt við mig um málið fyrr en í júlímánuði 1985. Þá komst ég að því fyrir tilviljun, að bréfin vegna hlutafjárútboðsins höfðu verið útbúin með mismunandi vísitölu. Ég hafði

þá strax samband við Axel Kristjánsson, aðstoðarbankastjóra í Útvegsbankanum, og spurði hann, hvernig bankinn liti á þetta. Hann sagðist ekki sjá, að nein ástæða væri til að gera breytingar á þessu, þar sem samþykkt hluthafafundarins kvæði ekki ótvírætt á um vísitölu. Ég sá hins vegar ástæðu til þess, að við Björgólfur Guðmundsson gerðum þær breytingar á þeim skuldabréfum, sem komu okkur við, með þeim hætti, að febrúarvísitalan gilti um þau. Þetta gerði ég af því, að mér fannst rétt, að við Björgólfur sætum ekki við betra borð en þeir, sem fyrst gengu frá skuldabréfum sínum. Ég gerði stjórnarnefndinni grein fyrir vísitölumálinu og viðræðunum við Axel, og komust menn að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að aðhafast í málinu. Þá lá líka fyrir, að aðilar höfðu ekki fengist til að ganga frá skuldabréfum vegna hlutafjárútboðsins með vísitölu aftur í tímann. Á þeim tíma hélt ég, að sérstök samþykkt hefði verið gerð um, að hlutafjárútboðið skyldi miða við febrúarvísitölu 1985. Af þeim ástæðum gef ég síðar eða í desember það ár þá yfirlýsingu, sem liggur fyrir í máli þessu á dskj. nr. 7. Yfirlýsingin á dskj. nr. 7 er því gefin að óathuguðu máli og vegna þess að mig minnti það ranglega, að ákveðin bókun og/eða samþykkt hefði verið gerð um þetta atriði í stjórn félagsins."

Í munnlegri skýrslu fyrir dóminum sagðist stefndi Ragnar Kjartansson ekki muna eftir því, að í stjórnarnefnd þeirri, sem kjörin var í desember 1984, hefði verið rætt um, hvaða vísitölu skuldabréfin skyldu bera. Til umræðu hefði verið að láta skuldabréfin bera vexti, en til þess að gera sölu hlutafjárins auðveldari hefði það ekki verið gert.

Stefndi Ragnar Kjartansson sagði enn fremur, að yfirlýsing sú, sem hann hefði gefið um vísitöluna 30. desember 1985, hefði stafað af rangminni og því ruglaða (sic) umhverfi, sem þeir Hafskipsmenn hefðu búið við eftir gjaldþrot félagsins. Hann hefði heyrt, að vísitalan teldist til stórmála hjá þrotabúinu, og verið hvekktur út af því.

Stefndi Ragnar Kjartansson kvaðst hafa verið stjórnarformaður Hafskips hf. frá árinu 1983. Staðið hefði til, að hann hætti þá sem starfsmaður félagsins, en orðið hefði úr, að hann hefði tekið að sér umsjón með starfsemi félagsins á Íslandi. Tveir framkvæmdastjórar hefðu hins vegar haft daglega stjórn starfa hjá félaginu.

Stefndi Ragnar Kjartansson kvaðst hafa haft yfirumsjón með sölu hlutafjárins og fylgst með henni. Hann hefði þó ekki komið nálægt tæknilegu hliðinni. Ragnheiður Ágústsdóttir hefði í febrúar átt að snúa sér til Páls Braga Kristjónssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs félagsins, en Páll Bragi hefði látið af störfum fyrir félagið um mánaðamót febrúar-mars 1985. Eftir þann tíma hefði rekstrarnefnd fjármálasviðs tekið við störfum Páls Braga, en þá nefnd hefðu skipað Þórður Hilmarsson, Sigurþór Charles Guðmundsson og Árni Árnason.

Þá sagði stefndi Ragnar Kjartansson enn fremur eftirfarandi í skriflegri aðilaskýrslu sinni:

„Í júnímánuði 1985 sagði Ragnheiður Ágústsdóttir, að fyrir lægju loforð um hlutafjárkaup nokkuð umfram 80 milljónir. Ég kynnti þetta á aðalfundi félagsins, og var síðan tilkynning send til Hlutafélagaskrár ásamt tilkynningu um nýja stjórn og prókúruumboð sem og um upphæð hlutafjár. Þá tilkynningu (sic) tel ég og taldi, að væri rétt, m.a. með tilliti til þess, hve mikinn hlut félagið mátti eiga í sjálfu sér samkvæmt lögum. Á stjórnarfundinum, sem þessi tilkynning var kynnt á og samþykkt, þ.e. stjórnarfundi 28. júní, var eftirfarandi tekið fram:

1. Eingöngu væri gefin upp heildarhlutafjárhæð, þar sem nokkur hluti hlutafjárloforða væri enn í vinnslu. Þess vegna var orðalaginu „að fullu selt" sleppt úr texta tilkynningarinnar.
2. Að fyrir lægju vísbendingar um nokkra fjárhæð umfram 80 milljónir kr.
3. Að möguleiki væri á að skipta út bréfum á síðara stigi til jöfnunar.

Þá var einnig rætt um það á þessum fundi, að jafna mætti upphæðina með því, að félagið eignaðist sjálft hlutafé.

Um þessi atriði var því miður ekki fjallað í fundargerð, og stafar það af því, að fundarritari var annar en hinn kjörni fundarritari og þessa var ekki getið í prentaðri dagskrá, þar sem ég kom með tilkynninguna inn á fundinn."

Í munnlegri aðilaskýrslu sagði stefndi Ragnar Kjartansson, að Hafskip hf. hefði yfirleitt átt sjálft hlutafé, sem notað hefði verið til þess að selja viðskiptavinum, sem kaupa vildu. Þetta hefði verið hagkvæmt fyrirkomulag, en markmið félagsins hefði verið að tengja við félagið sem flest viðskiptafyrirtæki þess. Á stjórnarfundi hefði það verið sameiginlegur skilningur stjórnarmanna, að seldist ekki einhver hluti hlutafjárins, sem boðið var út, myndi félagið nýta sér lögbundinn rétt sinn til þess að eiga allt að 10% af hlutafé.

Stefndi Ragnar Kjartansson kvað tilkynninguna til Hlutafélagaskrár hafa verið undirritaða á stjórnarfundinum 28. júní 1985. Tilgreining upphæðar hlutafjár hefði byggst á munnlegum upplýsingum frá Ragnheiði Ágústsdóttur. Hann hefði ekki leitað eftir upplýsingum um þetta atriði hjá endurskoðanda félagsins, en sér hefði verið ljóst, að fjárhæð útgefinna skuldabréfa að viðbættum loforðum um kaup á hlutafé og loforðum, sem verið hefðu í vinnslu, hefði numið hærri fjárhæð en 80 milljónum kr.

Í málinu hefur verið lagt fram skjal sem dskj. nr. 47, og ber það yfirskriftina: „Ógreidd hlutafjárloforð skv. gögnum Ragnheiðar Ágústsdóttur. Sundurliðun."

Þar eru tilgreind nöfn 14 aðila, sem samkvæmt yfirskrift skjalsins eiga

að hafa lofað að kaupa hlutafé fyrir samtals 1.461.244 kr., en ekki greitt.

Stefndi Ragnar Kjartansson kvað vanta á þetta skjal eða kynni að vanta nokkra þá, sem lofað hefðu að kaupa hlutafé, þegar aðalfundurinn var haldinn 7. júní 1985, og nefndi þar Plastprent hf., sem lofað hefði að kaupa hlutafé fyrir 1.000.000 kr. Hagkaup hefðu lofað að kaupa hlutafé fyrir 1.000.000 kr., en á skjalinu væru þau skráð fyrir 500.000 kr. Sama máli taldi Ragnar gegna um fleiri fyrirtæki, þótt hann kynni ekki að nafngreina þau, og auk þess hefði legið fyrir vilyrði nokkurra fyrirtækja, sem verið hefðu í vinnslu, eins og stefndi orðaði það.

Vitnið Ragnheiður Ágústsdóttir, fyrrv. deildarstjóri skrifstofuumsjónar Hafskips hf., kvaðst hafa séð um framkvæmd sölu hlutafjárins og að útbúa skuldabréfin. Hún kvaðst hafa fengið fyrirmæli frá Sigurþóri Charlesi Guðmundssyni, aðalbókara félagsins, um að hafa vísitölu í skuldabréfunum breytilega eftir mánuðum, hann hefði komið til sín og sagt sér að muna eftir því að breyta vísitölunni um hver mánaðamót. Ragnheiður kvaðst ekki muna eftir því, að menn hefðu nokkru sinni mótmælt þeirri vísitölu, sem í skuldabréfunum var tilgreind, en hefði hún útbúið skuldabréf í öðrum mánuði en viðkomandi skuldabréf var undirritað, hefði hún breytt vísitölunni í vísitölu þess mánaðar, er undirritun fór fram.

Vitnið kvað selt hlutafé og hlutafjárloforð fyrir aðalfundinn 8. júní 1985 hafa verið komin yfir 80 milljónir, og hefði hún skýrt Ragnari Kjartanssyni frá því.

Vitnið taldi, að fjárhæð hlutafjár, sem tilgreind sé í tilkynningu stjórnar Hafskips hf. til Hlutafélagaskrár, væri fundin með því að leggja saman hlutafé í félaginu fyrir hlutafjárútboðið, selt hlutafé og hlutafjárloforð á þeim tíma, sem tilkynningin var gefin út.

Vitnið sagði, að fyrirtækið Bakhjarl hf. hefði lofað að kaupa hlutafé fyrir 2.250.000 kr., en skuldabréf fyrir fjárhæðinni, dags. 7. mars, hefði verið sent til baka, og strikað hefði verið yfir loforðið. Hlutafjárkaup Hagkaupa hefðu átt að nema hærri fjárhæð en 500.000 kr. Fleiri en þeir, sem tilgreindir væru á dskj. nr. 47, hefðu ætlað að kaupa hlutafé, en vitnið gat ekki nafngreint þá.

Vitnið kvaðst hafa unnið að innheimtu hlutafjárloforða allt fram í nóvember 1985 og síðast reynt að innheimta hjá Hagkaupum.

Ragnar Kjartansson hefði komið til sín um haustið eða í vetrarbyrjun og sagt, að hún skyldi ekki vera mjög hörð í innheimtunni.

Vitnið Sigurþór Charles Guðmundsson, fyrrv. deildarstjóri bókhalds Hafskips hf., kvað Ragnheiði Ágústsdóttur hafa spurt sig að því, hvaða vísitala ætti að vera í skuldabréfunum, og hefði hann sagt henni, að hún skyldi setja vísitölu þess mánaðar, þegar bréfin væru gefin út. Þessa ákvörðun kvaðst Sigurþór Charles hafa tekið sjálfur, og ástæðan hefði

verið sú, að hann hefði talið hana réttasta. Misræmi, sem við þetta skapaðist, ætti að leiðrétta öðruvísi, hann hefði litið á hlutaféð og skuldabréfin sem hvort sinn hlutinn.

Vitnið kvaðst ekki muna, hvort leitað hefði verið upplýsinga hjá sér um upphæð hlutafjár í félaginu.

Árni Árnason, fyrrv. forstöðumaður fjárreiðudeildar Hafskips hf., gat ekkert upplýst um vísitölu skuldabréfanna eða tilkynningu um hlutafé Hafskips hf. til Hlutafélagaskrár.

Axel Kristjánsson hrl., fyrrv. aðallögfræðingur og aðstoðarbankastjóri Útvegsbanka Íslands, kvað það hafa verið fastmælum bundið, að Útvegsbankinn fengi skuldabréfin, sem hlutafé var greitt með, og það hlyti að hafa verið rætt, hvernig bréfin ættu að vera, en kvaðst þó ekki muna eftir því.

Axel kvaðst muna eftir því, að Ragnar Kjartansson hefði hringt í sig og talað um mismunandi vísitölu í skuldabréfunum, en ekki hvenær. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann sjálfur hefði sagt, að hann sæi ekki ástæðu til breytinga á vísitölunni.

Vitnið Helgi Magnússon, fyrrv. löggiltur endurskoðandi Hafskips hf., kvaðst ekki hafa tengst ákvörðunum um, hver vísitala skuldabréfanna ætti að vera, og það hefði ekki verið borið undir sig. Enginn hefði leitað til sín eftir upplýsingum um, hvert hlutafé félagsins væri.

Stefndi Sveinn R. Eyjólfsson, fyrrv. ritari stjórnar Hafskips hf., mundi ekki eftir því, að rætt hefði verið um það, hver vísitala skuldabréfanna ætti að vera. Samið hefði verið um það á milli starfsmanna félagsins og Útvegsbanka Íslands, hvernig bréfin skyldu útbúin.

Stefndi kvað Ragnar Kjartansson hafa látið sig vita af því um mitt sumar 1985, að vísitala skuldabréfanna hefði komið til umræða, en væri ekkert vandamál.

Stefndi kvaðst ekki muna eftir því, þegar hann skrifaði undir tilkynninguna til Hlutafélagaskrár. Upplýsingar um það, að öllu hlutafé hefði verið ráðstafað, hefðu komið frá starfsmönnum félagsins. Hann hefði enga sjálfstæða könnun á því gert.

Stefndi Ólafur Baldur Ólafsson, fyrrv. stjórnarmaður í Hafskipi hf., kvað aldrei hafa verið rætt um það, hvaða vísitölu skuldabréfin ættu að bera, og engin ákvörðun hefði verið tekin um það.

Stefndi taldi, að á einhverjum tíma hefðu komið fram upplýsingar um það, að búið væri að safna loforðum fyrir hærri fjárhæð en 80 milljónum kr.

Stefndi mundi ekki sérstaklega eftir því, þegar hann undirritaði tilkynninguna til Hlutafélagaskrár, eða upplýsingum um hlutafé á þeim tíma. Hann hefði sjálfur enga athugun gert á upphæð hlutafjárins.

Stefndi Finnbogi Kjeld, fyrrv. stjórnarmaður í Hafskipi hf., kvaðst ekki muna eftir neinni umræðu um vísitölu skuldabréfanna og ekkert muna eftir því, þegar hann undirritaði tilkynninguna til Hlutafélagaskrár. Hann hefði sjálfur enga athugun gert á því, hvert innborgað hlutafé var.

Stefndi Björgólfur Guðmundsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Hafskips hf., kvaðst hafa séð um rekstur fyrirtækisins erlendis og verið þar langdvölum. Hann hefði aldrei setið í stjórn félagsins, en hins vegar setið í svokallaðri stjórnarnefnd, sem sett var á laggirnar í desember 1984 og gerði tillögu til stjórnar félagsins um hlutafjárútboðið. Hann kvað aldrei hafa verið rætt um vísitölu skuldabréfanna sérstaklega. Hann hefði skilið það svo, að miða ætti við nafnverð skuldabréfanna og vísitölu hvers mánaðar.

Yfirlýsing Ragnars Kjartanssonar á dskj. nr. 7, sem fyrr er getið, væri einkaframtak hans. Stefndi kvaðst ekki vita til þess, að hann hefði um hana haft samráð við nokkurn mann. Ragnar hefði haft samband við sig og sagt, að mistök hefðu orðið með vísitölu skuldabréfanna, og beðið sig að undirrita leiðréttingu. Það hefði alls ekki verið skilningurinn, að öll bréfin ættu að bera sömu vísitölu. Hann hefði verið búinn að gefa annað skuldabréf út í febrúar, og eðlilegt hefði verið, að sama vísitala væri á báðum skuldabréfunum.

Stefndi kvað mikið hafa verið lagt upp úr því hjá félaginu, að það ætti sjálft hlutafé. Það hefði verið liður í markaðssetningu hjá félaginu.

III.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að sannað sé, að stjórn Hafskips hf. hafi ákveðið eða a.m.k. byggt á þeirri forsendu, að grunnvísitala allra skuldabréfanna, sem nýtt hlutafé var greitt með, hafi átt að vera 1050 stig. Það sé eðlileg túlkun á niðurstöðu hluthafafundarins, og sú túlkun tryggi jöfnuð á milli hlutafjárkaupenda, sem skylt sé að gæta samkvæmt grundvallarreglunni um jafnræði hluthafa og jafnt sölugengi hluta, sbr. 30. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Vitnið Axel Kristjánsson hafi skýrt frá því fyrir dóminum, að stefndi Ragnar Kjartansson hafi tjáð sér, að vísitala í skuldabréfunum væri röng. Stefndi Ragnar Kjartansson hafi gefið yfirlýsingu 30. desember 1985 um, að öll skuldabréfin hafi átt að bera febrúarvísitöluna 1050 stig.

Stefndu Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson hafi lýst yfir með áritun á skuldabréf, sem þeir hafi gefið út, að skuldabréfin hafi átt að bera febrúarvísitöluna samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Þessar yfirlýsingar hafi verið gefnar án nokkurra tengsla við þessa málsókn.

Þá komi fram í bréfum lögmanna stefndu Ragnars Kjartanssonar og Björgólfs Guðmundssonar til lögmanns stefnanda viðurkenning á því, að það hafi verið mistök að hafa aðra vísitölu í skuldabréfunum en febrúarvísi-

töluna. Í bréfi lögmanns stefnda Ragnars Kjartanssonar komi fram, að hann hafi gefið fyrirmæli um, að skuldabréfin skyldu bera vísitöluna 1050, en ekki hafi verið gengið tryggilega frá því, að farið yrði eftir fyrirmælunum.

Við túlkun á ummælum þeirra stefndu Ragnars og Björgólfs sé heimilt að beita 123. gr. eml., enda þótt yfirlýsingar þeirra hafi ekki verið gefnar fyrir dómi. Þessar yfirlýsingar þeirra séu skuldbindandi fyrir alla stefndu, sbr. ákvæði 46. gr. eml.

Við hlutafjárútboðið hafi ekki verið haldin áskriftarskrá, eins og skylt sé skv. 32. gr. hlutafélagalaganna nr. 32/1978. Í áskriftarskránni hefðu komið fram ákvæði um, við hvaða vísitölu skyldi miðað í skuldabréfunum.

Þá hafi það verið skylda stjórnar Hafskips hf. og stjórnarformanns að leggja ákveðið til við hluthafafundinn, hvaða vísitölu skuldabréfin ættu að bera, og láta bóka þá ákvörðun. Það hafi ekki verið gert.

Formaður stjórnar Hafskips hf. hafi átt að fylgjast með framkvæmd hlutafjárútboðsins og stjórnarmenn og framkvæmdastjóri að hafa eftirlit með henni. Engu máli skipti, hvort stjórnarmenn hafi setið stjórnarfundi eða ekki, þeir hafi ekki haldið því fram, að þeir hafi ekki verið á þá boðaðir. Sá, sem láti hjá líða að sækja fundi, eigi ekki að vera betur settur en þeir, sem sitji fundina.

Stjórn Hafskips hf. hafi vanrækt þessar skyldur sínar, sbr. ákvæði í 52. gr. laga nr. 32/1978, og halla af skorti á sönnun um annað verði hún að bera.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt framansögðu sé upplýst, að skuldabréfin hafi öll átt að bera vísitölu febrúarmánaðar 1985. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafi vanrækt að koma þeirri fyrirætlan í framkvæmd og með því bakað félaginu, nú þrotabúi þess, tjón, sem nemi 2.019.940 kr., og beri þeim að bæta þrotabúinu þetta tjón samkvæmt ákvæðum almennu reglunnar í 132. gr. laga nr. 32/1978, en öll skilyrði skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri lagareglu séu fyrir hendi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að tilkynning stjórnar Hafskips hf., dags. 20. júní 1985, um hlutafé félagsins, sem birtist í Lögbirtingablaðinu, sem út var gefið 21. ágúst 1985, hafi verið röng. Ekki hafi verið tilgreint í tilkynningunni, að eitthvað af hlutafé væri ógreitt, og af þeim sökum hafi orðið að líta svo á, að allt hlutafé væri greitt. Enginn stjórnarmanna hafi leitað eftir staðfestingu á því, að hlutafé væri rétt tilgreint. Því sé mótmælt af stefnanda, að mismunurinn, sem var á greiddu hlutafé og tilkynntu, hafi átt að vera eigið hlutafé félagsins. Þýðingarlausar séu upplýsingar byggðar á gögnum vitnisins Ragnheiðar Ágústsdóttur um hlutafjárloforð, sem ekki hafi verið greidd, en einungis sé um að ræða skrá um það, sem Ragnheiður hélt, að væri. Engin skrifleg loforð hafi verið fyrir

hendi eða önnur gögn, sem nothæf hefðu verið til þess að knýja fram efndir á loforðum, enda engin áskriftarskrá haldin. Tilraunum til að selja hlutafé hafi verið hætt að fyrirmælum stjórnarformanns. Því sé mótmælt af hálfu stefnanda, að frekari loforð um kaup á hlutafé en þau, sem greidd voru, hafi verið gefin.

Kröfuhafar og viðskiptamenn félagsins hafi mátt treysta því, að hlutafé væri rétt tilgreint, en hlutaféð hafi verið oftalið um 3.059.500 kr. og því þeirri fjárhæð minna úr að spila til handa kröfuhöfum í þrotabúið. Þeir hafi því orðið fyrir tjóni, sem þessari fjárhæð nemi, vegna vanrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra Hafskips hf, og beri þeim að bæta þrotabúinu, sem aðild eigi að þessari kröfu, það tjón samkvæmt ákvæðum almennu reglunnar í 132. gr. laga nr. 32/1978, sbr. 52. gr. sömu laga.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélagi skv. 132. gr. hlutafélagalaganna fari í einu og öllu eftir almennu skaðabótareglunni og öll skilyrði hennar þurfi að vera til staðar, svo að um skaðabótaskyldu sé að ræða. Sanna þurfi sök hvers og eins stefnda, svo að hann megi sakfella. Því fari alveg víðsfjarri, að fyrir liggi nokkur atvik, sem sakfella megi stefndu fyrir.

Hlutafjárútboðið hafi verið aðgerð, sem miðað hafi að því að bæta hag félagsins og þar með hag viðskiptamanna þess og bæta stöðu viðskiptabankans, en fyrir hafi legið, að bankinn fengi skuldabréfin. Bankinn hafi verið samþykkur fyrirkomulagi á hlutafjárútboðinu og skuldabréfunum.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á neins konar tjón. Í samþykkt hluthafafundarins um hlutafjárútboðið hafi falist, að vísitalan hafi átt að vera vísitala útgáfudags. Þar sem ekki hafi verið kveðið á um það berum orðum, hvaða vísitala ætti að gilda, sé þetta eðlilegasti skilningurinn. Ef greitt hefði verið með reiðufé fyrir hlutaféð, hefðu peningarnir aðeins haft verðgildi greiðsludagsins, en ekki einhvers liðins tíma. Því hafi þær greiðslur fyrir hlutafé, sem inntar voru af hendi með öðrum hætti en útgáfu skuldabréfa, ekki verið vísitölutryggðar.

Ef um eitthvert gáleysi sé að ræða varðandi vísitölu skuldabréfanna, sé það gáleysi hluthafafundarins sjálfs, en ekki annarra.

Þeir kaupendur hlutafjár, sem greitt hafi með skuldabréfum, séu annaðhvort skuldbundnir til að greiða skuldabréfin samkvæmt vísitölunni 1050 eða ekki. Séu þeir skuldbundnir til að greiða samkvæmt vísitölunni 1050, eigi stefnandi að fara í mál við þá til þess að innheimta mismuninn á þeirri vísitölu og vísitölu viðkomandi skuldabréfs. Séu kaupendurnir ekki skuldbundnir til þess, liggi ekkert fyrir um það, að þeir hefðu verið reiðubúnir til þess að skrifa undir skuldabréf með febrúarvísitölunni til kaupa á hlutafé í mars og síðar. Aðeins sé sannað, að kaupendur hafi verið tilbúnir til þess að skrifa undir skuldabréf með vísitölu útgáfumánaðarins.

Það sé misskilningur stefnanda, að útboðsgengi samkvæmt 30. gr. laga nr. 32/1978 hafi nokkuð með verðtryggingu skuldabréfa að gera.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að starfsskyldur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, sbr. 52. gr. laga nr. 32/1978, hafi náð til þess að fylgjast með samningu skuldabréfanna. Sök hvers og eins stefnda þurfi að sanna sérstaklega. Öll huglæg skilyrði skorti til þess að leggja ábyrgð á stjórnarmenn.

Af hálfu stefnda Ragnars Kjartanssonar er því sérstaklega haldið fram, að leitt hafi verið í ljós, að um rangminni hans hafi verið að ræða, þegar hann gaf út yfirlýsingu um vísitöluna 30. desember 1985.

Af hálfu stefnda Björgólfs er sérstaklega á það bent, að sanna þurfi bótagrundvöll gagnvart hverjum og einum stefnda. Stefndi Björgólfur hafi aldrei verið í stjórn Hafskips hf., og hlutafjáraukningin hafi ekki heyrt undir starfssvið hans. Hlutafjáraukningin hafi verið sérstök aðgerð í þágu félagsins, og mikið þurfi til að koma til þess að gera stjórnarmènn ábyrga.

Stjórn félagsins hafi fengið frjálsar hendur um það, hvernig hlutaféð yrði selt, og af skjölum málsins sjáist, að það hafi verið gert með ýmsum hætti.

Af hálfu stefnda Davíðs Schevings Thorsteinssonar er á það bent, að stjórn eða hluthafafundur hafi ekki ákveðið, hvaða vísitala skyldi vera í skuldabréfunum. Sú aðferð, sem viðhöfð hafi verið, hafi ekki brotið í bága við neina ákvörðun.

Stefndi Davíð hafi ekki setið í stjórn Hafskips hf. í júní, júlí og ágúst 1985, og hefði því stefnandi einungis átt að stefna honum vegna skuldabréfa, sem gefin voru út fyrir þann tíma.

Af hálfu stefnda Hilmars Fengers er á það bent, að hann hafi einungis átt sæti í þeirri stjórnarnefnd, sem kosin var í desember 1984, en ekki í stjórnarnefndinni, sem kosin var eftir aðalfund Hafskips 8. júní 1985. Þetta hafi þýðingu fyrir stöðu stefnda Hilmars í málinu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að upplýst sé, að hlutafé samkvæmt hlutafjárútboði í Hafskipi hf. hafi safnast fyrir hærri upphæð en 80.000.000 kr. Loforð um kaup á hlutafé geti verið gild, þótt áskriftarskrá hafi ekki verið haldin. Skiptastjórar í þrotabúi Hafskips hf. hafi einir getað látið á það reyna, hvort loforðin væru gild. Það hafi þeir ekki gert, og því sé þegar af þeirri ástæðu ósannað, að vegna tilgreiningar á upphæð hlutafjár hafi það tjón orðið, sem stefnandi haldi fram.

Þá beri að líta til þess, að samkvæmt 12. gr. samþykkta Hafskips hf. megi félagið sjálft eiga allt að 10% af hlutafénu. Það sé alkunna, að hlutafé í félögum sem Hafskipi hf. sé notað í viðskiptum.

Í tilkynningunni til Hlutafélagaskrár sé ekki vikið að því, að allt hlutafé hafi verið selt, og því sé mótmælt, að skilja megi tilkynninguna á annan veg. Hins vegar sé hugsanlegt, að túlka megi tilkynninguna svo, að allt

hlutafé sé selt að því marki, sem heimild félagsins sjálfs til að eiga hlutafé sé.

Jafnvel þótt svo yrði litið á, að tilkynningin til Hlutafélagaskrár væri röng, hefði stefnandi ekki sýnt fram á, að neitt tjón hefði orðið. Ef markinu að safna hlutafé fyrir 80 milljónir króna var ekki náð, skapi það samt sem áður ekki skaðabótaskyldu stefndu. Ef stefnandi byggi á því, að menn hafi leiðst út í viðskipti við félagið, vegna þess að tilkynnt hafi verið um, að hlutaféð væri 95.637.761 kr., en ekki 92.578.261, hafi ekkert verið sannað um tjón af þeim sökum.

Í tilkynningunni sé aðeins rætt um krónutölu hlutafjár. Krónutala hafi í raun verið orðin mun hærri, þegar tilkynningin var gefin.

Fjárhæð hlutafjár, sem greind sé í tilkynningunni, hafi verið byggð á upplýsingum starfsfólks, sem stefndu hafi mátt treysta, að væri rétt. Þá beri þess að gæta, að sumir stefndu hafi ekki undirritað tilkynninguna.

Þá er því mótmælt, að yfirlýsingar stefndu Björgólfs og Ragnars, sem stefnandi byggir á, geti bundið aðra stefndu.

Af hálfu stefnda Hilmars Fengers er því haldið fram, að skýrsla Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. um hlutafjárútboð og hlutafjáraukningu Hafskips hf. á árinu 1985, dags. 8. janúar 1986, sé röng í veigamiklum atriðum, en á þessari skýrslu byggi stefnandi málsókn sína að verulegu leyti. Tilkynningin til Hlutafélagaskrár hafi verið efnislega rétt, þegar stefndi Hilmar undirritaði hana. Líta megi svo á, að áskriftarskrá sé að finna í gögnum Ragnheiðar Ágústsdóttur, en þau gögn hafi stefnandi ekki lagt fram.

Þá er upphafstíma vaxtakröfu stefnanda mótmælt af hálfu stefndu og talið, að hana eigi að miða við síðari tíma.

IV.

Eins og fyrr er rakið, byggir stefnandi á því, að stefndu séu sér bótaskyldir á grundvelli skaðabótareglunnar í 132. gr. laga nr. 32/1978, en þar segir, að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hlutafélags séu skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, sem þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi.

Þessi regla er efnislega hin sama og almenna skaðabótareglan, og því verða að vera fyrir hendi sömu skilyrði, til að henni verði beitt, og þau, sem almenna skaðabótareglan kveður á um.

Í máli þessu verður að telja ósannað, að nokkur formleg ákvörðun hafi verið tekin um það innan Hafskips hf. af þar til bærum aðila eða sérstaklega gert ráð fyrir því upphaflega, að grunnvísitala þeirra skuldabréfa, sem kaupendur hlutafjár samkvæmt hlutafjárútboðinu áttu kost á að greiða hlutafé með, skyldi vera vísitala febrúarmánaðar 1985. Hins vegar kom

fram í skýrslum vitnanna Ragnheiðar Ágústsdóttur og Sigurþórs Charlesar Guðmundssonar, að Sigurþór hefði á eigin spýtur gefið fyrirmæli um það, að skuldabréfin skyldu bera vísitölu útgáfumánaðar þeirra.

Þrátt fyrir þversagnakenndar yfirlýsingar stefnda Ragnars Kjartanssonar um vísitöluna og ummæli í bréfi lögmanns hans til lögmanns stefnanda, verður að telja ósannað, að hann sem stjórnarformaður hafi gefið fyrirmæli eða tekið ákvörðun um það, hver grunnvísitala skuldabréfanna skyldi vera, nema helst þá að láta afskiptalaust, að miðað var við vísitölu útgáfumánaðar.

Stefndu verður því ekki gefið að sök að hafa brotið gegn ákvörðunum um það, hver vísitalan skyldi vera.

Þetta breytir þó ekki því, að með hliðsjón af ákvæðum í 52. gr. laga nr. 32/1978 hefði verið rétt af stjórn félagsins annaðhvort að taka sjálf ákvörðun um vísitöluna eða bera það álitaefni undir hluthafafundinn, sem haldinn var 9. febrúar 1985. Hins vegar þykir tæplega hafa verið ástæða til þess, að einstakir stjórnarmenn fylgdust sérstaklega með útgáfu skuldabréfanna.

Það, að stjórn félagsins tók ekki sjálf ákvörðun um vísitöluna eða leitaði eftir ákvörðun þar til bærs aðila, þykir ekki verða metið stefndu til þeirrar sakar, að skaðabótaskyldu varði, enda óvíst, nema sú leið, sem farin var, hefði verið valin, ef sérstök ákvörðun hefði verið tekin þar um.

Hér verður þess að gæta, sem fram hefur komið, að fjárhagsleg staða Hafskips hf. var sú, þegar hlutafjárútboðið var ákveðið, að á mikla reið að auka hlutaféð í skyndi um tugi milljóna til þess að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Sérstök ákvörðun var tekin um það, að skuldabréfin bæru ekki vexti, og var ástæðan sú, að því er upplýst hefur verið í málinu, að það var talið auka líkur á sölu hlutafjárins, og má telja þetta liggja í augum uppi. Með sama hætti verður að telja sennilegt, að sú aðferð, sem viðhöfð var um vísitölu skuldabréfanna, hafi aukið líkurnar á greiðri sölu hlutafjárins. Ekki verður séð, að sú aðferð að láta skuldabréfin bera mismunandi vísitölu, enda þótt það hefði mismunandi kjör í för með sér, brjóti í bága við ákvæði hlutafélagalaga, og er þá 6. tl. 30. gr. laga nr. 32/1978 einkum hafður í huga. Útgáfa skuldabréfa var einungis einn af fleiri greiðslumöguleikum, sem boðið var upp á.

Það, að stjórn Hafskips hf. vanrækti að halda áskriftarskrá vegna hlutafjárútboðsins skv. ákvæðum 32. gr. laga nr. 32/1978, þykir ekki skipta máli hér. Verður ekki talið, að það beri að meta stjórnarmönnum til sakar, að því er varðar mismunandi vísitölu skuldabréfanna.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndu hafi ekki sýnt af sér háttsemi varðandi vísitölu skuldabréfanna, sem verði metin þeim til sakar. Því skortir eitt af skilyrðunum til þess, að skaðabótaábyrgð samkvæmt

ákvæðum 132. gr. laga nr. 32/1978 verði á þá lögð vegna vísitölu skuldabréfanna.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir engu að síður rétt, eins og hér hagar til, að taka afstöðu til þess, hvort stefnandi hafi sýnt fram á, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna þess, að vísitalan í skuldabréfunum var miðuð við vísitölu útgáfumánaðar, en ekki vísitölu febrúarmánaðar 1985.

Eins og að framan er rakið, hafði það mikla þýðingu fyrir fjárhag Hafskips hf., að takast mætti að auka hlutafé. Skaðabótakrafa stefnanda er reist á útreikningi á því, hversu verðmætari skuldabréfin væru, bæru þau öll vísitölu febrúarmánaðar í stað vísitölu útgáfumánaðar.

Ekki verður talið, að með þessari aðferð hafi stefnanda tekist að sýna fram á með nægilega rækilegum hætti, að hann hafi beðið tjón, sem þessari fjárhæð nemur, því að jafnframt þyrfti hann að leiða í ljós, að skuldabréf fyrir sama nafnverð og í raun seldust hefðu selst þrátt fyrir nokkru lakari greiðslukjör. Sú sönnun er torveld, ekki síst vegna þess, að ekki seldist allt það hlutafé, sem í boði var.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að sýkna þá stefndu, sem skaðabótakrafa stefnanda, að fjárhæð 2.019.940 kr., beinist að, af greiðslu þeirrar kröfu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi beðið tjón, að fjárhæð 3.059.500 kr., vegna þess að stjórn Hafskips hf. hafi í tilkynningu sinni til Hlutafélagaskrár, dags. 20. júní 1985 og birtri í Lögbirtingablaðinu 21. ágúst s.á., sagt hlutafé félagsins þeirri fjárhæð hærra en það í raun var.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er ekki ljóst, hvort hlutafé Hafskips hf. að viðbættum bindandi hlutafjárloforðum nam þeirri fjárhæð, sem tilgreind var í tilkynningunni 20. júní. Stjórnarmönnum bar að ganga úr skugga um það, að upphæð hlutafjár væri rétt tilgreind í þeirri tilkynningu, sem þeir undirrituðu og birt var opinberlega, sbr. ákvæði 52. gr. laga nr. 32/1978. Það virðast þeir ekki hafa gert með nægilega rækilegum hætti. Þykir hér ekki skipta máli sú heimild félagsins í 12. gr. samþykkta þess að eiga sjálft allt að 10% af hlutafé, þar sem ekkert liggur glögglega fyrir um það, að uppi væru fyrirætlanir eða teknar væru ákvarðanir um, að félagið eignaðist hluta af hinu nýja hlutafé.

Þá máttu stjórnarmenn gera sér grein fyrir því, þegar hætt var sölu hlutafjár, sem að sögn vitnisins Ragnheiðar Ágústdóttur var í nóvember 1985, að hlutafé félagsins næmi ekki þeirri fjárhæð, sem tilkynnt hafði verið, og ekkert er upplýst um, að þeir gerðu reka að því að leiðrétta tilkynningu sína frá því í júní. Þetta verður að meta stjórnarmönnum til gáleysis samkvæmt ákvæðum 132. gr. laga nr. 32/1978.

Þrátt fyrir það að ljóst sé, að hlutafé félagsins var 3.059.500 kr. minna en tilkynnt var í Lögbirtingablaði 21. ágúst 1985, verður ekki séð, að félagið

hafi orðið fyrir tjóni, sem þeirri fjárhæð nemur, af þeim sökum, að tilkynningin var ekki rétt. Hlutaféð var einfaldlega ekki meira.

Tjón hefði orðið, ef félagið eða einstakir viðskiptamenn þess hefðu tapað fé með einhverjum hætti vegna tilkynningarinnar, á tímabilinu frá 21. ágúst til 6. desember 1985. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það, og þykir því einnig verða að sýkna stefndu af þessari kröfu stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri alla stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Kjartansson, Ólafur Baldur Ólafsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Bjarni V. Magnússon, Finnbogi Kjeld, Guðlaugur Bergmann, Gunnar Þór Ólafsson, Hilmar Fenger, Jón Helgi Guðmundsson, Jón Snorrason, Jónatan Einarsson, Páll G. Jónsson, Pétur Björnsson, Víðir Finnbogason, Björgólfur Guðmundsson og Davíð Scheving Thorsteinsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, þrotabús Hafskips hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. desember 1991.

Nr. 201/1989. **Konráð Vilhjálmsson**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Taki hf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1989. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hið stefnda hlutafélag krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi ítrekað mótmæli gegn mati því, sem fyrir liggur. Telur hann í fyrsta lagi, að skylt hafi verið að boða sig til dómþings 11. ágúst 1986, þegar dómkvatt var. Á þetta verður ekki fallist, enda er málsefni ekki með þeim hætti, að þörf hafi verið á að gera áfrýjanda viðvart, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá telur áfrýjandi, að sér hafi ekki verið tilkynnt með fullnægjandi hætti, hvar og hvenær matsgerð skyldi fara fram. Rétt er, að tilkynning um matsgerðina 12. ágúst 1986 var ekki fullnægjandi. Hins vegar ber að fallast á það með héraðsdómara, að tilkynnt hafi verið á fullnægjandi hátt um þann fund matsmanna og aðila, sem til var boðað 22. desember 1987 og haldinn var eftir samráð þeirra, sem hlut áttu að málinu. Þess er og að gæta, að það, sem frá áfrýjanda og lögmönnum hans er fram komið og varðar efni matsins, felur ekki í sér rökstudd andmæli gegn því, sem þar segir um gallana á jarðýtunni, sem um er deilt, eða um fjárhæð tjónsins. Verður matið því lagt til grundvallar um þessi atriði.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans, en þó fer um vexti eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 85.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að skipa meðdómsmenn í héraðsdóm, sbr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Konráð Vilhjálmsson, greiði stefnda, Taki hf., 295.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til 19. mars 1987, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1987, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. sama mánaðar, en eftir það með hæstu innlánsvöxtum hvers tíma til greiðsludags samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Þá greiði áfrýjandi stefnda 85.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 30. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 3. þ.m., er höfðað fyrir aukaþinginu með stefnu, birtri 23. febrúar 1987, af Taki s/f, Vesturbraut 20, Búðardal, gegn Konráði Vilhjálmssyni, Ytri-Brekkum II, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

— — —

Við munnlegan málflutning lýsti stefnandi yfir breytingum á kröfugerð með samþykki stefnda, og gerir stefnandi endanlega þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 462.639 kr. með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en við munnlegan málflutning féll hann frá öðrum kröfum.

Mál þetta var þingfest 19. mars 1987. Lögmaður stefnda fékk þá frest til 30. apríl til að skila greinargerð. Málið var síðan tekið fyrir 28. september 1987 og 20. október 1987 og því síðan frestað um óákveðinn tíma.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 1988, fer lögmaður stefnda þess á leit við sýslumann Dalasýslu, að kveðinn verði upp úrskurður um „mat Gísla Kristjánssonar og Bents Jörgensens, ódagsett, sem fram fór 12. ágúst 1986 skv. dómkvaðningu, ds. 11. ágúst 1986, í matsmálinu Tak s/f gegn Konráði Vilhjálmssyni". Stefndi gerði þá kröfu, að matið yrði úrskurðað ógilt. Úr-

skurður sýslumanns Dalasýslu var kveðinn upp 27. apríl 1988, og var kröfu stefnda um ógildingu matsins hafnað.

Með kæru, dags. 9. maí 1988, sem barst Hæstarétti 20. s.m., kærði stefndi úrskurð aukadómþings Dalasýslu frá 27. apríl 1988. Gerði hann þær kröfur fyrir Hæstarétti, „að úrskurðinum verði hrundið og matið frá 12. ágúst 1986 í matsmálinu Tak s/f gegn Konráði Vilhjálmssyni verði dæmt ógilt og „sömuleiðis svokallað mat" frá 22. desember 1986 í sama matsmáli". Í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 24. júní 1988, segir svo í niðurstöðu: „Gögn málsins bera með sér, að varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu, og er kröfugerð þess máls byggð á mati því, sem deilt er um í þessu máli. Samkvæmt 144. gr. laga nr. 85/1936 heyrir það undir dómara aðalmálsins að meta öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Verður máli þessu því vísað frá aukadómþingi Dalasýslu ex officio."

Hinn 16. september 1988 var með samkomulagi lögmanna aðila og dómara þingfest í borgardómi Reykjavíkur vitnamál til staðfestingar á mati því, sem fyrir liggur í málinu.

Sökum anna lögmanna aðila, — nefna má, að annar þeirra situr á Alþingi Íslendinga, — gekk erfiðlega að ákveða dag til aðalflutnings. En munnlegur málflutningur var að lokum ákveðinn 3. þ.m., og var málið þá flutt og dómtekið, eins og greinir í upphafi.

Dómari sá, er mál þetta dæmir, fékk það til meðferðar í desembermánuði 1987.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir.

Framkvæmdastjóri stefnanda og stefndi gáfu skýrslu fyrir dóminum við munnlegan málflutning 3. mars sl. Þá gáfu einnig skýrslu Valgerður Sigurbergsdóttir, eiginkona stefnda, og Sæmundur Jóhannsson bifreiðarstjóri, starfsmaður stefnanda.

Veturinn 1986 varð það að samkomulagi milli aðila, að stefnandi keypti Caterpillar-D7E-jarðýtu, árgerð 1967, af stefnda. Umsamið kaupverð var 1.300.000 kr., er greiða skyldi með beltagröfu af gerðinni JBC, sem stefnandi sagði vera af árgerð 1974, en reyndist vera árgerð 1973, og metin var við kaupin á 800.000 kr., og tveimur skuldabréfum, hvoru að fjárhæð 250.000 kr.

Áður en afsal var gefið út, skoðaði framkvæmdastjóri stefnanda ásamt fleiri mönnum ýtuna, og óskaði hann þá eftir, að gerðar yrðu á vélinni ýmsar lagfæringar, m.a. beltabúnaði. Ekki reyndu menn stefnanda ýtuna að þessu sinni, en stefndi mun hafa keyrt vélina og „rippað", en ekki ýtt,

þar sem tönnin var ekki á. Skoðun þessi beindist umfram allt að sýnilegum útbúnaði, enda var ákveðið, að menn stefnanda skoðuðu vélina að nýju, eftir að lokið væri þeim lagfæringum, sem stefnandi fór fram á.

Ekki ber aðilum saman um, hvaða ummæli stefndi hafði um hliðardrifin við ofangreinda skoðun. Stefndi kveðst hafa skýrt svo frá, að skipt hefði verið um legur í hliðardrifum fyrir 300-400 vinnustundum, er stefndi var við vegagerð á Holtavörðuheiði, en tannhjól væru gömul og slitin. Framkvæmdastjóri stefnanda heldur því hins vegar fram, að stefndi hafi sagt, að hann hafi skipt um legur í hliðardrifunum haustið 1985, en ekki hafi verið annað athugavert að sjá við hliðardrifin og að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þeim né öðrum hlutum vélarinnar það árið. Mjög á sama veg er framburður starfsmanns stefnanda, sem viðstaddur var fyrri skoðunina. Framkvæmdastjóri stefnanda kannast ekki við, að stefndi hafi talað um, að unnið hafi verið með vélina í 300-400 vinnustundir, eftir að skipt var um legur í hliðardrifunum.

Það var síðan 3. apríl 1986, að framkvæmdastjóri stefnanda kom og skoðaði vélina ásamt vélamanni, sem einnig reyndi ýtuna, þ.e. ýtti og „rippaði" í nokkra stund. Aðilum kom saman um, að lokið væri þeim lagfæringum, sem um var talað, og var því gengið frá kaupunum og afsal gefið út.

Skömmu eftir að jarðýtan var afhent og þegar fara átti að nota hana (um miðjan maímánuð 1986), skipti stefnandi um olíu á hliðardrifum, eins og venja er á vorin. Er eldri olíunni var tappað af, kom fram mikið sarg (sic) með henni, og runnu þá á stefnanda tvær grímur um gæði drifanna. Lét hann því opna hliðardrifin til að kanna ástand þeirra. Kom þá í ljós, að soðið hafði verið á tannhjólin í drifunum. Taldi stefnandi óforsvaranlegt að nota vélina í þessu ástandi vegna hættu á eyðileggingu drifanna, og var stefnda því strax tilkynnt um ætlaðan galla og hann beðinn að bæta úr honum. Stefndi sinnti því engu og taldi þetta algjörlega vera mál stefnanda. Kveðst hann hafa bent stefnanda á, hvar hann gæti fengið keypt tvö heil samsett hliðardrif fyrir um 50-60.000 kr. Stefnandi kveðst hins vegar ekki hafa getað notað þá hluti, þar sem þeir hafi verið allt of grannir.

Með bréfi, dagsettu 11. júní 1986, var stefnda því gerður kostur á að samþykkja riftun á kaupunum og/eða greiða skaðabætur. Ekki sýndi stefndi þeirri málaleitan áhuga heldur, og þar kom, að stefnandi sneri sér til sýslumanns Dalasýslu með bréfi, dags. 10. júní 1986, og óskaði þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta galla í hliðardrifum umræddrar jarðýtu. Segir svo í matsbeiðni um verkefni matsmannanna:

„Þess er óskað, að matsmenn láti í té skriflegt og rökstutt álit á göllum í hliðardrifi vélarinnar báðum megin, þ.e. nákvæma lýsingu drifsins og

ganghluta þess, orsakir gallanna og hvort telja megi, að þeir hafi verið til staðar (sic) við kaupin, hvað er sýnilegt, að gert hafi verið við drifið, og hvernig þeirri viðgerð hafi verið háttað og hvort telja megi hana fullnægjandi. Þá er þess óskað, að matsmennirnir láti í té álit á því, hvort nota megi vélina án frekara tjóns í því ástandi, sem hún er í nú, og hvort telja megi drifið í nothæfu ástandi.

Í framhaldi ofangreinds er þess óskað, að matsmennirnir bæði sundurgreini og láti í té álit á því, hver kostnaður verði við að koma vélinni í nothæft ástand í þeim skilningi, að væntanleg viðgerð drifsins verði varanleg. Í því tilliti er vænst álits á, hvað nýir varahlutir kosti og jafnframt gamlir, ef finna mætti slíka hluti, og hvaða varahluti er nauðsynlegt að kaupa nýja og í hvaða tilvikum gamlir hlutir geti dugað, ef þeir fengjust. Þá er vænst mats á því, hverju viðgerðarkostnaðurinn nemi, bæði við að skipta um varahlutina og annað, er því verki tilheyri."

Dómkvaddir voru þeir Gísli Kristjánsson tæknifulltrúi og Bent Jörgensen verkstjóri.

Matið fór fram 12. ágúst 1986 í Búðardal, þar sem jarðýtan var. Stefnda var tilkynnt um matið með skeyti daginn áður en það fór fram. Viðstaddir matið auk matsmanna voru Helgi I. Jónsson, settur sýslumaður, og Hilmar Benediktsson fyrir hönd stefnanda, en af hálfu stefnda var enginn.

Í upphafi matsgerðar segir: „Um er að ræða gamla jarðýtu, og ber hún þess augljós merki, en þrátt fyrir aldur ýtunnar má segja, að verðmæti hennar felist í vélinni og hliðardrifi hennar. Við lauslega skoðun í fyrstu á hliðardrifinu kom í ljós, að nýjum legum hafði verið komið fyrir í drifinu, en tannhjól upprunaleg eða mjög gömul."

Matsmennirnir höfðu undir höndum teikningar, er lýstu drifinu, og á grundvelli þeirra teikninga var hverju hjóli drifsins lýst og það metið. Lýstu þeir því, sem fyrir augu bar við nánari skoðun:

„*Tannhjól á Pinion nr. 1.* Sjá meðfylgjandi mynd.

Kvarnað er úr tönnum, og eru það bæði ný og gömul kvarnarbrot. Enn fremur hefur verið rafsoðið á gömul slit á tönnum, og teljum við, að hjólið hafi verið ónýtt, áður en rafsoðið var á slitnar tennur þess. Það þekkist ekki, að rafsoðið sé á tennur í hliðardrifum, vegna þess að öll hersla á tönnum hjólsins verður svo misjöfn og það er undir hælinn lagt, hvenær þær brotna, og á viðurkenndum verkstæðum er ekki rafsoðið á tennur tannhjóla.

Millihjól nr. 2. Sjá mynd.

Allar tennur eru mjög slitnar á tannhjólinu, og á sumum þeirra má sjá slit, sem komið er inn fyrir herslu á tönnum, en slíkt gefur til kynna, að ekki hafi verið sett ný tannhjól við eðlilegt viðhald á vélinni.

Tannhjól nr. 3. Sjá mynd.

Rafsoðið hefur verið á allar tennur hjólsins, og hefur öll hersla á tannhjólinu raskast, og er tannhjólið ónýtt til átaka, þegar búið er að rafsjóða á tennur þess.

Öxulhjólið nr. 4. Sjá mynd.

Tennur hjólsins eru mjög slitnar, og eins og á öðrum tannhjólum er komið óeðlilegt slit, þar sem sjá má gömul og ný kvarnarbrot á tönnum. Einnig er átak á tönnum innbyrðis komið úr öllum átakslínum vegna rafsuðu á tennur hjóla á hliðardrifum.

Burðarlegur nr. 5. Sjá mynd.

Burðarlegur á „höbbinu" eru mjög nýlegar, en legusætin fyrir leguhringi eru mjög slitin, og við það gjöktir legan, sem verkar síðan á öll tannhjól á hliðardrifum til hins verra. Ekki hefði átt að láta legurnar á „höbbið" nema gera fyrst við legusætin."

Niðurstöður matsmanna að lokinni skoðun voru eftirfarandi:

„Spurt var um orsakir gallanna, er kaupin fóru fram. Samkvæmt því, sem komið hefur fram, teljum við, að viðgerðin á tannhjólinu í hliðardrifum, eins og hún var framkvæmd, hefði aldrei átt að fara fram. Fyrirsjáanlegt var, að slík vinnubrögð, sem viðhöfð voru við hliðardrif vélarinnar, voru gersamlega gagnslaus og vélin því í ónothæfu ástandi, er kaupin fóru fram."

Kostnað töldu matsmenn þennan:

„Varahlutir:			
Tannhjól nr. 1	kr. 26.635x2		53.270
Tannhjól nr. 2 og 3	kr. 46.273x2		92.546
Tannhjól nr. 4	kr. 90.501x2		181.002
Smurolía, vélavinna og tryggingar			15.000
			353.818
Vinna:			
153 klst. á 569 pr. klst.		87.057	
Söluskattur á vinnu 25%		21.764	108.821
Kostnaður alls			462.639"

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest efni matsgerðarinnar.

Stefndi mótmælti framlagningu matsgerðarinnar á þeirri forsendu, að

hann hefði ekki verið til hennar boðaður með nægum fyrirvara og því ekki getað lagt fram greinargerð máli sínu til stuðnings. Stefndi hefði verið við vegagerð á Melrakkasléttu, er skeytið var sent að heimili hans í Skagafirði daginn áður en mat átti að fara fram. Því hefði stefndi ekki haft möguleika á að vera viðstaddur matið. Af þessu tilefni fór lögmaður stefnanda fram á það við matsmennina, að þeir bættu úr þeim galla, sem á matsgerðinni var, og skoðun færi fram að nýju, eftir að stefndi hefði verið réttilega boðaður. Því var það, að skoðun fór fram að nýju 22. desember 1986, eftir að stefndi hafði verið boðaður með skeyti, dagsettu 16. s.m., sem eiginkona stefnda hefur borið fyrir dómi að hafa fengið í hendur 17. s.m. Hún kvaðst hafa reynt að ná sambandi við stefnda, sem var við vegavinnu í Guðlaugsvík á Ströndum, en það hefði ekki tekist. Aðspurð sagði hún, að sér hefði ekki hugkvæmst að hafa samband við lögmann stefnda.

Samkvæmt framburði matsmannsins Bents Jörgensens í vitnamáli vegna staðfestingar matsgerðarinnar hafði hann samband símleiðis við lögmann stefnda, bæði áður og eftir að skeytið var sent, en að hans sögn taldi lögmaðurinn sig ekki geta mætt, og því hefði hann boðist til að taka frá honum greinargerð. Lögmaðurinn hefði hins vegar ekki haft neina greinargerð og ekkert fram að færa, og því hefðu matsmennirnir farið „tómhentir vestur". Lögmaður stefnda sendi matsmanninum Gísla Kristjánssyni skeyti 16. desember og kvaðst ekki geta verið við matið fyrr en 21. s.m.

Um framkvæmd þeirrar skoðunar, sem fram fór 22. desember 1986, segir í greinargerð matsmannanna: „Þegar við komum þann dag til Búðardals, gerðum við úttekt á þeim hlutum, er við áður höfðum metið, en við höfðum farið þess á leit við eiganda jarðýtunnar að halda þeim til haga, þar til málinu lyki."

Þar eð enginn mætti af hálfu stefnda og engin greinargerð hafði borist frá lögmanni hans, töldu matsmennirnir forsendur matsins frá 12. ágúst 1986 ekki hafa breyst, og stæði það því óbreytt.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á þeim rökum, að hliðardrifin hafi, þá er ýtan var afhent, verið með svo verulegum göllum, að stefnandi ætti rétt á skaðabótum úr hendi stefnda samkvæmt 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Um það hefði verið rætt skömmu fyrir kaupin, að ákvörðunarástæða stefnanda fyrir ýtukaupunum væri, að hliðardrifin væru í lagi. Stefndi hafi lýst gæðum drifsins þannig, að hann hafi endurnýjað það eftir vinnu, sem hann hafði tekið að sér á Holtavörðuheiði árið áður. Hafi hann þá tekið drifin í gegn og skipt um legur og annað í þeim, sem hafi verið farið að gefa sig. Stefnandi vill halda því fram, að

viðgerð stefnda hafi falist í því að sjóða í tennur tannhjólanna og skipta um legur. Sú viðgerð hafi verið óforsvaranleg og gagnslaus með öllu, eins og fram komi í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Stefnandi hafi hins vegar mátt búast við, að viðgerðin á hliðardrifunum væri forsvaranleg og því í lagi að ráðast í kaupin. Ógjörningur hafi verið fyrir stefnanda að athuga staðhæfingar stefnda, þar sem mikil vinna og tími hefði farið í að opna og athuga hliðardrifin.

Málsástæður stefnda eru þær helstar, að mál þetta snúist um kaup á jarðýtu, sem komin hafi verið allvel á aldur, er kaupin fóru fram. Stefnandi sé allvel vélfróður og vel að sér um jarðýtur sem og aðstoðarmenn hans, hann hafi skoðað ýtuna allvel og verið skýrt frá ástandi hennar eins vel og kostur hafi verið. Stefnanda hafi verið ljóst, að hann hafi verið að kaupa notaða hluti og alla slitna, en hins vegar mismikið endurbætta, og því geti ýtan ekki talist gölluð í þeim skilningi, sem stefnandi vilji vera láta.

Stefndi telur stefnanda bera alla sönnunarbyrði, en ekki sé ljóst, hve mikið vélin hafi verið notuð af stefnanda sumarið 1986, en matið hafi ekki farið fram fyrr en í ágúst 1986. Því geti enginn sagt til um það, hvort stefnandi hafi ekki átt eitthvað sjálfur við tannhjól í hliðardrifum eða að bilunin, sem óljóst sé, hver raunverulega hafi verið, hafi orðið vegna slæmrar meðferðar eða rangrar meðferðar stefnanda á vélinni. Því hefði stefnandi átt að láta meta meinta galla strax, en ekki þegar komið hafi verið fram í ágúst. Verði stefnandi í þessu efni að bera hallann af sönnunarskorti.

Stefndi telur matsgjörð mjög ófullkomna og vill mótmæla því, að hún sé lögð fram í máli þessu, þar sem hann hafi ekki verið réttilega til matsgerðar boðaður og hafi því ekki getað lagt fram greinargerð máli sínu til stuðnings fyrir matsmenn. Stefndi vill sérstaklega mótmæla því, sem fram komi í mati, að það, sem meginmáli skipti um gamlar jarðýtur, sé, að mótor sé heill og hliðardrif (sic), því að aðrir hlutar á jarðýtu skipti einnig miklu máli, svo sem belti og beltabúnaður og önnur atriði.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936 ber matsmönnum að tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Með hliðsjón af framkvæmd boðunar til skoðunargerðar þeirrar, er fram fór 22. desember 1986, telur dómurinn, að stefnda hafi verið gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi matið á þann hátt, að fullnægjandi sé. Mótmæli stefnda gegn framlagningu matsgerðarinnar eru því ekki tekin til greina. Stefnda hefði borið að fá nýtt undirmat, ef hann óskaði mats á atriðum, er þessu mati var ekki ætlað að taka til.

Dómurinn telur með hliðsjón af framlagðri matsgerð, að í ljós sé leitt, að viðgerð sú, sem fram fór á hliðardrifum jarðýtunnar, hafi verið svo sérstök, að þarna sé um galla á drifunum að ræða.

Gallar þeir, sem dómurinn telur í ljós leitt, að hafi verið til staðar við kaupin, eru ekki sýnilegir við skoðun, og ekki er hægt að ætlast til þess, að við skoðun kaupanda á jarðýtu séu hliðardrifin opnuð. Stefnandi mátti því ætla, að viðgerð á hliðardrifum hefði verið forsvaranleg og að þau væru í nothæfu ástandi, þannig, að stefnandi gæti haft venjuleg not af jarðýtunni með hliðsjón af aldri vélarinnar. Grandsemi stefnda skiptir ekki máli varðandi mat á bótaskyldu hans, þar sem líta verður svo á, að um áskilda kosti hafi verið að ræða af hálfu stefnda, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Í matsbeiðni var m.a. lagt fyrir matsmenn að láta í ljós álit sitt á því, hvort og að hve miklu leyti unnt væri að nota gamla varahluti til að koma umræddri jarðýtu í samningshæft ástand og að meta þann kostnað, sem því væri samfara. Matið byggir hins vegar á því, að keyptir séu nýir varahlutir, en ekkert er fjallað um þann möguleika að nota gamla varahluti. Þykir matið því ekki að öllu leyti verða lagt til grundvallar við ákvörðun skaðabóta. Dómurinn telur bætur stefnanda vegna galla á hliðardrifi hæfilega metnar 295.000 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Konráð Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Taki s/f, 295.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 12. ágúst 1986 til 19. mars 1987, en með hæstu innlánsvöxtum af 295.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. desember 1991.

Nr. 269/1989. **Guðmundur Vignir Þórðarson og Ábyrgð h/f**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Einari Þór Þórssyni vegna ólögráða sonar síns, Eyþórs Einarssonar
(Örn Höskuldsson hrl.),
og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabætur. Örorka. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júlí 1989. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með gagnstefnu 29. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. mars 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 2.829.200 krónur með ársvöxtum sem hér segir: „24% frá slysdegi 31. mars 1985 til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. ágúst 1988, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. október 1988, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989,

6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 31. mars 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990."

Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Bifreið aðaláfrýjanda Guðmundar Vignis Þórðarsonar, G-2071, var á þeim tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá aðaláfrýjanda Ábyrgð h/f.

I.

Aðaláfrýjandinn Guðmundur Vignir Þórðarson skýrir svo frá í aðilaskýrslu fyrir dómi, að vörubifreiðin G-2071 hafi verið búin að standa í þrjá mánuði á hinu sérstaklega merkta bifreiðastæði í enda íbúðargötunnar Lágholts, þegar slys það varð, sem um ræðir í málinu. Hann kveðst telja, að hann hafi ekið bifreiðinni af bifreiðastæðinu klukkan hálftíu að morgni sunnudagsins 31. mars 1985 og lagt henni fram undan húsinu nr. 12 við Lágholt, þar sem hann bjó. Hann kveðst hafa verið nýbúinn að selja bifreiðina, og kaupandinn hafi verið væntanlegur til að taka við henni. Er hann hafði lagt bifreiðinni, hafi hann týnt til „dót" og sett upp á vörupallinn: varahjólbarða, keðjur, fjaðrir og ýmsa varahluti tilheyrandi bifreiðinni. Ekkert af þessu hafi þó staðið aftur af vörupallinum. Kveðst hann síðan hafa farið inn í kaffi og ekki muna, hve langur tími leið frá því og þar til slysið varð.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var óheimilt að láta bifreiðina standa á Lágholti, eftir að lokið var fermingu hennar. Mátti sjá fyrir sérstaka slysahættu stafa af bifreiðinni þar vegna breiddar hennar og búnaðar á afturenda vörupallsins. Bar því aðaláfrýjandanum Guðmundi Vigni að færa bifreiðina þá þegar af götunni. Viðskilnaður hans við bifreiðina var því, eins og á stóð, ólögmætur og saknæmur og veldur því, að hann ber að lögum fébótaábyrgð á slysi því, sem Eyþór Einarsson varð fyrir, og tjóni hans af þess völdum. Um bótaábyrgð aðaláfrýjandans Ábyrgðar h/f vísast til forsendna héraðsdóms svo og um eigin sök Eyþórs Einarssonar og skiptingu sakar.

II.

Í örorkumati Stefáns Bogasonar læknis, sem vitnað er til í héraðsdómi, segir m.a. á þessa leið:

„Hann lauk ... prófi í vor (1985) með eðlilegum hætti, en gat ekki stundað sund né leikfimi né íþróttir og gerði það heldur ekki í sumar. Aftur á móti hefur hann tekið þátt í öllu skólastarfi síðan í haust, þar á meðal sundi, leikfimi og fótbolta, og ætlar að stunda skíðamennsku í vetur. Hann kvartar ekki yfir neinum óþægindum öðrum en sjónleysi á hægra auga. Þetta er skýr strákur, hressilegur og dugnaðarlegur. Við skoðun eru ör á efra augnloki en augnlokið er nokkuð sigið þannig að það vantar nokkuð upp á að hann geti opnað augað að fullu. Hann var í skoðun hjá Óla Birni Hannessyni augnlækni daginn áður og hafði þá eitthvað lagast frá því hann útskrifaðist af spítalanum. Aftur á móti stendur til að hann fari í aðgerð fljótlega til að lyfta augnlokinu betur en ekki er búist við að það verði jafngott og áður. Augað er eðlilegt að sjá og augnhreyfingar eðlilegar."

III.

Í forsendum örorkuútreiknings þess, sem hafður er til hliðsjónar í héraðsdómi, segir á þessa leið um tekjuáætlun þá, sem á er byggt:

„Hér er um að ræða ungan pilt. Tekjur hans framvegis áætla ég þannig: Á 15. og 16. aldursári miða ég við 15 vikna vinnu hvort ár á unglingatöxtum Dagsbrúnar. Á 22. aldursári geri ég ráð fyrir 52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467 1/2 yfirvinnustund (10 stundir á viku í 46 3/4 vikur) á taxta Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu (almennt fiskvinnslufólk eftir 3 ár) með 10,17% orlofi. Á 21. aldursári reikna ég með 95% áðurnefndra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári miða ég við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar (það er samkvæmt reynslunni sem næst meðaltal tekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna), sem nú teljast vera 1.227.800 kr. á ári. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli."

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps samkvæmt ofangreindri tekjuáætlun nemur á slysdegi 1.829.200 krónum. Við útreikninginn eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags 31. mars 1989, en eftir

það 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur ráðast af reynslu frá 1976-1980, en líkur fyrir missi starfsorku af reynslu Svía.

IV.

Gagnáfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

1. Örorkutjón ..... kr. 1.829.200
2. Miski ..... — 1.000.000

Um 1.

Af hálfu aðaláfrýjenda er ekki gerð athugasemd við örorkumat eða örorkuútreikning, en fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of hárri. Þegar gögn þessi eru virt og hliðsjón höfð af því, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, svo og af hagræði af því að fá slíkar bætur greiddar fyrir fram í einu lagi, þykir tjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 1.350.000 krónur.

Um 2.

Þegar virt eru meiðsli Eyþórs Einarssonar og afleiðingar þeirra og hafður í huga ungur aldur hans, þykir tjón hans vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum hæfilega metið 200.000 krónur. Er þá haft í huga, að vaxtatímabil frá slysdegi er sex ár og átta mánuðir, en jafnframt tekið tillit til verðbótaþáttar vaxta.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 1.033.333 krónur (þ.e. 2/3 af 1.350.000 + 200.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði óskipt málskostnað í ríkissjóð í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 450.000 krónur. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Örn Höskuldsson hæstaréttarlögmaður, 425.000 krónur í málflutningslaun, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en með gjafsóknarleyfum 11. janúar 1988 og 2. maí 1990 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að aðfinnslur í niðurlagi héraðsdóms eiga ekki rétt á sér.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Guðmundur Vignir Þórðarson og Ábyrgð h/f, greiði gagnáfrýjanda, Einari Þór Þórssyni, vegna ólögráða

sonar hans, Eyþórs Einarssonar, óskipt 1.033.333 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 24% frá 31. mars 1985 til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 20. nóvember 1987, 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 1. mars 1989, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 31. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt í ríkissjóð 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 425.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. apríl 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 21. júní 1988, af Einari Þór Þórssyni, nnr.

1842-1976, f.h. ólögráða sonar síns, Eyþórs Einarssonar, Grundartanga 9, Mosfellsbæ, á hendur Guðmundi Vigni Þórðarsyni, nnr. 3103-3659, Lágholti 12, Mosfellsbæ, og tryggingafélaginu Ábyrgð hf., nnr. 0878-4760, Lágmúla 5, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 4.500.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málavöxtum er þannig lýst, að 31. mars 1985 hafi Eyþór Einarsson, sem fæddur er 8. febr. 1974, verið að hjóla eftir götunni Lágholti í Mosfellsbæ ásamt tveimur félögum sínum. Gata þessi er íbúðagata. Stefndi Guðmundur Vignir Þórðarson hafði lagt vörubifreið, er hann átti, fyrir utan heimili sitt, nr. 12 við þessa götu. Hjólaði Eyþór aftan á vörubifreiðina með þeim afleiðingum, að hann slasaðist illa á hægra auga; missti hann varanlega sjón á því, og augnalok lamaðist. Hafði vörubílspallurinn verið framlengdur með svonefndri „vör", sem var föst í láréttri stöðu, og var þunn stálbrún á enda hennar. Líklegt er talið, að Eyþór hafi rekist á þessa stálbrún vinstra megin við miðju pallsins. Sjúkrabifreið kom á staðinn, en lögregla var ekki kölluð til.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að vörubifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið varð, og sé hún tryggð sem slík. Beri stefndi því ábyrgð á tjóninu skv. 67. gr. umferðarlaga.

Þá hafi stefndi Guðmundur Vignir Þórðarson lagt vörubifreiðinni í þrönga umferðargötu, þar sem börn séu iðulega að leik, en skv. reglugerð nr. 610/1983 sé óheimilt að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum. Hafi bifreiðin valdið hættu, þar sem henni var lagt. Útbúnaður bifreiðarinnar hafi verið til þess fallinn að valda vegfarendum auknu tjóni. Hafi sú skoðun stefnda, Guðmundar sjálfs, komið fram, að afleiðingar slyss þessa hefðu orðið mun minni, ef stálbrúninni hefði ekki verið bætt við pallinn. Hinar alvarlegu afleiðingar slyssins megi rekja til útbúnaðar bifreiðarinnar, sem stefndi beri ábyrgð á.

Það sé óupplýst í málinu, hvort Eyþór Einarsson hafi rekist á vörubifreiðina sjálfa eða hluti, sem staðið hafi aftur af vörubílspallinum. Slysið megi ef til vill rekja til farms, sem staðið hafi aftur úr vörubifreiðinni og ekki hafi verið gengið tryggilega frá, en stefndi hafi upplýst, að hann hafi verið að tína á bifreiðina ýmislegt dót. Um sé að ræða vanrækslu, sem bifreiðareigandinn beri ábyrgð á. Þar sem lögregla hafi ekki verið kölluð til vegna

slyssins, hljóti stefndi að bera hallann af þeirri óvissu, sem ríki vegna málsatvika.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar um skaðabætur úr hendi stefndu á almennu skaðabótareglunni, þ.e. stefnandi telur, að stefndi Guðmundur Vignir eigi sök á slysinu. Bendir stefnandi m.a. í því sambandi á reglugerð nr. 610/1983 um bifreiðastöður í Mosfellshreppi. Þá bendir stefnandi enn fremur á 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og á 16. og 22. gr. reglugerðar nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja. Þá vísar stefnandi til 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um kröfur á hendur tryggingafélögum.

Stefnandi kveður kröfu sína vera tvíþætta, annars vegar til skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns og hins vegar sé krafa um miskabætur.

Krafa um fjárhagslegt tjón byggist á útreikningi tryggingastærðfræðings frá 19.12. 1985 og nýjum útreikningi, dags. 31. mars 1989, þar sem í báðum tilvikum sé lagt til grundvallar örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis frá 14. jan. 1985 svo og launataxti Dagsbrúnar. Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins sé, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps Eyþórs Einarssonar hafi á slysdegi numið 1.829.200 kr. Kveðst stefnandi krefjast greiðslu þessarar fjárhæðar auk vaxta frá slysdegi til greiðsludags.

Krafa um miskabætur vegna ófjárhagslegs tjóns sé byggð á 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Nemi krafan samtals 1.700.000 kr. Um sé að ræða bætur fyrir þjáningu, lýti, óprýði og óþægindi. Jafnframt sé krafist vaxta af þessari fjárhæð frá slysdegi til greiðsludags.

Stefnandi kveður stefnukröfu vera allmiklu hærri en nemi útreiknuðu fjárhagslegu tjóni og miskabótum, en þessa tilhögun kveður hann byggjast á heimild í 45. gr. laga nr. 75/1973, ef til áfrýjunar málsins komi síðar, og sé þannig möguleiki til hækkunar krafna í samræmi við útreiknað fjárhagslegt tjón Eyþórs, eins og það kunni að verða í rekstri málsins fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, ef til þess komi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að bótaskylda stefnda Guðmundar V. Þórðarsonar verði ekki byggð á 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem eitt af meginskilyrðum bótaskyldu eftir því ákvæði sé, að rekja megi tjón til ökutækis í notkun. Samkvæmt orðanna hljóðan og skv. dómvenju verði tjón að eiga rót sína í einhverjum af hinum sérstöku hættueiginleikum bifreiðar, svo sem hættu af vélarafli hennar, hraða og þyngd.

Þegar slysið varð, hafi bifreiðin G-2071 staðið kyrrstæð og mannlaus á götunni fyrir utan húsið að Lágholti 12, Mosfellsbæ, heimili stefnda Guðmundar. Vél bifreiðarinnar hafi ekki verið í gangi. Slysið hafi því eingöngu orðið vegna þess, að stefnandi rakst á bifreiðina, en bifreiðin sem slík hafi engan þátt átt í, að slysið varð.

Eftir því sem fram komi í skýrslum stefnda Guðmundar Vignis Þórðar-

sonar og föður stefnanda, muni ekki leika neinn vafi á atvikum að slysinu. Stefnandi mun hafa verið að hjóla á götunni og hafa litið til hliðar og þá lent aftan á vörubifreiðinni. Eftir föður stefnanda, sem komið mun hafa á vettvang strax eftir slysið, sé haft í lögregluskýrslu, sem gerð hafi verið daginn eftir slysið: „Mætti kveðst vilja, að það komi fram, að gaflborð á vörubifreiðinni hafi staðið beint aftur og á horni þess hafi drengurinn lent." Þannig leiki ekki nokkur vafi á atvikum að slysinu, og sé engin ástæða til að gera því skóna, eins og fram komi í stefnu, að það hafi orðið á annan hátt en þennan.

Frágangur á pallbrúninni sé í alla staði eðlilegur og ekki óvenjulegur, enda hafi engar athugasemdir verið gerðar við búnað þennan af hálfu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Slysið hafi orðið sunnudaginn 31. mars 1985 um hádegisbil, og sé ekki annað vitað en veður og skyggni hafi verið gott. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð á götunni og hafði staðið þar nokkra stund. Hafi hún þannig verið vel sjáanleg og ekki hættuleg þeim, sem sýnt hafi eðlilega aðgát.

Brot á almennu banni við því að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum, sbr. reglugerð nr. 610/1983, valdi ekki aukinni hættu á slysi sem þessu, sem hefði jafnt orðið, hvort sem bifreiðastöður væru leyfðar eða ekki.

Sýknukrafa sé byggð á því, að stefndu beri ekki ábyrgð á tjóni stefnanda skv. 67. gr. laga nr. 40/1968, þar sem ekki megi rekja það til bifreiðarinnar G-2071 í notkun, vanbúnaðar hennar né saknæms verknaðar eða vanrækslu stefnda Guðmundar Vignis Þórðarsonar.

Stefndu taka fram, að ekki sé gerð athugasemd við örorkumat tryggingayfirlæknis né útreikning tryggingastærðfræðings á örorkutjóni. Dómkröfum sé hins vegar mótmælt sem allt of háum og í engu samræmi við þau tölulegu gögn, sem fram hafi verið lögð þeim til stuðnings. Ekki sé gerður neinn frádráttur frá kröfum um örorkubætur vegna skattfrelsis bóta. Krafa um miskabætur sé í engu samræmi við dómvenju.

Niðurstaða.

Með framburði aðila og vitna fyrir dómi þykir vera upplýst, að slysið hafi borið að með eftirfarandi hætti: Eyþór Einarsson var á heimleið af íþróttaæfingu ásamt tveimur félögum sínum. Hjóluðu þeir eftir götunni Lágholti í Mosfellsbæ. Var þá athygli Eyþórs vakin á því, að poki, er hann geymdi íþróttadót sitt í, var að losna af bögglaberanum, svo að hætta var á, að hann flæktist í teinum hjólsins. Eyþór sneri sér við og lagfærði pokann án þess að stöðva hjólið, en um leið og hann snýr sér við aftur, lendir hann á vörubifreiðinni G-2071. Vörubifreiðin stóð fyrir utan heimili skráðs eiganda hennar, stefnda Guðmundar, og mun einhverjum fleiri bifreiðum hafa verið lagt við sama vegkant í umrætt sinn, en staða þeirra

er óljós. Upplýst er, að gatan er þarna 7,75 m á breidd, en samkvæmt skráningarskírteini er vörubifreiðin 2,48 m á breidd. Guðmundur kveðst hafa verið búinn að selja bifreiðina og hafa lagt henni þarna til þess að tína á hana dót, sem átti að fylgja henni, og hefði hann lokið því fyrir stundu, er slysið varð. Kvað hann kaupandann hafa átt að vera kominn og búinn að taka bifreiðina, en honum hefði seinkað.

Vörubifreiðarpallurinn hafði verið lengdur um 20 cm með svonefndri „vör", sem er þríhyrnt málmstykki og þynnist út í 6-8 mm brún. Stykki þetta er fest þannig á bifreiðina, að hægt er að taka það af, en stöðu þess verður ekki breytt. Þeim, er komu á slysstað, virtist, að Eyþór hefði lent á þessari brún. Lögregla var ekki til kvödd, og var því engin vettvangsrannsókn gerð á slysstað. Bar þó eiganda bifreiðarinnar að sjá til þess, að kallað væri á lögreglu, sbr. 2. mgr. 41. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Eftir slysið hafa komið upp getgátur um, að eitthvað hafi staðið aftur af pallinum, sem Eyþór hafi rekist á; hafa þó ekki aðrar líkur verið að þessu leiddar en hin alvarlegu meiðsli Eyþórs, og þykir þessi málsástæða stefnanda vera ósönnuð. Verður hér að byggja á því, að Eyþór hafi lent á „vörinni" á móts við vinstri afturhjól bifreiðarinnar.

Um það er deilt, hvort bifreiðin hafi verið í notkun í skilningi 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem hún stóð. Bifreiðin var kyrrstæð og vél hennar ekki í gangi, og lokið var við að setja á hana þá hluti, sem henni áttu að fylgja. Ekki verður á það fallist, að hugtakið „í notkun" í greindu ákvæði hafi svo víða merkingu, að taki til þessa tilviks.

Hins vegar hefur bifreið þá eiginleika að vera hreyfanlegur hlutur. Getur hætta stafað af þeirri staðsetningu, sem bifreið er valin, og telst það til notkunar í víðri merkingu. Með reglugerð nr. 610/1983 var frá og með 10. ágúst 1983 bannað að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum í Mosfellshreppi. Við enda götunnar Lágholts, sem er blindgata, var sérstaklega merkt bílastæði ætlað slíkum bifreiðum. Þar sem stefndi Guðmundur hafði lokið við að ferma bifreiðina, bar honum að flytja bifreiðina aftur út á stæðið. Enn fremur er ljóst, að vegna þessa banns og þar sem slíkum bifreiðum var ætlaður sérstakur staður, máttu íbúar hverfisins ekki búast við, að vörubifreiðinni væri lagt þarna, og á það einnig við um drenginn Eyþór, sem fór oft þarna um á leið heim til sín. Ljóst þykir, að vörubifreiðin hafi verið talsvert breiðari en aðrar bifreiðar, sem þarna er lagt og þarna stóðu í umrætt sinn, og að Eyþór hafi einmitt rekist á þann hluta hennar, sem skagaði út á götuna. Staðsetning vörubifreiðarinnar í umrætt sinn telst hafa verið til þess fallin að valda vegfarendum hættu, þótt ekki væri um mikla umferðargötu að ræða. Þykir stefndi Guðmundur með þessu hafa brotið gegn greindu banni rgl. nr. 610/1983, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 51. gr. laga nr. 40/1968. Þegar allt þetta er virt, þykir stefndi

Guðmundur eiga sök á tjóni Eyþórs Einarssonar skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 með þeirri ólögmætu notkun bifreiðarinnar í víðari merkingu þess orðs að skilja hana eftir á svæði, þar sem bannað var að leggja vörubifreiðum.

Dómaranum hefur ekki gefist kostur á að skoða vörubifreiðina, en fram hafa verið lagðar ljósmyndir, sem lögreglan á Húsavík hefur tekið. Á þeim sést glögglega, hvernig nefnd „vör" er fest aftan á pallinn og lengir gólf hans. Lögboðin glitmerki eru á pallinum sjálfum inn undir vörinni, en engin auðkenni eru á brún hennar, svo sem skylt er, sbr. b-lið 5. gr. laga nr. 40/1968. Auk þess endar brúnin í hvössu horni, svo sem áður hefur verið lýst. Telja verður, að vegfarendum geti stafað hætta af þessum búnaði, og verður hann að teljast óleyfilegur með vísan til 16. gr. reglugerðar nr. 51/1964, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 172/1966 um breytingu á hinni fyrrnefndu. Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1968, ber stefndi Guðmundur ábyrgð á búnaði bifreiðar sinnar. Verður ekki á það fallist, að hann sé firrtur fébótaábyrgð vegna tjóns, er af þessum búnaði hlýst, með því, að engar athugasemdir bifreiðaskoðunarmanna hafa verið skráðar hér um í skráningarskírteini við aðalskoðun bifreiðarinnar.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968 þykir stefnda tryggingafélagið Ábyrgð hf., einnig vera bótaskylt.

Skilja verður ummæli stefndu í greinargerð og við munnlegan málflutning svo, að því sé haldið fram, að Eyþór Einarsson hafi sjálfur átt sök á tjóni sínu. Eyþór var 11 ára, þegar slysið varð. Verður að ætla, að honum hafi mátt vera ljós sú hætta, sem er því samfara að hjóla án þess að horfa fram á veginn. Bar honum að stöðva hjólið, áður en hann lagfærði íþróttapoka sinn. Með því að gera það ekki þykir hann hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 40/1968. Ber því að skipta sök í málinu, og skal Eyþór Einarsson bera sjálfur ⅓ hluta tjóns síns.

Í áverkavottorði Óla Björns Hannessonar læknis, dags. 2. júlí 1985, er meiðslum Eyþórs þannig lýst: „...Tölvusneiðmyndir (á Borgarspítala) sýndu grun um brot á efri brún augntóttar hægra megin, talsverða mjúkparta-fyrirferðaraukningu framan við hægra auga og aukna þéttni aftarlega í glerhlaupi hægra augans, sem bendir til blæðingar. Við skoðun við komu (á Landakotsspítala) gat hann ekki opnað hægra auga, hægra augnlok var mikið þrútið, og á því voru tvö stór skurðsár, sem voru tætt og greinilega djúp, því að út um þau gekk djúpliggjandi vefur. Við skoðun er hægra auga algjörlega blint, blæðing í slímhúð, stórt yfirborðssár á hornhimnu, erfitt var að meta augnhreyfingar, en þó greinilegt, að hann gat ekki hreyft augað upp á við, ljósopssvörun benti til skaða á hægri sjóntaug, og við augnspeglun var mjög stór glerhlaupsblæðing aftarlega í glerhlaupi, sem

þakti sjóntaug og miðgróp augans, einng voru nokkrar minni háttar blæðingar framarlega í glerhlaupi og einstaka deplablæðingar til hliðar í augnbotninum. Vi. auga var eðlilegt að sjá. Var strax undirbúin aðgerð í svæfingu, og var gert við skurðsárin eins og föng voru á. Eftir aðgerðina hefur gangur verið eðlilegur. Við útskrift var hægra auga blint, skurðsárin voru vel gróin, þrotinn í augnlokinu hafði minnkað, og sjúkl. gat opnað augað lítið eitt, hann gat lítið lyft auganu upp á við, ljósopssvörun staðfesti skaða á hægri sjóntaug, hornhimnan var gróin, glerhlaupsblæðingin var farin að leysast upp og byrgði alla innsýn, svo að augnbotn var ekki sjáanlegur ....". Niðurstaða læknisins er sú, að hægra auga sjúklingsins sé blint til frambúðar og efra augnlok þess sigið. Örorka Eyþórs af völdum slyssins var metin af Stefáni Bogasyni lækni 14. október 1985 þannig:

Frá slysdegi í einn mánuð 100%
Eftir það í 4 mánuði 50%
Varanleg 20%.

Örorkutjónsútreikningur er gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, fyrst 19. des. 1985 og endurreiknað 31. mars 1989. Í hinum síðari reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 1.829.200 kr., og er þá miðað við einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vexti og vaxtavexti eftir það. Ekki er tekið tillit til skatta.

Þegar örorkutjónsútreikningur er hafður til hliðsjónar, litið er til æsku Eyþórs og þess, að missir auga hlýtur að skerða möguleika hans til starfsvals og tómstunda í framtíðinni, tillit tekið til skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis og þess, að í örorkumati felst að einhverju leyti afstaða til miska viðkomandi, sérstaklega þegar örorka er eigi metin meiri en hér er, þá þykja bætur vegna fjártjóns hæfilega metnar 1.100.000 kr. og miski 400.000 kr. og bætur samtals 1.500.000 kr. Þar af ber stefnandi sjálfur ⅓ hluta, og skulu stefndu því greiða honum in solidum 1.000.000 kr. auk almennra sparisjóðsvaxta, svo sem nánar greinir í dómsorði, frá slysdegi til endurútreikningsdags örorkutjónsbóta, 31.mars 1989, en dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Leggja má vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 1988. Með hliðsjón af málalokum þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, er ákveðst 201.148 kr. Þar af greiðist ríkissjóði réttargjöld, 840 kr., stefnanda vegna útlagðs kostnaðar 20.308 kr., og skipuðum talsmanni stefnanda, Erni Höskuldssyni hrl., í málflutningsþóknun 180.000 kr. Þóknun þessi er ákveðin án söluskatts, sbr. hrd. frá 8. febrúar 1989.

Það athugast, að það verður að teljast eðlilegri málatilbúningur af hálfu stefnanda að áskilja sér rétt samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 til að hækka kröfur að ákveðnu marki, komi til áfrýjunar málsins, heldur en að setja fram kröfur, svo sem gert er í máli þessu, sem enga stoð eiga í gögnum málsins og aðili reynir ekki að rökstyðja. Þykir þetta þó ekki eiga að varða hann réttarspjöllum.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Vignir Þórðarson og tryggingafélagið Ábyrgð hf., greiði in solidum stefnanda, Einari Þór Þórssyni f.h. ófjárráða sonar hans, Eyþórs Einarssonar, 1.000.000 kr. með ársvöxtum sem hér segir: 24% frá slysdegi, 31. mars 1985, til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. ágúst 1988, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. október 1988, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 31. mars 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, 201.148 kr., þannig: réttargjöld 840 kr. til ríkissjóðs, stefnanda vegna útlagðs kostnaðar 20.308 kr. og skipuðum talsmanni stefnanda, Erni Höskuldssyni hrl., 180.000 kr. í málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 366/1990. **Grétar Haraldsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og
Íslandsbanka hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1990. Áfrýjað er nauðungaruppboði á hluta fasteignarinnar Kleppsvegar 150 í Reykjavík, sem fram fór 28. september 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til mars 1991. Hefur hann síðan fengið frest fimm sinnum, þ.e. til maí, júní, október, nóvember og til reglulegs þingdags 2. desember sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til 8. janúar 1992 til framlagningar dómsgerða og ágrips.

Af hálfu stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá gera þeir kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti

Af hálfu stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða var þing ekki sótt 2. desember sl.

Mótmæli sín styðja stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. þeim rökum, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings.

Þann 2. desember sl. voru liðnir tæpir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Með þetta í huga og þar sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt frekari frestun málsins, ber að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík og Íslandsbanka hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Grétar Haraldsson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík og Íslandsbanka hf. 15.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 56/1991. **Tölvuverslun Reykjavíkur hf.**

gegn

Ístel hf.,
Íslandsbanka hf.,
Íspan hf.,
Endurskoðun hf.,
Húsasmiðjunni hf.,
Sandi hf.,
Trésmiðju Björns Ólafssonar hf.,
Eimskipafélagi Íslands hf.,
Sverri Kristjánssyni,
Ósi hf. steypuverksmiðju,
Búnaðarbanka Íslands,
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Landsbanka Íslands og
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjað er nauðungaruppboði á fasteigninni Hátúni 4, Bessastaðahreppi, sem fram fór 18. október 1990. Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1990, en það mál var ekki þingfest vegna útivistar áfrýjanda. Málið var höfðað að nýju með stefnu 4. febrúar 1991. Málið var þingfest 8. apríl sl., og fékk áfrýjandi þá frest til októbermánaðar. Að ósk áfrýjanda var málinu þá frestað til nóvember og þá enn til reglulegs þingdags 2. desember. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til 8. janúar 1992 til ágripsgerðar.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf., Trésmiðju Björns Ólafssonar hf., Búnaðarbanka Íslands og Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 2. desember sl., var

umbeðinn frestur samþykktur.

Mótmæli sín styðja stefndu Íslandsbanki hf., Trésmiðja Björns Ólafssonar hf., Búnaðarbanki Íslands og Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar þeim rökum, að áfrýjandi hafi haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að sökum misskilnings hafi dómsgerðir í málinu ekki verið pantaðar fyrr en 29. nóvember sl.

Hinn 2. desember sl. voru liðnir rúmir 12 mánuðir, frá því að máli þessu var upphaflega áfrýjað til Hæstaréttar. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti. Þykja ekki efni til að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Tölvuverslun Reykjavíkur hf., greiði stefndu Íslandsbanka hf., Trésmiðju Björns Ólafssonar hf., Búnaðarbanka Íslands og Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar 12.000 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 243/1990. **Sláturfélag Suðurlands**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Jóni H. Bergs
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Vinnusamningur. Eftirlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður í Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti féll lögmaður áfrýjanda frá þeirri málsástæðu, að uppsögn stefnda hefði með einhverjum hætti tengst meintri áfengisneyslu hans.

Sá samningur, sem gerður var við stefnda 22. ágúst 1984 og um er deilt í málinu, er að ýmsu leyti óvenjulegur að efni, en gildi hans ræðst ekki af því, eins og atvikum er háttað. Til viðbótar rökum héraðsdómara fyrir gildi samningsins er á það að líta, að forráðamenn áfrýjanda höfðust ekki að, þegar þeim mátti í síðasta lagi vera kunnugt um efni samningsins hinn 18. júní 1987, tíu mánuðum fyrir uppsögn stefnda. Þá drógu þeir samninginn og efni hans ekki í efa, þegar þeir samþykktu uppsagnarbréf stefnda 18. apríl 1988, sem hafði að geyma beinan fyrirvara um fullt gildi hans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 450.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sláturfélag Suðurlands, greiði stefnda Jóni H. Bergs, 450.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um samning þann, sem gerður var við stefnda 22. ágúst 1984 um laun honum til handa, eftir að til þess kæmi, að hann hætti störfum hjá áfrýjanda. Stefndi var þá tæpra 57 ára að aldri og hafði starfað hjá áfrýjanda nær 33 ár samtals, þar af sem skipaður forstjóri frá 1. janúar 1957. Í ráðningarsamningi stefnda frá því ári voru engin ákvæði um starfslok, en hann var félagi í Eftirlaunasjóði S.S. sem fastur starfsmaður áfrýjanda. Gat hann þar átt von á tilteknum eftirlaunum frá og með 70 ára aldri eða fyrr, ef örorka kæmi til.

Fallast verður á það með stefnda, að eðlilegt hafi verið frá sjónarhóli hans og fyrirtækisins að huga að gerð samnings af umræddu tagi á þessum tíma, ef gera ætti hann á annað borð. Ekki er í ljós leitt, að stjórnarformann áfrýjanda hafi skort fullnægjandi umboð til að ganga frá hinum umdeilda samningi, og verður ekki séð, að áfrýjandi hafi hreyft mótbárum í þá átt, fyrr en stefndi hafði lagt mál sitt fyrir dómstóla. Er málsástæðu þessari réttilega hafnað í hinum áfrýjaða dómi.

Í dóminum er því einnig réttilega hafnað, að starfslok stefnda hafi borið að með þeim hætti, að telja mætti forsendur brostnar fyrir gildi hins umdeilda samnings. Af gögnum málsins er nærtækast að ályktа, að þau hafi átt meginorsök í mikilvægum stefnubreytingum í starfsemi áfrýjanda, sem félagsstjórnin ákvað í kjölfar hinna umdeildu atburða.

Stefndi hefur gert skilmerkilega grein að sínu leyti fyrir tildrögum hins umdeilda samnings. Var hann sýnilega gerður með því hugarfari, að stefndi myndi halda áfram störfum hjá áfrýjanda næstu árin, nema óvænt ytri atvik bæri að. Samningurinn ber ekki heitið eftirlaunasamningur, en hefur gjarna verið nefndur því nafni í umræðu stefnda og annarra. Samkvæmt frásögn stefnda var það

og meginmarkmið samningsins að tryggja honum eftirlaun, er hæfðu stöðu hans og starfsaldri hjá fyrirtækinu.

Samningurinn er einkum athyglisverður fyrir þá sök, að í honum er ekki tekið berum orðum á þeim möguleika, að starfslok stefnda gæti borið að, áður en hann næði algengum eftirlaunaaldri, án þess að örorka eða önnur forföll yrðu þess valdandi. Er þetta ekki endilega ósanngjarnt í ljósi þess, sem fyrr var rakið um starfstíma og aldur stefnda. Þá er og ekki varhugavert að ályktа, að við samningsgerðina hafi ekki verið sérstaklega horft til þess 70 ára eftirlaunaaldurs, sem við er miðað hjá Eftirlaunasjóði S.S., enda má færa að því rök, að sá starfsaldur sé tiltölulega hár, þegar um er að ræða forstjóra í umsvifamiklu fyrirtæki. Hér við bætist, að í máli þessu, sem tekur til launa á tímabilinu maí 1989 - apríl 1990, hafa forráðamenn áfrýjanda ekki sérstaklega byggt á því, að stefndi hafi notið óskertrar starfsorku og getað aflað sambærilegra tekna í öðrum störfum. Þvert á móti hafa þeir reynt að halda því fram, að uppsögn stefnda hafi átt rætur í skertri starfshæfni hans, án þess þó að færa á það haldbærar sönnur.

Eins og atvikum er háttað og mál þetta liggur fyrir, eru ekki rök til þess að hafna gildi samningsins vegna þessa efnisþáttar hans eða breyta honum að þessu leyti á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga né heldur að taka til greina varakröfu áfrýjanda um sýknu að svo stöddu.

Um annað efni samningsins halda forráðamenn áfrýjanda því einkum fram, að ósanngjarnt sé að miða eftirlaun stefnda við fullt kaup forstjóra félagsins, meðal annars þar sem forstjórastarf sé að jafnaði hverfult og ráðning miðuð við ýtrustu ábyrgð og vinnuskyldu. Af framkomnum upplýsingum um laun stefnda á starfstíma hans verður ekki ráðið, að í þeim væri tekið áberandi tillit til hverfulleika á starfinu. Laun þau, sem um er krafið í málinu, virðast nokkru hærri en laun stefnda síðustu mánuði starfstímans, ef almennar kauplagsbreytingar eru hafðar til samanburðar, enda heldur stefndi því fram, að kaup forstjóra áfrýjanda hafi hækkað umtalsvert, eftir að hann vék úr starfinu, og megi ætla það mun hærra en kröfum hans nemur. Hinn fyrrnefndi munur skiptir ekki sköpum í því tilliti, sem hér um ræðir, og ekki eru efni til þess hér fyrir dómi að endurskoða launatölur, sem stefndi hefur neyðst til

að áætla. Jafnframt hafa forráðamenn áfrýjanda ekki fært fram almennar upplýsingar um forstjóralaun, er gefi tilefni til að vefengja sanngirni þeirra launa, sem samningurinn hljóðar um. Hafa þeir ekki einu sinni lagt fram eigin upplýsingar um laun núverandi forstjóra félagsins, sem kveðst vera ráðinn með 6 mánaða uppsagnarfresti og án sambærilegra eftirlauna við stefnda að svo komnu. Þegar af þessum ástæðum er ekki unnt að sinna þeirri málsástæðu áfrýjanda, að launakröfu stefnda beri að lækka eða endurmeta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til þessa og til ýtarlegra forsendna hins áfrýjaða dóms er ég samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda, að dómurinn eigi að vera óraskaður. Ég er samþykkur ákvörðun þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni H. Bergs hdl., kt. 140927-4149, Laufásvegi 77, Reykjavík, með stefnu, birtri 30. ágúst og 13. september 1989, á hendur Sláturfélagi Suðurlands, kt. 600269-2089, Skúlagötu 20, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda ógoldin eftirlaun fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst 1989, 350.000 kr. á mánuði hverjum, og 400.000 kr. á mánuði fyrir september 1989 til aprílloka 1990, samtals 4.600.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar]. Jafnframt er þess krafist, að hið stefnda félag verði dæmt til að gefa út afsal til stefnanda ásamt undirritaðri sölutilkynningu til bifreiðaeftirlitsins fyrir bifreiðina R-355 skv. A-lið 1. gr. samningsins (sic). Þá er gerð krafa til þess, að dómur verði svofelldur, að tildæmdir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1990, allt í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987.

Við munnlegan málflutning var þess enn fremur krafist af hálfu stefnanda, að dæmd verði dauð og ómerk eftirfarandi ummæli í greinargerð stefnda:

1. „áfengisneyslu forstjórans" í eftirfarandi samhengi: „Uppsögn stefnanda átti sér nokkurn aðdraganda bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins".

2. ..... „að stefnanda var í raun vikið frá störfum vegna þess, að hann var í raun orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins" .....

Enn fremur var þess krafist, að lögmaður stefnda yrði áminntur fyrir þessi ummæli með vísan til 187. gr. og 5. tl. 188. gr. l. nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður skv. mati réttarins, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu, og leggist dráttarvextirnir við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta.

Til vara krefst stefndi sýknu að svo stöddu og málskostnaðar skv. framansögðu.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda og málsástæður.

Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn forstjóri Sláturfélags Suðurlands frá 1. janúar 1957 að telja með starfssamningi, undirrituðum af honum og stjórn félagsins, dags. 25. júní 1957. Samningur þessi sé margendurskoðaður á liðnum árum, að því er varði kjör forstjórans, og hafi síðustu kjaraákvæði verið bókuð 23. júní 1987 og undirrituð af stefnanda ásamt Páli Lýðssyni stjórnarformanni. Hann undirriti samkvæmt umboði stjórnarinnar, dags. 18. júní 1987.

Hinn 22. ágúst 1984 hafi Gísli Andrésson, stjórnarformaður S.S., í umboði stjórnarinnar gert samning um eftirlaun við stefnanda, sem koma skyldi til framkvæmda, ef eða þegar stefnandi hætti forstjórastörfum hjá S.S. Í 1. gr. samningsins segi, að föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi skyldu haldast, meðan hann lifði, en önnur laun eða fríðindi falla niður. Í 2. gr. samningsins segi orðrétt:

„Þau laun, sem miða skal upphæð eftirlauna við, skulu vera þau sömu og nýr forstjóri fær, sem ráðinn verður í stað Jóns H. Bergs. Laun þessi skulu þó aldrei vera lægri en þau laun, er Jón H. Bergs hafði, er hann lét af störfum, að viðbættum breytingum samkvæmt vísitöluhækkunum, þannig, að þessi laun haldi ávallt verðgildi sínu."

Loks segi í 4. gr. þessa samnings, að stefnandi sé félagi í Eftirlaunasjóði S.S. og að þær greiðslur, sem úr þessum sjóði komi, skuli koma til frádráttar þeim greiðslum, sem S.S. beri að inna af hendi samkvæmt samningnum.

Þess skuli getið, að skv. reglum eftirlaunasjóðsins hefjist greiðslur úr honum, þegar sjóðfélagi hafi náð 70 ára aldri, en þeim aldri nái stefnandi árið 1997.

Jón H. Bergs hafi hafið störf sín sem forstjóri, eins og áður segi, í janúar 1957, og hafi hann verið í þeirri stöðu óslitið til 18. apríl 1988, rösklega 31 ár.

Uppsagnarbréf forstjórans hafi verið lagt fram á stjórnarfundi S.S., sem

haldinn hafi verið 18. apríl 1988. Uppsagnarbréfið hafi verið bókað orðrétt í fundargerðabók svohljóðandi:

„Vegna skoðanaágreinings óska ég undirritaður eftir að verða leystur frá ráðningarsamningi mínum sem forstjóri Sláturfélags Suðurlands, dags. 25. júní 1957, með síðari viðaukum og breytingum. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til ráðgjafar, sé þess óskað, viðvíkjandi málefnum, sem ég þekki úr störfum mínum hjá Sláturfélagi Suðurlands sl. 37 ár.

Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984."

Því næst sé bókað:

„Stjórnin samþykkir þessa lausnarbeiðni. Stjórnarmenn þökkuðu forstjóra og eiginkonu hans mikil og giftudrjúg störf í þágu félagsins á undangengnum árum."

Stefnanda hafi síðan verið greidd umsamin eftirlaun í samræmi við gerða samninga fyrir mánuðina maí 1988 til aprílloka 1989, í eitt ár, svo sem launaseðlar beri með sér.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1989, undirrituðu af núverandi stjórn S.S., sé stefnanda tilkynnt, að ákveðið hafi verið að rifta eftirlaunasamningi félagsins við hann. Bréf þetta hafi borist stefnanda 5. maí s.á., en hann hafi svarað stjórninni með bréfi, dags. 19. s.m. Stjórnarmönnum hafi öllum verið sent eintak af svarbréfinu. Þar mótmæli hann þessari löglausu riftunartilkynningu, geri frekari grein fyrir máli sínu og setji fram kröfu um áframhaldandi eftirlaunagreiðslur að viðlagðri málsókn.

Í uppsagnarbréfi stjórnar S.S. á dskj. nr. 9 séu tilgreindar tvær ástæður fyrir uppsögninni. Fyrri ástæðan sé svohljóðandi: „Eftirlaunasamningur yðar við Sláturfélag Suðurlands er mjög óvenjulegur og mjög hagstæður yður."

Þeirri fullyrðingu, að samningur sem þessi sé óvenjulegur, sé algjörlega mótmælt, og sé hið gagnstæða fullyrt, að slíkir samningar séu og hafi verið mjög algengir. Þá skuli það áréttað, að alveg sambærilegir samningar hafi verið gerðir af stjórn S.S. við tvo deildarstjóra í fyrirtækinu. Megi jafnframt á það benda, að það sé ekkert óeðlilegt, að forstjóri, sem unnið hafi hjá félaginu í 37 ár og gert það að stórveldi í íslensku viðskiptalífi, fái góð eftirlaun. Slíkt sé algengt í öðrum félögum og það þótt um skemmri tíma sé að ræða og með minni árangri en náðst hafi hjá stefnanda á umliðnum 30 árum. Sönnunarbyrðin um það, að umræddur eftirlaunasamningur sé „mjög óvenjulegur", hvíli á stefnda. Þá hvíli sönnunarbyrðin á honum einnig um riftunarheimildina almennt.

Hvort samningurinn sé hagstæður stefnanda, sé í sjálfu sér aukaatriði. Gera verði ráð fyrir því, að stjórnin hafi vitað, hvað hún var að gera.

Síðari liður í uppsagnarbréfi stjórnarinnar sé vægast sagt óviðeigandi

dylgjur. Stefnandi hafi alla tíð skýrt satt og rétt frá um rekstur félagsins, og eins og hann bendi réttilega á í svarbréfi sínu, hafi félagsstjórn fjallað ásamt honum um rekstur og stöðu fyrirtækisins á mánaðarlegum stjórnarfundum. Dylgjur þær, sem fram komi í öðrum lið bréfsins, hljóti að teljast pennaglöp. Ef stjórnin haldi því fram, að hún hafi verið blekkt af stefnanda, þá löðrungi hún umfram allt sjálfa sig fyrir eftirlitsskort. Hún viti, að löggiltir endurskoðendur hafi árlega yfirfarið bókhaldið og samið reksturs- og efnahagsreikning. Hún viti, að félagskosnir endurskoðendur hafi í það 31 ár, sem stefnandi hafi veitt félaginu forstöðu, staðfest árlega ásamt hinum löggiltu samstarfsmönnum sínum, að bókhaldið hafi ávallt verið óaðfinnanlegt. Stjórnin hafi auk þess uppfyllt skyldur sínar skv. eftirlaunasamningnum í heilt ár. Hafi samningurinn talist bindandi löggerningur fyrsta árið, hvaða breytingar hafi þá veitt stjórninni heimild til riftunar?

Loks segi í rökstuðningi stjórnarinnar fyrir riftun samningsins orðrétt: „Eins og málum er háttað, telur stjórnin, að ekki sé rétt að standa við samninginn."

Það sé mikill misskilningur hjá stjórninni að halda, að hægt sé að hverfa frá gerðum samningum á svona einfaldan hátt, „að ekki sé rétt að standa við samninginn". Sé því ástæða til að fjalla nokkrum orðum um helstu réttaráhrif samninga og möguleika til þess að rifta gerðum samningum.

Réttaráhrif loforða séu einkum bundin í skuldbindingargildi þeirra, sem birtist í því, að unnt sé að knýja loforðsgjafa til efnda með atbeina dómstóla. Loforðið sé bindandi fyrir loforðsgjafa, þegar það sé komið til vitundar loforðsmóttakanda. Í þessu dæmi leiki enginn vafi á því, að stjórn S.S. hafi skuldbundið sig til að greiða stefnanda eftirlaun svo og konu hans. Í uppsagnarbréfi sínu gefi stjórnin óljóst í skyn, að forsendur fyrir eftirlaunagreiðslum hafi brostið. Það verði hún að færa sönnur á, vilji hún láta taka mark á gerðum sínum.

Erfiðleikar í rekstri félagsins um stundarsakir komi þessu máli ekkert við. Þegar samningurinn var gerður, hafði stefnandi sýnt það og sannað, að félagið hafði vaxið og blómgast undir stjórn hans. Síðasta árið, sem hann bar ábyrgð ásamt stjórninni á ársuppgjöri, þ.e. rekstrarárið 1986, hafi félagið skilað góðum hagnaði.

Kröfugerðin sé reist á eftirlaunasamningnum frá 22. ágúst 1984 og í samræmi við greidd eftirlaun í eitt ár, frá því að stefnandi hætti störfum. Eftirlaunin eigi að miðast við laun forstjórans á hverjum tíma. Vitað sé, að þau hækkuðu í maí 1989, og hafi því mánaðarlaun verið hækkuð í kröfugerð samkvæmt áætlun lögmanns stefnanda með hliðsjón af greiddum launum fyrir apríl 1989.

Stefnandi vísar til grundvallarreglu laga, að samningar skuli haldnir og

loforð efnd, sbr. l. nr. 7/1936 (og l. nr. 11/1986). Um vaxtakröfur vísast til l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 25/1987 og l. nr. 54/1988.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður stefnanda hafa fengið tækifæri til þess að segja upp störfum í stað þess, að stjórn félagsins viki honum úr starfi. Hafi þessi ráðstöfun verið talin heppilegri fyrir stefnanda, sérstaklega þar sem hann hafði lengi unnið hjá félaginu. Uppsögn stefnanda hafi átt sér nokkurn aðdraganda, bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins.

Á stjórnarfundi, sem haldinn var í félaginu 18. apríl 1988, hafi málefni forstjórans verið komin á suðupunkt, og hafi stefnandi þá lagt fram bréf það, sem sé á dskj. nr. 7, þar sem hann hafi óskað eftir að verða leystur frá ráðningarsamningi sínum við stefnda, og ljúki bréfinu þannig: „Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984."

Hér sé því í raun ekki um lausnarbeiðni að ræða, heldur eins konar valdaafsal forstjórans.

Stjórn félagsins hafi samþykkt „lausnarbeiðni" forstjórans og þakkað honum störf hans fyrir félagið.

Stjórninni hafi á þessum tíma ekki verið ljóst, hvað forstjórinn átti við með samningnum frá 22. ágúst 1984, enda hafði enginn þeirra (sic) komið nálægt þeim samningi eða heyrt hans getið.

Skömmu síðar hafi stjórnin komist að því, að fyrir lá samningur, sem undirritaður sé af Gísla Andréssyni, sem hafi verið stjórnarformaður félagsins, og sagður gerður í umboði stjórnar.

Hvergi hafi fundist í fundargerðabókum félagsins umboð til handa Gísla til gerðar þessa samnings, og sé því mótmælt, sem fram komi í bréfi stefnanda á dskj. nr. 11, að „samningurinn hafi síðar verið ræddur á stjórnarfundum, þegar kjaramál í fyrirtækinu almennt voru til umfjöllunar, m.a. á stjórnarfundi 18. júní 1987".

Við athugun á samningnum komi einnig í ljós, að hann sé undarlegur á margan hátt og veiti stefnanda alveg ótrúleg kjör.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram í fyrsta lagi, að samningurinn á dskj. nr. 4 sé ekki skuldbindandi fyrir félagið, sbr. l. nr. 7/1936, þar sem félagsstjórn hafi ekki veitt Gísla Andréssyni umboð til þess að gera samninginn né hafi samningurinn nokkurn tímann verið samþykktur af stjórn stefnda.

Í öðru lagi verði að telja, komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að Gísli Andrésson hafi haft umboð til þess að gera eftirlaunasamning við stefn-

anda, að þá hafi hann augljóslega farið langt út fyrir umboð sitt með því að gera dæmalausan samning við stefnanda, og hafi stefnanda mátt vera þetta ljóst, sbr. 11. gr. l. nr. 7/1936.

Í þriðja lagi er á því byggt, komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að samningurinn á dskj. nr. 4 hafi verið gerður með fullu umboði, að þá megi víkja honum til hliðar með dómi með vísan til 36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, þar sem það sé ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera hann fyrir sig og samningurinn verði að teljast brjóta gegn góðri viðskiptavenju. Í þessu sambandi sé nauðsynlegt að skoða efni samningsins.

Í fyrsta tölulið sé Jóni heitið fullum föstum launum skv. ráðningarsamningi, svo lengi sem hann lifi. Hér séu ekki greind nein aldursmörk, svo sem 67 eða 70 ár. Megi hér vísa til þess, að stefnandi sé fæddur 1927 og hafi því aðeins verið 61 árs að aldri, er hann lét af völdum.

Þessi laun eigi að greiða stefnanda, þrátt fyrir það að hann hafi enga vinnuskyldu, en fjárhæð launa forstjóra hljóti að vera miðuð við ótakmarkaða vinnuskyldu og ábyrgð og þá ekki síst við það, að slík störf séu oft hverful, og megi forstjóri eiga von á því að þurfa að láta af störfum vegna ágreinings við stjórn og eigi þá ekki svo auðvelt með að finna sér annað starf með skjótum hætti. Laun fyrrverandi forstjóra eigi aldrei að vera lægri en hann hafði, en þó hækka til samræmis við laun eftirmanns síns. Slíkum ákvæðum verði að víkja til hliðar með vísan til tilvitnaðrar lagagreinar.

Þá eigi stefnandi skv. lið B að fá afhenta bifreið þá til eignar, sem hann hafi, þegar hann láti af störfum. Hér sé um að ræða Buick-Electra-bifreið, árgerð 1987, en bifreið þessi sé nú skv. skattmati að fjárhæð (sic) 2.445.000 kr. Megi hverjum vera ljóst, að slík gjöf sé alveg fráleit, og spurning, hvernig eigi að taka staðgreiðsluskatt af slíkri afhendingu. Sama eigi því hér við, að ósanngjarnt sé að bera slíkt samningsákvæði fyrir sig, og einnig hljóti það að vera gagnstætt góðri viðskiptavenju.

Þá skuli ekkju stefnanda verða greidd 80% af eftirlaunum hans fyrsta árið eftir fráfall hans, en 70% eftir það. Hér eigi við sömu athugasemdir og við lið 1. Bent skuli á, að endurskoðendur félagsins hafi reiknað eftirlaunaskuldbindingu félagsins gagnvart stefnanda og konu hans, og nemi hún samkvæmt því 39.300.000 krónum.

Verði ekki á það fallist, að beita beri 36. gr. l. nr. 7/1936, sé sýknukrafa stefnda reist á því, að forsendur hafi brostið fyrir samningnum á dskj. nr. 4, þar sem starfslok stefnanda bar að með þeim hætti, að stefnanda var í raun vikið frá störfum, vegna þess að hann hafi í raun verið orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins, svo og, að hann hafi ekki upplýst stjórn félagsins um raunverulega stöðu þess.

Þannig hafi stefnandi látið stefnda kaupa verðlaus hlutabréf í Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. á 25.000.000 króna 24. júlí 1987, en neikvætt eigið fé þess fyrirtækis hafi numið í lok árs 1987 28.854.000 krónum, og eignir stefnda hafi verið veðsettar fyrir skuldum Vöruhússins Eiðistorgi hf. fyrir 49.881.725 krónum 31. ágúst 1988. Ekki hafi forstjórinn leitað til hagdeildar stefnda um úttekt á þessari fjárfestingu, þótt til hennar hafi verið leitað um ýmsar minni ákvarðanir.

Þá hafi stefnandi látið stefnda hefja byggingu stórhýsis í Laugarnesi, sem nú sé eins og myllusteinn um háls stefnda.

Tap stefnda á rekstrarárinu 1987 hafi verið 77.063.000 kr. og árið 1988 209.560.843 kr., en þess skuli getið, að hefði reikningsskilaaðferðum verið hagað eins fyrir árið 1987 og gert var árið 1988, m.a. beitt fráviksaðferð við færslu verðbreytinga og færðar eftirlaunaskuldbindingar og sérstakur skattur af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, hefði tap verið mun hærra á árinu 1987. Með sömu aðferðum hefðu reikningar félagsins einnig sýnt tap á árinu 1986, og sé hér vísað til dskj. nr. 20, 21 og 22.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir stefndi á því, að verði talið, að hér sé um gildan eftirlaunasamning að ræða, taki hann að sjálfsögðu ekki gildi, fyrr en eftirlaunaaldri sé náð, þ.e.a.s. við 70 ára aldur stefnanda.

Af hálfu stefnda og lögmanns stefnda voru engar kröfur gerðar vegna kröfu um ómerkingu ummæla og áminningu lögmanns.

III.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar stefnandi, Jón H. Bergs, Páll Lýðsson, stjórnarformaður stefnda, Sigurður Jónsson, stjórnarmaður stefnda, Steinþór Skúlason, forstjóri stefnda, Magnús Jónasson, stjórnarmaður stefnda, Arnór Eggertsson, löggiltur endurskoðandi, Halldór Arason, löggiltur endurskoðandi, Hjalti Hjaltason, fjármálastjóri stefnda, Jóhannes Jónsson verslunarmaður, fyrrverandi yfirverslunarstjóri stefnda, Kristbjörg Ágústsdóttir, fyrrverandi einkaritari stefnanda í fyrirtæki stefnda, nú starfandi fyrir stefnanda, Matthías Gíslason, fulltrúi á endurskoðunarskrifstofu og fyrrverandi fulltrúi forstjóra stefnda, og Teitur Lárusson, fyrrverandi starfsmannastjóri stefnda.

Samningur sá, sem stefnandi reisir dómkröfur sínar á, var undirritaður 22. ágúst 1984 af Gísla Andréssyni og Jóni H. Bergs. Undir nafnritun sína hefur Gísli Andrésson ritað: „samkvæmt umboði".

Í uppsagnarbréf sitt, sem samþykkt var samhljóða á stjórnarfundi stefnda 18. apríl 1988, ritaði stefnandi eftirfarandi fyrirvara: „Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984." Uppsagnarbréf stefnanda er orðrétt

skráð í fundargerðabók stefnda á framangreindum stjórnarfundi. Engin athugasemd eða fyrirspurn kom fram um framangreindan fyrirvara.

Í bréfi stjórnar stefnda, dags. 24. apríl 1989, segir svo m.a.: „Hér með tilkynnist yður, að stjórn Sláturfélags Suðurlands riftir eftirlaunasamningi yðar við félagið." Síðan eru tilgreindar ástæður riftunarinnar, sem eru þær annars vegar, að samningurinn sé mjög óvenjulegur og mjög hagstæður stefnanda, og hins vegar, að komið hafi í ljós, að staða félagsins á þeim tíma, sem stefnandi lét af störfum, hafi verið mun alvarlegri og verri en stjórninni hafði verið gerð grein fyrir.

Hvergi er í bréfi þessu minnst á, að samningurinn hafi ekki haft gildi vegna vanheimildar Gísla Andréssonar, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á í máli þessu, eða að Gísli hafi farið út fyrir umboð sitt.

Stefndi hefur ekki fært að því haldbær rök, að stjórn stefnda hafi hvorki vitað né mátt vita um tilvist eða efni umdeilds eftirlaunasamnings, og samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda, Páls Lýðssonar, fyrir dómi kom fram, að rætt var um samning þennan á stjórnarfundi 18. júní 1987, og er m.a. skráð í fundargerð, að formanni S.S. hafi verið falið að fylgjast með viðbótarráðningarsamningi, sem fyrrverandi formaður, Gísli Andrésson, gerði við forstjóra árið 1984, sbr. tl. 5 á dskj. nr. 33.

Þá liggur fyrir, að af hálfu stefnda var að fullu staðið við samning þennan í rétt ár, eftir að stefnandi lét af störfum. Liggur ekki fyrir, að nokkurn tímann hafi á því tímabili verið dregið í efa gildi samningsins.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á þær málsástæður stefnda, að samningurinn sé ógildur vegna umboðsskorts Gísla Andréssonar.

Stefndi byggir enn fremur á því, að víkja megi samningnum til hliðar með dómi, með vísan til 36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986.

36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, hljóðar svo: „Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til."

Ekki verður á það fallist með stefnda, að samningurinn sé eftir atvikum óeðlilega hagstæður stefnanda, sé litið til þess starfs, sem stefnandi hafði með höndum innan fyrirtækis stefnda, ábyrgðar hans og starfsaldurs og jafnframt höfð hliðsjón af því, að a.m.k. tveir lægra settir, fyrrverandi starfsmenn stefnda njóta nú eftirlauna frá fyrirtækinu, sem nema 90% af staðgengilslaunum, sbr. dskj. nr. 32 og 35.

Sé jafnframt haft í huga, að greitt var samkvæmt samningnum í heilt ár, eftir að stefnandi lét af störfum, athugasemdalaust af hálfu stefnda, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að þau atvik hafi verið fyrir hendi

við samningsgerðina eða séu síðar til komin, sem valdi því, að honum verði vikið til hliðar nú á grundvelli 36. gr. l. nr. 7/1936.

Að lokum byggir stefndi á því, að forsendur hafi brostið fyrir samningnum, þar sem starfslok stefnanda hafi borið að með þeim hætti, að honum hafi í raun verið vikið úr starfi vegna ástæðna, sem stefndi tilgreinir nánar í greinargerð.

Það liggur fyrir og er ómótmælt, að starfslok stefnanda voru í raun þau, að honum var gerður kostur á að segja starfi sínu lausu.

Stefndi hefur engin rök fært að því, að stefnandi hafi verið orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu, og báru vitni, sem skýrslu gáfu fyrir dómi, þvert á móti, að aldrei hefði stefnandi haft áfengi um hönd á vinnustað eða verið í áfengisvímu, sbr. og yfirlýsingu á dskj. nr. 23. Hefur þeim framburði ekki verið hnekkt.

Stefndi heldur því einnig fram, að stefnanda hafi orðið á veruleg mistök í starfi, m.a. með því að láta stefnda kaupa verðlaus hlutabréf í Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. og byggingu stórhýsis í Laugarnesi.

Samkvæmt fundargerð stefnda, dags. 24. júlí 1987, dskj. nr. 34, tl. 5., var samþykkt með atkvæðum allra stjórnarmanna eftir víðtækar athuganir og fyrirspurnir, sem þeir Jón H. Bergs og Jóhannes Jónsson, forstöðumaður verslunardeildar, svöruðu, að taka upp samninga við Óla Kr. Sigurðsson um kaup á hlutafé hans í Eiðistorgi hf. og að fela stjórnarformanni og forstjóra að ganga frá samningagerð með fullu umboði stjórnarmanna. Samkvæmt fundargerðinni var um að ræða annars vegar að kaupa hlutafé Óla Kr. Sigurðssonar, 40% í hlutafélaginu Eiðistorgi hf., og hins vegar að selja Óla hlutafé stefnda í eigninni. Samkvæmt þessari fundargerð voru það stjórnarformaður stefnda og forstjóri, sem sameiginlega skyldu ganga frá samningagerð.

Er ósannað, að stefnandi hafi verið einráður um framangreind kaup eða önnur, sem stefndi tiltekur í greinargerð sinni sem dæmi um ætluð mistök stefnanda í starfi. Hefur stefndi þannig ekki sýnt fram á, að stefnanda hafi orðið á þau mistök í starfi, sem valdið geti því, að fyrrgreindum eftirlaunasamningi verði rift vegna brostinna forsendna.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir stefndi á því, að samningurinn taki ekki gildi, fyrr en eftirlaunaaldri stefnanda sé náð, þ.e. við 70 ára aldur.

Í samningnum er enginn fyrirvari um starfslok stefnanda. Það liggur fyrir, að stefnandi fékk greitt samkvæmt honum í heilt ár, eftir að hann lét af störfum. Ekkert liggur fyrir um það, að stefndi hafi verið að greiða stefnanda einhvers konar biðlaun, óháð samningnum, eins og skilja mátti af framburði stjórnarformannsins Páls Lýðssonar og Steinþórs Skúlasonar forstjóra fyrir dómi. Þá liggur fyrir, að greiðslur til stefnanda voru felldar

niður með því, að samningnum var rift, og styður það þá fullyrðingu stefnanda, að samningurinn hafi verið í fullu gildi fyrsta árið. Stefndi getur því ekki borið fyrir sig nú, að gildi samningsins skuli miðað við einhver ákveðin aldursmörk stefnanda.

Með hliðsjón af framansögðu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að fullu, en ágreiningur er ekki um fjárhæðir eða vexti.

Rétt þykir að taka til greina kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla, en sú krafa hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda, eins og áður greinir, og ummælin eru ósönnuð.

Krafa um að áminna lögmann stefnda fyrir ummælin er hins vegar ekki tekin til greina, enda er hér um málsástæðu stefnda að ræða, sem byggt er á í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 623.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Sláturfélag Suðurlands, Skúlagötu 20, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni H. Bergs, Laufásvegi 77, Reykjavík, 4.600.000 kr. með 38,4% ársvöxtum af 350.000 kr. frá 1. maí 1989 til 1. júní s.á., með 42% ársvöxtum af 700.000 kr. frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 45,6% ársvöxtum af 1.050.000 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með sömu vöxtum af 1.400.000 kr. frá þeim degi til 1. september s.á., með 40,8% ársvöxtum af 1.800.000 kr. frá þeim degi til 1. október s.á., með 38,4% ársvöxtum af 2.200.000 kr. frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með sömu vöxtum af 2.600.000 kr. frá þeim degi til 1. desember s.á., með 40,8% ársvöxtum af 3.000.000 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1990, með sömu vöxtum af 3.400.000 kr. frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 37,2% ársvöxtum af 3.800.000 kr. frá þeim degi til 1. mars s.á., með 30% ársvöxtum af 4.200.000 kr. frá þeim degi til 1. apríl s.á., en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 4.600.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri en 26% ársvexti, og leggjast vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1990.

Enn fremur skal stefndi, Sláturfélag Suðurlands, gefa út afsal til stefnanda ásamt undirritaðri sölutilkynningu til bifreiðaeftirlitsins fyrir bifreiðina R-355.

Þá greiði stefndi stefnanda 623.000 kr. í málskostnað.

Eftirtalin ummæli skulu vera dauð og ómerk:

1. „áfengisneyslu forstjórans“ í eftirfarandi samhengi: „Uppsögn

stefnanda átti sér nokkurn aðdraganda bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins".

2. ...,,að stefnanda var í raun vikið frá störfum vegna þess, að hann var í raun orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins"...

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 119/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Tryggva Bjarna Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Í öllum ákærum máls þessa utan ákæru 17. maí 1990 er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreið „sviptur ökuréttindum ævilangt". Upplýst er í málinu, að ákærði hefur aldrei öðlast ökuréttindi. Samkvæmt sakavottorði hans var hann með dómum sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1980, 4. júlí 1983 og 29. ágúst 1985 „sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt". Tveir síðastnefndu dómarnir voru staðfestir um þetta atriði með dómum Hæstaréttar 16. nóvember 1983 og 12. mars 1986. Ónákvæmni í ofangreindum ákærum að þessu leyti stendur þó ekki í vegi þess, að efnisdómur verði lagður á málið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsiákvæða að öðru leyti en því, að ölvunarakstur ákærða samkvæmt ákæru 20. nóvember 1985 varðaði við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, en ekki við 2. mgr., sbr. 4. mgr. sömu greinar, eins og í héraðsdómi segir. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsiákvæða í ákærunni.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Óhóflegur dráttur á meðferð máls þessa í héraði er aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 330/1990: Ákæruvaldið gegn Tryggva Bjarna Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 19. þ. m.

Málið er höfðað með tólf ákæruskjölum ríkissaksóknara, svo sem nánar verður rakið, á hendur Tryggva Bjarna Kristjánssyni, Þingholtsstræti 12, Reykjavík, fæddum 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík.

— — —

Málavextir:

Ákæra, dagsett 20. nóvember 1985.

Aðfaranótt laugardagsins 24. ágúst 1985 laust eftir kl. fjögur voru þrír lögreglumenn í Keflavík í eftirlitsferð um kaupstaðinn. Er þeir óku suður Hringbraut, mættu þeir bifreiðinni Ö-3855. Virtist þeim aksturslag hennar athugavert og veittu henni því eftirför norður Hringbraut, vestur Vesturgötu, norður Heiðarbraut og loks vestur Heiðarhvamm, þar sem bifreiðin var stöðvuð á móts við hús nr. 6. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans. Þá gat hann ekki framvísað ökuskírteini. Var hann því færður á lögreglustöðina í Keflavík til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 5.10 kom læknir á lögreglustöð til töku blóðsýnis úr ákærða. Reyndust í því vera 0,86 ‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að laugardaginn 24. ágúst 1985 hefði hann ekið bifreiðinni Ö-3855 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Njarðvík til Keflavíkur, en

þar hefði lögreglan stöðvað akstur hans við húsið nr. 6 við Heiðarhvamm.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum, er varða þessa ákæru. Varðar þessi háttsemi við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 15. janúar 1986.

Að morgni laugardagsins 31. ágúst 1985 laust eftir kl. 9.30 var lögreglunni í Keflavík tilkynnt um umferðarslys á Vatnsleysustrandarvegi skammt sunnan við Skipholt.

Í frumskýrslu lögreglu segir, að þarna hafi bifreiðinni R-8711 verið ekið suður Vatnsleysustrandarveg, en í beygju, sem sé nokkuð sunnan við húsið Skipholt, muni ökumaður hafa misst vald á henni með þeim afleiðingum, að hún fór út fyrir veginn og valt, en stöðvaðist þó á hjólunum.

Þegar lögreglan kom á vettvang, lágu maður og kona fyrir utan bifreiðina. Konan lá nær henni og var svo til rænulaus. Maðurinn, ákærði í máli þessu, lá nokkru fjær. Var hann með rænu og því hægt að tala við hann. Ákærði og konan, Nanna Soffía Karlsdóttir, fædd 7. febrúar 1960, voru flutt á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík í sjúkrabifreið.

Haft var samband við lögregluna í Reykjavík og þess beiðst, að tekin yrðu blóðsýni úr ákærða og Nönnu Soffíu. Var það gert á slysadeildinni kl. 10.40, að því er varðar ákærða, og reyndust í sýninu 1,14‰ alkóhóls.

Við lögreglurannsókn málsins viðurkenndi ákærði akstur bifreiðarinnar greint sinn. Hann hefði misst vald á henni og hún hafnað utan vegar. Kvaðst hann hafa verið undir dálitlum áfengisáhrifum, er umræddur atburður varð. Hefði hann ekið með á að giska 80 kílómetra hraða m.v. klst., er óhappið varð, og misst vald á bifreiðinni, þegar hann ók af bundna slitlaginu inn á mölina, þar sem því sleppti. Hefði hann verið að koma úr Reykjavík og valið þessa leið, sökum þess að hann hefði verið lítillega ölvaður.

Ákærði taldi bifreiðina hafa oltið nokkrar veltur. Nanna hefði setið við hlið sér í framsætinu, en hvorugt þeirra notað öryggisbelti. Kvaðst hann ekki vera með ökuréttindi og aldrei hafa öðlast þau.

Fyrir dómi sneri ákærði við blaðinu og kvað ákæruna ranga. Það hefði verið Nanna, en ekki hann, sem ók bifreiðinni. Kvaðst hann hafa tekið á sig sök hennar, til þess að hún missti ekki ökuleyfi, enda hefði hann, hvort eð var, þegar verið sviptur ökuréttindum. Væri skýrsla sú, sem hann gaf við lögreglurannsókn málsins, því röng. Hann hefði verið færður í

fangaklefa sárþjáður, en kvörtunum sínum ekki verið sinnt, fyrr en hann hafði viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-8711.

Vitnið Nanna Soffía Karlsdóttir bar við lögreglurannsókn málsins, að ákærði hefði ekið bifreiðinni frá Reykjavík og ferðinni verið heitið til Keflavíkur, en þangað hefði ákærði boðist til að aka sér. Kvaðst hún hafa þegið boðið, enda hefði sér virst ákærði ódrukkinn. Ökuferðin hefði gengið vel, en þegar þau komu að Vatnsleysustrandarafleggjaranum, hefði ákærði stungið upp á því, að þau færu Vatnsleysustrandarveg. Kvaðst hún ekki hafa haft á móti því.

Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hvernig slysið atvikaðist, en hún hefði misst meðvitund um stund. Sér hefði virst ákærði aka hratt, og þegar hún hefði beðið hann að aka hægar, hefði það engin áhrif haft, fremur verkað öfugt. Hið næsta, sem hún mundi eftir sér, hefði verið, að hún lá fyrir utan bifreiðina og átti erfitt með að hreyfa sig.

Í þinghaldi 4. desember 1986 er bókað, að samkvæmt upplýsingum frá boðunardeild dómsins væri framangreint vitni í Flórída í Bandaríkjunum og ekki væntanlegt til landsins í bráð. Þá er í þinghaldi 11. mars 1988 bókað eftir ákærða, að vitnið sé enn búsett í Flórída.

Teknar voru skýrslur af tveimur vitnum auk Nönnu Soffíu við lögreglurannsókn málsins, sem voru í húsi því, sem lagt var upp frá í ökuferðina frá Reykjavík til Keflavíkur.

Þorbjörn Friðriksson gat ekki borið um, hver ók bifreiðinni frá húsinu. Sama máli gegndi um Guðmund Friðriksson.

Í áverkavottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, um meiðsli Nönnu Soffíu Karlsdóttur kemur fram, að við komu á slysadeild hafi hún verið með fullri meðvitund og engin merki verið um lost eða heilahristing. Hún hafi fyrst og fremst kvartað um verki efst í baki og neðst í hálsi. Í andliti hafi verið þrír skurðir, einn á hægri kinn og tveir hægra megin á enni. Hruflsár og mar hafi verið yfir hægri mjaðmarkambi og á báðum fótum. Röntgenmyndir hafi verið teknar af hálsliðum, og í ljós hafi komið brot í gegnum liðflöt á 7. hálslið. Ekki hafi þó verið um neina tilfærslu að ræða í brotinu. Hún hafi síðan legið á spítalanum í átta daga, en þá fengið að fara heim með svokallaðan hálskraga.

Ekki liggur annað fyrir en vitnið Nanna Soffía Karlsdóttir sé búsett erlendis. Reynt var nokkrum sinnum að grennslast eftir, hvort hún væri væntanleg til landsins, en jafnan án árangurs. Þótt tekist hefði að fá vitnið fyrir dóm og hún þar haldið hinu sama fram og við lögreglurannsókn málsins, hefði það ekki leitt til annars en þess, að fullyrðing hefði staðið gegn fullyrðingu. Verður því að telja ósannað gegn neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að

sök í þessari ákæru. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins út af þessari ákæru.

Ákæra, dagsett 11. febrúar 1986.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði greiðlega, að þriðjudaginn 29. október 1985 hefði hann ekið bifreiðinni Í-1025, sviptur ökuréttindum ævilangt, stuttan spöl á gatnamótum Bárugötu og Bræðraborgarstígs í Reykjavík og svo óvarlega, að bifreiðin rakst á ljósastaur við gatnamótin.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er gögnum þeim, er varða þessa ákæru. Varðar brotið við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 5. maí 1986.

— — —

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að fimmtudaginn 20. febrúar 1986 hafi hann ekið bifreiðinni G-7054, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Drápuhlíð 22 hér í borg að húsi í vesturhluta borgarinnar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Mýrargötu.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með afdráttarlausri játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 12. nóvember 1987.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að mánudaginn 24. ágúst 1987 hafi hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Háagerði 33 hér í borg að Víðimel 21.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með áfdráttarlausri játningu hans og öðru því, sem fram er komið í málinu, varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 14. janúar 1988.

1.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá RLR og fyrir dómi, að þriðjudaginn 29. september 1987 hafi hann reynt að selja falsaðan tékka í bensín-

afgreiðslu Olíufélagsins Skeljungs hf. við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ. Kvaðst ákærði hafa útfyllt tékka þennan úr tékkhefti í eigu Óla Friðjóns Halldórssonar, Kóngsbakka 10 hér í borg, frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík. Tékkafjárhæðin hafi verið 5.500 kr. og númer hans 1522543. Viðurkenndi ákærði að hafa falsað nafnið Lárus Þorvaldsson sem útgefanda og framseljanda á tékkann, en að öðru leyti hefði hann ekki útfyllt hann. Af þeim sökum vantaði bæði nafn handhafa og dagsetningu á tékkann. Sökum þess að afgreiðslumaður hefði gert athugasemd við tékkann, hefði hann ekki getað selt hann.

Þrátt fyrir það að ákærða hafi ekki tekist að selja tékkann, telur dómurinn brot ákærða fullframið, en það varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

1) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins greiðlega viðurkennt, að mánudaginn 28. september 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Ö-10523, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hringbraut.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að þriðjudaginn 29. september 1987 hefði hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Frostaskjóli.

3) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins greiðlega viðurkennt, að þriðjudaginn 20. október 1987 hafi hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Framnesvegi við Sólvallagötu.

4) [...] Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að þriðjudaginn 24. nóvember 1987 hefði hann ekið bifreiðinni R-10523, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Vitastíg.

Framanlýst háttsemi ákærða í öllum fjórum liðum síðari kafla þessarar ákæru er sönnuð með afdráttarlausum játningum hans, sem studdar eru gögnum þeim, er varða hvern lið um sig. Hefur ákærði með þessu brotið gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 8. mars 1988.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að laugardaginn 26. desember 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Y-5111, sviptur

ökuréttindum ævilangt, frá Hverfisgötu 72, Reykjavík, um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Birkimel.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 14. júní 1988.

1) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að miðvikudaginn 30. desember 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Y-5111, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Súðarvogi í Reykjavík að Bílanausti við Borgartún og aftur áleiðis til baka, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi við Holtaveg.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að mánudaginn 14. mars 1988 hafi hann ekið bifreiðinni R-61910, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Þverholti í Reykjavík áleiðis að Hverfisgötu 72, einnig í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Flókagötu við Snorrabraut.

3) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að mánudaginn 11. apríl 1988 hafi hann ekið bifreiðinni R-61910, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Smiðjuvegi í Kópavogi til Reykjavíkur, en þar hafi lögreglan stöðvað akstur hans á Sogavegi við Réttarholtsveg.

Framanlýst háttsemi ákærða í öllum þremur liðum ákæru er sönnuð með játningum hans og öðrum gögnum málsins.

Brot ákærða í 1. lið ákæru varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en brot hans í 2. og 3. lið varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 22. september 1988.

Ákærði hefur viðurkennt, að laugardaginn 25. júní 1988 hafi hann ekið bifreiðinni X-6430, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Fríkirkjuvegi 11, Reykjavík, að gatnamótum Lækjargötu og Skólabrúar, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er öðrum gögnum málsins. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 21. nóvember 1988.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði greiðlega, að miðvikudaginn 10. ágúst 1988 hefði hann ekið bifreiðinni Y-1363, sviptur

ökuréttindum ævilangt, með allt að 98 kílómetra hraða miðað við klukkustund vestur Sundlaugaveg í Reykjavík á vegarkafla að Reykjavegi.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 30. nóvember 1989.

1) Aðfaranótt sunnudagsins 8. maí 1988 um kl. 2.45 veittu lögreglumenn í Ólafsvík bifreiðinni Ö-10649 athygli, þar sem henni var ekið fram hjá lögreglustöðinni þar í kaupstaðnum. Þar sem lögreglunni þótti ástæða til að kanna ástand ökumanns, var bifreiðinni veitt eftirför að Hótel Nesi. Þegar lögregluna bar að, voru ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, og farþegi að stíga út úr henni. Var ákærði færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu.

Kl. 3.25 kom læknir á lögreglustöðina til töku blóðsýnis úr ákærða. Reyndust í því 0,74‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að aðfaranótt sunnudagsins 8. maí 1988 hefði hann ekið bifreiðinni Ö-10649, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Hótel Búðum á Snæfellsnesi að Hótel Nesi í Ólafsvík, en þar hefði lögreglan haft afskipti af akstri hans.

Ákærði kvaðst hafa drukkið hvítvín með mat á Hótel Búðum á laugardagskvöldið. Giskaði hann á, að það hefði verið u.þ.b. hálfur lítri af hvítvíni, sem hann drakk þar.

Fljótlega eftir að ákærði hafði lokið snæðingi, kvaðst hann hafa ekið, sem leið lá, til Ólafsvíkur og stöðvað bifreiðina við Hótel Nes. Skömmu síðar hefði lögreglan komið að bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa drukkið góðan gúlsopa af óblönduðu gini úr flösku, sem hann var með í bifreiðinni, áður en lögreglan kom að, en flöskuna hefði hann orðið sér úti um á Hótel Búðum. Hefði hann tekið framanlýst til bragðs, þegar hann varð var við, að lögreglubifreið nálgaðist.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn frá Búðum til Ólafsvíkur. Kvaðst hann álíta, að meiri hluti þess alkóhólmagns, sem mældist í blóði hans greint sinn, stafaði af gindrykkjunni.

Lögreglumennirnir, sem höfðu afskipti af ákærða vegna þessa máls, hafa allir komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Vitnið Adolf Steinsson varðstjóri skýrði svo frá, að greint sinn hefði það verið í umferðareftirliti ásamt Birni Jónssyni lögreglumanni á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. við Hótel Búðir. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir, að bifreiðin Ö-10649 var ein þeirra bifreiða, sem voru við Hótel Búðir, er þeir fóru þaðan, líklega eftir miðnætti umrædda nótt. Vitnið kvaðst hafa farið

á lögreglustöðina í Ólafsvík, en er það var á leið aftur út í lögreglubifreiðina, hafi það séð, hvar þessari sömu bifreið var ekið norðvestur Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Kvaðst vitnið þá strax hafa ákveðið, að lögreglan athugaði bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa farið í lögreglubifreiðinni ásamt lögreglumönnunum Birni Jónssyni, Hilmari Júlíussyni og Aðalsteini Aðalsteinssyni, og hefði það verið ökumaður. Ástæða þess, að þeir veittu bifreiðinni eftirför, hefði einkum verið sú, að þeir höfðu séð hana áður á Búðum, ekki, að eitthvað athugavert hefði verið við akstursmátann.

Vitnið kvaðst hafa ekið á eftir bifreiðinni Ö-10649, þar sem henni var ekið eftir Ólafsbraut, og hefði það verið mjög nærri henni. Það hefði þó hvorki séð ökumann né farþega. Bifreiðinni hefði síðan verið beygt til hægri fyrir hornið á Hótel Nesi, og hefði það fylgt fast á eftir og séð, þegar henni var lagt rétt við aðalinngang hótelsins. Kvaðst vitnið hafa séð greinilega, er bifreiðinni var lagt við hótelið, og að um leið hefði farþegi og ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, stigið út úr bifreiðinni, og hefði lögreglubifreiðin þá verið fyrir aftan bifreið ákærða. Þá hefðu lögreglumenn, sem voru með sér, stokkið út úr lögreglubifreiðinni og náð tali af ákærða fyrir utan bifreiðina.

Hvað varðar þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um það. Það hefði ekki séð inn í bifreið ákærða, en tók fram, að þeir (sic) hefðu komið að bifreiðinni, um leið og henni var lagt við hótelið, og ákærði hefði stigið út úr henni, nánast um leið og hún var stöðvuð. Tók vitnið fram, að það væri rangt, sem fram kæmi í framburði ákærða, að lögreglumennirnir hefðu komið að bifreið hans, skömmu eftir að hann kom að hótelinu.

Vitnið kvað hvorki ákærða né farþegann hafa verið með vín meðferðis, er þeir komu út úr bifreiðinni, en lögreglan hefði þó ekki leitað að víni í henni.

Loks staðfesti vitnið, að framburðarskýrsla þess við lögregluranns6kn málsins væri rétt.

Vitnið Björn Jónsson skýrði svo frá, að það hefði verið við umferðareftirlit á sunnanverðu Snæfellsnesi 8. maí 1988 ásamt Adolf Steinssyni. Þegar þeir voru við Hótel Búðir, hefðu þeir veitt bifreið ákærða eftirtekt. Síðar um nóttina, er það og fleiri lögreglumenn voru staddir við lögreglustöðina í Ólafsvík, hefðu þeir séð, hvar þessari sömu bifreið var ekið eftir Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Því hefðu þeir strax farið í lögreglubifreiðina og veitt bifreið ákærða eftirför. Aðspurt um, hve nærri Ö-10649 lögreglubifreiðin var, kvaðst vitnið ekki muna það, en bifreiðin Ö-10649 hefði verið svo til nýstöðvuð, er þeir komu að henni. Kvaðst vitnið muna, að Hilmar Júlíusson fór út úr lögreglubifreiðinni ásamt öðrum lögreglumanni, en það myndi ekki, hvort það var það eða Aðalsteinn Aðalsteinsson, sem fór með Hilmari.

Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekkert geta fullyrt, en taldi það þó hæpið. Kvaðst það hvorki minnast þess að hafa séð ginflösku né nokkra aðra vínflösku í fórum ákærða né farþegans. Þá kvaðst vitnið ekki muna, hvort lögreglan leitaði í bifreið ákærða. Vitnið kvað atvik málsins sér ekki í fersku minni, og aðspurt um ástand og útlit ákærða umrætt sinn kvað vitnið sig minna, að ákærði hefði ekki verið áberandi ölvaður.

Loks staðfesti vitnið, að skýrsla sú, sem það gaf við lögregluranns6kn málsins, væri rétt.

Vitnið Aðalsteinn Aðalsteinsson skýrði svo frá, að það hefði ásamt Adolf Steinssyni, Birni Jónssyni og Hilmari Júlíussyni verið statt fyrir framan lögreglustöðina í Ólafsvík 8. maí 1988, er bifreiðinni Ö-10649 var ekið eftir Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Þar eð lögreglan hefði fyrr um kvöldið séð umrædda bifreið við Hótel Búðir, hefðu þeir (sic) ákveðið að athuga ástand ökumanns. Kvað vitnið þá hafa verið mjög snögga að fara upp í lögreglubifreiðina, og því hefði lögreglan aðeins misst sjónar af bifreið ákærða, þegar hún beygði að Hótel Nesi, en þegar lögreglubifreiðin kom fyrir hornið á hótelinu, hefði Ö-bifreiðinni verið rennt að aðalinngangi þess. Kvað vitnið sig minna, að Adolf hefði lagt lögreglubifreiðinni á ská fyrir aftan bifreið ákærða og Hilmar Júlíusson lögreglumaður þá þegar farið út úr bifreiðinni og haft tal af ökumanni. Minnti vitnið, að ökumaður hefði setið undir stýri, er Hilmar ræddi við hann. Hilmar hefði síðan gefið þeim merki, og þá kvaðst vitnið hafa farið út úr lögreglubifreiðinni til aðstoðar Hilmari við að færa ákærða og farþega yfir í lögreglubifreiðina.

Vitnið kvaðst ekkert áfengi hafa séð, hvorki í fórum ákærða né farþega, en lögreglan hefði ekki leitað í bifreið ákærða. Minnti vitnið, að ekki hefðu verið sýnileg áfengisáhrif á ákærða. Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekkert geta fullyrt. Það hefði ekki séð inn í bifreið ákærða, að því er sig minnti, og ekki séð hann neyta áfengis. Vísaði vitnið til fyrri framburðar fyrir dómi og kvað lögreglubifreiðinni hafa verið rennt upp að bifreiðinni Ö-10649 í þann mund, sem ákærði var að leggja bifreið sinni við Hótel Nes, og því hefðu varla liðið nema 2-3 sekúndur, frá því að bifreiðin var stöðvuð og þar til Hilmar kom að bifreið ákærða.

Vitnið Hilmar Júlíusson skýrði svo frá, að greint sinn hefði það ásamt tveimur lögreglumönnum verið fyrir utan eða í dyrum lögreglustöðvarinnar, þegar bifreiðinni Ö-10649 var ekið fram hjá eftir Ólafsbraut. Bifreiðinni hefði þá þegar verið veitt eftirför, því að hún hefði sést við Hótel Búðir fyrr um kvöldið. Kvað vitnið lögregluna hafa komið að bifreiðinni Ö-10649, þar sem henni var lagt fyrir framan aðalinngang Hótel Ness. Er lögreglubifreiðin kom að bifreiðinni, hefði ökumaður og farþegi verið

að stíga út úr henni, og hefði það séð, er bifreiðinni var rennt í stæði við hótelið. Vitnið kvaðst hafa farið út úr lögreglubifreiðinni, og er það kom að ákærða, hefði hann verið að stíga út úr bifreið sinni. Kvað vitnið hvorki farþega né ákærða hafa haft áfengi meðferðis, en minnti, að það hefði séð tóma vínflösku á gólfi bifreiðarinnar.

Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið vera þeirrar skoðunar, að hann hefði ekki haft tíma til áfengisneyslu, eftir að akstri lauk. Það kvaðst ekki hafa séð ákærða drekka og ítrekaði, að lögreglan hefði ekki komið skömmu síðar að bifreið ákærða, því að það hefði, eins og það hefði áður lýst, komið að ákærða, er hann var í þann mund að stíga út úr bifreiðinni við Hótel Nes.

Loks staðfesti vitnið, að skýrsla sú, sem það gaf við lögregluannsókn málsins, væri rétt.

Bjarni Ágúst Jónsson var farþegi í bifreiðinni Ö-10649 greint sinn. Við lögregluannsókn málsins skýrði hann svo frá í skýrslu, sem hann gaf 24. febrúar sl., að hann myndi lítið eftir málinu. Þessa umræddu helgi, sem hann myndi raunar mjög lítið eftir, hefði hann verið ölvaður og myndi ekki eftir neinum ölvunarakstri. Kvaðst hann aðeins muna lítillega eftir að hafa farið þessa ferð, en annað væri gleymt.

Fyrir dómi skýrði vitnið hins vegar svo frá, að greint sinn hefði það verið farþegi í bifreiðinni R-10649 frá Búðum á Snæfellsnesi til Ólafsvíkur. Hefði ákærði ekið bifreiðinni og lokið akstri við Hótel Nes í Ólafsvík, að því er vitnið best mundi. Áfengisflaska hefði verið í bifreiðinni, og kvaðst vitnið hafa verið með hana hjá sér, þegar bifreiðin nam staðar við hótelið. Hefði ákærði tekið flöskuna og drukkið úr henni. Vitnið kvaðst þó hvorki muna, hve mikið ákærði drakk né hvaða áfengistegund var þarna um að ræða. Þeir hafi hins vegar setið um hríð í bifreiðinni, áður en lögreglan kom á vettvang og færði þá á lögreglustöð.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði bæri merki um ölvun á leiðinni frá Búðum til Ólafsvíkur, og kvað ákærða ekki hafa neytt áfengis á Hótel Búðum, enda hefðu þeir staðið þar stutt við. Þá kvaðst vitnið ekki muna, hvað varð um áfengisflöskuna. Það hefði verið nýbúið að opna hana og farið að drekka úr henni, áður en komið var til Ólafsvíkur.

Ákærði hefur viðurkennt akstur bifreiðarinnar Ö-10649, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Hótel Búðum að Hótel Nesi í Ólafsvík, svo sem nánar er lýst í ákæru. Er þessi háttsemi ákærða sönnuð með játningu hans og öðrum gögnum, er varða fyrri lið ákærunnar.

Á hinn bóginn hefur ákærði bæði hjá lögreglu og fyrir dómi neitað að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hefur þó skýrt frá því, að fyrir umræddan akstur hafi hann drukkið hvítvín, allt að hálfum lítra, á Hótel Búðum. Eins og að framan er rakið, hefur ákærði borið, að eftir

að akstri lauk við Hótel Nes, hefði hann neytt áfengis, sem hann segir fyrir dómi, að hafi verið góður gúlsopi af óblönduðu gini úr flösku, sem hann hafi verið með í bifreiðinni. Kvaðst hann álíta, að meiri hluti þess alkóhólmagns, sem mældist í blóði sínu (0,74‰), stafaði af ginneyslunni.

Framburður ákærða um áfengisneyslu eftir akstur fær stoð í framburði vitnisins Bjarna Ágústs Jónssonar fyrir dómi. Þetta vitni gat hins vegar ekki borið um þetta atriði við lögregluransókn málsins, svo sem áður er að vikið. Þykir þetta veikja framburð vitnisins og gera hann ótrúverðugan.

Lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða við Hótel Nes, eru allir samsaga um, að lögreglubifreiðin hafi komið svo til alveg á eftir bifreiðinni Ö-10649 að hótelinu, þótt þeir fullyrði ekkert um, hvort ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Af framburði þeirra verður þó ráðið, að svigrúm ákærða til áfengisneyslu hafi nánast ekkert verið. Þá ber að líta til þess, að skammur tími leið, frá því að lögreglan hafði afskipti af ákærða, þar til blóðsýni var tekið úr honum.

Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekki einungis ekið bifreiðinni Ö-10649 sviptur ökuréttindum, heldur einnig undir áhrifum áfengis, frá Hótel Búðum á Snæfellsnesi að Hótel Nesi í Ólafsvík, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum strax að loknum akstri. Með framanlýstri háttsemi hefur ákærði brotið gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að mánudaginn 18. september 1989 hafi hann ekið bifreiðinni R-20540, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, í námunda við heimili sitt, Þingholtsstræti 12, en þar hafi lögreglan haft afskipti af akstri sínum.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er gögnum þeim, er varða þennan ákærulið. Hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 17. maí 1990.

— — —

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að miðvikudaginn 14. mars síðastliðinn hafi hann ekið númerslausri bifreið af gerðinni Toyota-Corolla, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, frá Lindargötu í Reykjavík og um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Grettisgötu skammt vestan Vitastígs.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans og öðru því, sem fram er komið í málinu. Varðar hún við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði í þessum dómi verið sakfelldur fyrir 17 brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Í tveimur tilvikum er einnig um að ræða brot gegn 45. gr. sömu laga, en þar við bætist skjalafalsbrotið.

Refsing ákærða vegna hvers brots út af fyrir sig myndi, svo sem sakaferli hans er háttað, fara fram úr sektum. Brot gegn 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sem í gildi voru, þegar meiri hluti þessara brota var framinn, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, kemur því ekki til álita, að sök í neinu málanna sé fyrnd.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir: Á árunum 1979-1990 hefur ákærði alls 18 sinnum gengist undir sátt fyrir fíkniefnabrot, og tvívegis hefur hann hlotið dóm í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir fíkniefnabrot. Í fyrri dóminum, upp kveðnum 7. ágúst 1984, hlaut hann 60 daga fangelsi, og í hinum síðarnefnda, upp kveðnum 19. desember sl., hlaut hann einnig 60 daga fangelsi. Í ágúst 1976 var ákærði dæmdur í eins árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld og ölvunarakstur, jafnframt því sem hann var sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 16 mánuði frá 10. ágúst 1976. Í maí 1977 var ákærða dæmdur hegningarauki við síðastnefndan dóm, tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fíkniefnabrot. Í júní sama ár var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Í desember 1979 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir ölvunar- og sviptingarakstur jafnframt því að vera sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 17.12. 1979. Í október 1980 var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hinn 6. nóvember 1980 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld, ölvunar- og sviptingarakstur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Með dómi sama dag var ákærði sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en ekki gerð sérstök refsing. Í október 1981 var ákærði dæmdur í átta mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, húsbrot, þjófnað, ólögmæta meðferð fundins fjár og sviptingarakstur. Hinn 17.11. 1981 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir ölvunarakstur. Í maí 1982 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Í júlí sama ár var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, þjófnað og sviptingarakstur. Í júlí 1983 var hann dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir skjalafals, ölvunar- og sviptingarakstur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar og var staðfestur þar 16.11. 1983. Í mars 1984 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir sviptingarakstur. Í ágúst 1985 var ákærði

dæmdur í 40 daga varðhald fyrir ölvunar- og sviptingarakstur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Þótt það komi ekki fram í sakavottorði, liggur ljóst fyrir, að síðastnefndum dómi var áfrýjað. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. mars 1986, var héraðsdómur staðfestur, en reynslulausn, 140 daga, sem ákærða hafði verið veitt í nóvember 1984, var tekin með, svo að ákærði hlaut sex mánaða fangelsi í Hæstarétti. Loks var ákærði í janúar 1989 sýknaður af ákæru fyrir hlutdeild í fjársvikum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Refsinguna ber að tiltaka með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi níu mánuði.

Í ákærunum frá 20. nóvember 1985 og 30. nóvember 1989 er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuleyfis. Dómurinn telur nægilega í ljós leitt af gögnum málsins, að ákærði hafi aldrei öðlast ökuréttindi. Í núgildandi umferðarlögum er hvorki í 101. né 102. gr. fjallað um, að svipta megi mann rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem var í 81. gr. umferðarlaganna nr. 40, 1968. Má í þessu sambandi einnig benda á hæstaréttardóm nr. 150/1988. Að þessu athuguðu verður að hafna kröfum ákæruvaldsins um, að ákærði skuli sviptur ökuréttindum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr. Þann hluta sakarkostnaðar, sem er til kominn vegna ákæru, dagsettrar 15. janúar 1986, skal þó greiða úr ríkissjóði.

Dómari málsins tók við rekstri þess í febrúar 1987.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi níu mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 kr. Undanskilinn er sakarkostnaður vegna ákæru, dagsettrar 15. janúar 1986, sem greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 120/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Róbert Rósmanni Guðjónssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds með áfrýjunarstefnu 22. febrúar 1991. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Róbert Rósmann Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 58/1991: Ákæruvaldið gegn Róbert Rósmanni Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 31. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 2. október sl., á hendur ákærða, Róbert Rósmanni Guðjónssyni hugvitsmanni, Ránar-

götu 1, Reykjavík, fæddum 25. febrúar 1956, ,,fyrir skjalafals með eftirgreindum hætti:

1.

Í október 1988 tekið lán hjá Lífeyrissjóði sjómanna í Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114, Reykjavík, út á falsað veðskuldabréf, að fjárhæð 600.000 kr., með fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu, en ákærði hafði falsað nafn Helga Más Kristjánssonar á bréfið til samþykkis þinglýsts eiganda veðsins, íbúðar í húseigninni nr. 32 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík. Bréfið er dagsett 17. október 1988 og ber númerið 803555.

2.

Hinn 25. apríl 1989 afhent Landsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, falsaðan tryggingarvíxil, að fjárhæð 300.000 kr., dagsettan þann dag og gjaldfallinn við sýningu, til tryggingar úttekt samkvæmt vísa-greiðslukorti, sem ákærði fékk afhent í bankanum sama dag, en á víxilinn, sem ákærði samþykkti sjálfur, hafði hann falsað nafn nefnds Helga Más sem útgefanda og framseljanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi hans krafist þess, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og að sér verði dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Málavextir eru þeir, að 17. október 1988 tók ákærði lán hjá Lífeyrissjóði sjómanna, að fjárhæð 600.000 krónur. Til tryggingar greiðslu lánsins var veðsett með 3. veðrétti íbúð í húsinu nr. 32 við Bræðraborgarstíg, eign Helga Más Kristjánssonar. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa ritað nafn Helga Más í reit á skuldabréfið fyrir samþykki þinglýsts eiganda. Hann kvaðst hafa haft heimild Helga Más til veðsetningarinnar. Helgi Már hafi verið úti á sjó, en ákærði hafi hringt til hans og fengið heimild til veðsetningarinnar. Vottarnir, sem eru á skuldabréfinu, hafi verið staddir í sömu íbúð og hann, þegar samtalið fór fram, en þeir hafi ekki heyrt það. Ákærði kvað sig, Helga Má og einn mann til hafa verið að kaupa jörð á Snæfellsnesi um þetta leyti, og hafi lánið átt að fara í að greiða hluta ákærða í þeim kaupum. Síðar hafi sér verið bolað frá jarðarkaupunum og hann þá fengið endurgreitt það, sem hann hafði lagt fram.

Helgi Már Kristjánsson hefur borið fyrir dómi, að hann, ákærði og einn maður til hafi ætlað að kaupa saman jörð á Snæfellsnesi. Hann hafi boðið ákærða að veita honum veðheimild í íbúð sinni, en ákærði hafi hafnað því, þar sem lífeyrissjóðslán væru óhagstæð. Síðan hafi komið í ljós, að ákærði var óáreiðanlegur, og hefði hann gengið úr kaupunum og annar

maður komið inn í staðinn. Það hefði gerst, áður en skuldabréfið, sem mál þetta snýst um, var gefið út. Helgi Már neitaði því staðfastlega að hafa gefið ákærða leyfi til að veðsetja íbúð sína. Hann kannaðist við, að ákærði hefði hringt til sín út á sjó, en þeir hefðu aðeins rætt saman um daginn og veginn og ákærði ekki minnst á lánið. Hann hefði ekki fengið vitneskju um það fyrr en í desember 1989, þegar það var komið í vanskil.

Ákærði og Helgi Már voru samprófaðir fyrir dómi, en ekki náðist samræmi í framburð þeirra.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa 25. apríl 1989 afhent Landsbankanum tryggingarvíxil, að fjárhæð 300.000 krónur, til tryggingar á úttekt samkvæmt vísa-greiðslukorti. Enn fremur viðurkenndi hann að hafa ritað nafn Helga Más sem útgefanda og framseljanda á víxilinn og gert það án heimildar hans.

Með játningu ákærða er sannað, að hann ritaði nafn Helga Más Kristjánssonar á framangreint skuldabréf og afhenti það Lífeyrissjóði sjómanna. Gegn neitun Helga Más er ósannað, að ákærði hafi haft heimild hans til nafnritunarinnar. Hefur ákærði með þessu gerst sekur um skjalafals. Með játningu hans, sem styðst við önnur gögn málsins, er enn fremur sannað, að hann hafi gerst sekur um skjalafals með því að rita nafn Helga Más á framangreindan víxil og afhenda hann Landsbankanum. Brot ákærða eru rétt færð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann árið 1980 dæmdur í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað. Árið 1981 var hann dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir fíknilagabrot. Árið 1985 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað, og árið 1987 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir þjófnað. Þá hefur hann einu sinni verið dæmdur í sekt fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi og 11 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir fíkni-, hegningar- og umferðarlagabrot. Refsing ákærða nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg átta mánaða fangelsi.

Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd Lífeyrissjóðs sjómanna hefur lagt fram bótakröfu á hendur ákærða, að fjárhæð 869.649 krónur, „með hæstu tíðkanlegu dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá deginum í dag að telja til endurgreiðsludags". Krafan er dagsett 29. maí 1990.

Ákærði vísaði á verjanda sinn með að taka afstöðu til kröfunnar og gera við hana athugasemdir. Við munnlegan flutning málsins gerði verjandinn engar athugasemdir við kröfuna og taldi hana rétta.

Ákærði verður því dæmdur til að greiða kröfuna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 29. maí 1990 til greiðsludags.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Indriða Þorkelssonar hdl., 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Róbert Rósmann Guðjónsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði Lífeyrissjóði sjómanna 869.649 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 29. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Indriða Þorkelssonar hdl., 25.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 142/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Matthildi Eiðsdóttur
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1991 samkvæmt ósk ákærðu og einnig af hálfu ákæruvalds. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 87/1991: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. desember sl., á hendur ákærðu, Matthildi Eiðsdóttur, Baldursgötu 12, Reykjavík,

fæddri 18. mars 1961, fæðingarnúmer 332, „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í júní 1990 í Reykjavík, nema annað sé nefnt, eftirtalda falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, aðalbanka, sem ákærða falsaði sjálf með nafni útgefanda, sem er Guðrún Pétursdóttir, nema á einum, og ýmsum reikningsnúmerum. Tékkarnir eru allir til handhafa og notaðir svo sem nánar tilgreinir, en ákærða fékk kunningja sinn, Jökul Ægi Friðfinnsson, til að framselja suma tékkana fyrir sig.

1. Nr. 2264152, 3.000 kr., dagsettur 21. (mánuður ekki tilgreindur) 1990, reikningsnúmer 16204.

2. Nr. 2264155. 4.500 kr., dagsettur 21. júní rnr. 27089. Nafn útgefanda Guðrún Pálsdóttir. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum. Er með ólæsilegu framsali, en jafnframt framsalsstimpli söluturns að Hafnarstræti 20.

3. Nr. 2264156, 2.040 kr., dagsettur 22. júní, rnr. 21087. Notaður í söluturni BSÍ, Vatnsmýrarvegi 10.

4. Nr. 226460, 5.200 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27089. Framseldur af kunningjanum og notaður í Skóverslun Reykjavíkur, Laugavegi 95.

5. Nr. 2264161, 5.400 kr., dagsettur sama dag, rnr. sama. Framseldur af sama og notaður í versluninni Skæðum, Laugavegi 74.

6. Nr. 2264163, 9.700 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27098. Framseldur af sama og notaður í versluninni Cosmo, Laugavegi 44 eða Kringlunni 8-12.

7. Nr. 2264165, 3.000 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27089. Ákærða afhenti tékkann Steingrími Benediktssyni, sem framseldi hann söluturninum Óðinstorgi.

8. Nr. 2264167, 7.000 kr., dagsettur sama dag, rnr. 28019. Framseldur af ákærðu og notaður í Snyrtivörubúðinni, Laugavegi 76.

9. Nr. 2264168, 9.400 kr., dagsettur sama dag, rnr. sama. Framseldur af ákærðu og notaður í verslun Jóns Sigurjónssonar gullsmiðs, Laugavegi 70.

10. Nr. 2264172, 3.000 kr., dagsettur 23. júní, rnr. 27089. Framseldur af ákærðu og notaður í Kópavogsapóteki, Kópavogi.

11. Nr. 2264175, 7.600 kr., dagsettur 27. júní, rnr. 6374. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn er með framsalið Ragna Davíðsdóttir 100158-3699 svo og framsal Nonna og Bubba hf. í Keflavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Ákærða hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í júní 1990 falsað og notað í viðskiptum 11 tékka, samtals að fjárhæð 59.840

kr. Er tékkunum, notkun þeirra og atvikum að öðru leyti rétt lýst í ákæruskjali.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærða hafi með háttsemi sinni gerst sek um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún frá árinu 1980 hlotið samtals 13 dóma, aðallega fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik, og nemur samanlögð refsivist hennar nú þremur árum og tveimur mánuðum. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsettu 29. janúar sl., hefur ákærða afplánað að fullu eftirstöðvar refsinga sinna, en henni hafði 17. mars 1990 verið veitt reynslulausn, skilorðsbundið í tvö ár, á 150 daga eftirstöðvum refsingar.

Eftirtaldir hafa gert skaðabótakröfur í málinu:

1. Nesti hf. 3.000 kr.
2. Söluturninn Í leiðinni, Hafnarstræti 20, 4.500 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 21.6. '90 til greiðsludags.
3. Bifreiðastöð Íslands hf. 2.040 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 22.6. '90 til greiðsludags.
4. Skóverslun Reykjavíkur, Laugavegi 95, 5.200 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 22.6. '90 til greiðsludags.
5. Skæði, Laugavegi 74, 5.400 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 23.6. '90 til greiðsludags.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ákærða greitt allar ofangreindar kröfur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 308/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hilmari Óskarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hylming. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí sl. Aðrir ákærðu una dómi. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er krafist lækkunar refsingar og að refsingin verði skilorðsbundin.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu til refsiákvæða. Skaðabótaákvæði dómsins er ekki til endurskoðunar í Hæstarétti.

Í héraðsdómi er talið, að ákærði hafi með broti í máli þessu rofið skilorð dóms frá 8. febrúar 1990, og honum því gerð refsing í einu lagi fyrir brot samkvæmt þeim dómi og það brot, sem hér er til meðferðar. Fram er komið, að dómur sá, er hér er um getið, var ekki birtur ákærða fyrr en 20. febrúar 1990, en samkvæmt kvittun, sem frammi liggur í málinu, selur ákærði myndbandstækið deginum áður. Önnur gögn málsins skera ekki úr um, hvenær brot ákærða var framið, en svo virðist sem það hafi gerst á tímabilinu 12. til 19. febrúar 1990. Ósannað er því, að ákærði hafi með broti í þessu máli rofið skilorð dómsins frá 8. febrúar 1990. Verður ákærða því ekki gerð refsing í einu lagi fyrir brot samkvæmt þeim dómi og fyrir brot þessa máls. Aftur á móti ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem hegningarauka við refsingu þess dóms. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi einn mánuð, og er hún skilorðsbundin á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Óskarsson, sæti fangelsi einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 313-316 1991: Ákæruvaldið gegn X, Y, Hilmari Óskarssyni og Z, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. apríl sl., gegn „X [...], Y [...], Hilmari Óskarssyni, Rjúpufelli 31, fæddum 20. desember 1970, fæðingarnúmer 588, öllum til heimilis í Reykjavík, og Z [...], fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1990:

— — —

II. Ákærða Hilmari er gefin að sök hylming með því að hafa í framhaldi af ofangreindum þjófnaði keypt myndbandstækið af ákærða Y, þrátt fyrir það að hann vissi, hvernig ákærði Y var að tækinu kominn.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Aðfaranótt mánudagsins 12. febrúar 1990 brutust ákærðu X, Y og Z

inn í myndbandaleiguna Myndver hf., Rangárseli 8 hér í borg, með því að spenna upp opnanlegan glugga á jarðhæð. Þarna slógu þeir eign sinni á myndbandstæki, myndbandsspólu og peninga. Ákærði Y tók 2.500 kr. í mynt úr pokum í skúffu og fékk í sinn hlut. Ákærði Z ber, að þeir hafi stolið þarna um 10.000 krónum í peningum, en kveðst ekkert hafa fengið í sinn hlut. Þá hefur ákærði X borið, að hann hafi stolið þarna um 5.000-7.000 krónum í peningum, en sér hafi ekki verið kunnugt um, að Y stal einnig peningum. Í framhaldi af innbrotinu seldi Y ákærða Hilmari myndbandstækið fyrir 10.000 krónur, og var hinum síðarnefnda kunnugt um, að ákærðu höfðu stolið því. Hilmar seldi tækið á 11.000 kr. í Skeifunni, húsgagnamiðlun hf. Það hefur ekki komist til skila.

Með játningu ákærðu, X, Y, Z og Hilmars, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er að sök gefin í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Sakaferill ákærðu:

— — —

Ákærða Hilmars:

Árið 1988 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár fyrir skjalafals og þjófnað. Þá gekkst hann undir dómsátt árið 1989 vegna brots gegn 21. gr. áfengislaga með greiðslu 10.000 króna sektar. Hinn 8. febrúar 1990 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, vegna þjófnaðar.

Viðurlög.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Hilmar rofið skilorð dómsins frá 8. febrúar 1990. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í þeim dómi, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Loks eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt allan sakarkostnað.

— — — Dómsorð:

Ákærði Hilmar Óskarsson sæti þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 451/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Heiðari Þór Guðmundssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1991. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu, en að refsing verði þyngd og fremur ákveðin sem varðhald en fésekt.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu sektarrefsingar, er lög leyfa.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða.

Við refsiákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 4. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 4. september, er í sakadómi Grindavíkur af Sigurði H. Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var samdægurs, á grundvelli ákæru ríkissaksóknara, dags. 3. júlí 1991, á hendur Heiðari Þór Guðmundssyni, Víkurbraut 52, Grindavík, fæddum 13. júlí 1958, fæðingarnúmer 649, ,,fyrir að aka föstudaginn 26. apríl 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-29691 frá Grindavík áleiðis til Reykjavíkur og á þeirri leið norður Grindavíkurveg með allt að 102 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á Gígháeð, en skammt þaðan stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Föstudaginn 26. apríl kl. 15.25 voru þeir Hrafn V. Ásgeirsson lögreglumaður og Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri í eftirliti á lögreglubifreiðinni KS-628 og óku suður Grindavíkurveg á Gígháeð. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni R-29691, sem kom á móti þeim. Ratsjá í lögreglubifreiðinni benti til, að bifreiðinni R-29691 væri ekið með 102 km hraða miðað við klst., en leyfður hámarkshraði á þessum vegarkafla er 90 km miðað við klst. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar skömmu síðar. Aðspurður af lögreglu kvaðst ökumaður, ákærði í máli þessu, hafa gleymt ökuskírteini heima, en hafa ökuréttindi, útgefin í Keflavík. Við nánari skýrslutöku hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að vera sviptur ökuréttindum frá árinu 1981 ævilangt, eins og í ákæru greinir. Aðspurður af lögreglu um hraðann, sem ákærði er talinn hafa ekið á, kvaðst ákærði hafa litið á hraðamælinn, og hefði hann þá sýnt u.þ.b. 95 km miðað við klst. Nánar aðspurður af lögreglu um akstur sinn kvaðst ákærði hafa sótt vinnu til Reykjavíkur og þess vegna þurft að aka þangað reglulega. Hann hefði svo bara beðið eftir að verða stöðvaður af lögreglu. Hann kvaðst þó ekki gera ,,þetta að vana sínum að aka sviptur".

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var við umrædda ratsjármælingu notuð ratsjá nr. 5, og hafði hún verið prófuð fyrir mælingu kl. 9.30 og eftir mælingu kl. 15.30 og reyndist þá vera í lagi. Aðstæður, þegar mæling fór fram, voru: bjart, skýjað, rigning, rok og vegur blautur.

Ákærði kom fyrir dóm í dag, 4. september, og skýrði sjálfstætt aðspurður frá málavöxtum á sama veg og við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. apríl 1991.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum: [Sakavottorð tilgreinir þrjá refsidóma fyrir umferðarlagabrot og níu dómsáttir, þar af sjö fyrir umferðarlagabrot.]

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu og stutt öðrum gögnum þykir fullsannað, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Brot ákærða telst rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali. Refsing skv. 100. gr. laga nr. 50, 1987, þykir hæfilega ákveðin 60.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, greiði sekt, 60.000 kr., í ríkissjóð, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 20 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. desember 1991.

Nr. 488/1991. **Óttar Yngvason**
og Páll G. Jónsson
gegn
dánarbúi Þórönnu Guðmundsdóttur o.fl.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember sl. með vísan til heimildar í d-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 15. s.m. Hefur Pétur Kristinsson, fulltrúi sýslumanns, kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir aukadómþing Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að taka málið til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, höfðaði sóknaraðili mál þetta til ógildingar á undirmatsgerð samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Var málið dómtekið á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. október sl. og kveðinn upp úrskurður í því.

Mál þetta var höfðað sem almennt einkamál í héraði. Bar því héraðsdómara að ljúka því með dómi. Uppkvaðning úrskurðar í málinu í stað dóms leiðir óhjákvæmilega til þess, að ómerkja verður úrskurðinn ex officio og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings, dómtöku og dómsálagningar.

Hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til munnlegs flutnings, dómtöku og dómsálagningar.

Úrskurður aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 15. nóvember 1991.

Upphaflegir stefnendur voru Thor R. Thors, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Richard Thors, Chicago, Bandaríkjunum, Þórður Thors, Langholtsvegi 118, Reykjavík, Unnur Thors Briem, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, og Jóna Íris Thors, Gautaborg, Svíþjóð. Við fyrirtöku málsins 27. september 1988 tóku þeir Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, við aðild málsins sóknar megin.

Stefndu eru Ásgeir Pétursson, skiptaráðandi í Kópavogi, f.h. dánarbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Haukur Sveinbjörnsson bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísli Sigurgeirsson og Sigurgeir Gíslason bændur, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurður Helgason bóndi, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einar Hallsson, Ragnar Hallsson og Sveinbjörn Hallsson bændur, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einar einnig vegna jarðarinnar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Halldórsson bóndi, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Albertsson, Heggstöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Heggstaða og Magnús Guðjónsson, Hrútsholti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi, vegna félagsins. Við fyrirtöku málsins 28. október 1991 kom fram, að við aðild málsins f.h. Þórönnu Guðmundsdóttur hefur tekið dánar- og félagsbú Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar.

— — —

Dómkröfur stefnenda eru, „að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár", gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970". Stefnendur krefjast einnig málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að kröfum stefnenda verði hafnað. Einnig gera stefndu kröfu um málskostnað in solidum úr hendi stefnenda skv. gjaldskrá lögmanna.

— — —

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár", gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Stefnendur, Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, greiði stefndu, Ásgeiri Péturssyni, skiptaráðanda í Kópavogi, f.h. dánar- og félagsbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar, Hauki Sveinbjörnssyni bónda, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísla Sigurgeirssyni og Sigurgeiri Gíslasyni bændum, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurði Helgasyni bónda, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einari Hallssyni, Ragnari Hallssyni og Sveinbirni Hallssyni bændum, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einari einnig vegna jarðarinnar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Halldórssyni bónda, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Albertssyni, Heggstöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Heggstaða og Magnúsi Guðjónssyni, Hrútsholti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi, vegna félagsins, 200.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför.

Föstudaginn 13. desember 1991.

Nr. 172/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Franklín Friðleifssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Franklín Friðleifsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. mars 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 12. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/1991: Ákæruvaldið gegn Franklín Friðleifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. febrúar sl., á hendur ákærða, Franklín Friðleifssyni, Hátúni 6, Reykjavík, fæddum 8. janúar 1945, fæðingarnúmer 233, „fyrir skjalafals með því að hafa árin 1988-1990 þrívegis notað í viðskiptum fölsuð skuldabréf, en á þau öll hafði

ákærði falsað nafn Halldóru K. Eyjólfsdóttur sem sjálfsskuldarábyrgðaraðila, og verður skuldabréfunum lýst hér á eftir og notkun þeirra. Þau eru öll með jöfnum mánaðarlegum afborgunum:

1. Nr. 605320, út gefið 28. apríl 1989 af eiginkonu ákærða, Guðrúnu A. Sigurgeirsdóttur, til Alþýðubankans hf., að fjárhæð 410.000 kr., með 26 afborgunum, hinni fyrstu 17. september 1989. Notað til greiðslu á öðrum skuldabréfum ákærða og eiginkonu hans í bankanum.

2. Nr. 004765, út gefið 1. mars 1990 af Gunnari Magnússyni til Jöfurs hf., að fjárhæð 329.000 kr., með 14 afborgunum, hinni fyrstu 2. apríl 1990. Notað í bifreiðaviðskiptum, er ákærði keypti bíl af Jöfri hf. á nafni útgefanda bréfsins.

3. Nr. 520268, út gefið 7. október 1988 af Guðrúnu A. Sigurgeirsdóttur til SÍS, að fjárhæð 149.900 kr., með 18 afborgunum, hinni fyrstu 7. nóvember 1988. Notað til kaupa á hurðum í íbúð þeirra hjóna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu. Hér fyrir dómi hefur hann viðurkennt ákæruefnin rétt, eins og rakið verður og þá fylgt kaflaskiptingu í ákærunni.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn móður sinnar, Halldóru K. Eyjólfsdóttur, sem sjálfsskuldarábyrgðarmanns á skuldabréfið, sem er rétt lýst í þessum ákærulið. Bréfið hafi hann afhent þáverandi eiginkonu sinni, Guðrúnu Austmar Sigurgeirsdóttur, er hafi afhent það Alþýðubankanum. Hún hafi vitað um fölsunina. Þessu hefur Guðrún neitað, bæði við lögregluyfirheyrslu og síðar fyrir dómi. Fyrir dómi kannaðist hún við að hafa gefið bréfið út, og hafi hún afhent það ákærða, er hafi fengið móður sína til að ábyrgjast það og afhent það síðan Alþýðubankanum.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nafn móður sinnar á skuldabréfið, sem rétt er lýst í þessum ákærulið. Hann kvaðst hafa rætt um það við hana fyrir fram, að hún yrði á skuldabréfinu, en ekki fengið samþykki hennar til að rita nafn hennar á þetta tiltekna bréf. Hann kvaðst hafa afhent Jöfri hf. bréfið sem greiðslu fyrir bifreið. Nokkru síðar hafi bréfið gengið til banka og annað verið afhent í staðinn, og hafi móðir sín sjálf ábyrgst það. Þá hafi bifreiðin verið færð yfir á hennar nafn.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn móður sinnar á skuldabréfið, sem rétt er lýst í þessum ákærulið. Hann hafi afhent það þáverandi eiginkonu sinni, áðurgreindri Guðrúnu Austmar, er hafi vitað um fölsunina. Hún hafi notað bréfið í viðskiptum við byggingavörudeild Sambands-

ins. Fyrir dómi hefur Guðrún Austmar neitað því að hafa vitað um fölsunina, en vildi ekki þvertaka fyrir að hafa ásamt ákærða afhent byggingavörudeildinni bréfið sem greiðslu fyrir hurðir í íbúðarhús, er þau voru að byggja á þessum tíma.

Eins og nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, að hann hefur gerst sekur um skjalafals, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjali. Eru verknaðir ákærða rétt færðir til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvisvar sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir fjársvik. Árið 1984 var hann dæmdur í 30 daga varðhald, skilorðsbundið í tvö ár, og fjársekt fyrir tékkalagabrot.

Refsing ákærða nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Er hún hæfilega metin sjö mánaða fangelsi, en með hliðsjón af sakaferli hans er ákveðið, að fresta skuli fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ein bótakrafa er í málinu. Ólafur Axelsson hrl.krefst bóta vegna skuldabréfs, sem lýst er í 3. ákærulið, samtals 161.175 kr. Krafan er um höfuðstól, 141.050 kr., og áfallna dráttarvexti, 20.125 kr. Ákærði samþykkti kröfuna.

Frumrit skuldabréfsins fylgdi ekki gögnum málsins, og var lögmanninum skrifað og honum gerður kostur á að leggja það fram. Í svarbréfi lögmannsins kemur fram, að skuldabréfið hafi verið lagt fram á bæjarþingi Reykjavíkur, og hafi þar verið árituð áskorunarstefna vegna þess í maí sl. Með vísan til þessa verður kröfunni vísað frá dómi.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Friðleifsson, sæti fangelsi í sjö mánuði, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfu Ólafs Axelssonar hrl. er vísað frá dómi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1991.

Nr. 280/1989. **Dánarbú Ingvars Baldvinssonar**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Skarphéðinssyni
(Guðmundur Markússon hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur með stefnu 14. júlí 1989 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl s.á. í málinu nr. 18709/1988. Með stefnu 9. október 1989 hefur hann og áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór samkvæmt dóminum í fógetarétti Gullbringusýslu 10. júlí s.á. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefnda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi máls þessa var stefndi í héraði, Ingvar Baldvinsson, Vogum á Vatnsleysuströnd. Hann andaðist 25. nóvember 1989, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins hér fyrir dómi.

Bifreiðin Ö-1859, er stefndi keypti af Ingvari Baldvinssyni 13. nóvember 1986, skemmdist í höndum stefnda eftir skammvinna notkun, þegar vél hennar bræddi úr sér. Kveður stefndi þetta hafa gerst 26. sama mánaðar, en viðgerð á bifreiðinni lauk snemma í febrúar 1987. Stefndi hefur ekki stutt það gögnum, hvenær atvikið gerðist, en viðurkennt er, að hann kvartaði við seljanda fljótlega eftir umgetinn dag eða meðan á viðgerð stóð. Vélin bilaði aftur með svipuðum hætti skömmu eftir viðgerðina. Mat á henni fór fram, meðan hún var til viðgerðar vegna hinnar síðari bilunar. Áliti matsmanna um orsakir skemmdanna er lýst í hinum áfrýjaða dómi, en kostnað af viðgerð mátu þeir á 146.706 krónur.

Héraðsdómur í málinu var skipaður sérfróðum meðdómendum.

Ber að leggja til grundvallar þá niðurstöðu dómsins, sem studd er áliti matsmanna, að frumorsök að úrbræðslu vélarinnar megi rekja til breytingar, sem gerð hafði verið á olíupönnu í bifreiðinni og kallaði á aukið eftirlit með olíumagni. Við kaupin hafi stefnda ekki verið gert viðvart um þessa breytingu, og megi meta seljanda það til sakar vegna þekkingar hans á bifvélum. Samkvæmt þessu á stefndi rétt til skaðabóta úr hendi áfrýjanda, og má fallast á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð bótanna svo og um vexti af henni og upphafstíma þeirra. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti.

Engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, og ber einnig að staðfesta hana.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, dánarbú Ingvars Baldvinssonar, greiði stefnda, Jóni Skarphéðinssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með framlagningu skjala í dómi 14. júní sl.

Stefnandi er Jón Skarphéðinsson, Kringlu, Dalasýslu.

Stefndi er Ingvar Baldvinsson, Heiðargerði 17, Vogum.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 202.264 krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Samkvæmt afsali, dagsettu 13. nóvember 1986, keypti stefnandi bifreiðina Ö-1859, Chevrolet-Scottsdale, árgerð 1978, af stefnda fyrir 500.000 krónur, sem voru að fullu greiddar við undirritun afsals.

Í bifreiðinni var Bedford-dísilvél, og kveður stefnandi, að það hafi verið forsenda af sinni hálfu, að sú vél væri í lagi, enda hafi hann ætlað að nota bifreiðina til skólaaksturs vestur í Dölum.

Er hann hafði ekið bifreiðinni um 20 kílómetra frá heimili sínu að morgni 26. nóvember 1986, heyrði hann glamur í vél bifreiðarinnar. Reyndist vélin úrbrædd og var komið í viðgerð hjá Dalverki h/f, og þaðan var hún send á verkstæði Kistufells h/f í Reykjavík, sem er sérhæft verkstæði fyrir vélar. Er þetta gerðist, hafði stefnandi ekið bifreiðinni um 5-600 kílómetra, frá því að hann keypti hana. Vélin var gerð upp, og kostaði það verk 202.264 krónur að sögn stefnanda, og er það stefnufjárhæð málsins. Stefnandi hafði þá þegar samband við stefnda vegna þessa, og var rætt um, að stefndi tæki einhvern þátt í kostnaði stefnanda, en áður en frá því yrði gengið, bræddi vélin úr sér öðru sinni eftir um 1.000 kílómetra akstur frá viðgerð. Stefnandi bað síðan um dómkvaðningu matsmanna, og töldu þeir líklegustu orsök þess, að vélin var úrbrædd, að „stútur á olíudælu vélarinnar hafi verið styttur um 24 mm og olíupanna hækkuð upp að sama skapi beint undir olíudælunni". Matsmenn töldu, að þetta hefði í för með sér, að „stútur dælunnar næði ofan í olíuna..... rétt þann tíma, sem fullt olíumagn væri á vélinni," „og/eða bifreiðinni ekið um lárétta vegi".

Stefnandi sagði, að sér hefði ekki verið gerð grein fyrir því, að olíupönnu hefði verið breytt, og hann ekkert um það vitað fyrr en eftir matið. Hann hefði fylgst með olíuþrýstimæli, sem er í bifreiðinni, og ekki hafi komið fram á honum, að olíuþrýstingur væri of lítill. Hann hefði sjálfur skipt um olíu á vél bifreiðarinnar og ekki orðið var við neitt óvenjulegt.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að telja verði, að breyting sú, er gerð hafði verið á vélinni, sé galli, sem leitt hafi til þess, að hann varð fyrir tjóni, og beri sér skaðabætur úr hendi stefnda eða afsláttur, sbr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, sem nemi sömu fjárhæð og viðgerðarkostnaður.

Viðgerð hafi kostað 202.264 krónur, svo sem fram komi á reikningi Dalverks h/f frá 6. febrúar 1987. Þá er dráttarvaxta krafist frá því mánuði eftir dagsetningu reiknings, enda hafi stefnandi strax tilkynnt stefnda um tjónið.

Stefndi heldur því fram, að ósannað sé, að bifreiðin hafi verið gölluð, er kaupin gerðust, í þeim skilningi, að breytingarnar á vél hennar hafi verið ónothæfar. Fullyrðir stefndi, að olíukvarði hafi verið styttur til samræmis við breytingar og að breyttur kvarði hafi verið í bifreiðinni, er kaupin voru gerð.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kom í aðilaskýrslu stefnda hér fyrir dómi, að hann er vanur bifvélum og hefur rekið viðgerðaverkstæði, án þess þó að hann sé lærður bifvéla-

virki. Þá lýsti hann því, að hann hefði jafnan fylgst með því, er skipt var um olíu á bifreiðinni, er hann átti hana, og að hann hefði ekki séð þess merki, að olíupönnu hefði verið breytt. Lýsti hann því, að pannan hefði jafnan verið löðrandi í olíusmiti og skít og því hefði ekki verið hægt að sjá, að breyting hefði verið gerð á henni frá því, sem er á upprunalegum vélum af þeirri gerð, sem hér um ræðir.

Fram kemur í málinu, að lagi olíupönnu hafði verið breytt þannig, að hluta botns hennar hafði verið lyft, svo að henni yrði komið fyrir yfir framási. Telur dómurinn, að breyting þessi hafi ekki átt að geta dulist stefnda, sem er kunnugur vélum og sérstaklega breytingum sem þeim, er hér um ræðir. Mátti honum vera það ljóst, að breyting þessi gat leitt til skemmda á vél, svo sem í ljós kom, en dómurinn telur, að frumorsök úrbræðslunnar megi rekja til breytingarinnar. Bar stefnda að skýra stefnanda frá breytingunni við kaupin. Þetta gerði hann ekki, og verður að telja, að hann hafi með því leynt stefnanda því, að bifreið sú, er hann keypti, var ekki með þeim eiginleikum, sem hann mátti vænta. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur vegna tjóns stefnanda, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga fyrir viðgerðarkostnaði. Annars vegar er reikningur frá Dalverki h/f, að fjárhæð 202.264 krónur. Í þeim reikningi er gerð grein fyrir því, að viðgerð hjá Kistufelli h/f hafi kostað 144.653 krónur. Þá liggja frammi reikningar frá Kistufelli h/f, þar sem viðgerðar- og efniskostnaður þar er sundurliðaður. Af sundurliðun þessari kemur fram, að gert var við olíuverk vélar auk viðgerðar á vél vegna úrbræðslu. Stefnandi krefur í máli þessu einungis um bætur vegna úrbræðslu á vél bifreiðarinnar, og þegar tillit er tekið til þess, verða bætur til hans ákveðnar 165.499 krónur, sem stefnda ber að greiða honum skv. framansögðu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 85.000 krónur í málskostnað, þar með talinn matskostnaður og söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Finnboga Eyjólfssyni og Jan Jansen bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvar Baldvinsson, greiði stefnanda, Jóni Skarphéðinssyni, 165.499 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. mars 1987 til 14. apríl s.á., með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. september s.á., 42% dráttarvöxtum

á ári frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 14. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 85.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Gullbringusýslu 10. júlí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 10.7., var fógetaréttur Gullbringusýslu settur að Heiðargerði 17, Vogum, og haldinn af Ástu Magnúsdóttur. Fyrir var tekið fógetamálið nr. 1-148/1989: Jón Skarphéðinsson, kt. 050847-3849, gegn Ingvari Baldvinssyni, kt. 120155-2459.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Markússon hrl. v/Andra Árnasonar hdl. og leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, dóm bæjarþings, dags. 18.4 '89, í máli nr. 18079/1988 og krefst fjárnáms fyrir 165.499 kr. auk dráttarvaxta frá 6.3. '87, eins og greinir í dskj. nr. 2, 75.893 kr. í málskostnað, 2.207 kr. fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli er ekki mættur, en fyrir hann mætir Jóhanna Jóhannsdóttir, sambýliskona gerðarþola, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu gagnvart mættu. Fógeti skorar á mættu að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu gerir fógeti fjárnám í einbýlishúsi að Heiðargerði 17, Vogum.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt í bága við gjörð þessa að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Þannig fram farið.

Þriðjudaginn 17. desember 1991.

Nr. 32/1991. **Þorbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún María Berg** gegn **Trésmiðjunni Borg hf.**

Skuldabréf. Fyrning. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1991. Áfrýjendur gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þær verði sýknaðar af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Kröfu sína um, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, reisa áfrýjendur á því, að málið hafi verið stórlega vanreifað. Í stefnu hafi ekki verið gerð krafa um ákveðna vexti, heldur einungis um hæstu lögleyfðu dráttarvexti, og lýsingu skuldabréfs hafi verið áfátt. Telja þær, að þessi háttur sé brot á 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, auk þess sem slík kröfugerð eigi að leiða til frávísunar ex officio.

Af hálfu áfrýjenda var frávísunarkrafa gerð í héraði. Var henni hafnað með úrskurði 12. júní 1990, en vaxtakröfu stefnda fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 22. nóvember 1989 var vísað frá dómi ex officio. Þess er eigi getið í áfrýjunarstefnu, að úrskurði þessum sé áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 17. og 34. gr. laga nr. 75/1973. Verður framangreindri frávísunarkröfu því eigi sinnt. Ekki eru efni til að vísa máli þessu frá dómi ex officio, eins og það liggur fyrir Hæstarétti.

Máli þessu er ekki áfrýjað af hálfu aðalskuldara.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, tókust áfrýjendur á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuldabréfi, út gefnu af Daníelínu Jónu Bjarnadóttur 15. maí 1984 til handhafa. Stefndi byggir kröfu

sína á þessu bréfi. Skuldabréfið var að fjárhæð 250.000 krónur og skyldi endurgreiðast með 100 afborgunum á hálfs mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1984. Fyrsta greiðsla samkvæmt bréfinu barst 21. s.m., og stóð skuld samkvæmt bréfinu í 249.189,40 krónum eftir þá greiðslu. Síðan hefur ekkert verið greitt af bréfinu. Stefndi sendi áfrýjendum fyrsta innheimtubréf 25. júlí 1986, þar sem hann tilkynnti þeim, að skuld samkvæmt bréfinu væri fallin í gjalddaga. Stefna til héraðsdóms var birt 22. og 23. nóvember 1989 gagnvart áfrýjendum.

Áfrýjendur hafa ekki mótmælt höfuðstól kröfu stefnda.

Fyrningarfrestur á kröfu stefnda á hendur áfrýjendum er 4 ár samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vanefnd aðalskuldara skapaði stefnda rétt til að ganga að áfrýjendum, áður en allir gjalddagar skuldabréfsins væru liðnir. Fyrningarfrestur þeirrar kröfu telst ekki fyrr en frá þeim tíma, er hann tilkynnti, að hann hygðist notfæra sér þann rétt, sbr. 2. mgr. 5. gr. fyrningarlaga. Krafa stefnda á hendur áfrýjendum var því ekki fyrnd, er hann stefndi henni til héraðsdóms. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en upphafstíma vaxta samkvæmt dóminum er ekki sérstaklega mótmælt.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 26. nóvember 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. nóvember sl., er höfðað með áskorunarstefnu, birtri 22. og 27. nóvember 1989. Stefnandi er Borg hf., kt. 470169-4789, Ketilsbraut 7, Húsavík. Stefndu eru Daníelína Jóna Bjarnadóttir, kt. 220753-3019, Norðurbyggð 18 A, Þorlákshöfn, Þorbjörg Jóhannsdóttir, kt. 141055-2089, Hrísateigi 1, Reykjahreppi, og Guðrún María Berg, kt. 121255-7589, Vegghömrum 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdar til að greiða stefnanda skuld, að upphæð 249.189,40 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af stefnufjárhæð frá 1/7 1984. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1/7 1985. Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar in solidum að mati réttar-

ins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndu Þorbjörg og Guðrún María hafa látið sækja þing og skilað greinargerðum, og var hinn 17. janúar 1990 málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Þessar stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Af hálfu stefndu Daníelínu Jónu Bjarnadóttur hefur ekki verið sótt þing.

Með dómi, upp kveðnum 12. júní 1990, var vaxtakröfu stefnanda fyrir tímabilið 1/7 1984 til 22/11 1989 vísað frá dómi.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 15. maí 1984 af Daníelínu Jónu Bjarnadóttur til handhafa. Fjárhæð bréfsins er 250.000 kr. og skyldi greiðast með 100 afborgunum á hálfs mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1984. Bréfið er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 879, vextir 5% ársvextir. Stóð bréfið í 249.189,40 kr. hinn 15/6 samkvæmt áritun á það.

Þær Þorbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún María Berg hafa tekist á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuld þessari með áritun á bréfið. Sýknukrafa stefndu Þorbjargar og Guðrúnar Maríu er á því reist, að krafan á hendur þeim sé fyrnd, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 2. mgr. 5. gr. s. l., þar sem umstefnd ábyrgðarskuldbinding hafi verið gjaldfelld í júnímánuði 1984.

Stefnandi mótmælir því, að skuldabréfið hafi verið gjaldfellt í júní 1984, og segir, að fyrningarfrestur hafi verið rofinn með sendingu innheimtubréfa í ábyrgðarpósti til stefndu, síðast 31. mars 1989.

Álit dómsins.

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf það, sem hann reisir kröfur sínar á.

Telja verður, þar sem skuldabréfið er handhafabréf, að vitja eigi greiðslu afborgana og vaxta til skuldunauta. Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnandi hafi gjaldfellt bréfið, fyrr en hann ritaði stefndu kröfubréf 25. júlí 1986, sbr. dskj. nr. 6 og 7, sem hafði að geyma greiðsluáskorun og gjaldfellingu. Samkvæmt þessu telst krafa þessi á hendur stefndu Þorbjörgu og Guðrúnu Maríu ekki hafa verið fyrnd, er mál þetta var höfðað.

Eins og áður er getið, hefur ekki verið sótt þing af hálfu stefndu Daníelínu Jónu Bjarnadóttur, og verður því mál þetta dæmt gagnvart henni samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessari stefndu teknar til greina með tilliti til breytingar vaxtakröfu samkvæmt áðurgreindum frávísunardómi.

Verður því niðurstaða málsins sú að dæma stefndu til að greiða stefnanda

249.189,40 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 22. nóvember 1989 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 20.000 kr.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Daníelína Jóna Bjarnadóttir, Þorbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún María Berg, greiði in solidum stefnanda, Borg hf., 249.189,40 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. nóvember 1989 til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. nóvember 1990. Stefndu greiði stefnanda 20.000 kr. í málskostnað. Vextir af málskostnaði reiknast frá 15. degi frá uppsögu dóms þessa samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. desember 1991.

Nr. 425/1989. **Osta- og smjörsalan sf.**
(Hreinn Loftsson hdl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Reynir Karlsson hdl.).

Tékkar. Bankastofnanir. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu hinn 26. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 2.670.907,90 krónur með 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 3. nóvember sama ár og ársvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 19. september 1989, í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi höfðaði áskorunarmál á hendur áfrýjanda til heimtu skuldar samkvæmt þeim tveimur tékkum, sem þetta mál er risið af. Það mál var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 13. september 1988. Hinn 19. sama mánaðar greiddi lögmaður áfrýjanda stefnda höfuðstól tékkanna með fyrirvara um greiðsluskyldu og áskilnaði um endurkröfu í dómsmáli. Í framhaldi þessa uppgjörs var framangreint bæjarþingsmál hafið 27. september 1988.

Áfrýjandi reisir málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því, að eftir innlausn sína á umræddum tékkum hafi stefndi ekki verið tékkhafi í skilningi laga um tékka nr. 94/1933. Fyrra málið hafi því ekki verið tékkamál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í öðru lagi hafi stefndi ekki gert áfrýjanda grein fyrir innstæðuleysi tékkanna í samræmi við ákvæði tékkalaga um fresti. Í þriðja lagi hafi Kristján Snorrason, fulltrúi stefnda, gefið

þá yfirlýsingu 17. febrúar 1988 að höfðu samráði við bankastjóra, að tékkarnir væru eða yrðu í lagi. Með þessu hafi stefndi í reynd viðurkennt tékkana. Verði ekki á framangreindar málsástæður fallist, er því haldið fram í fjórða lagi, að stefndi hafi fyrirgert með tómlæti öllum rétti á hendur áfrýjanda vegna tékkanna.

Hinir umræddu tékkar voru ekki endursendir í skilningi tékkalaga, þegar í ljós kom við meðferð þeirra í greiðslujöfnunarstöð, að þeir voru innstæðulausir. Ósannað er, að áfrýjandi hafi fengið örugga vitneskju um innstæðuleysi tékkanna fyrr en í byrjun júní 1988, um það bil fjórum mánuðum eftir sýningu þeirra. Þá endursendi stefndi innlausnarbankanum ekki hina umræddu tékka samkvæmt heimild í reglum samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti frá árinu 1983. Samkvæmt þessu verður að meta það svo, að stefndi hafi innleyst tékkana.

Stefndi lokaði ekki tékkareikningi verslunarinnar Víðis sf. fyrr en 22. mars 1988, rúmum mánuði eftir innlausn síðari tékkans. Fram að þeim tíma var reikningurinn undir forræði reikningshafans, sbr. dóm Hæstaréttar 17. apríl 1991 í máli nr. 336/1989.

Verslunin Víðir sf. var tekin til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1988. Stefndi lýsti kröfu í búið vegna umræddra tékka, og er ekki annað í ljós leitt en sú krafa hafi verið eigin krafa hans.

Samkvæmt framansögðu átti stefndi ekki lögvarða kröfu á hendur áfrýjanda vegna margnefndra tékka, er fyrrnefnt mál var höfðað.

Með vísan til þess í heild, sem að framan er rakið, ber að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda kröfufjárhæð málsins með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en í málinu er ekki ágreiningur um fjárhæðir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 250.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, greiði áfrýjanda, Osta- og smjörsölunni sf., 2.670.907,90 krónur með 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% ársvöxt-

um frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 3. sama mánaðar og ársvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 19. september 1989.

Stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Osta- og smjörsölunni sf., kt. 500269-0149, Bitruhálsi 2, Reykjavík, á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.670.907,90 kr.,ásamt 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 19. september 1989, allt í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðarreikning, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að matvöruverslunin Víðir sf., Mjóddinni, hafi greitt stefnanda vegna vörukaupa með tveimur ávísunum, svohljóðandi:

Ávísun að fjárhæð 1.300.000 kr., út gefin 10. febrúar 1988 af Matthíasi Sigurðssyni f. h. Víðis til Osta- og smjörsölunnar sf. Tékkinn hafi verið á eyðublaði nr. 3800122 til greiðslu af tékkareikningi nr. 878 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Þennan tékka hafi Osta- og smjörsalan sf. framselt 15. febrúar s. á. til Samvinnubankans, aðalbanka. Tékki þessi hafi síðan reynst innstæðulaus við sýningu í reikningsbanka á innlausnardegi.

Tékki að fjárhæð 1.370.907,90 kr., út gefinn 16. febrúar 1988 af

Matthíasi Sigurðssyni f. h. Víðis til Osta- og smjörsölunnar sf. Tékkinn hafi verið á eyðublaði nr. 3800121 til greiðslu af tékkareikningi nr. 878 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Þennan tékka hafi Osta- og smjörsalan sf. framselt og innleyst í Samvinnubankanum, aðalbanka, 16. febrúar 1988. Tékki þessi hafi einnig reynst innstæðulaus við sýningu í reikningsbanka á innlausnardegi.

Vegna fyrri reynslu stefnanda af versluninni Víði sf. hafi verið fylgst með innstæðum þessara tveggja ávísana af þeirra (sic) hálfu við reikningsbankann, og hafi í þeim efnum verið haft samband við gjaldkera í þeim banka. Á meðan ekki hafi verið gefið grænt ljós á (sic) þessar tvær ávísanir, hafi verið lokað fyrir frekari reikningsviðskipti Víðis sf. við stefnanda. Hinn 17. febrúar 1988 hafi Kristján Snorrason, fulltrúi hjá stefnda, upplýst stefnanda um, að ávísanir þessar myndu verða í lagi. Hafi í framhaldi af þeim upplýsingum verið opnað fyrir viðskipti Víðis sf. að nýju.

Í byrjun júní sama ár hafi áðurnefndur Kristján Snorrason haft samband við stefnanda og tilkynnt honum, að ofangreindir tékkar væru innstæðulausir, og jafnframt, að stefndi myndi krefja stefnanda um andvirði þeirra. Á öllum þeim tíma, sem liðinn hafi verið, frá því að stefnandi var upplýstur um, að ávísanirnar væru í lagi, hafi aldrei borist nein tilkynning, hvorki bréflega né munnlega, frá stefnda um innstæðuleysi nefndra ávísana. Á því tímabili hafi útgefandi ávísananna verið úrskurðaður gjaldþrota. Í viðræðum við stefnda um þetta mál hafi stefnandi ekki talið sér skylt að greiða, en því hafi verið svarað með stefnu frá stefnanda, út gefinni 4. ágúst 1988, þar sem stefndi krafði stefnanda um greiðslu á báðum tékkunum. Rætt hafi verið við stefnda um að fá þá að koma að vörnum í þessu tékkamáli, en því hafi verið hafnað. Hafi því verið brugðið á það ráð að greiða nefnda skuld, og 19. september 1988 hafi hún verið greidd, þ.e. 2.670.907,90 kr., sem nemur stefnufjárhæð. Hafi það verið greitt með fyrirvara um greiðsluskyldu, og jafnframt hafi verið settur fram áskilnaður um að endurkrefja fjárhæð þessa í dómsmáli.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Á því sé byggt, að stefndi hafi ekki átt lögmæta kröfu á hendur stefnanda, og því beri honum að endurgreiða það fé, sem honum var greitt. Stefndi hafi aldrei verið tékkhafi í skilningi tékkalaga nr. 94/1933. Tékki sé greiðsluskjal, en ekki lánsskjal. Eftir að tékki hafi verið innleystur af greiðslubanka, sem hafi verið stefndi í þessu tilviki, eigi umferð tékkans að vera lokið. Sé það beinlínis tekið fram í 3. mgr. 15. gr. tékkalaga, að framsal frá greiðslubanka sé ógilt. Jafnframt í 5. mgr. sömu greinar sé tekið fram, að framsal til greiðslubanka sé einungis gilt sem kvittun. Greiðslubankinn, þ.e. stefndi, sé því ekki tékkhafi í skilningi tékkalaga. Hann hafi

því ekki átt lögvarinn rétt á hendur stefnanda skv. 40. og 44. gr. tékkalaga til þess að krefja um fullnustu umræddra tékka. Samkvæmt ofansögðu hafi stefndi engan rétt átt samkvæmt umræddum tékkum á hendur stefnanda. Stefnandi hafi greitt, þar sem hann taldi sér það þá skylt vegna sérreglna um tékkamál, en jafnframt hafi verið greitt með fyrirvara um, að sama fjárhæð yrði endurkrafin í dómsmáli. Með tilvísun til ofanritaðs verði að telja stefnda skylt að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð, sem að framan greinir.

Þá sé einnig á því byggt, verði ekki fallist á framangreind lagarök, að réttur stefnda á hendur stefnanda hafi fallið niður á grundvelli tómlætis. Það tómlæti stefnda að upplýsa stefnanda ekki um innstæðuleysi tékkanna hljóti að leiða til réttarmissis hans á hendur stefnanda. Í þeim efnum sé vísað til réttarverkana tómlætis innan kröfuréttarins.

Í þriðja lagi sé á því byggt, að með yfirlýsingu Kristjáns Snorrasonar, fulltrúa stefnda, 17. febrúar 1988 til stefnanda um það, að ávísanirnar væru í lagi, hafi bankinn fallið frá frekari kröfum á hendur stefnanda. Jafnframt verði hún ekki skilin öðruvísi en svo, að ávísanirnar hafi verið í lagi og þar með allur réttur samkvæmt nefndum tékkum fallið niður.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavexti horfa þannig við sér, að bæði fyrir og eftir innlausn tékkanna hafi starfsmenn stefnda fengið upphringingar frá stefnanda, þar sem spurst hafi verið fyrir um innstæðu fyrir tékkunum. Aldrei hafi af hálfu stefnda verið staðfest, að lagt hefði verið inn fyrir þeim.

Síðan svonefnd „skjallaus greiðsluskipti" voru tekin upp á milli bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu 10. júní 1987, geti greiðslubanki almennt ekki vitað, hverjir séu framseljendur á innstæðulausum tékka aðrir en innlausnarbanki, þar sem tékkinn liggi hjá honum. Þegar liðnir séu fimm dagar frá innlausn instæðulauss tékka, skrifi Reiknistofa bankanna, þ.e. greiðslujöfnunarstöð, út tilkynningar til framseljanda. Fái innlausnarbanki þær að morgni sjötta dags og geti fyllt út nafn og heimilisfang framseljanda og sent honum. Með þessum hætti sjái bankarnir og Reiknistofan um að fullnægja tilkynningarskyldu skv. 42. gr. l. tékkalaga. Reiknistofan sendi tilkynningu til innlausnarbankans fyrir reikningsbankann, sem þá sé tékkhafi. Innlausnarbankanum, sem geymi tékkann, beri síðan að senda hana áfram til framseljanda.

Samkvæmt þessu geri stefndi ráð fyrir því, að Samvinnubanki Íslands hf., aðalbanki, hafi sent stefnanda slíka tilkynningu um innstæðuleysi hinn 16.2. 1988 varðandi fyrri tékkann og 21.2. 1988 varðandi hinn síðari.

Af eftirgrennslunum stefnanda símleiðis hafi og verið ljóst, að honum væri fullkunnugt um, að tékkarnir væru innstæðulausir.

Innheimtuaðgerðir af hálfu stefnanda gagnvart Víði sf. hafi ekki borið árangur, og hafi bú félagsins og eiganda þess verið tekið til gjaldþrotaskipta 22.4 1988. Tékkakröfunni hafi í framhaldi af því verið lýst í bú þess. Sú krafa hafi jafnframt verið gerð á hendur stefnanda í máli þessu, að hann leysti tékkana til sín, þar sem hann hefði tekist á hendur ábyrgð á þeim með framsali sínu. Hafi Stefán Pálsson, bankastjóri stefnda, tvívegis rætt við Óskar H. Gunnarsson, framkvæmdastjóra stefnda, um þetta og gert honum það tilboð, að stefnandi myndi ljúka málinu með greiðslu á höfuðstól tékkanna. Þetta hafi dregist, og hafi stefndi að lokum séð sig knúinn til þess að höfða mál til innheimtu þeirra með útgáfu stefnu 4.8. 1988. Hafi það mál verið þingfest 13.9. 1988, en síðar hafið, þar sem lögmaður stefnanda í máli þessu hafi komið á skrifstofu lögfræðings stefnda 19.9. 1988 og gert kröfuna upp í samræmi við fyrra tilboð bankastjórans. Auk þess sem fallið hafi verið frá dráttarvöxtum, hafi hvor aðili fyrir sig borið sinn kostnað af dómsmálinu. Þegar lögmaður stefnanda greiddi tékkaskuldina, hafi hann ritað fyrirvara á kvittun þá, sem lögfræðingur stefnda afhenti honum.

Málsástæður stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirtöldum málsástæðum:

Að með greiðslu 19.9. 1988, sem barst frá lögmanni stefnanda, hafi þeim ágreiningi verið lokið, sem dæma hefði mátt um í því máli, sem stefndi höfðaði með útgáfu stefnu 4. ágúst 1988. Þrátt fyrir það að stefnandi hafi ritað fyrirvara á kvittun þá, sem honum var afhent fyrir greiðslunni, geti það ekki veitt honum rétt til þess að skipta um skoðun varðandi réttarstöðu sína gagnvart stefnda.

Sérstaklega sé á það bent af hálfu stefnda, að greiðsla stefnanda 19.9. 1988 hafi verið gerð á grundvelli þess, að hann gekk að því tilboði bankastjóra stefnda, að hann fengi að greiða höfuðstól tékkafjárhæðanna án allra dráttarvaxta, auk þess sem stefndi féll frá innheimtuþóknun skv. gjaldskrá LMFÍ. Nú sé það hins vegar komið upp, að hann höfði mál til endurheimtu hinnar greiddu fjárhæðar á grundvelli málsástæðna, sem hann hefði allar getað borið fyrir sig sem varnir í tékkamáli því, sem stefndi höfðaði. Af greinargerð stefnanda virðist mega ráða, að hann hafi ekki gert ráð fyrir því, að varnir hans myndu halda í tékkamáli. Því hafi hann fallist á að greiða gegn lækkun af hálfu stefnanda. Nú hafi stefnandi hins vegar séð sig um hönd, jafnvel þótt staðreyndir málsins hafi legið ljósar fyrir hinn 19.9. 1988 og séu nú óbreyttar. Því virðist sem breyttur skilningur hans á tékkalögunum valdi því, að hann vilji ekki lengur standa við ofangreind málalok.

Verði stefndi dæmdur til endurgreiðslu, valdi það honum miklum óþæg-

indum og röskun, þar sem um háa fjárhæð sé að ræða. Enginn aðili geti ætlast til þess að geta greitt kröfu með afslætti, jafnvel þótt með fyrirvara sé, og geta síðar gengið frá því samkomulagi, sem í slíku felist, án þess að nokkrar nýjar staðreyndir liggi fyrir, sem breyti réttarstöðu aðilanna. Eigi þetta sérstaklega við um það ágreiningsefni, sem hér liggi fyrir. Stefnandi sé stórt fyrirtæki með langa reynslu í viðskiptalífinu og hafi þar að auki haft lögmann til að gæta hagsmuna sinna, þegar greiðslan til bankans var innt af hendi. Það sé augljóslega óviðunandi frá almennu þjóðfélagslegu sjónarmiði og mjög íþyngjandi fyrir dómstólana, komist jafnvel slíkir aðilar upp með það að greiða kröfu gegn afslætti til að ljúka dómsmáli til þess eins að geta verið sóknar megin í nýju máli án þess að hafa nokkuð það nýtt fram að færa, sem ekki hefði komist að sem vörn í fyrra málinu.

Stefndi gerir athugasemd við þversögn í greinargerð stefnanda. Fyrst sé sagt í málavaxtalýsingu, að Kristján Snorrason, deildarstjóri í innlánadeild aðalbanka Búnaðarbankans, hafi upplýst stefnanda um, að ávísanirnar yrðu í lagi, sem geti aðeins þýtt, að hann hafi búist við, að reikningshafinn myndi leggja inn fyrir þeim. Á bls. 3 í stefnu reisi stefnandi hins vegar málsástæðu á því, að Kristján Snorrason hafi sagt, að ávísanirnar væru í lagi. Stefndi mótmælir eindregið þeirri rangtúlkun á málavöxtum, sem fram komi í rökstuðningi stefnanda, enda grundvallarmunur á því, hvernig sögnin „að vera" sé notuð við slíkar kringumstæður.

Fyrrnefndur starfsmaður stefnda hafi aðeins verið að veita upplýsingar um líkur á því, að reikningshafinn myndi leggja inn, en ekki að taka neina ábyrgð á, að hann myndi gera það. Slíkt felist ekki heldur í stöðuumboði hans, eins og starfsmönnum stefnanda megi vera fullkunnugt um.

Þá byggi stefndi á því, að réttur hans skv. tékkalögum á hendur stefnanda sem framseljanda á tveimur tékkum hafi, hvað sem öðru líði, verið til staðar, þegar málsókn hans á hendur stefnanda þessa máls féll niður vegna greiðslu hans á höfuðstól dómkrafnanna. Hvergi sé tekið fram í tékkalögum, að greiðslubankinn sé útilokaður frá því að geta innheimt tékka í tékkamáli. Íslenskt bankakerfi geri og ráð fyrir því, að hann geti komið fram sem slíkur, þegar tékki berist til hans frá öðrum banka um Reiknistofu bankanna. Við slíka „clearing", sem jafngildi sýningu, sbr. 31. gr. tékkalaga, verði greiðslubankinn ávallt tékkhafi, hvort sem innstæða sé til fyrir viðkomandi tékka eða ekki. Sérstaklega sé bent á, að það sé ávallt ljóst við „clearinguna" sjálfa, þ.e. að kvöldi innlausnardags, hvort innstæða sé eða ekki. Sé hún engin, sé tékkinn skuldfærður á svonefndan „færslureikning innstæðulausra tékka" í reikningsbankanum, sem í daglegu tali sé nefnur „FIT", en ekki á reikning útgefandans. Samkvæmt innbyrðis samningi viðskiptabankanna hafi greiðslubankinn tíu daga til að ákveða það, hvort hann skuldfæri tékkann til baka á innlausnarbankann

með einhliða færslu um Reiknistofu bankanna eða hvort hann innheimti hann sjálfur, eins og stefndi kaus að gera.

Verði að skýra þau ákvæði tékkalaganna, sem stefnandi vitni til í greinargerð sinni, með hliðsjón af 31. gr. Væri skilningur stefnanda lagður til grundvallar, hlyti það að leiða til þess, að tékkaréttur félli niður á öllum þeim tékkum, sem greiðslubankar fái frá öðrum bönkum, því að við „clearing" hafi þeir ekki möguleika til að neita því að greiða, ef innstæða sé ekki til staðar. Aðstæður séu því allt aðrar en þegar komið sé með tékkann sjálfan til reikningsbankans.

Þá sé skilningur stefnda á 3. mgr. 15. gr. tékkalaganna, þegar hún sé skýrð með hliðsjón af 31. gr. sömu laga, að hún eigi aðeins við, áður en sönnun greiðslufalls eigi sér stað, enda hafi framsal á tékka allt önnur réttaráhrif eftir það tímamark, sbr. 24. gr. sömu laga.

IV.

Niðurstaða.

Fyrirvari sá, sem stefnandi setti á greiðslukvittunina, er almenns eðlis og lýtur einungis að því, að stefnandi áskilur sér rétt til að höfða endurkröfumál á hendur stefnda, en ber ekki sérstaklega með sér, á hvaða forsendum.

Eftirfarandi málsástæður, sem stefnandi hefur uppi í máli þessu, þ.e. annars vegar, að stefndi hafi ekki verið tékkhafi að lögum, og hins vegar tómlæti stefnda við tilkynningu á greiðslufalli tékkanna, eru hvor tveggja atriði, sem hann mátti hafa uppi sem vörn í tékkamáli, þegar umrætt tékkamál var höfðað.

Þar sem framangreindur fyrirvari laut ekki sérstaklega að þessum málsástæðum og þar sem annað er ósannað, verður að líta svo á, að með greiðslunni hafi stefnandi fallist á greiðsluskyldu sína samkvæmt reglum tékkaréttar. Verður því ekki á það fallist, að hann geti nú haft uppi þær málsástæður, sem honum áttu vera fullkunnugar, þegar greiðslan fór fram, og hann gat borið fyrir sig þá.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að yfirlýsing Kristjáns Snorrasonar, fulltrúa stefnda, 17. febrúar 1988 um það, að ávísanirnar væru í lagi, leiði til þess, að þar með hafi bankinn fallið frá öllum frekari kröfum á hendur stefnanda. Jafnframt hafi allur réttur samkvæmt tékkunum fallið niður við yfirlýsinguna.

Kristján Snorrason gaf skýrslu fyrir dómi. Af framburði hans svo og öðrum gögnum málsins er ekki ljóst, hvort hann tjáði stefnanda, að umræddar ávísanir væru í lagi eða myndu verða í lagi, en hins vegar viðurkenndi hann að hafa gefið stefnanda yfirlýsingu á annan hvorn veginn.

Starfsmaður stefnanda, Karl Stefánsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að

fyrirspurn stefnanda um það, hvort ávísanirnar væru í lagi, hefði snúist um það, hvort óhætt væri að opna að nýju fyrir reikningsviðskipti við Víði sf., og hefði nefndum Kristjáni verið um það kunnugt.

Ekki verður á það fallist, að framangreind yfirlýsing deildarstjóra Búnaðarbankans, á hvorn veginn sem hún var, feli í sér, að þar með hafi bankinn tekið ábyrgð á hugsanlegum vanskilum tékkanna og afsalað sér þar með öllum kröfurétti á hendur stefnanda, kæmi til vanskila.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Osta- og smjörsölunnar sf., Bitruhálsi 2, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 19. desember 1991.

Nr. 132/1989. **Sveinbjörn J. Hjörleifsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Rögnvaldi Ingvasyni
(Jón Kr. Sólnes hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að skaðabætur til stefnda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Atvikum máls þessa er lýst í héraðsdómi eftir staðhæfingum málsaðila hvors um sig, og greinir þá á um nokkur atriði. Ljóst er þó, að áfrýjandi tók að sér að aka stefnda í Skagafjörð 3. október 1987 og fékk í staðinn nokkur afnot af bifreið hans. Þar sem báðir áttu nokkuð af hendi að láta, er eigi unnt að dæma mál þetta eftir 16. kapítula þjófabálks Jónsbókar, en ráða verður því til lykta með hliðsjón af reglum um leigu. Upplýsingar um slysið að kvöldi fyrrnefnds dags eru ófullkomnar, en þó nægilegar til að leiða í ljós, að áfrýjandi sýndi þá óvarkárni í akstri sínum áleiðis í Skagafjörð, að dæma ber hann til að greiða stefnda bætur eftir almennum skaðabótareglum. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, eins og í dómsorði segir. Er þá höfð hliðsjón af ferðakostnaði lögmanns stefnda, en ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Sveinbjörn J. Hjörleifsson, greiði stefnda, Rögnvaldi Ingvasyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. janúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., hefur Rögnvaldur Ingvason, nnr. 7450-1184, kt. 270767-5919, til heimilis að Þverá I, Skíðadal, Svarfaðardalshreppi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 3. mars 1988, á hendur Sveinbirni J. Hjörleifssyni, nnr. 8708-5600, kt. 291056-3269, til heimilis að Goðabraut 21, Dalvík.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 285.000 kr. með 43,2% ársvöxtum af 430.000 kr. frá 3. okt. 1987 til 1. nóv. s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. des. 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. jan. 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 10. febr. s.á., af 285.000 kr. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3. mars s.á., en með vöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25, 1987. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 2. október 1987 hafi orðið samkomulag með sér og stefnda um, að hinn síðarnefndi æki bifreið hins fyrrnefnda frá Dalvík að Laufskálarétt í Skagafirði, og hafi stefnandi verið farþegi í bifreiðinni. Þegar vestur var komið 3. október, hafi stefndi fengið bifreiðina lánaða til þess að fara til Akureyrar, en þar hafi hann átt að vera kominn til vinnu kl. 16.00 síðdegis. Áður en stefndi hafi lagt af stað til Akureyrar, hafi stefnandi og félagar hans tryggt sér far til baka til Dalvíkur með annarri bifreið, og hafi stefnandi þá þegar tilkynnt stefnda, að hann þyrfti ekki að sækja sig vestur. Stefndi hafi síðan farið á bifreiðinni til Akureyrar og ekki meira frést af honum, fyrr en hann hafi tilkynnt lögreglu á Akureyri, að hann hefði velt bifreiðinni á Þelamörk í Hörgárdal kl. 0.20 sunnudaginn 4. október 1987, og óskaði eftir, að bifreiðin yrði sótt þangað af kranabifreið, og hafi það verið gert.

Dómkvaddir hafi verið matsmenn til þess að skoða og meta verðmæti bifreiðarinnar: 1, fyrir tjón, 2, viðgerðarkostnað, 3, verðmæti eftir tjón, og 4, hæfilegar fébætur fyrir afnotamissi. Hinir dómkvöddu matsmenn hafi metið verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón 430.000 kr. og að viðgerðar-

kostnaður væri meiri en verðmæti fyrir tjón. Verðmæti bifreiðarinnar eftir tjón hafi þeir metið 100.000 kr. Stefnandi hafi selt flak bifreiðarinnar fyrir 145.000 kr. 18. janúar 1988, sem greiddar hafi verið þannig: með peningum 80.000 kr. og með víxli pr. 18. apríl 1988 65.000 kr. Séu þessar tölur reiknaðar til frádráttar bótakröfu. Lögmaður stefnanda hafi ritað stefnda kröfubréf 4. janúar 1988 og krafið hann um greiðslu á tjóni því, er hann olli á bifreiðinni A-11490, sem hann hafi haft að láni, þegar tjónið varð. Hafi krafan verið sett fram á grundvelli matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna. Þessu hafi stefndi ekki sinnt og hafi reyndar hafnað því skriflega með bréfi frá lögmanni sínum, dagsettu 14. janúar 1988. Byggir stefnandi kröfu sína á því, að stefndi hafi borið ábyrgð á bifreiðinni A-11490, sem hann hafi haft að láni á sína ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum.

Stefndi kveður málsatvik þau, að 3. október 1987 hafi stefnandi ætlað ásamt félaga sínum í Laufskálarétt í Skagafirði. Hafi þeir ætlað að neyta víns um daginn og fara á dansleik um kvöldið. Hafi þeir því fengið stefnda til þess að aka bifreið stefnanda fyrir sig. Stefndi hafi gert grein fyrir því, að hann þyrfti að vera kominn til vinnu á Akureyri kl. 16.00 þá um daginn, og þyrfti hann því að aka bifreið stefnanda til Akureyrar og ljúka þar störfum sínum, sem átti að vera lokið kl. 21.00 um kvöldið, en að því loknu gæti hann sótt stefnanda og félaga hans að Miðgarði í Skagafirði. Hafi aðilar orðið ásáttir um þetta. Stefndi hafi síðan ekið bifreiðinni 3. október að Laufskálarétt í Skagafirði, og hafi stefnandi og félagi hans neytt áfengis á leiðinni. Áfengisneysla stefnanda og félaga hans hafi haldið áfram í Laufskálarétt. Þegar komið var að því, að stefndi þyrfti að leggja af stað til Akureyrar til vinnu sinnar, hafi þeim talast svo til, honum og stefnanda, að stefndi myndi sækja stefnanda og félaga hans vestur þá um kvöldið, ef þeir hefðu ekki fengið far með öðrum, en þá myndu þeir gefa sig fram við stefnda við veitingahúsið Sjallann kl. 22.00 um kvöldið. Stefndi hafi beðið eftir stefnanda og félaga hans við Sjallann til kl. u.þ.b. 23.30 um kvöldið, en þá lagt af stað vestur til þess að sækja þá. Á leiðinni eða nánar tiltekið við Steðja á Þelamörk í Hörgárdal hafi svo illa viljað til, að stefndi hafi ekið bifreiðinni í lausamöl og misst hana út af veginum með þeim afleiðingum, að hún hafi stórskemmst.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki haft bifreiðina að láni, þegar óhappið varð, heldur hafi hann verið að reka erindi stefnanda, og hafi hann í einu og öllu farið eftir því, sem fyrir sig hafi verið lagt og til mátti af sér ætlast. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins beri stefndi því ekki ábyrgð á tjóninu.

Samkvæmt framburði beggja aðila og vitna hér fyrir dómi samdist svo um með aðilum, að stefndi skyldi aka bifreið stefnanda að Laufskálarétt

í Skagafirði í umrætt sinn með þeim skilmálum, að stefnandi lánaði stefnda bifreiðina til að komast til vinnu sinnar. Þegar tjónið varð á bifreiðinni, var stefndi með hana að láni í samræmi við framangreint samkomulag. Verður stefndi því talinn bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu, m.a. með vísan til 16. kafla þjófabálks Jónsbókar frá 1281. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð tjónsins og vexti, og verður stefndi því dæmdur til að greiða kröfu stefnanda að fullu. Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 70.000 kr.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn J. Hjörleifsson, greiði stefnanda, Rögnvaldi Ingasyni, 285.000 kr. ásamt 43,2% ársvöxtum af 430.000 kr. frá 3. okt. 1987 til 1. nóv. s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. jan. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 10. febr. s.á., af 285.000 kr. frá þ.d. til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3. mars s.á., en vöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og 70.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. desember 1991.

Nr. 510/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Katarínusi Grími Ingvasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m., sem barst Hæstarétti 23. þ.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Fallast má á það með héraðsdómara, að ætla megi, að varnaraðili haldi áfram afbrotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið. Ber því samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Úlfari Lúðvíkssyni fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Katarínusi Grími Ingvasyni, atvinnulausum og heimilislausum, en með lögheimili að Jórufelli 6, Reykjavík, kt. 130568-3359, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR hefur haft til meðferðar kæru frá Sparisjóði Kópavogs vegna skjalafals kærða, er hann fékk afhent tékkhefti á reikning móður sinnar, Þorbjargar Katarínusdóttur, með því að falsa umboð frá henni til sín um afhendingu tékkheftis og með notkun fjölda falsaðra tékka úr tékkheftinu. Þá hefur RLR haft til meðferðar kæru frá Birgi Gíslasyni, kt. 200736-4279, á hendur kærða vegna þjófnaðar á fatnaði og tékkhefti á Sparisjóð Mýra-

sýslu og notkun falsaðra tékka úr heftinu. Einnig liggur frammi kæra frá Hagstofu Íslands á hendur kærða vegna skjalafals og tilraunar til þess að fá út gefið nafnskírteini á nafni annars manns. Þá hefur hann verið kærður fyrir ökugjaldssvik með notkun á fölsuðum tékka á tékkhefti frá Sparisjóði Kirkjubóls- og Fellshreppa auk annars misferlis með ávísanir.

Við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi hefur kærði játað að hafa falsað umboð frá móður sinni til sín, svo að hann gæti leyst til sín tékkhefti á hennar nafni, jafnframt því að viðurkenna að hafa falsað fjölda tékka úr tékkheftinu. Kærði kvaðst saklaus af því að hafa stolið mittisúlpu og tékkhefti í eigu Birgis Gíslasonar, en viðurkennir á hinn bóginn að hafa falsað og notað í viðskiptum fjölda tékka úr hefti í eigu Birgis. Þá hefur hann viðurkennt að hafa lagt inn falsaða umsókn um nafnskírteini á Hagstofu Íslands í nafni Erlings Gígja. Þá hefur kærði viðurkennt að hafa framvísað fölsuðu umboði frá Álfheiði Magnúsdóttur í útibúi Landsbanka Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og þannig komist yfir tékkhefti á hennar nafni. Kvaðst kærði viðurkenna að hafa falsað þrjá tékka úr því hefti. Hafi hann greitt ökugjald leigubifreiðar, að fjárhæð um 550 kr., með einum þeirra, annan hafi hann notað við kaup á blómum, að fjárhæð 4.000 kr., og hinn þriðja, að fjárhæð 20.000 kr., kvaðst hann hafa framselt í Íslandsbanka við Kringluna, Reykjavík. Andvirðið hafi runnið til Hjálpræðishersins.

Brot kærða eru öll framin í desembermánuði.

Afbrotaferill kærða er nokkur, og má því til sönnunar nefna, að RLR hefur haft til meðferðar að undanförnu tíu mál á hendur kærða vegna hegningarlagabrota, sem nú hafa verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar. Um er að ræða þjófnaðar- og skjalafalsmál, og hefur kærði játað aðild sína að þeim hjá RLR.

Hinn 12. september sl. var kærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Brot kærða voru framin í mars 1991.

Upplýst er, að kærði stundar ekki launaða vinnu og hefur ekki fastan dvalarstað. Níu af þeim tíu málum, sem send hafa verið ríkissaksóknara, eru vegna brota, sem framin eru á árinu. Af framansögðu er ljóst, að afbrotaferill kærða er samfelldur, og verður hann að teljast síbrotamaður, sem hefur ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því ljóst, að veruleg hætta er á því, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Brot þau, sem kærði er nú grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Mikilvægt er, að lokið verði við rannsókn og meðferð kærumála á hendur honum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga

nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Katarínus Grímur Ingvason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.